I. Frumvarp

til laga um hlutafjelög.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I. Kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafjelag merkir í lögum þessum hvert það fjelag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiftum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiftingar með einhverjum hætti meðal fjelaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.

Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu.

Að því leyti sem sjerákvæði eru í lögum eða verða sett í lög um einstök hlutafjelög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hlutafjelögum einum er rjett og skylt að hafa orðið hlutafjelag í heiti sínu eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.

II. Kafli.

Stofnun hlutafjelaga.

3. gr.

Nú vilja menn stofna hlutafjelag, og skulu þeir þá gera um það með sjer skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina:

1. Heiti fjelags og heimilisfang.
2. Í hvaða skyni fjelagið eigi að stofna.
3. Hversu mikið hlutafje sje ákveðið, hversu mikill hluti þess sje þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til.
4. Kostnað af stofnun fjelagsins, ef ætlast er til þess, að fjelagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum.
5. Hvort nokkrum hlutum í fjelaginu skuli sjerrjettindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stjett manna er áskilinn forgangsrjettur til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu.
6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur.
7. Hvort skorður sje reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabrjefa.
8. Hvort hlutabrjef skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa.
9. Hvort fjelagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sje ákveðið, og hvort það skuli greiða með hlutum í fjelaginu eða með öðrum hætti.
10. Hvort stofnendur áskilji sjer stöðu hjá fjelaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti.

Skjöl öll og samningar, er gerðir kunna að hafa verið vegna fjelagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er fjelagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamingi með framanskráðum hætti, eru fjelaginu óviðkomandi.

Frumvarp til samþykta handa fjelaginu skal fylgja stofnsamningi.

4. gr.

Allir, sem undirskrifa stofnsamning, skulu taldir stofnendur fjelags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um vilst.

Stofnendur mega ekki færri vera en 3. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í fjelaginu fyrir að minsta kosti 500 kr. hver. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldi hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs fjelags eða til að eiga þær eignir, sem fjelaginu er ætlað að eignast.

5. gr.

Nú leggja stofnendar einir eða með þeim, er kynni að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram alt hlutafjeð, og má þá stofna fjelagið, enda er því þá rjett að taka til starfa jafnskjótt sem samþyktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafjelag stofnað að eins að því tilskildu, að hlutafjeð fáist.

6. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlög-

um til fjelagsins. Á fundi þessum má setja fjelaginu samþyktir, en ekkert má í þær setja, er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sje jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþyktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim.

7. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í fjelagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbrjefi).

Í boðsbrjefi skal greina:

1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr.
2. Ákvæði samþykta, ef gerðar hafa verið, um atkvæðisrjett hluthafa.
3. Hverir sje stjórnendur fjelags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr.
4. Hversu mikið af hlutafje sje þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti.
5. Hver upphæð hluta sje og gengi.
6. Hvar og hversu lengi kostur sje að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði sje sett þar um að öðru leyti.
7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fje en ákveðið var að safna.
8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun.
9. Hvar og hvenær stofnsamningur, samþyktir fjelagsins og önnur skjöl sje til sýnis.

8. gr,

Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbrjefs, ganga til að safna því hlutafje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaða frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn.

Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbrjefi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi.

Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður liðinn sje áskriftarfrestur, og er þá rjett að halda áfram hlutafjársöfnun 4 mánuði hina næstu, uns það hlutafje er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi.

9. gr.

Nú hefir hlutafjársöfnun tekist, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða svo fljótt sem unt er áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun fjelagsins til hlítar. Fjelagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rjett áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr.

Nú er fjelag löglega stofnað, og skal þá setja því samþyktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hjer að því leyti sem þau eiga við.

III. Kafli.

Skrásetning hlutafjelaga.

10. gr.

Eigi má hlutafjelag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast rjettindi á hendur öðrum mönnum með samningum nje þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.

Eigi má skrásetja hlutafjelag fyrr en:

1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbrjefi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft.
2. Fjelagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr.
3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur.

Tilkynna skal fjelag til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskyldan hvílir á stjórn þess.

11. gr.

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelags er, sbr. 13. gr. Hlutafjelög skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti fjelagsins.
2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr.
3. Tilgang fjelagsins.
4. Dagsetning samþykta þess.
5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda.
6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
7. Hver eða hverir hafa heimild til að skuldbinda fjelagið með samningum, þar á meðal ef að eins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sje hagað.
8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti.
9. Hvort hlutafjársöfnun sje lokið eða hvort hún haldi áfram.
10. Hversu mikið sje greitt af hlutafje og hvenær það sje kræft, sem ógreitt er.
11. Hvort hlutabrjef eigi að hljóða á nafn eða handhafa.
12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi.
13. Hvort nokkrir hluthafar skuli skyldir að þola lausn á hlutum sínum.
14. Hvort nokkrar hömlur sje lagðar á meðferð hluthafa á hlutabrjefum sínum.

15. Ákvæði samþykta um atkvæðisrjett hluthafa.
16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum.
b. Eftirrit af boðsbrjefi, ef það hefir verið gefið út.
c. Samþyktir fjelagsins í 2 eintökum.
d. Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum.

Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sje hagað.

13. gr.

Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafjelag setur útibú, skal einnig skrásetja fjelagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða hverir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibú er í sama lögsagnarumdæmi skal að eins tilkynna að útibúið sje sett og hver skuldbindi fjelagið vegna útibúsins.

14. gr.

Nú verður samþyktum hlutafjelags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar. Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskifti, nema maður taki sjer bólfestu utanlands. Ef hlutafjelag skiftir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar.

15. gr.

Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu.

Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það.

16. gr.

Nú telur einhver rjetti sínum hallað með skrásetningu hlutafjelags, og er honum þá rjett að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn fjelagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafjelagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr.

17. gr.

Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi.

Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver, skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

18. gr.

Um firmu hlutafjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

19. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik sje svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.

Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. Kafli.

Um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

20. gr.

Hver, sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr. Ef brestur verður á þessu, ber honum að svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rjett greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn fjelags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru rjettir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi fjelagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12. gr. 2. tölul.

Nú telur áskrifandi rjetti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir.

21. gr.

Stjórn hlutafjelags eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskirteini fyrir greiddu hlutafje. Bráðabirgðaskírteini skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sje, hvað eftir standi og hvenær það megi heimta.

Þess skal ennfremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið:

a. Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forrjettindi.
b. Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum.
c. Að hömlur sje lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabrjefa.

Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr. eftir því, sem við á.

22. gr.

Hlutabrjef má ekki gefa út fyrr en fjelag er skrásett og hlutur að fullu greiddur.

Í hlutabrjefi skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hlutar.
3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a—c segir að því leyti sem við á.
4. Dagsetning samþykta.
5. Tölu (númer) brjefsins.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabrjef. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabrjefi.

23. gr.

Stjórn fjelags skal halda skrá yfir hlutabrjef í framhaldandi töluröð, og skal þar greina:

1. Útgáfudag hvers hlutabrjefs.
2. Til handa hverjum hlutabrjef var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, fjelags eða stofnunar.
3. Nafnverð brjefs,
4. Eigandaskifti, ef þau hafa verið tilkynt.
5. Sýning þess vegna atkvæðagreiðslu, og hver með atkvæði fari, ef hlutabrjef er handhafabrjef.
6. Forrjettindi er kunna að fylgja brjefi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum.
7. Þær breytingar, er verða kunna á skiftum fjelags og eiganda brjefsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á brjefi, ef fjelagið leysir brjef til sín o. s. frv.

24. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það.

25. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn fjelagsins þá undirrita boðsbrjefið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir, um það, hvort eldri hluthöfum sje áskilinn forgangsrjettur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann.

Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skifti fjelags og áskrifenda gilda eftir því sem við á.

26. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið minkun hlutafjár.

Ef hlutafje á að minka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum fjelags eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sje sú skylda ekki heimiluð í löglegri fjelagssamþykt, tilkyntri 12 mánnðum áður hlutafjárminkun

sje samþykt, þá skal stjórn fjelagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun með 6 mánaða fyrirvara til lánardrottna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum áður frestur sá sje liðinn. Eigi má greiða hluthöfum nje leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn nje heldur fyrr en viðurkendar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþyktum kröfum. Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðiljar hlíta því mati.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sje sannað að fjelagið eigi fyrir skuldum á því bili sem hlutafjárminkun er lokið.

Fjelagsstjórnin skal kveðja hluthafa með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara til að gefa sig fram með hlutabrjef sín eða bráðabirgðaskírteini til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skifta um hlutabrjef. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabrjef og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðnn þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini með formrjettri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrests, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu brjefa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða brjef hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabrjef, ef hlutafjárminkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega.

Ef eigandaskifti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu brjefi eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess að eins rjett til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 4. málsgr., og til að taka við nýju brjefi, ef því er að skifta.

Nú greiðir stjórnin eða leysir menn undan greiðsluskyldu gagnstætt fyrirmælum 3. málsgreinar, og ábyrgjast þá stjórnendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir fjelagsins að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða. Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelagsins. Nú brýtur fjelagsstjórn fyrirmæli 3. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök.

27. gr.

Ákvörðun um minkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt.

28. gr.

Hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskirteini til tryggingar eða lána út á þau.

Eigi má hlutafjelag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafje sínu, nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign

fjelags í hlutabrjefum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sjerstökum lið í efnahagsreikningi þess.

Fjelagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sje um mælt í samþyktum fjelagsins.

29. gr.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. Kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelags mæli öðruvísi.

Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum. Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.

f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi sem hlutum í fjelaginu fylgja eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreiknig svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sannprófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hluta-

brjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sje lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

VI. Kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slíta skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 3, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísir vitendur um ástandið, gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslit-

um stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfanum hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna, og hluthafa, um eigandaskifti að hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2—5. málsgr., eftir því, sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39—41. gr. svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstakur maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýs-

ingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

VII. Kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar. Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal ennfremur fylgja:

1. Vottorð þar um bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að skifti þess hér fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir eigi minna en 10 þúsund króna virði til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á einhverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess. Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta þegar er hann veit um það til hluthafaskrár og skiftarjettar þar sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. Kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer, sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.
2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum alt að 2000 kr., ef þeir er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þyggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr. eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða stryka erlent félag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglustjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal

þá eigi slíta fjelagi eða stryka það af skrá ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetningu úrskurða, og ef þar verður sama niðurstaða, fer um fjelagsslit og útstrykun af skrá sem áður segir.

Mál út af þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau, er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður, ... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2 kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skrásetning hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

Athugasemdir um lagafrumvarp þetta.

Fjelög með samskonar skipulagi, sem nú er á hlutafjelögum, hafa fyrir löngu verið stofnuð. Fyrsta þesskyns félag telja menn Genuabankann (stofnsettur 1407). Á 17. öld er þó fyrst verulegur skriður kominn á þessar fjelagamyndanir. Eru þá mörg slík fjelög stofnuð í Englandi, Frakklandi, Hollandi og víðar. Þá er og farið að stofna hlutafjelög á Norðurlöndum. Í Danmörk er fyrsta fjelagið stofnað 1616 (Austur-Indíafélagið). Nú eru hlutafjelög orðin afaralgeng í öllum menningarlöndum svo sem kunnugt er, jafnvel svo algeng, að nú á dögum ráðast einstaklingar sjaldnast í fyrirtæki, sem mikils fjár þarf

til eða mikil áhætta fylgir, nema með því móti að stofna hlutafjelag og láta það annast fyrirtækið. Aðalkostur og aðalkjarni hlutafjelags-skipulagsins er, sem kunnugt er, sá, að menn leggja í fjelagsskapinn ákveðna fjárhæð og ábyrgjast ekki vegna þeirrar hluttöku skuldir fjelagsins framar en hlutur þeirra í því hrökkur til. Þeir eru með öðrum orðum lausir allra mála að því leyti, þegar þeir hafa efnt loforð sín um ákveðin fjárframlög (hluti) til fjelagsins. Þetta er auðvitað mjög mikill kostur frá sjónarmiði hluttakenda (hluthafa). Og frá sjónarmiði almennings má einnig telja það mikinn kost, því að fyrir þetta skipulag verður oft kleift að koma á fót þarflegum fyrirtækjum, einkum stórfyrirtækjum, sem illkleift og oft ókleift væri að fá einstaka menn til að ráðast í, ef þeir ættu að ábyrgjast skuldir fyrirtækisins með öllum eignum sínum. Ef eigi væri sú leið, að stofna hlutafjelög, mundi því oft eigi fást nægilegt fjármagn til stórfyrirtækja. Þá er það fje, sem lagt er til kaupa á hlutum í hlutafjelögum, hvergi nærri svo bundið sem það fje, er menn leggja í fjelag með nafngreindum manni eða mönnum, þar sem hver ber fulla skuldaábyrgð. Þá getur hver einstakur fjelagi ekki sett eða afhent með öðrum hætti sinn hluta í fyrirtækinu, nema hinn eða hinir samþykki. En hlutabrjef má selja og veðsetja, nema sjerstakt bann sje við því lagt. Sú sala skiftir eigi máli um tilvist fjelagsins.

Það er því einsætt, að hlutafjelög geta verið til stórgagns, beinlínis til mestu þjóðþrifa. Og fer því fjarri, að ástæða sje til þess að amast við þeirri fjelagsskipun, svo lengi sem einstaklingar þjóðfjelags hafa frumkvæðisrjett og starfrækslurjett til fyrirtækja í nafni sjálfra sín. En heimild þá, sem venjan og löggjöfin hefir helgað til þess að stofna hlutafjelög og starfa með þeim, hefir einatt verið notuð í öðru skyni en löglegt er, enda töluverð hætta á því, að það verði gert. Hafa stundum stórfeldir fjeglæfrar verið framdir í sambandi við hlutafjelög, menn bæði gintir til að leggja fram fje (»kaupa hluti«) í fjelög og kaupa hlutabrjef í fjelögum, sem þegar hafa verið stofnuð. Ennfremur er oft hætta á því, að menn sje fengnir til viðskifta við fjelagið á annan veg með villandi eða röngum skýrslum um hag þess. Það er því mjög mikils vert, að svo sje um hnútana búið af hálfu löggjafarvalds, að allir þeir, sem með einhverjum hætti skifta við slíkt fjelag eða leggja fje í það o. s. frv., eigi þess kost, að kynna sjer með auðveldum hætti hag fjelagsins, að rjett sje sagt til um arðsemi af atvinnu þess, framkvæmanleik þess, sem fjelagið ætlar að fást við o. s. frv. Það er einkum hlutverk hlutafjelagalöggjafar að vernda almenning að þessu leyti. En vitanlega verður líka að taka hitt til greina, að gera mönnum eigi óþarfa óþægindi eða leggja óþarfar tálmanir í veg fyrir stofnun hlutafjelaga og starfsemi.

Hjer á landi hafa á síðasta mannsaldri verið stofnuð tiltölulega mjög mörg hlutafjelög, enda fjölgar þeim nú óðum, svo að segja daglega. En löggjöf landsins er mjög fátæk af ákvæðum um hlutafjelög. Þau eru stofnuð og þau starfa að mestu eftir þeim reglum, sem leiða má af almennum grundvallarreglum löggjafarinnar og eftir þeim fyrirmyndum sem þektar eru frá öðrum löndum. Löggjöfin íslenska geymir að eins reglur, tiltölulega nýjar, um firma og skrásetningu ýmsra tegunda hlutafjelaga, sbr. lög. nr. 42, 13. nóv. 1903, og fyrirmæli, dreifð hingað og þangað í lögum, þar sem ýmist eru fyrirmæli um einstakar tegundir hlutafjelaga, sbr. t. d. lög nr. 35, 27. sept. 1901, lög nr. 53,

30. nóv. 1914 og lög nr. 63, 69 og 70, 28. nóv. 1919, 1. gr. eða bygt er á tilvist og tilvistarrjetti þeirra, sbr. t. d. fjárl. 1920—1921 13. gr. C.

Nágrannaþjóðir vorar hafa bálkað (»kodificerað«) hlutafjelagslög sín. Svíar gerðu það 1895 og síðan 1910, Norðmenn 1910 og Danir 1917. Hafa þeir haft lög Þjóðverja um hlutafjelög að ýmsu til fyrirmyndar. Enn sem komið er, höfum vjer mest skifti við Norðurlandabúa, og þá fyrst og fremst Dani, enda er löggjöf vor öll líkust löggjöf Norðurlanda, sú er fjallar um viðskifti, svo sem víxillögin, tjekkalögin, viðskiftalögin o. fl. Því virðist hentast að laga hlutafjelagslög vor eftir lögum Norðurlanda, að því leyti sem íslenskir staðhættir eða önnur ákvæði í löggjöf vorri — eða ákvæðaskortur — varna þess ekki.

Neðri deild Alþingis samþykti 18. júlí 1914 tillögu til þingsályktunar um »*að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um hlutafjelög* . . .« Þetta hefir ekki orðið vegna ýmsra ástæðna fyrr en nú. En það virðist rjett að setja nú lög um hlutafjelög, og því er þetta frumvarp gert.

Að öðru leyti má vísa til athugasemda um einstaka kafla og einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Það er ekki ástæða, fremur hjer en annarstaðar, til þess að láta ákvæði hlutafjelagslaganna taka til *allra* fjelaga, sem stofnuð eru og starfa með skipulagi hlutafjelaga. Þess vegna er nauðsyn á því að greina það, til hverra hlutafjelaga lögin skuli ná. Með líkum hætti sem annarstaðar er ætlast til þess, að lögin taki til allra hlutafjelaga, sem stofnuð eru og starfa í *gróðaskyni*, enda sje arði skift meðal fjelaga. Lögin eiga því ekki við hlutafjelög, sem hafa annað markmið, svo sem mannúðarstarfsemi og líknar, enda sje arði eigi, þótt einhver yrði, skift með fjelögum. Auðvitað getur það stundum orkað tvímælis, hvort slíkt fjelag eigi undir lögin, t. d. fjelag stofnað til þess að kaupa og halda skóla, en fjelagar eiga þó að fá sparisjóðsvöxtu af hlutum sínum, en aldrei meira.

Ennfremur eru ýms framleiðslufjelög og kaupfjelög undanþegin lögunum, eins og líka er annarstaðar gert og með líkum hætti. Framlög hvers til þessara fjelaga munu venjulega vera tiltölulega lítil og áhætta fjelaga því ekki mikil. Þegar slíkur fjelagsskapur hefir víðtækara starfsvið en að afla fjelögum sínum nauðsynja eða að koma nauðsynjum þeirra einna í verð, t. d. heldur sölubúð fyrir almenning eða kaupir af almenningi, þá hlítir hann þar á móti fyrirmælum hlutafjelagslaganna, svo og þegar arði er skift í hlutfalli við hluti í fjelaginu að einhverju leyti eða öllu. Enda er starfsemi fjelagsins þá orðin slík sem venjulegra verslunarhlutafjelaga eða annara atvinnuhlutafjelaga.

Eins og fyrr var getið, hafa gildandi lög einstök ákvæði að geyma um sjerstakar tegundir hlutafjelaga, og eru þau ákvæði látin haldast. En að því leyti sem sjerákvæði þessi ná ekki til, þá gilda einnig fyrirmæli hlutafjelagslaganna um þau fjelög. Því haldast fyrirmæli laga nr. 35, 27. sept. 1901, 2. og 3. gr., lög nr. 53, 30. nóv. 1914, lög nr. 44, 3. nóv. 1915, ef sparisjóður er hlutafjelag, lög nr. 63, 69 og 70, 28. nóv. 1919, 1. gr. 4. tölul. að því leyti sem þau

varða hlutafjelög. Sama er auðvitað um Íslandsbanka, lög nr. 66, 10. nóv. 1905, og vátryggingarfjelög, sbr. lög nr. 62, 22. nóv. 1913.

2. gr. á auðvitað ekki að merkja það, að hlutafjelögum, sem eigi hníga undir þessi lög, sje ekki jafnrjett og skylt að hafa orðið »hlutafjelag« eða skammstöfun þess í heiti sínu. Ákvæði greinarinnar merkir það eitt, að *önnur* fjelög megi ekki kalla sig hlutafjelög og að *öllum* hlutafjelögum sje skylt og rjett að nefna sig því nafni. Sbr. og firmal. 9. gr. 4. málsgr.

Um II. kafla.

Það er nýmæli í löggjöf vorri, að setja ákveðnar reglur um *stofnun* hlutafjelaga. Þau ákvæði eru í hlutafjelagalögum margra annara þjóða og miða til þess að tryggja hag þeirra, sem kynnu að vilja leggja fje í fjelagið, til þess að þeir viti eða geti átt skjótan kost á því, að hverju þeir eiga að ganga og að undirmál og prettir verði síður hafðir við þá.

Um 3. gr.

Hjer segir, hvað vera skuli í stofnsamningi hlutafjelags. Eru ákvæði þessarar greinar fyrst og fremst til tryggingar þeim, sem kynni að vilja gjörast hluthafar. Eru þau væntanlega sjálfsögð og auðskilin. Um 9. tölul. skal þess þó sjerstaklega getið, að það er eigi ótítt, að kaupsýslumenn eða aðrir atvinnurekendur mynda hlutafjelag með það fyrir augum að fjelagið skuli kaupa atvinnu hans, t. d. verslunarhús, lóðir, fyrirliggjandi vörubirgðir, útistandandi skuldir o. s. frv. Auk þess áskilur seljandi sjer oft framkvæmdastjórastöðu hjá fjelaginu. Þetta getur auðvitað oft verið fullkomlega rjettmætt. Eiganda hefir ef til vill skort rekstrarfje og hlutafjelagsstofnun er ef til vill greiðasti vegurinn til að afla þess. En stundum eru þessar ráðstafanir á ótryggum grundvelli gerðar. Fyrirtækið hefir ef til vill þegar reynst óarðvænlegt, eignir þess lítilsvirði, en þó sett óhæfilega hátt verð á þær, þegar selja á þær hinu nýja fjelagi, atvinnutæki ef til vill gömul orðin og úrelt o. s. frv. því er nauðsynlegt, að stofnsamningur haldi greinargjörð um þessi atriði.

Um 4. gr.

Stofnendur fjelags bera ábyrgð á ýmsu varðandi fyrstu gerð fjelagsins, einkum að rjett sje frá skýrt í skjölum þeim, sem í 3. gr. getur, sbr. 53. og 54. gr. Það skiftir miklu máli, að stofnendur sje skynsamir og heiðarlegir menn, en auðvitað er þess ekki kostur, að setja frekari skilyrði í því efni en gert er. Það þykir hentast, að gera þau skilyrði til stofnenda, að þeir mætti sjálfir reka þá atvinnu í sínu nafni, er fjelagið á að reka. Atvinnulöggjöf vor er enn í molum, svo að vera má, að þar verði bráðum sett lög. Verður þar ákveðið um skilyrði til hverskonar atvinnurekstrar. Og lagast þá ákvæði þessara laga um hæfileika stofnanda eftir þeim lögum, svo sem þeir gera það nú eftir þeim, sem nú er farið eftir.

Um 5. gr.

Það hefir ekki þótt ástæða til þess að takmarka heimild manna til þess að stofna hlutafjelög án almenns útboðs hlutafjárins (»Simultan«-stofnun).

Það er meira að segja ekki útilokað, að stofnendur leggi alt hlutafjeð fram. Og eru þeir þá auðvitað sjálfráðir, hvernig þeir skipa fjelaginu innan ófrávikjanlegra fyrirmæla laganna. Svo má vera, að stofnendur fái það, er á vantar, hjá einstökum mönnum, án almenns útboðs. Og þá geta þeir stofnað fjelagið þegar þeim sýnist.

Um 6. gr.

Það er auðvitað, að stofnendum sje skylt að gangast fyrir fundarhaldi með þeim, er lofað hafa fjárframlögum til fjelagsins. Slíkan fund á að halda sem fyrst eftir að fje er fengið samkvæmt 5. gr. En ef alment útboð er haft á hlutafje, þá geta stofnendur ekki alt af haldið slíkan fund, því að vera má, að þeir hafi ekki fengið neina til að leggja fram fje áður en útboðið (boðsbrjefið) var birt. Og þó að svo hafi verið, þá er eigi sjálfsagt, að heppilegt sje að setja þegar samþyktir fjelags eða kjósa stjórn. Það er því lagt á vald stofnenda (og hluthafa, sem þegar kunna að vera fengnir) hvort samþyktir, skuli settar og stjórnarkosning látin fram fara áður en útboð er birt, sbr. 7. gr. 2. tölul. og 9. gr. Það mætti búast við því, að þeir, sem síðar vildu skrifa sig fyrir hlutum, kynni að þykja sjer misboðið með því, ef samþyktir fjelags væri settar og stjórn skipuð án þess að þeir hefði fengið kost á að eiga atkvæði þar um.

Af því að stofnsamningur hefir að geyma þann grundvöll, sem loforð manna um fjárframlög eru bygð á, þá leiðir af því, aðenginn verður bundinn við breytingar á honum, nema hann samþykki það, eða sleginn hafi verið varnagli í stofnsamningi sjálfum í þá átt.

Um 7.—9. gr.

Þegar alment hlutafjárútboð er haft, virðist ástæða til að takmarka nokkuð tíma þann, er nota má til fjársöfnunar. Ef eigi fæst það fje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi áður frestur er liðinn, er það væntanlega vottur þess, að menn hafa eigi trú á fyrirtækinu. Vitanlega er ekki fyrir það girt, að menn reyni fjelagsstofnun í sama skyni síðar. Hinsvegar má það, ef lágmarksupphæðin fæst, telja vott um, að áhugi sje sæmilegur á fyrirtækinu, og því virðist vel fallið að fjársöfnun megi halda áfram, ef svo er. Það er samkvæmt almennum reglum, að menn losni við loforð sín, ef eigi fæst nægilegt fje og eigi því afturkræft það, er þeir kynni að hafa greitt af því, sem þeir hafa lofað. Tímamörkin eru væntanlega nægilega rúm og stórum rýmri en í lögum sumra annara þjóða, því að hjer eru samgöngur strjálli og strjálbygðara, svo að söfnun hlýtur að ganga tregar, ef öllum almenningi á að veita kost á að taka þátt í fjelagsskapnum.

Þeir, sem lofað hafa fjárframlögum, hafa óbeinlínis samþykt að stofna fjelagið. En vera má, að nýjar upplýsingar komi eða ástæður breytist, sem gera óliklegt eða ómögulegt, að fjelagsskapurinn blessist. Þess vegna er sett ákvæðið um það, að fundarmenn, sem ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, geti felt tillögu um fullnaðarstofnun fjelags.

Um III. kafla.

Í öðrum löndum eru víða hafðar sjerstakar hlutafjelagaskrár, aðgreindar

firmaskrám, þar sem skráð eru öll hlutafjelög, sem hlutafjelagalögin taka til, ikt og aðalskipaskráin. Það hefir ekki enn sem komið er þótt næg ástæða til slíkrar skipunar hjer, enda hægur nærri að breyta svo til, ef þörf reynist. Það mun oft verða hægra mönnum að afla sjer upplýsingar um fjelag, ef þær eru til á skrá i lögsagnarumdæmi, þar sem fjelag er eða útibú þess. Hinsvegar verður trauðla unt að nota núverandi firmaskrár, því að tilhögun þeirra mun ekki henta hlutafjelögum, því að stórum fleiri skýrslna verður krafist af þeim en nú er gert, sbr. 12. gr. sbr. við lög nr. 42, 13. nóv. 1903, 19. gr.

Um 10. gr.

Aðalbreytingar frá því, sem nú er, eru þessar samkvæmt þessari gr.:

1. *Að* fjelagið má ekki taka til starfa fyrr en það hefir fullnægt ákveðnum skilyrðum, og
2. *Að* tilkynningarskyldan hvílir á *öllum* hlutafjelögum, sem lögin taka til, sbr. 1. gr. Nú hvílir þessi skylda að eins á hlutafjelögum, sem reka verslun og nokkur önnur störf, sbr. lög nr. 42, 13. nóv. 1903, 35. gr.

Ákvæði greinar þessarar (10. gr.) stefna auðvitað í þá átt, að tryggja hag allra þeirra, er skifta við félagið (ɔ: að þeir geti leitað sjer upplýsinga um það sem fyrst eftir að það er stofnað) og til þess að knýja stjórn félagsins til þess að vanrækja ekki tilkynningarskylduna, sbr. hjer við 52. og 55. gr.

Um 11.—13. gr.

Um 11. gr. vísast til inngangs um þenna kafla. Upphafsákvæði 12. gr. er til þess að fult samræmi fáist í tilkynningum til hlutafélagaskrár. Eins og getið hefir verið, eru heimtaðar skýrslur um fleiri atriði en í 19. gr. firmalaganna er krafist um hlutafélög, og er það gert til þess að tryggja hag viðskiftamanna fjelagsins.

13. gr. svarar til ákvæðis 16. gr. firmalaganna um útibú. Breytingin er sú, að ávalt skal auglýsa tilkynningu um útibú og að nánar er skipað fyrir um það, hvernig tilkynning þess skal vera.

Um 14. gr.

Svarar til 21. gr. firmalaganna 1. og 3. málsgr., sbr. og 2. málsgr. Með því að samþyktir fjelags eiga að fylgja upphaflegri tilkynningu, þá á breytingin sjálf á samþyktum einnig að fylgja tilkynningu um breyting á þeim.

Um 15. gr.

Svarar til firmalaganna 2. gr. 1. málsgr. og 3. gr. sömu laga.

Um 16. gr.

Svarar til 6. gr. firmalaganna. Nýmæli er um frestinn til málshöfðunar. Það þykir eigi rjett, að hlutafjelagið geti ótímabundið átt ónýtingu skrásetningar vofandi yfir sér.

Um 17. gr.

Svarar til 4. gr. firmalaganna.

Um 18.—19. gr.

Sbr. firmalögin 7., 9.—13. gr. og 34. gr. Sbr. og 2. gr. frumvarps þessa.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ýms nýmæli, sem miða til þess að tryggja bæði hluthafa og lánardrotna hlutafélaga. Verður gerð grein fyrir þeim í sambandi við hverja einstaka grein.

Um 20. gr.

Það er auðvitað ekki nýmæli, að sá sje skyldur til að efna loforð sitt, sem hefir heitið að kaupa hluti í fjelagi. Samkvæmt almennum reglum um loforð og samninga er það skylt, og skyldan fellur jafnframt niður eftir reglunum um rangar eða brostnar forsendur o. s. frv. Þær reglur halda vitanlega gildi sínu hjer eftir í þessu efni, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 9. gr. 1. málsgr. Reglan um vexti er nýmæli, en virðist nokkurn veginn sjálfsögð. Það verður væntanlega að telja samkvæmt núgildandi reglum, að stofnendur eða stjórn geti sótt mann til greiðslu lofaðs hlutafjár, en varnarþingsákvæðið og málsmeðferð fyrir gestarjetti er nýmæli. Og sama er um ákvæði 2. málsgr. Er hvorttveggja til hægðarauka fyrir sækjanda. Virðast ákvæði þessi hentug.

Um 21. gr.

Bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafje þarf venjulega að gefa út, eins og nú er, og ávalt eftir lögunum, sbr. 22. gr., ýmist fyrir allri upphæðinni, sem lofuð er, eða hluta hennar. Það hefir ekki þótt næg ástæða til þess að takmarka framsalsheimild bráðbirgðaskírteina. Ef hlutur er allur greiddur, þá getur framsal sýnilega ekki að ógagni komið. Og þótt svo sje ekki, tekur framsalshafi ekki meiri rjett en framseljandi, því að í skírteini stendur þá, hvað ógreitt er og hver rjettindi fylgi skírteini að öðru leyti. Framseljandi ábyrgist fjelaginu eftir sem áður það, sem ógreitt er af lofuðu hlutafje hans samkvæmt reglunum um delegatio debiti. Að öðru þykir ekki þurfa skýringar.

Um 22. gr.

Það mun alment vera venja að gefa ekki út hlutabrjef fyrr en hlutir eru að fullu greiddir, enda virðist ekki ástæða til þess að maður fái öll hluthafarjettindi til frambúðar fyrr en hann hefir efnt loforð sitt. Það, sem nefna skal í hlutabrjefi, er alt til tryggingar því, að hlutabrjef geti ekki gengið kaupum og sölum án þess að kaupandi viti eða geti fljótlega fengið vitneskju um það helsta, er máli skiftir í því sambandi.

Um 23. gr.

Víðast mun venja að halda hluthafaskrá, og leggur ákvæðið því raunverulega ekki nýjar skyldur á herðar stjórninni.

Um 24. og 25. gr.

Aukning hlutafjár fer, að breyttu breytanda, með sama hætti sem upp-

hafleg hlutafjársöfnun. Það er einsætt, að stjórn fjelags á ekki að hafa vald til þess að auka hlutafje, nema hún hafi til þess heimild hluthafafundar. Ráðstöfun í þá átt fer framar en heimild stjórnarinnar á að ná, og varðar hagsmuni hluthafa meira en venjulegar framkvæmdir fjelagsins. Þar á móti getur hagur lánardrottna fjelags ekki versnað, heldur þvert á móti, ef hlutafje er aukið.

Um 26. og 27. gr.

Hlutafje má minka með því að »afskrifa« það, færa það niður, til þess að borga með skuldir fjelags. Sú minkun fellur ekki undir 26. gr. Fjelagseignin minkar ekki við það. Sama er um það, þótt eignir fjelags, sem fegnar eru fyrir hlutafje, sje seldar eða færðar niður úr bókskráðu verði. Skilyrðið er það, að fjelagseignin minki raunverulega vegna hlutafjárminkunar, hvort sem það er með þeim hætti, að hluthöfum er greiddur hluti eða hlutir þeirra, eða þeir eru leystir undan skyldu til að greiða nafnverð eða ákveðið verð þeirra annað í fjelagið. Oft getur minkun hlutafjár með þeim hætti, sem í 26. gr. segir, verið svo smáfeld, að litlu máli skifti, einkum ef fjelagið er fjárhagslega vel statt. Og þá er eigi ástæða til að hafa sömu meðferð á sem um fjelagsslit. Og getur þá verið ástæða til að veita undanþágu, sbr. 2. málsgr. En mundangshófið er mjótt. Hjer er minkun um helming eða minna látin fara eftir 26. gr., en meiri minkun eftir sömu reglum sem fjelagsslit. Má auðvitað um það deila, hvar takmörkin eigi að vera.

Auglýsing samkvæmt 1. málsgr. er ekki »præklusiv«, en þó eru settar, að því er ætla má, nægilega tryggar reglur fyrir lánardrottna fjelagsins, sbr. og síðustu málsgr. og 53. gr. 2. tölul.

Gagnvart hluthöfum, sem þola verða lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, þarf og tryggingaákvæði, og eru þau í 3. málsgr. Hinsvegar er ófallið, að hlutabrjef, sem eigi er framvísað, geti framvegis gengið kaupum og sölum, eins og ekkert hefði í skorist. Hluthafarjettindin, sem fylgdu því upphafiega, minka því. Eftir verður rjettur til að taka við upphæð þeirri, sem rjettilega á að greiða og ef til vill krafa til þess að fá nýtt hlutabrjef. Þar á móti fellur burt rjettur til að sitja hluthafafund vera í stjórn o. s. frv., er brjefi fylgdi áður en það var ógilt.

Um skyldu hluthafa til að greiða samkvæmt 5. málsgr. má geta þess, að fjelagið þarf eigi að gera gjaldþrota til þess að neyta þess rjettar. Skuldheimtumaður, sem eigi hefir fengið tilkynta skuld greidda eða trygða getur því haldið sjer til hluthafa, sem hefir fengið löglaust greiddan hlut sinn o. s. frv., að því leyti sem greiðslu þeirri nemur. Varnarþingsákvæðin eru samræm öðrum ákvæðum frumvarpsins, sbr. 20. gr. sbr. og 93. gr. skiftal. nr. 3, 12. apríl 1878.

Um 28. gr.

Það mundi geta komið fyrir lítið að banna hlutafjelögum að minka hlutafje sitt, nema lánardrottnum sje trygð greiðsla, ef ótakmörkuð heimild væri til að taka hlutabrjef að veði eða kaupa hlutabrjef. Því er nú í sumum hlutafjelögum lagt blátt bann við því að hlutafjelag taki tryggingu í eða veiti lán út á hlutabrjef sjálfs sín, og mjög takmörkuð heimild til þess að eignast

þau. Ef fjelag lánar út á brjef sín og lánið er ekki greitt, þá getur svo farið, að fjelagið sitji með það og er það raunverulega sama sem að það leysi til sín brjefið. Hlutafjeð hefir minkað um þá fjárhæð, sem brjefið átti að tryggja, oft að minsta kosti, nema fjelagið selji brjefið aftur fyrir eigi lægra verð. Alveg sama er um kaup fjelags á hlutabrjefum sjálfs sín. Auk þessa er reynsla fyrir því, að fjelög hafa notað heimild sína til þess að kaupa og lána út á hlutabrjef sín til þess að halda þeim í óeðlilega háu verði og láta líta svo út, sem mikil eftirspurn væri eftir þeim. Hafa þá miðlar auðvitað verið notaðir til milligöngu.

Hins vegar getur staðið svo á, að hentugt sje, að fjelag geti eignast hlutabrjef sjálfs sín, t. d. orðið að kaupa það á nauðungaruppboði heldur en að fá alls ekkert upp í skuld sína. Og þess vegna hafa hlutafjelög ákvæði, sem heimila fjelögunum í smáum stýl að kaupa eða eignast hlutabrjef sjálfra sín.

Um 29. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um V. kafla.

Hjer er safnað aðaldráttum um stjórn, hluthafafundi, endurskoðendur og samþyktir hlutafjelaganna. Er sjálfsagt, að fjelög hafi svo mikið sjálfræði um þessi atriði, sem samrímanlegt er grundvallarreglum löggjafarinnar og ófrávíkjanlegum ákvæðum laganna. Og er því víða svo, að heimilað er að ákveða í samþyktum, en greint í lögunum að svo eða svo skuli fara, ef ekki segi öðruvísi í þeim (samþyktunum). Þó verða hjer að vera nokkur skilyrðislaust bindandi ákvæði, til tryggingar bæði hluthöfum (minni hlutanum) og lánardrottnum fjelagsins, svo sem í 30. gr. 2.—4. málsgr., 31. gr. 2. málsgr., 32. gr. 1. málsgr., 33. gr., 34. og 36. gr.

Um 30. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 31. gr.

Öllum kemur saman um það, að hluthafi hver í fjelagi eigi ýms — ef svo mætti segja — grundvallarrjettindi, sem meiri hluti hluthafa getur ekki löglega skert, nema hluthafi samþykki beint eða óbeint. Þau atriði eru hjer talin í liðunum a—f., sbr. og 6. gr. Ótalið er að vísu það, að hluthafar vildi beinlínis endurgjaldslaust svifta mann hluthafarjettindum, en það felst sem hið meira í hinu minna í þessari grein, og auk þess kemur ákvæði stjórnarskrárinnar um eignhelgi hjer til greina o. fl.

Um 32. gr.

Ákvæðin um hæfileika stjórnenda eru samskonar sem fyrr segir um stofnendur, sbr. 4. gr. Að öðru virðist eigi þörf á skýringum.

Um 33. gr.

Er til þess að tryggja skuldheimtumenn. Með »reikningshalla« er ekki

átt við einstakt tap, er vera kann ógreitt, heldur það, ef alger halli hefir orðið á rekstri atvinnunnar eitthvert ár.

Um 34. og 35. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Um 36. gr.

Skylt er að hafa í samþyktum atriði þau, er hjer segir. Annað er hverju fjelagi í sjálfsvald sett.

Um 37. gr.

Er nýmæli, en líklega mundu dómstólar þó nú telja hluthafa slíkan rjett. Tímatakmark virðist alment nauðsynlegt af sömu ástæðu sem í aths. við 16. gr. segir. Undantekning er gerð um atriði þau, er í 31. gr. 2. málsgr. a—f. segir. Þar *vita* hluthafar og stjórn eða *eiga að vita*, að ályktun er ólögleg, og *geta* því ekki treyst því, að hún fái að standa.

Um VI. kafla.

Hvort sem fjelagi er slitið í orðsins venjulegu merkingu, hlutafje þess er minkað um meira en helming eða samruni þess við annað fjelag er ráðinn, þá skal með fara sem fjelagsslit. Af því leiðir það, að lánardrottnum fjelagsins á jafnan að greiða skuldir þeirra á hendur fjelaginu áður en hlutafje er greitt til hluthafa að einhverju leyti eða öllu eða áður en það er látið renna saman við fje annars hlutafjelags. Meðferð búsins öll, þegar skilanefnd fer með það, verður ekki ólík því, ef skiftaforstjórar fara með bú samkvæmt gildandi reglum. Því er eðlilegt, að stjórn fjelags standi ekki fyrir þessum framkvæmdum, heldur þar til kjörnir menn, sem er stungið uppá, að kallaðir verði skilanefnd, því að þeir eiga að gera skil (likvidera) á búi fjelagsins, eða skiftarjettur, ef hluthafafundur kýs það heldur. Auðvitað stendur heimild til að láta taka bú fjelags til gjaldþrotaskifta framvegis, bæði til handa lánardrottnum og skilanefnd, eftir ákvæðum gjaldþrotalaganna.

Um 38. og 39. gr.

Það er auðvitað, að fjelagsstjórn á ekki að hafa heimild til að afráða fjelagsslit, nema þegar skylt er að slíta fjelagi, sbr. 38. gr. Það hefir verið um það rætt meðal fræðimanna, hversu margir hluthafar þyrfti að vera til þess að fjelagið megi löglega halda áfram tilvist sinni. Vera mun samkomulag um það, að eigi geti einn maður greint hluta eigna sinna frá hinum með þeirri verkun alment, að lánardrottnar hans geti einungis haldið sjer að þeim hluta, sem að er greindur. En efamálið er, hvar nema eigi staðar. Er nóg, að tveir sje hluthafar eða þrír? Sbr. gömlu rómversku setninguna: Tres faciunt collegium. Þetta er vitanlega álitamál. Sum lög hafa 5, sum 3 o. s. frv. Það er vitanlega erfitt fyrir stjórn fjelags að sannreyna tölu hluthafa hverju sinni, einkum ef handhafa-hlutabrjef eru útgefin eða framsöl til handhafa eru leyfð í samþyktum. En reglan í 38. gr. nær ekki heldur lengra en það, að stjórnin bakar sjer skuldaábyrgð, ef hún fer ekki með málið svo sem fyrirskipað er,

og ef til vill refsingu samkv. 53. gr. Það væri skiljanlega líka mjög hart, ef *þegar í stað* ætti að slíta fjelagi, ef einn eða tveir væri orðnir eigendur allra hlutabrjefa þess, því að vel getur verið, að þeir viti ekki hvor um sig af því, að svo er komið. Þessvegna er rjett að veita þeim hæfilegan frest til að koma málinu í löglegt horf.

2. málsgr. 38. gr. á við það, ef hlutafjelag hefir eignast (keypt) hlutabrjef annars fjelags, án þess að hluthafafundur þar hafi ákveðið samruna (konfusion) fjelags síns við þetta fjelag. Hluthafar síðastnefnda fjelagsins eru þá orðnir eigendur hins, og það fjelag, sem keypt hefir hlutabrjefin, verður þá að svara til skulda hins. Og af því að veruleg breyting er á orðin, virðist rjett að veita lánardrottnum þess fjelags, sem saman við hitt rennur með þessum hætti, heimild til þess að heimta þegar skuldir sínar, því að ef samruni hefði verið ráðinn samkvæmt 42. gr., þá hefði rjettur þeirra verið trygður samkvæmt 39.—41. gr.

Um 40. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 41. gr.

Eins og fyrr var greint, er ætlast til þess, að meðferð skilanefndar verði svipuð og meðferð skiftaforstjóra á búum, sem þeim eru falin. Og því er stungið upp á því, að dómsmálaráðherra löggildi þá, eins og skiftaforstjóra. Og er honum þá í sjálfsvald sett, að löggilda þá eina, sem bæði hafa þekkingu og vilja til þess að leysa starfann sæmilega og löglega af hendi. Þegar fjelagsbú er tekið til fjelagsslita-meðferðar með þessum hætti, þá hefir það sömu þýðingu um lengingu fyrningarfrests og kröfulýsingu sem taka bús o. s. frv. til opinberra skifta. Ákvæði 26. gr. 2—5. málsgr. virðast einnig sjálfsögð hjer, bæði til tryggingar skuldheimtumönnum og hluthöfum.

Það er í samræmi við reglur þær, sem eftir er farið, þegar skiftaforstjórar fara með bú, að ágreining um kröfur og skiftin á eignum með hluthöfum megi bera undir skiftarjettinn. Þar á móti mundi varla henta að bera undir skiftarjettinn meðferð skilanefndar á búinu, sem eigi verður talin heyra til skiftanna, t. d. leigu á húsnæði, kaupi eða sölu á vörum, reikningagjörð o. s. frv.

Um 42. gr.

Hjer er átt við það, að samruni fjelaga verði *eftir fyrirframgerðri ákvörðun*, sbr. þar á móti 38. gr. og aths. við hana, þegar 42. gr. á við, verða *bæði* fjelögin, eða *öll* fjelögin, að sæta meðferð samkvæmt 39.—41. gr.

Um 43. gr.

Vísast til athugasemdar við 26. gr.

Um 44. gr.

Auk þess sem fela skal eða má skiftarjetti meðferð búsins samkvæmt 38. og 39. gr., eru hjer ákvæði um skyldu og heimild til þess að selja bú fram til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur auðvitað tekið ákvörðun um gjald-

þrotaframsal, en beiðnin skal koma frá stjórninni (eða skilanefnd), sem ber ábyrgð á því gagnvart skiftarjetti, að beiðnin sje lögleg, og að skiftarjettur fái þær upplýsingar, sem hann þarf og henni er unt og skylt að láta í tje.

Um VII. kafla.

Hvert það hlutafjelag, sem heimilisfang hefir erlendis, mun verða talið erlent. Ef hjer verða sett ákvæði um heimilisfang eða ríkisborgararjett á Íslandi sem skilyrði til atvinnurekstrar hjer, þá hlyti það einnig að taka til hlutafjelaga með einhverjum hætti, sennilega þannig, að samsvarandi skilyrði yrði gerð um heimilisfang fjelags og heimilisfang stjórnenda (og ef til vill ríkisborgararjett) sem sett yrði um einstaka menn, sbr. lög nr. 63, 69 og 70, 28. nóv. 1919 1. gr. 4. tölul., sbr. við 1. tölul. Ef útlendum fjelögum væri veitt ótakmörkuð heimild þess að hafa hjer útibú, þá væri ákvæði um heimilisfang atvinnurekanda hjer alveg ónýtt, því að þá mætti ávalt fara í kringum það með því að stofna erlent hlutafjelag og setja svo upp hjer svonefnt útibú frá því. En ef búsetuskilyrði til atvinnu hjer er ekki sett eða meðan það er ekki sett — getur það orðið, að erlent hlutafjelag setji hjer útibú, enda munu ýms slík útibú þegar vera hjer nú. Og koma þá fyrirmæli þessa kafla til greina.

Um 45. gr.

Þótt erlent fjelag sendi t. d. hingað farandsala eða »agent, án þess að hafa hjer fasta starfstöð (skrifstofu o. s. frv.), þá ætti þessi kafli ekki þar við. Sama um siglingar, án slíkrar skrifstofu. Þar að auki er þess getanda, að aldrei getur komið til mála að gera búsetu hjer eða ríkisborgararjett að skilyrði fyrir siglinga-heimild milli Íslands og annara landa. Þar á móti munu slík skilyrði vera sumstaðar sett til þess að mega annast svonefndar »strandferðir« *(ákveðnar* siglingar með ströndum fram), en þess verður þó líklega langt að bíða, að heimild til slíks verði takmörkuð hjer, að farið yrði að banna hverjum, sem vildi, að halda uppi strandferðum hjer við land.

Um 46.—49. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Um 50. og 51. gr.

Það sýnist sjálfsagt, að erlend hlutafjelög eigi ekki að halda starfsheimild sinni hjer, þegar sannað er, svo að annars væri nægilegt til að heimta gjaldþrotaskifti, sbr. lög nr. 7, 13. apr. 1894 2. gr., að fje brestur til greiðslu skulda sem til eru orðnar vegna atvinnu þeirra hjer. Til þess að heimild greinarinnar verði beitt, þarf »*að/ararg/örð*«, og er því löghald ekki nægilegt. Það þarf því dóm, sátt o. s. frv.

Auðvitað væri það ófært vegna lánardrottna hjer, ef útibú eða starfstöð mætti halda áfram störfum hjer, eftir að fjelagið er komið á höfuðið erlendis, og er ákvæði 51. gr. til að fyrirbyggja það.

Um VIII. kafla.

Í núgildandi löggjöf skortir als kostar fyrirmæli um vanrækslu og brot þeirra, er við stofnun og meðferð hlutafjelaga fást, nema að því leyti sem almenn hegningarlög kunna að taka til, aðallega kafli þeirra um svik (26. kap.). Það getar varla orðið hlutverk almennra hegningarlaga að telja upp öll þau brot, sem í þessu sambandi koma til greina, og í öðru lagi er þess ef til vill langt að bíða, að hegningarlögin verði endurskoðuð og ný sett. Þessvegna hefir þótt hlýða, að setja hjer ákvæði um refsingar fyrir brot stjórnenda o. fl. á lögum þessum.

Um 52. gr.

Er nýmæli, og svipar nokkuð til ákvæða í lögum um þvingunarvald æðri stjórnarvalda gagnvart lægri, sbr. t. d. lög nr. 43, 10. nóv. 1905, 68 gr. 2. málsgr. En fyrir því, að vafasamt getur verið um lögmæti skipunar, er svo ákveðið að hlutaðeigandi geti leitað til dómstólanna, og þó settur frestur, svo að málið biði ekki lengur en þörf er á í óvissu.

Um 53. og 54. gr.

Til brota samkvæmt 53. gr. og 54. gr. er heimtaður *ásetningur*. Þar á móti þarf eigi að vera sá tilgangur, að *auðga* neinn með brotinu, enda mundi það þá venjulega verða refsivert samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna: Sjálfsagt reynast takmörkin milli brota samkvæmt 53. gr. 1. tölul. og 54. gr. 2. tölul. oft óglögg, en þetta skiftir varla miklu máli í framkvæmd, því að refsingum er svo hagað, að sama refsitegund á við báða flokka að að nokkru leyti.

Um 55. gr.

Svarar til 23. gr. firmalaganna nr. 42, 13. nóv. 1903, refsing fyrir vanrækslu á tilkynningaskyldunni. Brot þessi geta annars verið allmismunandi, t. d. alger vanræksla annarsvegar á tilkynningu, en hinsvegar gleymska á tilkynning um breytingu á einhverju tiltölulega lítilsverðu atriði.

Um 56. og 57. gr.

Eru nýmæli. Slík fyrirmæli eru í sumum hlutafjelagslögum, t. d. í verslunarlögbók Þjóðverja 317. gr., um hluthafana, og ýms sjerstök ákvæði um stjórnendur o. s. frv. varðandi brot, sem hjer falla undir 57. gr. Hjer þarf eigi fremur en eftir 53. og 54. gr. auðgunartilgang, enda mundi brotið þá oft vera refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, sjerstaklega brotin samkvæmt 57. gr.

Um 58. gr.

Þarf eigi að skýra.

Um 59. gr.

Það þykir sjálfsagt, að hlutafjelög þau, sem til verða, þegar lög þessi komast í framkvæmd, hvort sem þau hafa verið skrásett samkvæmt lögum

nr. 42, 13. nóv. 1903, eða ekki og að svo miklu leyti sem þau teljast til hlutafjelaga samkvæmt 1. gr., verði sett á hlutafjelagaskrár og lagi sig að öllu leyti eftir lögum þessum, eftir því sem kostur er á. Lengri frestur en 6 mánuðir er að eins veittur, ef þörf þykir, en ella til að fullnægja skilyrðum 32. gr. 1. málsgr. og 46. gr. 3. tölul. um hæfileika stjórnenda og umboðsmanna erlendra hlutafjelaga. Ef t. d. fjelag, sem þá verður til, er lögin öðlast gildi, eykur hlutafje sitt, fer þar um eftir 25. gr. og um útgáfu hlutabrjefa eftir 22. gr. Hlutabrjefaskrá skal halda eftir 23. gr., fjelagið má ekki lána út á brjef sín eða kaupa þau framar en segir í 28. gr. o. s. frv. Sum ákvæðin geta vitanlega ekki átt við, eins og t. d. ákvæði laganna um stofnendur í tilkynningum eða refsifyrirmælunum.

Þá verður að vera eitthvert aðhald að stjórnendum um tilkynningar til hlutafjelagskráa, og umboðsmönnum. Fyrst og fremst eru refsiákvæðin í 55. gr., sbr. og 53. gr. 1. tölul. og 54. gr. 2. tölul. En þar að auki er, svo sem annarstaðar tíðkast sumstaðar, ákvæðið um að slíta fjelagi og svifta útlent fjelag starfsheimild hjer. Ef tilkynning þykir ekki lögleg, þá er sjálfsagt að veita eldri fjelögum slíkan rjett sem hinum nýju samkvæmt 15. gr. Hjer þarf þó frest, svo að gömlu fjelögunum geti ekki haldist uppi óákveðinn tíma að starfa, enda þótt þau sje óskrásett. Og ákvæðin um frestina gilda vitanlega því að eins, að tilkynning, enda þótt gölluð sje, sje komin fyrir 1. júlí 1922.

Um 60. gr.

Svarar til ákvæða 36. gr. firmalaganna, en gjöldin eru hærri að krónutali, og þó síst hærri en verðfalli peninga nemur síðan firmalögin voru sett.

Um 61. gr.

Ef frumvarpið yrði samþykt á Alþingi 1921, þá virðist vel fallið, að lögin verði framkvæmd frá 1. jan. 1922, sbr. þó 59. gr. 1. málsgr.

Ákvæði firmalaganna um firmað standa, sbr. 18. gr. frv., svo og varnarþingsregla þeirra í 34. gr. Sjerákvæði um einstök hlutafjelög einnig, sjá 1. gr. 3. málsgr.

2. Frumvarp

til laga um erfðafjárskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1921.)

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, og sje búið tekið til skifta hjer á landi, skal gjalda skatt í ríkissjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafje, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt eða niðja hins látna, eða kjörbarna hans, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $1^1/_4$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^1/_2$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_4$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 10 af hundraði.

B. Af erfðafje, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A. skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $5^1/_2$ af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafje, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A. og B., eða til fjarskyldari erfingja, eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 11 af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 12 — ——

og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafje, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, fjelaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða rjettindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfje og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hjer á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til ríkissjóðs. Skip, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefur áskilið sjer tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fje því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta og greiðist skatturinn af erfðafje þeirra erfingja, er þá taka arf, í rjettu hlutfalli eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meiru en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafje, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafje, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðafjeð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni tífaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en ef endurgreiðslan er miðuð við ákveðna áratölu, skal margfalda fjárhæðina með áratölunni, þó aldrei meira en 25 árum, en sje fjárgreiðslan ævarandi, skal hún tuttugu og fimm földuð.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sjerstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun

hafi verið gefinn út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er útrunninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafaarfi o. s. frv. talið í einu lagi.

Nú hefur arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber af búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefur hlotið áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara og skal þá aðeins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslur skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eignum búsins og skuldum þess og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig fjeð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur sjeu rjett samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sje erfðafjárskýrsla eigi send í rjettan tíma, skal skiftaráðandi setja brjeflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sje rjett og send á rjettum tíma.

12. gr.

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skal skiftaráðandi tilnefna tvo óvilhalla menn, er meti fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 1000 krónum.

Ef skiftaráðandi álítur að arfleifandi hafi afhent eða gefið fjármuni í lifanda lífi, sem greiða ætti af erfðafjárskatt samkvæmt 1. gr., getur skiftaráðandi krafist skriflega yfirlýsingar um það af hálfu þeirra, sem honum þykir líklegt að hlotið hafi þessa fjármuni. Ef einhver skorast undan að gefa slíkar skýrslur, skal skiftaráðandi brjeflega setja hlutaðeiganda frest til þess og leggja við dagsektir.

13. gr.

Allir embættismenn og aðrir, sem opinber störf hafa á hendi, sömuleiðis stjórnendur banka, vátryggingarfjelaga, hlutafjelaga, kaupfjelaga, sparisjóða og annara slíkra stofnana eða fjelaga, eru skyldir að gefa ókeypis í fyrirskipuðu stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í tje látið og mega verða skiftaráðanda að liði við starf hans, svo sem skýrslur um hlutabrjef, skuldabrjef, þinglesin eða óþinglesin, innieignir, veðvottorð o. s. frv.

Ef einhver skorast undan að gefa þær skýrslur, sem krafist er, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, uns skýrslurnar eru gefnar.

14. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefur leynt verið vísvitandi eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

15. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 15, 11. júlí 1911 um erfðafjárskatt.

Athugasemdir.

Erfðafjárskattinum var breytt í það form, sem hann nú er, með l. nr. 15 frá 11. júlí 1911 og fjellu þá jafnframt úr gildi tilskipun 12. sept. 1792 og opið brjef 8. febr. 1810 um erfðafjárgjald, sem voru orðin langt á eftir tímanum. Erfðafjárskatturinn var hækkaður mjög mikið 1911, gerður stighækkandi og mishár eftir skyldleika erfingja. Yfirleitt má segja, að hann hafi þá verið gerður vel úr garði samanborið við slíka skatta erlendis.

Við skattamálarannsókn þá, sem nú hefur farið fram, hefur verið rætt nokkuð, hvort breyta skyldi enn stefnu erfðafjárskattsins og þá sjerstaklega hvort afnema skyldi hámark hundraðsgjalds skattsins svo að allur arfur fjelli til ríkisins, er færi fram úr ákveðinni upphæð. Einnig hvort taka skyldi tillit til efnahags erfingja við ákvörðun hundraðsgjalds skattsins, þannig að skatturinn væri því hærri sem efnahagur þeirra væri betri. Niðurstaðan hefur þó orðið, að breyta ekki stefnu skattsins þannig að sinni.

Frumvarp það, sem nú er lagt fyrir Alþingi, hvílir því á sömu undirstöðu sem gildandi lög og er í flestum efnum óbreytt. Breytingar þær, sem

stungið er upp á, eru gerðar í þeim tilgangi, að auka tekjur ríkissjóðs, annarsvegar með hækkun skattsins á niðjum arfleifanda, hinsvegar með ákvæðum, sem eiga að hafa í för með sjer nákvæmara framtal til skattsins en verið hefur.

Tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskattinum hafa verið 3 síðustu árin eftir að ætla má að skatturinn hafi eingöngu verið talinn eftir lögunum frá 1911:

Árið 1917	13,4	þús. kr.
— 1918	11,9	— —
— 1919	73,1	— —

Hin mikla aukning á skattinum 1919 stafar bæði af óvenjumiklum manndauða 1918 vegna inflúensunnar, sem þá geysaði og þó sjerstaklega af því, að fyrst þá falla í arf stórar fjárhæðir 5 að tölu. Enda þótt erfitt sje af þessum tölum að ætla, hvað skatturinn muni gefa í ríkissjóð næstu árin, má telja víst, að 2—3 slíkar stórar fjárhæðir muni falla í arf árlega og tekjurnar af erfðafjárskattinum óbreyttum mætti þá áætla 30—40 þús. kr. Sje nú, vegna nauðsynjar ríkissjóðs á að fá auknar tekjur, litið á, hvort eigi megi hækka erfðafjárskattinn að einhverju leyti, er bert, að ósamræmi er á milli erfðaskattsflokkanna, þannig að niðjar eða það hjóna, sem lifir hitt, gjalda tiltölulega töluvert lægri erfðafjárskatt, heldur en fjarskyldari flokkarnir, enda þótt tekið væri fult tillit til þess, að fjarskyldum bæri að greiða meira. Þetta verður sjerstaklega áberandi er arfurinn verður svo hár, að eigi getur verið að ræða um að hann sje aðeins framfærslueyrir barna. Það þótti því rjett að láta skattgjaldið hækka nokkru örara á þessum flokki heldur en er í núgildandi lögum og jafnframt færa hámark hundraðsgjaldsins upp. Þessi aukning má gera ráð fyrir að gefi í ríkissjóð 15 þús. kr. árlega.

Erfðafjárskatti á hinum erfðaflokkunum þótti ekki fært að breyta að sinni.

Eftir reynslu síðustu ára er erfðafjárskattur sá, sem greiddur er árlega að meðaltali 2—3% af fjármunum þeim, sem í erfðir hafa fallið og mundi það með óbreyttum skatti, er næmi 30—40 þús. kr. svara til sem næst að $1^1/_2$ miljón króna fjelli í arf árlega á öllu landinu, eða að eignir þær, sem yfirleitt fjellu í erfðir næmu 60—70 milj. króna. Það er þó áreiðanlegt, að þær eignir nema miklu meiru, þar sem fasteignirnar einar með mjög lágu mati eru metnar á ca. 98 milj. kr. Það er líka vitanlegt, að æðimikið fje kemst undan erfðafjárskatti vegna of lágs framtals erfingja, gjafa arfleifanda í lifanda lífi o. s. frv. Til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta, hefur þótt rjett að fyrirskipa að jafnaði við erfðir mat óvilhallra manna og skylda þá, sem ætla má að viti best um fjárhag arfleifanda, til þess að gefa skýrslur um hann ef krafist er. Má gera ráð fyrir, að slíkt aukið eftirlit með framtali auki tekjur ríkissjóðs, en hve mikið er erfitt að áætla.

Að öllu samanlögðu má sennilega áætla að erfðafjárskatturinn, með breytingum þeim, sem hjer er stungið uppá, nemi næstu árin um 50 þús. kr. árlega. Að öðru leyti þykir aðeins ástæða til að geta í fáum orðum þeirra breytinga, sem hjer er stungið uppá, því að eins og að framan er sagt, er meginhlutinn óbreyttur.

Um 2. gr.

Sanngirni mælir með því, að kjörbörn greiði sama skatt sem niðjar hins látna, eins og líka mun vera víðast erlendis. Eftir gildandi lögum fer skattur af arfi kjörbarna eftir skyldleika þeirra við arfleifanda og verða því fjarskyld kjörbörn að sæta háum skatti. Hækkunin á fyrsta erfðaflokki er á fyrstu 1000 kr. úr $1^1/_{10}$% uppi $1^1/_4$% og áfram þannig, að skatturinn hækkar um $^1/_4$% í stað $^1/_{10}$% uppi 10% í stað 5%.

Aðalhækkunin verður því á nokkuð háum örfum.

Um 7. gr.

Eftir gildandi lögum finst upphæð sú, sem greiða á af erfðafjárskatt, ef arfurinn er talinn í árgreiðslum, bundnum við lífstíð eða um óákveðinn tíma, á þann hátt, að greiðslan margfaldast með fimm, en sje hún miðuð við ákveðna áratölu, margfaldist greiðslan með áratölunni, þó aldrei með meiru en tuttugu og fimm. Rjettara hefur þótt að breyta þessu þannig, að í fyrra dæminu margfaldaðist ársgreiðslan með tíu, en í síðara væri margföldunarhámarkið tuttugu og fimm og sama gilti, ef árgreiðslan væri ævarandi. Er þetta sem næst sömu ákvæði og Danir hafa í erfðafjárskatttslögum sínum.

Um 12. gr.

Skiftaráðanda er hjer gert að skyldu, ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði, að láta meta arf af óvilhöllum mönnum svo að síður verði undandregið með oflágri virðingu, eins og stundum mun hafa átt sjer stað í erfingjaskiftum, því að erfðafjárskýrslur munu sjaldan vera rannsakaðar til hlítar af skiftarráðanda. Við opinber skifti er slíkt mat venjulegt, en rjett þótti þó að lögákveða það. Nemi fjármunirnir ekki 1000 kr. þykir ekki svara kostnaði að stofna til mats.

Síðari málsgrein 12. gr. er einnig stungið upp á til aukins eftirlits, þar sem ekki er óalgengt, að fjármunir sjeu gefnir í lifanda lífi, sem greiða ætti af erfðafjárskatt og er ætlast til að þessi heimild til að krefjast upplýsinga geti hjálpað til að ná skatti af þessháttar gjöfum.

Um 13. gr.

Í líkingu við heimild þá, sem stungið er upp á að setja í tekjuskattslögin um tekjuframtal m. m. þótti eðlilegt að heimila skiftaráðanda í erfðafjárskattslögunum að krefjast skýrslna þeirra, er nauðsynlegar þættu til að ákvarða upphæð skattskylds arfs af hálfu þeirra, sem best gætu um hann vitað.

Um 16. gr.

14. gr. hinna gildanda laga um erfðafjárskatt fellur burt, en í hennar stað kemur þessi grein. Þótt eigi sje ráðgerð meiri breyting á erfðafjárskattslögunum en að framan er talið, þykir rjettast að taka upp öll lögin, svo að þau sjeu í einni heild.

3. Frumvarp

til laga um fasteignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1921.)

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, veiðiám, fossum og rekarjettindum 3 af þúsundi hverju.
2. af húsum öllum til hvers sem þau eru notuð 2 af þúsundi hverju.

2. gr.

Eigandi skal greiða skatt þenna, en að því er tekur til jarða, sem eru í leiguliðaábúð þá er lög þessi koma til framkvæmda getur eigandi, þar til nýr samningur er gerður, krafist endurgjalds hjá leiguliða á því sem ábúðarskatturinn hefði numið eftir meðaltali verðlagsskráa árin 1912—1921, að báðum árum meðtöldum, að viðbættri hálfri þeirri hækkun, er skattur þessi veldur.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru allar fasteignir ríkissjóðs, (þarmeð taldar kirkjueignir,) kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ákvæði 2. gr., um skattgreiðslu leiguliða, ná einnig til þeirra, sem hafa jarðeignir ríkissjóðs á leigu, er lög þessi öðlast gildi.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því sem umfram er skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefur verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal eigandi greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef eigandi er þar eigi heimilisfastur skal hann hafa þar umboðsmann, er

geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur telst sá umboðsmaður, sem eignina hefur til nytja, og ef fleiri eru þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þenna skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka fasteignaskattinn fyrir 1 ár í senn.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922 og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d. um húsaskatt og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

Athugasemdir.

Nefnd sú, sem skipuð var 2. des. 1907 til að endurskoða skattalög landsins, samdi frv. til laga um fasteignaskatt og var það frumvarp lagt fyrir Alþingi 1913, en fjell þá með jöfnum atkv. (12 : 12) í neðri deild við 3. umr. og hefur ekki verið tekið upp síðan. Við endurskoðun þá á skattalöggjöfinni, sem farið hefur fram samkv. ályktun Alþingis 1919 hefur frv. þetta verið tekið til allrækilegrar athugunar og hefur þótt full ástæða til að aðhyllast þá skatthugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir frv. og er því frv. þetta að ýmsu leyti mjög svipað frv. skattanefndarinnar frá 1907, þótt í sumum atriðum sje vikið frá og mun nánari grein gerð fyrir því síðar.

Um fasteignaskatt yfirleitt þykir ástæða til að taka þetta fram.

Fasteignir hvers lands eru einhver verðmætasta eign þess og öruggasta. Það er því eigi undarlegt að athygli beinist einna fyrst að þeim, er leita skal skattstofna fyrir ríkin, enda mun það vera svo alstaðar, að fasteignaskattar sjeu lögleiddir. Þessi skattur hefur einnig þann mikla kost, að hann er nokkurn veginn fastákveðinn og því óhætt að byggja á honum sem föstum óbrigðulum ríkistekjum, en það er að sjálfsögðu frá ríkissjóðsins sjónarmiði einn

höfuðkostur hvers skatts, að nokkurnveginn vissa sje um stærð hans. Margir eru og þeir, sem líta svo á, að fasteignaskattur eigi í framtíðinni að vera aðalskatturinn eða jafnvel eini skatturinn. Um það skal eigi dæmt hjer, en það að eins tekið fram, að hvort sem þetta er rjett álitið eða eigi, þá virðist það naumast verða hrakið, að eins og högum er háttað hjer á landi, virðist sú hugsun eiga mjög langt í land, að fasteignaskattur geti orðið aðalskatturinn hjer á landi, því að sjálfsögðu er torveldast að koma þessu fyrir í hrjóstrugu stóru, strjálbygðu lítt ræktuðu landi. En þótt þessu sje þannig varið, þykir rjett að reyna nú lágan fasteignastatt hjer á landi, til þess að sjeð verði hvernig hann gefst, og má þá síðar, er reynslan hefur úr þessu skorið, breyta til, hækka eða lækka, eftir því sem hentast þykir.

Eins og í frv. skattanefndarinnar frá 1907, er hjer gert ráð fyrir að skattur þessi sje lagður á virðingarverð fasteigna án þess, að áhvílandi veðskuldir sjeu dregnar frá, en um þetta atriði hefur verið deilt töluvert, og eru margir þeirrar skoðunar, að þetta sje eigi gjörlegt. En mergur málsins er, að hjer er í raun og veru aðeins um það tvent að velja, annaðhvort að fylgja þeirri reglu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða sleppa skattinum, að minsta kosti á húseignum, því að reynslan hefur sýnt það, að meðan draga má frá veðskuldir verður skatturinn sáralítill. Er ástæðan til þess sú, að jafnan er dregin frá hin upprunalega fjárhæð veðskuldar, þrátt fyrir afborganir og auk þess oft af ásettu ráði geymt að aflýsa veðbrjefum, þótt þau sjeu að fullu greidd, til þess að komast hjá skatti. Það er því alveg auðsætt, að það ástand, sem verið hefur, er engu síður ranglátt, en það fyrirkomulag, sem hjer er stungið uppá. Og þess má geta, að skatturinn af húseignum er í frv. einmitt settur svo lágt sem þar segir, með hliðsjón af, að hann einnig hvílir á þeim hluta húsverðsins, sem ógreiddur kann að vera. Auk þess sem þegar er tekið fram má geta tveggja eigi óverulegra ágalla á núverandi fyrirkomulagi, fyrst og fremst þess, að þótt fasteign sje veðsett þarf það eigi að vera fyrir skuld eiganda eignarinnar, því að hann getur hafa lánað hana að veði, eða jafnvel veðsett hana til málamynda, eða hún veðsett án þess slíkt sje þinglesið og í öðru lagi þess, að á lóðum í kaupstöðum og kauptúnum er alls enginn skattur til ríkissjóðs, sem virðist alveg rangt, bæði þegar litið er til þess, að eftir því sem nú er komið eru þær allmikils verðar og þess, að allar jarðeignir, sem taldar eru í jarðabók, eru skattskyldar.

Af þessu virðist það ljóst, að þörf er á að breyta þessu fyrirkomulagi, enda er það ráðgert í hinum nýju fasteignamatslögum.

Eftir því sem næst verður komist eru fasteignir landsins virtar eins og hjer segir:

a.	Jarðeignir, lóðir, lendur, ítök, hlunnindi m. m.	kr. 41.987.000.00
b.	Hús..	— 56.404.000.00
		Samtals kr. 98.391.000.00

Skattur af eignum þessum yrði þá eftir því sem frv. gerir ráð fyrir:

a.	Af jarðeignum o. fl.....	kr. 125.961.00
b.	— húsum	— 112.808.00
		Samtals kr. 238.769.00

Eins og nú er, er húsaskattur um 43000 kr. á ári og ábúðarskattur um 60000 kr. á ári.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir ástæða til að taka þetta fram.

Um 1. gr.

Það er gert ráð fyrir þriðjungi lægri skatti af húsum en jörðum og lóðum, einkum vegna þess, að húsin ganga úr sjer, en jarðir og lóðir má venjulega telja ævarandi eign. Nokkru hefur og valdið í þessu efni að gera eigi stórfelda breytingu á skatthæð þeirri, sem nú er, því að slíkar breytingar gætu valdið óánægju og ef til vill óhollri verðbreytingu.

Ábúðarskatturinn af 20 hdr jörð er 12 kr. á ári, ef meðalalin er 1 kr. 50 au., en eftir þessu frumvarpi verður skatturinn kr. 15.00 ef jörðin er metin 4000 kr. og hús á henni 1500 kr.

Húsaskatturinn af húsi sem metið er á 40000 kr. er nú 75 kr. ef það er veðsett fyrir 15000 kr., en eftir frv. þessu yrði skatturinn 80 kr. auk skatts af lóðinni, sem er nýr. Hækkunarhlutfallið er því eigi ósvipað, en vitaskuld veltur á miklu í þessu efni, hvort húsið er meira eða minna veðsett.

Það virðist eigi geta valdið tilfinnanlegum óþægindum eða fyrirhöfn þótt skatturinn sje eigi hinn sami fyrir jarðir, lóðir og hús, þar sem það er fyrirskipað í hinum gildandi jarðamatslögum, að hús skuli jafnan virt sjerstaklega. Gert er ráð fyrir að öll mannvirki önnur en hús á jörðum og lóðum teljist til jarðar eða lóðar og virðist eigi næg ástæða til að undanþiggja skattinum mannvirki t. d. síðustu 10 ára, enda er mjög erfitt og óábyggilegt mat á slíku, auk þess sem hyggilega gerð mannvirki svo sem túnasljettur, vatnsveitigar m. m. gefa mjög fljótt arð. Greiningin milli húsa annarsvegar og annara fasteigna hinsvegar, virðist alls eigi geta valdið efa.

Um 2. gr.

Frv. gerir ráð fyrir að skattur þessi greiðist af eiganda, en hvort hann að síðustu lendir á honum eða notanda eða báðum er eigi auðið að segja með vissu. Það veltur á samningum milli þeirra og skiftir þar eftirspurnin að sjálfsögðu miklu og löggöfin virðist ekki geta sett neinar reglur í þessu efni, er taki fram fyrir hendur aðiljum. Aftur á móti þykir sjálfsagt að setja bráðabirgðaákvæði til verndar jarðeigendum er hafa leigt jarðir sínar ákveðnu verði til ákveðins eða óákveðins tíma, því að ella ljetti að ástæðulausu á leiguliða þar sem hann greiðir ábúðarskattinn, en þyngdi á eiganda. Sanngjarnast virðist, meðan þeir samningar haldast, sem gilda, er lög þessi koma til framkvæmda, að ábúandi haldi áfram að greiða sem svarar ábúðarskattinum, en skattauki sá, sem kann að verða, skiftist jafnt milli beggja.

Um 3. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs verður að undanþiggja þessum skatti, því að það væri tilgangslaust, að ríkið heimtaði skatt af sjálfu sjer. Ýmsar fleiri eignir þykir og rjett að undanskilja og eru þær nefndar í gr. Um skattskyldu er eigi líklegt að mikill ágreiningur geti orðið og hefur því þótt rjett að láta stjórnarráðið skera úr þessu, án þess að þó sje tekinn rjettur manna til þess að leita dómstólanna í þessu efni.

Rjett sýnist að setja lágmarkstakmark um skattskyldu fasteigna og er þar stungið uppá 100 kr. lágmarki.

Skatturinn á annars að hvíla á öllum fasteignum, sem eigi eru sjerstaklega undanskildar og skiftir þar eigi máli hver er eigandi eða til hvers eignin er notuð.

Um 4. gr.

Með því að það er eigi ótítt, að fasteignum sje skift í sundur, t. d. að lóð sje seld í pörtum, þykir rjett að gefa aðiljum kost á að fá skiftinguna lögformlega samþykta, einnig með tilliti til skattgjalds. Að sjálfsögðu er ætlast til að heimild þessi sje eigi notuð nema vissa sje fyrir, að skiftin sjeu til langframa.

Um 5. gr.

Það er sjálfsögð regla, að skattur greiðist þar sem eignin er, því að ella væri hætt við að eignir gætu sloppið hjá skatti. Ákvæðið um að eigandi skuli hafa umboðsmann þar sem eignin er, er eins mikið í þágu eiganda eins og hins opinbera, því að þar sem ríkissjóður hefur forgangsveðrjett fyrir skattinum er hann jafnan viss með greiðslu hans. Það virðist ekkert varhugavert við það, að gera notanda fasteignar að umboðsmanni eiganda, þótt hann hafi eigi verið til nefndur, því að venjulega hljóta eigandi og notandi að hafa þau peningaviðskifti, að notandi geti sjer að meinlausu greitt skattinn fyrir eiganda. En ef svo er eigi, getur notandi neitað greiðslu og á ríkissjóður þá aðgang að eigninni sjálfri.

Um 6.—7. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 8. gr.

Sjálfsögð ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að skattalögin nýju öðlist gildi 1. jan. 1922.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði var tekið upp í fasteignaskattsfrv. skattanefndarinnar 1907 og er algert nýmæli í skattalöggjöf vorri, en er í lögum sumstaðar erlendis t. d. á Englandi. Að öðru leyti vísast til greinargerðar nefndarinnar í þessu efni.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

4. Frumvarp

til laga um lestagjald af skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 12 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóði fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefur lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst, eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald.

5. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka gjald þetta fyrir 1 ár í senn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Athugasemdir.

Skip hafa eigi verið sköttuð hjer á landi hingað til, að því undanteknu, að af fiskiskipum hefur verið greiddur lausafjárskattur, en tiltölulega lágur. Hins vegar hafa önnur skip verið skattfrjáls. Þetta virðist eigi rjettmætt, því að skip má að ýmsu leyti setja í flokk með fasteignum, enda er svo að lögum. Og vissulega er eigi ástæða til að láta vera að skatta skip, þegar hver þúfa á landi og svo að segja hver húskofi er skattaður heinum skatti. Það skal að sönnu játað að það er fyrst á hinum síðari árum að þetta skiftir máli vegna þess að það er tiltölulega mjög skamt síðan skipafloti vor tók verulega að vaxa og nú má með sanni segja að hann vaxi hröðum fetum.

Skipastóll landsins mun nú nema 20000—25000 smál. svo að tekjur af frumvarpi þessu ættu, ef það verður að lögum, að verða 40—50 þús. kr. á ári.

Frumvarp þetta er að miklu leyti sniðið eftir frv., um sama efni, sem kom fram á Alþingi 1919 og var samþykt í neðri deild, en dagaði uppi í efri deild.

Um einstakar greinar frv. virðist eigi þörf að ræða.

Það skal tekið fram, að ekki hefur þótt ástæða til að skatta minni skip en 12 smál. brúttó og verða þá minni skip skattfrjáls í líkingu við að mjög verðlitlum húsum og lóðum er slept við skatt.

Skattur þessi er miðaður við það að telja megi smálestina í skipum 1000 kr. virði og er hann þá 2 af þúsundi eins og gert er ráð fyrir í öðru frv. að greitt skuli af húsum og virðist skattur þessi ekki geta á neinn hátt talist tilfinnanlegur.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar við frv. til laga um fasteignaskatt, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis þessu frv.

5. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugjörð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr. og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaun meiru en 5000 kr. og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim saman lögðum, sem embættismaðurinn hefur greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur

hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti, en ekki má hann þó fara fram úr 1000 kr. á ári.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum og greiðist hann með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög. nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem eldri er en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum eða af 5000 kr., ef launin eru hærri, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur, halda þeim rjetti.

Í viðbót við líffjeð getur konungur veitt ekkjunum 50—100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje líf-

fjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burtu:
1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað útanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líffje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir líffje, af því hún hefur gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burtu eftir sömu reglum sem rjettur til líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eptir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100—200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefur sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, að undanskildum síðara málslið 8. gr. og lög nr. 73, 28. nóv. 1919 um ekkjutrygging embættismanna.

14. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

15. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

Athugasemdir.

Með brjefi, dags. 17. febr. 1920 sendi samband starfsmanna ríkisins stjórnarráðinu frv. til laga um lífeyrissjóð fyrir embættismenn og trygging ekkna þeirra, með beiðni um, að það yrði tekið til meðferðar af aukaþingi því, sem þá stóð yfir og samþykt sem lög. Frumvarp þetta var athent fjárveitinganefnd neðri deildar, en hún treystist eigi að taka málið til flutnings, þar sem það þá þegar var ákveðið, að aukaþinginu skyldi slitið innan mjög skamms tíma. Sambandið fór þess því enn á leit við stjónarráðið í brjefi dags. 6. marz 1920, að það legði frumvarp þetta eða annað í svipaða átt fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við þessari ósk hefir stjórninni þótt rjett að verða af ástæðum, sem hjer skal skýrt nokkru nánar frá.

Eftir því hvernig hin gildandi lög um ekkjutrygging embættismanna eru úr garði gerð, hlaut svo að fara, að ekkjutryggingarnar hefðu orðið keyptar hjá ýmsum erlendum fjelögum, þar sem engin slík innlend lífsábyrgðarstofnun er til og stjórnarráðið brast heimild til að gera samninga við nokkurt einstakt lífsábyrgðarfjelag um trygginguna, þannig, að embættismenn væru skyldir til að tryggja ekkjur sínar hjá þeirri stofnun. Afleiðingin af þessu hefði hlotið að verða sú, að töluvert fje hefði farið út úr landinu vegna þessara trygginga, því að sjálfsögðu mundi engi fjelög hafa tekið þessar tryggingar að sjer nema hafa nokkurnveginn vissu fyrir ágóða af því og þann ágóða hefðu embættismennirnir orðið að greiða og auk þess venjulegan part af hinum mikla starfrækslukostnaði, sem hvílir á slíkum fjelögum, t. d. til stjórnar og milliliða. Með þessu fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, sparast þetta fje,

Frumvarpinu fylgdu allítarlegar athugasemdir frá Sambandi starfsmanna ríkisins og fara þær hjer á eptir og vísast til þeirra. Að öðru leyti er eigi ástæða til af hálfu stjórnarinnar að skýra nánara innihald frv. Að eins skal í fáum orðum getið þeirra fáu breytinga, er stjórnin hefur gert á frv. Sambandsins.

Þessar breytingar eru þær, sem hjer segir:

1. Fyrirsögn frumvarpsins hefur verið stytt og breytt lítið eitt.
2. Aptan af 3. gr. hefur verið feldur þessi málsliður: »þyki ástæða til að breyta hæð iðgjaldsins, skal það gert með konungsúrskurði, að undangenginni Alþingissamþykt«. Þessi aðferð til lagabreytinga er óvanaleg og er eigi ástæða til að hafa sjerstök ákvæði í þessu efni. Rjettast virðist, ef nauðsynlegt reynist, að breyta iðgjaldinu með lögum. Mundi hver stjórn telja sjer það skylt, þar sem það er meginregla, sem starfsmenn ríkisins viðurkenna fyllilega, að þeir eigi að annast ekkjutrygginguna algerlega á sinn kostnað. Ef stjórnin, sem hefur á hendi reikningshald sjóðsins, sjer að hann getur ekki borið sig með hinum ráðgerðu iðgjöldum, verður að álíta að henni sje skylt, vegna ríkissjóðs, sem er í ábyrgð fyrir lífeyrissjóðinn, að gerast frumkvöðull að lagabreytingu í þá átt að hækka iðgjaldið. Sóm virðist skylda stjórnarinnar gagnvart embættismönnum, ef iðgjöldin skyldu reynast óþarflega há.
3. Síðasta málslið 4. gr. hefur verið bætt við og mundi hann að nokkru bæta úr fyrir eldri embættismönnum, þegar embætti þeirra eru lögð niður.

4. Nýrri 14. gr. er bætt við og virðist hún sjálfsögð vegna þeirra, sem hafa uppfylt skyldur sínar um ekkjutryggingu samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919.
5. Nokkrar orðabreytingar hafa verið gerðar, sem óþarft þykir að telja.

Athugasemdir Sambands starfsmanna ríkisins eru svo hljóðandi:

Samkvæmt lögum frá síðasta þingi er íslenskum embættismönnum gert að skyldu að koma á fót sjóði, er þeir eiga að hafa allan vanda af, í því skyni, að hann tækist á hendur nokkurn hluta þeirra tryggingarskyldu, sem lögð er á þá, þannig, að allir beri að því leyti hver annars byrði. Hinsvegar er nokkrum hluta skyldunnar (ekkjutryggingunni) þannig háttað, að byrðin hvílir á hverjum einstökum eftir hans sjerstöku ástæðum, t. d. aldri hans sjálfs og konu hans, embættisaldri o. fl. og verður sú byrði mjög misþung þar sem hún hjá öðrum dreifist á mörg ár, en lendir á fáum árum hjá hinum.

Þar sem oss er gert að skyldu að mynda samábyrgð að nokkru leyti, teljum vjer sjálfsagt að tryggingin verði öll samábyrgð í staðinn fyrir einstaklingstrygging að nokkru leyti. Með því móti verður líka öll tryggingin innlend, þar sem ekkjutryggingin, eins og nú er ástatt, hlýtur annars að vera í höndum erlendra fjelaga.

Nú kann að verða litið svo á, að ekki sje mikil sanngirni, að allir gjaldi jafnt eftir launahæð, kvæntir menn og ókvæntir. Er þar til að svara, að allar tryggingar eru ódýrari, þegar þær dreifast á mörg ár, og ungum manni er því beint hagur að byrja sem fyrst að taka þátt í tryggingunni, þar sem byrðin verður þeim mun ljettari þegar hann síðar kvongast, sem hann hefur byrjað fyr. Auk þess má venjulega ungur einhleypur maður betur við að sjá af litlum hluta af launum sínum, heldur en mun stærri hluta síðar, er hann er orðinn fjölskyldumaður. Þó svo kunni að fara, að einhver slíkur einhleypur maður aldrei kvongist, þykir oss það eigi næg ástæða til þess að rjúfa þá meginreglu, að gera heildinni alla tryggingunа sem ódýrasta, því að enginn getur sagt um það fyrir fram, hver kann að verða ókvæntur alla æfi, og fari svo að maður kvongist ekki fyr en á efri árum, þá verður með þessu móti tryggingin engu dýrari fyrir hann en aðra, en mundi að öðrum kosti oft verða æði þungbær.

Ennfremur kynni að virðast svo sem ósanngjarnt sje að leggja sömu byrði á konur, sem embættum gegna, en oss virðist einsætt að þær eigi að vera háðar sömu reglum sem aðrir embættismenn og því hafa allar hinar sömu skyldur, enda njóta þær þá allra sömu rjettinda. Þess vegna er það nýmæli tekið upp í 12. gr. að ekkill njóti sömu rjettinda sem ekkja, og er það ákvæði sniðið eftir lögum Norðmanna frá 1917 um þessi efni.

Af þessari samsteypu leiðir það auðvitað, að hækka verður iðgjöldin í sjóðinn. Vjer stingum upp á að iðgjaldið, vegna þessarar breytingar, verði hækkað úr 5% upp í 7%. Hjer á landi eru ekki fyrir hendi nein gögn, er miðað verði við í þessum efnum og höfum vjer því stuðst við útreikninga, er gerðir hafa verið við undirbúning launalaga Dana og eru í fylgiskjali með launanefndaráliti þeirra í fyrra. Lífeyrir sá, sem íslenskum embættismönnum er gert að skyldu að tryggja ekkjum sínum, er nokkuð svipaður þeim eftirlaunum, er embættismannaekkjur nutu í Danmörku áður en núgildandi launalög þeirra komust á. En samkvæmt 25 ára reynslu þeirra hefðu iðgjöld

embættismanna í samskonar embættum sem hjer eru, til eftirlauna handa sjálfum sjer og ekkjum þeirra, ef þeir hefðu átt að kaupa sjer þau sjálfir, numið tæpum 5% til eigin eftirlauna og hjerumbil 1½% til eftirlauna ekkna þeirra (sjá launanefndarálit Dana 1. bindi, bls. 146, I—II flokk). Miðað við þessa reynslu þeirra virðist hækkun sú, sem vjer leggjum til á iðgjöldum, ekki óvarlega áætluð þar sem tillaga vor er ¼ hærri. En jafnvel þó svo ólíklega kynni að fara, að þessi iðgjaldshæð reyndist ekki nægileg, þá ætti það ekki að saka vegna ákvæðis þess, er vjer höfum skotið inn í 3. gr. um það að hækka megi iðgjaldið, ef nauðsyn krefur, því að það er ekki ætlun vor, að ríkissjóði sjeu bundnar neinar nýjar byrðar með þessu, heldur beri embættismenn sjálfir alla þá tryggingarskyldu, sem á þeim hvílir nú, jafnt eftir sem áður. Af ákvæðinu leiðir hinsvegar einnig að lækka má iðgjaldið, ef það reynist óþarflega hátt.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, höfum vjer ekki í þessu frumvarpi stungið upp á neinum efnisbreytingum á gildandi lögum; vjer höfum að eins steypt saman lögum nr. 72 og 73 frá 1919, en eigi gert aðrar breytingar á þeim en þær, sem að sjálfsögðu leiða af samsteypu trygginganna. Þó að vjer kynnum að hafa kosið, að fleiri breytingar yrðu gerðar á þessum lögum, þá höfum vjer eigi að þessu sinni viljað stinga upp á því, með því að ætla má, að þinginu væri óljúft að gera margvíslegar breytingar á svo nýjum lögum, en vjer viljum með engu móti tefla málinu í neina hættu þess vegna eða tefja framgang þess.

Vjer álítum að þetta mál verði að ná fram að ganga þegar á þessu þingi af þeim ástæðum, að lífeyrissjóðurinn er nú fyrst að komast á laggirnar og miklum fjölda nýrra starfsmanna er þar með gert að skyldu, að tryggja sjer og ekkjum sínum lífeyri, en ef þeir ættu nú allir að kaupa ekkjulífeyri hjá einstökum fjelögum, þá mundi reynast erfitt síðar að koma á þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á, en hinsvegar mjög auðvelt nú.

Vjer höfum nú gert grein fyrir öllum þeim efnisbreytingum, er vjer stingum upp á og teljum því óþarft að fara sjerstaklega út í einstakar greinar.

6. Frumvarp

til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema landsstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað. Hið sama er um allskonar áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs

tóbak eða áfengi, ef með hið síðarnefnda er farið samkvæmt bannlögum og tóbaksbirgðir eru eigi að áliti lögreglustjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það sem umfram er eftir 12. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem landsstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum, eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Áfengi má hún að eins selja lyfsölum og læknum, er hafa lækningaleyfi, og þeim öðrum, sem bannlög heimila. Um tókakssöluna og áfengissöluna gefur landsstjórnin nánari reglur. Landlæknir skal gera tillögur um áfengissöluna.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr. leggur ríkissjóður fram og er landsstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Landsstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu og ákveður laun hans. Hann annast öll venjuleg störf verslunarstjóra. Nánari reglur um starfsvið hans verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur um í 2. gr. kveður landsstjórnin á um, hvernig fara skuli um tóbaksbirgðir þær og áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Verslunin skal leggja frá 15 til 50 af hundraði á tóbak eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

Á áfengi það, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 75—100% miðað við verð þess, komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

8. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna toll af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, sem varan fyrst er flutt í land og á þann hátt og á þeim tíma, sem tolllög mæla fyrir. Tollurinn endurgreiðist henni svo af kaupmönnum og fjelögum, er við hana skifta, enda er hann innifalinn í verðinu

til þeirra og skal tilgreint í reikningum til viðskiftavina verslunarinnar, hvert sje verð vörunnar í húsi hjer á landi, hve hár sje tollur og hve há álagning samkvæmt 7. gr.

9. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Landsstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða fyrirliggjandi í Reykjavík, ef auðið er, og einnig tóbaksforða að minsta kosti á 2—3 öðrum stöðum á landinu, ef við verður komið. Kostnað af sendingu vara innanlands greiða viðskiftamenn verslunarinnar. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er og miðast álagningin þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

11 gr.

Landsstjórninni er heimilt að setja hámarksverð í smásölu á vörur þær, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir:

Af staðháttum hjer á landi leiðir það, að útgjöld vor hljóta að verða, tiltölulega við fólksfjölda, miklu meiri en víðast annarstaðar, jafnvel þótt gert sje ráð fyrir minni framkvæmdum og jafnvel þótt vjer sjeum lausir við þyngstu gjaldabyrðina, sem á flestum öðrum þjóðum hvílir, hernaðarkostnaðinn. Ísland er svo stórt og strjálbygt, að samgöngur allar bæði á sjó og landi verða margfalt dýrari hjer en annarstaðar. Vegir, brýr, vitar, símar, strandferðir kosta of fjár, ef vel á að vera, og einnig veldur fólksfæðin og stærð landsins því, að kostnaður vor af opinberum starfsmönnum verður miklu meiri hlutfallslega en annarstaðar að öðru jöfnu. Af þessu leiðir, að vjer verðum að láta oss lynda það, að skattar og gjöld sje há og það jafnvel þótt reynt sje að spara

og draga úr framkvæmdum. Úr framkvæmdum má ekki draga svo að kyrstaða sje, en vandinn er að rata meðalhófið í því sem öðru.

Ef það er rjett, sem haldið er fram hjer að framan, að gjöld vor hljóti jafnan að vera mikil og hlutfallslega meiri en annarstaðar — og um það virðist líklegt, að flestir sjeu sammála — þá er það eigi heldur nema eðlilegt, að athugað sje hvort eigi sje auðið að finna tekjulindir handa ríkissjóði, sem aðrar þjóðir nota lítið eða ekki. Þetta er eðlilegt meðal annars af því, að ef vjer förum eigi þessar leiðir, er hætt við að afleiðingin verði sú, að hinir beinu skattar vorir, eins og t. d. tekjuskattur og eignarskattur verði miklu hærri hjá oss en í öðrum löndum, en það er óheppilegt, því að þá getur svo farið, að þeir, sem breiðast hafa bakið til að bera skattana, sjái sjer hag í því að búsetja sig annarstaðar.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, má að ýmsu leyti telja að fari nýjar leiðir. Þó verður alls eigi sagt, að sú hugmyd sje ný, að ríkissjóður taki að sjer einkasölu, því að Alþingi samþykti 1917 lög um heimild fyrir landsstjórnina til að taka að sjer einkasölu á steinolíu, og einkasölu á kolum hafði landsstjórnin á hendi eigi allskamman tíma. Hinsvegar er það nýtt hjer á landi, að taka einkasölu á tóbaki og áfengi. En ríkiseinkasala á tóbaki er alls eigi óþekt og því eigi heldur í þessu efni um nýja hugmynd að ræða. Í Svíþjóð hefir slík einkasala verið síðan 1. jan. 1915 og mun auk þess vera í Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Austurríki, Ungverjalandi, Rúmeníu, Serbíu, Japan og víðar. Um áfengið aftur á móti er þess að geta, að þegar aðeins er leyft að flytja inn í landið mjög fáar tegundir af því og að eins til lækninga og iðnaðar, er það eðlilegt að einkasala sje á því tekin, bæði af fjárhagsástæðum þar sem alkunnugt er, að það hefir verið selt óþarflega dýrt og af því að ætla má að eftirlitið verði hægra, ef hið opinbera sjer um söluna.

Tilgangurinn með einkasölu á tóbaki er að sjálfsögðu einkum sá, að útvega með því fje í ríkissjóð og ljetta þannig undir skattabyrði almennings. Er gert ráð fyrir, að tóbak, hvort heldur er vindlar, vindlingar, reyktóbak, neftóbak eða munntóbak, verði ekki, eða að minsta ekki sem neinu nemur, dýrara en annars mundi, því að bæði mundi auðið að komast að betri innkaupum fyrir þann, sem hefir umráð yfir allri versluninni, en þegar hún er frjáls og auk þess er það vitanlegt, að eigi alllítið er lagt einmitt á þessa vöru af stórsölum. Það virðist á engan hátt athugaverð stefna, að ljetta skattabyrðina á þenna hátt, þar sem atvinna er með þessu eigi tekin af nema tiltölulega mjög fáum, því að smásala tóbaks verður að sjálfsögðu rekin eftir sem áður.

Enn má geta þess, að nokkur grunur leikur á, að eitthvað sje flutt inn í landið af tollsviknu tóbaki og má vera að hægt væri að meira eða minna leyti að sporna við því með því að merktar væru umbúðir um tóbak, annaðhvort t. d. hver vindlakassi eða vindill og svipað ætti að geta átt sjer stað um aðrar umbúðir. Hjer skal ekkert fullyrt um, hvort hægt væri að koma þessu við, enda ekkert um þetta í frv., heldur aðeins bent á þetta hjer til athugunar. Ætti þaraðlútandi ákvæði heima í reglugerð og er því stjórninni innanhandar að setja það, ef fært eða ráðlegt þykir.

Með vissu er erfitt að segja, hversu mikið fje hin umrædda einkasala mundi gefa á ári, en innflutningur á árunum 1917—1919 hefir á þessum vörum verið eins og hjer segir:

	Tóbak	Vindlar	Spiritus og Cognac	Portvín og fl.
	Kg.	Kg.	Ltr.	Ltr.
1917	75000	12000	30500	1000
1918	36991	34241	53211	3314
1919	126431	42860	116391	14215
Meðaltal	79474	29700	66700	6176

Árið 1917 kostaði kg. af tóbaki að meðaltali hjerumbil 4 kr., en kg. af vindlum hjerumbil 16. kr. Ef nú væri miðað við þann innflutning framvegis, sem svarar meðaltali hinna þriggja síðustu ára og ef bygt væri á samskonar verðlagi og var 1917 og gengið út frá 20 % álagning á annað tóbak en vindla og 30 % á vindla og vindlinga, en 100 % á vínanda, yrðu tekjurnar með núverandi verði á vínanda eins og hjer segir:

a. Tóbak	kr.	63579,20
b. Vindlar og vindlingar	—	142560,00
c. Vínföng	—	437256,00
	Kr.	643395,20

Hjer er portvín o. fl. talið með sama verði og spiritus conc.

Frá þessum tekjum dregst kostnaður við verslunina og ef til vill þykir álagningin t. d. á vínföng nokkuð há, en þótt hún væri færð nokkuð niður, ættu tekjurnar að geta numið sem næst $^1/_2$ miljón kr. á ári auk kostnaðar.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir ástæða til að taka það fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Til tóbaks teljast að sjálfsögðu bæði vindlar og vindlingar. Áfengi það, sem hjer ræðir um, er að sjálfsögðu aðeins þær tegundir, sem nú má flytja inn í landið, því að með þessum lögum er eigi linað á bannlögunum. Hins vegar er, þótt frumvarp þetta verði að lögum, öllum frjálst að flytja inn drykki, sem í er vínandi undir $2^1/_4$% að rúmmáli.

Um 2. gr.

Til þess að taka ekki atvinnu af þeim, sem stunda tóbakssölu í smásölu sem atvinnugrein og til þess að gera verslun ríkisins umfangsminni, er gert ráð fyrir að hún selji aðeins kaupfjelögum og kaupmönnum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákveðið sje með reglugerð alt, sem nánar lýtur að versluninni.

Um 3. gr.

Auðvitað verður ríkissjóður að leggja fram rekstrarfje handa versluninni og rjettast virðist að heimila að taka það fje að láni, jafnvel þótt ýmislegt bendi á, að hægt muni að nota til þessa varasjóð Landsverslunarinnar, en

skyldi þetta af einhverjum ástæðum ekki vera hægt, er öruggara að hafa lánsheimildina.

Um 4. gr.

Gefur ekkt tilefni til athugasemda.

Um 5.—6. gr.

Ákvæði þessara greina eru hliðstæð samskonar ákvæðum í 5. og 6. gr. laga nr. 78, 14. nóv. 1917.

Um 7. gr.

Eftir þeim reglum, sem nú mun vera fylgt um álagning á þessar vörur, er hjer ræðir um, mun mega fullyrða það, að með þeirri álagningu, sem gr. gerir ráð fyrir, muni þær samt ekki þurfa að verða almenningi dýrari en þær mundu verða án einkasölu. Um t. d. spiritus concentratus má geta þess, að hann kostar nú, kominn hjer í hús, að meðtöldum tolli 6 kr. en mun seldur úr lyfjabúðum til almennings á 15—16 kr. Þótt gert sje ráð fyrir 100% álagning, sem er hið ítrasta, er má eftir fr.v., yrði verðið til lyfjabúða og lækna eigi nema 12 kr. og 3—4 kr. álagning fyrir lyfjabúðir og lækna ætti að vera nægileg álagning.

Um 8. gr.

Það er gengið út frá, að í tolllögum sje ákveðið, hversu mikinn toll skuli greiða af vörum þessum og að verslunin leggi hann út til bráðabirgða, en að hann sje aftur endurgreiddur henni af kaupendum. Með þessu fyrirkomulagi fæst ágætt eftirlit með tollinum, því að hin samanlagða fjárhæð allra slíkra tolla hjá öllum innheimtumönnum á þá að koma heim við samanlagðar tollgreiðslur verslunarinnar ár hvert. Rjett virðist og, að reikningar frá verslun inni til viðskiftamanna hennar sjeu þannig gerðir, að af þeim sjáist jafnan, hversu miklu hin eiginlega álagning nemur.

Um 9. gr.

Rjett virðist að veita landsstjórninni heimild til, að taka ákveðinn hluta af ágóða verslunarinnar á ári hverju til þess að leggja í veltufjársjóð, með það fyrir augum, að verslunin gæti með tímanum starfað með eigin fje. Aftur á móti sýnist ekki rjett að fastákveða, að svo skuli gert, því að ef svo færi, að varasjóður Landsverslunar eða partur af honum yrði til þessa hafður, er tilgangslítið að safna í sjerstakan sjóð.

Um 10. gr.

Þótt vörur þær, sem hjer ræðir um, geti eigi talist nauðsynjavörur, nema áfengi að því leyti, sem það kann að teljast nauðsynlegt til lyfja, þykir þó rjett að gera versluninni að skyldu að hafa jafnan forða hjer í bænum og auk þess á 2—3 stöðum á landinu t. d. Ísafirði, Akureyri óg Seyðisfirði. En auk þess er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu, að sent sje tóbak á ákveðna staði beint frá útlöndum.

Um 11. gr.

Það virðist rjett að heimila landsstjórninni, að setja hámarksverð á vörur þessar, og ætti ekki að vera nein hætta á, að með því væri gengið á rjett smásalanna.

Um 12.—13. gr.

Þessar greinar gefa ekki tilefni til athugasemda.

7. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni hver greiði skattgjald hans, enda sje sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafje í innlendu hlutafjelagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a) Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.

b) Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
c) Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi sbr. 4. gr., svo og dánarhú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 5 fjelagar í verslunarfjelagi eða öðru atvinnufjelagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninnni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slík fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði, eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er um konsúla annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, svo og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr. reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr. greiðist af honum 1%.

Frá	1000	kr.	—	2000	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2%	af	afgang.
—	2000	—	—	3000	—	30	—	—	2000	—	—	3	—	—
—	3000	—	—	4000	—	60	—	—	3000	—	—	4	—	—
—	4000	—	—	5000	—	100	—	—	4000	—	—	5	—	—
—	5000	—	—	6000	—	150	—	—	5000	—	—	6	—	—
—	6000	—	—	8000	—	210	—	—	6000	—	—	7	—	—
—	8000	—	—	10000	—	350	—	—	8000	—	—	8	—	—
—	10000	—	—	15000	—	510	—	—	10000	—	—	9	—	—
—	15000	—	—	20000	—	960	—	—	15000	—	—	10	—	—
—	20000	—	—	30000	—	1460	—	—	20000	—	—	11	—	—

Frá	30000	kr.	—	40000	greiðist	2560	kr.	—	30000	kr.	og	12%	af afgang.
—	40000	—	—	50000	—	3760	—	—	40000	—	—	13	— —
—	50000	—	—	75000	—	5060	—	—	50000	—	—	14	— —
—	75000	—	—	100000	—	8560	—	—	75000	—	—	15	— —
—	100000	—	—	150000	—	12310	—	—	100000	—	—	16	— —
—	150000	—	—	200000	—	20310	—	—	150000	—	—	17	— —
—	200000	—	—	300000	—	28810	—	—	200000	—	—	18	— —
—	300000	—	—	400000	—	46810	—	—	300000	—	—	19	— —
—	400000	—	—	500000	—	65810	—	—	400000	—	—	20	— —
—	500000	—	—	600000	—	85810	—	—	500000	—	—	21	— —
—	600000	—	—	700000	—	106810	—	—	600000	—	—	22	— —
—	700000	—	—	800000	—	128810	—	—	700000	—	—	23	— —
—	800000	—	—	900000	—	151810	—	—	800000	—	—	24	— —
—	900000	—	og þar yfir		—	175810	—	—	900000	—	—	25	— —

7. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr. reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%,	greiðist	5% af fyrstu	2% og	10% af afg.
5—	10%,	—	8% — —	5% —	15% — —
10—	20%,	—	11½% — —	10% —	20% — —
20—	50%,	—	15¾% — —	20% —	25% — —
50% og þar yfir,		—	21⅜% — —	30% —	30% — —

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. b.). Ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur. Ennfremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörð-

um, sem eru í leiguábúð og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.

e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happadrætti, eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þarmeð þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem trygðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelagsmönnum í árslok í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrekstur af atvinnu þeirra. Að öðru leyti sæta þau sömu reglum sem önnur fjelög.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum er allur arðurinn af slíkri sölu talinn skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjelagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldar tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugjörð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hinsvegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbrjefum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda t. d. fasteignaverslun, eða hún falli undir ákvæðin í 8. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Þegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv. sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.
c. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konu sinni lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri lífeyrisupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Aftur á móti verða iðgjöld af lífsábyrgðum ekki dregin frá tekjunum nema þau sjeu lögboðin eða komi í staðinn fyrir iðgjöld af skyldulífeyri.
d. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, sem um ræðir í stafl. a.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.) má að eins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis við koma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foreldra húsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 500 kr., sem eru skattfrjálsar, og auk þess framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt með fast meðlag), 200 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa eigi sjálf efni á að kosta framfæri sitt. Sama er um aðra skylduómaga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafje eða innborguðu stofnfje, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hana miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan lögákveðinn frádrátt nema ekki fullum 100 kr. greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanksárið. Þegar svo er ástatt getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

II.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000—	15000	kr.	greiðist	1‰	(af þús.)	af því	sem	er	umfram 5000 kr.
—	15000—	20000	—	——	10	kr. af	15000	kr. og	1.2‰	af afganginum.
—	20000—	30000	—	——	16	— -	20000	— —	1.5— -	——
—	30000—	50000	—	——	31	— -	30000	— —	2— -	——
—	50000—	100000	—	——	71	— -	50000	— —	3— -	——

100000— 200000 kr.	greiðist	221 kr. af	100000 kr. og	4‰ af afganginum.
200000— 500000 —	——	621 — -	200000 — —	5— - ——
500000—1000000 —	——	2121 — -	500000 — —	6— - ——
1000000— og þar yfir	——	5121 — -	1000000 — —	7— - ——

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr. skal honum slept.

16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarrjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutafje sitt eða stofnfje frá eignaupphæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða aðeins eignaskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, ennfremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, fatnaður, skartgripir, bóka- og listasöfn. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr. má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgunar.
b. Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátrygðar.
c. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.
e. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurjöfnuninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem fram yfir er, skal slept.

III.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurjöfnunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Utan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum þar sem ekki er sjerstakur bæjarstjóri annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanefnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætíð skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur til að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gjörðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir bestu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gjörðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanefndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanefnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum eins og hann verður í kaupstaðnum eða kauptúninu samkvæmt úrskurði yfir-

skattanefndar, þó þannig, að borgunin fari eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattanefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til yfirskattanefnda greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði og úrskurðar stjórnarráðið reikninga þeirra. Þóknunin til skattanefnda greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sveitar- eða bæjarsjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefndar og greiðir á manntalsþingum það, er ríkissjóður skal greiða. Hann skal einnig láta hreppsnefnd eða bæjarstjórn vita nægilega snemma ár hvert, hversu mikið hún skal greiða skattanefnd, enda sje gjald þetta eigi greitt síðar en á manntalsþingi.

IV.

Um framtal tekna, frest, úrskurði, innheimtu o. fl.

30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu uppá æru og samvisku um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2 reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund. Dvelji hann utanlands eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattanefndin að vísu ekki veitt honum neina linun þessvegna, en hún má taka við umsókn til skattanefndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, og ennfremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt.

35. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrir fram, og í kaupstöðum á bæjarþingsstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

36. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans

og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

37. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn og er því máli þar með lokið.

Einnig úrskurðar hún, hvort og að hve miklu leyti taka skuli til greina umsóknir þær, sem henni hafa borist frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, sem getið er í 34. gr.

38. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignaframtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, til birtingar fyrir þeim gjaldendum, sem tekju- eða eignamat hefir verið hækkað hjá.

Störfum yfirskattanefndar skal lokið fyrir maímánaðarlok.

39. gr.

Skattanefndir halda gerðabók og rita í hana skattskrár og úrskurði. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið til búa á kostnað ríkissjóðs og skulu þær löggiltar af lögreglustjóra.

Yfirskattanefndir hafa einnig gerðabók og rita í hana úrskurði sína og ákvarðanir. Þessar gerðabækur löggildir stjórnarráðið.

40. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins til afnota við niðurjöfn-

un sveitargjalda. Svo skulu og formenn skattanefnda gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna í því formi, sem hún fyrirskipar.

41. gr.

Stjórnarráðið hefir vakandi auga á því, að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir það rjett til að fá sendar framtalsskýrslur gjaldenda eftir því sem þörf gerist og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

42. gr.

Lögreglustjórar innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

43. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal hver heimilisráðandi inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru til heimilis hjá honum, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

V.

Refsiákvæði.

44. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, missir hann rjettinn til að kæra yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, nema hann geti sannað, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlaðar af skattanefnd meir en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje mismunurinn 1/4 eða meira, skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð að viðbættum 1/4.

Ákvæðum laga þessara um viðurlög fyrir vanrækslu á framtali þarf þó eigi að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sjer til afsökunar.

45. gr.

Nú skýrir maður vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um alt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri tíma en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð er á vantar.

Skiftarjettur eða skiftaforstjóri eru skyldir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum bús, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni þá, er hinn framliðni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en

6000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir uns henni er fullnægt.

46. gr.

Sá sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 45. gr. skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt heldur en honum bar skylda til.

47. gr.

Skattanefndarmönnum og yfirskattanefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að, sökum starfa síns, um afnahag skattþegna.

Sama gildir um þá, er veita kynnu nefndunum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

48. gr.

Nú skorast einhver undan því að láta af hendi skýrslur þær, er í 32. gr. segir, og sker stjórnarráðið þá úr ágreiningi um það efni, og getur ef þörf krefur lagt við dagsektir uns skyldunni er fullnægt.

Nú hefir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum áður lögmæltur tími sje liðinn, þá varðar það sektum alt að 100 kr. og getur stjórnarráðið auk þess skyldað þær til þess að ljúka við þau að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann í nefndinni, er eigi getur borið fyrir sig lögmætar afsakanir.

49. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 45. gr. 1. málsgr. og 47. gr. laga þessara skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 44. gr., 45. gr. 3 málsgr. og 48. gr. segir, skulu sæta meðferð sem opinber lögreglumál. Refsimál, er fara skal með sem opinbert lögreglumál, skal eigi höfða nema sá, er hlut á að máli, skattanefnd, yfirskattanefnd eða stjórnarráð krefjist þess.

50. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og má gera aðför til innheimtu þeirra.

V.

Almenn ákvæði.

51. gr.

Stjórnarráðið gefur út leiðbeiningar um skilning á lögum þessum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf skattanefnda. Ennfremur gerir

það fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

52. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka tekjuskatt um eitt ár í senn, með því að margfalda allar skattupphæðir með sömu tölu.

53. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877 um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903 um viðauka við tjeð lög og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.

Athugasemdir við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Síðan 1877 hefur tekjuskattur verið í lögum hjer á landi. En hann náði ekki til aðalatvinnuvega landsmanna, landbúnaðar og sjávarútvegs. Í stað þess hvíldi á landbúnaðinum ábúðarskatturinn og lausafjárskatturinn að mestu leyti, en útflutningsgjald af sjávarafurðum og lausafjárskatturinn að litlu leyti áttu að koma í staðinn fyrir tekjuskatt af sjávarútvegi. Sjálfur tekjuskatturinn hvíldi því nær eingöngu á tekjum af verslun, iðnaði og embættum og svo á eignartekjum öðrum en af húseignum, er húsaskatturinn hvíldi á. Allir þessir skattar samanlagðir áttu að mynda samstætt skattkerfi, er hvíldi á öllum tekjum af allskonar atvinnu og eign.

Jafnvel þótt viðurkenna beri, að skattafyrirkomulag þetta hafi verið vel úr garði gert og vel viðunandi í upphafi, þá verður því varla neitað, að það er að ýmsu leyti orðið úrelt og ósanngjarnt. Bæði lausafjárhundruð og lausafjáreign eru harla ófullkominn mælikvarði á allar tekjur af landbúnaði, enda þótt hvorttveggja geti verið góð leiðbeining meðal annars til þess að finna tekjurnar, Og þá er ekki síður fast gjald af útfluttum sjávarafurðum ófullkominn tekjuskattur af sjávarútvegi, ekki síst þegar þess er gætt, að mikið af sjávaraflanum er notað í landinu sjálfu. Milliþinganefndin í skattamálum frá 1907 komst líka að þeirri niðurstöðu, að best væri að afnema þessa skatta, nema útflutningsgjald af sjávarafurðum, og setja í þeirra stað tekjuskatt af öllum tekjum og almennan eignaskatt auk sjerstaks fasteignaskatts. Voru frumvörp nefndarinnar um tekjuskatt lögð fyrir alþingi 1913 með litlum breytingum öðrum en þeirri, að eignarskatturinn var feldur í burtu. Málið kom aðeins til umræðu í neðri deild og frv. tekin aftur eftir að frv. um fasteignaskatt hafði verið felt. Síðan hefur það ekki verið tekið upp aftur, en á þinginu 1917 var samþykt breyting á tekjuskattslögunum, sem auk fyrirmæla um, að stighækkun

skattsins skyldi halda lengur áfram og að ríkara skyldi ganga eftir tekjuframtali, skipaði svo fyrir, að skatturinn skyldi einnig ná til landbúnaðar og sjávarútvegs. Þar með var í rauninni aðhylst sú stefna, sem milliþinganefndin 1907 hafði haldið fram, að láta tekjuskattinn vera almennan og ná til allra tekna, en þar með var líka rofið skattakerfi það, sem lögleitt var 1877. Við það að tekjuskatturinn var látinn ná til landbúnaðar og sjávarútvegs alveg á sama hátt sem til annara atvinnuvega, urðu ábúðar- og lausafjárskatturinn og útflutningsgjaldið sjerskattur, en ekki hlutar af almennum skatti. Þar með er þó ekki sagt, að sjálfsagt sje að fella þá burtu, því að sjerstakar ástæður geta verið til að halda þeim eða einhverjum þeirra sem sjersköttum.

Við athugun þá á skattalöggjöf landsins, sem fram hefur farið samkvæmt ályktum alþingis 1919 hefur það verið tekið til allitarlegrar ihugunar, hvaða afstöðu ætti að taka til tekjuskattsins og þá einkum hvort heldur halda ætti við skattakerfið frá 1877 með nauðsynlegum viðaukum og breytingum á þeim sköttum, sem þar falla undir, eða taka upp almennan tekjuskatt eins og milliþinganefndin frá 1907 stakk upp á og alþingi 1917 samþykti. Hjer er aðallega um þær tvær stefnur að ræða, hvort miða eigi skattinn við framtal og áætlun á tekjum hvers eins eða að meira eða minna leyti við almenn ytri tákn, án rannsóknar á högum einstaklingsins, eins og samkvæmt skattakerfinu frá 1877 að því er snertir landbúnað og sjávarútveg.

Hvor þessara leiða hefur sína kosti. Þegar skatturinn er lagður á eftir ytri táknum (svo sem ábúðarhundruðum, skepnueign, bátaeign, fiskútflutningi o. fl.) er örðugra að komast undan skatti með röngu framtali og menn hafa þá síður ástæðu til að fyrtast yfir að verið sje að hnýsast í einkahagi þeirra, en hinsvegar er þá mjög mikið komið undir, að sá mælikvarði, sem valinn er, sje nærri lagi í sem flestum tilfellum, því að öldungis ómögulegt er að finna neinn mælikvarða, sem ekki sje meira eða minna rangur í ýmsum tilfellum. Það er aftur á móti aðalkosturinn við tekjuskattinn, sem miðaður er beint við tekjur hvers eins, að hann getur betur en nokkur annar skattur lagað sig eftir gjaldþoli einstaklinganna, sem mest er komið undir fjárhæð teknanna. Að svo miklu leyti sem aðrar ástæður skifta máli um gjaldþolið, annaðhvort til að draga úr því eða auka það, má einnig taka tillit til þess í tekjuskattinum t. d. veita ákveðna linum í skatti vegna ákveðinnar ómagabyrðar, eða leggja hærri skatt á þær tekjur, sem stafa af eign heldur en af atvinnu. Með því að gjaldþolið vex meira en hlutfallslega með tekjuhæðinni og háar tekjur þola þá hlutfallslega hærri skatt heldur en lágar, má taka það til greina með því að láta skattgjaldið vera stighækkandi (progressivt). Það er mjög auðvelt í tekjuskatti, sem lagður er á allar hreinar tekjur hvers einstaklings, hvaðan sem þær stafa, en mjög torvelt eða jafnvel ógerningur ef aðeins er miðað við einhver ytri tákn án rannsóknar á tekjum einstaklingsins. Af þessum ásæðum verður tekjuskatturinn, ef hann er í góðu lagi, rjettlátasti skatturinn. Auk þess má með tekjuskatti bæta úr ýmsum annmörkum sem óhjákvæmilega eru samfara öðrum sköttum. Þannig er það viðurkent, að tollarnir koma tiltölulega þyngra niður á lágum tekjum heldur en háum, en úr því má bæta með því, að leggja tiltölulega hærri skatt á hærri tekjurnar. Ennfremur hefir tekjuskatturinn þann kost, að hann fer vaxandi með vaxandi velmegun, án þess að breyta þurfi skattgjaldsákvæðunum.

Af þeim leiðum, sem nefndar hafa verið, virðist miklu meira mæla með því að velja þá, að taka upp almennan tekjuskatt, sem lagður sje á tekjur allra stjetta eftir sömu reglum og miðaður við framtal og áætlun á tekjum hvers skattgreiðanda. Sá skattur hefur líka hvervetna mjög rutt sjer til rúms og jafnvel sumstaðar, þar sem tekjuskattur hefur verið með því sniði, að skattgjaldið miðaðist við ytri tákn, en ekki rannsókn á högum einstaklingsins, eins og t. d. að miklu leyti á Englandi, hefur skatturinn smáfærst í áttina til þess, að verða skattur á tekjum einstaklingsins, því að einungis með því móti hefur verið unt að færa sjer í nyt ýmsa kosti tekjuskattsins, svo sem stighækkun skattgjaldsins og frádrátt fyrir ómagabyrði og lífnaðarlágmarki. En ef sú stefna verður upp tekin, að hafa almennan tekjuskatt á tekjum allra stjetta, þá er full ástæða að taka tekjuskattslögin núverandi til gagngerðrar endurskoðunar, en láta ekki sitja við það eitt, að draga landbúnað og sjávarútveg innundir skattinn eins og gert var á þinginu 1917, enda var sú ráðstöfun til bráðabirgða þar til tekjuskattslögin yrðu tekin til endurskoðunar í heild sinni. Það hefur nú verið gert, og er frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, árangurinn af því. Auk núverandi tekjuskattslaga og frumvarpa milliþinganefndarinnar frá 1907 hefur mest verið bygt á tekjuskattslöggjöf Norðurlanda, einkum Danmerkur.

Í frumvarpi þessu er eignartekjum og atvinnutekjum slegið saman og sami skattur greiddur af hvorumtveggja í stað þess, að hærri skattur er nú greiddur af eignartekjum heldur en af atvinnutekjum, en aftur á móti er jafnhliða tekjuskattinum tekinn upp nýr skattur, eignarskattur af skuldlausri eign, auk fasteignaskatts, sem um ræðir í öðru frumvarpi. Með eignarskattinum verður náð sama markmiði sem með eignartekjuskattinum, að leggja þyngri skatt á eignartekjur heldur en á atvinnutekjur, þar sem þær að öðru jöfnu þola meiri skattbyrði. Er það einfaldara og óbrotnara, að leggja aukaskatt á eignirnar heldur en að greina í sundur, hvað af tekjunum stafar af eign og hvað af atvinnu, sem í mörgum tilfellum er mjög erfitt. Auk þess er með eignarskattinum lagður skattur á eignir, sem engar beinar tekjur gefa af sjer, nema nautnina af eign og notkun þeirra, og eru því vottur um velmegun eigandans. Það virðist ekki frekar ástæða til að hlífa við skatti þeim eignum, sem varið er til ýmiskonar þæginda og munaðar, heldur en þeim, sem varið er til arðberandi fyrirtækja.

Það hefur verið einn aðalgalli á núgildandi tekjuskattslögum, að altof vægt hefur verið gengið eftir því að fá upplýstar tekjur manna. Á þinginu 1917 var gerð dálítil tilraun til að bæta úr þessu, sem ef til vill hefur orðið til nokkurs gagns, en var þó ófullnægjandi þar sem engin viðurlög voru sett við því, að telja ekki fram tekjur sínar. Í þessu frumvarpi hefir því mikil áhersla verið lögð á að tryggja það sem best, að allar tekjur og eignir, sem skatt ber að greiða af, komi fram til skattgjalds. Er öllum skattgreiðendum því gert að skyldu, að gefa skattanefndum svo fullkomnar upplýsingar sem krafist er og þeir geta í tje látið um tekjur sínar og eignir og vanrækslu í því efni látin varða missi kærurjettar yfir skattálagningunni að miklu leyti og skyldu fyrir skattanefnd að hækka skattinn ár frá ári þar til skattgreiðandi kýs að telja fram sjálfur tekjur sínar og eignir. Þetta atriði er í rauninni þýðingarmesta atriðið í öllum tekjuskattslögunum og undir framkvæmd þess er það mikið komið, hvort tekjuskattturinn nær tilgangi sínum, að leggja skatt-

byrðina á borgarana eftir því, hversu færir þeir eru að bera hana. Til þess að þetta lánist vel, þarf bæði töluverðan siðferðisþroska meðal borgaranna og árvekni af hálfu framkvæmdarvaldsins, sem sjer um skattálagninguna, og sjálfsagt má búast við, að hvorutveggja verði nokkuð áfátt allvíða, ekki síst fyrsta kastið. En þótt allmikið kunni að vanta á fullkomnun í þessu efni, einkum í byrjun, þá er þó varla gerandi ráð fyrir, að meiri brögð verði að því hjer heldur en annarstaðar, þar sem framtalsskylda hefur verið tekin upp og þótt yfirleitt gefast vel þrátt fyrir nokkra misbresti. Í Prússlandi hækkaði tekjuskatturinn um 40% þegar framtalsskylda var lögleidd og bæði í Svíþjóð og Noregi komu stórum meiri tekjur fram til skattgjalds eftir að framtalsskylda var lögleidd þar. Það virðist því varla til of mikils ætlast, þótt gert sje ráð fyrir, að framtalsskylda til tekjuskatts með nægilegum viðurlögum leiði til þess, að allmiklu meiri tekjur komi fram til skattgjalds heldur en hingað til og skatturinn hækki því af sjálfu sjer, jafnvel þótt skattprósentan sje ekki hækkuð frá því sem nú er.

Þar sem frumvarpið, að því er framtalsskylduna snertir, er miklu strangara heldur en núgildandi tekjuskattslög, þá er það aftur á móti vægara að því leyti, að það veitir linun í skattinum þeim, sem hafa ómaga fram að færa, auk þess sem það leyfir að draga vexti af öllum skuldum frá tekjunum áður en skattur er á lagður. Með þessu móti er nokkurt tillit tekið til þess, að gjaldþol ómagamanna er minna heldur en ómagalausra, þótt tekjurnar sjeu jafnmiklar og skuldugra minna heldur en skuldlausra.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir hlýða, að gera þessar athugasemdir.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæðin í þessum greinum um skattskyldu einstakra manna eru samhljóðandi núgildandi tekjuskattslögum, nema að í síðari málsgr. 2. gr. hefir verið bætt inn í ákvæði um, að skatti af arði erlendis búsettra manna í innlendum hlutafjelögum eða öðrum fyrirtækjum skuli haldið eftir við greiðslu arðsins. Er það gert til þess að koma í veg fyrir, að tekjur þessar sleppi undan skatti, sem annars er hætt við.

Um 3. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að á fjelögum, sjóðum og stofnunum skuli alment hvíla samskonar skattskylda sem á einstökum mönnum, hvort sem þau eru innlend eða útlend, og hvort sem þau eru hlutafjelög, samvinnufjelög eða í öðru sniði. Þó er sú undantekning gerð um verslunarfjelög og önnur atvinnufjelög með 5 eða færri persónulega ábyrgum þátttakendum, að sleppa megi að leggja skatt á fjelagið sjálft, en leggja hann í þess stað á hina einstöku þátttakendur, ef þeir óska eftir því, og skýra frá afstöðu hvers fyrir sig gagnvart fjelaginu. Flest atvinnufjelög með persónulegri ábyrgð munu geta komist undir þessi ákvæði og virðist ekki ástæða til að hafa heimildina víðtækari og leyfa fjölmennari fjelögum að skifta skattbyrði sinni á þátttakendurna. Ef slíkt fjelag er sett í skatt, fer um það sem einstakan skattgreiðanda. Það má ekki draga frá tekjum sínum kaup eigendanna, nje vexti af fje þeirra, en aftur á móti þurfa þeir þá ekki að telja hjá sjer aðrar tekjur en þær, sem þeir fá

annarsstaðar frá heldur en frá fjelaginu. Í skattalögum Norðmanna eru svipuð ákvæði, nema þar er heimildin til að skifta skattinum viðtækari og nær til fjelaga með 8 þátttakendum eða færri. Að skattskyldu fjelaga verður að öðru leyti nánar vikið síðar.

Um 4. gr.

Undanþágurnar í þessari grein frá öllum tekjuskatti eru í samræmi við núgildandi tekjuskattslög. Bætt hefir verið inn í ákvæði um, að konungur og borðfje hans og ættmanna hans sje undanþegið skatti og er það samkvæmt því, sem alment tíðkast hjá öðrum þjóðum.

Um 5. gr.

Takmörkun sú, sem hjer er gerð á skattskyldu fulltrúa erlendra ríkja er samkvæm alþjóðavenju.

Um 6. gr.

Um stighækkun skattsins hefir verið notuð alveg samskonar regla eins og er í núgildandi tekjuskattslögum. Þessi regla, sem er fólgin í því, að skifta tekjunum í hluta og láta hvern hluta svara mismunandi skatti (Rateskala) er líka bæði einföld og sanngjörn, því að hækkunin verður jöfn, enda er hún farin að ryðja sjer til rúms t. d. í Danmörku, Noregi og Englandi.

Til þess að betra sje að átta sig á skattstiganum og reikna út í fljótu bragði, hve mikill skattur kemur á hvaða tekjuupphæð sem er, eru eigi aðeins talin upp öll tekjubilin og hve hátt hundraðsgjald greiðist af hverju þeirra, heldur er líka talið saman, hve mikill skatturinn er orðinn við byrjun hvers tekjubils, svo að ekki þarf að reikna út annað en skattinn innan bilsins og bæta honum þar við.

Um skattstigann í frumvarpinu skal þess annars getið, að hann er að því leyti frábrugðinn skattstiganum í núgildandi tekjuskatti, að tekjubilin eru miklu færri, því að aðeins er reiknað með heilum prósentum í stað hálfra og tekjubilin fara smámsaman stækkandi eftir því sem tekjurnar verða hærri. Og stighækkunin heldur áfram alt upp að 900 þús. kr. tekjum, í stað þess að nú hættir hún við 29 þús. kr., eða þegar dýrtíðar- og gróðaskattur er meðtalinn, 100 þús. kr.

Hvaða skattupphæðir komi á ýmsar tekjur samkvæmt frv. og samkvæmt núgildandi lögum, sjest á eftirfarandi yfirliti. Til samanburðar er líka sett skattupphæðin samkvæmt tekjuskatti Dana, er gildir fyrir skattárið 1920—21.

Frá tekjunum samkvæmt núgildandi tekjuskatti eru alstaðar dregnar 1000 kr., sem eru skattfrjálsar, því að tekjurnar samkvæmt frv. eru tilfærðar eftir frádrátt á skattfrjálsum upphæðum, sem eru misjafnlega háar, minst 500 kr., en svo því meiri sem ómagabyrði er meiri, svo að yfirleitt mun líklega að meðaltali mega gera ráð fyrir líkum frádrætti sem nú.

	Núver. tekjusk. án dýrt. og gr.sk.	Núver. tekjusk. með dýrt. og gr.sk.	Uppást. frv.	Danski tekjusk. 1920–'21.
500 kr.	5 kr.	—	5 kr.	2 kr.
1000 —	10 —	—	10 —	7 —
2000 —	25 —	—	30 —	27 —
3000 —	45 —	—	60 —	57 —
4000 —	70 —	—	100 —	97 —
5000 —	100 —	—	150 —	142 —
6000 —	135 —	—	210 —	192 —
8000 —	220 —	—	350 —	307 —
10000 —	325 —	—	510 —	447 —
15000 —	675 —	—	960 —	847 —
20000 —	1150 —	—	1460 —	1297 —
30000 —	2470 —	—	2560 —	2297 —
40000 —	3970 —	4185 kr.	3760 —	3397 —
50000 —	5470 —	6120 —	5060 —	4697 —
75000 —	9220 —	11395 —	8560 —	8447 —
100000 —	12970 —	17295 —	12310 —	12697 —
150000 —	20470 —	29795 —	20310 —	22197 —
200000 —	27970 —	42295 —	28810 —	31697 —
300000 —	42970 —	67295 —	46810 —	52697 —
500000 —	72970 —	117295 —	85810 —	94697 —
1000000 —	147770 —	242295 —	200810 —	209697 —

Yfirlit þetta sýnir, að skatturinn samkvæmt frv. er yfirleitt heldur hærri en núverandi tekjuskattur án dýrtíðar- og gróðaskatts. Þegar dýrtíðar- og gróðaskattur er talinn með núverandi tekjuskatti, verður skatturinn samkvæmt frv. töluvert lægri á öllum tekjum yfir 40 þús. kr. Í samanburði við danska tekjuskattinn er skatturinn samkv. frv. allsstaðar heldur hærri alt upp að 100 þús. kr. tekjum, en úr því heldur lægri. Munurinn er þó ekki mjög mikill og skattstiginn svipaður í lögun. Við samanburð á skattinum samkvæmt núgildandi lögum og samkv. frv. er það aðgætandi, að undanfarið hefir skatturinn á hærri tekjunum verið hækkaður margfaldlega, en á hinum lægstu hefir hann verið óbreyttur í 40 ár og mjög lítið hækkaður á meðaltekjum. Með því að skattþarfir ríkissjóðs eru nú orðnar svo miklar, virðist ekki hjá því komist, að hækka nú líka nokkuð skattgjaldið af almennustu tekjunum. Hinsvegar hefir skattgjaldið af hærri tekjunum verið hækkað svo mikið með dýrtíðar- og gróðaskattinum, að varhugavert þykir að halda svo háum skatti til langframa. Dýrtíðar- og gróðaskatturinn er líka bráðabirgðaskattur, sem aðeins átti að gilda til ársloka 1921 og ná í stríðsgróðann, sem heita mátti að sloppið hefði við skatt um nokkur ár. En það er mikill munur á, að leggja svo háan skatt á í bili, þegar svo sjerstaklega er ástatt, eða láta hann vera varanlegan. Og þegar skatturinn er orðinn mjög hár, fer að verða hætt við skattsvikum. Enda þótt skattprósenturnar sjeu ekki hækkaðar meira en gert er ráð fyrir í frv. er búist við að skatturinn reynist töluvert meiri heldur en nú-

verandi tekjuskattur einkum vegna þess, að meiri tekjur komi fram til skatts vegna betra tekjuframtals.

Um 7. gr.

Um skattgjald hlutafjelaga og annara fjelaga með innborguðu stofnfje eða tryggingarfje eru settar aðrar reglur heldur en um skattgjald einstakra manna. Stighækkun skattsins fer vaxandi, ekki eftir því, hve fjárhæð teknanna er mikil, heldur eftir því, hversu hún er mikil í samanburði við hlutafjeð. Hlutafjelag með 500000 kr. hlutafje og 50000 kr. tekjum er ekki betur sett heldur en fjelag með 50000 kr. hlutafje og 5000 kr. tekjum. Í báðum fjelögunum nema tekjurnar 10% af hlutafjenu og það er því rjettmætt, að þau greiði bæði jafnmikinn hluta af tekjum sínum í skatt. En ef skatturinn greiddist samkv. 6. gr. yrði hann 2% af skattskyldum tekjum minna fjelagsins, en rúmlega $8^1/_2$% af tekjum stærra fjelagsins. Úr þessu bæta ákvæði greinarinnar um að láta stighækkun skattsins fara vaxandi með hlutfallslegum arði fjelagsins. Þá reglu hafa bæði Danir og Svíar tekið upp í tekjuskattslög sín, en þar sem Danir reikna arðinn eingöngu í hlutfalli við innborgað hlutafje eða stofnfje, þá reikna Svíar hann í hlutfalli við hlutafje og varasjóð. Annars er stighækkunarreglan hjer önnur en hjá Svíum og Dönum og sama eðlis eins og í 6. gr. (Rateskala).

Til þess að sýna, hver skatturinn verður samkvæmt ákvæðum greinarinnar, skal hjer tekið til dæmis hlutafjelag með 100 þús. kr. hlutafje. Ef skattskyldar tekjur þess (eftir frádrátt á 4% af hlutafjenu, sbr. 13. gr.) nema

2%	eða	2000 kr.	greiðist	5%	eða	100 kr.
5%	—	5000 —	—	8%	—	400 —
10%	—	10000 —	—	$11^1/_2$%	—	1150 —
20%	—	20000 —	—	$15^3/_4$%	—	3150 —
50%	—	50000 —	—	21,3%	—	10650 —
100%	—	100000 —	—	25,65%	—	25650 —

Skattgjald fjelaga, sem ekki hafa neitt innborgað hlutafje eða stofnfje, verður að fara eftir reglunum í 6. gr., og sama máli er að gegna um útlend fjelög, enda þótt hlutafjelög sjeu, því að það væri rangt að miða arðinn, sem hjer kæmi til skatts, við alla hlutafjárupphæð fjelagsins og venjulega mundi mjög erfitt að skera úr, við hve mikinn hluta þess rjettmætt væri að miða. Með því að álíta verður að fjelög, jafnvel þótt þau hafi lágar tekjur, hafi aldrei jafnmikla þörf á linun í skattgjaldi eins og einstaklingar með sömu tekjum, þá er svo ákveðið, að skattgjald þeirra skuli aldrei vera lægra en 5% af skattskyldum tekjum.

Um 8. gr.

Ákvæðin um, hvaða tekjur skuli skattskyldar, eru að mestu hin sömu og í frv. milliþinganefndarinnar frá 1907 og frv. stjórnarinnar 1913. Hjer er þó gerð sú breyting á, að í staflið d. er talið með skattskyldum tekjum arður af allskonar hlutabrjefum, þar sem í frv. þeim, sem nefnd voru, var að eins talið arður af hlutabrjefum þeirra fjelaga, sem eigi greiða skatt hjer á landi. Var sú undantekning gerð vegna þess, að fjelögin voru látin greiða skatt af öllum tekjum sínum, einnig því, sem úthlutað var í arð til fjelagsmanna og var hann því látinn vera skattfrjáls hjá þeim. Þar sem tekjuskatturinn er stig-

hækkandi er slík undantekning á nokkrum hluta teknanna ekki heppileg, því að hún kemur svo misjafnlega fram. Þeir, sem hafa litlar tekjur auk hlutabrjefaarðsins losna að eins við skatt með lágri prósentu, en þeir sem hafa miklar tekjur undir, losna við skatt með hárri prósentu af sömu upphæðinni. Hjer hefir því að dæmi Þjóðverja og Dana verið valin sú leið, að láta menn greiða skatt af öllum tekjum sínum, einnig því sem stafaði af arði af hlutabrjefum, en til þess að slíkur arður verði ekki alt of hart úti í skattgjaldi, ef það greiðist bæði af hluthöfum og fjelaginu sjálfu, þá er fjelögunum leyft að draga frá sem skattfrjálsa upphæð svo sem svarar sparisjóðsvöxtum af hlutafjenu, eða 4%, svo sem ákveðið er í 13. gr. Það er þá að eins af því, sem útborgaður arður fer fram úr þeim vöxtum, sem skattur er tekinn bæði hjá fjelaginu og hluthöfum, og virðist það engin sjerleg harðneskja, þar sem fjelögin vegna fjármagns síns, takmarkaðrar ábyrgðar og af öðrum ástæðum eru betur sett í samkepninni heldur en einstaklingarnir.

Ef menn hafa það að atvinnu að kaupa og selja eignir, verða menn auðvitað að greiða skatt af tekjunum af því, eins og hverjum öðrum atvinnurekstri. En sama er og um einstaka sölu, sem framkvæmd er í gróða skyni. En þar sem oft er erfitt að gera greinarmun á, hvort salan er gerð í gróðaskyni eða ekki, er tekin upp sú regla, að láta skattinn koma niður á sölu allra þeirra eigna, sem seldar eru skömmu eftir að þær eru komnar í eigu seljandans, því að með því móti mundu flestar gróðavonarsölur komast undir skattinn, án þess að gera þyrfti rannsókn á því, hvers eðlis salan væri, en jafnvel þó ekki væri um slíka sölu að ræða, gerði minna til þó skattur væri greiddur þar af, þegar verðhækkunin væri nýtilkomin. Þetta er í samræmi við skattalög Norðmanna og Svía og stjórnarfrv. frá 1913. Tímatakmörkin eru þó sett hjer heldur þrengri heldur en hjá Svíum og Norðmönnum. Hjá Svíum er takmarkið sett 10 ár um fasteignir og 5 ár um lausafje, hjá Norðmönnum 5 ár um allar eignir, en hjer 5 ár um fasteignir og 3 ár um aðrar eignir.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru sett nánari ákvæði um, hvað teljast skattskyldar tekjur fjelaga, sjerstaklega samvinnufjelaga. Um skattskyldu þeirra eru töluvert skiftar skoðanir og hefir allmikið verið deilt um, hvort og þá að hve miklu leyti þau skuli greiða tekjuskatt. Enda þótt samvinnufjelög sje alls góðs makleg, sýnist þó hvorki heppilegt nje nauðsynlegt, að láta þau njóta skattfrelsis á sviðum, þar sem þau standa eins að vígi og einstaklingar eða önnur fjelög. En hitt er aftur á móti vitanlegt, að fyrirkomulag þeirra er sjerstaks eðlis, svo að taka þarf til athugunar, að hve miklu leyti þau eignast tekjur, sem eðlilegt sje að skatta. Í þessu sambandi skal þó að eins athuguð skattskylda þeirra í ríkissjóð, en ekki til bæjar- eða sveitarsjóða, því að þar eru kringumstæður aðrar, ekki síst vegna þess, að fjelagsmenn eru þá einatt ekki persónulega skattskyldir á þeim stað, þar sem fjelagið hefir bækistöð sína.

Til þess að gera sjer grein fyrir þessu máli, þykir hlýða að fara nokkrum orðum um starfsemi samvinnufjelaganna. Þau eru hjer á landi aðallega stofnuð í tvennskonar tilgangi, ýmist til þess að útvega fjelagsmönnum vörur til heimilisþarfa og framleiðslu með sem lægstu verði (hrein kaupfjelög og pöntunarfjelög), eða til þess að auka vöruvöndun og afla fjelagsmönnum

sem hæsts verðs fyrir afurðir framleiðslu sinnar (kaupfjelög, sláturfjelög, smjörbú). Það, sem venjulega eru nefndar árstekjur fjelaganna áður en þær koma til skifta, eru því til komnar þannig:

1. Hagnaður eða arður af viðskiftum fjelagsmanna.
2. Arður af viðskiftum utanfjelagsmanna.
3. Hluttaka samvinnufjelags í arði annars fjelags vegna viðskifta við það.
4. Tekjur af eignum fjelagsmanna, svo sem stofnfje eða innlánsfje,
5. Tekjur af óskiftri eign fjelagsins í húseignum, sjóðum o. s. frv.

Þessum árstekjum er varið þannig:

1. Úthlutun »ágóða« til fjelagsmanna, venjulega eftir viðskiftaveltu hvers eins.
2. Úthlutun arðs af stofnfje eða innlánsfje fjelagsmanna.
3. Lagt í sjóð, sem óskift eign fjelagsins.

Hjer er því um að ræða, hvort ofannefndar 5 tekjulindir fjelaganna sjeu þess eðlis, að á þeim eigi að hvíla tekjuskattur og hvort það breytir eigi máli í þessu sambandi, hvernig þessum árstekjum fjelagsins er varið.

Um 1. Er þá fyrst að gæta að, hvort fjelagið skuli greiða skatt af hagnaði af viðskiftum fjelagsmanna. Sá hagnaður finst í afurðasölufjelögunum, þegar allur kostnaður við sölu og meðferð afurðanna er dreginn frá endanlegu söluverði þeirra. Í vörukaupafjelögunum kemur hagnaðurinn ekki bersýnilega fram, ef selt er með kostnaðarverði, en algengast er nú orðið að selja nokkru hærra verði, en endurgreiða svo um áramót »ágóða« eftir viðskiftaveltu hvers eins. Það er auðsætt, að eigi væri hægt, eftir venjulegum skilningi á tekjuskatti, að skattleggja hjá fjelaginu það hagræði, sem menn hefðu af viðskiftunum, ef það kæmi hvergi fram í einu lagi sem úthlutun, heldur jafnótt og menn keyptu vörurnar eða fengju greitt af fjelaginu söluandvirði afurðanna. En þá virðist heldur eigi rjett að leggja fjelagið í skatt af þeim hluta ársteknanna, sem er úthlutað sem ágóða eftir viðskiftaveltu um áramót, þar sem hjer er í raun og veru aðeins um aðra bókfærsluaðferð að ræða, sem er gerð í því skyni, að fjelagið hafi vaðið fyrir neðan sig, ef koma skyldi óvæntur kostnaður, svo og til þess að stuðla að sparsemi meðal fjelagsmanna með því að safna fyrir þá fje úr viðskiftunum, er greiðist síðar í einu lagi. Kaup og sala hvers fjelagsmanns gagnvart fjelaginu eru eigi um garð gengin fyr en þessi uppbót hefur verið greidd og þessi hluti ársteknа samvinnufjelaga er því ekki eiginlegar »tekjur«, sem fjelagið eigi að greiða skatt af, heldur vörslufje fjelagsmanna. Ekki er heldur hægt að tala um, að fjelagið fái neitt skattfrelsi á þenna hátt, nje að því sje gert höfði hærra í samkepni við einstaklinga eða önnur fjelög, því að ef þar væri líka viðhöfð úthlutun »ágóða« til viðskiftamanna eftir á, eftir viðskiftaveltu, þá gætu einnig þeir einstaklingar eða fjelög dregið slíkan »ágóða« frá tekjum sínum eins og hvern annan verslunarkostnað. Enda er svo gert um »Rabat« sem kaupmenn greiða af vöruverði. Hinsvegar kemur enginn frádráttur hjer til greina hjá samvinnufjelögum, sem svo nefna sig, en úthluta arði eftir öðrum reglum en viðskiftaveltu fjelagsmanna.

Aftur á móti getur vafi leikið á, hvort slíkur úthlutaður »arður« eigi að teljast fram til tekna og skattleggjast hjá fjelagsmanni sem fær hann. Í því efni verður að gera greinarmun á því, hvort sá hagnaður stafi einungis af

viðskiftum til eigin notkunar og neyslu fjelagsmanns og fjölskyldu hans, eða hvort hann stafi af viðskiftum vegna atvinnurekstrar fjelagsmanns. Í fyrra dæminu er eigi um neinar eiginlegar tekjur að ræða, sem hægt sje að skattleggja, heldur aðeins spöruð útgjöld í lægra verði, sem víðar koma fram en hjer og aldrei eru skattlögð, en í síðara dæminu er um lægri atvinnurekstrarkostnað að ræða heldur en annars væri, og verður því að telja þá uppbót fram í rekstrarreikningi atvinnunnar og þannig verður þessi hagnaður skattlagður.

Um 2. Arður samvinnufjelaga af viðskiftum við utanfjelagsmenn er eins og hver annar verslunarhagnaður, sem rjett er að láta fjelagið greiða skatt af, enda mun eigi hafa verið deilt um það atriði neinsstaðar.

Um 3. Um hlutdeild samvinnufjelaga í arði annara fjelaga, svo sem arð þann, sem þau kunna að fá af viðskiftum við innlenda eða erlenda samvinnuheildsala, þá er þar sama máli að gegna sem um arð fjelagsmanna. Að svo miklu leyti sem þessum arði er úthlutað til fjelagsmanna, geta fjelögin eigi verið skattskyld af honum, því að hjer er aðeins um nýja verkaskiftingu að ræða. Heildsala samvinnufjelaganna getur því eigi heldur greitt tekjuskatt af úthlutuðum arði sínum. Úthluti fjelög þau, sem fá hann, honum eigi aftur til fjelagsmanna er aftur á móti sama máli að gegna um þann ágóða, sem aðrar óúthlutaðar og óskiftilegar tekjur fjelaganna.

Um 4. Samvinnufjelögin virðast eigi heldur eiga að greiða skatt af vöxtum af innlánsfje fjelagsmanna, því að það virðist liggja í augum uppi, að slíkir vextir eru eigi eign eða tekjur fjelagsins.

Um stofnfje, sem fjelagsmenn eiga, er aftur á móti öðru máli að gegna. Það virðist vera sama eðlis, sem hlutafje í hlutafjelögum, sem dregur arð án beinnar meðvinnu eiganda. Þar þykir því rjett að láta gilda sömu reglur sem um hlutafjelög, að ef vextir af því fara fram úr 4% þá greiði fjelagið skatt. Fjelagsmaður, sem fær arð af stofnfje, á að sjálfsögðu einnig að skattleggjast af þeim tekjum.

Er ætlast til þess að samvinnufjelögin gefi hlutaðeigandi skattanefndum upp árlega greidda vexti af stofnfje og innlánsfje fjelagsmanna.

Um 5. Loks koma tekjur af óskiftri eign fjelagsins. Hvað þessar tekjur snertir ber að skoða fjelagið sem sjálfstæða persónu að lögum, sama eðlis sem einstaklinga og hlutafjelög, enda falla þær eignir eigi í hlut fjelagsmanna nema fjelagið hætti störfum. Þessar tekjur eru því skattskyldar á sama hátt og ef um hvern annan atvinnurekanda væri að ræða. Sama máli er að gegna um tekjuafgang, sem eigi er úthlutað, heldur lagður við óskifta eign fjelagsins eða yfirfærð til næsta árs.

Í stuttu máli er niðurstaðan sú, að samvinnufjelög skuli ekki skyld að greiða tekjuskatt til ríkisins af þeim hluta ársteknanna, sem úthlutað er til fjelagsmanna, nema þeim vöxtum af stofnfje, sem nema meiru en 4%. Aftur á móti skuli þau greiða skatt af ársteknum, sem ekki koma til skifta. Fjelagsmenn greiði tekjuskatt af úthlutuðum arði frá fjelögunum, hverskyns sem er, nema um sje að ræða arð af vöruviðskiftum til eigin notkunar og neyslu fjelagsmanns sjálfs og fjölskyldu hans, án þess að viðskiftin sjeu gerð vegna atvinnurekstrar.

Til samanburðar skal hjer dálítið vikið að, hvernig skatti samvinnufjelaga er háttað í þeim löndum, sem oss standa næst.

Í Danmörku eru kaupfjelög, sem aðeins úthluta vörum til fjelagsmanna laus við tekjuskatt, en ef þau versla einnig við aðra, verða þau skattskyld af allri starfsemi sinni. Fjelög, sem taka afurðir fjelagsmanna til úrvinslu og sölu (svo sem sláturfjelög, smjörbú o. fl.), greiða aðeins tekjuskatt, ef þau selja vörur sínar úr búð í smásölu og þá aðeins af þeirri sölu.

Í Noregi greiða kaupfjelög, sem aðeins úthluta vörum til fjelagsmanna, tekjuskatt af tekjum, sem fást af eignum fjelagsins, en engan af starfsemi fjelagsins. Og sama máli gegnir um fjelög, sem vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna. Ef kaupfjelag aftur á móti selur vörur öðrum en fjelagsmönnum, greiðir það skatt af tekjum þeim, sem það hefur af þeirri sölu, og ef ekki sjest, hve mikil viðskiftin hafa verið við utanfjelagsmenn, skal áætla hagnað fjelagsmanna við alla starfsemi fjelagsins og greiða skatt þar af.

Í Svíþjóð má samvinnufjelag, sem takmarkar starfsemi sína við fjelagsmenn eina, draga frá tekjum sínum uppbót eða afslátt af keyptum og seldum vörum, ef það er samkvæmt lögum fjelagsins eða fyrir fram ákveðið. En fjelag, sem skiftir við aðra en fjelagsmenn, má ekki draga frá annan afslátt eða uppbót (hvorki til fjelagsmanna nje annara) en sem gefinn er um leið og kaupin fara fram. Skattskylt er alt það, sem lagt er í sjóði eða á annan hátt haldið eftir handa fjelaginu, svo og það, sem greitt er til fjelagsmanna í hlutfalli við fjárframlög þeirra.

Á Englandi hafa kaupfjelög, sem aðeins skifta við fjelagsmenn, verið laus við tekjuskatt að undanteknum stríðsskatti, nema af tekjum af jarðeign. Í nýkomnu nefndaráliti frá konunglegri nefnd, sem skipuð var til að íhuga breytingar og umbætur á tekjuskattinum, hefur meiri hlutinn lagt það til, að afsláttur og uppbætur til fjelagsmanna í hlutfalli við gerð kaup, skuli ekki teljast til tekna samvinnufjelaga, en allar aðrar tekjur skuli teljast arður fjelagsins og vera skattskyldar til tekjuskatts. Minni hlutinn vill aftur á móti ekki láta fjelögin greiða tekjuskatt, en viðurkennir hinsvegar, að rjettmætt sje, að þau sjeu látin greiða atvinnuskatt, ef slíkur skattur sje lagður á fjelög alment.

Um 10. gr.

Þessi grein telur upp ýmislegt, sem ekki verður talið með tekjum, og er það að mestu í samræmi við núgildandi tekjuskattslög, aðeins nákvæmar tiltekið.

Til tekna telst þannig ekki aukning á eignum, sem stafar af verðhækkun á þeim, hvort sem hún kemur í ljós við sölu á eigninni eða við nýja virðingu, nema eignasala sje rekin sem atvinna eða um gróðavonarsölu sje að ræða eða eignin verið skamma stund í eigu seljanda, sbr. það, sem sagt er um 8. gr. Eignaauki af arfi eða útborgun tryggingarfjár telst heldur ekki til tekna, enda greiðist erfðafjárskattur af arfinum og rjett til tryggingarfjárins hafa menn keypt sjer með greiðslu iðgjaldanna. Auk þess er útborgun tryggingarfjár venjulega bundin við það, að menn hafi beðið eitthvert tjón, svo að sá, er fær, er ekki betur settur eftir en áður. Hinsvegar verða menn að greiða því hærri eignarskatt, sem eignirnir aukast eða hækka í verði.

Ákvæðin í stafl. c og d eru hin sömu sem í núgildandi tekjuskattslögum.

Um 11. gr.

Hjer eru sett ákvæði um, hvað draga megi frá brúttótekjum til þess

að finna nettótekjurnar. Er það auðvitað fyrst og fremst eins og nú allur rekstrarkostnaður eða þau útgjöld, sem gengið hafa til að afla teknanna. En þar með er einnig talið það, sem varið er til tryggingar eða nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eign. Annars er ætlast til, að í stjórnarreglugerð verði gefin nánari fyrirmæli um, hvað telja megi til rekstrarkostnaðar. Ákvæðið í stafl. b. að frá embættistekjum megi draga kostnað, sem embættisreksturinn hefir í för með sjer, svo sem skrifstofukostað o. fl. er líka í samræmi við núgildandi lög.

Auk þess sjálfsagða frádráttar, sem getið hefir verið um, er í stafl. c. og d. stungið upp á frádrætti á útgjöldum, sem ekki standa í beinu sambandi við starfsemi gjaldanda, en gera það að verkum, að hann hefir minni tekjur til frjálsra umráða.

Samkvæmt stafl. c. má draga frá tekjunum iðgjöld af lögboðnum persónutryggum. Gjaldandi fær aldrei nein umráð yfir þessum hluta teknanna alveg eins og tekjurnar væru þeim mun lægri. Þegar tryggingin miðar að því, að afla lífeyris, þá er einnig aðgætandi, að skattur greiðist af lífeyrinum og er því fremur ástæða til að láta iðgjöldin vera undanþegin skatti. En sú ástæða leiðir þá til þess, að leyfa frádrátt á iðgjöldum, sem varið er til að kaupa lífeyri, enda þótt skylda sje eigi til þess. Ekki tjáir samt að leyfa frádrátt á hversu miklum iðgjöldum, sem menn kunna að greiða í þessu skyni, og virðist þá eðlilegast, eins og gert var í stjórnarfrv. 1913, að takmarka iðgjöldin, sem draga megi frá, við þá lífeyrisupphæð, sem embættismönnum með sömu tekjum er gert að skyldu að kaupa. Um lífsábyrgð er öðru máli að gegna, því að enginn skattur greiðist af henni við útborgun og eins eru yfirráðin yfir henni ekki eins takmörkuð, því að menn geta selt hana og veðsett. Fyrir því er ekki leyfður frádráttur á iðgjöldum af lífsábyrgð, nema hún sje lögboðin eða komi beinlínis í staðinn fyrir skyldulífeyri. Það er auðvitað, að ekki leyfist að draga frá meiri iðgjöld heldur en greidd hafa verið í raun og veru, og verður því að draga útborgaðan bónus frá iðgjaldaupphæðinni, en ef bónus skyldi einhverntíma verða meiri heldur en ársiðgjöldin, verður mismunurinn skattskyldar tekjur.

Í staflið d. er ákveðið, að draga megi frá tekjum vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem stafa af atvinnurekstri og því falla undir rekstrarkostnað. Það er í samræmi við löggjöf allra Norðurlanda, frv. millíþinganefndar 1907 og frv. stjórnarinnar 1913.

Um 12. gr.

Í frv. skattanefndarinnar frá 1907 er svo ákveðið, að heimilisfeður sje talinn fyrir skatti af tekjum allra þeirra, sem heyra til sömu fjölskyldu, en börnum í foreldrahúsum þó heimilað að telja fram tekjur sínar sjerstaklega, ef þess er óskað. Hjer er aftur á móti sett sú regla, að ef börnin eru fjárráða, skuli þau talin sjálfstæðir skattgreiðendur, en annars skuli tekjur þeirra taldar með tekjum heimilisföður. Virðist það eðlilegast, því að venjulega mun heimilisfaðir ráða yfir tekjum ófjárráða barna, en ekki yfir tekjum hinna eldri.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frádrátt eftir að fundnar eru hinar hreinu tekjur, en áður en skattur er lagður á. Þessi skattfrjálsa upphæð af tekjunum nemur samkvæmt núgildandi lögum 1000 kr. af öllum tekjum. En hjer er farið fram á að láta upphæðina vera misjafnlega háa eftir framfærslubyrði skattgreiðanda, aldrei lægri en 500 kr. hjá ómagalausum mönnum, en þar að auki 200 krónur fyrir hvert barn innan 14 ára og aðra skylduómaga. Miðar þetta ákvæði til þess, að ljetta skattbyrði ómagamanna í samanburði við ómagalausra. Um það má auðvitað deila, hvort þessi frádráttur sje nægilegur, en tilgangurinn er ekki sá, að gera allan framfærslukostnað skattfrjálsan, heldur aðeins hið allra nauðsynlegasta lágmark. Og með hliðsjón af hinum lögákveðnu meðlögum með óskilgetnum börnum virðist upphæðin, sem valin hefir verið, ekki fjarri lagi. Og það fer ekki hjá því, að þetta ákvæði valdi töluverðum mismun á skattabyrði ómagamanna og ómagalausra, einkum í lægstu tekjuflokkunum.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana er einnig leyft að draga 4% af innborguðu hlutafje, með því að arður af hlutabrjefum er skattskyldur hjá eigendum hlutabrjefanna, sbr. það sem sagt hefir verið um 8. gr.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein skal venjulega miða skattinn við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni. En ef skattgreiðandi sýnir fram á, að hann noti annað reikningsár, eða annað rekstrarár er venjulegt í atvinnugrein hans, má þó skattanefnd láta það koma í stað almanaksársins. Í frv. stjórnarinnar 1913 var gert ráð fyrir, að skattur af landbúnaði yrði miðaður við fardagaárið sem yfir stæði, þegar niðurjöfnunin færi fram, en þá yrði að ætlast á um það, sem eftir væri af árinu, og mundi það verða til að gera framtalið enn óábyggilegra en ella. Hjer er því ætlast til, að ætíð sje miðað við það reikningsár (almanaksár, fardagaár eða annað), sem síðast er liðið, þegar niðurjöfnun fer fram. Ef breytt er um reikningsár t. d. hætt að miða við fardagaár og farið að miða við almanaksár, verður auðvitað í fyrsta sinni að reikna tekjurnar frá lokum þess reikningsárs, sem síðast var miðað við.

Um 15. gr.

Eins og tekið er fram í athugasemdunum um frumvarpið í heild sinni, ber að skoða eignarskattinn sem viðaukaskatt við tekjuskattinn, því að tekjuskattur greiðist jafnt af eignartekjum sem atvinnutekjum, en eignarskatturinn er lagður á með hliðsjón af því, að eignartekjur þola að öðru jöfnu hærri skattálögu heldur en atvinnutekjur, en auk þess kemur eignarskatturinn líka niður á eignum, sem ekki gefa beinan arð, annan en notkunina (t. d. innanstokksmunum), eða jafnvel alls engan arð (t. d. ónotuðum lóðum) enda getur eigandi breytt slíkri eign í arðberandi eign.

Þar sem skattur er lagður á allar eignir, jafnt arðberandi sem óarðberandi, jafnt nauðsynlegar sem ónauðsynlegar, þá mælir mikið með því, að nokkur upphæð sje undanskilin sem skattfrjáls, því að annars kæmi skattur-

inn til þess að hvíla á þeim, sem ekki ættu nema nauðsynlegustu húsgögn og fatnað og þyldu trauðlega slíka skattálögu. Að vísu mætti, eins og gert er í Danmörku og Svíþjóð, undanþiggja eignarskatti öll húsgögn og innanstokksmuni og annað lausafje til persónulegrar notkunar gjaldanda eða fjölskyldu hans, en það virðist ekki allskostar heppilegt, því mikið af slíku má einmitt telja hálfgerðan eða algerðan munað, sem mjög vel þyldi skattálögu, og hins vegar gæti eins verið ástæða til að undanskilja t. d. nauðsynlegustu áhöld við landbúnað og sjávarútveg. En þar sem það mundi ævinlega töluvert vafasamt, hvað taka skyldi með og hverju sleppa, hefir hjer verið valin sú leið, að láta ævinlega nokkuð af eignunum vera skattfrjálst, hverskonar sem þær eru. Er hjer gert ráð fyrir, að fyrstu 5000 krónurnar sjeu skattfrjálsar, og með því að slept er minni skattupphæð en 1 krónu, þá byrjar í rauninni skattskylda fyrst við 6000 kr. Með því móti virðist það trygt, að þeir, sem ekki eiga aðrar eignir en þær, sem nauðsynlegar eru hverri fjölskyldu, sleppi alveg við skattinn og aðrir sleppi einnig við skatt af þeim eignum.

Í skattafrumv. milliþinganefndarinnar frá 1907 er stungið uppá, að eignarskattur sje tiltölulega jafnhár af öllum eignum, hvort sem þær eru miklar eða litlar, 2‰. En það virðast sömu ástæður mæla með því að hafa eignarskattinn stígandi eins og tekjuskattinn. Hefir hjer því verið notaður skattstigi svipaður að lögun tekjuskattsstiganum í 6. og 7. gr. (Rateskala). Skatturinn samkvæmt þessari reglu verður að vísu ekki hár, en aðgætandi er, að hjer er aðeins að ræða um viðaukaskatt ofan á tekjuskattinn, sem líka er stígandi.

Um 16. og 17. gr.

Um skattskyldu til eignarskatts og undanþágur frá skattinum eru sömu reglur sem um tekjuskattinn. Sumstaðar eru fjelög undanþegin eignarskatti nema að því leyti, sem eigendur hlutabrjefanna greiða skatt af þeim. Með því móti falla allmiklar eignir undan skatti, sem ekki virðist rjettmætt, og er hjer því gert ráð fyrir, að öll fjelög, sem skattskyld eru til tekjuskatts, greiði einnig eignarskatt af eignum sínum, og með því að þeim er leyft að draga hlutafje sitt frá eignarupphæðinni er girt fyrir, að skatturinn verði tvisvar lagður á sömu eign.

Um 18. gr.

Virðist ekki þurfa frekari skýringa.

Um 19. gr.

Rjettindi þau, sem hjer eru talin, teljast venjulega ekki til eigna, en eru tekin hjer til að taka af allan vafa, að af þeim eigi engan eignarskatt að greiða.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um, hvernig meta skuli eignir til eignarskatts. Nánari reglur setur stjórnarráðið að sjálfsögðu.

Um 21. og 22. gr.

Tilsvarandi ákvæði eins og um tekjuskatt.

Um 23. gr.

Reykjavík er orðin svo stór bær, að þær reglur, sem settar eru um skattaniðurjöfnun annarsstaðar á landinu verða ekki notaðar þar án breytinga, og er því ástæða til að setja sjerstakar reglur um niðurjöfnun í Reykjavík. En með því að heppilegt virðist, að niðurjöfnun á tekjuskatti til ríkisins sje látin vera samfara niðurjöfnun á útsvari eða tekjuskatti til bæjarins, þá virðist eðlilegt, að bæjarstjórninni sje gefinn kostur á, að hafa nokkur áhrif á fyrirkomulag niðurjöfnunarinnar, og fyrir því er gert ráð fyrir, að landsstjórnin semji við bæjarstjórnina um sameiginlega niðurjöfnunar- eða skattanefnd, sem fái þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt við niðurjöfnun ríkisskattsins, en landsstjórnin fái aftur að taka þátt í skipun nefndarinnar. Til þess að breyting þessi geti strax komið til framkvæmdar, er leyft að fyrirskipa hana með konunglegri tilskipun, en þá er ný lög verða gerð um bæjargjöld í Reykjavík, sem vænta má að verði innan skamms, verður tækifæri til að gera lagaákvarðanir um þetta efni.

Um 24.—26. gr.

Aðalbreytingarnar í skipun skattanefnda, sem gerðar eru í þessum greinum, eru þær, að annar hinna kosnu nefndarmanna í undirskattanefndunum skuli valinn af lögreglustjóra sem umboðsmanni landsstjórnarinnar, í stað þess, að báðir eru nú kosnir af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og að yfirskattanefndarmenn skuli valdir af fjármálaráðherra í stað þess að vera kosnir af sýslunefndum. Þar sem hjer er um landsskatt að ræða, virðist eðlilegt, að landsstjórnin eða umboðsmenn hennar ráði meiru um skipun skattanefndanna heldur en sveitar- og hjeraðsstjórnir. Í frv. milliþinganefndarinnar frá 1907 var farið lengra, þar sem ætlast var til, að sveitarstjórnir hefðu engin áhrif á skipun skattanefndanna, en hjer er gert ráð fyrir, að þær kjósi einn mann í skattanefnd. Et svo skyldi þykja henta, að láta sömu nefndina jafna niður sveitarskatti, sem töluvert virðist mæla með, þá þyrfti ekki heldur þessvegna að breyta skipun nefndarinnar.

Það virðist meira samræmi í því, að bæjarfógetar sjeu formenn yfirskattanefnda, eins og sýslumenn, heldur en undirskattanefnda eins og nú á sjer stað, og hefir nú verið svo ákveðið í frv. þessu. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að þar sem er sjerstakur bæjarstjóri, skuli hann vera formaður skattanefndarinnar, en í öðrum kaupstöðum maður, tilnefndur af bæjarfógeta.

Starfstími skattanefndanna hefir hjer verið ákveðinn 6 ár, í stað 3 nú, og er það í samræmi við hið venjulega kjörtímabil við sveitarstjórnarkosningar. Hinsvegar er svo ákveðið, að nefndarmenn skuli ekki fara frá samtímis, heldur einn á hverjum 3 ára fresti, og á það að leiða til meiri festu í nefndinni.

Um 27.—28. gr.

Þar sem skattanefndarmönnum eru falin svo vandamikil störf, sem snerta efnahag hvers borgara, er eðlilegt að gert sje alt, sem unt er, til þess að

tryggja það, að skattanefndarmönnum sje fyllilega ljóst, hve ábyrgðarmikil störf þeirra eru, og hverjar kröfur eru gerðar til þeirra um samviskusemi og óhlutdrægni. Í frv. milliþinganefndarinnar frá 1907 var því stungið uppá, að þeir skyldu vinna eið að starfi sínu. En það virðist fult eins vænlegt til góðs árangurs í þessu efni, að láta þá undirskrifa, um leið og þeir byrja störf sín, drengskaparloforð, þar sem nánar eru tilteknar hinar sjerstöku skyldur þeirra, svo sem þagnarskylda o. fl. Svipuð ákvæði og þetta gilda í Noregi.

Um 29. gr.

Þar sem störf skattanefndarmanna samkvæmt frv. þessu hljóta að aukast töluvert frá því sem nú er, virðist ekki hjá því komist, að greiða nefndarmönnum einhverja þóknun fyrir starf þeirra. Það virðist vera ástæða til að ákveða, að þóknunin til undirskattanefnda greiðist úr sveitarsjóði að nokkru leyti. Einkum virðist það sjálfsagt, ef fyrirkomulagi sveitarskatta yrði breytt þannig, að sömu nefndir jöfnuðu niður ríkisskatti og sveitarskatti. En jafnvel þó svo sje ekki, þá ætti tekjuframtalið, sem fæst við niðurjöfnun ríkisskattsins, að geta orðið til mikillar leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnirnar við niðurjöfnun sveitarútsvara og spara þeim töluvert verk, svo að þetta getur eigi að síður rjettlætt, að greiða skattanefndum einhverja þóknun úr sveitarsjóði. Hjer er stungið uppá, að helmingur sje greiddur úr ríkissjóði, en helmingur úr bæjarsjóði eða hreppssjóði, en hinsvegar þau takmörk sett, að kaup nefndarmanna megi ekki fara yfir 2 eða 4% af skattinum, eins og hann er á hverjum stað. Svipuð ákvæði eru höfð annarsstaðar t. d. í Svíþjóð og miða þau að því tvennu, að hvetja skattanefndir til að safna sem mestum tekjum og veita þeim þóknun, sem ætla má, að nokkurnveginn standi í hlutfalli við vinnu þeirra.

Um 30.—43. gr.

Á núverandi tekjuskatti er sá mikli annmarki, að skattur er ekki lagður á fyr en liðið er nærri heilt ár frá lokum þess árs, sem skatturinn er miðaður við og ekki innheimtur fyr en hálfu öðru ári eftir á eða meira. En á svo löngum tíma getur hagur manna breyst töluvert, svo að skatturinn getur orðið miklu tilfinnanlegri og líka verður innheimtan örðugri og óvissari, því að sumir eru þá fluttir í burtu og getur þá jafnvel nokkuð af skattinum tapast af þeim ástæðum. Til þess að skattaálagningin og innheimtan geti orðið sem allra næst því ári, sem skatturinn er miðaður við, er starfstími skattanefndanna hjer látinn vera fyrri hluta árs, næst eftir lok þess árs, sem skatturinn er miðaður við, og innheimtan um miðbik sama árs, svo að skattgreiðslan verður ekki nema hálfu ári eftir á í stað hálfs annars árs nú. Annars er starfstími skattanefnda hinn sami sem í frumvarpi stjórnarinnar 1913 og frestir jafn langir, en þeir eru þessir:

Fyrir febrúarlok (eða í einstökum tilfellum fyrir 20. mars): Framtal tekna og eigna.

Marsmánuður: Rannsókn á framtalinu og samning skattskrár.

1.—15. apríl: Framlagning skattskrár og kærur yfir henni.

16.—30. apríl: Úrskurður skattanefndar um kærur.

1.—15. maí: Skattskrá send yfirskattanefnd og kærur sendar yfirskattanefnd.

Fyrir mailok á störfum yfirskattanefnda að vera lokið, og skatturinn að innheimtast á manntalsþingum þá þegar á eftir.

Um störf skattanefnda eru hjer ekki tekin nema hin nauðsynlegustu ákvæði, því að hentugra þykir, að fela stjórninni að setja nánari regur þar um (sbr. 51. gr.)

Um 30. gr.

Eins og í frv. stjórnarinnar 1913 er hjer svo ákveðið, að hver gjaldandi sje venjulega aðeins settur í skatt á einum stað, enda þótt hann hafi atvinnurekstur á fleiri stöðum. Þar sem skatturinn er stigandi, verður hann að miðast við persónurnar en ekki atvinnufyrirtækin. Ef sami maður fær að skifta tekjum sínum í marga hluta, verður skattur hans minni, því að hann reiknast þá með lægri prósentu. Undantekningar hjer frá verður þó að gera um þá einstaklinga, sem ekki eru búsettir hjer á landi, en hafa tekjur hjeðan eða eiga hjer eignir. Þá verður að setja í skatt þar sem eignirnar eru eða tekjurnar koma fram. Getur þá komið fyrir, að sami maður verði settur í skatt á fleiri stöðum en einum. En í 7. gr. er svo ákveðið, að skattur slíkra gjaldenda skuli aldrei vera lægri en 5%, svo að venjulega mundi skatturinn ekki lækka þrátt fyrir skiftingu teknanna.

Um 31. gr.

Til þess að tekju- og eignaframtal verði ábyggilegt, nægir ekki að menn gefi upp tekjur sínar og eignir, allar í einni heild, heldur verður að sundurliða þær og skýra frá, hvaðan þær stafi og hverjar þær sjeu, enda verður skattanefndum að eins með því móti unt að hafa verulegar gætur á, hvort framtalið muni vera rjett, eða að meira eða minna leyti rangt eða ófullnægjandi. Annars á stjórnin að gera fyrirmynd að þessum framtalsskýrslum, og má auðvitað breyta þeim eftir því sem reynslan sýnir að heppilegast sje, án þess lagabreytingar þurfi til þess.

Það þykir vera viðurhlutamikið, að minsta kosti fyrst í stað, að heimta skilyrðislaust af öllum, að þeir telji sjálfir fram tekjur sínar og eignir, því að sumir munu varla færir um það, enda mun reikningshald vera harla ófullkomið, eða jafnvel ekkert hjá sumum atvinnurekendum, t. d. við landbúnað. Er því heimilað, að menn geti fengið aðstoð skattanefnda við framtal, en auðvitað verða menn þá að koma fram með allar þær upplýsingar, sem þeir geta í tje látið og framtalið verður bygt á.

Um 32. gr.

Ákvæði greinar þessarar um skyldu embættismanna og annara, er hafa opinber störf á hendi, að láta skattanefndum í tje allar upplýsingar, er þær beiðast og með þurfa, eru samkvæm núgildandi tekjuskattslögum. Svo hefir og verið bætt við skyldu einstakra manna til að skýra frá því kaupi, sem þeir greiða mönnum í þjónustu sinni.

Um 33. gr.

Til þess að knýja menn til þess, að telja sjálfir fram tekjur sínar og eignir, er hjer svo fyrir mælt, að hjá þeim, sem vanrækja að telja fram, skuli skattanefnd hækka tekju- og eignamat frá árinu á undan um 10% að minsta kosti, og tvöfalda hækkunina næsta ár, ef vanræksla um framtal er ítrekuð. Þó þetta þyki ef til vill nokkuð ströng ákvæði, virðast þau samt nauðsynleg, því að ef menn geta búist við að sleppa með minni skatt, með því að láta vera með að telja fram, þá verður framtalsskyldan lítið meira en nafnið, eins og nú á sjer stað. Með þessum ákvæðum er heldur engum gert rangt til, því að þó að menn fyrir þau verði að greiða nokkru hærri skatt en ella, þá er það ekki nema rjettmæt refsing fyrir vanræksluna.

Um 34. gr.

Þó að tekjur manna og skuldir sjeu jafnar, og framfærslubyrði hin sama, þá geta samt ýmsar ástæður valdið því, að getan til að borga skatt sje misjöfn. Það virðist þó ekki tiltækilegt að leyfa skattanefndum að taka tillit til slíkra ástæðna við skattálagninguna, því að þær eru æfinlega álitamál, og hætt við, að það mundi verða til þess að gera skattmatið óáreiðanlegra og óábyggilegra, enda mætti ef til vill óttast, að helst til mikil tilhneiging yrði til að draga úr skattinum með því móti. En þegar alveg sjerstök óhöpp, svo sem slys, veikindi o. fl. ber að höndum, er gera mönnum erfitt að greiða skatt, eins og þeim ber eftir tekjum sínum og eignum, þá er þeim að vísu leyft að sækja um linun eða eftirgjöf á skattgjaldinu, en skattanefndum ekki heimilað að veita það, heldur að eins gera tillögur um það til yfirskattanefnda, sem kveða upp úrskurðinn. Með því móti virðist meiri trygging fyrir, að slík eftirgjöf sje ekki veitt, nema verulegar ástæður mæli með, og að meira samræmi verði á slíkum úrskurðum, enda ber stjórnarráðinu að athuga slíka úrskurði og sjá um, að samræmis verði gætt af yfirskattanefndunum.

Um 35.—36. gr.

Hjer er helst að athuga, að hverjum gjaldanda er heimilað að kæra, eigi aðeins yfir því, að tekjur eða eignir hans sjálfs sjeu ekki rjett taldar, heldur einnig yfir því, að tekjur eða eignir einhvers annars sjeu of lágt taldar eða ótaldar. Það er eðlilegt að gjaldendur hjálpi til þess að koma í veg fyrir of lágt tekju- og eignamat hjá öðrum, því að slæmt framtal getur orðið til þess, að árangur skattsins verði ófullnægjandi, svo að hækka verði skattinn, en það kemur tilfinnanlegast niður á þeim, sem telja rjett fram tekjur sínar og eignir. Þess vegna ætti þeim að vera umhugað um, að aðrir teldu fram allar tekjur sínar og eignir.

Um 37.—38. gr.

Auk þess sem yfirskattanefndir rannsaka kærur og úrskurða þær, er þeim gert að skyldu að endurskoða allar skattskrár og tekju- og eignamat í umdæmi sínu. Er það gert til þess að fá sem best samræmi í mat skattanefndanna og tryggja það, að þær fylgi sömu reglum við störf sín. Ennfremur ætti

það að auka ábyrgðartilfinningu skattanefnda, að þær vita, að þær eiga að standa reikningsskap gerða sinna fyrir yfirskattanefnd.

Um 39.—40. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Um 41. gr.

Úrskurðir yfirskattanefnda verða endanlegir eins og nú, en auðvitað ber þeim að haga sjer í störfum sínum eftir reglum þeim, sem stjórnarráðið setur, og auk þess er það beinlínis tekið fram, að stjórnarráðið eigi að hafa stöðugt eftirlit með störfum þeirra. Er ætlast til, að það verði eigi aðeins fólgið í því, að aðgætt verði, hvort þær hafi í nokkru breytt á móti lögum eða reglugerðum stjórnarráðsins, heldur einnig, hvort samræmi sje í störfum þeirra og úrskurðum allsstaðar á landinu, t. d. hvort allsstaðar sjeu gerðar jafnstrangar kröfur um tekju- og eignaframtal, hvort sömu reglum sje fylgt um tekjufrádrátt o. fl. Til þess að fullvissa sig um það, má stjórnarráðið heimta til sín til yfirskoðunar framtalsskýrslur úr einstökum sveitum eða heilum hjeruðum og krefja skattanefndir sagna um alt það, er skattálagningunni við kemur. Ef það þá verður vart við verulegt ósmræmi í störfum skattanefnda, ber því að gera ráðstafanir til að bæta úr því. Á þetta að nokkru leyti að bæta úr því, að ekki er til nein allsherjaryfirskattanefnd fyrir alt landið, heldur hafa jafnmargar nefndir sem lögsagnarumdæmi eru á landinu, fullnaðarúrskurð um skattmatið. Það verður því varla komist hjá nokkru ósamræmi milli þeirra fyrst í stað, en smámsaman ætti það að geta horfið, ef stjórnarráðið kostar kapps um að ryðja því úr vegi.

Um 42.—43. gr.

Skatturinn verður heimtur inn á manntalsþingum eins og núverandi tekjuskattur, en vegna þess að skattálagningunni verður ekki fyllilega lokið fyr en í maílok, þá mun vera nauðsynlegt, að færa manntalsþingin dálitið fram sumstaðar á landinu, þannig að þau byrji hvergi fyr en um miðjan júnímánuð og verður borið fram sjerstakt frumvarp þar að lútandi.

Það ákvæði, að heimilisráðandi inni af hendi skattinn fyrir heimilismenn sína, er sett til þess að gera innheimtuna auðveldari. En auðvitað á hann kröfu til að fá skattinn endurgoldinn og getur haldið honum eftir af kaupi skattgreiðanda, ef hann er í hans þjónustu.

Um 44.—50. gr.

Hjer er safnað saman refsiákvæðum fyrir ýmisleg brot á lögunum. Eru þau töluvert strangari heldur en nú. Fyrst og fremst liggur sú refsing við því, að vanrækja að telja fram eignir sínar og tekjur, að skattgreiðandi missir rjett til að kæra yfir skattálagningunni, nema hann geti sannað, að skattmatið sje meir en ¼ of hátt og fær þá að eins leiðrjettingu á því, sem oftalið er fram yfir ¼. Þetta ákvæði í sambandi við ákvæðið um, að sífelt skuli hækka skattmatið, ef menn telja ekki fram sjálfir, ætti að verða til þess, að menn sæu hag sinn í því að telja sjálfir fram. Og ef skattanefndir rækja trúlega starf sitt, að rannsaka tekju- og eignaframtal manna, ættu þeir einnig að sjá

hag sinn í að telja rjett fram, því að ef það sannast, að maður telji vísvitandi rangt fram, verður hann að greiða auk þess sem dregið er undan, alt að tífaldri upphæð í sekt, og það jafnvel þótt það komist ekki upp fyr en mörgum árum síðar. Skiftaráðanda er líka gert að skyldu, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni hvers bús, sem nemur meiru en 6000 kr., svo að hún geti af því ráðið, hvort hinn látni hafi talið rjett fram til skatts.

Skattanefndarmönnum og öðrum, sem um framtalsskýrslur fjalla, er bannað að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem þeir verða vísari við starf sitt um efnahag manna. Þetta útilokar auðvitað ekki, að menn gefi allar þær upplýsingar, sem lögin ætlast til, svo sem birti skattskrár, gefi skýrslur til hagstofunnar, sendi fjármáladeildinni framtalsskýrslur o. s. frv.

Um 51.—53. gr.

Það nýmæli er hjer tekið upp, að hækka megi eða lækka tekjuskattinn og eignarskattinn árlega með ákvæði í fjárlögum. Slíkt hefir lengi tíðkast á Englandi um tekjuskattinn þar. Þetta virðist einkar heppilegt til þess að gera mönnum ljóst, að aukin útgjöld ríkissjóðs og auknir skattar fara saman. Sje útgjaldaaukinn tekinn allur með tollum, er mönnum ekki eins ljóst, að skattbyrðin eykst og verður því ekki eins umhugað um að draga úr útgjöldum ríkissjóðs eins og ef þeir finna beinu skattana fara vaxandi. Ákvæðið ætti því að stuðla að sparsemi á landsfje og hollu íhaldi í fjármálum.

8. Frumvarp

til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

(Lagt fyrir Alþingi 1921)

1. gr.

Árið 1922 og upp frá því skulu manntalsþing í hverju lögsagnarumdæmi byrja 14., 15. eða 16. júnídag ár hvert, og skal þeim síðan fram haldið án tafar, eftir því sem staðhættir og önnur embættisverk leyfa og skal þeim lokið hinn 15. júlídag ár hvert, nema sjerstakar ástæður hamli, enda sje þeirra þá getið í þingbókinni, er síðasta manntalsþingið það ár er háð.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 30. mars 1843, viðvíkjandi því tímabili, á hverju manntalsþingin á Íslandi eiga að haldast, opið brjef 18. ágúst 1850, um hvenær manntalsþing skal halda í Norður-Múlasýslu og opið brjef 9. júní 1963, um breytingu á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.

Athugasemdir.

Samkvæmt frv. því, um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt er fyrir Alþingi samhliða þessu frv., er eigi ætlast til að skattaskrár sjeu fullgerðar fyr en í lok maímánaðar, en af þessu leiðir, ef innheimta á tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum hjer eftir eins og hingað til, sem rjettast virðist, að halda verður manntalsþingin nokkru síðar en nú er lögboðið. Fyrir því er hjer stungið uppá, að þau sjeu háð framvegis seinni part júnímánaðar, og ef sá tími endist eigi, þá einnig fyrri part júlí.

Það sjest eigi, að breyting þessi geti talist á neinn hátt varhugaverð, enda lagði stjórnin fyrir Alþingi 1913 frv., sem í öllum aðalatriðum var samhljóða þessu frv., en það frv. fjell burtu þá vegna þess, að tekjuskattsfrv. það, sem það stóð í sambandi við, náði eigi fram að ganga.

9. Frumvarp

til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. kafli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 2 krónur, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 4 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær, er um getur í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 2 krónur.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 8 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 4 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 2 krónur fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 2 krónur.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargerðar eða annara slíkra gerða skal gjalda 1 kr. fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sjerhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 100 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 4 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 1 kr. auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Um rjettargjöld í hæstarjetti fer eftir lögum nr. 22, 6. okt. 1919.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915 um kosningar til alþingis, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til

þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kafli.
Um gjöld fyrir fógetagerðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvbr. 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnnar er beiðst fyrir, eins og hjer segir:

Þegar fjárhæðin er		50 kr.	eða minni	2 kr.	
—	—	— frá 50	— til 100 kr.	4	—
—	—	— — 100	— — 200 kr.	6	—
—	—	— — 200	— — 400 kr.	8	—
—	—	— — 400	— — 600 kr.	10	—
—	—	— — 600	— — 800 kr.	12	—
—	—	— — 800	— —1000 kr.	14	—

og síðan tvær krónur í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 20 krónur; sjeu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eftir 14. gr., þegar fjeð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sje kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni sjerstakra manna, skal gjalda 4 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 10 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka eftir beiðni einstakra manna skal gjalda 4 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eftir lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, 2. gr. og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gjörðina. en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í giafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að tullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

3. kafli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgjörð, skiftabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru, svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau

inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni . . . . . kr. 1,00
— — - frá kr. 100 til 500 . . . . . — 2,00
— — - — — 500 - 1000 . . . . . — 3,00

og sje fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda, sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sje afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sje ártal tiltekið skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 3 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við hæstarjett, skal gjalda 6 kr.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálman finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða um hið áður lesna heftingarbrjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 2 kr., og aldrei meira en 6 kr.; þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabrjefið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 2 kr., og eigi meira en 12 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 3 kr.

Vottorð þau, er stjórn Landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðsúrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglestur úrskurða um sviftingu sjálfræðis eða fjárræðis, nje fyrir aflýsing slíkra úrskurða.

4. kafli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 2% af öllum eigum búsins, án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

Þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr. ... 4 kr.

Sjeu þær meiri en 1000 kr. ... ... 8 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til, að láta skiftaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir, og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu, á móti betri vitund, landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kafli.

Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10,000 kr. ..... $2^1/_2$%
- fjárhæð yfir 10,000 kr. til 20,000 kr. ..... 2 -
- — — 20,000 — — 100,000 — ..... $1^1/_2$ -
- — sem er meiri en 100,000 — ..... 1 -

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verslunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1,000 kr., en af fyrstu 1,000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af fjárhæð frá 1,000 kr. til fullra 2,000 kr. 4%
- — meiri en 2,000 kr. til fullra 5,000 kr. ... 3 -

af fjárhæð meiri en 5,000 kr. til fullra 10,000 kr. ... 2%
" — sem nemur meira en 10,000 kr. ..... 1 -

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðs-auglýsingunum er útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeiganda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 4 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 10 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 20 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur, þegar landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbrjef fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 6 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 10 kr. ef það er meira en 2000 kr. og fer þó eigi fram úr 6,000 kr., en 15 kr. ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aftur fyr en bú-

ið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 10 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 10 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum 14. nóv. 1917 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 26. gr., lögum 28. nóv. 1919 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 24. gr., lögum nr. 75, 22. nóvbr. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 28. gr. lögum 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 28. gr. og lögum 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 27. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kafli.
Um nótarialgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð ..... 4 kr.
— — — meira en 500 kr. alt að 1,000 kr. 6 —

og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund upp í 10,000 kr. og er þá gjaldið 15 kr., enda hækkar ekki úr því.

Gjald þetta skal greiða, ef gerðin hefir verið byrjuð, enda þótt gerðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta. Auk þess greiðir gerðarbeiðandi lögboðið gjald fyrir eftirrit af afsagnargerðinni.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargerðir, svarkröfur, stefnubirting, er notarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gerðir skal gjalda 6 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gerðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 2 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gerðin fer fram á eftir kröfu gerðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það, skal gjalda

1 kr. fyrir hverja örk eða minna, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera.

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þess konar gerningar fyrir notarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það notarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 4 kr.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 20 kr.

7. kafli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 2 kr. fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 8 kr. sje ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir skipstjóraskírteini skal gjalda 20 kr., fyrir stýrimannsskírteini 10 kr. og sveinsbrjef 5 kr.

53. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verslunarbók, skal gjalda 10 kr., en fyrir að löggilda viðskiftabók 1 kr., hvort sem hún er stór eða lítil.

54. gr.

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa, og vöru- og mannflutningaskipa, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest, eða þar yfir, ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á, til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku, og sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skulu greiða 1 kr. gjald af hverri smálest á fyrstu höfn. er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

55. gr.

Fyrir að mæla skip, samkvæmt tilskipun 25. júní 1869, skal gjalda:

a) Þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við höndina eldra mælingarbrjef, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrirmælum..... 40 aura

b) ætíð endrarnær..... .... 20 —

fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 28. nóv. 1919 um skrásetning skipa, skal gjalda 4 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

56. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum, samkvæmt lögum nr. 3, 14. jan. 1876, skal gjalda 40 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

57. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók, skal gjalda 8 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 4 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 43. gr. siglingalaga 30. nóv. 1914, í leiðarbækur skipa.

58. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 25 au. fyrir hvern mann. er lögskráður er eða afskráður.

59. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. jan. 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 25 kr.

60. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vínfanga, sem ræðir um í tolllögum, skal gjalda 4 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í sömu lögum, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki, en á land eru fluttir.

61. gr.

Fyrir að kveðja menn utan rjettar til skoðunar, eða annara slíkra gerða, skal gjalda 1 kr. fyrir hvern þann, er kvaddur er.

62. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamensku eftir lögum nr. 60, 22. nóv. 1907, skal gjalda 4 kr.

63. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband, skal greiða 10 kr., og auk þess 1 kr. fyrir eftirrit af athöfninni.

64. gr.

Fyrir vottorð um, hvaðan vörur sjeu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð, og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verslunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættis nafni skal gjalda 2 kr., að svo miklu leyti sem eigi er í þessum lögum ákveðið sjerstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það, eftir öðrum lögum, á að vera ókeypis.

8. kafli.
Almenn fyrirmæli.

65. gr.

Á öll þau skjöl, sem eitthvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgerðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til ríkissjóðs, alt að 100 kr.

66. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir ríkissjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráðinu, og skal sá, er af þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sjerstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr.

Lög 11. júlí 1911 um aukatekjur landssjóðs og lög nr. 32, 28. nóv. 1919 um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

68. gr.

Lög þess öðlast gildi 1. janúar 1922.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi aukatekjulög voru sett hinn 11. júlí 1911, en síðan hefur gildi peninga lækkað mjög, eða ef rjettara þykir, verð þess, sem fyrir þá fæst stigið. Það er því eigi nema eðlilegt að nauðsyn þyki á að hækka aukatekjur ríkissjóðs eins og aðrar greiðslur í peningum. Aukatekjurnar verður að skoða sem borgun til ríkissjóðs fyrir að ríkið hefur sjerstaka embættismenn (sýslumenn og bæjarfógeta) til þess að sinna ýmsum störfum. Nú er það öllum vitanlegt, að borgun til þessara opinberu starfsmanna hefur hækkað stórum og greiðir ríkið því meira fyrir framkvæmd þessara sömu verka. Eigi sama hlutfall að haldast og áður var, er auðsætt, að borgun fyrir þessi verk verður að hækka að sama skapi og verðgildi peninga hefur minkað. Þessari stefnu þykir þó ekki fært að fylgja út í æsar, því að gjöldin yrðu þá ákaflega há. Síðar mun nokkru nánar vikið að þessu, en hjer skal þess getið, að í hinum gildandi aukatekjulögum hefur eigi þótt ástæða til að breyta verulega öðru en gjaldinu og því, sem leiðir af breyttri löggjöf.

Af þessu leiðir, að engi ástæða er til skýringa um hinar einstöku greinar. en í stuttu máli þykir rjett að geta um höfuðbreytingarnar í aðalköflunum.

Um 1. kafla.

Gjöldin í þessum kafla eru tvöfölduð og hefur ekki þótt fært að fara hærra, jafnvel þótt stimpilgjöldin komi tiltölulega ljett niður á þeim skjölum, sem hjer ræðir um.

Af því að rjettargjöldin við hæstarjett eru alveg nýlega ákveðin, þykir rjettast að láta þau halda sjer og er bætt inn í frv. ákvæði um það, í stað ákvæðanna um rjettargjöld við landsyfirdóminn, er að sjálfsögðu falla burtu

Um 2. kafla.

Gjöld þau, er ræðir um í þessum kafla eru einnig tvöfölduð.

Um 3. kafla.

Þinglestrargjöldin hefur eigi þótt fært að hækka vegna þess, að þau hafa í raun og veru hækkað með hækkuðu verðlagi á fasteignum og auk þess má á það líta, að síðan 1911, er aukatekjulögin voru sett, hefur stimpilgjald verið lögleitt og kemur það einmitt hlutfallslega þungt niður á þinglestrarskjölum. Hinsvegar hefur þótt rjett að hækka nokkuð gjöld fyrir þinglestur þeirra skjala. þar sem gjaldið fer eigi eftir verðhæð skjalsins, eða þar sem ekkert stimpilgjald er greitt, svo sem er um auglýsingar og athugasemdir. Svipað má segja um veðbókarvottorð.

Um 4. kafla.

Skiftagjaldið er stungið uppá að hækka úr $1^1/_2\%$ uppí 2%. Hærra þykir eigi fært að fara, með því að hjer á að mestu hið sama við og áður er sagt um þinglestrargjöldin, að því undanskildu, að stimpilgjald kemur hjer eigi til álita. Gjald fyrir proclama sýnist aftur á móti mega hækka.

Um 5. kafla.

Uppboðsgjaldið er ætlast til að verði hið sama og nú er, því að upphæð þess fylgir dýrtíðinni á svipaðan hátt og þinglestrargjöldin. Önnur gjöld í þessum kafla eru tvöfölduð að undanskildu gjaldinu fyrir uppboðsafsöl, því að um þau kemur svipað til greina og áður er sagt um þinglestur.

Um 6. kafla.

Flest gjöld fyrir notarialgerðir eru tvöfölduð.

Um 7. kafla.

Í þessum kafla er um að ræða svo margar tegundir skjala, að erfitt er að leggja sama mælikvarða á þau. Hækkunin í þessum kafla er því allmjög mismunandi. Tvöfölduð eru t. d. gjöldin fyrir löggilding bóka, skipamælingar, löggilding leiðarbóka og gjöld þau, er ræðir um í 60—64. gr. Gjaldið fyrir sjóferðapróf er hækkað úr 10 í 25 kr. með tilliti til, að ríkissjóður borgar sjódómsmönnum og gjaldið fyrir lögskráning hækkar úr 10 í 25 au. fyrir mann.

Sú breyting í þessum kafla, er mestu máli skiftir, er breytingin á 55. gr. aukatekjulaganna (sem verður 54. gr.), þar sem 52. gr. fellur burtu vegna þess, að löggildingarskrifstofa mælitækja og vogaráhalda hefur tekið við störfum þeim, er þar ræðir um. Eins og kunnugt er var 55. gr. aukatekjulaganna breytt með lögum nr. 32, 28. nóv. 1919 á þann veg, að afgreiðslugjald skipa var fært upp í 1 kr. pr. smálest og innlendum skipum gert að skyldu að greiða þetta gjald einu sinni á ári. Nú er gert ráð fyrir nýjum skatti (lestagjaldi) á íslensk skip og getur þessi grein því eigi náð til þeirra, nema þau sjeu í millilandasiglingum. Að öðru leyti er gengið út frá, að þessi gr. sje eins og Alþingi 1919 vildi vera láta.

Um 8. kafla.

Þykir ei þurfa neinna athugasemda.

Aukatekjurnar voru um 120 þús. kr. á árinu 1919 og ef gera má ráð fyrir að þessar tekjur verði svipaðar í framtíðinni, er mjög varlega áætlað, að skattur þessi gefi 150 þús. kr. á ári með þeirri hækkun, sem hjer er ráðgerð.

10. Frumvarp

til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr. greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu eða í skipum, sem stunda síldveiðar í landhelgi, þótt síldin sje eigi flutt í land. Ennfremur nær gjaldið til síldar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er $^1/_2$ eða meira, telst heil tolleining en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þarsem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu eftir því, sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—5000 kr. nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu

efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng en ella ríkissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

Athugasemdir.

Því mun naumast verða neitað, að útflutningsgjaldi af framleiðsluvörum landsins er þann veg farið, að það fremur dregur úr framleiðslunni en örvar hana og það því fremur, sem gjaldið er hærra. Á þeim tímum, sem nú standa yfir, ríður oss sjerstaklega á því að takmarka innflutning og auka framleiðsluna, hvorttveggja til þess að greiða fyrir viðskiftum vorum við útlönd, sem eins og stendur valda mestum erfiðleikum. En auk þess er á það að líta, að aukin framleiðsla veldur því, að vjer komumst af með minni innfluttar vörur. Það er því auðsætt, að leggja ber mikla alúð við aukning framleiðslunnar og verður því einnig að forðast hvern stein í hennar götu, eftir því sem við verður komið, sjerstaklega eins og nú stendur, er segja má með rjettu, að atvinnuvegir landsins eigi mjög í vök að verjast vegna dýrtíðar og erfiðs árferðis.

Með þetta fyrir augum varð það ofan á við endurskoðun skattalöggjafarinnar, að reyna að losna sem mest við útflutningsgjöld, einkum nú fyrstu árin meðan afleiðingar heimsstyrjaldarinnar eru tilfinnanlegastar og helst til langframa, en um þetta verða þó þarfir ríkissjóðs að ráða mjög, og er erfitt að spá um þær langt fram í tímann.

Það, sem tekið er fram hjer að ofan virðist þó eigi leiða til þess, að ástæða sje til að afnema útflutningsgjaldið af síld, bæði af því að hún er eigi enn neysluvara hjer innanlands og einkum af því, að hin síðustu ár virðast hafa sýnt það, að erlendur markaður fyrir síld er alltakmarkaður. Það er því naumast eins mikil ástæða til að leggja kapp á að auka framleiðslu hennar og það því síður sem síldveiðin hefir reynst mjög misbrestasöm og oft valdið miklum skaða, þótt stundum hafi verið mikið í aðra hönd. Enn má og á það líta, að síldveiðar draga mjög vinnukraftinn frá hinum atvinnuvegunum, einkum landbúnaðinum, og þegar síldveiðarnar ganga tregt, veldur það miklu tjóni. Þá ber og að geta þess, að útflutningsgjaldið af síld er sá skattur, sem útlendingar greiða hlutfallslega mest af allra hjerlendra skatta og að síldveiðarnar eru reknar svo skamman tíma af árinu, að þær geta naumast talist aðalatvinnuvegur.

Hið framangreinda virðist eindregið benda í þá átt, að rjett sje að

halda útflutningsgjaldinu af síld, enda gengur frv. þetta í þá átt. Auk þess er stungið uppá að útflutningsgjald sje á fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum til þess að stuðla fremur að því að slíkar vörur sjeu eigi fluttar út, því að þeirra er einatt mikil þörf hjer á landi. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að gjaldið af þessum vörum auki tekjur ríkisjóðsins svo að neinu muni.

Það er eigi hátt áætlað að gera ráð fyrir að síldveiðin á ári nemi freklega 100000 tunnum og ættu þá tekjur ríkissjóðs að nema að meðaltali um 300000 kr. af útflutningsgjaldinu.

Um hinar einstöku gr. þykir einungis ástæða til að taka það fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Frv. gerir ráð fyrir sama gjaldi á hverri síldartunnu og samþykt var á Alþingi 1919. Gjaldið af fóðurmjöli og fóðurkökum er stungið uppá að sje hækkað úr 1 kr. í 1 kr. 50 au. pr. 100 kg. og gjaldið af áburðarefnum úr 30 í 50 au. pr. 100 kg.

Um 2. gr.

Tilgangur þessarar gr. er að reyna að fyrirbyggja það, að landhelgi vor sje notuð til veiðanna, án þess að útflutningsgjaldið sje greitt. Er ætlast til að þetta nái jafnt til útlendra og innlendra manna.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þessi gr. er svipuð gildandi ákvæðum. Það er aðeins tekið skýrar fram, að gjaldið skuli greitt þar sem varan er tekin, svo að það sje ljóst, að þegar sama skip er fermt á mörgum stöðum, ber á hverjum stað að greiða gjaldið af því, sem þar er tekið.

Um 5. gr.

Þessi gr. er einnig svipuð gildandi ákvæðum að því undanskildu, að hjer er það tekið fram berum orðum, hvernig að skuli farið ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út um farm, og skyldan til að gefa upplýsingar um farminn látin ná til sendanda, skipstjóra og afgreiðslumanns.

Um 6.—7. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 8. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum eru hækkaðar upp í 5000 kr. en annars er innihald gr. líkt og gildandi lög.

Um 9.—10. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

II. Frumvarp

til laga um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig hversu haga skuli sölu á þeim. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2% af andvirði merkjanna.

Stjórnarráðinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki eða stimpilmerkjum og má nota hann í stað merkjanna.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið er eigi deilanlegt með 5 færist það niður í næstu tölu, sem deila má á þenna hátt, þó þannig, að gjaldið má aldrei minna vera en 10 au.
b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.
c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innanvið 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er ákveðin um æfitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu tíföldu.

Ef árgjald er mismunandi skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld,

sem út eru gefin í hinu íslenska konungsríki, þegar annaðhvort að minsta kosti einn aðilja á þar heimili, eða skjalið hljóðar um verðmæti hjer í ríkinu, rjettindi yfir þeim, eða rjettindi eða skyldur fyrir einstaklinga, fjelög eða stofnanir, sem eiga heimili hjer á landi.

Skjal telst gefið út hjer í ríkinu, ef annar eða einhver aðilja hefir undrritað það hjer.

5. gr.

Þau skjöl, sem hjer greinir eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hjer eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja rjettindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sje að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hjer.
3. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur verðbrjef, sem ætluð eru til að ganga manna í milli, ef þau eru gefin út af fjelögum eða stofnunum, sem eiga heimili hjer á landi.
4. Útlend hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík skjöl, sem flutt eru hingað annaðhvort sem eign manna eða fjelaga, sem hjer eiga heimili eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Víxlar og ávisanir ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir rjettindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og nótarialgerðum, er skapa rjettindi eða skyldur, sem eigi hefir áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og rjettinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiru en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt nema öðruvísi sje ákveðið sjerstaklega.

9. gr.

Aletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breyting á verði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þesshátar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletr-

unina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10 gr.

Ef skjal stofnar til rjettinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II.

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist annaðhvort með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorutveggja.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hjer á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir sje liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sje fyr og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands og skal sá, er stimpla lætur votta á skjalið hvenær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þenna, ef sjerstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn eru skyldir til að stimpla án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Auk þess eru lögreglustjórar og hreppstjórar skyldir til að stimpla skjöl fyrir almenning gegn 25 au. þóknun fyrir hvert skjal. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla án sjerstaks gjalds skjöl þau, er um þeirra hendur fara. Nánari reglur í þessu efni getur stjórnarráðið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt fjelögum, stofnunum og einstökum mönnum, er þar til teljast sjerstaklega hæfir, rjett til þess, gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Ennfremur getur stjórnarráðið ákveðið, ef nauðsynlegt þykir, að einstakar tegundir skjala megi hver einstakur stimpla.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef hann er óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem limd hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en stjórnarráðið hefir heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það rjettarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefir af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er, þó eigi nema það sje að minsta kosti 5 kr.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því að eins fram fara, að beiðni um þær hafi borist stjórnarráðinu áður en 2 ár sje liðin frá útgáfu þess, eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf, eða staðfest eftirrit af þeim, skulu jafnan send stjórnarráðinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sje ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Ennfremur fellur krafa til stimpilgjalds burtu, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 55. gr. þessara laga, hefir orðið áskynja um brotið, áður sá tími sje liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III.

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 1% af verðhæðinni, skal stimpla afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiftabrjef, gjafabrjef og próventusamninga. Ennfremur erfðafestubrjef, ef þau veita rjett til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annara, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr skiftabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, fjelaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskifti að fasteign eða skipi, eða eru til sönnunar eignarheimild, stimplast sem afsöl.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbrjef fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbrjef til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbrjef er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetning hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbrjef fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, þá heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum verða stimpilskyld við þinglestur eða skrásetningu, þótt þau sjeu gefin út áður en lög þessi öðlast gildi, ef þau eru eigi áður stimpluð.

23. gr.

Heimildarskjöl um veiðirjettindi, skjöl, sem leggja ítök, iskyldur og kvaðir á annara eign, stimplast með 1%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara rjettinda eru stimpilskyld, eftir sömu reglum.

24. gr.

Hlutabrjef, sem gefin eru út af fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, stimplast með 1%, ef þau hljóða á handhafa, en með $^2/_3$%, ef þau hljóða á nafn. Framsöl á handhafabrjefum eru stimpilfrjáls, en framsöl hlutabrjefa, sem hljóða á nafn, stimplast með 1‰ af upphæð brjefsins, og má eigi framselja þau til handhafa, nema þau sjeu stimpluð sem handhafabrjef.

Ef hlutabrjef, sem hljóða á nafn, eru í byrjun stimpluð sem handhafabrjef, eru framsöl þeirra stimpilfrjáls.

Framsöl hlutabrjefa, sem gefin hafa verið út áður en lög þessi öðlast gildi, stimplast með 3‰, ef þau hljóða á handhafa, eða eru framseld til handhafa, en ella með 1‰. Ef slík hlutabrjef eru í eitt skifti stimpluð með 5‰, eru þau eftir það stimpilfrjáls, þótt framseld sjeu.

25. gr.

Ef hlutabrjef hljóðar eigi um ákveðna fjárhæð, heldur um hluta af stofnfjenu, skal í brjefinu getið þeirrar fjárhæðar, sem telja verður að hlutabrjefið sje vert, og ákveða stimpilgjaldið eftir því.

26. gr.

Hlutabrjef í fjelögum, með breytilegri fjelagatölu, eða breytilegum

höfuðstól, stimplast eins og segir í 24. gr., þótt fjelagsmenn sjeu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutabrjef persónulega óábyrgra manna í fjelagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

27. gr.

Fjelagssamningar stimplast með $^1/_2$% af því fje, sem í fjelagið er lagt, ef persónuleg ábyrgð er fyrir fjenu, ella er samningurinn stimpilfrjáls, með þeirri undantekningu, sem í 26. gr. segir.

28. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað fjelagi, skal jafnan greiða gjald það er ræðir um í 17. gr. hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum fjelagsins eða eigi, og hvort sem afsalið er sjerstakt eða í fjelagssamningi eða öðrum samningi.

29. gr.

Nú hljóðar fjelagssamningur eigi um nein fjárframlög og skal þá stimpla hann með 10 kr.

Nú leggur fjelagi fram persónulega vinnu, en annar peninga og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu og því lægsta ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur fjelagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu og skal þá stimpla samninginn með 10 kr. auk gjalds af fjárframlaginu eftir fyrirkomulagi fjelagsskaparins.

30. gr.

Framsöl einstakra meðlima á rjettindum sínum í fjelaginu eru stimpilskyld, ef fjelagssamningurinn var stimpilskyldur en ella eigi.

31. gr.

Skuldabrjef og tryggingarbrjef stimplast með 3‰ ef skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð, en annars með 1‰ og telst brot úr þúsundi heilt þúsund ef brjefið er yfir 1000 kr.

Skuldabrjef, sem ekki nema meiru en 200 kr. eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engi trygging er sett.

32 gr.

Ef veðrjettur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

33. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju brjefi (novatio) eða skuld er færð yfir á annars manns nafn (delegatio) greiðist helmingur gjalds þess, er í 31. gr. segir.

34. gr.

Framsal á skuld stimplast eftir reglunum í 31. gr.

35. gr.

Víxlar og allar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir:

200 kr. eða minna með	.....	20 au.
Frá 200— 400 kr. með	.....	40 -
— 400— 600 — —	....	60 —
— 600— 800 — —	.....	80 —
— 800—1000 — --	....	1 kr.

Ef fjárhæðin er hærri skal stimpla skjöl þessi með 1 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill. Tjekkávísanir, sem greiddar eru eftir að rjettur til greiðslu þeirra hjá útgefanda og framseljendum er horfinn, eru stimpilskyldar sem aðrar ávísanir.

36. gr.

Nú hljóðar víxill eða ávísun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

37. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í víxli, stimplast hann eins og veðtrygt skuldabrjef.

Framsöl á víxlum og ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabrjef.

38. gr.

Lífsábyrgðarskírteini stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni. Iðgjaldakvittanir stimplast með ½% af iðgjaldinu.

Brunaábyrgðarskírteini stimplast með 25 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Sjóvátryggingarskírteini stimplast með 10 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein greiðist hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sjerstakt skírteini sje gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er ef tryggingarsamningur er gerður með brjefaskiftum, innritun í viðskiftabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans. Iðgjaldskvittanir stimplast um leið og þær eru afhentar hinum tryggða eða umboðsmönnum þeirra og skiftir ekki máli hvort vátryggingin er yngri eða eldri en lög þessi.

Stjórnarráðið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefir og heimild til að gera samninga við vátryggingarfjelög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum t. d. við áramót gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er stjórnarráðið telur nægja.

Stjórnarráðið hefir ennfremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sjerstök ástæða þykir til.

39. gr.

Allskonar virðingargerðir, til hvers sem þær eru ætlaðar, stimplast með

10 au. af hverju þúsundi virðingarverðsins eða hluta úr þúsundi. Þetta nær þó eigi til virðinga þeirra, sem ríkið lætur framkvæma.

40. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 25 au. af hverju hundraði, eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubrjef, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkv. þessari gr.

41. gr.

Samningar um kaup og sölu á lausafje stimplast með 2‰ af hinu áskilda andvirði. Sama gjald greiðist ef skift er á lausafje, enda sje í slíkum samningum getið verðmætis.

42. gr.

Verksamningar (Entreprise) stimplast með 1‰ af hinu áskilda verkkaupi.

43. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar stimplast með 5 kr., en kaupmálar sem gerðir eru síðar með ½% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera sjereign annars hjónanna.

44. gr.

Eftirnefnd skjöl skal stimpla með föstu gjaldi:

a. Yfirlýsingar, sem eru þinglesnar eða skrásettar, með 1 kr., ef þær falla eigi undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
b. Útdrættir, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum með 50 au.
c. Nótarialvottorð og afrit eða útdrættir af nótarialgerðum með 50 au.
d. Dómsgerðir eða rjettargerðir in forma frá undirrjetti með 2 kr. en frá hæstarjetti með 5 kr. Þingsvitni með 1 kr., að undanteknum þingsvitnum um slys eða verðlaun fyrir björgun frá druknun.
e. Kvaðning utan rjettar með 1 kr.
f. Tilkynning til innritunar í verslunarskrá með 20 kr. Tilkynning um prókúru stimplast þó aðeins með 5 kr., ef sjerstök er. Tilkynning um að firma sje hætt stimplast með 5 kr. en afturköllun prókúru með 2 kr. Breytingar á skrásettum tilkynningum stimplast annars með 5 kr.
g. Beiðni um skrásetning vörumerkis með 20 kr. en beiðni um endurnýjun með 10 kr.
h. Borgarabrjef til heildsöluverslunar með 500 kr., en borgarabrjef til smásöluverslunar með 100 kr.

i. Leyfisbrjef farandsala og umboðssala með 300 kr.
j. Skipstjóraskírteini með 10 kr.
k. Stýrimannsskírteini með 5 kr.
l. Vjelstjóraskírteini með 5 kr.
m. Sveinsbrjef með 4 kr.
n. Einkaleyfisbrjef með 100 kr. og undanþágur frá skilyrðum í slíkum brjefum 50 kr.
o. Önnur leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa út með 10 kr.
p. Veitingabrjef fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins:

1)	ef árslaun eru undir 1000 kr.		með	2 kr.
2)	- —	— frá 1000—2000 kr.	með	4 —
3)	- —	— — 2000—3000 —	—	8 —
4)	- —	— — 3000—4000 —	—	12 —
5)	- —	— — 4000 kr. eða meira		20 —

q. Skírteini um embættispróf við háskólann með 20 kr.
r. Önnur prófskírteini með 10 kr., ef út eru gefin af skólum ríkisins, skólum er ríkissjóður styrkir eða prófnefndum, er stjórnarvöld tilnefna að nokkru eða öllu leyti.
s. Löggiltar verslunarbækur með 5 kr.
t. Erfðaskrár, skjöl um dánargjafir og gjafarfa með 5 kr.
u. Skoðunargerðir og virðingargerðir, sem ekki eru um neina ákveðna fjárhæð, með 2 kr.
v. Mælingarbrjef skipa frá 12—30 smál. með 1 kr., frá 30—100 smál. með 2 kr. en stærri skipa með 5 kr.
x. Sparisjóðsbækur (innlánsbækur) stofnana, er ávaxta fje, svo og innlánsskírteini með 1 kr. Bækur sem áður hafa verið gefnar út, stimplast í fyrsta, skifti er þær eru sýndar til innfærslu vaxta eða innlags eða til úttektar, eftir að lög þessi öðlast gildi.

V.
Ýms ákvæði.

45. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það er stimpilfrelsinu veldur, sje löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum eigi undir 5 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hversvegna það sje stimpilfrjálst.

46. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað hversu aðalskjalið er stimplað og varðar sektum, eigi undir 5 kr., ef útaf er brugðið og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef staðfest eftirrit er, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

47. gr.

Skjöl, sem framsöl á eru stimpilskyld, má eigi gefa út til handhafa, eða framselja handhafa, og varðar sektum, ef út af er brugðið, eigi undir 10 kr. fyrir hvert skjal.

48. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinu tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantanda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

49. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annara, ábyrgð á rjettri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektaábyrgð með því, að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf ennfremur til þess að losna við sektaábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefir sjer stað á lögum þessum.

50. gr.

Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skifta, við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

51. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

52. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 49. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

53. gr.

Hver sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem stjórnarráðið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 266. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

54. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkisjóð. og ber að innheimta

þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

55. gr.

Fyrstu 10 árin eftir að lög þessi öðlast gildi, er stjórnarráðinu heimilt að lækka sektir allar, samkvæmt lögum þessum, og jafnvel láta þær falla alveg burtu, ef sjerstakar kringumstæður mæla með.

56. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiftaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi sjeu haldin, með því að athuga skjöl þau. sem þeir, starfs síns vegna, eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annara en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og ennfremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rjetti, eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið hvernig frumritið er stimplað.

57. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga, um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sje eða álita verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

58. gr.

Íslands banki heldur stimpilfrelsi því, er hann hefir að lögum, og Landsbanki Íslands öðlast sömu ívilnanir. Bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans eru stimpilfrjáls.

Þar sem ekki er annað ákveðið sjerstaklega, sker stjórnarráðið úr, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum, er snerta hann.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Athugasemdir.

Hin núgildandi stimpilgjaldslög eru eins og kunnugt er frá 12. ágúst 1918, og eru það fyrstu stimpilgjaldslög, sem sett hafa verið hjer á landi, en þau falla úr gildi í árslok 1921. Það er talið að stimpilgjald hafi fyrst verið notað á Spáni, og ruddi það sjer tiltölulega fljótt til rúms, og á 17. öld er það orðið talsvert algengt í Norðurálfunni. Hjer kom það eigi í lög fyr en árið 1918, eins og þegar hefir verið um getið, en skattanefnd sú, sem skipuð var með konungsúrskurði 2. des. 1907 samdi og lagði fyrir stjórnina frv. til laga um stimpilgjald, og það er þetta frv., sem er grundvöllurinn undir hinum núgildandi stimpilgjaldslögum, þótt eigi óverulegar breytingar væru á því gerðar, enda var frv. tekið upp á hverju þinginu eftir öðru, en dagaði uppi þar til 1918.

Með því að stimpilgjald var nær því óþekt hjer á landi 1918, var það ráð tekið, að stimpilskylda eigi önnur skjöl en þau, sem þinglesin væru, eða á einhvern hátt afgreidd af opinberum starfsmönnum eða lánsstofnunum, til þess að sjá, hvernig landsmönnum fjelli gjald þetta, og til þess að leggja ekki á almenna skyldu til stimplunar skjala yfirleitt, meðan notkun stimpilmerkja mátti telja alveg óþekt öllum þorra landsmanna.

Þetta rjettlætti það ósamræmi, sem óneitanlega er í því, að t. d. víxill, sem banki kaupir er stimpilskyldur, en víxill, sem einstakur maður kaupir, er ekki stimpilskyldur. En þegar í umræðum um frv. um stimpilgjaldið 1918, var bent á þetta, og af sumum talið fráleitt fyrirkomulag. Og vitaskuld er það, að til langframa getur varla verið um þessa aðferð að ræða, og nú, þegar segja má, að töluverð reynsla sje komin á stimpilgjaldið hjer á landi, og þegar endurskoðun skattalöggjafarinnar í heild stendur fyrir dyrum, má segja, að nokkurn veginn sjálfsagt sje að sníða nú stimpillöggjöfina íslensku eftir því, sem hún er í þeim löndum, er líkasta löggjöf hafa og vjer, en það eru Norðurlönd, eins og kunnugt er. Og það virðist því sjálfsagðara að færa nú einnig stimpilskylduna yfir á ákveðna flokka skjala, án tillits til hvað við þau er gert, eða hver afgreiðir þau, sem ekki hefir heyrst síðan stimpilgjaldslögin komu í gildi, að lög þessi eða gjaldið væri óvinsælt, því að það er jafnan mikill kostur á skatti, að hann sje ekki óvinsæll. Í samræmi við þetta er hið framanskráða frv. bygt á því, að skjal sje stimpilskylt, án tillits til, hvort það er þinglesið, selt í banka, afgreitt af valdsmanni eða ekki. Má ætla, að þessu verði eigi illa tekið, eins og nú er komið málum, enda ætti að mega vænta nokkurs tekjuauka af þessu.

Stimpilgjaldið er víða notað, ekki einungis til þess að ná gjaldi af verðbrjefum og ýmsum skjölum, heldur einnig sem handhægt meðal til að ná inn tollum og ýmsum sköttum, einkum af munaðarvörum. En algengast er þó, að telja og láta stimpilgjaldið vera gjald af viðskiftum manna á meðal, viðskiftum, sem eru svo áríðandi, að þau eru rituð í sönnunarskyni, og innan þeirra vjebanda er frv, það, er hjer liggur fyrir.

Á árinu 1919 nam stimpilgjald hjer á landi rúmlega 1 milj. kr., en með því að frv. þetta gerir eigi ráð fyrir gjaldi af farmskirteinum um útfluttar vörur, lækkar gjald þetta mjög, en eigi verður með vissu sagt hversu mikið,

þar sem skýrslur vantar um verð hinna útfluttu vara það ár, en með viðbótum þeim, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, virðist alls eigi hátt, að áætla tekjur af frv. þessu $^1/_2$ milj. á ári.

Um hinar einstöku greinar frv. skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Þessi grein er að eins um hina almennu skyldu til stimplunar, og sýnist ekki þurfa skýringar.

Um 2. gr.

Innihald þessarar greinar er í samræmi við núgildandi ákvæði. Það skal tekið fram, að eigi hefir enn verið gerður pappír með áletruðum stimpilmerkjum, og óvíst að svo verði fyrst um sinn, en rjett þykir að halda heimildinni. Gjaldið fyrir umsjón með stimplun er hið sama og nú er. Þykir eigi fært að fella það niður, þar sem heimtað mun verða af þeim, er við stimplun fást, að þeir beri ábyrgð á merkjunum, og skili fullu gjaldi fyrir þau, þótt eitthvað af þeim kunni að glatast.

Um 3. gr.

Er eins og núgildandi reglur, að því undanskildu, að hjer er það tekið skýlaust fram, að hin stimpilskylda fjárhæð sje tilgreind í skjalinu.

Um 4. gr.

Eftir þeim grundvelli, sem hin gildandi stimpilgjaldslög eru bygð á, var eigi ástæða til sjerstakra ákvæða um, hvaða skjöl væru stimpilskyld, eftir útgáfustað þeirra, en eins og frv. þetta er sniðið, er brýn þörf á þessu, og er sú regla tekin hjer upp, að stimpilskylda nái til allra skjala, sem út eru gefin hjer á landi, þó þannig, að ef hvorki einn eða annar aðilja er hjer búsettur, eða skjalið nær ekki til verðmæta hjer á landi, er það stimpilfrjálst. Þetta er í samræmi við þær reglur, sem gilda í Danmörku, og stimpilskyldur verður þannig ekki t. d. samningur, þótt gerður sje á Íslandi, milli útlendinga, um sölu og kaup á erlendri fasteign; eða samningar milli hjerlends og útlends manns, um sölu á íslenskum afurðum, ef skjalið er ekki gefið út hjer á landi.

Um 5. gr.

Eftir hlutarins eðli verður það að vera aðalreglan, að skjöl, sem út eru gefin erlendis sjeu stimpilfrjáls, en undantekningu verður að gera um ýms skjöl, er sanngirni mælir með, að sjeu stimpilskyld án tillits til útgáfustaðar. Þannig verður að fyrirbyggja það, að hjerlendir menn geti með því að fara úr landi skotið undan stimplun skjölum, sem eftir eðli sínu eru að mestu eða öllu leyti bundin við verðmæti eða stofnanir hjer á landi. Þau skjöl, sem ræðir um í þessari grein, eru þessa eðlis og virðist greinin ekki þarfnast frekari skýringar.

Um 6. gr.

Það er eigi ótítt, að skjal nefnir sig annað en það er í raun veru, t. d. að afsal kallast kaupsamningur eða veðbrjef kallast afsal og geta til þessa

legið ýmsar orsakir. Þessi grein tekur af tvímæli um það, að jafnan skuli farið eftir hinu raunverulega innihaldi skjals.

Um 7. gr.

Akvæði þessarar greinar eru í samræmi við næstu grein á undan og þarf eigi frekar um hana að ræða.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa neinnar skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er stungið uppá þeirri sanngjörnu og náttúrlegu reglu, að áletranir á skjöl sjeu stimpilskyldar, ef þær hefðu valdið breytingu á stimpilgjaldinu, hefðu þær staðið í skjalinu frá byrjun en ella ekki.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru aðeins sjálfsögð ákvæði, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 12. gr.

Að sjálfsögðu verður að veita hæfilegan frest til þess að stimpla skjöl, því að í strjálbygðum sveitum væri oft ómögulegt að láta stimplun fara fram innan mjög skamms tíma. Það er álitamál, hversu langur þessi frestur á að vera, en frv. gerir ráð fyrir 2 mánuðum og sýnist það hæfilegt. Þó verður að slá þann varnagla, að skjal skuli jafnan stimplað fyrir eða í síðasta lagi á eindaga, því að auðvitað getur löggjöfin eigi veitt lengri gjaldfrest en til innlausnardags skjalsins, þegar af þeirri ástæðu, að eftir eðli flestra skjala er ekki hægt að búast við, að handhafar þeirra yfirleitt hafi neina hvöt til að sjá um að stimplun fari fram.

Um 13. gr.

Það er töluvert vandamál að kveða á um fyrirkomulagið á stimplun skjala. Hugsanlegt væri að fela hverjum einstökum að sjá um stimplun sinna skjala og gefa jafnframt út auglýsingar um, hvar merki væri að fá og hafa það sem víðast, þar sem alls ekki er hægt að búast við, að almenningur kaupi merki til að geyma heima hjá sjer, ef ske kynni að á þeim þyrfti að halda. En vegna þess að auðsætt þykir, að þótt hverjum einstökum væri heimilað að stimpla, mundi hann þó venjulegast þurfa að fara á aðra staði til þess að útvega sjer merkin, og vegna þess að því verður alls eigi neitað, að það getur verið töluvert vandaverk að stimpla skjöl rjett, hefir þótt rjettast að leyfa eigi einstökum mönnum að gera það, enda mundi flestum samviskusömum alþýðumönnum þykja nauðsyn á að ráðfæra sig um stimplunina við sjer færari menn, þótt þeir hefðu lagaheimild til að stimpla sjálfir. En þá væri tiltölulega lítið unnið en eigi alllitlu tapað, því að engi efi er á því, að

almenningur verður eigi svo vel heima í stimpillöggjöfinni að hægt sje að búast við rjettri stimplun, ef ekkert eftirlit er haft með henni.

Það sýnist því bæði einfaldara og öruggara að leyfa ekki einstökum mönnum að stimpla skjöl sín, heldur að hafa það sem aðalreglu að það sje falið opinberum starfsmönnum, þar sem ætla má, að þeir kynni sjer reglur stimpilsgjaldslaganna, sem að ýmsu leyti eru flóknar, betur en almenningur og auk þess verður að telja þá alment betur til þess fallna að ákveða gjaldið en almenning.

En þótt þessi sje aðalreglan, sem nú hefir verið greint, sýnist þó rjett að gera ýmsar undantekningar, en einfaldast er að fela stjórnarráðinu að dæma um hvort ástæða sje til að veita þær, bæði að því er snertir einstakar tegundir skjala og einstaka menn, fjelög og stofnanir.

Um 14. gr.

Það er auðsætt, að skylda verður þá, er stimplunar beiðast til að gefa þær skýrslur og skýringar, sem með þarf til að ákveða gjaldið. Þetta er gert í umræddri grein, og það jafnframt sagt ótvirætt, að sjerhver hafi rjett til að leita úrskurðar stjórnarráðs og dómstólanna. Þykir rjettast, að taka þetta fram til þess, að enginn efi leiki á þessu.

Um 15. gr.

Það verður að banna að taka álímd stimpilmerki af skjölum, því að ef slikt væri leyft væri mjög hætt við misbrúkun. Hins vegar er eðlilegt að endurgreitt sje andvirði merkjanna að meira eða minna leyti þegar sjerstaklega stendur á og eru þar að lútandi reglur settar í þessari grein.

Um 16. gr.

Um fyrningu á kröfu ríkissjóðs til stimpilgjalds verður að hafa sjerstakar reglur, og eru þær í þessari gr. Að sjálfsögðu er eigi fært að láta kröfuna fyrnast fyrir það eitt, að sá er í hlut á lætur fyrirfarast að stimpla, en hinsvegar verður ekki hjá því komist, og er í samræmi við anda gildandi laga, að krafan fyrnist, ef opinberum starfsmanni er um að kenna, að eigi var stimplað. Þá þykir og eðlilegt, að krafan falli niður 5 árum eftir að það skjal, sem hún er risin af, er úr gildi, enda er þetta í samræmi við þá hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir gildandi lagareglum um fyrningu, hefð o. fl.

Um 17. gr.

Að því er til stimpilgjaldsins kemur, eru fasteignir og skip sett á sama bekk, og byggist þetta á því, að skip eru í mörgu áþekk fasteignum, þótt ýmislegt skilji í milli. Eftir gildandi lögum er hið sama gjald á afsölum fasteigna og skipa.

Um 18. gr.

Það er álitamál, hvaða verð leggja á til grundvallar, þegar stimpilgjaldið er ákveðið. Sumstaðar er lagt til grundvallar skattvirðing fasteigna, en hjer þykir eðlilegast, þar sem um viðskiftagjald er að ræða, að telja gjaldið

eftir því verði, sem eignin er seld í raun og veru í hvert skifti, enda verður naumast sagt með rjettu, að skattvirðingar vorar sjeu komnar í það horf, að ábyggilegt sje, að þær sýni sannvirði, og að því er kemur til skipa, er engi slík virðing til.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðast sjálfsögð, og þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Skýringa virðist ekki þörf.

Um 21. gr.

Með því að stimpilgjaldið nemur oft allstórri fjárhæð, þá er fasteignir eða skip ganga kaupum eða sölum, virðist ástæða til að leggja fyrir þá, er hafa á hendi þinglestur og skrásetning, að sjá um stimplun þessara skjala þá þegar, ef þau eru eigi áður stimpluð. Ákvæði þessarar gr. eru því einskonar viðbótarákvæði við 12. gr.

Um 22. gr.

Vel má vera, að til þinglestrar og jafnvel skrásetningar, komi heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum, sem eigi eru stimpluð þar, sem það er fyrst skylt, ef frv. þetta verður að lögum, að stimpla slík skjöl innan ákveðins tíma, En eigi virðist ástæða til að undanþiggja slík skjöl gjaldi þessu. Í þessari gr. eru því ákvæði, er gera skyldu þessa ótvíræða, en ella hefði ef til vill mátt um það deila, hvort skjöl þessi væru stimpilskyld eða eigi.

Um 23. gr.

Þessi gr. er að eins endurtekning á núgildandi ákvæðum.

Um 24. gr.

Hlutabrjef eru eigi stimpilskyld eftir gildandi lögum, en annarsstaðar þykir sjálfsagt að stimpla þau, og veitir það töluvert í aðra hönd, því að meir og meir fer í vöxt sú aðferð manna, að ávaxta fje sitt með því, að setja það í ýms fyrirtæki, og er þá hlutafjelaga-fyrirkomulagið langtíðast. Að sjálfsögðu er það álitamál, hversu hátt þetta gjald má vera. Í frv. er stungið upp á 1%, sem er að sönnu nokkuð hátt, en þó varla svo, að viðskiftalífið lamist fyrir þá sök, sjerstaklega þar sem gert er ráð fyrir að hluthafar sjálfir greiði gjaldið, hver af sínum hlut eða hlutum, en við þetta dreifist byrðin mjög, þar sem hlutir eru venjulegast allmargir og fremur smáir.

Hlutabrjef, sem gefin hafa verið út, áður en frv. þetta verður að lögum, eru stimpilfrjáls, en framsöl slíkra brjefa er eigi ósanngjarnt að stimpla.

Um 25. gr.

Þessi gr. stendur í nánu sambandi við 3. gr. b, og er í raun og veru að eins til að útiloka vafa.

Um 26. gr.

Í því efni, er hjer ræðir um, þykir rjett að skipa fjelögum með breytilegri meðlimatölu eða breytilegum höfuðstól, þótt persónuleg ábyrgð sje fyrir, á bekk með hlutafjelögum, enda er svo gert hjá ýmsum öðrum þjóðum. Hið sama er um fjelög, þar sem sumir fjelagar eru persónulega ábyrgir, en sumir eigi (Kommanditselskaber).

Um 27. gr.

Þegar persónuábyrgð er fyrir skuldbindingum fjelags, er það venjan, að fjelagar eru fáir og framlögin stór. Þess vegna þykir eigi fært að hafa stimpilgjaldið eins hátt á slíkum samningum og hlutabrjefum. Þess vegna er gjald það, er þessi grein gerir ráð fyrir, eigi sett nema $^1/_2$%.

Um 28. gr.

Þessi gr. er að eins til skýringar, sbr. 7. og 17. gr.

Um 29. gr.

Virðist eigi þurfa skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar gr. ná ekki til þeirra fjelaga, sem ræðir um í 24.—26. gr.

Um 31. gr.

Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda, er stimpilgjaldið 5 af þúsundi af skuldabrjefum, sem þinglesin eru, en ella sem næst 1 af þúsundi. Eftir þessu frv. er skiftingin gerð, eftir því hvort skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð. Er þessi skifting eðlilegri en hin, enda stendur hin núgildandi skifting í sambandi við, að eins og nú er, eru ekki önnur skuldabrjef stimpilskyld en þau, sem þinglesin eru. Rjett hefir þótt að færa niður stimpilgjald af skuldabrjefum, því að það virðist of hátt, enda altaf búist við breytingum á þessu við endurskoðun stimpillaganna.

Skuldabref, sem eigi hljóða um nema 200 kr., þykir rjett að hafa stimpilfrjáls, ef hvorki er trygging sett nje vextir áskildir.

Um 32. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 33. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru ný, en eru í samræmi við stimpillöggjöf ýmsra annara þjóða.

Um 34. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi lög og virðist ekki þarfnast skýringar.

Um 35. gr.

Stimpilgjaldið samkvæmt þessari grein er eins og það er nú af víxlum og ávísunum, en munurinn er sá, að samkv. frv. er ætlast til að gjaldið greiðist af öllum víxlum og ávísunum, hvort sem skjöl þessi eru seld lánsstofnunum eða ekki.

Vegna þess að tjekkávísanir eru undanskildar stimpilgjaldi er ekki útilokað að í viðskiftalífinu yrði það ráð tekið að nota tjekka meira en til er ætlast eftir tjekklögunum, til þess að komast hjá gjaldinu. Til þess að koma í veg fyrir þetta er í síðustu málsgrein ákveðið að ef innlausn ávísunar dregst svo lengi, að útgefandi og ábekingur sjeu lausir við greiðsluskyldu sína, skuli fara með tjekkinn sem aðrar ávísanir, en þegar svo er, getur það haft rjettarmissi í för með sjer að nota tjekka til annara viðskifta en löggjöfin ætlast til.

Um 36. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 37. gr.

Eftir því sem víxlar eru notaðir hjer á landi virðist eigi verða hjá því komist að láta framsöl þeirra vera stimpilfrjáls og er þá sennilega rjettast að láta hið sama gilda um ávísanir.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 38. gr.

Hingaðtil hefir ekkert stimpilgjald verið greitt af vátryggingar- eða líftryggingarsamningum, þótt svo sje víðast annarstaðar, en þessu er tilætlunin að breyta með frv. á þann veg, sem greinin tiltekur nánar. Þessi skattur er naumast tilfinnanlegur en ætti að gefa töluvert í aðra hönd. Greinin gerir ráð fyrir því, að þegar tryggingarskírteinið er gefið út, sje goldið af allri hinni tryggðu fjárhæð, en við endurnýjun greiðist aðeins af iðgjaldinu.

Það virðist eigi ólíklegt að ástæða þyki til að undanskilja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga og að öðru leyti setja nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, en heppilegt er að rígskorða með lögum og er því stungið upp á, að stjórnarráðið geti sett nánari reglur og veitt undanþágu í þessu efni.

Um 39. gr.

Virðingargerðir eru eigi heldur stimpilskyldar eftir núgildandi lögum en það virðist ekki óeðlilegra að stimpla þær en ýms önnur skjöl. Hinsvegar verður að undantaka þær virðingar, sem ríkið lætur framkvæma t. d. hið lögboðna fasteignamat 10. hvert ár.

Um 40. gr.

Eftir núgildandi lagafyrirmælum eru aðeins þeir leigusamningar stimpilskyldir, sem þinglesnir eru, en þessu er sjálfsagt að breyta í samræmi við þann grundvöll, sem frv. þetta byggir á. Gjald það, sem hjer er gert ráð fyrir, virðist mjög hóflegt.

Um 41. gr.

Þeir samningar, sem ræðir um í þessari grein, eru eigi heldur stimpilskyldir eftir gildandi lögum, en þá sýnist naumast ástæða til að undanskilja.

Um 42.—43. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 44. gr.

Ýmsum skjölum er þannig varið, að langheppilegast er að stimpla þau með föstu gjaldi ýmist vegna þess að erfitt er að ákveða verðmæti þeirra eða vegna þess að verðgildi þeirra breytist eða alls eigi er auðið að ákveða verðmæti þeirra fyrir viðskiftalífið. Um þessi skjöl er rætt í þessari grein. En hvaða skjöl eigi að telja til þessa flokks er í raun og veru ærið vafasamt og eigi síður hitt, hvaða gjald skuli greitt af hverjum flokki þeirra fyrir sig, þannig að eigi verði ósamræmi og þar sem um slíkt mat er að ræða er mjög hætt við að sitt sýnist hverjum.

Annars virðist ekki þörf á að skýra grein þessa, því að þeir flokkar skjala, sem í henni eru nefndir, munu vera svo greinilega aðskildir hver frá öðrum, að eigi valdi vafa.

Um 45. gr.

Þegar skjal er gefið út og er stimpilfrjálst, jafnvel þótt það teljist til skjalaflokks, sem er stimpilskyldur, svo sem afsal, þegar kaupsamningur hefir verið stimplaður, verður að ganga ríkt eftir því, að þess sje getið í hinu stimpilfrjálsa skjali, hvað stimpilfrelsinu veldur, og láta varða sektum ef útaf er brugðið.

Um 46. gr.

Samrit og eftirrit skjala á að sýna hversu aðalskjalið er stimplað til þess að þeir, sem þau fá í hendur geti sjeð, hvort skjal það er þeir fá er löglega stimplað.

Um 47. gr.

Það er vitaskuld að þegar framsal skjals er stimpilskylt, verður að banna framsal slíkra skjala til handhafa, því að ella er eigi auðið að hafa neitt eftirlit með hvort hið lögákveðna stimpilgjald er greitt.

Um 48. gr.

Það mun víðast vera siður að skoða brot gegn stimpillögum sem delicta sui generis og hafa sektahegninguna þá upphæð margfaldaða, sem reynt hefir verið að draga undan. Hjer er stungið uppá að fimmfalda tjeða tjárhæð og er það í samræmi við gildandi reglur hjer að lútandi.

Um 49. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hverjir beri ábyrgð á stimplun skjala og hversu móttakendur skjala geta leyst sig frá því að verða meðsekir, ef þeir fá í hendur skjöl sem ekki eru löglega stimpluð. Með þessu verður það áhættu-

laust fyrir sjerhvern að taka á móti eða kaupa skjöl þótt óstimpluð sjeu eða eigi nægilega stimpluð, því að vitaskuld skiftir það eigi máli um gildi skjalsins, hvort það er rjettilega stimplað eða eigi.

Um 50.—52. gr.

Sektarákvæðin í þessum greinum virðast ekki þarfnast skýringar.

Um 53. gr.

Munurinn á því að stæla og falsa stimpilmerki liggur í því, hvort hinn seki lætur gera eða gerir ný merki, eða breytir þeim merkjum, sem landsstjórnin hefir gefið út t. d. þannig, að merkið fái hærra gildi. Glæpir sem þessir eru náskyldir peningafölsun og því er í þessari grein sett sama refsing við þessum glæpi og peningafölsun, þó þannig, að lækka má refsinguna ef ástæða er til vegna þess að stæling eða fölsun merkjanna getur yfirleitt naumast talist jafnhættuleg hinu almenna viðskiftalífi og peningafölsun.

Um 54. gr.

Að sjálfsögðu renna sektir, samkvæmt lögum þessum, í ríkissjóð, og virðist rjett að taka það skýrt fram, að lögtak skuli reynt hjá hinum seku, ef sektirnar eru eigi greiddar án þess, en afplánun eigi sjer þá fyrst stað, ef þeir geta ekki borgað, því að það virðist alls eigi rjett nú á tímum, þegar flestir eru sammála um, að fjársektir eigi að ryðja sjer meira til rúms, en verið hefir, að jafnvel ríkir menn geti afplánað lágar sektir.

Um 55. gr.

Það er ekki nema eðlilegt, að fyrst eftir að almenningi er lögð á herðar almenn skylda, til að sjá um stimplun skjala sinna, verði reynslan sú, að einhverjir kunni að verða sekir um vanrækslu þeirra ákvæða, sem lögleidd eru, ef frv. þetta verður að lögum, annaðhvort sakir athugaleysis eða vanþekkingar á ákvæðum þeirra. Og þótt ekki sje fært að gefa þá reglu yfirleitt, að leysa slíka menn frá refsingu, virðist sanngjarnt að heimila stjórninni að færa refsinguna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt, og ætti alls eigi að geta talist varhugavert að veita slíka heimild, enda er að eins stungið upp á að hún gildi í 10 ár.

Um 56. gr.

Þeim stjórnarvöldum, sem að lögum er skylt að vaka yfir, að löggjöf landsins yfirleitt sje hlýtt, ber og að sjálfsögðu að hafa eftirlit með stimpillöggjöfinni, en um þessa löggjöf verður að ætla að eigi sje ofmælt þótt sagt sje, að fáum greinum löggjafarinnar sje erfiðara að hafa umsjón með en þessari. Það er því nauðsynlegt að fjölga sem mest þeim, sem skylt er að hafa eftirlit þetta að lögum, og verður það eigi, að því er virðist, gert á annan hagkvæmari hátt en þann, að skylda alla opinbera starfsmenn til að hafa það á hendi, hvern í sinni grein. Þannig verður t. d. dómurum öllum skylt, að rannsaka í þessu efni þau skjöl, sem lögð eru fram fyrir rjettinum, sáttanefndum skylt að gera hið sama um skjöl, sem fyrir þær eru lögð, þeir sem annast þinglestur, sjá um stimplun slíkra skjala, bankar og lánsstofnanir sjá um

stimplun þeirra skjala, sem um þeirra hendur fara o. s. frv. Ætti með þessu að fást allgott eftirlit með því, að stimpillöggjöfinni sje hlýtt.

Um 57. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 58.—59. gr.

Gefur ekki heldur tilefni til athugasemda.

Um 60. gr.

Með því að hin núgildandi stimpilgjaldslög falla úr gildi 31. des. 1921, er það sjálfgefið, að verði þau eigi framlengd, þurfa hin nýju lög að koma í gildi 1. jan. 1921.

12. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir, með þeim skilyrðum og á þann hátt, sem ríkisstjórnin tiltekur nánar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í byrjun ágústmánaðar f. á., barst Stjórnarráðinu áskorun frá bankaráði Íslandsbanka um að leyfa bankanum að gefa út til næstu nóvemberloka seðla, annaðhvort eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur, eða ákveðna upphæð t. d. samtals alt að 12.000.000 kr. með þeim kjörum, að málmforðatryggingin sje eigi hærri en segir í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905 ($37^1/_2$%). Þegar Stjórnarráðið hafði athugað þetta mál, varð það að telja nauðsynlegt vegna viðskiftalífsins að auka gjaldmiðil í landinu og því óhjákvæmilegt að auka seðlafúlgu Íslandsbanka, en vegna þess, hve erfitt var að útvega gull, þótti ekki gerlegt að krefjast þá þegar frekari málmforða til tryggingar seðlafúlgunni en þá var fyrir hendi. Voru því 16. ágúst f. á. gefin út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í

seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir, samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 hjermeð leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að nauðsyn beri bráðlega til vegna viðskiftalífsins að auka gjaldmiðil í landinu um stundarsakir og að því sje óhjákvæmilegt að auka seðlafúlgu Íslandsbanka, en að vegna þess, hve erfitt er að útvega gull, þyki eigi gerlegt að krefjast nú þegar frekari málmforða til tryggingar seðlafúlgunni, en nú er fyrir hendi. Hins vegar ætti þessi þörf á seðlaaukningu að hverfa undir lok yfirstandandi árs, þar eð gera má ráð fyrir, að þá hafi allmikið selst af innlendum afurðum. Vjer verðum því að telja brýna nauðsyn að gefa nú út bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, er veiti ríkisstjórninni heimild til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leyfa Íslands banka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir, með þeim skilyrðum og á þann hátt, sem ríkisstjórnin tiltekur nánar

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 16. ágúst 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Pjetur Jónsson.

Fylgiskjal II.

Útdráttur.

Ár 1920 hinn 28. júlí var haldið áfram fundi þeim, sem frestað var hinn 6. þ. m.

Allir hinir sömu á fundi, nema Sigurður Gunnarsson, er ljet Bjarna Jónsson frá Vogi fara með umboð sitt, og Tofte bankastjóri, er var sjúkur.

Bjarni Jónsson frá Vogi hafði fyrir hönd bankaráðsins athugað bankann, eftir því sem segir í 6. lið fundargerðarinnar hjer næst á undan. Bar hann fram skýrslu sína á fundinum.

Seðla-auki. Fulltrúaráðið skorar á landsstjórnina samkvæmt tillögum bankastjórnarinnar, að leyfa bankanum að gefa út til næstu nóvemberloka seðla, annaðhvort eftir því sem viðskiftaþörfin krefur eða ákveðna upphæð, t. d. samtals alt að 12.000.000 kr. með þeim kjörum að málmforðatryggingin sje eigi hærri en segir í lögum 10. nóv. 1905 ($37^1/_2$%). Samþ. með öllum atkv. nema formanns, er eigi gat greitt atkvæði með áskorun á sjálfan sig og greiddi því að eins atkvæði fyrir hönd þeirra fulltrúa, sem hann er umboðsmaður fyrir.

Fundi slitið.

Jón Magnússon. Bjarni Jónsson, frá Vogi. Eggert Pálsson.

Sighvatur Bjarnason. Hannes Thorsteinsson.

Rjettan útdrátt staðfestir:

Hannes Thorsteinsson.

13. Frumvarp

til laga um hreppskilaþing.

(Lagt fyrir Alþingi 1921.)

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skulu menn eiga með sjer tvö hreppskilaþing ár hvert, vorþing 1. til 20. júnídag og haustþing 1. til 20. októberdag. Skyldur er hver búandi og aðrir, sem lögskil eiga að gera á hreppskilaþingi að sækja það, eða setja gildan mann í sinn stað, nema forföll banni. Hver sem ekki sækir nje lætur sækja hreppskilaþing og hefur eigi lögmæt forföll, verður sekur um 2 kr.

2. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti skal kveðja til hreppskilaþings með hæfilegum fyrirvara með þingboði, sem berist boðleið um allan hreppinn. Hver sem tefur þingboð um skör fram eða glatar því, er sekur um 5 kr, nema þyngri refsing liggi við eptir öðrum lögum, eða gildar afsakanir sjeu fyrir hendi.

3. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Athugasemdir.

Hin gildandi ákvæði um hreppskilaþing eru í lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. Nú er gert ráð fyrir að fella þessi lög úr gildi, en þótt svo verði, er eigi hægt að komast hjá hreppskilaþingum, því að þar eru bæði vor og haust framkvæmd ýms lögboðin störf svo sem framtal til hagfræðiskýrslna, kosning hreppnefndarmanna og ýmsra annara starfsmanna í þarfir þjóðfjelagsins, birting laga og stjórnar ráðstafana m. m. Ennfremur eru þar venjulega tekin til umræðu og meðferðar ýmisleg mál, er sveitina varða sjerstaklega.

Í frv. þetta eru því tekin í aðalatriðunum hin gildandi ákvæði um hreppskilaþing og aðeins breytt í óverulegum atriðum svo sem upphæð sekta tímatakmark vorhreppskila o. s. frv.

Að öðru leyti gefur frv. ekki tilefni til athugasemda.

14. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Aftan við 1. gr. nefndra laga 8. mars 1920 bætist nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt með reglugerð eða reglugerðum að setja ákvæði um peningaviðskifti hjerlendra banka, fjelaga og einstakra manna við útlönd, svo og að gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu.

Landsstjórnin getur falið 5 manna nefnd þeirri, sem hún þegar hefir skipað eftir lögum 8. mars 1920, að hafa eftirlit og íhlutunarrjett um vöruflutninga með innlendum skipum, innflutningi á allskonar varningi og peningaviðskiftum við útlönd samkvæmt reglugerðum þeim, sem settar eru hjer að lútandi.

Til að standast kostnað við framangreindar ráðstafanir, heimilast landsstjórninni að leggja gjald á innfluttar vörur, er nemi $^1/_4$ af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings, og nær heimild þessi einnig til gjalds þess, sem þegar hefir verið ákveðið í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það kom þegar í ljós, er lögin frá 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, komu til framkvæmda, að þörf var á frekari lagaákvæðum, sem veittu landsstjórninni heimild til að setja nánari ákvæði um vöru- og peningaviðskifti Íslands við útlönd, enda var þá viðskiftakreppan tekin að gera vart við sig. Það varð og brátt nauðsynlegt að fela sjerstakri nefnd íhlutun um þessi mál, og til þess að standast kostnaðinn við ráðstafanir hjer að lútandi, þótti rjett að hafa heimild til að leggja lítilsháttar gjald á innfluttar vörur. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þessi efni 15. apríl f. á. samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 hjer með leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að til þess að ákvæði laga 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, komi að tilætluðum notum og til þess að stuðla að jöfnuði á peningagenginu á líkan hátt og farið er að gera í öðrum ríkjum, svo og vegna ónógs skipakosts til flutninga á

nauðsynjavöru til landsins sje óhjákvæmilegt að landsstjórnin hafi heimild til að setja ákvæði um peningaviðskifti Íslands og útlanda og gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu, þá teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. nefndra laga 8. mars 1920 bætist nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt með reglugerð eða reglugerðum að setja ákvæði um peningaviðskifti hjerlendra banka, fjelaga og einstakra manna við útlönd, svo og að gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu.

Landsstjórnin getur falið 3 manna nefnd þeirri, sem hún þegar hefir skipað eftir lögum 8. mars 1920, að hafa eftirlit og íhlutunarrjett um vöruflutninga með innlendum skipum, innflutningi á allskonar varningi og peningaviðskiftum við útlönd samkvæmt reglugerðum þeim, sem settar eru hjer að lútandi.

Til að standast kostnað við framangreindar ráðstafanir heimilast landsstjórninni að leggja gjald á innfluttar vörur, er nemi ¼ af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings, og nær heimild þessi einnig til gjalds þess, sem þegar hefir verið ákveðið í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. apríl 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Pjetur Jónsson.

15. Frumvarp

til laga um verðlag.

(Lagt fyrir Alþingi 1921)

1. gr.

Frá 16. maí 1922 skulu allar greiðslur, sem inna á af hendi eftir verðlagsskrá, reiknaðar til peninga eftir meðalverði í verðlagsskrám þeim, er

gilt hafa í hverri sýslu fyrir sig síðastliðin 10 ár, 1912—1922. Við útreikning meðalverðsins skal ½ eyrir og stærra brot talið sem 1 eyrir, en minna broti skal slept.

Stjórnarráðið gefur út hinar nýju verðlagsskrár og birtir þær í A-deild stjórnartíðindanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 6. nóvember 1897, um undirbúning verðlagsskráa og 13. sept 1901, um viðauka við tjeð lög.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum samhljóða frv. um þetta efni, sem milliþinganefnd sú, er skipuð var með konungsúrskurði 2. des. 1907, samdi og birti í nefndaráliti sínu. Þykir nægja að vísa til þess, sem þar er sagt til stuðnings frv., að því viðbættu, að þegar svo er komið að ekkert gjald til ríkissjóðs er reiknað eftir verðlagsskrá nema afgjald nokkurra jarða, eins og nú er til ætlast, er ráðgert er að fella burtu ábúðar- og lausafjárskattinn, virðist engin ástæða til að halda áfram að búa út verðlagsskrá árlega, ekki síst þegar litið er til þess, hversu þeim er áfátt. Það skal tekið fram, að þótt frv. þetta verði samþykt, er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu, að einstakir menn og hið opinbera geti áskilið sjer greiðslu í landaurum, t. d. eftirgjald eftir jarðir í sauðum og leigur eftir kúgildi í smjöri. Hins vegar er eðlilegast, að hið opinbera áskilji sjer gjald í peningum, enda mun ætíð gert svo nú.

Þetta frv. fellur að sjálfsögðu burtu, ef eigi verður samþykt að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn.

16. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir

með heimild í lögum þessum, ákveður ríkitssjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að reyna að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, taldi stjórnarráðið nauðsyn til að hafa heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra, enda hafði stjórnarráðinu borist áskoranir úr hrossahjeruðum landsins í þá átt. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þetta efni 31. maí f. á. samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 hjermeð leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um, að nauðsynlegt sje til þess að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, að ríkisstjórnin hafi heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra, verðum Vjer að telja það brýna nauðsyn að gefa út bráðbirgðalög um þetta efni samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 31. maí 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Pjetur Jónsson.

17. Frumvarp

til laga um breyting á 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Í stað orðanna »200 kr.« á tveim stöðum í 77. gr. komi 600 kr.

2. gr.

Í stað orðanna »200 kr.« á tveim stöðum í 78. gr. komi 600 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Greiðslur úr ríkissjóði upp í legukostnað þurfalinga í sjúkrahúsum hafa á síðustu árum, vegna hinnar sívaxandi dýrtíðar, aukist gífurlega, eins og eftirfarandi yfirlit yfir tímabilið frá 1912 til 1919 sýnir:

1912	Kr. 6245,00
1913	— 15625,26
1914	— 16001,47
1915	— 28422,21
1916	— 22899,76
1917	— 39020,85
1918	— 47982,18
1919	— 73205,09

Það liggur í augum uppi, að hluttaka sveitarfjelaganna í legukostnaði þurfalinga, er fara eftir læknisráði í sjúkrahús, er orðin hlutfallslega alt of lítil, eins og hún nú er ákveðin í 77. gr. fátækralaganna, sem sje 200 kr. á ári. Upphæð þessari er orðin brýn nauðsyn að breyta, og hefir Stjórnarráðið litið svo á, að þrefalda verði hana að minsta kosti og er þó vægt í farið gagnvart sveitarfjelögunum, þar eð kostnaður við sjúkrahússdvöl hefir 4—5 faldast síðan fátækralögin gengu í gildi. Þess ber og að gæta, að meiri hluti þurfalinga þeirra, sem hjer ræðir um, dvelja á Vífilsstaðahælinu, sem ríkissjóður nú heldur uppi með tilfinnanlegum fjárframlögum.

Rjett þykir að breyta 78. gr. fátækralaganna á sama hátt sem 77. gr.

18. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909, og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt »Samábyrgðin«, tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helming eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða eða flutninga við Ísland.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem

því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum $4^1/_2\%$ í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa.

3. gr.

5. gr. laganna:

Í stað orðanna »5000 kr.« komi 10,000 kr.

4. gr.

6. grein laganna falli burt.

5. gr.

7. grein laganna:

1. málsgrein og stafliður a orðist þannig:

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fast ákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarfjárhæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari, eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

7. gr.

Inn í 12. grein laganna bætist orðið »gerðardóm«, á undan orðunum, »ef þess er heldur óskað.«

8. gr.

Í fyrstu málsgr. 13. greinar laganna falla burtu orðin: »til 5 ára í senn«. Sömuleiðis falla burt í niðurlagi greinarinnar þessi orð: »Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5000 kr. á ári í fyrstu 5 árin«.

9. gr.

14. grein laganna falli burt.

10. gr.

16. grein laganna:

Í stað orðanna »1000 kr.«, komi 2000 kr.; og í stað orðanna »yfirdómi landsins« komi hæstarjetti ríkisins.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 54, 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Síðan Samábyrgð Íslands á fiskiskipum byrjaði að starfa — en einkum þó hin síðustu árin — hefir brugðið fyrir ýmsum aðfinslum við lög hennar og reglugerð, og hafa nokkrar þeirra verið á rjettum rökum bygðar, aðrar aftur á móti ekki. Einnig var í neðri deild Alþingis 16. ágúst 1917 samþykt rökstudd dagskrá til landsstjórnarinnar um, að endurskoða lögin um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip frá 30. júlí 1909, í samráði við stjórn Samábyrgðarinnar. Að eitthvað megi finna að lögum Samábyrgðarinnar er ekki undarlegt, því að bæði er það, að þegar þau urðu til, var ekki á neinni hjerlendri vátryggingar reynslu að byggja, nje nein fyrirmynd til af því tæi að neinu leyti, og svo er hitt, að á þessum 10 til 11 ára starfstíma vátryggingarfjelags þessa, hefir orðið svo mikil og gagngerð breyting á ýmsu, eða nálega öllu, er snertir lög þessa fjelags, þar á meðal langtum stærri og dýrari skip en þektust hjer af þeirri tegund skipa, þegar Samábyrgðin hóf göngu sína, en af því leiðir, að ýms ákvæði laganna koma nú öðruvísi niður í framkvæmdinni, og verða á þann hátt óheppileg, óhagkvæm og stundum ekki jafn rjettlát og áður.

Til þess að ráða bót á göllum þeim er nú þykir vera á lögum Samábyrgðarinnar, er frumvarp þetta til orðið.

Um 1. gr.

Verulegasta breytingin er, að 2. grein laganna er breytt þannig, að sjálfsábyrgð hinna vátrygðu fellur niður, hún hefir yfirleitt verið óvinsæl og mönnum hefir ekki skilist nauðsyn hennar og nytsemi, en þar sem nú búast má við fullkomnara og betra eftirliti með skipum eftirleiðis en hingað til, ásamt aukinni þekkingu og æfingu þeirra, er með þau fara, ætti að vera eða verða hættulaust að gjöra þessa breytingu, þ. e. láta sjálfsábyrgðina falla niður.

Um 2. gr.

Vegna hinnar gífurlegu verðhækkunar skipa þeirra sem vátrygð eru í Samábyrgðinni, er 200,000 kr. ábyrgð ríkissjóðs hverfandi lág að heita má, og það svo, að upphæð þessi styður lítið eða eflir öryggi fjelagsins í augum hinna vátrygðu. Af þessu er því farið fram á 800,000 kr. ábyrgð ríkissjóðs, sem er hin sama upphæð og ríkissjóður ábyrgist fyrir Brunabótafjelag Íslands.

Hingað til hefir Samábyrgðin aldrei þurft að leita aðstoðar lands- eða ríkissjóðs til að fullnægja skyldum sínum og skuldbindingum, og vonandi er, að hún þurfi þess eigi heldur framvegis, eða í öllu falli, að ríkissjóður bíði aldrei tap af þessari ábyrgð.

Um 3. gr.

Það virðist vera fengin ábyggileg reynsla fyrir því, að orðabreytingin í 5. grein laganna 10,000 kr. í stað 5000 kr. er hættulaus, jafnvel sjálfsögð.

Um 4. gr.

Af því að Samábyrgðin hættir að vera gagnkvæmt vátryggingarfjelag samkvæmt frumvarpi þessu, fellur 6. grein laganna að sjálfsögðu burt.

Um 5. gr.

Í 7. grein laganna er niðurlagsákvæði stafl. a, eða orðin: »Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2% af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 kr.« felt burt af þeirri ástæðu, að fyrst og fremst virðist þannig lagaður mælikvarði ekki heppilega valinn, auk þess sem hvorki er hyggilegt nje rjett, að rígskorða þannig löguð ákvæði með lögum, því að mjög kemur frádráttur sá ójafnt og jafnvel órjettlátt niður, sje þannig frá honum gengið. Alt af því tæi á að takast inn í reglugjörð Samábyrgðarinnar ef nauðsynlegt virðist, því að auðveldara og umsvifaminna er að fá þeim, eða hverjum reglugjörðar ákvæðum sem er, breytt, ef þurfa þykir, fremur en þá um lög er að ræða.

Um 6. gr.

9. grein laganna veitir enga undanþágu frá því, að sjórjettarpróf sje ætíð haldið, þá bóta er krafist samkvæmt lögum Samábyrgðarinnar. Þetta hefir oft og einatt sýnt sig að vera óþarft, en hefir umstang og töluverðan kostnað í för með sjer; stjórn Samábyrgðarinnar virðist vera til þess trúandi að kveða á um, hvenær nauðsynlegt er, að sjórjettarpróf sje haldið.

Um 7. gr.

Orðið gerðardómur, sem bætist inn í 12. grein laganna á eftir orðunum »ef þess er heldur óskað«, stendur í hinni dönsku þýðingu laganna, en hefir einhvernveginn fallið úr íslenska textanum, eins og hann líka ber með sjer, en má vitanlega ekki missast.

Um 8. gr.

Orðin »til 5 ára í senn« í 13. grein laganna virðast óþörf og eiga þar af leiðandi að falla burt. Stjórnarráðinu er innan handar að víkja framkvæmdarstjóra Samábyrgðarinnar frá starfi sínu, ef ástæða er til, ekki síður en hverjum öðrum starfsmanni, er það hefir yfir að ráða, enda yrði að sjálfsögðu einnig gjört, ef nauðsynlegt þætti, þrátt fyrir 5 ára ákvæðið. Af þessari ástæðu eru hin tilvitnuðu orð feld burt í frumvarpinu.

Verði frumvarp þetta að lögum, leiðir af sjálfu sjer, að niðurlag þessarar 13. greinar laganna eða: »Til stofnunar fjelagsins« o. s. frv. falli burt, enda eru þau þegar fyrir löngu gengin úr gildi.

Um 9. gr.

14. grein laganna fellur burt af sömu ástæðu og 6. grein þeirra.

Um 10. gr.

Ástæðulaust virðist að færa rök fyrir þeirri orðabreyting í 16. grein laganna, að í stað 1000 kr. komi 2000 kr. Hinar tvær aðrar orðabreytingar sömu greinar, eru sjálfsögð afleiðing hinnar breyttu dómstóla skipunar ríkisins.

Þess skal að endingu getið, að frumvarp þetta hefir verið borið undir álit stjórnar Fiskifjelags Íslands, sem eitt eða tvö undanfarin fiskiþing hafa falið að fá lög og reglugjörð Samábyrgðarinnar endurskoðuð, og hefir tjeð stjórn tjáð sig samþykka frumvarpi þessu í öllum atriðum.

19. Frumvarp

til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I. kafli.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Fallvatn: Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

Frumdrættir: Mælingar, uppdrættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

Fullnaðardrættir: Mælingar, uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

Hjerað: Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

Iðja: Iðnaður annar en handiðn.

Iðjuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við iðju.

Iðjuhöldur: Eigandi iðjuvers.

Lágflæði: Venjulegt lægsta vatnsyfirborð.

Landareign: Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða.

Orkuveita: Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan.

Orkuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

Sjerleyfi: Leyfi samkvæmt sjerleyfislögum.

Vatnsvirki: Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

Vatnsmiðlun: Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

Vatnsvirkjari: Sá maður, sem kemur fyrir neysluvatnsæðum.

II. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, með þeim takmörkunum, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

3. gr.

1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sje ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

4. gr.

1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurt land væri.

4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maðnr eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

5. gr.

Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

6. gr.

1. Rjett er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

7. gr.

1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess:

a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,

b) að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,

c) að veita jarðvatni úr landi sínu í annara land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

8. gr.

1. Nú breytist farvegur án þess að af mannavöldum sje, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rjett að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnota af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðist í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum.

3. Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

9. gr.

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minniháttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrensli ofanjarðar, svo sem hjer segir, enda sje eigi önnur lögmæt skipun á gerð.

1. Landeiganda er rjett að hagnýta sjer slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárensli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofan jarðar eða neðan, og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi, og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rjett að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sje tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

4. Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

10. gr.

Um hveri, laugar og ölkeldur skal fara eftis 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hjer segir:

a) Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum.

b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr

landi til sundlaugar og sundskála til afnota fjelaga eða almennings. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði.

11. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþyktir eða annað lögmætt skipulag.

12. gr.

1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sje minkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annara manna eða vatnsbólum, nema eigi sje annars kostur eða vatnsból yrði ella að mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari á bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar gr., skal til lykta leiddur með matsgerð.

13. gr.

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum að mönnum, skepnum og landi annara manna stafi sem minst hætta af.

14. gr.

1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu.

2. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið hjeraðsstjórnum að setja.

15. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er, til:

a) heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða,
b) búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og
c) jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, má eigi skilja við eignina, nema sjerstök lagaheimild komi til.

16. gr.

1. Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin án þess að eignarrjettur að landi sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup.

2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, og er þá vatnsbotn og vatnsrjettindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo að landareignin haldi óskertum vatnsrjettindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

3. Ef sameignarlandi er skift eignarskiftum eða afnota, þá skulu hverri

eign fylgja svo auðnotuð vatnsrjettindi sem unt er og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar samkvæmt 15. gr.

III. kafli.

Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.

17. gr.

Eiganda landareignar, er vatnsrjettindi fylgja, er rjett að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að.

18. gr.

1. Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati.

3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

19. gr.

1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri alt haft til að fullnægja rjetthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr.

20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni samkvæmt 18. gr.

21. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið á vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

22. gr.

1. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum hús-

eignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5 ‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingum húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6 ‰ (sex af þúsundi) af brunabótavirðingu á neinni húseign.

2. Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

3. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

4. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða að hann skuli trygður með lögveðrjetti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

24. gr.

1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

2. Reglugerðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð.

25. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annara manna, enda sjeu þær ekki sviftar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sje sjeð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfeldari.

2. Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því eftir fyrirmælum 22. gr., nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, sem settar eru eða verða settar í löglega gerðum fyrirmælum um vatnaveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef skaði verður, þá skal hann að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

26. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

27. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land, og láta í tje landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

28. gr.

1. Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni samkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfelt sje að öllu athuguðu, fyrir að minsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykt á lögmætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja.

3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþyktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsókn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

4. Hreppsnefnd semur reglugerðir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldaskrá um vatnsskatt.

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20.—27. gr.

6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neysluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af því, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á.

29. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða

hverfi, koma sjer upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist vatnsveitufjelag, en lög fjelagsins kallast vatnsveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn vatnsveitufjelags semur samþyktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20.—27. gr.

30. gr.

1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til þarfa hennar samkvæmt 17. gr., og getur þá sá eða þeir, sem meira hluta fasteignar eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurjöfnun kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa umsjón og framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rjett er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sje greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja sem vill getur beiðst staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

31. gr.

1. Ef maður getur ekki aflað sjer vatns í landareign sinni til heimilis- og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rjett að afla þess þaðan, enda sje þar vatn afgangs frá heimilis- og búsþörfum. Er honum rjett að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unt er, og bæta tjón á landi eða vatnsbóli, og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt, sem í 1. lið segir. Um bætur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á.

32. gr.

1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar samkvæmt 17. gr., og er honum það rjett, enda sje vatn nægt, er eigi sje notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 29. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir.

3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar.

33. gr.

1. Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarar iðju, og er honum þá rjett að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og

heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á.

34. gr.

Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rjett að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sje til þess nægilegt og að það valdi eigenda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

35. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

IV. kafli.

Um áveitur.

36. gr.

Landeiganda er heimilt að hagnýta sjer vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sje enginn sviftur með því neysluvatni (15. gr. a—b) nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegun neysluvatns nje því spilt fyrir neinum svo að verulegu óþægindi sje að.

37. gr.

Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rjett að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skifti og notkun þess með mati.

38. gr.

Rjettur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sje tekið til neyslu (15. gr. a—b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveituþörf landareignar, skal skera úr því með mati.

39. gr.

1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rjett að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

a) að enginn sje fyrir það sviftur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. nje neinum

bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns nje því spilt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sje að.

b) að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til.

2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sje heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákveðnar fullar bætur fyrir alt þetta.

40. gr.

Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

41. gr.

1. Áveitum skal haga svo, að ekki sje neinnm til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafist matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

42. gr.

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sjer áveitufjelag. Um fjelagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög fjelagsins nefnast áveitusamþykt, en áveitan nefnist samáveita.

43. gr.

Þegar löggilt áveitusamþykt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði, og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi

fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati.

44. gr,

Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun.

45. gr.

Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rjett til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, eða rjettri tiltölu við aðra aðilja.

46. gr.

1. Nú er samþykt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

2. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrotni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun.

47. gr.

Nú hefir staðfest samþykt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþyktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafist þess, að landareignin sje tekin lögnámi handa áveitufjelaginu.

48. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi og vilja sumir veita á hana vatni en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meira hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sje lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög tögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

V. kafli.

Um notkun vatnorku.

49. gr.

1. Eiganda landareignar, sem vatnsrjettindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rjett að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sje enginn fyrir það sviftur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

2. Eigi má umráðamaður vatnsrjettinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 200 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

3. Nú vill umráðamaður vatnsrjettinda virkja fallvatn, sem nemur meiru en 200 eðlishestöfl, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almennings hagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að báða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett.

50. gr.

1. Rjett er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnorkunota samkvæmt 49. gr., enda sje ekki gerðar skemdir á landi annara manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög sje milli fleiri landareigna um orkuvinslu.

2. Vatnorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan jarðar eða neðan.

3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra leyft lögnám með þeim hætti, sem í 55. gr. segir.

51. gr.

1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rjett til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

2. Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rjett til svo mikils af vatnorkunni, sem svarar hálfu rensli merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

52. gr.

1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eigenda þess lands að gera stíflu með sjer og nota vatnið að rjettri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiftingu kostnaðar eða vatnanot, og skal þá skera úr með mati.

2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr. 3. lið, til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sjer þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sjerstaklega af slíkri tilhögun, skal sá greiða. Meðan hann notar ekki vatnorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er stíflu gerði, hagnýta sjer hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í stíflugerð, sjer síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semji.

53. gr.

1. Nú eiga menn í fjelagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki 52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli nota til orkuvinslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en helmings vatnorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í heild sinni sje að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsrjettindunum áður en lausnar var krafist.

2. Sá hluti vatnorkurjettar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið, skal metinn sem hluti alls rjettarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sjerstaklega varðar innleysta vatnorkurjettinn, er tiltölulega mikill eða lítill.

3. Ágreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati.

54. gr.

1. Ráðherra er rjett að taka lögnámi sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa eða handa nytsömum fyrirtækjum, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða

orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það, samkvæmt sjerleyfislögum, ef því er að skifta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að hjeruðum í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt um að afla sjer nauðsynlegrar orku.

55. gr.

Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

56. gr.

1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að láta verin starfa áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

58. gr.

Nú vill hjeraðsstjórn koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum áður en byrjað er á verkinu frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýs-

ingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrjetti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rjett að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hjer. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið.

60. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarjett samkvæmt 56. gr. um tiltekið árabil, þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

61. gr.

1. Hjeraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sjerhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnuð, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst en þeim, er síðar koma til.

62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innanhjeraðs.

3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af

tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhjeraðs þá rjett til endurgreiðslu á því. sem umfram verður, að sínum hluta.

63. gr.

Hjeraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raftækjum og önnar atriði, er orkuveitu varða.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sjerstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra slíku fjelagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig að í stað hjeraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags og í stað hjeraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 200 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir.

4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið.

66. gr.

Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. eða 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rjett að krefjast þess, enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látinn í tje raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má, endurgjald í orku, þótt orkunýtingarrjettur hafi verið skilinn við landareign.

67. gr.

Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrotni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá.

VI. kafli.

Um vatnsmiðlun.

68. gr.

1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjettri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaðor, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

69. gr.

1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsrjettinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sjer fjelag í því skyni.

70. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrirtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávalt þurfa sjerstakt leyfi til miðlunar:

a) Þegar fyrirtækið getur haft í för með sjer skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.
b) Þegar það veldur því, að land eða landsnytjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.
c) Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.
d) Þegar forræðis eða afnota þarf á landi annara eða rjettindum, enda verði ekki allir rjetthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.

71. gr.

Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt sem í 70. gr. 1. lið a—d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

72. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

73. gr.

Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

74. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr. má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

VII. kafli.

Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna.

75. gr.

1. Rjett er ríkinu, hjeruðum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og

fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni, að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árensli vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annara manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

4. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

76. gr.

1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnytjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki komið sjer saman um að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnorku.

77. gr.

Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu sem greiddir eru af lánsfjenu, en ella 5% árlega.

VIII. kafli.

Um þurkun lands.

78. gr.

1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í

landi annara eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annara manna. Bæta skal tjón, er hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annara manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

79. gr.

1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgrefti og viðhaldi skurðanna.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

80. gr.

1. Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma, og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hve nær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

81. gr.

Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að víkka eða rjetta farveg eða til að veita burt með öðrum hætti til að auka land eða bæta það.

82. gr.

1. Ákvæði 48. gr. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til þess að þurka land. Slík fjelög nefnast landþurkunarfjelög, og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr. svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. kafli.

Um óhreinkun vatna.

83. gr.

1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa í vötn um skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkenda, sem spilla mundu

botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu svo að hættuleg sje mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sje við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafn gott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafn góðu.
b. Ef veiði er spilt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.
c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

84. gr.

Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

85. gr.

Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinkun vatns, þótt eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinkað í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið á sáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. kafli.

Um holræsi.

86. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrensli í kaupstaðnum.

87. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til

þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingaverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

88. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi trá sjer með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð bans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

89. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, um notkun þeirra, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

90. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

91. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í tramkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþyktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr.

92. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sjerstakur hreppur, eða hverfi, leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fjelagsins nefnast holræsasamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á.

93. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrensli frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrifnaðar að leggja ræsin.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest. Ákvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

94. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrensli frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðinn er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir sig það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir njettar síns samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um bygð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati.

95. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhald ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næsta 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja sem vill krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var bygt á, hefir breyst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

96. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda sjeu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu ekki svo úr garði gerð.

97. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. Skal ræsiseiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr.

2. Ef svo stendur á sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið.

98. gr.

1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í

gildandi rjetti, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. gr. og 94. gr. 1. og 2. liður sbr. 4. lið og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Ákvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþyktum og heilbrigðissamþyktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

XI. kafli.

Um vatnafjelög.

99. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:

a. Vatnsveitu (III. kafli 29. gr.).
b. Áveitu (IV. kafli 42. gr.).
c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli 64. gr.).
d. Vatnsmiðlun (VI. kafli 70. gr.).
e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli 75. gr.).
f. Landþurkun (VIII. kafli 82. gr.).
g. Holræsi (X. kafli 92. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafla segir, enda sje ekki öðruvísi um mælt í lögum þessum.

100. gr.

1. Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð. Þeir, er mæla með stofnun fjelagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna og aflað sjer frumdrátta að fyrirhuguðum mannvirkjum og annara gagna, á sinn kostnað en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

2. Rjett er þeim, er stofna vilja fjelag samkvæmt 99. gr. 1. lið, að leita til vatnamálastjóra, og er honum skylt að leiðbeina þeim og aðstoða þá samkvæmt 154. gr. 1. lið c.

101. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sjer þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþyktar handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er fjelagið varða lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti 2 vikna tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelagsskaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á

fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um fjelagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef $^2/_3$ eigenda *landareigna* þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og *sje eitt* atkvæði fyrir hverja *landareign*, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Ákvæði 2. liðs um fjelagsskyldu taka ekki til fjelaga samkvæmt 99. gr. 1. lið c. og d. Ef vatnsmiðlun er að eins liður í einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er fjelagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem fjelagsskapur um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottin vill ekki og er óskylt að taka þátt í fjelagsskapnum, en skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni.

102. gr.

1. Þegar ákveðið hefir verið að stofna fjelag, skal samþykt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn fjelags, heimilisfang þess og varnarþing.
b. Verkefni fjelags.
c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.
d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.
e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.
f. Hvernig boða skuli til fjelagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti.
g. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.
h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í fjelagsskapnum.
i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.
j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþyktum fjelagsins.
k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

103. gr.

Í samþykt má setja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreiningi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms.

104. gr.

1. Samþykt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða annað, sem fjelagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykt megi staðfesta, sendir ráðherra

hana aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykt brjóta bág við rjettarákvæði, almennar grundvallarreglur laga nje rjettindi einstakra manna.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið.

3. Halda skal allsherjar skrá yfir öll vatnafjelög samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Staðfestar samþyktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild stjórnartíðindanna.

4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á fjelagsins kostnað, um stofnun þess og skal verkefnis þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo hver eða hverir sjeu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni.

105. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 104. gr. segir.

106. gr.

1. Árstillög fjelagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn fremur skal, ef fjelagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árstillögunum.

2. Gjöld, sem ákeðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurjett í gjaldþrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelags standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði.

107. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþyktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþyktum, skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því að eins höfða að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

108. gr.

1. Á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sje um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjett kjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök fjelagsmáleíni önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

109. gr.

Ráðherra eða sá, er hann felur það, lítur eftir því, að fjelagsstjórn fari

eftir samþyktum fjelagsins og öðrum ákvæðum um fjelagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leyna skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni.

110. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelag, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það ekki skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna töku nýrra fjelagsmanna eða verkefni fjelaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþyktum fjelagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvíla og með sama hætti sem aðrir fjelagar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki fjelagsins.

111. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

a. $^2/_3$ hlutar fjelagsmanna samþykkja á lögmætum fjelagsfundi,
b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelagsskapnum en öðrum landareignum samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar undir ráðherra.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt.

112. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþyktar sinnar.
b. Ef fjelagar eru að eins tveir og annar krefst þess.
c. Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unt að ná takmarki því, er fjelagið setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. lið c. sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

113. gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meir krefst þess, er skylt að kjósa skiftanefnd til að standa fyrir skilum fjelagsbúsins og skiftum, og fer um vald hennar sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skift á fjelaga að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa

verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði. Fjelagi hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að loknum skiftum, skal skjölum fjelaga og bókum skilað í Þjóðskjalasafnið.

5. Jafnskjótt sem fjelag er tekið til skifta, skal fjelagsstjórn, ef hún fer með skifti, en ella skiftanefnd eða skiftaráðandi, tilkynna til fjelagsskrár, að fjelag sje tekið til skifta. Þegar skiftum er lokið, skal og tilkynna það með sama hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í fjelagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelags.

114. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til fjelaga, sem stofnuð eru og samþyktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

a. Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 5. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á fjelagsins kostnað og skrá hana í fjelagaskrá.
b. Ef breyta á samþyktum eða gjaldskrá eldri fjelaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara eftir því sem við á.
c. Ákvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri fjelög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþyktir þeirra.

XII. kafli.

Um almenna umferð um vötn.

115. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn.

116. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn.

2. Ráðherra getur veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

117. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati nema um

semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

118. gr.

1. Ákvæði 115.—118. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—118. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar sem í 1. lið segir.

119. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess, að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

2. Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg er vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er og bæta skemdir að fullu, eftir mati nema samkomulag verði.

120. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

XIII. kafli.

Almenn ákvæði um veiði í vötnum.

121. gr.

1. Landeiganda og þeim, sem hann veitir heimild til, er einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

2. Eigi má skilja veiðirjett að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árabil, eigi lengra en 10 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sje ekki metin minna verð en veiðirjetturinn.

122. gr.

1. Nú er landareign eða veiðirjettur í óskiftri sameign, og er þá sameigendum veiði jafnheimil. Rjett er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skifta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma,

dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skifti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskifti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skift eftir merkjum afnotaskiftum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skift hafi verið veiði samkvæmt 1. lið eða önnur lögmæt skipun hafi verið á ger.

123. gr.

1. Hjeraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afrjettum og almenningum, sem hjeruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afrjettum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsrjettar heimild til þeirra.

124. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rjett er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell, eftir mati ef ekki semur. Skifta má veiði samkvæmt 122. gr. 1. lið.

125. gr.

Nú legst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sjer nýtt leg, og hverfur þá veiðirjettur til þess, sem land á undir.

126. gr.

1. Í stöðuvatni er öllum veiði heimil fyrir utan netlög, nema forn venja banni, enda sje landi annara ekki spilt nje það notað til uppsáturs eða til að koma þar fyrir veiðigögnum eða öðru slíku.

2. Rjett er að skifta veiði samkvæmt þessari grein eftir 122. gr. 1. lið.

127. gr.

Bannað er að setja stíflur eða föst veiðitæki lengra en í mitt vatn, sem fiskför er í, enda sje hinn helmingur vatns eigi grynnri, svo og að hefta fiskför um ósa í vatni eða sjó úti, nema sjerstök heimild sje til eða sá, er girðir, eigi einn veiði fyrir ofan bæði í því vatni og í þeim ám eða lækjum, sem í það falla eða úr því. Nú fellur vatn í kvíslum, og má þá enga þeirra þvergirða, nema þar sje fiskför minni, enda eigi sá, er þvergirðir, þar einn alla veiði.

128. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í vatni í sameignarlandi eða fjelagsvatni (122. gr. 1. liður) nje í afrjetti eða almenning (123. gr. 1. liður), nema veiði sje skift honum til handa. Má hann þá veita sinn hlut.

129. gr.

1. Nú setur maður að óheimilu garða, stíflur, net eða aðrar veiðivjelar í vatn (127. gr.), og eru þá garðar og stíflur óhelgar við broti, enda er rjett að taka net og aðrar veiðivjelar upp.

2. Ef maður veiðir ólofað í veiðistöð annars manns eða þvergirðir vatn ólöglega, varðar það sektum alt að 1000 kr. í sveitarsjóð, þar sem brot er framið. Sá, er misgert var við, skal fá alt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. Brot er fullframið jafnskjótt og veiðitækin eru komin í vatn.

3. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sje, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

130. gr.

1. Mál út af brotum á ákvæðum þessa kafla fara að hætti einkalögreglumála, enda sje brotið ekki svo vaxið, að höfða beri opinbert mál. Mál má höfða á varnarþingi, þar sem brot var framið.

2. Sókn sakar á eigandi veiðirjettar. Nú er hann annar en landeigandi og höfðar ekki mál innan 3. mánaða frá því er brot var framið, og er þá landeigandi rjettur sóknaraðili sakar til refsingar fyrir brot.

3. Sök til refsingar fyrnist á ári eftir að sóknaraðili fjekk vitneskju um brot, og ávalt á 2 árum frá því er brot var framið.

XIV. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

131. gr.

1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða rjettindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá.

2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði.

132. gr.

1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði.

2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbygð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsynlegt vegna umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sje því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining.

133. gr.

1. Áður byrjað sje að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sje ekki leyfis eða samþykkis krafist samkvæmt öðrum fyrirmælum laga þessara:

a. Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stýflur, dýpkun eða grynkun farvegar eða rjetting, nema sýnt sje, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr.
b. Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim hætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala.
c. Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma mundi fiskför í því, nema heimilt sje samkvæmt veiðilögum eða samþyktum, settum með heimild í þeim.
d. Ef þurka á vatn, enda nemi þurkunin 50000 fermetrum.
e. Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástatt sem í stafl. a--d segir.

2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsýnleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skifta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki sje fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hættu, óhagræði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi að hagur af því verði mun meiri en sem hættu, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sje tilskilið í leyfi.

3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytingu á mannvirkjum, ef sýnt verður, að þeirra sje þörf.

4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkun er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda.

5. Ráðherra getur ákveðið að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra.

134. gr.

1. Rjett er hverjum þeim, er telur hættu, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirhuguðu mannvirki slíku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess.

2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta nje óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sje bóta krafist innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert.

135. gr.

Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þessum samkvæmt, vinnur verk verr en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkjum verr við en skyldi, rífur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rjett að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, alt á kostnað eiganda og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

136. gr.

1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk án leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist alt tjón, sem af verkinu hlýst, enda þótt eigi sje um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans.

2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kent,

a. Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gert sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki.
b. Ef brestur verður á viðhaldi þess.
c. Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki.

3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda.

4. Nú er mannvirki löglega rifið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýst. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagræði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis goldið fyrir þann hagnað.

5. Ríkið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leyft er að vinna.

137. gr.

1. Ráðherra eða umboðmaður hans hefir eftirlit með vatnsvirkjum og öðrum verkum í vatni. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verkum til að rannsaka þau.

2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sje unnið samkvæmt því, er samþykt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum.

3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

138. gr.

Nú hefir vatnsvirki í för með sjer bætur á landi annars manns, vatnauka eða annað, sem honum horfir til hagnaðar, og getur ráðherra þá ákveðið eftir kröfu virkiseiganda, að þeir, sem hag hafa á virkjun hans, gjaldi honum fyrir eitt skifti fyrir öll eða árgjald eftir mati, nema um semji.

139. gr.

1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sje honum bætt tjón, sem af því hlýst eftir mati, ef ekki semur.

2. Nú láta aðrir en ríkið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir

tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafist er.

XV. kafli.

Um skaðabætur.

140. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema öðru vísi sje mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara:

a) Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.

b) Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert án þess að ákvæðin í a) komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald, samkvæmt 1. lið b), skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámsgerð gegn greiðslu bóta eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b) í þessari grein eða 142. gr.

3. Rjett er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

141. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu rjettinda, þá skal láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grend jöfnum kostum búin eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum.

142. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón bíður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breyst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákeður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur niður á, krafist

tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsrjettar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur.

2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er þeim, er tjónið bíður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafist matsgerðar áður ár sje liðið frá því er tjónið kom í ljós.

143. gr.

1. Þegar endurgjald eða bætur eru greiddar í orku, ákveður matsnefnd, ef ekki semur, hversu mikla orku skuli af hendi láta, miðað við það, hvers orkutaki þarfnist og hversu mikla orku hinn megi missa. Ef orkuvinsla er aukin úr því fallvatni, er rjett að auka orkureiðslu með sama hætti sem sagt var, ef orkutaki krefst þess.

2. Orkutaki hefir lögveð í vatnsrjettindum og orkuveri til tryggingar lögmætri orkureiðslu og bótum samkvæmt b. lið, og gengur sá veðrjettur fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði, en stendur að baki lögveðtrygðum sköttum og gjöldum.

3. Orkutaki skal greiða stofnkostnað að rjettri tiltölu með jöfnum afborgunum á 30 árum með 5% vöxtum, ef hann kýs það heldur en að greiða þegar að fullu. Svo skal orkutaki og greiða rekstrarkostnað eftir sömu tiltölu, og getur hann krafist þess, að sú greiðsla verði ákveðin fyrir hvert 5 ára tímabil. Rjett er orkutaka að geta eftir nokkurn hluta orku þeirrar, sem hann á tilkall til, upp í greiðslur þessar.

4. Orku skal venjulega af hendi láta í raforku í nothæfri spennu á þeim stað, er orkutaki kýs, nema matsnefnd þyki annað sannara. Orkureiðandi skal halda við öllum tækjum, þar á meðal straumbreytum til orkureiðslunnar til þess staðar, sem ákveðinn var. Kveða skal á um það, hve nær orkureiðsla skuli hefjast í síðasta lagi, um leið og greiðsla bóta eða endurgjalds er ákveðin með þeim hætti.

5. Nú innir orkutaki ekki af hendi gjöld samkvæmt 3. lið, og er orkubeiðanda þá rjett að varna honum orkunnar þar til full skil eru gerð eða trygging sett fyrir áföllnum gjöldum.

6. Nú er orka ekki löglega í tje látin, og skal orkureiðandi þá bæta, nema sannað sje að hann átti ekki sök á því.

7. Nú hættir orkuver störfum að öllu, og getur orkutaki þá krafist bóta. Bætur skal svo ákveða, að metið er, hvers virði orkureiðslan sje orkutaka árlega að frádregnum kostnaði og fær hann þá upphæð margfaldaða með 25, og auk þess þann hluta stofnkostnaðar vaxtalausan, er hann hefir greitt eða hluta af honum eftir mati. Í stað bóta getur orkutaki krafist kaups á vatnsrjettindum og orkuveri að frádregnum þeim hluta stofnkostnaðar, sem hann hefir greitt.

8. Ágreiningi um þau efni, sem í þessari grein segir, skal ráða til lykta með mati.

XVI. kafli.

Um meðferð vatnamála.

144. gr.

1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum greinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sjerstaklega kveðið á í lögum þessum eða sjerleyfislögum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráðherra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rjett að krefjast slíkrar greinargerðar.

145. gr.

1. Nú hefir stjórnvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 144. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara, sem hjer segir:

a) Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.

b) Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið sbr. 65. gr. 3. lið má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegar og hjeraðastjórn eða orkukaupandi hinsvegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.

c) Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að hjeraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal ráðherra senda henni sjerstaka tilkynning, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má að ráðstöfun skifti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má þess í stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glögt greind, og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hugsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítils um vert að dómi ráðherra.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið, ber sá, er æskir ákvörðunar um þær.

146. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rjett að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

147. gr.

1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað, samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 145. gr. 1. lið stafl. a) eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96., eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild.

148. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

a) Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram, samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2. lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111. gr. 1. lið b., 112., 121. gr. 1. lið og 122. sbr. 124, og 126. gr. 2. lið.

b) Dómkvaddir menn alstaðar annarstaðar, nema öðruvísi sje sjerstaklega ummælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef:

a) Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar.

b) Úttektarmenn treysta sjer ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum.

c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.

d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

3. Mat samkvæmt 147. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða rjettindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rjett er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir sjeu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni eða svo er farið sem í 2. lið stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sjer til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

149. gr.

1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt 148. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta

er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdómari nefnir matsmenn, er honum þó rjett að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnarumdæmis síns.

4. Ákvæði 148. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats.

150. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara:

a) Beiðandi yfirmats samkvæmt 149. gr. 1. lið greiði kostnað allan, ef matsgerð, er synjaði kröfum þeim, sem í síðastnefndu ákvæði greinir, verður staðfest. Ef matsgerð er hrundið, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki.

b) Um kostnað af yfirmati samkvæmt 149. gr. 2. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn.

151. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi rjettarákvæðum.

XVII. kafli.

Um stjórn vatnamála.

152. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn vatnamála á hendi.

153. gr.

Skipa skal ráðherra vatnamálastjóra, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum. Skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum. Fje til aðstoðar og skrifstofuhalds skal og veita í fjárlögum.

154. gr.

1. Vatnamálastjóri hefir þessi störf með höndum:

A. Að undirbúa, framkvæma og stjórna öllum vatnsvirkjum og öðrum vatnsverkum og raforkuvirkjum, sem gerð verða á ríkiskostnað, og að vera stjórn landsins til ráðuneytis og aðstoðar í öllum málum um vatnaframkvæmdir og raforku, enda skal ávalt leita álits hans um þau mál, þegar þess er kostur.

B. Að gera tillögur um skipulag á raforkuveitum til almennings þarfa, svo fljótt sem kostur er, um öll þau hjeruð, þar sem von þykir til, að slíkum veitum verði komið á.

C. Að aðstoða hjeruð og vatnafjelög og leiðbeina þeim um vatnamál og raforku. Sjerstakan kostnað af þessu skal greiða eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar, og má þá taka gjaldið lögtaki.

D. Að halda vatnabók. Í bók þá skal skrá öll þau afnot vatns, sem samþykt verða, heimiluð eða leyfð af löggjafarvaldi, ráðherra eða vatnamálastjóra. Ráðherra setur reglur um bókhald þetta.

E. Að hafa á hendi rannsókn allra fallvatna hjer á landi og gera skrá yfir öll þau fallvötn, sem hafa 500 eðlishestöfl eða meira, svo og smærri vötn, sem ástæða þykir til að skrá. Ráðherra setur fyrirmæli um rannsókn og skrásetning vatna, eftir því sem þörf krefur.

F. Ennfremur skulu þessi störf ráðherra hverfa undir vatnamálastjóra:

a) Að veita leyfi til og að setja reglur um ístöku samkvæmt 14. gr.
b) Að úrskurða samkvæmt 61. gr. 2. lið, 106. gr. 1. lið og 110. gr. 2. lið og að framkvæma mat samkvæmt 111. og 112. gr.
c) Að gefa fyrirskipanir samkvæmt 18. gr. 3. lið.
d) Að halda fjelagaskrá og taka við tilkynningum og birta þær samkvæmt 104., 113. og 114. gr.

G. Ráðherra getur og ákveðið, að vatnamálastjóri skuli halda sameiginlegar vatnabækur fyrir land alt, og að bókhald sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt 155. gr. verði þar með afnumið að einhverju leyti eða öllu.

2. Ráðherra setur vatnamálastjóra erindisbrjef.

155. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita:

a) Skrá yfir ár og vötn í umdæminu.
b) Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.
c) Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum samkvæmt. og matsgjörðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr.

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í tje eftirrit af vatnabókum gegn lögmæltum ritlaunum.

XVIII. kafli.

Ákvæði um refsingar.

156. gr.

1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hjer segir, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, eða refsing við því sje sjerstaklega ákveðin annarstaðar í lögum þessum:

a) Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk verr en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.

b) Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er hjeraðsstjórn, vatnamálastjóri eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a), skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi.

2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi.

157. gr.

1. Mál út af brotum samkvæmt 156. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgert er við eða viðkomandi stjórnvald krefjist þess.

3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

XIX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

158. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög:

Jónsbók Landsleigub. 22., 24. og 56. kap. að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns og veiði í vötnum.

Lög nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eiganda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Lög nr. 55, 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o. fl., 2. kafli.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 57, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum, og

Lög nr. 18, 18. maí 1920, um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri, að því leyti sem þau varða holræsi.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, að því leyti sem þau varða laxveiði og selveiði,

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir og friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám,

Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstétta á Akureyri,

Lög nr. 68, s. d. um áveitu á Flóann, og

Lög nr. 69, s. d. um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót halda gildi sínu.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, var 5 manna nefnd skipuð, samkvæmt tillögu til þingsályktunar frá Alþingi 1917, 22. okt. s. á. til þess að athuga og gera tillögur um »fossamál« landsins. Nefnd þessi varð ekki ásátt um það, hvaða tillögur skyldi gera um mál þessi. Samdi hvor hluti hennar sitt frumvarp til almennra vatnalaga. Ágreiningurinn var um það, hvort landeigendur hefðu nú að lögum og hvort þeir skyldu framvegis hafa eignarrjett eða einkaumráðarjett yfir vatni á landi sínu. Var minni hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að svo hefði verið eftir íslenskum lögum og að svo yrði þess vegna að vera framvegis. Frumvörp nefndanna voru borin upp á Alþingi 1919 af einstökum þingmönnum. Vatnalagafrumvörpin komu ekki aftur til umræðu frá nefndum þeim, sem þingdeildirnar skipuðu til að athuga málið (sbr. Alþt. 1919 A, þingskj. 792 og 821). En svo mikið má ráða af gerðum Alþingis 1919 í vatnamálunum, að það hallaðist að skoðun minni hluta fossanefndarinnar. Fyrir aukaþingið 1920 lagði stjórnin fram frumvarp minni hlutans óbreytt til vatnalaga, en það frumvarp varð ekki heldur afgreitt frá þinginu. Vildi þingið láta stjórnina undirbúa málið. Er frumvarp það, sem hjer liggur fyrir árangurinn af þeim undirbúningi.

Samkvæmt því, er ætla má að stefna meiri hluta þings og þjóðar sje í

vatnamálinu, hefir stjórnin tekið í frumvarp þetta stefnu vatnalagafrumvarps minni hluta fossanefndarinnar. En að öðru leyti hefir einnig frumvarp meiri hlutans jafnan verið haft til hliðsjónar, og það tekið úr hvoru, sem hallkvæmara þótti eða betur úr garði gert. Auk þess eru kaflar í frumvarpi meiri hlutans, sem ekki eru í hinu og vert þykir að taka. Hvorugt frumvarpið hefir almenn fyrirmæli um *veiðirjett* í ám eða vötnum. Stjórninni þykir við eiga að taka slík fyrirmæli í almenn vatnalög, eins og sumar aðrar þjóðir hafa líka gert.

Að öðru leyti vísast til athugasemdanna við hvern kafla og hvert ákvæði.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Þessi grein er samskonar efnis í báðum frumvörpunum (1. gr. þeirra beggja). Þessi orð eru skilgreind í báðum:

Fallvatn. En skilgreiningin er sín í hvoru. Hjer er skilgreining meiri hlutans tekin, því að það, sem í þessu sambandi skiftir máli, er það, hverja hluti straumvatns verði talið hallkvæmt að virkja í einu lagi. En meiri hluti leggur áhersluna á það í sínu frv. (sbr. Nefndarálit meiri hluta A. I 61, minni hl. 22).

Frumdrættir. Mun vera nýyrði í tungu vorri og svara til útlenda heitisins: »skitseret projekt«. Skilgreining meiri hluta er hjer tekin.

Hjerað hefir þótt þörf á að skilgreina af því að það orð er hjer haft í víðtækari og þó ákveðnari merkingu en alment í daglegu tali.

Iðja er hjer skilgreind sem í frv. meiri hlutans. Tekur yfir allan iðnað, sem ekki verður kallaður handiðn, eins og í frv. meiri hlutans, en er ekki takmörkuð við »verkvjelar«, eins og í frv. minni hlutans. Iðnaður eftir frv. verður því talt það, sem í daglegu tali er nefnt handiðn.

Orkuver er nýyrði. Er skilgreining meiri hluta haldið hjer með því að hún mun rjettari.

Vatnsmiðluu er líka nýtt orð í þeirri merkingu, sem það er haft í frumvarpi þessu. Skilgreiningu meiri hluta er hjer fylgt.

Þá skilgreinir frv. meiri hlutans að eins þessi orð:

Iðjuhöldur. Er nýyrði, þó að frumorðin sjeu gömul.

Landareign. Er alkunnugt orð, en er látið merkja fleira en í daglegu tali.

Lágflæði er haft hjer í annari merkingu en vanalega. Því skýrt.

Sjerleyfi, sem líka er nýtt orð.

Vatnsvirkjari er og nýtt orð, en þarf skilgreiningar af því að í því felst meira en það er látið merkja í frumvarpinu.

Í frv. meiri hlutans eru aftur á móti að eins þessi orð skilgreind:

Iðnaður. Þegar iðja er skilgreind eins og í frv. meiri hlutans og í þessu frv., þá verður skilgreining á iðnaði óþörf, og er því slept hjer.

Orkuveita er nýyrði, þótt frumorðin sjeu bæði kunn.

Vatnsvirki. Skilgreining minni hl. er of þröng, því að hann telur þau ein mannvirki til vatnsvirkja, sem gerð eru *í* vatni eða *við* það til *hagnýtingar* því. Mannvirki í vatni til að verjast skemdum af vatni yrðu eftir skilgreiningu minni hlutans ekki vatnsvirki. Skilgreiningin er hjer löguð samkvæmt þessu.

Ráðherra. Engin nauðsyn er á skilgreiningu þessa orðs, því að einsætt er, að það á við — og á að eins við — þann ráðherra, sem með vatnamálin fer.

Um II. kafla

(Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. XV. o. s. frv. og 61, minni hl. 22 o. s. frv.).

Eins og áður er tekið fram, hefir stjórnin bygt frumvarp þetta á sömu stefnu sem minni hl. fossanefndar hjelt fram, þeirri, að landeigandi hefði einkaumráð yfir vatni, sem á landi hans liggur. Hins vegar þykir það ekki hlýða að kveða á um það, hverju nafni þessi rjettur landeiganda skuli nefndur, hvort hann skuli talinn eignarrjettur í lagamerkingu (hlutarjettarmerkingu) eða einhverju öðru nafni nefndur. Um hitt eru allir sammála, að rjettindi landeiganda yfir vatni á landi sínu hljóti að vera miklum og mörgum takmörkunum háð, bæði vegna einstaklings og almennings.

Í raun rjettri mun það ekki skifta miklu máli fyrir *þjóðfjelagsheildina*, hvor stefnan verður ofan á. Aðalatriðið virðist vera það, hvernig búið verði um sjerleyfislöggjöfina.

Um 2. gr.

Svo sem fyr er sagt og svo sem báðir hlutar fossanefndar hafa gert, er hjer látið liggja milli hluta, hvaða nafni rjettur landeiganda yfir vatni skuli nefndur. Um það er lögfræðin látin, hvaða nafni hún vill nefna þenna rjett. Hjer er, svo sem í 2. gr. frv. minni hl. ákveðið, að landareign fylgi rjettur til að hagnýta sjer vatn, sem á henni liggur, innan takmarka þeirra, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer. Með ákvæðinu er það einskorðað, að vatnsrjettindin fylgi landinu eða eignarrjetti að því, nema sjerstaklega sje frá skilin.

Um vötn utan landareigna einstakra manna eða hjeraða skal þess getið, að öll fossanefndin var sammála um það, að ríkið hefði umráð þeirra. Minni hlutinn bygði það á því, að ríkið væri þar landeigandi og hefði þess vegna umráð þessara vatna. En meiri hlutinn taldi ríkinu þau umráð sem önnur umráð yfir ónotuðu vatni, er ekki var áskilinn landareign samkvæmt 10. sbr. 17. gr. frv. hans. Eftir stefnu minni hlutans og þessa frv. er ljóst, að vötn í afrjettum og almenningum, sem hvorki einstakir menn nje hjeruð geta sannað eign sína að, eru ríkisvötn, því að ríkið er þar eigandi landsins. Fossanefndin öll var þeirrar skoðunar, að ríkið ætti afrjetti og almenninga yfirleitt (sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, 17. gr. 3. lið og bls. 64, minni hl. bls. 32). Hjer er ekki staður til að úrskurða þetta atriði. Það verður væntanlega að rannsaka það sjerstaklega, hvaða lendur eru ríkiseign, enda eiga dómstólarnir úrskurð þess máls. Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsrjettindi í afrjettum og almenningum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því, hver eigi vatnsrjettindin. Hins vegar væri miður fallið að ákveða í lögum, að ríkið ætti vatnsrjettindi í þessum lendum, ef svo yrði niðurstaða dómstólanna, að þær væru ekki — eða sumar þeirra ekki — ríkiseign, heldur eign einstakra manna eða hjeraða.

Um 3. gr.

Er að efni til samhljóða 3. gr. meiri hl. og minni hl. fossanefndar. 1. liður er tekinn orðrjettur eftir 1. lið frv. meiri hl., því hún kveður skýrara á með því sjálfsagða ákvæði, að miðað sje við venjulegt vatnsmagn. Það virðist ekki ástæða til að taka það fram sjerstaklega, að vatnsrjettindi fylgi landi, ef farvegur breytist, því að það hefir verið sagt eitt skifti fyrir öll í 2. gr. frv., að vatnsrjettindin fylgi landareign.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við gildandi lög, sjá Jónsb. Landslb. 24, 56 og 60 (Rekab. 1). Með því að reglan er sú eftir frv., að vatnsrjettindin fylgi landinu, þá virðist ekki rjett að setja alment ákvæði um skifting vatnsins að jöfnu, eins og annar minni hl. maður fossanefndar vildi (Nefndarálit minni hl. bls. 33). Um þetta má ákveða, ef gerlegt þykir í sambandi við einstök vatnsrjettindi, t. d. neytsluvatn, áveitur o. s. frv. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 61, minni hl. bls. 33.

Um 4. gr.

Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsrjettindi lengra út í *stöðuvötn* en nú er út í sjó gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849 3. gr. og lög nr 39, 2. nóv. 1914, 2. gr., enda hefir fossanefndin öll orðið á það sátt. Í þessu sambandi er ekki tekið upp ákvæði minni hl. fossanefndar um veiðirjett, með því að það þykir fremur eiga heima í kafla um veiðirjettindi alment í vötnum og ám.

Úr hvoru frv. fossanefndar er tekið það er fyllra er og vikið lítið eitt við svo sem betur þótti fara.

1. liður er í samræmi við það, sem sagt var í upphafi athugasemdar við grein þessa.

2. liður er í samræmi við samsvarandi reglu um straumvötn í 3. gr.

Um 3. lið athugast, að rjett þykir að taka það fram, að grasi gróinn vatnsbotn fylgi landi, þótt breiðara sje en netlög. Ef slíkt vatn er merkivatn, gildir auðvitað fyrirmæli 2. málsgr. Hins vegar má ef til vill telja 3. gr. 4. málsgr. frv. meiri hl. ónákvæmt, þar sem segir, að svo skuli fara sem þurt sje, ef gras vex upp úr vatnsbotni við lágflæði. Reglur löggjafarinnar um takmarkanir á meðferð *vatnsins* geta alt um það gilt, t. d. bann við að stífla það eða breyta botninum með öðrum hætti.

Í 4. lið eru sameinuð samsvarandi fyrirmæli úr 3. gr. frv. meiri hl. og minni hl. fossanefndarinnar.

Ákvæði 5. liðs er hjer tekið sjer, eins og í frv. minni hl., svo að það megi taka tillit til allra þeirra ákvæða greinarinnar, sem það getur átt við.

6. liður svarar til 3. og 6. málsgr. 4. gr. frv. meiri hl. og 2. málsgr. 3. gr. frv. meiri hl. Sbr. annars nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 61—62, minni hl. bls. 33—34.

Um 5. og 6. gr.

Eru samhljóða 5. og 6. gr. frv. meiri hl. Efni 5. gr. á að felast í 4. gr. frv. minni hl. og 6. gr. svarar til 5. gr. síðarnefnds frv. Efnisskipun meiri hl. virðist ljósari, og er henni því fylgt hjer. Enn fremur virðist engin ástæða til þess að útkljá óvissu um eign út í vatn með landamerkjamáli, eins og minni hl.

leggur til. Virðist hallkvæmara að láta skoðun og mat ráða úrslitum, því að ekki þarf annað en mælingu til að ákveða merkin. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

Um 7. gr.

Grein þessi er orðrjett 7. gr. frv. meiri hl. og 6. gr. frv. minni hl. nema 1. liður, sem minni hl. hefir sett í upphaf 7. gr. frv. sins. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

Um 8. gr.

Er orðrjett eins og 8. gr. frv. meiri hl. En sama efnis er 7. gr. frv. minni hl. Þó munar nokkru. Aðalmunur milli 7. gr. minni hl. frv. og 8. gr. meiri hl. frv. er sá, að eftir frv. minni hl. skal ekki greiða bætur fyrir kostnað, sem farið hefir í *ræktun* forna farvegarins. En sanngirni virðist mæla með að bæta þann kostnað, alveg eins og kostnað sem farið hefir til þess að hagnýta vatnið í nýja farveginum. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

Um 9. gr.

Þessi grein er 11. gr. í frv. meiri hlutans, en er ekki í frv. minni hlutans. En þó að stefnu minni hlutans sje fylgt, er ekki sagt. að ákvæðum þessarar greinar sje ofaukið. Þau eru undantekningar-ákvæði frá 7. gr. frv. minni hlutans og 8. gr. frv. meiri hlutans. Það er væntanlega ástæða til, að takmarka minna rjett landeiganda um meðferð þessara vatna, alveg eins og norska vatnanefndin, sem heldur sömu stefnu sem minni hlutinn hjer, hefir lagt til, (sjá 10. gr. frv. norsku vatnanefndarinnar, Nefndarálit meiri hlutans, C I bls. 4—5). Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A I bls. 63.

Um 10. gr.

Eftir stefnu frv. minni hluta fossanefndar er *alt* vatn beinlínis talið til landsgæða, og því verður að fella þar að lútandi ummæli úr upphafi 12. gr. meiri hlutans, sem annars er fylgt hjer, og er að öðru leyti samhljóða 8. gr. frv. minni hlutans. Það er þó ástæða til að taka það fram, að minni hlutinn ætlast til þess, að *alt* vatn til laugar eða sunds sje bætt, en til þess er engin ástæða, nema ef sannað er tjón af notkun þess. Þá fellur það tjón undir »annað tjón« í b-kafla gr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A I bls. 63, minni hluta bls. 35.

Um 11. gr.

Grein þessi er orðrjett eins og 10. gr. frv. minni hl., og svarar til 13. gr. frv. meiri hl. Það virðist óþarft að taka það sjerstaklega fram, að notkun vatns, samkvæmt þessari grein, megi ekki fara í bága við rjett landareignar, því að nóg virðist að segja, að hún megi ekki brjóta bág við »lög«, þar undir ákvæði 15. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 63—64, minni hl. bls. 35.

Um 12. gr.

Er samhljóða 14. gr. frv. meiri hl., sem mjög er lík að efni til 11. gr. frv. minni hl. Grein þessa ber vitanlega að skilja í samræmi við aðra kafla frv. Þótt alment sje í greininni bönnuð hefting á neyzluvatni, þá getur vel verið, að

það verði leyft vegna áveitu, neyzluvatnsveitu o. s. frv., samkvæmt fyrirmælum frv. þar um, en þá koma auðvitað fullar bætur fyrir, eftir atvikum fyrir það, að taka verður vatn handa heimili á óhentugri stað, eða ef til vill að leggja býli riður. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64. minni hl. bls. 35.

Um 13. gr.

Er samhljóða frv. meiri hl., 15. gr., nema að því leyti sem hjer segir, að sem *minst* hætta skuli stafa af þessum mannvirkjum. Virðist það orðalag svara betur til ástandsins hjer á landi, og samræmara athugasemd meiri hl. við 5. gr. frv. hans. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64.

Um 14. gr.

Svarar til 16. gr. frv. meiri hl. og 12. gr. frv. minni hl. Heimild til að leyfa ístöku utan netlaga og í almenningum og afrjettum o. s. frv. þykir ekki ástæða til að nefna sjerstaklega. Landeigandi, eða sá, er í stað hans kemur, verður hvarvetna að veita leyfi til ístöku af vatni í landi sínu. Og því verður ríkisvaldið að veita slíkt leyfi, þegar taka á ís af vötnum, sem hvorki einstaklingar nje hjeruð ráða yfir. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64.

Um 15. gr.

Svarar til 10. gr. frv. meiri hl. og 9. gr. frv. minni hl. Vegna stefnu frv. er auðsætt, að halda varð hugsuninni í 9. gr. minni hl. frv. Hjer þarf því ekki að taka fram, hvaða vatnsrjettindi fylgja landareign, eins og gert er í frv. meiri hl. því að almenna reglan um það, er þegar komin í 2. gr. frv. þessa. Hins vegar eru dæmin úr 10. gr. meiri hl. frv. tekin til skýringar á hverri tegund þarfa þeirra, sem nefndar eru, og undantekningum frá frjálsum forráðarjetti landeiganda haldið af sömu ástæðum sem í Nefndaráliti meiri hl. A. I, bls. 63, sbr. og minni hl. bls. 35, segir.

Um 16. gr.

Svarar til 18. gr. frv. meiri hl. og 13. gr. frv. minni hl. Samkvæmt 2. gr., sbr. 15. gr., getur landeigandi skilið vatnsrjettindi við landareign sína, nema þau, er bannið í 15. gr. tekur til, og þykir rjett að taka það fram berum orðum, að um slíka ráðstöfun skuli fara sem um landkaup. Ef þar á móti vatnsrjettindi væri veðsett ein sjer, mundi væntanlega verða að fara eftir reglunum um veðsetningu lausafjár, að minsta kosti að sumu leyti.

1. lið vantar í frv. meiri hl., en gæti þó átt þar við að því leyti sem vatnsrjettindi verða samkvæmt því skilin við landareign eftir 10. gr., d- og e-lið. Þessi liður á við hvarvetna þess, er vatnsrjettindi eru látin af hendi, án þess að eignarrjettur að landi fylgi.

Orðalagi 2. og 3. liðs 10. gr. frv. meiri hl. er vikið við, vegna mismunandi stefnu frv. meiri hl. og þessa frv.

Afhending samkvæmt 2. lið fer auðvitað að öllu eftir reglum um landkaup, og hefir þótt óþarft að taka það sjerstaklega fram. Orðalagi 13. gr. frv. minni hl. er auðvitað haldið, þar sem stefnumunur frumvarpanna kemur í ljós.

3. liður í upphafi er samhljóða 2. lið 18. gr. frv. meiri hl. og 3. málsgr. 13. gr. frv. minni hl. En niðurlagsákvæðið er ekki í frv. minni hl., og ofurlítið

á annan veg í frv. meiri hl. Vatnsafnotin eru þar miðuð við 10. gr., a—e, en hjer er, í samræmi við 2. lið, ekki farið lengra en að tryggja eigninni landsafnot til hagnýtingar vatns, samkv. 15. gr. þessa frv. (= 10 gr. 1. lið a —c frv. meiri hl.), eins og einnig er gert í 1. lið 18. gr. frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64—65, minni hl. bls. 35.

Um III. kafla.

Hjer er safnað í heild reglunum um neysluvatnsveitur, eins og gert er í frv. fossanefndarinnar, bæði þeim, er nú gilda, og svo aukið við þeim ákvæðum, er vanta þykir í núgildandi löggjöf. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 65, minni hl. bls. 35.

Um 17. gr.

19. gr. frv. meiri hl. og 14. gr. frv. minni hl. svara hvor til annarar, og eru samhljóða að efni til, nema 19. gr. meiri hl. vísar til 10.—12. gr. þess frv., en grein minni hl. frv. hefir eigi tilsvarandi tilvísun. Þess er ekki heldur þörf, því að ef landareign fylgja ekki vatnsrjettindi, þá kemur ákvæði gr. ekki til álita. Og ef vatnsrjettindum hefir verið afsalað, samkv. 15. gr., þá hefir landeigandi ekki rjett til þess vatns framar en 11. gr. segir. Grein þessi er að efni til samhljóða nefndum greinum í frv. fossanefndarinnar. »Landareign« er í þessu sambandi rjettara en »fasteign«, og »vatnsleg« rjettara en »farvegur«, því að um farveg mun að eins vera talað, þegar vatn er rennandi, en vatnsveitu má vel gera úr kyrru vatni, og þá á vatnsleg betur við. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 18. gr.

1. og 2. liður eru að efni til samhljóða 1. og 2. lið 20. gr. frv. meiri hl. og 15. gr. frv. minni hl. 3. liður er að eins í frv. meiri hl. Með því að gert er ráð fyrir því, að vatnastjórn verði ef til vill ekki sett á stofn fyrst um sinn, er úrskurður eftir þessum lið lagður til ráðherra. Ákvæði 3. liðs er nauðsynlegt, ef það skyldi einhvern tíma bera við hjer á landi, að skortur yrði á vatni, þegar svo stendur á sem ráð er fyrir gert í grein þessari. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 19. gr.

Þessi grein er orðrjett eins og 21. gr. frv. meiri hl., en vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 65.

Um 20. gr.

Er samhljóða 22. gr. frv. meiri hl. og 16. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 21. gr.

Er samhljóða 23. gr. frv. meiri hl., sem einnig er sams efnis sem 17. gr. frv. minni hl., nema að því leyti sem sjerstaka samþykt þarf til einkasölu á vatni

eftir frv. minni hl. En ástæða virðist ekki til þess, að gera einkasölu vatns þessu skilyrði háða. Ef kaupstaður skyldi ekki hirða að hafa þenna einkarjett, þá er hann auðvitað ekki skyldur til þess, því að greinin veitir honum einungis *rjett* í þessu efni, en leggur eigi á hann *skyldu* til að hafa slíka einkasölu á hendi, Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 22. gr.

Er samhljóða 24. gr. frv. meiri hl. 18. gr. frv. minni hl. er og samhljóða að öðru en því, að þar er ekki ákveðið um lögveðsrjettinn, sem er í niðurlagi greinarinnar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 23. gr.

Er orðrjett samhljóða 25. gr. frv. meiri hl. og 19. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 24. gr.

Að efni til samhljóða 26. gr. frv. meiri hl., sem og er samhljóða 20. gr, frv. minni hl., nema að því, að ákvæðið um vatnsvirkjara vantar í nefnda gr. frv. minni hl. Er sjálfsagt að halda því ákvæði. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 36.

Um 25. gr.

Samhljóða 27. gr. frv. meiri hl. Í 21. gr. frv. minni hl. er rjettur kaupstaðar nokkru takmarkaðri en eftir gildandi lögum. og þykir ekki ástæða til að víkja frá núgildandi reglum um þetta atriði. Skaðabótaákvæðinu í 2. málsgr. 21. gr. frv. minni hl. er hjer skotið inn í 3. lið með almennari orðum. Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað því að eins að greiða, að tjón stafi af töku þess, t. d. vegna áveitu, iðnaðar o. s. frv. Ef vatnstaka er að öllu meinalaus, þá er engan skaða eða baga að bæta. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 66, minni hl. bls. 36.

Um 26. gr.

Samhljóða 28. gr. frv. meiri hl. og 22. gr. frv. minni hl. Þó eru »mannvirki« þar ekki sjerstaklega nefnd. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 27. gr.

Sambljóða 29. gr. frv. meiri hl. Sjerstakt ákvæði um þetta er ekki í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 66.

Um 28. gr.

Þessi grein er að nokkru tekin úr frv. meiri hl. 30. gr. og að nokkru úr frv. minni hl. 23. gr. Í 2. lið er haldið því fyrirmæli úr frv. meiri hl., að ekki megi ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema telja megi, að hún komi að minsta kosti helmingi fasteigna í hreppnum að notum, nema lögmætur hreppsfundur samþykki. Ef ekki verður fært að koma veitunni upp á kostnað hrepps, er þess kostur að nota ákvæði 29. gr. frv. þessa. Það mun sam-

ræmara ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, að málið gangi til sýslunefndar, enda venjulega nauðsynlegt, ef lán á að taka til fyrirtækisins. Ákvæði minni hl. frv. er því að efni til tekið um afskifti sýslunefndar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 29. gr.

Hjer er haldið skipun frv. meiri hl. Þessi gr. svarar til 31. gr. frv. hans. Þykir efnisskipun meiri hl, gleggri, enda nauðsynleg vegna ákvæðanna um vatnafjelög, sem meiri hl. frv. hefir eitt og einnig verða tekin í þetta frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 30. gr.

Það þykir hallkvæmt að halda ákvæðum 32. gr. frv. meiri hl. til þess að gera sameigendum unt að koma upp vatnsveitu, þótt einhver þeirra mæli því í gegn. Í frv. minni hl. er ekkert samsvarandi fyrirmæli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66.

Um 31. gr.

Tekin eftir 33. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði er ekki í frv. minni hl. Fyrirmæli greinar þessarar er nokkurskonar viðauka-ákvæði við 11. gr. frv. þessa. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66.

Um 32. gr.

Hjer er fylgt 34. gr. frv. meiri hl., en í frv. minni hl. er þessu slegið saman við fjarskylt tilvik í 24. gr. En hagfeldara virðist að hafa það sjerstakt, því að hjer á einstakur maður hlut að máli, en í hinu tilvikinu vatnafjelag. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 33. gr.

Samhljóða 35. gr. frv. meiri hl., að því fráskildu, að ákvæði 26. gr. frv. minni hl. um leyfi ráðherra til lögnáms er hjer tekið upp. Þykir rjett að binda lögnám leyfi ráðherra hjer eins og eftir 32. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 34. gr.

Samhljóða 36. gr. frv. meiri hl. Ekkert samsvarandi er í frv. minni hl., nema að því leyti, sem 21. gr. 2. málsgr. nær til. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I. bls. 66—67.

Um 35. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um IV. kafla.

Efnisskipun þessa kafla er sniðin eftir frv. meiri hl. fossanefndarinnar. Ákvæði um gerð áveitusamþykta eru ekki tekin í þenna kafla. Koma þau í al-

mennum reglum um vatnafjelög í XI. kafla frv. Að öðru vísast til aths. við einstakar greinir kaflans. Sbr. og Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 37.

Um 36. gr.

Samsvarar 38. gr. frv. meiri hl. Orðalagi er breytt í samræmi við 17. gr. frv. þessa. Í frv. minni hl. er ekkert samsvarandi fyrirmæli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

Um 37. gr.

Svarar til 39. gr. frv. meiri hl. og 30. gr. frv. minni hl. Sú efnisbreyting er hjer gerð á tjeðri frvgr. meiri hl. í samræmi við 30. gr. frv. minni hl. að vatnsþörf til iðnaðar og iðju án orkunýtingar (sbr. 17. gr.) gengur fyrir áveituþörf, þegar svo stendur á sem í þessari grein segir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 38.

Um 38. gr.

Samsvarar 40. gr. frv. meiri hl. með viðeigandi orðabreytingum. Í grein þessari er gerð undantekning frá þeirri reglu, að rjett til áveituvatns megi ekki skilja við landareign. Það verður eftir greininni gert til áveitu á aðrar eignir, ef skilyrði 39. gr, eru fyrir hendi, og svo til neyslu. Enn fremur er eftir 37. gr. hugsanlegt, að landeigandi verði af áveitu úr merkivatni vegna þarfa granna síns á því til iðnaðar og iðju samkvæmt 17. gr. Lögnám áveituvatns vegna orkunýtingar þess kemur til álita annarstaðar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

Um 39. gr.

Er að efni til eins og 41. gr. frv. meiri hl., að því fráskildu:

1. Að vatnsþörf til iðju og iðnaðar samkvæmt 17. gr. er hjer sett á bekk með neytsluvatnsþörf. Er það í samræmi við fyrirmæli 37. gr. um merkivötnin.

2. Að bætur eru ákveðnar fyrir það, ef orkunytjum vatns eða möguleika til orkunytja þess er spilt með vatnstöku til áveitu, sbr. orðin: »skaði að vatnstökunni að öðru leyti«. Bætur fyrir slíkt tjón virðist verða óhjákvæmilegt að greiða, af því að landeigandi á alt tilkall til afnota vatnsins í hvaða átt sem þau ganga, eftir stefnu þessa frv. og fyrirmælum 2. gr. þess.

Bætur fyrir vatnstöku skal að sjálfsögðu alt af fullar greiða, ef eign verður tjón að henni. Svo getur jafn vel farið að býli verði stórspilt eða jafn vel alveg gert óbyggilegt, ef áveituvatn er tekið af því, og getur þá vel orðið að greiða fult verð fyrir býlið, eins og það er vert með heimildinni til að nota áveituvatnið í sínar þarfir, eða með öðrum orðum, að áveitumaður eða áveitufjelag verði að kaupa það fyrir fult verð. Um mat bótanna fer annars eftir 140. gr.

29. gr. frv. minni hl., sem svarar til þessarar greinar, er alveg sniðin eftir 3. gr. laga nr. 65, 1913, en ákvæði síðastnefndrar greinar eru hugsunarröng (»hæfileg þóknun« fyrir »bagalausa« vatnstöku) og tryggir ekki rjett landeiganda, sem vatni er sviftur, eins vel og 39. gr. þessa frv. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

Um 40. gr.

Svarar til 42. gr. frv. meiri hl. og 29. gr. frv. minni hl. Grein þessi á að eins við afnot af landi annars manns vegna áveitu, sem nauðsynleg geta verið, hvort sem áveitumaður tekur vatnið í sínu landi eða annara. Jafnvel þessi notkun gæti spilt að mun nytjum af landi annara manna, og er einsætt, að fullar bætur skulu fyrir koma, eins og tekið er fram í athugasemd við næstu grein á undan, eftir því sem á stendur.

Um 41. gr.

Þessi grein á auðvitað við allar áveitur, hvort sem áveituvatn er tekið af landi annars manns eða ekki. Í frv. meiri hl. 43. gr. og í frv. minni hl. 28. gr. eru sömu fyrirmælin. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 37—38.

Um 42. gr.

Er 44. gr. frv. meiri hl. orðrjett. Í 33. gr. frv. minni hl. eru reglur um gerð áveitusamþykta, en þær reglur koma síðar, svo sem fyrr segir. Sbr. annars við þessa og eftirfarandi greinir Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 39.

Um 43. gr.

Er samhljóða 45. gr. frv. meiri hl. Sams efnis er 37. gr. frv. minni hl. Í henni eru skaðabótareglur laga nr. 65, 1913, 13. gr., sem eru hugsunarrangar, með því að þar segir, að bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi verði því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það, eins og greiða ætti bætur fyrir annað, t. d. landsafnot, hvort sem tjón leiddi af eða ekki. Um bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi á vitanlega að fara sem um bætur fyrir annað. Ef manni verður talið tjón að, þá skal bæta. Annars ekki. Sbr. annars um bætur athugasemd við 39. gr. þessa frv.

Um 44. gr.

Samhljóða 46. gr. frv. meiri hl., sem að efni til er samhljóða 38. gr. frv. minni hl., að undanteknu niðurlagsákvæðinu um greiðslu matskostnaðar, sem almenn regla er um í 150. gr. þessa frv.

Um 45. gr.

Samhljóða að efni til 47. gr. frv. meiri hl. og 39. gr. frv. minni hl. Niðurlagsákvæði síðarnefndrar greinar er þó slept, um greiðslu matskostnaðar af sömu ástæðu sem í aths. við 44. gr. getur.

Um 46. gr.

Er samhljóða 1. og 2. lið 48. gr. frv. meiri hl. 3. liður er feldur niður hjer, af því að alment lögtaksákvæði er í 106. gr. frv. þessa. Um skifti landsdrottins og leiguliða er, eins og í frv. meiri hl., tekin reglan í Flóaáveitulögum nr. 68 1917, 11. gr. Auðvitað er aðiljum ekki þar með meinað að semja öðru vísi. Það mun venjulega hallkvæmara áveitufjelaginu að eiga vísan aðgang að

landsdrotni, og því er þeirri reglu Flóa-áveitulaganna haldið hjer, en ekki reglu laga nr, 65, 1913, 17. gr., eins og gert er í 40. gr. frv. minni hl.

Um 47. gr.

Sbr. 49. gr. frv. meiri hl. og 41. gr. frv. minni hl.

Um 48. gr.

Samhljóða 50. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði er ekki í frv. minni hl. Ákvæði þessarar greinar svarar alveg til 30. gr. þessa frv., og má vísa til aths. við hana.

Fyrirmæli 42. gr. frv. minni hl. um lögtaksrjett fyrir gjöldum samkvæmt löggiltum áveitusamþyktum eru ekki tekin upp í þenna kafla, af því að alment ákvæði þar um verður sett í kaflann um vatnafjelög. Sjá 106. gr.

Um V. kafla.

Efnisskipun frv. meiri hl. fossanefndar er fylgt í þessum kafla, eins og í III. og IV. kafla, þannig að fyrst koma reglur um rjett landeiganda og annara, sem eiga yfir vatnsrjettindum að ráða, þá um rjettindi ríkisins, hjeraða og vatnafjelaga (orkuveitufjelaga) og síðan um rjett þeirra manna, sem eigi ráða sjálfir yfir vatnorku, en þurfa að taka orku, sem aðrir hafa heimildir á. Loks eru ákvæði um orkugjald í stað peninga í bætur fyrir lögnumin orkurjettindi og um samband landsdrottins og leiguliða. Bæði eru því frumvörp fossanefndar að sjálfsögðu höfð til hliðsjónar, minni hl. frv. bæði vegna þess að stefna þess er upptekin og nokkur ákvæði þess, sem frv. meiri hl. hefir ekki að geyma, einnig tekin í frumvarp þetta. Frv. meiri hl. er, sem sagt var, lagt til grundvallar um efnisskipun, en þar að auki eru úr því tekin ýms fyrirmæli, sem hitt frv. hefir ekki. Af þessu öllu leiðir það, að víða hefir verið óhjákvæmilegt að breyta orðalagi og færa efni úr einni grein í aðra. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 68, minni hl. bls. 42.

Um 49. gr.

1. liður greinar þessarar er, vegna stefnu frv., að efni til samhljóða 60 gr. frv. minni hl., 2. liður svarar til frv. meiri hl. 51. gr. 6. liðs, en 3. liður er að efni til tekinn úr frv. meiri hl. 66. gr. 1. og 2. lið og 65. gr. 3. og 4. lið. Vegna stefnu þessa frv. er ekki ástæða til að greina í þessu sambandi svo eindregið milli orkunýtingar til heimilis- og búþarfa og annarar orkunýtingar sem gert er — og hlaut að vera gert — eftir frv. meiri hl. Þess vegna eru fyrirmælin úr 65. gr. 4. lið og 66. gr. 1. og 2. lið og ákvæðum 49. gr. 6. liðs ásamt 60. gr. frv. minni hl. sbr. 19. gr. 1. lið frv. meiri hl. slegið saman í eina heild, því að alt er um sama efni — rjett landeiganda og annara umráðamanna vatnorku. Það þykir rjett að taka það skýrt fram og ótvírætt, eins og gert er í 19. gr., 1. lið í frv. meiri hl., að vatnsþörf til heimilis og bús og áveitu gangi fyrir orkuþörf. Hins vegar virðist ekki bein þörf á því að geta hjer sjerstaklega um takmarkanir þær, sem umráðamönnum vatnorku eru settar um notkun og meðferð

orkunnar eða rjettindanna. Þær takmarkanir koma allar á sínum stöðum í frv. og í væntanlegum sjerleyfislögum, og verður auðvitað að skilja upphafsákvæðið í 49. gr. með hliðsjón af takmörkunarreglum löggjafarinnar um þetta efni, þar á meðal takmörkunum þeim, sem þegar eru í 2. og 3. lið greinarinnar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. bls. 69 (um 6. lið 51. gr.) og 71 (um 65. gr.) og minni hl. bls. 41—42.

Um 50. gr.

Svarar til 52. gr. frv. meiri hl. 1.—3. liðs. 4. lið er hjer slept, því að efni hans er áður komið í 49. gr. 3. lið. Í frv. minni hl. er ekki samsvarandi fyrirmæli, nema að því leyti sem 72.—74. gr. tekur til. Orðabreytingar frá 52. gr. frv. meiri hl. eru afleiðingar stefnumunar þessa frv. og frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 69.

Um 51. gr.

Svarar til frv. meiri hl. 53. gr., minni hl. 61. gr. Úr eru auðvitað feld þau orð, er sjerstaklega sýna stefnu frv. meiri hl. í 53. gr.

Um 52. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 63. og 64. gr. frv. minni hl. Hún á einungis við *merkivötn*. Afnot af landi annars manns heyra annars undir 50. gr. 3. lið. En hjer stendur sjerstaklega á, þar sem báðir aðiljar eiga orkutilkall hvor að sínum hluta og ógerlegt eða óhentugt er að hvor virki einungis að sínum hluta. Með því að grein þessi tekur einungis til merkivatna, þá þykir best fallið, að hún komi þegar á eftir 51. gr. Frv. minni hl. hefir einungis þessa grein og hefir tekið hana úr frv. norsku fossanefndarinnar. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 43. og 66. og 67. gr. frv. norsku fossanefndarinnar (Nefndarálit meiri hl. C. bls. 16).

Um. 53. gr.

Er að efni til í 62. gr. frv. minni hl. að eins, og tekin þangað úr. frv. norsku fossanefndarinnar (Nefndarálit meiri hl. C. bls. 15—16). Greinin á ekki við merkivötn, heldur þar sem menn eiga land í sameign, þar er vatnsrjettindi fylgja, eða tilkall í fjelagi til vatnorku með eða án lands, auk farvegarins. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. bls. 43.

Um 54. gr.

Svarar til 1., 3. og 4 liðs frv. meiri hl. 54. gr., og 65. gr. 1. málsgr. og 68. gr. frv. minni hl. Efnisskipun hefir verið nokkuð breytt frá því sem er í tjeðri grein frv. meiri hl., með því að gleggra þykir að hafa lögnámsákvæðin sjer og bótaákvæðið sjer. Ennfremur er sleginn varnagli í 3. lið um það, að skilyrði skuli setja samkvæmt sjerleyfislögum, þegar landstjórnin fær öðrum í hendur rjett sinn, því að ekki er víst, að orkunotin nemi svo miklu alt af sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum.

Um 55. gr.

Samhljóða 55. gr. frv. meiri hl. Samskonar fyrirmæli eru í 69 gr. frv. minni hl.

Um 56. gr.

Samhljóða að efni til 56. gr. frv. meiri hl. Um leyfishafa samkv. 54. gr. 3. lið er þó sleginn varnagli um einkasöluna. Það verður að fara eftir ákvörðun landsstjórnar hverju sinni, hvort leyfishafi skuli fá einkarjett til raforkusölu eða ekki. Fyrir vatnastjórn í 2. er sett: ráðherra, samkvæmt því, er fyrr hefir verið sagt. Samskonar fyrirmæli eru í frv. minnihl. 66. gr. 1. málsgr. Þó nær einkasalan þar einnig til raforkutækja, sbr. lög nr. 51 1915 4. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 60—70, minni hl. bls. 44.

Um 57. gr.

Er sams efnis sem frv. meiri hl. 57. gr., nema að ráðherra kemur auðvitað í stað vatnastjórnar. 67. gr. frv. minni hl. er sams efnis sem 1. liður. Sbr. Nefndarálit frv. meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 44.

Um 58. gr.

Sams efnis sem 58. gr. frv. meiri hl., nema ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Samsvarandi fyrirmæli eru í 65. gr. 2. málsgr. og 70. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 43—44, 44—45.

Um 59. gr.

Svarar til 59. og að nokkru leyti til 60. gr. frv. meiri hl. Lögnámsákvæðin eru hjer tekin saman og bóta-ákvæðið. Samsvarandi fyrirmæli eru í frv. minni hl. 65. gr. 2. málsgr. og 69. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 43—44, 44.

Um 60. gr.

Svarar til 60. gr. frv. meiri hl. að öðru en því, að lögnámsákvæði hennar eru tekin í 59. gr., sem fyrr segir. Samsvarandi fyrirmæli eru í 66. gr. 2. málsgr. og 67. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 44.

Um 61. gr.

Svarar til frv. meiri hl. 61. gr. Frv. minni hl. hefir ekkert slíkt ákvæði. Enda þótt hjeraðsstjórn verði að greiða endurgjald fyrir vatnstöku, ef því er að skifta, virðist það alls ekki ósamrímanlegt því, að fleiri njóti síðar góðs af veitu hennar samkv. 2. lið. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70—71.

Um 62. gr.

Samhljóða frv. meiri hl. 62. gr. Í frv. minni hl. svarar 71. gr. 2. málsgr til 1. liðs, en að öðru leyti eru ekki samsvarandi fyrirmæli í frv. minni hl. Sbr Nefndarálit meiri hl. bls. 71.

Um 63. gr.

Svarar til 63. gr. frv. meiri hl. og 71. gr. 1. málsg. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 45.

Um 64. gr.

Er sams efnis sem frv. meiri hl. 64. gr. Þó er annar liður feldur úr, af

því að í 101. gr. í XI. kafla um vatnafjelög er samsvarandi ákvæði. Í frv. minni hl. 72. gr. eru fyrirmæli, er svara til þessarar greinar, en þar er, eins og annarstaðar á tilsvarandi stöðum, slegið saman í eitt fyrirmælum um vatnafjelög og um einstaka menn. En bæði er það, að tilvikin eru ekki nægilega skyld í eðli sínu til þess, að alveg sömu reglum verði beitt um þau, og svo eru fyrirmæli um vatnafjelög alment á öðrum stað í frumv. þessu, sem gera nauðsynlegt að halda reglunum um einstaka menn og orkuveitufjelög alveg aðgreindum. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 45.

Um 65. gr.

Hjer segir um það, ef einstakur maður þarf að taka fallvatn, sem annar maður hefir umráð yfir, og eigi gerður principaliter munur á því, til hvers hann ætlar að nota orkuna, eins og í frv. meiri hl. er gert, sbr. aths. við 49. gr. Hins vegar kemur munurinn fram í framkvæmdinni, með því að strangari skilyrði eru sett um virkjun fallvatna, sem meiri orku hafa en 200 eðlishestorkur. Ekki er lögnámsheimildin heldur bundin við óvirkjað vatn einvörðungu, eins og gert er í frv. meiri hl., því að vel getur svo staðið á, að hallkvæmt sje að taka lögnámi smáver, sem ekki nota alla orku þess vatns, sem þau eru við og unt er að virkja. Enn fremur er lögnám alt af háð leyfi ráðherra, og er einsætt, að ekki verði leyft að taka starfandi ver lögnámi, nema sýnn hagur sje að, þegar bæði er tekin til greina aðstaða þess, er lögnámsheimild fær, og hins, sem lögnám kemur niður á, sbr. 1. lið greinarinnar. Af því að greiða skal bætur fyrir vatnstöku, hvort sem vatn er virkjað eða óvirkjað, er vísað til ákvæðisins um bætur í 54. gr. 2. lið. Um rjett þeirra, er kynnu að hafa fengið orku úr lögnumdu veri samkvæmt grein þessari, gilda einnig reglur 54. gr. 2. liðs. Ef svo mikil orka er tekin, að sjerleyfislög nái til, ber auðvitað að setja aðilja skilyrði samkvæmt þeim.

Samsvarandi fyrirmæli eru í 65., 72. og 74. gr. frv. minni hl. Er greinin nær frv. meiri hl. að efnisskipun, en frv. minni hl. að efni. Ber stefna frv. til þess að nokkru leyti. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 44—45.

Um 66. gr.

Að undantekinni síðustu setningu, er grein þessi svipaðs efnis sem 67. gr. frv. meiri hl. Orkan er þó eigi miðuð við þá orku, sem landareign var áskilin eftir 51. gr. frv. meiri hl., heldur ter það eftir mati samkvæmt 143. gr. Síðasta setning greinarinnar miðast við fyrirmælin í 53. gr. frv., og hefir frv. minni hl. ákvæði varðandi að efni í 104—112. gr., en annars eru ekki í því frv. reglur svarandi til þessarar greinar. Eftir því, sem á stendur, virðist ekki sanngjarnt að einskorða orkukröfuna samkvæmt síðustu setningu við það, að orkunytjarjetturinn fylgi landareigninni. Það er ógerlegt, af því að oft mundi orkunytjarjetturinn einmitt hafa skilist við eignina, þegar hann komst í sameign. Ef innleysanda þykir of mikil orka verða áskilin hinum, getur hann farið lögnámsleiðina samkv. 65. gr., ef ráðherra leyfir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71—72, minni hl. bls. 59—60.

Gera má annars ráð fyrir því, að ráðherra muni eftir föngum kynna sjer það, hvort tilkall muni gert til orku samkv. þessari grein, áður en hann tekur

ákvörðun um lögnámið, jafnhliða því, er annars ber að gæta, þegar lögnáms er beiðst af hjeruðum, vatnafjelögum eða einstökum mönnum samkv. þessum kafla.

Um 67. gr.

Er samhljóða 68. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi er ekki í frv. minni hl. Ákvæði greinarinnar verður að eins beitt, þegar orka er seld frá orkuveri með staðfestri gjaldskrá, og á því ekki við, þótt leiguliði geri sjálfur orkuver til þarfa sinna. Það á þar á móti við, þegar hann gengur í orkuveitufjelag, er með í hjeraðsfyrirtæki, eða kaupir orku frá ríkisveri eða einstaklinga, þar sem gjaldskrá er staðfest. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72.

Um VI. kafla.

Þessi kafli er að efnisskipun sniðinn eftir VI. kafla frv. meiri hl. fossanefndar. Í frv. minni hl. á samsvarandi (VIII.) kafli einungis við vatnsmiðlun til *iðju*. Þó að tíðast muni vera, að vatnsmiðlun sje framkvæmd í sambandi við iðju — aðallega stóriðju — þá er þó alls ekki loku skotið fyrir það, að miðlun sje líka gerð í vatni til annara þarfa, t. d. til áveitu og neyslu, til að verja land við ágangi vatns o. s. frv. Og því er fyrirsögn VI. kafla frv. meiri hl. haldið óbreyttri.

Það má að ýmsu deila um það, hvað taka skuli í kaflann um vatnsmiðlun, og hvað fremur eigi heima í sjerleyfislögum. Miðlun, sem gerð er eingöngu í öðru skyni en orkunýtingar, virðist eiga heima að öllu leyti í vatnalögum, en ekki í sjerleyfislögum. Og ekki kemur heldur til mála að heimta gjöld af miðlun í því skyni. Og þótt miðlun sje gerð í svo smáum stýl til orkunýtingar, að orkan nemur ekki því, er sjerleyfislög segja, þá á og sú miðlun heima í vatnalögum. Og varla munu verða heimtuð gjöld af slíkum fyrirtækjum fyrir miðlunarheimildina til ríkis eða hjeraða. Þegar þar á móti fyrirtækið er svo stórvaxið, að sjerleyfislög taka til þess, þá hljóta að nokkru leyti að vera settar reglur um það í sjerleyfislögum. Er sumstaðar goldið árgjald af miðlunarheimildinni, auk þess gjalds sem slík fyrirtæki greiða fyrir heimildina til að virkja vatn og nota orku þess. En annað er það, hvort setja skuli í vatnalögin fyrirmæli um gjöld þessi, þó að til kæmi, eða láta sjerleyfislögin um það. Minni hl. fossanefndar hefir, eftir norskri fyrirmynd, sett í 80. gr. frv. síns ákvæði um miðlunargjöld, en meiri hl. hefir ekki gert það. Það virðist að minsta kosti eins vel fara á því, að taka fyrirmæli um gjöld fyrir miðlunarheimild — ef á annað borð þykir rjett að heimta þau — í sjerleyfislög. Eðlilegast virðist, að gjald sje að eins greitt fyrir þá hestaflatölu, sem sjerleyfið heimilar að virkja, hvort sem sú orka er fengin að einhverju leyti með miðlun eða ekki. Og er þá auðvitað unt að taka það atriði til greina, þegar ákveða skal uppbæð gjaldsins, ef svo sýnist.

Minni hl. hefir og tekið í frv. sitt, í 82. gr., ákvæði um bann við *framsali* á vatnsmiðlunarleyfi. Ef leyfið varðar orku, sem undir sjerleyfislög fellur, þá á bann við framsali þess heima í sjerleyfislögum. En ef miðlun er að eins leyfð til annars en orkunýtingar, er tæplega nokkur ástæða til að banna leyfishafa að láta aðra verða aðnjótandi þess. Og líkt virðist mega segja um miðlun til orkunýtingar, sem ekki fellur undir sjerleyfislögin. Slík fyrirtæki virðist mega afhenda

eftir almennum reglum löggjafarinnar, ásamt þeim fyrirtækjum, sem þau fylgja, eða rjetti til að setja þau fyrirtæki á stofn. Auðvitað hvíla sömu skyldur um gerð og viðhald mannvirkjanna á nýjum eigendum sem heimildarmanni þeirra.

Ennfremur hefir minni hl. sett ákvæði í frv. sitt, er bindur leyfi til miðlunar við samþykki Alþingis, ef fyrirtækið er stórfelt. Þetta á þó einungis við stórmiðlanir til iðju, samkvæmt fyrirsögn VIII. kafla frv. Um slíkt samþykki er því ekki að tala, eftir frv. minni hl., til miðlunar í öðru skyni. Samþykki Alþingis þarf því, eftir frv., að eins til miðlunar, þegar sjerleyfislög mundu taka til orkunýtingarinnar. Ef sá kostur verður hjer tekinn, að binda sjerleyfisveitingar nokkurn tíma við samþykki Alþingis, þá virðist einnig ákvæði um það efni, í samhandi við leyfi til stórmiðlana, eiga heima fremur í sjerleyfislögum en vatnalögum.

Alment ákvæði um það, að leyfi til miðlunar skuli vera *tímabundin*, eins og minni hl. hefir í 82. gr. frv. síns, virðist ekki heldur eiga heima í vatnalögum, því að ef sjerleyfislög ná til, þá fer málið einnig að þessu leyti eftir fyrirmælum þeirra. En ef sjerleyfislög taka ekki til, þá er varla alment ástæða til að binda heimildina við fyrir fram tiltekinn tíma. Og stundum getur ekki komið til mála að gera það, t. d. um miðlun vegna áveitu, neysluvatnsveitu, eða til varnar við spjöllum af vatni. Og sama er oft að segja um smámiðlanir í sambandi við orkunýtingu. Hins vegar getur svo staðið sjerstaklega á, að varlegra sje að binda leyfið við tiltekinn tíma. Og þá hefir ráðherra heimild til þess, samkvæmt 69. gr. 1. lið.

Að öðru leyti vísast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 46, og aths. við einstakar greinir frv. þessa.

Um 68. gr.

Er að efni til samhljóða 69. gr. frv. meiri hl., nema ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Sama efnis er 83. gr. frv. minni hl. Þó eru þar engin fyrirmæli svarandi til 3. liðs, en alment ákvæði samskonar efnis er í 93. gr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 48.

Um 69. gr.

1. liður svarar til 70. gr. frv. meiri hl., að breyttu breytanda. 2. liður er tekinn úr frv. minni hl., 78. gr., með breyttu orðalagi. Það virðist sanngjarnt, að umráðamenn vatnsrjettinda, einkum bakkabúar við vatnsföll, gangi fyrir um leyfi til miðlunar, að öðru jöfnu. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 47.

Um 70. gr.

1. liður í upphafi er sem samsvarandi liður í 71. gr. frv. meiri hl. Það virðist eðlilegt, að heimild til vatnsmiðlunar fylgi leyfi til að gera og starfrækja orkuver, samkvæmt V. kafla frv. Auðvitað koma þó sjerleyfislög til greina, ef fyrirtækið er svo stórfelt, að það falli undir þau, og felst þetta í tilvísun til 58.—65. gr. frv. (58.—66. gr. frv. meiri hl.). Sama er tekið fram með öðrum orðum í 80. gr. frv. minni hl., sbr. þó þar orðið: »*má*«.

Eftir báðum frv. fossanefndar skal þó altaf þurfa sjerstaks leyfis, ef svo

stendur á sem í stafl. a—e segir, í 71. gr. frv. meiri hl. og 75. gr. frv. minni hl. Efni þessara liða er hjer samandregið í 4 liði, a—d, og ofurlítið breytt.

Um a: Eftir frv. meiri hl. þurfti ekki leyfi, nema *almenningi* væri tjón eða hætta búin af fyrirtækinu, En vel má vera, að verkanir þess verði mjög alvarlegar fyrir einstakan mann, þó að ekki sje hægt að segja með rjettu, að almenningsheill sje um að tefla. Og virðist þá, í samræmi við meginreglur frv. þessa um leyfi til lögnáms, rjett, að leyfi ráðherra skuli þurfa til vatnsmiðlunar, þegar svo er ástatt sem hjer segir. Þegar beinlínis þarf að taka land annars manns eða rjettindi til að framkvæma sjálft verkið, koma fyrirmælin í staflið d. til greina.

Um b.: Ákvæði samsvarandi liðs í frv. fossanefndar eru hjer almennar orðuð, og þar að auki hefir hann að geyma alment ákvæði um spjöll á landsnytjum, sem að nokkru leyti virðast talin í stafl. d. í 71. gr. frv. meiri hl. Það þykir fara betur á því að taka hjer í einu spjöll á landi eða landsnytjum, án þess að sagt verði, að þau sje beinlínis tekin lögnámi. Upptalningum frumvarpanna er slept, enda eru þær varla tæmandi, því að sama máli skiftir, hvers konar landsgæðum o. s. frv. er spilt, t. d. óræktuðu landi, sem ekki verður lengur hæft til sinnar notkunar, svo sem námaland, fiskþurkunarland o. s. frv. Af sömu ástæðum, sem greindar voru við stafl. a, er og takmörkun frv. fossanefndar um að almenningi skuli vera búin hætta eða tjón af fyrirtækinu, feld niðar.

Um c.: Sbr. aths. við stafl. b.

Um d.: Sams efnis sem stafl. d. og e. í frv. fossanefndar. Tekur þessi liður hjer bæði til töku (lögnáms) á landi og rjettindum, þar á meðal vatnsrjettindum, hvort sem er í heimalöndum manna eða utan þeirra. Orðið forræði er hjer haft, eins og í frv. meiri hl., af því að varla verður talað um lögnám á landi ríkisins, því að ríkisvaldið verður að veita leyfi til tökunnar, en ekki verður það kallað lögnám, þegar eign er tekin með leyfi eiganda. Það þykir óþarft að nefna sjerstaklega afrjetti og almenninga, því að ef ríkið á þessar lendur, er víst að leyfi þarf til að taka þær, og ef þær eru einstaklingseign, þá þarf leyfi með sama hætti.

2. og 3. liður er sams efnis sem 2. og 3. liður 71. gr. frv. meiri hl. 4. liður er feldur niður, því að almenn regla sama efnis er í 144. gr. (128. gr. frv. meiri hl.).

4. liður er úr frv. minni hl. 76. gr. 2. málsgr. og 80. gr. síðustu málsgr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72—73, minni hl. bls. 46—47.

Um 71. gr.

Sams efnis sem frv. meiri hl. 72. gr. Sbr. og 76. gr. gr. frv. minni hl. og 129. gr. 1. lið stafl. d. í frv. meiri hl.

Um 72. gr.

Samhljóða 73. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi er í frv. minni hl. 92. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73.

Um 73. gr.

Sams efnis sem 74. gr. frv. meiri hl. Sbr. og 114. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 73.

Um 74. gr.

Ef miðlunarvirki eru í sambandi við orkunýtingu, verður væntanlega sett regla um þetta efni í sérleyfislögum, ef fyrirtækið er svo stórfelt. Ella verður að fara eftir þessari grein. Ljóst er það, að miðlunarvirki geta orðið tekin lögnámi, og kunna þá að verða lögð niður þess vegna, og þá yrði lögnemi að greiða virkiseiganda bætur eftir almennum reglum og öðrum, sem tjón kynnu að bíða af niðurlagningu þeirra. Enn fremur getur ráðherra auðvitað krafist niðurlagningar, ef gerð eða viðhald miðlunarvirkja reynist ófullnægjandi og ekki er löglega bætt úr. Sbr. kaflann um almenn ákvæði um vatnsvirki. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að efni til alveg samhljóða VII. kafla frv. meiri hl. 76.—78. gr. Auk smávægilegra orðabreytinga, eru fyrirmæli um vatnastjórn auðvitað feld niður, ráðherra er settur í stað stjórnarráðs, og síðasta setning í 3. lið 76. gr. frv. meiri hl. er slept, því að alment fyrirmæli sama efnis er í 144. gr. (sbr. 128. gr. frv. meiri hl.). Þenna kafla vantar í frv. minni hl. Sbr. annars Nefndaráliti meiri hl. A. I, bls. 73.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli svarar til VIII. kafla frv. meiri hl. og V. kafla frv. minni hl. 82. gr. frv. meiri hl. og 46. gr. frv. minni hl., sem að mestu leyti eru samhljóða er þó slept hjer, af því að óþarft er að hafa hana, því að efni hennar felst í 82. gr. 1. lið, sbr. 48. gr. frv. þessa. Ákvæði um það, að menn megi vinna af sjer kostnað mun varla þurfa sjerstaklega hjer fremur en um tilsvarandi atriði í áveitukaflanum (48. gr. þessa frv., 50. gr. frv. meiri hl.). Má vænta, að því verði hagað sem hentugast er hverju sinni. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73—74, minni hl. bls. 39—40.

Um 78. gr.

Er að efni til samhljóða 79. gr. frv. meiri hl. og 43. gr. frv. minni hl. Bætt er þó við fyrirmælinu um framhald skurðanna eftir frv. norsku fossanefndarinnar. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 39.

Um 79. gr.

Samhljóða að efni til frv. meiri hl. 80. gr. og frv. minni hl. 44. gr. Orðabreytingar eru að eins til skýringar. Sbr, Nefndarálit minni hl. bls. 39—40.

Um 80. gr.

Samhljóða að efni til 81. gr. frv. meiri hl. og 45. gr. frv. minni hl., að því undanskildu, að felt er niður ákvæðið um heimild aðilja til að velja á milli

bóta eitt skifti fyrir öll eða árgjalds, því að almenn regla er um þetta í 138. gr. (136. gr. 1. lið stafl. b. í frv. meiri hl.), sem hjer mun duga. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 40.

Um 81. gr.

Samhljóða að efni til 83. gr. frv. meiri hl. og 47. gr. frv. minni hl. með þeirri viðbót, að vísað er til 72. gr., því að rjett þykir að taka það berum orðum fram, að lögnámsleyfi sje sömu skilyrðum bundið, sem þar segir. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 40.

Um 82. gr.

Er að breyttu breytanda samhljóða 84. gr. frv. meiri hl. Líks efnis er 48. gr. frv. minni hl., eftir því, sem hún er skýrð í Nefndaráliti hans bls. 40. En eftir orðalagi sínu getur sú grein einnig átt við sameignarland, eins og 46. gr. þess frv.

Um IX. kafla.

Kafli þessi svarar til IX. kafla frv. meiri hl. og 57., og 58. og að nokkru til 50. gr. frv. minni hl., sem eru í enda kafla þess frv. um holræsi. 83. gr. tekur að eins til iðjuvera allskonar, og er fyrst og fremst ástæða til að setja lagafyrirmæli um meðferð þeirra á vatni frá sjer. En auk þess virðist vel fallið að hafa annað almennt ákvæði um óhreinkun vatna, af því að það vantar í löggjöfina. Reyndar má við heilbrigðissamþyktir hlíta, þar sem þær hafa verið settar, en víða eru engar heilbrigðissamþyktir enn þá til, þótt heimild sje til að setja þær í lögum nr. 64, 10. nóv. 1905. Enn fremur ná heilbrigðissamþyktir ekki til, ef önnur sveit óhreinkar vatn fyrir annari. Kemur þá bæði 84. og 85. gr. til álita. Annars vísast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41, 42.

Um 83. gr.

1. liður fyrri setning er að efni til sem 1. liður 85. gr. frv. meiri hl. og 58. gr. frv. minni hl. í upphafi. Síðari setningin svarar til síðari setningar 57. gr. frv. minni hl.

2. liður svarar til 2. liðs 83. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til síðari málsgr. 58. gr. frv. minni hl. Orðabreytingar eru að mestu einungis í samræmi við 3. lið greinar þessarar. Þó er fyrirmælið um bætur í stafl. c. töluvert rýmra en í frv. meiri hl. Geta spjöllin vel verið á fleiru en landi, t. d. á vatni til annarar iðju eða iðnaðar.

3. liður geymir almennt fyrirmæli um mat bóta, sem á við öll tilvikin. Þykir betur fara á því.

4. liður svarar til 3. liðs 83. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til 58. gr. frv. minni hl. Það virðist öruggara að hafa leyfi ekki óafturtækt neinn tiltekinn tíma, og er hjer að því leyti fylgt frv. minni hl.

5. liður svarar til 2. málsgr, 58. gr. frv. minni hl. Þykir rjett að taka það fram berum orðum, að nýtt leyfi þurfi, ef breytingar verða til hins verra á fráfærslunni.

Um 84. gr.

Svarar til 56. gr. frv. minni hl. Annars vísast til aths. við þenna kafla.

Um 85. gr.

Svarar til 86. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til 59. gr. frv. minni hl. Hjer er þó almennara orðað en í greinum frv. fossanefndar, því að vel getur verið þörf á að taka í taumana, þó að óhreinkun verði ekki talin heilsuspillandi, t. d. ef vatni til iðju eða iðnaðar er spilt. Ef alt er í sömu sveit, má gera við þessu með heilbrigðissamþykt — að minsta kosti venjulega — en ella þarf aðra heimild, og hún felst í þessari grein. Þar sem engin heilbrigðisnefnd er — en það mun allvíða vera — virðist rjett, að bera málið undir hreppsnefnd. Því er sú viðbót sett hjer.

Um X. kafla.

Efnisskipun er hjer sú sama sem í X. kafla frv. meiri hl. og lýst er í aths. við III. kafla. Minni hl. hagar hér (í VI. kafla frv. síns) niðurröðun efnis og fyrirmælum alveg eins og í III. kafla síns frv. (um neysluvatnsveitur). Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41.

Um 86. gr.

Er samhljóða 87. gr. frv. meiri hl. og 49. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. 41.

Um 87. gr.

1. liður er sem 1. liður 88. gr. frv. meiri hl. og svarar til 50. gr. 1. málsgr. frv. minni hl. Hjer er nokkur munur á frv. meiri hl. og minni hl. um ákvörðun holræsagjalds. Allskostar rjettláta reglu er varla unt að finna. Hentast virðist að fara þá leið, sem meiri hl. valdi, að heimila ráðherra, sem reglugerðir staðfestir, og bæjarstjórn, er semur þær, að haga þessu nokkuð eftir því sem þeim þykir hentast og sanngjarnast. — 2. og 3. lið vantar í frv. minni hl., en sjálfsagt virðist að halda þeim, eins og þeir eru í frv. meiri hl. — 4. liður 1. setning er samhljóða 4. lið 1. setningar í 88. gr. frv. meiri hl. og 2. málsgr. 50. gr. frv. meiri hl. 2. setningu (um lögveðrjett og forgöngurjett) vantar í frv. minni hl., en sjálfsagt virðist að halda þeim fyrirmælum. Ekki er ætlast til þess, að holræsi verði nokkurn tíma skattstofn, enda útilokar orðalagið það, sbr. orðin: »til að standa straum af holræsakostnaði«. Virðist óþarft að setja mönnum aðrar skorður um álagning gjaldsins. Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41.

Um 88. gr.

Er samhljóða 89. gr. frv. meiri hl. og (1. og 2. liður) 50. gr. og (3. liður) 51. gr. 3. málsgr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74—75, minni hl. bls. 41.

Um 89. og 90. gr.

89. gr. er samhljóða 90. gr. frv. meiri hl., en til hennar svarar 52. gr. frv. minni hl., en ákvæði frv. meiri hl. eru fyllri en frv. minni hl., 90. gr. er samhljóða 91. gr. frv. meiri hl. og 53. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75. minni hl. bls. 41.

Um 91. gr.

1. liður er sem 1. liður 92. gr. frv. meiri hl., en nálega samhljóða honum er 54. gr. 1. málsgr. frv. minni hl. — 2. liður svarar til 2. málsgr. 54. gr. frv. minni hl., en vantar í frv. meiri hl. Svarar hann alveg til 28. gr. 3. liðs um neysluvatnsveitur. 2. liður 92. gr. frv. meiri hl. virðist óþarfur, því að efni hans felst í tilvísun 4. liðs til þar nefndra greina frv. þessa. — 3. og 4. liður svara til 3. og 4. liðs 92. gr. frv. meiri hl. og 3. og 4. málsgr. 54. gr. frv. minni hl. Ákvæði frvgr. meiri hl. um vatnastjórn er auðvitað slept. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I bls. 75, minni hl. bls. 41—42.

Um 92. gr.

Hjer er fylgt efnisskipun frv. meiri hl. (93. gr., sbr. 94. gr.), eins og í kaflanum um neysluvatnsveitur (III. kafla). Svarar þessi grein til 93. frv. meiri hl. Minni hl. hefir ákvæði í 55. gr. í upphafi, er að nokkru svarar hjer til. En þau eru mjög stutt og segja annars ekkert um það, hvaða skipun skuli hafa á fjelagsskap um holræsi. Hjer og í XI. kafla eru reglur um þau efni. Grein þessi svarar til 29. gr. þessa frv.

Um. 93. gr.

Er sams efnis sem 94. gr. frv. meiri hl. Sbr. frv. minni hl. 55. gr. í upphafi. Þessi grein svarar til 30. gr. frv. þessa.

Um 94. gr.

Er samhljóða 95. gr. frv. meiri hl. Sams efnis sem 1. liður er að nokkru leyti 1. málsgr. 55. gr frv. minni hl. Grein þessi, 1. liður, svarar til 34. gr. frv. þessa. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 95. gr.

Er samhljóða 96. gr. frv. meiri hl., að breyttu breytanda. Í frv. minni hl. er ekkert slíkt fyrirmæli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 96. gr.

Er sams efnis sem 97. gr. frv. meiri hl. Rjett þykir að bæta í greinina ákvæði um sömu skilyrði fyrir lögnámi hjer sem eftir 72. gr. frv. þessa. Ákvæði sams efnis sem 1. liður greinar þessarar er í 2. málsgr. 55. gr. frv. minni hl. og sams efnis sem 2. liður er 56. gr. sama frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 75, minni hl. bls. 42.

Um 97. gr.

Er sams efnis sem 98. gr. frv. meiri hl. Vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 98. gr.

Er samhljóða, að breyttu breytanda, 99. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði hefir 59. gr. frv. minni hl. Þar er þó skotið inn fyrirmælum um óhreinkun vatns, (sbr. 85. gr.), og auk þess taka ákvæði frv. minni hl. um holræsi að engu til eldri holræsa. En af ástæðum þeim, sem í Nefndaráliti meiri hl. greinir, virðist rjett, að hjer greind fyrirmæli nái einnig til eldri holræsa.

Um XI. kafla.

Fjelög um verkefni þau, sem í þessum kafla greinir, tíðkast allmikið í öðrum löndum, og auk þess um fleiri verkefni, svo sem fleytingu og umferð um vötn. Eru og sumstaðar í lögum rækileg almenn ákvæði um slík fjelög, svo sem í vatnalögum ýmissa þýskra ríkja. Þess konar fjelagsskapur getur væntanlega einnig orðið tíður hjer á landi, að undanteknum fleytifjelögum og umferðar, sem tæplega mun þurfa að gera ráð fyrir hjer. Áveitufjelög eru hjer þegar fyrir, og má búast við, að þeim fjölgi með tímanum. Það getur varla orkað tvímælis, að hallkvæmt sje að hafa sameiginlegar reglur um fjelög þessi á einum stað, eftir því sem kostur er á. En auðvitað er það, að hver fjelagstegund hefir nokkur sjereinkenni, og verður því að gæta sjerreglna laganna um hverja þeirra fyrir sig í hverjum einstökum kafla. Þessi kafli er einnig XI. kafli í frv. meiri hl., en er ekki í frv. minni hl., nema að í IV. kafla þess eru nokkur fyrirmæli um áveitufjelög (32.—36. gr.). Í eftirfarandi aths. við þenna kafla er því altaf átt við frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl., bls. 76—78.

Um 99. gr.

Er samhljóða 100. gr., að breyttu breytanda.

Um 100. gr.

1. liður er sams efnis sem 1. liður 101. gr., en ofurlítið fyllri. Af því að vatnastjórn verður ekki eftir þessu frv. með sama skipulagi sem eftir frv. meiri hl., hefir 2. lið þess verið slept, nema að því leyti sem ráð er fyrir því gert, að menn geti fengið upplýsingar hjá vatnamálastjóra, og vísað til 154 gr. 1. lið C.

Um 101. gr.

102. gr. Í 2. lið er þó gerð lítilsháttar breyting um það, að geyma megi að afráða um fjelagsstofnun, ef þörf þykir rækilegri undirbúnings. Virðist sú breyting sjálfsögð.

Um 102. gr.

103. gr. Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 103. gr.

104. gr. Orðabreyting í niðurlagi til skýringar.

Um 104. gr.

105. gr. 1. og 4. lið breytt vegna vatnastjórnar. 3. liður feldur niður af sömu ástæðu.

Um 105. gr.

106. gr. Þarf ekki að skýra.

Um 106. gr.

107. gr. Breytingar vegna vatnastjórnar og ofurlítið til styttingar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl., bls. 77.

Um 107. gr.

108. gr. Þarf ekki að skýra.

Um 108. gr.

109. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 77. Fjárnám til lúkningar sektum er í samræmi við tilskipun 25. júní 1869, 2. gr., og önnur ákvæði þessa frv. um sektir.

Um 109. gr.

110. gr. Breyting vegna vatnastjórnar. Ráðherra hlýtur væntanlega að fela öðrum eftirlitið, og þá eflaust vatnamálastjóra, ef hann verður skipaður. Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 110. gr.

111. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 111. gr.

112. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 112. gr.

113. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar.

Um 113. gr.

114. gr. Í stað vatnastjórnar er stungið upp á því, að fela megi sjerstakri nefnd (skiftanefnd) að fara með bú fjelagsins, og annast skiftin. Tíðkast þessi skipun, þegar hlutafjelögum er slitið, og hefir reynst heppileg. Fjelagsmönnum er í sjálfs vald sett, hverja af þremur leiðum þeir óska að fara: *Að* fela fjelagsstjórn sinni að annast skifti, *að* láta skiftanefnd gera það, eða *að* afhenda búið skiftaráðanda. Sú breyting er og gerð, að einnig skuli tilkynna ákvörðun um fjelagsslit, og hver eða hverir skifti annist. Getur stundum staðið nokkuð lengi á skiftum, og er því heppilegra að menn geti átt aðgang að upplýsingum um það,

hver fari með mál fjelags þann tíma. Verkefni skiftanefndar hlýtur að verða nokkuð líkt og verkefni samsvarandi nefndar, er annast skifti hlutafjelaga.

Um 114. gr.

115. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 78.

Um XII. kafla.

Þótt fátt sje hjer skipgengra vatna, þykir rjett að hafa fyrirmæli um umferð um vötn og fleytingu í sambandi þar við, enda þótt ekki þurfi heldur að búast við því, að mikið kveði að henni. Bæði frv. fossanefndar, hafa ákvæði um þessi efni, frv. meiri hl. í XII. kafla og frv. minni hl. í IX. kafla. En nokkur munur er á fyrirmælum frumvarpanna. Sjerstaklega skal þess getið, að í 86. gr. frv. minni hl. er fyrirmæli um heimild handa ráðherra til að leggja gjald á báta þá eða skip, sem fara um vötn, er gerð hafa verið umferðarhæf. Þessi heimild virðist mega standa, þótt líklega hafi hún ekki mikla þýðingu, því að ólíklegt er að fyrst um sinn verði lagt út í það að gera hér vötn skipgeng. Það er gert ráð fyrir því, að gjald verði sanngjarnt og látið ganga til þeirra, sem kosta ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til fyrirgreiðslu umferðar. Slíkt gjald sem þetta er all-algengt annarstaðar, eins og kunnugt er. Sbr. annars aths. við kafla þenna Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 78, minni hl. bls. 48.

Um 115. gr.

Hún svarar til 116. gr. frv. meiri hl. og 84. gr. frv. minni hl. Auk breytingar á 116. gr. meiri hl.-frv. vegna vatnastjórnar er orðalagi hennar nokkuð breytt. Heimildin til að banna umferð um vötn tekur eftir orðunum tæplega til annara vatna en þeirra, sem skipgeng kynnu að verða gerð hjer eftir, en heimildin virðist eiga að taka til þeirra allra, og gerir það tvímælalaust eins og ákvæðið er nú orðað. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 78.

Um 116. gr.

Samhljóða 117. gr. frv. meiri hl. Til 1. og 2. liðs svarar ekkert ákvæði í frv. minni hl., en 3. liður svarar til 85. gr. þess. Sbr. annars Nefndarálit tilv. st.

Um 117. gr.

Samhljóða að efni til 118. gr. frv. meiri hl., en til hennar svarar 87. gr. frv. minni hl. En ákvæðin eru fyllri í frv. meiri hl. Orðinu »tiltalsverður« er slept, því að það virðist óþarft. Í orðinu ógætni felst nægilegt. Sbr. annars aths. við greinina í Nefndaráliti meiri hl. tilv. st.

Um 118. gr.

Er að eins í frv. meiri hl., 119. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A, I. bls. 78—79.

Um 119. gr.

Er 120. gr. í frv. meiri hl. Vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

Um 120. gr.

Samhljóða að efni til 86. gr. frv. minni hl. Annars vísast til athugas. um þenna kafla. Það raskar minst efnisskipun og tilvísunum í aðrar greinir, að skjóta greininni hjer inn í niðurlag þessa kafla.

Um XIII. kafla.

Aðalákvæði gildandi laga um veiði í vötnum og ám eru í Jónsbók Landsleigub. 56, í lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi og í lögum nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum. Í fornöld voru þegar tiltölulega rækileg fyrirmæli um veiði, bæði á landi og í legi (sbr. einkum Grág. Ib 122—123, II 506—507, 509—510, sbr. og um almenninga Grág. Ib 186, II 537). Í Jónsbók eru fyrirmæli Grágásar um veiði, þau, er nefnd voru, tekin óbreytt að öllu verulegu í Landslb. 56—59. En þar af eru aðalfyrirmælin um veiði í vötnum í Jónsb. Llb. 56 og um veiði í almenningum í Llb. 59. Tilsk. 20. júní 1849 haggar lítt eða ekki við lögum Jónsbókar um veiði í vötnum og ám, því að hún á eingöngu eða að minsta kosti aðallega við veiði á landi og í netlögum, sbr. 21. gr. tilsk. 1849. Með lögum nr. 11, 11. maí 1876, er viðauki settur Llb. Jónsbókar 56. Síðan eru lög nr. 11, 1876 afnumin með lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, sem taka þó upp efni laga *1876*, með nokkrum breytingum og viðaukum. Jafnframt eru fyrirmæli Jónsb. Llb. 56 um veiðar í vötnum og ám afnumin með öllu í 10. gr. laga 1886. Þetta virðist þó hafa verið rangt, því að lög 1886 taka eftir fyrirsögn sinni og efni einungis til *laxveiði* og selveiði að nokkru leyti, sjá 4. gr. Um *silungsveiði* í vötnum og ám eru engin fyrirmæli í lögum 1886. Og jafnvel um laxveiði virðist ekki hafa verið rjett að afnema Jb. Llb. 56 að öllu leyti, því að frumreglur hans um veiðirjett landeiganda taka einnig til laxveiði. Um aðra veiði en laxveiði — og að nokkru um hana enn þá samkvæmt framansögðu — eru því fyrirmæli Jb. Llb. 56 enn þá höfuðákvæðin ásamt refsifyrirmælum laga nr. 9, 1900. Reyndar má gera samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir eftir lögum nr. 55, 30. júlí 1909, og um ófriðun sels og eyðing úr veiðiám samkvæmt lögum nr. 24, 22. okt. 1912, en samþyktir þessar mega hvorki brjóta bág við rjettindi einstaklinga nje almennar grundvallarreglur löggjafarinnar, og verður því jafnan enn að hafa hugfastar meginreglur Jb. Llb. 56 um veiði, þegar setja skal slíkar samþyktir.

Laxveiðilögin nr. 5, 1886 og lög nr. 55, 1909 og nr. 24, 1912 eru sjerlög um veiði, geyma fyrirmæli um nánari framkvæmd almennra reglna löggjafarinnar um veiði í ám og vötnum. Þessar framkvæmdir fara mjög eftir stund og stað. Samþyktir verða að vera mismunandi, því að ekki hagar eins til alstaðar, og þeim er auðbreytt eftir því sem reynslan heimtar. Það er því ekki hentugt að taka efni þessara laga hjer og óþarft, nema að því leyti sem þau geyma regl-

ur samhljóða almennum reglum um veiði í vötnum og ám, eins og lagsveiðilögin gera reyndar að mörgu leyti.

Hjer verða því tekin *almennu ákvæðin um veiði í vötnum og ám* og almenn fyrirmæli um löghelgi þessara rjettinda (fyrirmæli um refsing fyrir brot á veiðirjetti, bætur og málsmeðferð o. s. frv.). Aðalheimildin verður því Jónsb. Llb. 56 og lög nr. 9, 1900, en laxveiðilögin og tilsk. 20. júní 1849 einnig höfð til hliðsjónar. Um einstakar greinir vísast til athugasemda við þær.

Um 121. gr.

1. liður er samkvæmur þeirri reglu, sem hjer á landl hefir gilt frá alda öðli (Grág. I. b. 122—123, II. 506, 509, Jónsb. Llb. 56). Um veiði *á landi* og í hafi *fyrir landi* var og reglan hin sama (Grág. I. b. 125, 133, II. 515, 533, III. 407, Jb. Llb. 57 sbr. 58, 61 = Rekab. 2, tilsk. 20. júní 1849 1. og 3. gr.).

Í tilsk. 1849, 4. gr. er landeiganda bannað að »skilja að veiðirjettinn og lóðina«. Það er vafasamt hvort þetta nær til veiði í *ám og vötnum* sakir ákvæðisins í tilsk. 1849, 21. gr. Og víst er um það, að menn hafa unnvörpum selt frá jörðum eða leigt veiðirjett í vötnum og ám síðan 1849, og þá auðvitað aðallega *laxveiðina* — dýrmætasta veiðirjettinn, er þeir ráða yfir. Það mun síst minni ástæða til að banna að skilja veiðirjett í vötnum og ám en veiði á landi við landareignina. Hins vegar mundi líklega þykja fullhart að leggja algert bann við þesskonar ráðstöfun. Því er farinn nokkur millivegur í frv. þessu, og leyft að láta veiðirjett af hendi um alt að 10 ára bil og ekki lengur, nema leyfi ráðherra komi til. Þegar 10 ára leiga hefir staðið, þarf leyfi til að framlengja samninginn eða stofna nýjan leigumála. Er lík skipun höfð í þessu efni sumstaðar, t. d. í Danmörk, samkvæmt veiðilögum 8. maí 1894. Enn fremur má vera, að landareign sje hagur að því að láta af hendi veiðirjett, með því að hún fái önnur gæði, sem hana vanhagar um, t. d. slægjur, beit o. s. frv., og er sjeð fyrir því í frv. þessu.

Um 122. gr.

Fyrirmæli 1. liðs greinar þessarar leiðir af frumreglunni í 1. lið 121. gr., en það hefir þó þótt glöggvara að hafa reglu um sameignarland og eins, ef menn eiga veiðirjett í vatni í fjelagi, svo sem gert er í tilsk. 20. júní 1849 1. gr. 2. málsgr. Skifti á veiði milli aðilja eru og heimiluð, eins og gert er í Jónsb. Llb. 56, og fyrr var eftir Grágás. Og um tímann, er skifti skuli haldast, er svipað ákvæði í Jónsbók. Nýtt mun það, að skifti miðist við eignarhluta en virðist þó nokkuð sjálfsagt. Maður, sem t. d. notaði 1 hndr. af 20 hndr. jörð, virðist ekki eiga jafnt veiðitilkall og hinn, er notar hin 19 hndr., ef veiði er skift. Vitanlega fara skifti ekki fram, nema annar sýni, að hann sje vanhaldinn.

2. liður er í samræmi við 2. málsgr. 1. gr. tilsk. 1849, og er í raun rjettri skýring eða nánari framkvæmd á 1. lið 121. gr. Ástæða getur og verið hjer til að skifta veiði, og er það því heimilað,

Um 123. gr.

Hjer er gert ráð fyrir því, að afrjettir og almenningar geti verið eign einstakra manna eða hjeraða, en auðvitað þarf að rannsaka það atriði hverju sinni, og ef til vill að leita dómsúrlausnar um það. Þegar einstakir menn eða hjeruð eiga afrjett eða almenning, þá er það samkvæmt meginreglu 1. liðs 121. gr., að

þeir eigi og veiði, sbr. og tilsk. 20. júní 1849, 2. gr.: »afrjettir, er fleiri menn eiga«.

2. liður svarar til Jónsb. Llb. 59: Fiskivötn öll í almenningum eru öllum jafnheimil, og tilsk. 1849, 2. gr. Ef einhver, einstakur maður, hjerað eða ríkið, sannar löglega einstaklingsrjettarheimild (privatretlig Adkomst) að afrjetti o. s. frv., t. d. hefð, kaup o. s. frv., þá er sýnt, að hann á og veiðirjett. Heimild ríkis, sem einungis er fólgin í almennum yfirráðarjetti þess yfir landi, útilokar þar á móti ekki almenning frá veiðum í því landi.

Um 124. gr.

Hjer kemur sjerstakt fyrirmæli um merkivötn, og er það í samræmi við forn lög og fornar venjur, einnig reglan um veiðiskifti og ádráttarveiði (sbr. Jónsb. Llb. 56, Grág. I. b. 122, II. 509). Sjá og um ádráttarveiði laxveiðilög nr. 5, 1886, 3. gr. Ný, en einsæ, er reglan um bætur fyrir landspell, sem vel eru hugsanleg, t. d. ef slægjuland er troðið.

Um 125. gr.

Er í samræmi við gömul lög um verkanir breytinga á botni vatna, þá að vatnsnytjar fylgja farvegi og vatnslegi, sbr. Grág. II. 510, er sjerstaklega segir, að landeigandi eigi veiði, og Jónsb. Llb. 56.

Um 126. gr.

Hvorki í fornum lögum nje nýjum er nokkur regla um það, hversu langt landeigandi eigi út í botn stöðuvatna. Ef vatn er merkivatn, og alstaðar mjórra en 230 metrar, fer um það sem merkivötn eftir 124. gr. En ef vatn er annaðhvort ekki merkivatn eða breiðara en sagt var, þá er ekki lögmælt um rjettindi landeiganda. Af fyrirmælum 121. gr., 1. liðs, leiðir ákvæði 1. liðs þessarar greinar um veiðirjettinn í netlögum. Netlög í sjó eftir gildandi lögum eru hjer tekin til fyrirmyndar um vötn, eins og landbúnaðarnefndin frá 1870 og gerði, sjá 10.—13. gr. frv. meiri hl. þeirrar nefndar. Vera kynni, að forn venja heimili eigendum að landi við vatn einum veiði í því, og er þá sleginn varnagli í grein þessari að því leyti. Sbr. og samþykt um silungsveiði í Þingvallavatni 29. ág. 1911, 1. gr., sem trauðla mun þó bindandi um veiðirjett landeiganda eins, hvar sem er í því vatni. Auðsætt er, að landeigendur þurfa engum landspellum að hlíta, ekki einu sinni gegn fullu endurgjaldi, af veiðinotum annara manna, nje að báti eða veiðigögnum sje lagt á land þeirra, bryggja sje höfð þar, uppsátur o. s. frv. Veiði annara en landeiganda verður því varla tiðkuð að ráði, nema ef vera skyldi helst um ís. Sbr. annars aths. við 4. gr. frv. þessa.

Um 127. gr.

Fyrirmæli um bann við þvergirðingu veiðivatna — þar með auðvitað stöðuvatna — er æfagömul hjer á landi (Grág. I. b. 123, II. 510, Jónsb. Llb. 56: »Ganga skal guðs gjöf frá fjalli til fjöru, ef gengið vill hafa«), enda eru þau tekin í laxveiðilög 1886, 2. gr. Eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við gömul lög og laxveiðilögin, sbr. og 27. gr. frv. meiri hl. landbúnaðarnefndar 1870. Hjer er sú regla laxveiðilaganna gerð almenn, að girða megi því að eins út í mitt vatn,

að hinn helmingurinn sje ekki grynnri. Ef svo væri ekki, mætti svo fara, að eigi gengi fiskur upp í vatnið vegna grynninga, ofar en girt er.

Um 128. gr.

Er gömul regla í lögum vorum, sjá Grág. I. b. 122—123, II. 510, og einnig tekin í Jónsb. Llb. 56. Hjer er ekki átt við varanlega leigu eða afsal veiðirjettar — það er ekki heimilt framar en 2. liður 121. gr. segir — heldur eru hjer settar takmarkanir vegna fjelagsskaparins um veiðina gegn því, að sumir lofi öðrum að veiða með sjer eða í stað sinn, og er regla þessi mjög í samræmi við aðrar reglur laga vorra um sameign. Veiðiskifti í afrjetti milli hjeraða og yfir höfuð engin skifti, nema þar sem ákveðnum manni væri úthlutuð sín veiðiheimild, gætu ekki heimilað manni að lofa öðrum að veiða í fjelagsvatni. Skilyrðið er, að veiði sje skift til handa einum ákveðnum manni.

Um 129. gr.

1. liður mun nýmæli í gildandi löggjöf um veiði í vötnum og ám. Þar á móti er alveg samskonar regla í tilsk. 20. júní 1849, 12. gr. Í Grág. I. b. 123, II. 510, var og sjálftaka heimiluð í þeim tilfellum, sem hjer getur. Eftir Jónsbók Llb. 56, þurfti fyrst að gera þeim, sem ólöglega setti veiðivjelar, fimtarstefnu, en ef hann færði þá ekki í samt lag, þá máttu þeir, er gengið var á rjett þeirra, taka net upp, brjóta stíflur o. s. frv. Í laxveiðilögum 1886, 8. gr., 1. málsgr. segir, að fógeti skuli tafarlaust taka upp ólöglega sett veiðarfæri o. s. frv. En auðvitað hlýtur lögverndin mjög oft að verða ljeleg, því að til fógeta næst venjulega ekki þegar í stað. Í það gengur, eins og til hagar hjer á landi, venjulega nokkur tími. Á meðan á því stendur, verður aðili að þola það, að veiði hans sje ef til vill með öllu spilt, ef til vill dögum saman um besta veiðitímann. Hættan á því, að sjálftökuheimildin verði hér misbrúkuð framar en annarsstaðar, þar sem óhjákvæmilegt er að heimila sjálftöku, er alment ekki heldur meiri hjer. Það getur altaf borið við, að mönnum missýnist, en verknaðurinn er á þeirra ábyrgð, og getur því bakað skaðabótaskyldu, og eftir atvikum refsiábyrgð.

2. liður er að efni til samhljóða í aðalatriðum 8. gr. laga nr. 5, 1886, refsiákvæðunum — veiðigögn þó ekki gerð upptæk hjer, fremur en í tilsk. 20. júní 1849, 12. gr. — og lögum nr. 9, 9. febr. 1900. Sektahámark er fært upp, en sist meira en nemi verðlækkun peninga. Ný er og reglan um það, hvenær brot skuli talið full-framið. Það virðist einsætt að refsa sem fyrir full-framið brot, þótt ekkert hafi veiðst í ólöglega sett veiðitæki, enda væri næsta mikið ósamræmi í því, að refsa þeim manni fyrir full-framið veiðibrot, er hittist við veiðivatn annars manns, áður en net er lagt, en sleppa hinum ef til vill alveg, sem þegar hefði lagt net, en ekkert fiskað enn þá.

3. liður svarar til laga nr. 9, 1900, 1. gr., 2. málsliðs.

Um 130. gr.

1. liður er að efni til samhljóða 2. gr. laga nr. 9, 1900.

2. liður einnig, nema frestur er settur til málshöfðunar. Auðvitað á maður óskertan rjett til að koma fram skaðabótakröfu sinni, þótt hann láti ónotaða heimild sína til að höfða refsimál fyrir veiðibrotið.

Fyrningar-reglan í 3. lið er ekki í lögum nú, en hún er í samræmi við

67. og 68. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Þótt mál út af veiðibrotum sæti meðferð einkalögreglumála, eins og tíðkast hefir um skeið, er engin ástæða til að láta öðruvísi fara um fyrning refsingar, en eftir alm. hegningarlögum.

Um XIV. kafla.

Hjer er safnað almennum fyrirmælum um vatnsvirki og vatnaverk, eins og gert er í XIII. kafla frv. meiri hl. og X. kafla frv. minni hl. Þessi ákvæði eiga við vatnsvirki og vatnaverk yfir höfuð, og fylla því ákvæði einstakra kafla. Auðvitað er það þó, að sjerákvæði þeirra um einstakar tegundir vatnsvirkja, t. d. um vatnsmiðlun, gilda um þau vatnsvirki, ein ef þau eru tæmandi, en annars svo langt sem þau ná, en síðan taka fyrirmæli þessa kafla við. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 49—50.

Um 131. gr.

Hjer er fyrst sett alment fyrirmæli um gerð vatnsvirkja og um framkvæmd verka í vatni annars, því að slíkt fyrirmæli virðist eftir efni sínu eiga að koma fyrst í röðinni. Grein þessi svarar til 124. gr. frv. meiri hl. og 88. gr. frv. minni hl. 2. lið vantar þó í síðastnefnda grein minni hl. frv. Frvgr. meiri hl. 1. liður er og nokkru fyllri en samsvarandi ákvæði í þessari frvgr. minni hl., en þó sýnist rjett að bæta við mannvirkjum til að geyma vatn, t. d. vatnsgeymum til geymslu neysluvatns, og mannvirkjum til að veita vatni, t. d. neysluvatnsæðar. Önnur verk í vatni en eiginleg mannvirki eða vatnsvirki eru ýmiskonar, t. d. umrótun á farvegi (sandtaka og malar) eða bökkum, án þess að verið sje að koma upp vatnsvirki o. s. frv., og er einsætt, að þau verk skal einnig vinna svo, að sem minst tjón eða hætta stafi af.

Um 132. gr.

1. liður svarar til 125. gr. 1. liðs frv. meiri hl. og 97. gr. 1. málsgr. frv. minni hl., og 2. liður til frv. meiri hl. 126. gr. Virðist ekki þurfa að skýra. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 52.

Um 133. gr.

Sá, sem stofnar til vatnsvirkis eftir frv. þessu, skal alloft fá leyfi eða samþykki ráðherra, eins og eftir frv. fossanefndar, svo sem til orkuversgerðar og vatnsmiðlunar. En hætta getur stafað af vatnsvirkjum og vatnaverkum, þótt þau standi ekki í sambandi við orkunýtingu eða vatnsmiðlun, t. d. stórfeld áveitufyrirtæki, landþurkun o. s. frv. Svo geta slík fyrirtæki einnig spilt veiði, umferð eða landi annara manna o. s. frv. Hætta getur og stafað af ofaníburði í vatn, dýpkun farvegar eða rjettingu o. s. frv. Þess vegna virðist eiga að setja almenn fyrirmæli um það, hvaða fyrirtæki skuli tilkynna og fá leyfi ráðherra til að framkvæma.

1. liður svarar til 89. gr. frv. minni hl. Í frv. meiri hl. er ekki alment ákvæði um þetta, en í einstökum greinum eru takmarkanir, sem í sömu átt ganga (orkunýting, vatnsmiðlun, fleyting, umferð). Sú er reglan eftir þessum lið, að

frjálst er að vinna verkið, ef sýnt (= auðsætt) er, að engin hætta eða óhagræði er öðrum af því búin, í hvaða skyni sem verkið er unnið, þar með er vitanlega ekki sagt, að frjálst sje að vinna það. Önnur fyrirmæli í lögunum eða ef til vill sjerleyfislögum geta bannað að vinna það, nema heimild stjórnvalda komi til. Mörg þeirra verka, sem unnin ern í vatni, eru vitanlega sýnilega með öllu saklaus og því leyfð samkvæmt þessari grein. Ef vafi leikur á því, má jafnan láta mat samkvæmt 134. gr. skera úr. Ef mat telur ekki þurfa leyfi, þá er manni vítalaust að láta vinna verkið. Ella skal æskja leyfis, ef verkið á alt að einu að vinna.

Stafl. a. svarar til stafl. a. og c. í 89. gr. frv. minni hl. Til orkuvinslu þarf þó ekki leyfi eftir þessari 133. grein, nema hættuskilyrðið sje fyrir hendi. Einstakur maður, sem virkjar vatn, þar sem hann á einn orkutilkall, þarf ekki leyfi eftir 49. gr. 1. lið, ef sjerleyfislög taka ekki til, og ekki heldur eftir þessari grein, ef hættuskilyrðið er ekki fyrir hendi. Vera má þó, að ástæða sje til að heimta tilkynningu um fyrirtækið, svo að stjórnarvöld geti fylgst með því, sem gert er, og er heimild til þess í 5. lið.

Stafl. b. og c. svara til frv. meiri hl. 121.—123. gr. að efni til og stafl. d. til stafl. d. í 89. gr. frv. minni hl. Það þykir trauðla ástæða til að heimta sjerstaklega leyfi til vatnsveitu (b, í 89. gr. minni hl. frv.), nema þar sem orkuvinslureglur taka til eða vatnsmiðlunar. Svo er þess að gæta, að oft mun þurfa stíflu í farveg eða önnur vatnsvirki eða vatnaverk til að koma veitu í kring, og getur þá þurft leyfi til þeirra framkvæmda. Og að sjálfsögðu sæta vatnsveitur eftirliti samkvæmt 137. gr.

2. liður svarar til 123. gr. meiri hl. frv. að efni til og 91. gr. 1. málsgr. og 92. gr. minni hl. frv. Reglan um það, hve nær leyfa megi framkvæmdir, þótt tjón eða hætta eða óhagræði stafi af þeim, er í samræmi við lögnámsákvæði frumvarpsins, sbr. einkum 40. og 72. gr. Ábyrgðarreglan hjer er auðvitað bundin því skilyrði, að löglega sje með farið. Annarskostar tekur skaðabótaregla 136. gr. 2. liðs til þess.

3. liður svarar til 92. gr. 1. málsgr. 2. málsliðs minni hl. frv., en er nokkru rýmri.

4. liður svarar til 94. gr. minni hl. frv.

Um 134. gr.

Sams efnis sem 95. gr. minni hl. frv. 10 ára frestur er þó styttur í 5 ár, því að 10 ára frestur mun þykja nokkuð langur. En slíkt er vitanlega álitamál. Samsvarandi fyrirmæli er í 72. gr. meiri hl. frv. um miðlun og þessu frv. í 71. gr. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls, 51.

Um 135. gr.

Þar sem leyfis þarf eða samþykkis, þar má ekki byrja verk, nema heimildin sje fengin. Sá, er það gerir, á að eiga það á hættu, að honum verði bannað framhald verksins eða það, sem unnið er, verði bætt eða ónýtt á hans kostnað En auðvitað á ekki að beita þeim harðræðum, nema nauðsyn beri til, og eru skorður settar við óþarfri harðneskju í þessu efni. Skaðabótaregla 136. gr. og refsifyrirmæli 156. gr. eiga og alment að vera nægilegt aðhald að mönnum. Ákvæðið í upphafi greinar þessarar á vitanlega ekki við, ef matsnefnd samkvæmt

134. gr. hefir talið fyrirtækið þannig vaxið, að ekki þyrfti leyfis til þess. Ef leyfis þarf samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t. d. um orkuvinslu, stoðar mat samkvæmt 134. gr. þó vitanlega ekki. Og að sjálfsögðu má jafnan heimta endurbætur og yfir höfuð beita fyrirmælum þessarar greinar að öðru leyti, þótt mat eftir 134. gr. hafi lýst fyrirtækið hættulaust. Hin ákvæði greinarinnar eru að efni til svipuð 96. og 117. gr. minni hl. frv., nema nokkru fyllri.

Um 136. gr.

Hjer er skaðabótareglum safnað saman, að því leyti sem þær eru almennum reglum um skaðabætur frábrugðnar. Almenna reglan er sú hjer sem annarstaðar, að maður bætir tjón, sem hlýst af ásetningi eða gáleysi hans eða manna hans, og gildandi reglur um ábyrgð á tjóni, sem af mannvirkjum manns stafar, gilda og hjer, nema afbrigði sje í lögunum. Alment má telja það gáleysi, að byrja verk leyfislaust, ef leyfis þarf, hvort sem leyfis er krafist samkvæmt 133. gr. eða öðrum lagafyrirmælum. En tjónið þarf ekki að stafa af gáleysi *in concreto* fyrir það. En samt er lagt til, að menn bæti tjónið, því að þar með er mönnum fengin hvöt til þess að virða lagaákvæðin ekki að vettugi.

Um 2. lið, a.—c. er samsvarandi að segja sem talið var um 1. lið.

3. liður geymir ákvæði til varygðar til þess að fyrirgirða það, að farið verði í kringum ákvæði greinar þessarar með því að framselja fyrirtækið. Samsvarandi er að segja um 5. lið. Ákvæði hans er líka til varygðar (ex tuto).

Í 4. lið hefir þótt rjett að geta sjerstaklega um löglega niðurlagning vatnsvirkja, ef hún er annaðhvort leyfð eða ekki þurfti leyfi til hennar. Hér gilda þá almennar reglur um bætur, og er frá því sjónarmiði varla nauðsynlegt að hafa sjerstakt fyrirmæli um bætur. En niðurlagsákvæði liðsins veldur því, að áferðarfallegra er að láta liðinn byrja á ákvæði um bætur í þessu tilfelli. Það mun annars varla vera vafi um það, að virkiseigandi muni ekki þurfa að bæta hagnaðarmissi vegna niðurlagningar mannvirkis, þegar ekkert hefir verið fyrir þann hagnað greitt. Dæmi: Maður gerir áveituskurð um engi sitt, og sá skurður verður jafnframt varnargarður fyrir landi granna hans. Þótt hætt sje að halda skurðinum við, þarf ekki að bæta hinum, þótt honum verði varsla lands síns torveldari fyrir það. Þegar þar á móti er goldið fyrir, er öðru máli að gegna. Verður þá að bæta fyrir eftir mati eða öðrum ákvæðum. Í 97. gr. minni hl. frv. 2. málsgr. er samsvarandi fyrirmæli og að nokkru í 125. gr. 2. lið í meiri hl. frv. Sjerstakrar reglu um sönnunarbyrði þarf varla, eins og í 96. gr. 2. málsgr. minni hlutafrv., því að ákvæði þessarar greinar og 135. gr. virðast vera nægileg trygging fyrir því, að jafnan verði að lögum gert það, sem nauðsynlegt er eftir atvikum hverju sinni.

Um 137. gr.

Svarar að efni sínu til 114.—116. gr. minni hl. frv. Þessi fyrirmæli þykja best eiga hjer heima í almennum ákvæðum um vatnsvirki. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 62.

Um 138. gr.

Er alment ákvæði og svarar til sjerreglunnar um miðlunarvirki í 68. gr. 3. lið frv. meiri hl. Samsvarandi fyrirmæli er í 93. gr. minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 51.

Um 139. gr.

Samhljóða 127. gr. meiri hl. frv. og 98. gr. minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 52.

Um XV. kafla.

Almenn ákvæði um bætur eru tekin hjer sjer, og eru það fyrirmælin í XIV. kafla frv. meiri hl. 136.—138. gr., að viðbættum ákvæðum minni hl. frv. um skifti orkutaka og vereiganda, þegar bætur eru greiddar í orku. Vísast að öðru til athugasemda um einstakar greinir kaflans. Sbr. og Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81—82, minni hl. bls. 57 o. s. frv.

Um 140. gr.

Grein þessi er sem 136. gr. meiri hl. frv. 1. liður a. svarar til minni hl. frv. 99. gr. 1. málsgr. og í 101. gr. Stafl. b. er sams efnis sem 99. gr. 2. málsgr. frv. minni hl. Ákvæði svarandi til 2. og 3. liðs eru ekki í frv. minni hl. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 57, 58.

Um 141. gr.

Samhljóða 137. gr. meiri hl. frv. Sams efnis sem 1. liður er 100. gr. minni hl. frv. En til 2. liðs svarar ekkert ákvæði í frv. minni hl. Sjálfsagt virðist að halda þessu ákvæði af ástæðum þeim, sem í athugasemd meiri hl. við grein þessa segir. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 58.

Um 142. gr.

Greinin er samhljóða 138. gr. meiri hl. frv., nema 2 ára fresturinn þar er lengdur í 5 ár. Í frv. minni hl. er samsvarandi frestur hafður 10 ár, og er hjer farinn meðalvegur milli frumvarpanna. Samsvarandi 1. lið er frv. minni hl. 103. gr. 2. málsgr. og 2. lið sama grein minni hl. frv. 1. málsgr. Í minni hl. frv. er ekkert ákvæði svarandi til 3. liðs. Ákvæði greinar þessarar útiloka væntanlega aldrei bætur, ef svo stendur á sem í 136. gr. 1. og 2. lið segir. Sbr, annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 59.

Um 143. gr.

Í meiri hl. frv. 139. gr. er ætlast til þess, að ráðherra setji reglur um skifti orkutaka og orkureiðanda, en minni hl. hefir eftir fyrirmynd í frv. norsku vatnanefndarinnar tekið í 104.—112. gr. frv. síns reglur um þessi skifti. Að vísu er hjer alls engin reynsla fengin um þetta atriði, en ætla má, að óhætt sje að setja ákvæði um það með líkum hætti, sem Norðmenn hafa gert. Sum ákvæði þessarar greinar eru þó nokkuð breytt að efni frá því, sem er í frv. minni hl. og norsku nefndarinnar.

1. liður svarar til 104. gr. minni hl. frv.

2. liður svarar til 105. gr. minni hl. frv., en nokkru skýrar kveðið á um lögveðsrjettinn. Hins vegar hefir ekki þótt rjett að taka ákvæði 106. gr. minni hl. frv. Orkunytjarjettur verður skilinn við landareign eftir bæði þessu frv. og

frumvörpum fossanefndar, og að gera undantekningu hjer virðist ekki þurfa. Að vísu er svo að sjá, sem ákvæði 104. gr. minni hl. frv. miðist eingöngu við innlausn fallvatns, sem er í sameign, en hjer er heimilað að krefjast bóta í orku bæði þegar svo stendur á og þegar orkutilkall er tekið lögnámi eftir almennum reglum. En hvoru sem til er að dreifa, skal fult endurgjald koma fyrir, og er því ekki sýnileg ástæða til að gera upp á milli þessara tilfella. Vegna veðhafa eða annara, sem takmörkuð hlutbundin rjettindi kynnu að hafa yfir eigninni, eru slíkar skorður ekki nauðsynlegar. Fyrir þeirra rjetti er sjeð samkvæmt almennum reglum laganna. Þeir eiga heimtingu á fullri greiðslu, þegar eignin — veðið — er verulega rýrt. Sá, er skilur orkurjett við eign sína, er henni ber, getur ekki gert það svo að bindandi sje fyrir veðhafa, nema hann samþykki eða honum sje greidd veðskuldin. Og þegar lögnám fer fram, skal hann fá greiðslu af andvirði þess, sem tekið er, sbr. lög nr. 61, 14. nóv. 1917, 10. og 11. gr.

3. liður svarar til 107. og 108. gr. meiri hl. frv. En orkutaka er gert ljettara fyrir um greiðslu stofnkostnaðar að sínum hluta en þar er, með því að honum er heimilað, að greiða á ákveðnum fresti, og er það í samræmi við ýms önnur fyrirmæli frv. Stofnkostnað er rjett að hann greiði, því að ef hinn hefði ekki virkjað, þá hefði hann að líkindum orðið að gera það á sinn kostnað eða verða af orkunytjunum ella. Orkutaki fær og fult endurgjald fyrir orkutilkall sitt og er því engin sjerstök ástæða til að ívilna honum að þessu leyti. Endurskoðun á greiðsluákvæðum um rekstrarkostnað er hjer sett 5. hvert ár, en ekki 10., eins og í frv. minni hl., og er það í samræmi við önnur fyrirmæli frv. þessa og heldur tryggara fyrir báða, sjerstaklega þó orkutaka.

4. liður svarar til 109. gr. minni hl. frv., að eins nokkru skammorðara hjer.

5. liður svarar til 110. gr. minni hl. frv.

6. liður er sams efnis sem 111. gr. minni hl. frv., en í færri orðum, og segir þó alt hið sama, enda er það samkvæmt almennum reglum, að orkureiðandi verði að bæta, nema hann sanni vítaleysi sitt af vanefndunum, og kemur þá auðvitað fram munur milli almenns og einstaklings ómöguleika. Og ef stöðvun verður af því, að vereigandi hefir vanrækt viðhald, er auðsætt, að hann á að bæta stöðvanir á orkureiðslu, enda þótt viðgerð sje með öllu óhjákvæmileg, ef halda á starfseminni áfram.

7. liður svarar til 12. gr. minni hl. frv. Það er vafasamt, hvernig heppilegast og rjettlátast sje að skipa skiftum aðilja, ef svo fer, að orkuverið verður að hætta að fullu. Orkutaki hefir áskilið sjer bætur í öndverðu goldnar í orku. Það er einn hluti af andvirði þess, sem af honum hefir verið tekið. Þegar verið hættir, fær hann ekki heldur lengur orkuna, endurgjald það, sem hann á tilkall til. Og því virðist hann eiga að fá bætur fyrir það. Það, sem hann kann að hafa greitt upp í sinn hluta stofnkostnaðar, er honum og venjulega tapað, ef orkureiðsla hættir. Þess vegna virðist hann eiga að fá það endurgreitt, sem hann hefir goldið í þessu skyni, eða hluta af því. Ef orkureiðsla hefir staðið lengi, t. d. allan sjerleyfistímann, ef til vill 40—50 ár, þá má ef til vill telja orkutaka hafa fengið sig fullsæmdan fyrir stofnkostnað þann, sem hann hefir greitt. Og verður þá að meta, hvað hann skuli fá goldið eða hvort hann skuli nokkuð fá endurgreitt. Matsnefnd hefir annars frjálsar hendur um það, hversu mikið skuli greiða hverju sinni af þessum upphæðum. Tjón orkutaka af orkumissinum virð-

ist ekki verða bætt með öðrum hætti en að telja til innstæðu ársvirði þess hags, sem hann hefir af orkureiðslunni beinlínis. Jafnframt er orkutaka heimilaður kauprjettur á orkuverinu. Búast má við, að þetta geti haft þýðingu, þegar lítið orkuver er, en trauðla annars. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 57—58, 59—60.

Um XVI. kafla.

Þessi kafli svarar til XIV. kafla meiri hl. frv., 128.—135. gr. og XII. kafla minni hl. frv.. 118.—130. gr. Ákvæðum minni hl. frv. um gjöld (sbr. 131. og 132, gr.) er slept af líkum ástæðum og greint er í sambandi við gjaldákvæði minni hl. frv. fyrir vatnsmiðlun. Það virðist lítil ástæða að taka gjald af mönnum, sem koma sjer upp smáverum til heimilisþarfa og bús, enda mundu gjöld fyrir það mjög litlu nema, og ríkissjóð munaði það því engu. Ef fyrirtækið fellur undir sjerleyfislög, þá verða væntanlega ákveðin gjöld fyrir heimild til að reka þá atvinnu, sem fyrirhuguð er, og munu sjerleyfislögin hafa fyrirmæli um þau efni.

Það hefir þótt fara betur á því, að hafa þessi ákvæði í kafla sjer. Annars vísast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 79, minni hl. bls. 61.

Um 144. gr.

Sams efnis sem 128. gr. meirihl. frv. Samsvarandi eru ákvæðin í 118.—151. gr. minni hl. frv. Það virðist hvorki heppilegt nje nauðsynlegt, að fastskorða í lögum, hvað fylgja eigi hverri umsókn, því að það hlyti annaðhvort að verða of alment og því gagnslítið, eða þá mjög margbrotið, ef til nokkurrar hlítar yrði rakið, og þó aldrei tæmandi, því að hvert mál hefir oftast sín sjerkenni. Framkvæmdarvaldið á að hafa það í hendi sjer, hverjar upplýsingar það krefur og nauðsynlegar þykja hverju sinni. Það virðist einnig þarflaust og ekki heldur heppilegt, að gera umsögn sýslumanna eða bæjarfógeta að almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu eftir þessum lögum, svo sem gert er í frv. minni hl, 120. gr. Mörg af þeim málum eru þannig vaxin, að sýslumenn geta ekki alment borið skynbragð á þau. Hins vegar getur stjórn vatnamála sett slíkt skilyrði, þar sem henni þykir henta, um einstakar málategundir eða einstök mál, þótt það sje ekki gert að almennri lögbundinni reglu. Vegna bókhalds sýslumanna kæmi það alls ekki að verulegu gagni, þótt umsóknir væru altaf sendar þeim, því að sýslumaður getur þá ekkert um það vitað, hvort umsókn muni verða tekin til greina eða ekki. Tilkynningu um það þarf hann síðar að fá, og verður ráðherra að ráða því, hvernig því verður komið fyrir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 79—80, minni hl. bls. 62.

Um 145. gr.

Er samhljóða 129. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Sbr. og 121. gr. minni hl. frv.

Um 146. gr.

Samhljóða 130. gr. meiri hl. frv. Samsvarandi er ekki í minni hl. frv. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 80.

Um 147. gr.

Samhljóða 131. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Samsvarandi er ekki í minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

Um 148. gr.

Er að efni til samhljóða 132. gr. meiri hl. frv., nema nokkur breyting er gerð á reglunni um dómkvaðning til skýringarauka, sbr. 125. gr. minni hl. frv. Gömlu reglunni um 2 manna undirmat (úttektarmenn eða dómkvaddir menn) þykir ekki nægileg ástæða til að kasta fyrir róða. Hún er orðin reynd og ekki kunnugt um það, að hún hafi ekki reynst fullnægjandi. Mörg þau atriði, sem hjer verður að meta, eru alveg samskonar sem svo margt, er úttektarmönnum er falið samkvæmt gildandi lögum að meta. Og þess konar mál er ætlast til, að þeir hafi framvegis með höndum samkvæmt þessari grein. Þegar menn eru dómkvaddir, er jafnan hægt að nefna þá menn, sem færastir þykja til, hvar sem dómkvaðning fer fram. Ennfremur geta matsmenn kvatt sjer til aðstoðar kunnáttumenn, ef þörf þykir og þeirra er kostur, samkvæmt 5. lið. Það virðist ekki vera þörf á því, að taka reglur 123. og 124. gr. minni hl. frv., enda er sjeð fyrir sjerþekkingu og lagaþekkingu samkvæmt gildandi lögum um framkvæmd eignarnáms, þegar meta skal bætur, en dómarans að gera það, þegar hann dómkveður yfirmatsmenn. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st., minni hl. bls. 63—64.

Um 149. gr.

Samhljóða 133. gr. meiri hl. frv. að breyttu breytanda. Þó er ákveðinn frestur settur til yfirmats. Er það heppilegra, svo að ekki geti það verið mjög lengi í óvissu, hvort unað verði við undirmat, og þar með, ef til vill, frestað framkvæmdum alveg að óþörfu. Þegar meta skal bætur, virðist hentast að fara eftir gildandi lögum, með þeim viðbótum, sem heimilaðar eru hjer, svo og um tilkvaðning kunnáttumanna. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 80—81.

Um 150. gr.

Er samhljóða 134. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Sbr. 129. gr. minni hl. frv. Skyldu til að greiða matskostnað má ekki æfinlega miða við það, hver er matsbeiðandi að formi til, heldur við það, hver þarf að fá þá ráðstöfun framkvæmda, sem matskrafan er af risin. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl.. bls. 64.

Um 151. gr.

Samhljóða 135. gr. meiri hl. frv. Í 126.—128. gr. minni hl, frv. og 131. gr., eru teknar nokkrar formreglur um matsgerðir, og um ákvörðun á þóknun handa matsmönnum. Slíkt er gersamlega óþarft í þessu frv. Hjer þarf ekki að geta annars en þess, sem sjerstakt er fyrir þessi lög. Um annað getur farið eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nú lögum nr. 61, 14. nóv. 1917. og almenn-

um dómvenjum. Um öll þau atriði, sem greind eru í 126.—128. og 131. gr. minni hl. frv., eru fullnægjandi reglur í lögum 1917 og rjettarvenjum. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

Um XVII. kafla.

Það þykir fara best á því, að taka í sjerstakan kafla reglur um stjórn vatnamála. Þó að ekki sje skipuð sjerstök vatnastjórn með þeim hætti, sem meiri hl. lagði til, þá verður þó varla hjá því komist til langframa, að skipa ráðherra til aðstoðar og leiðbeininga kunnáttumann á því sviði. En ekki skal um það dæmt, hversu bráð nauðsyn muni á því vera nú þegar. Það verður reynslan að sýna. Þó skal þess geta, að óhjákvæmilegt verður að skipa vatnamálastjóra, ef undið yrði að rannsókn fallvatna landsins. Ef það er ekki gert, þá fer nauðsynin væntanlega mjög eftir því, hversu mikið verður um vatnafyrirtæki hjer eftir. Því er lagt til, að skipun hans fari eftir því, hvenær fjárveitingarvaldinu þykir ástæða til að veita fje í því skyni. Löggjafarvaldið hefir það því alveg í hendi sjer, hvort og hvenær hann verður skipaður. Með því að skipun vatnastjórnar er mjög svo önnur en meiri hl. lagði til, verður verkahringur hennar og nokkuð annar, vald vatnastjórnar meiri hl. nokkuð meira en vatnamálastjóra þessa frv. að ýmsu leyti. Starf hans mun aðallega verða leiðbeinandi bæði landsstjórn, hjeraðsstjórnum og vatnafjelögum, ef til kemur. Um fjármálaframkvæmdir getur þetta varla orðið öðruvísi, og því hafa ekki ákvæði 9. gr., 2. og 3. liðs, í frv. meiri hl. um vatnastjórn verið tekin hjer. Staða vatnamálastjóra gagnvart stjórn landsins mun verða mjög svipuð og staða vegamálastjóra og vitamálastjóra. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A., bls. 83, minni hl., bls. 61.

Um 152. gr.

Það virðist eðlilegast, að stjórn vatnamála sje lögð til atvinnumálaráðherra. Þau hlíta nú hans stjórn, að því leyti sem þau koma til kasta stjórnarinnar, svo sem staðfesting áveitusamþykta, raforkugjaldskrár o. s. frv. Mörg þeirra eru og sveitarstjórnarmál í eðli sínu, en þau mál er heyra nú undir atvinnumálaráðherra. Sbr. 113. gr., 1. málsgr. minni hl. frv.

Um 153. gr.

Svarar til 113. gr. 2. málsgr. minni hl. frv. Eins og áður segir, er ætlast til þess, að löggjafarvaldið ákveði það, hve nær vatnamálastjóri verði skipaður. Skilyrði til þess er, að fje verði veitt í fjárlögum, og það getur fjárveitingarvaldið gert jafnskjótt sem því sýnist, ef til vill þegar á næsta ári. Sbr. annars nefndarálit minni hl. bls. 61—62.

Um 154. gr.

Hjer eru sett aðalákvæðin um störf vatnamálastjóra í stað þess að í frv. minni hl. er ráðherra ætlað að kveða að öllu leyti á um það. Reynslan mun þá að nokkru leyti ráða um það, hvaða verk hann hefir með höndum. Vegna þess, að búast má við því, að vatnalögin kunni fyrr að koma til framkvæmda en vatnamálastjóri verður skipaður, hafa ýms störf verið lögð til ráðherra, er

sjálfsagt eða heppilegt er, að vatnamálastjóri taki, er hann verður skipaður. Þessi störf skal því fela honum, og er hjer um þetta að mestu farið eftir því, sem fyrir er mælt í frv. meiri hl.

Um 1. lið. Stafl. A. svarar að mestu leyti til 8. gr. 1. liðs í frv. meiri hl. um vatnastjórn. Það er auðvitað, að engum vatnamálum, sem nokkru skifta, verði til lykta ráðið án þess að álits og tillagna vatnamálastjóra verði leitað. Slíkt gæti að eins borið við sem *undantekning*, ef mál væri alveg einstætt, lítilvægilegt, en mætti ekki bíða og vatnamálastjóri væri fjarverandi eða forfallaður.

Stafl. B. er að efni til samhljóða 2. lið 8. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn.

Stafl. C. svarar til 9. gr. 1. liðs í frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. og 100. gr. 2. lið þessa frv. og 101. gr. 2. lið vatnalagafrv. meiri hl.

Stafl. D. svarar til 7. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. bls. 84. Í sambandi hjer við skal geta þess, að bókhald verður falið sýslumönnum og bæjarfógetum, uns vatnamálastjóri verður skipaður. En ef svo fer, að það yrði gert ekki miklu síðar en lög þessi kæmu til framkvæmdar, þá getur svo farið samkvæmt stafl. G., að bókhaldið yrði aldrei lagt til sýslumanna, heldur þegar fengið vatnamálastjóra.

Stafl. E. svarar til 6. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. nefndarálit meiri hl. bls. 84.

Öll þau störf, sem í stafl. F. eru fengin vatnamálastjóra, voru falin vatnastjórn eftir vatnalagafrv. meiri hl., og virðast líka öll eiga þar heima.

Um stafl. G. athugast, að hentast mun að fela ráðherra úrskurð um það, hvernig bókhaldi verður hagað. Ef heppilegast telst að hafa það alt á einum stað sem vel má vera, að sje, þá er þess kostur eftir fyrirmælum þessa stafl. Auðvitað yrði eftir sem áður að þinglýsa skjölum og innrita þau eftir gildandi lögum og rita þau í afsals- og veðmálabækur viðkomandi lögsagnarumdæmis. Og þar geta menn fengið þá fræðslu eftir sem áður, sem nú er í tje látin.

2. liður svarar til 4. gr. 3. liðs frv. meiri hl. um vatnastjórn og 113. gr. 3. málsgr. frv. minni hl.

Um 155. gr.

Svarar til 122. gr. minni hl. frv. Hjer er ekki gert skylt að halda bók yfir öll þau atriði, sem í c-lið nefndrar greinar segir, því að svo víðtækt bókhald er væntanlega óþarft. Þó getur ráðherra skipað það, svo og að halda bækur yfir fleira, ef nauðsynlegt kynni að þykja. Annars vísast til aths. við 155. gr. 1. lið stafl. D. og G.

Um XVIII. kafla.

Það getur ekki komið til mála, að láta *öll* brot á ákvæðum vatnalaganna varða *refsingu*, eins og gert virðist vera í minni hl. frv. 133. gr. Það er t. d. brot á lögunum, ef orkuleiðandi lætur að óþörfu undanfalla að inna orku af hendi samkvæmt 143. gr., en refsivert virðist það ekki eiga að vera fremur en vanefndir á kröfurjettindum alment. Og svo mætti lengi telja. Refsiverðar virðast ekki aðrar athafnir — eða athafnaleysi — eiga að vera en þær, er fara í bága við fyrirmæli

um leyfi eða aðrar heimildir eða settar reglur um öryggi eða fyrirmæli stjórnvalda í reglugerðum og þess konar heimildum, þar á meðal staðfestar samþyktir vatnafjelaga, og svo veiðibrot. En um síðastnefndu atriðin tvö eru sjerstök ákvæði í 107. og 129. gr. Og er tillit tekið til þess með orðalagi 1. liðs 156. gr.

Um 156. gr.

Er að efni til sem 140. gr. frv. meiri hl. 2. liður er þó nýmæli, sem alment ætti að leiða í lög. Í frv. minni hl. svarar 133. gr. til þessarar greinar.

Um 157. gr.

Svarar til 141. gr. frv. meiri hl. og 134. gr. minni hl. frv.

Um XIX. kafla.

Svarar til 142. gr. meiri hl. frv. og 135. gr. minni hl. frv.

Vegna veiðikaflans er fleira felt úr gildi af lögum en í frv. fossanefndar. Er nokkurt álitamál, hvort nema eigi úr gildi veiðireglur Jónsb. Llb. 56, eins og tekið er fram í athugas. við XIII. kafla. Lög nr. 9, 9. febr. 1900, eru afnumin vegna þess, að efni þeirra er tekið í veiðikaflann. Eignarnámsákvæði 2. kafla í fossalögum nr. 55, 22. nóv. 1905 eru og numin úr gildi, eins og gert er í frv. minni hl., því að samsvarandi fyrirmæli þessara laga koma í staðinn. Samsvarandi er að segja um lög nr. 57, 3. nóv. 1915, og lög nr. 18, 18. maí 1920. Það þarf ekki að taka það fram, að allar matsgerðir, sem fram eiga að fara vegna ráðstafana, gerðra eftir afnumdum lögum, falli undir þessi lög í því ástandi, sem þær eru, þegar þau öðlast gildi, og eftir því sem samrýmanlegt er því ástandi.

20. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarpa þeirra um sama efni, sem lögð voru fyrir Alþingi 1919 og 1920, sjá Alþingistíðindi 1919 A, I, bls. 331—336, og Alþingistíðindi 1920 A, bls. 69—74.

Athugasemdir við lagafrumvarp þ¦etta.

Hjer um vísast til athugasemda við frumvarp það til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1919, sjá Alþingistíðindi s. á. A, I, bls. 336—346.

21. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarpa þeirra um sama efni, sem lögð voru fyrir Alþingi 1919 og 1920, sjá Alþingistíðindi 1919 A, I, bls. 232—241, og Alþingistíðindi 1920 A, bls. 59—68.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um athugasemdirnar vísast til athugasemda við frumvarp það, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1919, sjá Alþingistíðindi s. á. A, I, bls. 241—260.

22. Frumvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I. kafli.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

Hjerað merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

Innlendur er hver sá, sem búsettur er á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

Útlendur er hver sá, sem ekki getur talist innlendur samkvæmt þessum lögum.

Umsækjandi er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Sjerleyfishafi er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Virki merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

Miðlunarvirki merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

Orkuver merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnsorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkulíki, svo sem miðlunarvirki og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi

vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnsorkuvjelanna, með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

Orkuveita merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnsorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

Iðjuver merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

Fyrirtæki merkir það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

II. kafli.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Eigi er heimilt að virkja fallvatn (foss eða hávaða) til orkunýtingar, nema landsstjórnin leyfi, ef um meiri orkunot er að ræða en 500 eðlishestöfl.

Innlendum mönnum, er heimildir hafa til fallvatna, er heimilt að virkja úr þeim 500 eðlishestöfl án sjerleyfis.

Landsstjórn getur og veitt samþykki til, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meiri orkunot sje að ræða en 500 eðlishestöfl, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

III. kafli.

Um sjerleyfi til handa innlendum mönnum.

3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi landsstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, með þeim nánari skilyrðum, sem landsstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.

2. Sama gildir um :

a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna,

b) stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almenningsheilla.

Umsóknir um vatnsorkusjerleyfi.

4. gr.

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda landsstjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjenda.

2. Nafn eða lýsing á því vatnsfalli eða stöðuvatni, sem hugsað er til að taka vatn úr.

3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.

4. Vatnsmagnið alt (í tenm. á sek.) á þeim stað, þar sem vatn skal tekið upp, í minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.

5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna.

6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve mörg hestöfl nýtast á vatnshjóli; hvort og þá hve nær hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.

7. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir.

8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkurt þeirra muni bíða baga af orkuverinu, og þá hver og hvernig.

9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.

11. Til hvaða iðju orkan er ætluð, að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju, eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.

12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum, og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.

14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.

15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) miðlunarvirki, b) orkuver, c) orkuveita, d) iðjuver til hagnýtingar á orkunni, e) samgönguvirki.

16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til að það muni takast.

17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slíka umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

Landsstjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað, enda sanni hann fyrir landsstjórn, áður leyfi er veitt, heimildir sínar til vatnsorku þeirrar, er hann vill hagnýta.

5. gr.

Áður sjerleyfi er veitt, skal landsstjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálægra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf huga á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hvenær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk. Ef hjeraðsstjórn getur tekið að sjer virkjun þessa, má eigi veita öðrum sjerleyfi.

6. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að landsstjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að ítarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. mundu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá landsstjórnin veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að landsstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

7. gr.

Þá er sjerleyfis er beiðst, er fer fram úr 25000 hestöflum, skal samþykki Alþingis fengið áður en sjerleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð á þinginu sem lagafrumvörp.

8. gr.

Hvert vatnsorkusjerleyfi skal meta svo, sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sjeu ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

9. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.

3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 11. gr.

4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabrjefa eða frumdrátta, er landsstjórn hefir samþykt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.

5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi, og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistímanum.

6. Hvaða árgjald skuli greiða af hverju hestafli og á hvern hátt ákveða skuli þá hestaflatölu, sem gjaldskyld er, sbr. 12. og 13. gr.

7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenningi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 14. og 15. gr.

8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 17. gr.

9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 16. gr.

10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi þarf að geta tekið lögnámi í þarfir fyrirtækisins.

11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfisskilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því er honum er tilkynt samþykki landsstjórnar á fullnaðardráttum.

12. Að landsstjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits. Í sjerleyfi má og áskilja, að kostnaður við eftirlit og rannsóknir, er stjórnin lætur framkvæma, samkv. 20. og 22. gr., þar með talin starfslaun kunnáttumanna er hún skipar til þess, greiðist að einhverju eða öllu leyti af sjerleyfishafa.

13. Önnur skilyrði, sem landsstjórnin telur nauðsynleg til almenningsheilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn fjelagsins, sbr. 25. gr., svo og hvort, og þá með hvaða skilyrðum, sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

10. gr.

Sjerleyfishafa skal skylt:

1. Að greiða þann kostnað, sem hlýtst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.

2. Að greiða þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almenningsnota, að svo miklu leyti sem landsstjórnin telur það verða mega, án veru-

legs óhagræðis eiganda. Hæfileg borgun fyrir þau afnot, ef eigi er um vegi eða brýr að ræða, greiðist eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

3. Að gera nauðsynlega ráðstöfun, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði þeim til þyngsla.

4. Að veita íslenskum atvinnuvegum kost á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða, og skal landsstjórn ákveða verðið eftir tillögum vatnamálastjóra.

5. Að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestaflatölu eða orku, eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem landsstjórnin ákveður og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Landstjórnin setur, eftir tillögum vatnamálastjóra, reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. 14. og 15. gr.

Um timalengd sjerleyfis.

11. gr.

Í sjerleyfi skal tiltaka timalengd hvers sjerleyfis, og má hún aldrei fara fram úr sextíu og fimm árum, að telja frá þeim degi, er sjerleyfi var veitt.

Um sjerleyfisárgjöld.

12. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi í ríkissjóð og skal miða það við þá hestaflatölu, sem hagnýtt er, eða heimilað er að hagnýta, eftir því sem betur þykir haga.

2. Landsstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aurum og ekki meiru fyrstu 25 árin frá því er virkin eru fullgerð en 5 kr. af hverju hestafli.

3. Gjalddagi árgjaldsins er 2. janúar ár hvert, og greiðist fyrirfram.

4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 25 ár eru liðin frá því er virkin voru fullgerð, nema landsstjórn, og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður ákveðið, má svo breyta að liðnu 25 ára tímabilinu, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverju hestafli.

5. Ef landsstjórn ætlar að hækka sjerleyfisgjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa viðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.

6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert viðvart, má hann, ef vill, senda landsstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hann ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.

13. gr.

Lögtaksrjettur fylgir sjerleyfisárgjöldum og öðrum gjöldum, er hvíla á sjerleyfishafa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal sektum, og standa eignir og rjettindi sjerleyfishafa að veði fyrir þeim.

Um verðlag á orku.

14. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða:

a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu.

b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur eu 300 kílóvöttum til sama kaupanda.

c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almenningsþarfir, ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.

2) Ef honum býðst kaupandi að orku, utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kílóvöttum, þá má landsstjórn leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.

3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kílóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi, ef landsstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum, að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Landsstjórn er heimilt að veita slík orkuleyfi, ef vatnamálastjóri telur það ekki fara í bága við orkuþarfir almennings og mælir með því, en jafnan skal landsstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er landsstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, mundi fara í bága við hagsmuni almennings.

15. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 14. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem landsstjórnin setur.

2. Áður en gjaldskrá er sett skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærri en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.

3. Hafi sjerleyfishafi að dómi kunnáttumanns metið tilkostnað sinn of hátt, þá má landsstjórnin miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hún álítur að frekast verði tekinn til greina.

4. Nú hefir rekstrarkostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef reksturinn væri í góðu lagi og útsölunni á orkunni haganlega fyrir komið. Skal landsstjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.

5. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.

6. Ef kærur berast frá almenningi þess í milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann bíði tjón af sölunni, skal landsstjórn reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má hún þá, breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða hækka, ef hún telur það rjettmætt.

Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

16. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim í öllum atriðum.

2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun skal senda landsstjórn til athugunar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaðar fyrir almenning sem best má verða.

3. Landsstjórn getur síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að láta í tje hvers konar frekari upplýsingar sem krafist kann að verða af honum í samræmi við ákvæði þessara laga.

4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlun samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá landsstjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt, að hún hafi:

a) samþykt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála,

b) samþykt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða

c) neitað um samþykki sitt, og málinu sje vísað til sjerleyfisdóms.

Mannvirkin reist.

17. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 1 ári eftir að hon-

um barst samþykki landsstjórnar samkvæmt 16. gr. Skal hann halda verkinu áfram, án þess hlje verði á, önnur en þau, er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem landsstjórn samþykti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

18. gr.

Þegar landsstjórnin hefir veitt sjerleyfi, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst eigi.

19. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum fyr en honum hefir verið tilkynt samþykki landsstjórnar samkvæmt 16. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkrir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.

2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykt hafði verið (16. gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda landsstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur landsstjórnin leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem landsstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir, ef hann sækir um framlenging á þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin. Frestur þessi má þó ekki lengri vera en 1 ár, og má setja gjald til ríkissjóðs sem skilyrði fyrir honum.

20. gr.

Landsstjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til að gæta þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

21. gr.

1. Ef verkfræðingur er settur til eftirlits, samkvæmt 20. gr., þá er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá samþyktu fullnaðardrætti; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal landsstjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.

2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir litur, eða úrskurði landsstjórnar, og getur hún þá skipað sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.

3. Sjerleyfishafa er skylt að senda landsstjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið.

4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu að virkin skyldu fullger, ber sjerleyfishafa, nema landsstjórnin hafi veitt frest (19. gr.) að senda henni skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

Um viðhald og rekstur.

22. gr.

Landsstjórninni skal heimilt, þá er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess. Skal sá kunnáttumaður hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum og öllum rekstri þeirra, svo og að öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu. Skal honum heimilt, að framkvæma hvers konar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Að því loknu er sjerleyfishafa skylt, að hlíta úrskurði landsstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti.

23. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af því afli, sem selt er í almenningsþarfir.

24. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Landsstjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje, á 4 mánaða fresti, skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Landsstjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, er þörf þykir, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

25. gr.

Hlutabrjef eða önnur eignarskírteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita, samkvæmt 3. gr. og 36. gr., eða Landsbanka Íslands. Landsstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slík hlutabrjef eða eignarskírteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 32. gr. Sama gildir, ef hluthafi eða eigandi eignarskírteina missir rjett til sjerleyfis, samkvæmt 3. gr. og 36. gr.

Aðjafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma, nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

Sjerleyfisskilyrðum breytt.

26. gr.

Nú vill sjerleyfishafi:

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breyting er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir, og vitnað er til í sjerleyfisbrjefi hans,

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (14. gr. 1. lið), og skal hann þá senda landsstjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má landsstjórn leyfa breytinguna, og getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

Um framsal.

27. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild landsstjórnar til þess, og það enda þótt í ráði sje, að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.

2. Slíkt framsalsleyfi má landsstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir þau rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu.

3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að landsstjórnin taki gilt, svo og þá skilmála, sem landsstjórnin kann að setja í framsalsleyfi sínu.

28. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema landsstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.

2. Nú hefi lánardrottinn tekið eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, fjárnámi, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti, að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.

3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar, samkvæmt 2. tölulið, eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur, eða framsal farið fram, samkvæmt 27. gr., þá skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrottna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrir-

tækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.

4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg. að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 36. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að kaupandi. ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu, samkvæmt sjerleyfi hans.

5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað, að ríkinu frágengnu.

6. Ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins, samkvæmt 34. gr., eða eru leyst inn af ríkinu, afmást öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla.

Um sjerleyfisdóm.

29. gr.

1. Ef landsstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdóm um það málefni. Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdómur verði látinn ganga um sök hans, og nefna sökina. Dómurinn ákveður stefnufrest. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdómi. Hæstirjettur nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdómur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 1 árs fresti frá því er hann tók við málinu.

2. Sjerleyfisdómur fellir fullnaðarúrskurð um málið, þar á meðal:

a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum,

b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltekinni sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfismálefninu sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

30. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem eitthvert sjerleyfi er bundið, varða sektum. alt að 5 kr. á hvert hestafl, sem heimilað er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

31. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fólgið í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu, sem er til tjóns eða baga fyrir hagsmuni almennings, og það að nauðsynjalausu, og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu að hafa lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í

löglegt horf á tilteknum fresti, sem ekki má vera skemmri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.

2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má, ef það kemur oftar fyrir, láta brot varða sjerleyfisriftingu.

3. Ef sjerleyfi er riftað, skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 28. gr.

32. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir lögum þessum, tekur þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem um ræðir, eru ekki lengur fyrir hendi, eða sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. eða 36. gr. og fyrirmælum 28. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemmri en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal landsstjórn láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um það nauðungaruppboð sem segir í 28. gr.

3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki fullnægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi og skal þá fara eftir ákvæðunum í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi tilheyrir innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni, sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

Um sjerleyfisslit.

33. gr.

1. Þá er 40 ár eru liðin frá því orkuver var tekið til starfa, hefir ríkið rjett til að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna, enda sje Alþingi því samþykt. Sama rjett hefir ríkið á hverjum 5 ára fresti þar á eftir til enda sjerleyfistímans.

2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Landsstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar landsstjórn þá leysir slík virki til sín, þá skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:

a) Rjettindi þau, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Önnur rjettindi sjerleyfishafa og landareignir þær, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningarupphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.

c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið

er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar á þeim, en að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismissi, alt að $^{3}/_{4}\%$ fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

34. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveitu undir full yfirráð ríkisins endurgjaldslaust.

2. Afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast, þegar innlent hjerað á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestöflum. Í þess stað má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

35. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda landsstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við fyrirmæli, er þar um gilda.

2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal landsstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.

3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sín við hæfi landsstjórnarinnar, og áliti hún, að hans umsókn sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna, með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.

4. Nú ræður landsstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður, þegar kemur að þeim degi, sem landsstjórn þá tiltekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

IV. kafli.

Um sjerleyfi til handa útlendum mönnum.

36. gr.

1. Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Heimilt er landsstjórn þá að setja þau frekari eða fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje meiri hluti stjórnar þess skipaður innlendum mönnum.

3. Ákvæði fyrri málsgreinar í 25. gr. ná einungis til þess fjárstofns, sem í sjerleyfi er áskilið, að sje innlend eign (9. gr. 13.).

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er nú lagt fyrir Alþingi að undirlagi síðasta þings, á sama hátt og vatnalagafrumvarpið.

Eins og kunnugt er voru á þinginu 1919 lögð fram af einstökum þingmönnum 2 frv. til sjerleyfislaga fyrir vatnsorku, og voru sömu frumvörpin sem meiri hluti og annar minni hluti milliþinganefndarinnar í fossamálinu höfðu samið. Til þess að fjalla um frumvörp þessi og fossamálin í heild sinni, ásamt álitsskjölum milliþinganefndar, voru kosnar sjerstakar nefndir, sín í hvorri deild, og gengu þær saman í samvinnunefnd, sem vann að málinu, og samdi frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi. Frumvarpið kom svo til umræðu í neðri deild og var við 2. umr. vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Síðan lagði þáverandi stjórn fyrir aukaþingið í vetur sem leið, frumv. til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku, og hafði hún tekið upp frumv. annars minni hl. í milliþinganefndinni (Sv. Ó.) óbreytt að öðru en einu ákvæði (í 3. gr.). En sökum tímaskorts gat aukaþingið ekki sint málinu.

Stjórnin hefir nú talið sjer skylt, að taka málið til íhugunar á ný í sambandi við vatnalagafrumvarpið, og leggja það fyrir þingið. Hefir hún talið eðlilegast, að leggja nú til grundvallar frumvarp það, sem samvinnunefndin á þingi samdi, samkvæmt framansögðu. Hefir hún haldið við form frumvarpsins, en gert á því nokkrar breytingar, sem hjer skal vikið að.

Við 2. gr.

Þar er fært niður hámarkið á hestaflatölu þeirri, sem heimilt sje að virkja án sjerleyfis frá landsstjórn og farið eftir því, sem minni hl. milliþinganefndar lagði til, en meiri hl. hafði hámarkið enn þá neðar (200 hestöfl).

Við 7. gr.

Hjer er fært upp hámark þeirra hestaflatölu, sem stjórnin getur veitt sjerleyfi til, án þess að borið sje undir samþykki Alþingis, úr 10000 í 25000. Enn fremur er felt niður ákvæðið um tveggja þinga samþykki með kosningum á milli, þegar um meiri hestaflatölu er að ræða en 50000.

Meiri hluti milliþinganefndar í fossamálinu virðist hafa litið svo á, að sjerleyfislögin yrði nægilega skýr og fullkomin svo að landsstjórnin væri einfær um að veita öll slík sjerleyfi, án þess að bera hvert einstakt undir Alþingi, og hallast stjórnin í rauninni að því. Þó virðist rjett að taka það tillit til annarlegra skoðana í þessu efni, að samþykki Alþingis skuli koma til, þegar um stærri fyrirtæki er að ræða. Á hinn bóginn getur stjórnin ekki fallist á, að gera sama sem ókleift að fá sjerleyfi fyrir meiri hestafla tölu, en 50000, en svo má telja að yrði, ef áskilið er samþykki tveggja þinga með kosningum á milli.

Við 9. gr.

Ekki virðist heppilegt, að gera það að föstu lagaákvæði, að sjerleyfishafi skuli ætíð greiða kostnað við eftirlit það, sem stjórnin lætur hafa með öllum mannvirkjum hans, hvort heldur er, á meðan á byggingu stendur, eða síðar meir. Eðlilegra er, að fela stjórninni, að ákveða slíkt í sjerleyfisskilyrðum, eftir því sem á stendur og um semur, og er 12. lið þessarar gr. breytt í þá átt.

Við 11. gr.

Um lengd sjerleyfistímans og um sjerleyfisslit hefir stjórnin frekar hneigst að þeirri tilhögun, sem ákveðin er í frv. Sveins Ólafssonar, og færir því hámark sjerleyfistímans í 65 ár. Verður síðar gerð grein fyrir þessu.

Við 12. gr.

Í frv. meiri hl. milliþinganefndar er það látið á vald stjórnarinnar og þess vegna samningamál, hvort sjerleyfisgjöld skuli miða við þá hestaflatölu, sem *hagnýtt* er, eða þá sem *heimilt* er að hagnýta. Þessu er stjórnin samþykk og breytir því 1. lið greinarinnar þannig.

Við 22. gr.

23. og 24. gr. þingfrv. er báðum slengt saman í þessa grein, og er það í samræmi við breytingartill. við frv. þingn. sem fram kom í neðri deild. Raunar er lítil efnisbreyting gerð með þessu; en ákvæði um að sjerleyfishafi að sjálfsögðu greiði allan kostnað við þær rannsóknir, sem gerðar verða samkvæmt þessari grein, er felt burtu í samræmi við breytinguna á 12. lið 10. gr. í frv. þingn.

Við 33.—34. gr.

Eins og að framan er sagt, er í fyrirliggjandi frv. hallast að þeirri tilhögun, að lengja sjerleyfistímann upp í alt að 65 árum, en að á móti því komi það:

1. að rafmagnsorkuverið falli þegar sjerleyfistímanum er lokið *endurgjaldslaust* til ríkisins, og

2. að ríkið hafi innlausnarrjett á orkuveri og orkuveitu, þegar 40 ár eru liðin frá því starfsemin byrjaði, og verður þá hinn lengri sjerleyfistími engin áhætta fyrir landið eða ríkið. Hitt er meiri áhætta, að innlausnarrjettur ríkisins eftir eigi lengri starfstíma, verði fráfælandi fyrir þá peningamenn, sem annars vildu taka þá áhættu, að brjóta hjer ísinn til raforkuvirkjunar í stærri stíl. — En við því er þó nokkuð gert, með því að tryggja sjerleyfishafa sanngjarnar bætur fyrir rjettindi hans, mannvirki og sjerleyfismissi (sbr. 2. lið).

Við 35. gr.

Af breytingum þeim, sem nú voru taldar leiðir það, að 5. og 6. liður þessarar greinar verða óþarfir, og falla því niður.

Við 36. gr.

Nokkur efi hefir virst vera á því, hvort ákvæðin í 25. gr. fyrri málsgr. yrðu eigi skilin svo, að þau næðu til þess hlutafjár, sem heimilt er að sje útlend eign (sjá IV. kafla). Vitanlega á það ekki að vera, og er því tekið upp í grein þessa skýrt ákvæði um þetta.

Að lokum skal þess getið, að sökum þess, að ákvæði um skipun vatnamálastjóra og verkefni eru tekin upp í vatnalagafrumvarp það, sem stjórnin nú leggur fyrir þingið, er 5. gr. þingfrv. feld niður, og jafnframt numið í burtu það sem annarstaðar í sama frumvarpi er vikið að vatnamálastjóra.

23. Frumvarp

til laga um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarpa þeirra um sama efni, sem lögð voru fyrir Alþingi 1919 og 1920, sjá Alþingistíðindi 1919 A, I, bls. 110—129, og Alþingistíðindi 1920 A, I, bls. 39--58.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um athugasemdirnar visast til athugasemda við lagafrumvarp það um stofnun og slit hjúskapar, sem lagt var fyrir Alþingi 1919, sjá Alþingistíðindi s. á. A, I, bls. 129—165.

24. Frumvarp

til laga um einkasölu á lyfjum.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema landsstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af lyfjum, umbúðum og þeim hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfsöluskránni, og sker landsstjórnin sjálf úr því, ef ágreiningur rís, hvaða vörur heyri hjer undir og hverjar ekki.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, ef eigi er, að áliti lögreglustjóra, um meira að ræða en svo, að það sje hæfilegur forði handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 12. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir vörurnar, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja þær hjer á land.

2. gr.

Vörur þær, er landsstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, en eigi öðrum. Um sölu á þessum vörum setur landsstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarreksturs þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er landsstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Landsstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu og ákveður laun hans. Hann skal hafa lyfsalapróf. Hann hefur einnig á hendi eftirlitið með öllum lyfjabúðum landsins. Nánari reglur um starfssvið hans verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í annari grein, kveður landsstjórnin á um,

hvernig fara skuli um þær birgðir af lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, sem fyrir hendi kunna að vera hjer á landi, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi

7. gr.

Verslunin skal leggja hæfilegt hundraðsálag á vörur þær, er hjer um ræðir, þó aldrei yfir 50 af hundraði, álagningu þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem skattalög mæla fyrir. Tollar og innflutningsgjöld endurgreiðast henni svo af lyfsölum og læknum, er við hana skifta, önda eru þau gjöld innifalin í verðinu til þeirra.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Landsstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af sendingu varnings innanlands greiða viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

11. gr.

Landsstjórnin setur útsöluverð á vörur þær, er um ræðir í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum varða sektum alt að 10.000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framangreint lagafrumvarp er komið frá landlækni og samið af honum. Hefir hann gjört um það svofeldar athugasemdir:

Lyfjaverslunin er ótvírætt eitt mikilvægasta atriðið í heilbrigðismálefnum þjóðarinnar. Liggur það í augum uppi, að hjer ríður um fram alt á því að tryggja sjer það sem allra best, að öll lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem flutt eru inn í landið, sjeu óskemdar vörur og ósviknar, að jafnan sjeu til nægar birgðir af þeim vörum hjá lyfsölum og læknum, og þær seldar almenningi við hæfilegu verði, svo að enginn óhæfilegur ágóði af þeirri verslun renni í vasa einstakra manna.

Nú er því svo háttað, að síðan styrjöldin hófst hefur veitt mjög örðugt að afla ýmsra þeirra nauðsynja, sem hjer tilheyra, og jeg hef smám saman orðið þess var, að vörugæðin eru heldur ekki eins ábyggileg og áður gerðist.

Því er það og að ýmsir menn hafa haft orð á því, að ríkið ætti að taka alla lyfjaverslunina í sínar hendur, og þá átt við það, að ríkið skyldi eignast allar lyfjabúðir landsins og reka þær á sinn kostnað.

En þessu get jeg ekki verið samþykkur, og það af þeim ástæðum, er nú skal greina: Lyfjabúðir landsins eru nú orðnar 9 að tölu, 2 í Reykjavík og ein á hverjum af þessum stöðum: Hafnarfirði, Eyrarbakka, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi. Vona jeg að þess verði ekki langt að bíða, að þeim fjölgi, því sú nauðsyn er brýn í öllum stærri kauptúnum; má gera ráð fyrir, að lyfjabúð muni innan skamms geta þrifist t. d. á Siglufirði og Skipaskaga. En flestar af þessum lyfjabúðum eru litlar og geta því aðeins þrifist vel, ef lyfsali verslar líka með ýmsan annan varning en lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, og þá einkum alls konar kryddvörur, fegurðarvörur, tóbak og fl., sem altítt er að selja í lyfjabúðum bæði hjer og annarsstaðar. Verð jeg að telja það mesta hættuspil fyrir ríkið að fara að vasast í þesskonar atvinnurekstri, smásöluverslun, enda þyrfti ríkið á stórfje að halda, ef það ætti að taka allar lyfjabúðir landsins eignarnámi og reka þær á sinn kostnað, og að minni ætlun mundi sá rekstur aldrei bera sig vel.

Hins vegar er það, eins og hjer háttar til, afarerfitt að tryggja sjer það, að þær vörur, sem lyfsalar flytja inn, sjeu jafnan ósviknar og óskemdar og í alla staði svo vandaðar, sem vera ber. Og jafnframt leikur ætíð svo mikill vafi á um innkaupsverð þeirra, að það er mjög svo erfitt fyrir heilbrigðisstjórn landsins að ákveða útsöluverð lyfja, svo að hvorugt vilji til, að þröngvað sje hag lyfsala eða þeim ætlaður óþarflega mikill ágóði.

Af þessum ástæðum hef jeg komist að þeirri niðurstöðu, að það horfi þjóðinni í alla staði ótvírætt til heilla, að ríkið taki í sínar hendur allan innflutning og alla stórsölu á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum.

Mjer er kunnugt, að landsstjórnin hafði þegar í hyggju að fara þannig með alt áfengi, sem ætlað er til lækninga; hef jeg átt kost á að sjá það frumvarp, og hef jeg í þessu frumvarpsuppkasti um einkasölu á lyfjum farið nákvæmlega eftir frumvarpi stjórnarinnar um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Nú mun verða spurt, hversu miklu sá innflutningur nemi, sem hjer um ræðir. En úr því verður ekki leyst að svo stöddu með neinni vissu. Jeg hef að vísu í sumar skoðað allar lyfjabúðir landsins og átt tal við lyfsalana um innflutning þeirra og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hef getað fengið, má búast við að lyfsalar og læknar myndu kaupa lyf, umbúðir og hjúkrunargögn árlega fyrir $^3/_4$ til 1 miljón króna, þar í auðvitað talið það áfengi, sem fer til læknisnotkunar.

Þessi verslun ætti því óefað að geta orðið til hagnaðar fyrir ríkissjóð, án þess að hækka þyrfti útsöluverð á lyfjum. Ber margt til þess: 1) Þegar allar þessar nauðsynjar þjóðarinnar verða keyptar í einu lagi, ætti títt að mega komast að betri kaupum, en nú er unt fyrir hvern einstakan lyfsala. 2) Í sambandi við verslunina ætti að sjálfsögðu að hafa stóra og vandaða efnavinnustofu og mætti þar búa til margar þær samsetningar, sem nú eru keyptar tilbúnar frá útlöndum og hafa hagnað af. 3) Þá er það og stór hagur fyrir lyfsala hjer að geta birgt sig upp smátt og smátt eftir þörfum, þurfa ekki að liggja með líkt því eins miklar vörubirgðir, eins og nú tíðkast. Þá er að geta þess, að allir hjeraðslæknar og aðrir læknar, sem lyf selja, mundu að sjálfsögðu kaupa lyf sín hjá ríkisversluninni, sjer til nokkurs hagnaðar, en þó ekki mikils í mist fyrir lyfsala, því að þeir hafa minst af tekjum sínum upp úr stórsölu sinni til hjeraðslæknа.

Þá er það hugsun mín, að öllum lyfsölum verði gert að skyldu að halda nákvæmar reikningsbækur, líkt því sem heimtað er í Danmörku, svo að jafnan megi sjá, hvernig hver lyfjabúð beri sig, hver ársarðurinn er.

Jeg verð sem sje að taka það skýrt fram, að það er mjög áríðandi að lyfjabúðirnar geti borið sig vel, að lyfsalar hafi góðan arð af allri verslun sinni; það er besta tryggingin fyrir því, að lyfsalar stundi starf sitt af fylstu alúð og samviskusemi, og því aðeins er unt að gera strangar kröfur til lyfsalanna, ef starf þeirra borgar sig vel.

Nú veit jeg að orð hefur leikið á því, að ýmsir lyfsalar hafi haft óþarflega mikinn ágóða af atvinnu sinni, en jeg get ekki sagt að sú tilgáta sje á rökum bygð. Hins vegar er auðsætt, að verði heimtað nákvæmt reikningshald af öllum lyfjabúðum og fái þær mestallan varning sinn frá þeirri landsverslun, sem hjer er farið fram á, svo að jafnan verði fullkunnugt innkaupsverð þeirra, þá verður líka auðvelt fyrir heilbrigðisstjórnina að rata rjett meðalhóf í samningu lyfsöluskrár þeirrar, sem árlega er sett og ákveður útsöluverð lyfja.

Það kann að verða sagt, að sje útsöluverðið miðað við þarfir minni lyfjabúðanna, þá muni þær stærri fá óþarflega mikinn ágóða; reynslan ein getur skorið úr því, og komi slíkt í ljós, er hægur um hönd að heimta þá eitthvert árgjald af ágóða lyfjabúðanna, líkt og nú tíðkast í Danmörku.

Um einstakar greinar frumvarpsins þarf nú fátt að segja, með því að jeg get vísað til frumvarps stjórnarinnar um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Um 1. gr.

Auk lyfja eru hjer teknar »umbúðir« og »hjúkrunargögn«; það eru nauðsynjavörur fyrir sjúklinga engu síður en lyfin, og líst mjer því rjett og nauðsynlegt, að sömu lög gildi um þetta þrent.

Um 4. gr.

Sá maður, sem á að standa fyrir þessari verslun, vera *lyfsölustjóri*, verður, að sjálfsögðu að hafa lyfsalapróf og fulla reynslu sem lyfsali. Ætlast jeg til að þeim manni verði einnig falið eftirlitið með öllum lyfjabúðum landsins. Er það nú orðin föst venja í öðrum löndum, þar sem best gegnir, að fela mönnum með lyfsalament það mjög svo áríðandi eftirlitsstarf. Ætlast jeg til að öll ákvæði þar að lútandi verði sett í erindisbrjef lyfsölustjóra.

Um 11. gr.

Það er sjálfsagt að gefa út lyfsöluskrá: ákveða útsöluverð á lyfjum árlega eins og tíðkast hefur. En mjer virðist best fara á því, að landsstjórnin ákveði einnig útsöluverðið á umbúðum og hjúkrunargögnum, og verði þessi söluskrá í heild sinni samin og sett eftir tillögum lyfsölustjóra, en landlæknir yfirráðanautur stjórnarinnar í þeim sem öðrum heilbrigðismálum.

Mjer virðist ekki þörf á frekari athugasemdum við aðrar greinar í þessu frumvarpsuppkasti, með því að þær eru sniðnar eftir frumvarpi stjórnarinnar, sem fyr var getið.

Með því að ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið og ástæður þær, er það er á bygt, er það hjermeð framborið með tilvísun til hinna tilfærðu athugasemda.

25. Frumvarp

til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1920, sjá Alþingistíðindi 1920 A, I. bls. 71—80.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjer um vísast til athugasemda við frumvarp það til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa sem lagt var fyrir Alþingi 1920, sjá Alþingistíðindi s. á. A, I. bls. 81—85.

26. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 12 frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin út á íslensku.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Lög nr. 12 frá 18. sept 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög þau, er hjer er farið fram á að nema úr gildi, eru bæði óþörf og eiga ekki lengur við. 1. gr. er óþörf. það þarf ekki að taka það fram í lögum, er þar er sagt. Fyrirmæli 2. gr., um þýðing laganna á dönsku og gildi þýðingarinnar í Danmörku, virðist verða að falla burtu vegna sambandslaganna, enda efasamt um sum ákvæði greinarinnar, sjerstaklega niðurlag hennar, hvort við gátu átt, jafnvel á þeim tíma, er lögin voru sett.

27. Frumvarp

til laga breyting á lögum nr. 36, 26. oktbr. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. oktbr. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Ennfremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forstöðumaður Eiðaskólans hefir farið fram á ofangreinda lagabreyting og færir þær ástæður fyrir, að hæpið sje að unnið verði að jarðabótum til verulegra nota að haustinu til vegna tíðarfars, og ennfremur sje það hagfeldara, — og kostnaðarminna fyrir utanskólamenn — að námsskeiðið sje í einu lagi og óskift.

Með því að dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins verður að fallast á rök þau, er skólastjóri færir fyrir lagabreyting þessari, er hún hjer framborin.

28. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 15 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða þriðjung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922 og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921 og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Ef sannað er fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, er það tekur gildan, áður ár sje liðið frá gjalddaga skattsins, að flutningabifreið hafi eitthvert ár verið notuð eingöngu innanbæjar eða innansýslu, á vegum, sem ríkissjóður kostar að engu leyti viðhald á, skal skatturinn endurgreiðast bæjarsjóði eða sýslusjóði, þar sem bifreiðin hefir verið notuð.

6. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í ríkissjóð eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans og um reikningsskil fer eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1919 flutti fjárhagsnefnd Nd. frumv., er fór í svipaða átt og framanritað frumv. Það frumv. var samþykt í Nd. en var felt í Ed., mest vegna þess, að svo var litið á í þeirri deild af ýmsum, að vegir hjer á landi væru í svo slæmu ástandi, að eigi væri heimtandi skattur, af bifreiðum fyrir afnot þeirra. En þessi hugsanagangur sýnist ekki rjettur, því að það er auðsætt, að þessi farartæki spilla mjög vegunum og valda því þannig að meira þarf til viðhalds þeim en ella mundi. Og vitaskuld er það ekki rjetta leiðin til að fá vegina bætta að undanþiggja skatti þau farartæki, sem mest spilla þeim. Hitt sýnist miklu nær að láta þessi farartæki greiða skatt, með það fyrir augum, að því fje, sem skatturinn nemur, sje varið til að bæta vegina. Þetta á við um allar bifreiðar, hvort sem þær eru til vöruflutninga eða mannflutninga. En auk þess er og rjettmætt, að leggja annarskonar skatt á mannflutningabifreiðar, sem sje »luxus-skatt«, þar sem því verður alls eigi neitað, að þessi tegund bifreiða er að eigi all-litlu leyti notuð til aksturs og ferða, sem á engan hátt getur talist nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum er í frumv. gerður munur á vöruflutninga- og mannflutningabifreiðum, enda er svo einnig í öðrum löndum og virðist mjög eðlilegt. Bifreiðar munu nú vera skrásettar og að ýmsu leyti undir eftirliti hins opinbera í flestum eða öllum löndum, en af þessu hefir hið opinbera nokkurn kostnað og rjettlætir þetta nokkurn skatt á farartækjum þessum.

Eftir því sem næst verður komist mundi skattur þessi nema um 50 þús. kr. á ári, ef frumv. þetta yrði samþykt óbreytt.

Um hinar einstöku greinar frumv. er þess að geta, sem hjer segir.

Um. 1. gr.

Flestar mannflutningabifreiðar, sem notaðar eru hjer á landi munu hafa vjelar með 18—24 hestorkum og yrði því skattur þessi 270—360 kr. á ári af hverri bifreið og er það miklu minni skattur, en greiddur er af svipuðum bifreiðum t. d. í Danmörku. Skatturinn þar af bifreið með 18 hestorkna vjel er um 800 kr. á ári, en ástæðan til, að eigi er stungið upp á hærri skatti hjer er sú, að á vorum vegum þarf hlutfallslega allmiklu sterkari vjelar en á vel góðum vegum.

Bifhjól (mótor-cycler) falla að öllu leyti undir sömu reglu og eiginlegar bifreiðar.

Um 2. gr.

Eftir því, sem að framan er tekið fram, um tilgang þessa skatts er það auðsætt, að skatturinn á að vera lægri á vöruflutningabifreiðum en mannflutningabifreiðum. Hins vegar geta hinar fyrnefndu, eftir þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar, ekki orðið skattfrjálsar. Aftur á móti er það álitamál hversu miklu skuli muna, og um þetta atriði má því að sjálfsögðu deila. Í Danmörku greiða vörubifreiðar hálfan skatt móts við mannflutningabifreiðar, en hjer er stungið upp á, að þær greiði að eins þriðjung, og er það gert með sjerstöku tilliti til hversu nauðsynlegar þær verða að teljast.

Um 3. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er því nær alveg samhljóða tilsvarandi grein í nefndu frumv. frá árinu 1919. Að eins er bætt við ákvæði um, að skatturinn teljist að eins fyrir heila mánuði til að komast hjá nákvæmum brotareikningi.

Um 5. gr.

Í frumv. 1919 voru engin ákvæði, sem svara til þessarar greinar. En þegar svo stendur á, að bifreið er aðeins notuð á vegum, sem ríkissjóði eru óviðkomandi og jafnan innan sama umdæmis, er ekki sanngjarnt, að ríkissjóður taki skattinn, að því leyti sem hann er fyrir slit á vegum. En af þessu leiðir, að undantekningin í þessari grein á aðeins við vörubifreiðar, sjerstaklega vegna þess að hin tegund bifreiðanna (mannflutningabifreiðar) á einnig að greiða annars konar skatt (»luxus-skatt«) og enn fremur vegna þess, að þær munu naumast nokkuru sinni vera svo staðbundnar, að regla greinarinnar geti átt við þær.

Endurgreiðslur þær, sem hjer ræðir um, valda að sjálfsögðu nokkurri fyrirhöfn, en þar sem reglan virðist sanngjörn, þykir rjett að taka hana upp. Að sjálfsögðu fer endurgreiðsla eigi fram nema eftir beiðni hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Um 6. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

29. Frumvarp

til laga um heimil fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, að kaupa rúg og rúgmjöl, hveiti- og hveitimjöl eins mikið og henni virðist þörf á, til þess að birgja landið. Selur hún vörur þessar kaupmönnum, kaupfjelögum, sveitarfjelögum og brauðgerðarhúsum, þegar nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi.

Í þessu skyni heimilast ríkisstjórninni einnig að taka lán svo sem nauðsyn krefur til vörukaupanna og til húsa, áhalda og annars er að verslunarrekstri þessum lýtur.

2. gr.

Þá er ríkisstjórnin hefir fengið tryggingu fyrir nægilegu fje til þess, að verslun þessi sje einfær um, að birgja landið með vörum þeim er 1. gr. ræðir

um, og að undirbúa það, að sæmilegar birgðir geti jafnan verið til á hæfilega mörgum stöðum á landinu, getur hún bannað öllum öðrum að flytja þessar vörur til landsins.

3. gr.

Ríkisstjórnin annast um, að umræddar vörur sjeu seldar með því verði, að ætið nægi fyrir innkaupi, flutningsgjaldi, rýrnun og öllum öðrum kostnaði við rekstur þessarar verslunar. Enn fremur leggist á vöruna 5% gjald til sjerstaks stofnsjóðs fyrir þessa verslun, eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar hæfan mann til þess, að hafa á hendi forstöðu þessarar verslunar. Enn fremur skipar hún 2 endurskoðunarmenn til þess að rannsaka alla reikninga og bækur verslunarinnar. Skal rannsaka reikningana jafnóðum fyrir hverja 3 mánuði og síðan hvern ársreikning. Ríkisstjórnin ákveður laun forstöðumanns og endurskoðenda.

5. gr.

Nánari ákvæði um verslun þessa og rekstur hennar setur ríkisstjórnin með reglugerð eða reglugerðum. Hún gerir og ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, viðvíkjandi birgðum þeim af rúg og rúgmjöli, hveiti og hveitimjöli, er heildsalar hafa með höndum, þá er innflutningsbann samkvæmt 2. gr. kemur í gildi.

6. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af neytsluvörum, er til Íslands flytjast frá útlöndum, er það brauðefnið (rúgur og hveiti), sem mest á ríður. Undan brauðþörfinni geta landsmenn eigi vikið sjer nema að litlu leyti, og síst má vera án brauðefnis þegar hart er í ári. Það er því eitt af helstu lífsskilyrðum hvers einasta manns í landinu. Því er það og jafnframt hagsmunamál hverjum manni, að til landsins flytjist gott brauðefni og ósvikið og með eins góðu verði og unt er.

Nú hefir ríkisstjórnin, eins og kunnugt er, og það eftir ákvörðunum Alþingis, rekið heildsölu ein 6—7 undanfarin ár með nokkrar helstu nauðsynjar landsmanna. Er fyrir nokkru komið það lag og sá rekspölur á þá verslun, og þau tæki nú fengin, að telja má landsverslunina jafnfæra heildsölum yfirleitt til þess að reka verslun með þær sömu vörur og hún hefir haft með

höndum. Og með vörur, sem hún hefði einkainnflutning á, stæði hún að mun betur að vígi. Það er fengin reynsla fyrir því, þegar höft eru á útflutningi einstakra vara í öðrum löndum, þá er auðveldara fyrir ríkisstjórn, heldur en einstaka menn eða einkastofnanir, að ná í vörurnar, og getur slíkt komið fyrir eftirleiðis á svipaðan hátt og hingað til. Þá er og hægra um vöruval þegar öll vörutegundin er á einni hendi til innflutnings, og kostnaðarminna að tiltölu að koma á verulegu eftirliti og aðgerðum um vöruvalið, enda lítil trygging fyrir, að slíkt verði gert, ef margir eru innflytjendur. Svo er og það í þessu sambandi, ef lengra er hugsað fram í tímann, að markmiðið ætti að vera það, að bæði rúgur og hveiti væri malað í landinu sjálfu. Ætti einka-innflutningur landsverslunar á þessum vörum að geta orðið fyrsta sporið til þess. Geta menn gert sjer í hugarlund, hver ávinningur ætti að geta orðið að slíku, með eins ódýru vatnsafli og vjer höfum, ávinningur, ekki einungis fyrir vöruvöndunina, heldur og í ýmsu öðru tilliti.

Ein meginástæðan, og sú mest varðandi, fyrir því, að ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi frumvarp það, er hjer ræðir um, er þó enn þá ótalin.

Allir, sem kunnugir eru högum landbúnaðarins og sveitabænda, eru víst sammála um það, að fóðurtryggingar búpenings sje langþýðingarmesta undirstaðan, sem sá atvinnuvegur hvílir á. Hitt er og mörgum ljóst, hve örðugt gengur, að hafa þær í lagi, og þótt að því verði unnið hjer eftir eins og hingað til, og með nokkrum árangri, þá verði það seint til hlítar. Kunnugir menn vita það og, að almennasta og handhægasta baktryggingin sem bændur hafa haft í mjög hörðum vorum hefir verið kornvöruforði sá, sem þeir hafa að vetrarlaginu birgt upp heimili sín með, til manneldis fram á sumarið, að-allega rúgmjölið. Einstöku hjeruð hafa með kaupfjelagsskap komið því til leiðar, að bændur væru fyrri part vetrar búnir að fá svo miklar kornvöru-birgðir, að þeim nægði langt fram á næsta sumar til manneldis, og hefir þessi forði komið að hinum bestu notum til fóðurtryggingar í vondum vorum, þótt hann hafi eigi ætið, sem von var, reynst fullnægjandi. Alþingi hefir og hallast að því að svona lagaður kornvöruforði væri heppilegur, eins og sjest á tvennum lögum um kornforðabúr nr. 24. 9. júlí 1909, og viðauka við þau nr. 47, 10. nóv. 1913.

Eigi virðist að lög þau, er hjer ræðir um, hafi verið mikið notuð nje komið að miklu liði. Stjórnin hefir því nú hallast að því ráði, sem Guðmundur landlæknir Björnson bendir á og rökstyður í bæklingi sínum »Næstu harðindin«, útg. 1913. Skal hjer skírskotað til þess merkilega rits. Eins til tveggja missera forði af rúgmjöli eða rúgi til manneldis handa öllum landsmönnum er eigi lítil fóðurtrygging í vorharðindum fyrir búpeninginn, að minsta kosti ef eigi er til hans gripið fyr en kemur að vori og engum liðið að setja á slíkan forða, því hjer er um þrautaforða til skepnufóðurs að ræða. Þegar nú ríkisstjórnin tekur að sjer að birgja alt landið upp með brauðefni, ætti að vera hægra um vik fyrir hana, að þoka svo til um slíkan forða, að hann innan skamms væri til í landinu alt að ári fyrirfram. Ef svo kæmist á með tímanum, að mala hveiti í landinu, fengist þar úrgangur, sem er ágætt skepnufóður.

Tilgangur þessa frumvarps er því í stuttu máli þessi:

a. að tryggja landsmönnum góðar og ósviknar vörur með góðu verði,

b. að varna brauðskorti í landinu þótt stórar misfellur komi fyrir í árferði og aðflutningum.
c. og loks, að varna stórtjóni á búpeningi þegar óvenjuleg vorharðindi ganga og þar af leiðandi fóðurskortur.

Viðvíkjandi hinum einstöku greinum frumvarpsins vill stjórnin taka þetta fram:

Um 1. og 2. gr.

Til þess að taka að sjer, að birgja landið af umræddum vörum, og sjerstaklega til þess að birgðirnar verði jafnan fyrir hendi hálfu til heilu ári fyrirfram, þarf mikið stofnfje. Ennfremur má við því búast að talsverðu þurfi að verja til húsa, svo að næg geymsluhús sjeu til fyrir þann forða á ýmsum stöðum í landinu. Nú er að vísu bjargráðasjóðurinn til, og nær hann á engan hátt betur tilgangi sínum, en í slíkum forða og þessum. Nam hann um síðustu áramót samtals tæpum 289 þús. kr. En þótt hann fari smámsaman vaxandi, nær hann harla skamt, og verður því að fá stofnfjeð að mestu leyti að láni með tryggum kjörum og hæfilegum afborgunum. Þess vegna er lántökuheimild nauðsynleg fyrir stjórnina.

Sala til kaupfjelaga og kaupmanna verður að vera því skilyrði bundin, að tiltekinn hluti vörunnar geymist sem tryggingarforði fram í aprílmánuð ár hvert. Sje þá útlit fyrir almennan fóðurskort skal þessum forða varið til að bæta úr honum, eftir reglum, sem þar um verða settar. En þegar búpeningur er úr hættu, verður það sem ónotað er af forðanum til frjálsrar sölu.

Um 3. gr.

Fáist lán samkvæmt 1. gr. til 20 ára — og ólíklegt er, að lengra lán fáist — verður að leggja sjerstakt gjald á vörurnar til þess að standast afborganir. Þetta gjald virðist rjett að nefna stofnsjóðsgjald, og sjóðinn sem þannig myndast stofnsjóð. Að öðru leyti verður að leggja svo ríflega á vörurnar fyrir reksturskostnaði og rýrnun, svo og húsnæði og geymslu, að fremur safnist afgangur, svo sem til áhalda, húsbygginga o. fl. Þar á móti er ekki ætlast til, að ríkissjóður hafi fastar tekjur af þessari verslun aðrar en innflutningsgjöld samkvæmt skattalögum.

Frekari skýringa á hinum einstöku greinum virðist ekki þörf.

30. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920—1921 veitast kr. 834908,23, til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast kr. 158000,00.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
3.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
4.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
	Samtals:	kr.	158000,00

3. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast kr. 160000,00

1.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	kr.	300,00
2.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
3.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
4.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
5.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
6.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
7.	Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
	Samtals:	kr.	160000,00

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 69803,24.

1.	Til líkhúss handa háskólanum	kr.	4000,00
2.	— utanfarar rectors mentaskólans	—	2500,00
3.	Þóknun fyrir starf mentamálanefndar	—	10000,00
4.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
5.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
6.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
7.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
8.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
	Samtals:	kr.	69803,24

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 89765,19.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
	Flyt:	kr.	4500,00

	Flutt:	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaniu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted í sama skyni ...	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
9.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
10.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
	Samtals:	kr.	89765,19

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast kr. 144219,90.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Johanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
6.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
7.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
8.	Til Skeiðáveitunnar, ¼ kostnaðar	—	29000,00
9.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
	Samtals:	kr.	144219,90

7. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast kr. 12619,90.

Eftirlaun handa Sigurði Jónssyni fyrv. atvinnumálaráðherra 3000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir 33 gr. launalaganna ... ... kr. 12619,90

8. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast kr. 200500,00.

1.	Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2.	Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
	Samtals:	kr.	200500,00

Athugasemdir:

Við 2. gr.

1. Kostnaðurinn við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum hefir orðið miklu meiri, vegna síhækkandi verðlags, en gert var ráð fyrir í fyrstu, en við breyting þessa hefir aukist mikið rúm á Heilsuhælinu og var hin mesta nauðsyn á því, þar sem jafnan bíða sjúklingar sem þurfa að komast á hælið.

2. Þessi fjárhæð er áætluð, en eftir því sem nefndarmenn sjálfir álíta er hún nærri sanni. Milliþinganefnd sú, er hjer ræðir um, var, eins og kunnugt er skipuð samkvæmt þingsályktan Alþingis 1919.

3. Hjer á landi er mikill skortur á góðum og lærðum hjúkrunarkonum. Stúlka sú, er hjer ræðir um sókti um þenna styrk til aukaþingsins síðastliðinn vetur og mælti fjárveitinganefnd Nd. með, að beiðninni væri sint, með því skilyrði að stúlkan hyrfi hingað heim að afloknu námi. Með tilliti til þessa veitti stjórnin styrkinn, enda hafði stúlkan mjög góð meðmæli.

4. Þegar hin spanska kvefpest barst hingað síðastliðinn vetur, samþykti aukaþing það, sem þá stóð yfir, að skora á stjórnina að gjöra alt, sem unt væri til að varna útbreiðslu hennar. Þetta var gert og hepnaðist furðanlega, en kostaði mikið fje, sem sjálfsagt þykir að leita aukafjárveitingar fyrir.

Við 3. gr.

1. Styrksins til dragferju á Lagarfljóti fyrir árið 1919 var eigi vitjað fyr en eftir að útborgunum þess árs var hætt, en samt þótti rjett að greiða hann og leita endurveitingar.

2. Hið sama er um styrkinn til dragferju á Hjeraðsvötnum, en auk þess er hjer lagt til, eftir framkominni beiðni frá sýslunefnd Skagfirðinga, að styrkurinn verði aukinn um 200 kr. hvort árið, og er það í samræmi við, að t. d. styrkurinn til dragferjuhaldsins á Lagarfljóti hefir verið aukinn um þá fjárhæð, en hvortveggi styrkurinn hefir verið jafnhár fram að þessu fjárhagstímabili.

3.—4. Vísast til þess, sem sagt er um 1. lið þessarar greinar.

5. Aukaþingið 1920 samþykti í þingsál. að veita 11000 kr. viðbótarstyrk fyrir það ár til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp og kom það fram í umræðunum, að búist væri við sömu viðbót 1921. Í samræmi við þetta er nú stungið upp á 22000 kr. fjárveitingu bæði árin.

6. Hið sama Alþingi veitti 80000 kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land, fyrir árið 1920. Stjórnin hefir ekki, eins og nú stendur, er frv. þetta er samið, sjeð sjer fært að leggja neitt til um hvort fje skuli veitt í þessu skyni fyrir árið 1921, meðal annars af því, að ekki eru komnar enn skýrslur um alla þá báta, sem notið hafa styrks af þessu fje. Hins vegar má vænta þess, að nánari skýrslur verði komnar þá er þing kemur saman og mun stjórnin þá gera tillögur sínar, jafnframt og skýrt verður frá hvernig nefnd 80000 kr. fjárveiting hefir verið notuð.

7. Á árinu 1920 urðu stöðvarstjóraskifti í Vestmannaeyjum og hafði fyrverandi stöðvarstjóri leigt landssímanum húsnæði, en er hann ljet af stöðunni,

vildi hann alls ekki selja húsnæðið lengur á leigu, og með því að ómögulegt reyndist að fá annarsstaðar húsnæði í Vestmannaeyjum, en það hús hins vegar til sals, sem síminn hafði áður notað, þótti nauðugur einn kostur að kaupa það og kostaði það 65000 kr., sem landssímastjóri taldi gott verð. Af kaupverðinu voru 50000 kr. greidar strax, en 15000 hvíldu á húsinu og verða greiddar síðar, sennilega af símafje.

Við 4. gr.

1. Þegar gamla spítalahúsið í Þingholtsstræti var tekið til notkunar aftur 1920 sem sjúkrahús fyrir Reykjavíkurbæ, varð læknadeild háskólans að láta af hendi líkhús það, er hann hafði haft á lóð þess húss. En með því að læknadeildin getur að sjálfsögðu eigi verið án líkhúss, var það tekið til bragðs, að útbúa líkhús í pakkhúsi, sem ríkissjóður á bak við húseign sína í Kirkjustræti 18. Það er kostnaðurinn við þetta verk, sem hjer er leitað aukafjárveitingar fyrir.

2. Rektor mentaskólans fór fram á það síðastliðið vor að fá styrk til utanfarar, sjerstaklega í þeim tilgangi að kynna sjer nýjasta fyrirkomulag samskonar skóla erlendis og hann veitir forstöðu og þótti eigi fært að neita svo verðugum manni um slíkan styrk.

3. Mentamálanefndin er skipuð samkvæmt þingsályktun 1919. Þær 10000 kr., sem hjer er farið fram á aukafjárveitingu fyrir, til greiðslu á kostnaði af nefndinni, er vitaskuld áætlunar-upphæð.

4. Mentaskólinn hafði ekki verið málaður, hvorki utan nje innan síðan 1907 og þangað til síðastliðið sumar. Þá þótti nauðugur einn kostur að gera það vegna væntanlegrar komu konungshjónanna, enda full nauðsyn á að mála allan skólann utan og innan og þótt eigi hefði verið von konungs og drotningar hefði verið óhugsandi að draga það mörg ár að mála skólahúsið. En um leið og þetta var gert var og ýmislegt annað gert við skólann, svo sem gólf, stiga o. fl. Þá voru og sett þar vatnssalerni, sem tilfinnanlega hefir vantað þar. Eykur það mjög þrifnað og dregur úr sýkingarhættu meðal nemenda.

5. Skólastjórinn á Eiðum taldi sjer bráðnauðsynlegt að fara utan í ýmsum erindum fyrir skólann og þótti eigi fært að neita honum um styrk til þess.

6. Smíða og dráttistarkennararnir á Hólum og Hvanneyri falla eigi undir ákvæði launalaganna og varð því eigi hjá því komist að semja sjerstaklega við þá um uppbót og varð það úr, að annar skyldi hafa 800 kr. uppbót á ári fyrst um sinn, en hinn 1000 kr.

7. Þegar núverandi formaður Búnaðarfjelags Íslands skilaði af sjer skólabúinu á Hólum í Hjaltadal og jörðinni, fór hann fram á að fá miklar bætur fyrir umbætur þær, sem hann hafði gert á jörðinni og kynbætur á búpeningi. Hafði hann varið til þessa miklu meira en unt var að álíta hann skyldan til. En með því að engi samningur hafði verið við hann gerður, var sá einn kostur fyrir hendi að taka upp samninga um þetta síðastliðið vor og þótti tilvinnandi að greiða honum þá upphæð, sem frv. tilgreinir, meðal annars til þess að koma í veg fyrir það, að skólabúið fengi úrkast úr búpeningnum.

8. Það var óhjákvæmilegt að setja ný gólf í 1 eða 2 herbergi í dauf-

dumbraskólanum og gera þar lítinn geymsluskúr auk smá-aðgerða. Það er þessi kostnaður, sem umræddur liður á við.

Við 5. gr.

1. Í fjárlögum 1918 voru veittar 2500 kr. til þess að gefa út minningarrit landsbókasafnsins, en eins og við er að búast, var langt frá, að þessi fjárhæð nægði, vegna hækkunar á prentun og pappír. Fyrir því er hjer farið fram á 4500 kr. aukafjárveitingu og er þá ekki um frekari kostnað að ræða, enda er ritið komið út og er hið prýðilegasta.

2. Frá Dönum höfðu, þar til sambandslögin komu í gildi, verið greiddar 800 kr. á ári til útgáfu fornbrjefasafnsins. En vegna breytingarinnar á sambandinu milli landanna, er greiðsla þessi nú fallin burtu og þar sem útlit var fyrir, að safn þetta mundi hætta að koma út, ef það misti þenna styrk, þótti rjett að veita hann úr ríkissjóði upp á væntanlega aukafjárveitingu.

3.—5. Fjárveitinganefnd Nd. mælti með því á aukaþinginu 1920, að þeim dr. Jóni Þorkelssyni og dr. Jóni Aðils yrði veittur styrkur til að sækja hinn norræna sagnfræðingafund, sem haldinn var í Kristianíu í sumar, er leið, enda voru þeir báðir meðal fundarboðenda. Mismunurinn á styrk þessara tveggja manna stafar af því, að dr. Jón Þorkelsson þurfti hvort sem var til Kaupmannahafnar í opinberum erindum. Með því, að mag. Bogi Th. Melsted var þriðji íslenski fundarboðandinn þótti rjett að veita honum líka ofurlítinn styrk.

6. Þessi styrkur til Kvenrjettindafjelagsins er veittur eftir meðmælum meiri hluta fjárveitinganefndar Nd.

7. Þessi viðbót er einnig veitt eftir meðmælum fjárveitinganefndar.

8. Eftir öllum atvikum var ómögulegt annað en að halda áfram með og fullgera húsið yfir listasafn Einars Jónssonar þótt það hafi farið stórum fram úr áætlun.

9. Í miklum hluta viðbótarinnar við kirkjugarðinn í Reykjavík er svo grunt niður á klöpp, að ómögulegt er að grafa þar menn nema borin væri áður mold ofan á og hefir þetta verið gert á allstórum kafla. Er af þessu mikill kostnaður, sem þó eigi verður hjá komist.

10. Bjarni Jónsson frá Vogi hefir nú lokið við að þýða fyrri hluta Fausts og þykir mikils um vert, að hann verði prentaður. Stjórnin verður að líta svo á, að meiningarlaust sje að veita styrk til að þýða þetta merka rit og gefa það svo ekki út, og þykir því rjett að taka upp aukafjárveitingu í þessu skyni, en að sjálfsögðu þarf höf. að leggja fram mikið frá sjálfum sjer til þess, að koma ritinu út, enda á hann þá upplagið sjálfur.

6. gr.

1. Þessi styrkur var veittur Jóni Þorbergssyni til þess að hann færi utan til að kynna sjer betur ullarmat, sem hann og stjórnarráðið taldi mikla þörf á og veitti Búnaðarfjelag Íslands honum jafnháa fjárhæð í þessu skyni.

2. Siglufjarðargarðurinn er altaf að bila, nú síðast í hanst er leið. Stjórnarráðið sá eigi annað fært en að láta í vetur draga að grjót til væntanlegrar að-

gerðar í sumar, því að vitaskuld er ekki um annað að gjöra en að halda garðinum við eða ákveða að skeyta ekki um hann. Stjórnarráðinu þótti líklegra að Alþingi vildi enn reyna að halda honum við og ákvað því að láta flytja að grjót, en komist Alþingi að annari niðurstöðu má væntanlega gera sjer fje úr efninu án mikils halla. Þess skal ennfremur getið að rúmar 1300 kr. hafa verið greiddar á árinu 1920 fyrir aðgerð 1919 og sumarið 1920 fór fram lítilfjörleg aðgerð, sem reikningar eru eigi komnir yfir.

Þess má geta að umræddar 6000 kr. eru að sjálfsögðu lausleg áætlunar-upphæð.

3. Sumarið 1920 var haldinn sýning í Noregi, meðal annars á byggingarefnum o. fl. Það þótti rjett að senda mann á þessa sýningu, enda óskaði Jóh. Fr. Kristjánsson styrks í þessu skyni og mælti fjárveitinganefnd Nd. með því.

4. Þessi liður er tekinn upp eftir ályktun aukaþingsins 1920.

5. Hið sama er um þennan lið.

6. Þessi liður er aðeins endurveiting, með því að aðeins 500 kr. af 1500 kr. styrk heimilisiðnaðarfjelaganna var greiddur 1919.

7. Það kemur mjög oft fyrir, að efnarannsóknarstofan þarf að rannsaka steintegundir og hefir hingað til þurft að mylja það með handafli, sem er bæði seinlegt, erfitt og dýrt. Það varð því ofaná að kaupa vjel þessa.

8. Skeiðaáveitan er nú svo langt á veg komin, að það virðist ekki geta komið til mála að láta undir höfuð leggjast að fullgera áveituna, þótt hart sje í ári um fje. Til áveitunnar hafa þegar verið greiddar 9000 kr. upp á væntanlega aukafjárveitingu, en eftir því, sem vegamálastjóri álítur þarf um 20000 kr. úr ríkissjóði til að fullgera áveituna og er þá tekið tillit til að ríkissjóður á aðeins að greiða fjórðung kostnaðar.

9. Fjárveitingin til erindreka á Spáni og Ítalíu er tekin upp eftir ályktun aukaþingsins 1920. Að sjálfsögðu verður þá eigi notuð fjárveitingin 1921 handa erindreka Fiskifjelagsins.

Við 7. gr.

Eftir meðmælum fjárveitinganefndar Ed. og ýmsra þingmanna ákvað stjórnin að veita fyrv. ráðherra Sigurði Jónssyni 3000 kr. eftirlaun á ári með uppbót eins og handa öðru eftirlaunafólki.

Við 8. gr.

1. Upphæð sú, sem hjer er ráðgerð sem útgjöld vegna konungskomunnar er að sjálfsögðu aðeins lausleg áætlun. Kostnaður sá, sem þessu er samfara verður að sjálfsögðu töluvert meiri vegna þess, að eigi varð af komunni í sumar. Nánari skýringar um þetta verða gefnar fjárveitinganefnd og Alþingi, ef óskað verður.

2. Trjesmiður sá, er hjer ræðir um hefir verið mjög lengi í Berlín, og átt við svo þröngan kost að búa þar um nokkuð langan tíma, að kunnugir sögðu, að hann gæti eigi haldið lífi nema skamman tíma, ef honum yrði eigi hjálpað og var því það ráð tekið að koma honum til Danmerkur. Vandræði þessa manns

urðu kunn á þann veg, að Danir sendu íslenska stúlku til Þýskalands til að komast eftir hvaða Danir væru þar hjálparþurfar. Við þetta tækifæri komu vandræði þessa manns í ljós og þar sem hann gat ekki fengið styrk hjá Dönum, þótti sjálfsagt að veita honum þenna litla styrk úr ríkissjóði.

31. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1918 og 1919 veitast kr. 2243029,22 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 104585,03.

A. Æðsta stjórn landsins.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1919	kr.	10915,75		
— —	4.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	29329,20		
— —	—	—	1919	—	27077,74		
— —	5.	Ríkisfjehirðisstörf	1918	—	1667,64		
— —	—	—	1919	—	1679,30		
— —	7.	Umbætur og viðhald	1918	—	6939,80		
— —	—	—	1919	—	12076,66	kr.	89686,09

B. Hagstofa Íslands.

Við tölulið	3.	Pappír og prentun	1918	kr.	2559,35		
— —	—	—	1919	—	6230,52		
— —	4.	Prentun eyðublaða	1918	—	181,61		
— —	5.	Húsaleiga o. fl.	—	—	1710,26		
— —	—	—	1919	—	2598,44		
— —	6.	Aðstoð og skrifstofukosfnaður	1918	—	109,05		
— —	—	—	1919	—	1509,71	kr.	14898,94
					Samtals A—B.	kr.	104585,03

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 158754,58.

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við tölulið	4.	Hegningarhúsið	1918	kr.	3355,09				
—	—	— —	1919	—	10040,88				
—	—	5. Sakamálakostnaður o. fl. ...	1918	—	5482,35				
—	—	— — ...	1919	—	6555,88	kr.	25434,20		

B. Ýmisleg útgjöld.

Við tölulið	1. a.	Útgáfa Stjórnartíðinda ...	1918	kr.	450,00				
—	—	— — ...	1919	—	450,00				
—	—	1. b. Pappír og prentun ...	1918	—	7810,32				
—	—	— — ...	1919	—	12714,64				
—	—	2. a. Burðareyrir embættismanna	1918	—	7906,03				
—	—	— —	1919	—	12706,32				
—	—	2. b. Embættis símskeyti ...	1918	—	47729,72				
—	—	— — ...	1919	—	30047,54				
—	—	3. Brunaábyrgðargjald o. fl. ...	1918	—	2639,47				
—	—	— — ...	1919	—	5224,62				
—	—	4. Eftirlitsferðir	1918	—	3921,44				
—	—	— —	1919	—	1236,73				
—	—	8. Yfirskattanefndir o. fl. ...	—	—	483,55	kr.	133320,38		
					Samtals A—B	kr.	158754,58		

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 437976,47.

Við tölulið	11.	Röntgens starfræksla ...	1918	kr.	6135,00				
—	—	— — ...	1919	—	1000,00				
—	—	14. Holdsveikraspítalinn ...	1918	—	64921,03				
—	—	— — ...	1919	—	67124,05				
—	—	16. Geðveikrahælið á Kleppi ...	1918	—	29858,88				
—	—	— — ...	1919	—	58337,02				
—	—	17. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1918	—	112289,31				
—	—	— —	1919	—	97216,56				
—	—	18. g. Heilbrigðiseftirlit	—	—	1094,62	kr.	437976,47		

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 866699,21.

A. Póstmál.

Við tölulið	2.	Póstflutningur	1918	kr.	6810,49				
—	—	3. a.—b. Skrifstofukostnaður	—	—	4435,51				
—	—	— —	1919	—	762,45				
—	—	3. e. Önnur gjöld	—	—	30186,92	kr.	42195,37		
					Flyt	kr.	42195,37		

						Fluttar kr.		42195,37
			B. Vegabætur.					
Við tölul.		I. 1. b.	Ferðakostnaður o. fl.	1918	kr.	269,08		
—	—	I. 2.	Verkfróðra aðstoð ...	—	—	1793,02		
—	—	—	— ...	1919	—	6216,80		
—	—	I. 3.	Skrifstofukostnaður	1918	—	1418,72		
—	—	—	—	1919	—	2052,88		
—	—	I. 4.	Eftirlit með vegum	1918	—	95,08		
—	—	II. 1.	Húnvetningabraut ...	—	—	30365,38		
—	—	—	—	1919	—	36834,19		
—	—	II. 3.	Grímsnessbraut ..	1918	—	9449,95		
—	—	II. 6.	Viðhald flutningabrauta	—	—	9240,80		
—	—	—	—	1919	—	15709,94		
—	—	III. 10.	Vegagerð frá Ljá ...	—	—	5196,76		
—	—	III. 11.	Aðrar vegabætur og viðhald	191 ∞	—	20438,06		
—	—	—	—	1919	—	8835,73		
—	—	V.	Áhöld	—	—	9901,30		
—	—	VII.	Brú á Austur-Hjeraðsvötn	1918	—	43362,37		
—	—	—	—	1919	—	184,61	kr.	201364,67
			C. Samgöngur á sjó.					
Við tölul.		II. 1.	Faxaflóaferðir	1918	kr.	3000,00		
—	—	—	—	1919	—	20571,43		
—	—	II. 5.	Langanesbátur ...	1918	—	12000,00		
—	—	—	—	1919	—	12000,00	kr.	47571,43
			D. Símasamband.					
Við tölul.		II.	Til viðauka símakerfa	1918	kr.	14805,01		
—	—	—	—	1919	—	15887,16		
—	—	IV. 1. a.	Laun landssímastjóra	—	—	3000,00		
—	—	IV. 2.	Laun símaverkfræðings	—	—	1100,00		
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1918	—	3816,87		
—	—	—	—	1919	—	4136,76		
—	—	IV. 4.	Ritsímastöð Reykjavíkur	1918	—	31407,45		
—	—	—	—	1919	—	38985,21		
—	—	IV. 5.	Þráðlausstöð í Reykjavík	1918	—	784,56		
—	—	—	—	1919	—	3614,64		
—	—	IV. 6.	Áhalda- og efnisvörður	—	—	609,50		
—	—	IV. 7.	Ritsímastöð á Akureyri	1918	—	3771,06		
—	—	—	—	1919	—	9176,76		
—	—	IV. 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	1918	—	4084,92		
—	—	—	—	1919	—	9909,36		
—	—	IV. 9.	Ritsímastöð á Ísafirði	1918	—	3632,20		
—	—	—	—	1919	—	6153,06		
				Flyt	kr.	154874,52	kr.	291131,47

				Fluttar	kr.	154874,52	kr.	291131,47
Við tölul.		IV. 10.	Símastöð á Borðeyri	1918	—	1587,48		
—	—	—	—	1919	—	4062,41		
—	—	IV. 11.	Símastöð í Hafnarfirði	1918	—	742,81		
—	—	—	—	1919	—	1844,15		
—	—	IV. 12.	Símast. í Vestm.eyjum	1918	—	709,05		
—	—	—	—	1919	—	1162,57		
—	—	IV. 13.	Aðrar stöðvar	1918	—	14035,73		
—	—	—	—	1919	—	23752,94		
—	—	V.	Eyðublöð, prentun o.fl.	1918	—	26432,07		
—	—	—	—	1919	—	38248,65		
—	—	VI.	Viðbót og viðhald stöðva	1918	—	6906,47		
—	—	—	—	1919	—	23735,22		
—	—	VII.	Ferðalög vegna starfrækslu	1918	—	4438,25		
—	—	—	—	1919	—	3573,88		
—	—	VIII.	Viðhald landssímanna	1918	—	68088,75		
—	—	—	—	1919	—	63547,43		
—	—	IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	—	—	97,44		
—	—	X.	Loftskeytastöð í Flatey	—	—	19970,37	kr.	457810,19

E. Vitamál.

Við tölul.		I. a.	Laun vitamálastjóra	1919	kr.	3000,00		
—	—	I. b.	Verkfræðings aðsioð	—	—	1366,66		
—	—	I. c.	Skrifstofuhald	1918	—	1843,68		
—	—	—	—	1919	—	2223,16		
—	—	I. d.	Ferðakostnaður ...	1918	—	637,63		
—	—	III.	Rekstrarkostnaður vita	—	—	26845,18		
—	—	—	—	1919	—	30194,03		
—	—	IV. a.	Akranesviti	1918	—	14030,86		
—	—	IV. d.	Gerðatangaviti ...	—	—	2922,82		
—	—	V.	Sjómerki	—	—	1581,58		
—	—	—	—	1919	—	1490,71		
—	—	VI.	Ýmislegt	1918	—	22899,26		
—	—	—	—	1919	—	8721,98	kr.	117757,55
					Samtals A—E		kr.	866699,21

6. gr

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 121870,94.

A. Kirkjumál.

Við tölul.	b. 2.	Bráðabirgðauppbót brauða	1919	... ...	kr.	250,00		

B. I. Háskólinn.

Við tölul.	c. 3.	Kennari í efnafræði	1919	kr.	240,00			
—	— e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1918	—	450,00			
			Flyt	kr.	690,00		kr.	250,00

				Fluttar	kr.	690,00	kr.	250,00
Við tölul.	e.	3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1919	kr.	750,00		
—	—	i.	Líffærameinfræða rannsókn	—	—	630,55		
—	—	j.	Eldiviður, ljós og ræsting	1918	—	6323,82		
—	—	-	—	1919	—	10079,79		
—	—	k.	3. Ýmisleg útgjöld	1918	—	2323,87		
—	—	—	—	1919	—	1802,12	kr.	25600,15

B. II. Mentaskólinn.

Við tölul.	c.	2.	Eldiviður, ljós o. fl. ...	1918	kr.	7126,27		
—	—	—	— ...	1919	—	5044,53		
—	—	c.	3. Skólahús utan og innan ...	1918	—	361,28		
—	—	—	— ...	1919	—	581,17		
—	—	c.	5. Tímakensla og prófdómendur	—	—	1118,75		
—	—	c.	9. Ýmisleg útgjöld	1918	—	70,41		
—	—	—	—	1919	—	262,77	kr.	14565,18

B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við tölul.	b.	3.	Bækur og kensluáhöld ...	1919	kr.	878,83		
—	—	b.	5. Eldiviður og ljós	1918	—	5076,86		
—	—	—	—	1919	—	5893,83		
—	—	b.	9. Ýmisleg útgjöld	—	—	805,00	kr.	12654,52

B. IV. Kennaraskólinn.

Við tölul.	b.	3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	849,07		
—	—	—	—	1919	—	768,29		
—	—	b.	6. Viðhaldskostnaður	—	—	144,02		
—	—	b.	7. Ýmisleg útgjöld	—	—	760,53	kr.	2521,91

B. V. Stýrimannaskólinn.

Við tölul.	b.	1.	Tímakensla	1918	kr.	915,90		
—	—	—	—	1919	—	5591,00		
—	—	b.	2. Áhaldakaup	1918	—	656,46		
—	—	b.	3. Eldiviður og ljós	—	—	111,43		
—	—	—	—	1919	—	6213,88		
—	—	b.	4. Ýmisleg útgjöld	1918	—	313,48		
—	—	—	—	1919	—	986,08	kr.	14788,23

B. VI. Vjelstjóraskólinn.

Við tölul.	b.		Tímakensla	1918	kr.	1200,00		
—	—	—	—	1919	—	1800,00		
—	—	c.	Húsnæði m. m.	1918	—	139,46		
—	—	—	—	1919	—	1300,00		
—	—	d.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	250,00	kr.	4689,46
							Flyt kr.	75069,45

								Fluttar kr.	75069,45
			B. VII. 1. Bændaskólinn á Hólum.						
Við tölul.	b.	Aðstoðarkensla			1919	kr.	150,00		
—	—	c.	Smíði og dráttlist		1918	—	300,00		
—	—	d. 2.	Kensluáhöld		1919	—	80,64		
—	—	d. 3.	Eldiviður og ljós		1918	—	1625,00		
—	—	—	—		1919	—	5921,81		
—	—	d. 4.	Kaup á stórgripavog ...		—	—	405,00		
—	—	d. 5.	Ýmisleg útgjöld		—	—	2123,15	kr.	10605,60
			B. VII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.						
Við tölul.	d. 3.	Eldiviður og ljós			1918	kr.	1186,27		
—	—	—	—		1919	—	3614,52		
—	—	d. 4.	Ýmisleg útgjöld		—	—	108,68	kr.	4909,47
			B. XI. Yfirsetukvennaskólinn.						
Við tölul.	2. b.	Annar kostnaður			1918	kr.	479,56		
—	—	—	—		1919	—	118,40		
—	—	3.	Styrkur til námskvenna ...		1918	—	6070,00		
—	—	—	—		1919	—	9340,00		
—	—	4.	Húsaleiga o. fl.		1918	—	254,00		
—	—	—	—		1919	—	20,00	kr.	16281,96
			B. XIII. Almenn barnafræðsla.						
Við tölul.	1.	Til barnaskóla			1919	kr.	656,12		
—	—	5.	Prófdómarar		1918	—	1150,26		
—	—	—	—		1919	—	2443,08	kr.	4249,46
			B. XVI. Daufdumbrakensla.						
		Kenslukostnaður			1918	kr.	5070,00		
		—			1919	—	5685,00	kr.	10755,00
							Samtals A—B	kr.	121870,94

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 32565,38.

Við tölul.	2.	Þjóðskjalasafnið:							
—	—	2. c.	Til að binda inn skjöl m. m.		1919	kr.		kr.	202,50
—	—	5.	Landsbókasafnshúsið:						
—	—	5. a.	Eldiviður, ljós o. fl.		1918	—	3263,33		
—	—	—	—		1919	—	19700,00		
—	—	5. c.	Viðhald og áhöld		1918	—	3722,79		
—	—	—	—		1919	—	2256,76	kr.	28942,88
—	—	15.	Dómasafn		1918	—	1460,00		
—	—	21. f.	Listasafnshús		1919	—	1500,00		
—	—	28.	Mýrarannsókn m. m.		1918	—	460,00	kr.	3420,00
							Samtals	kr.	32565,38

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 50817,36.

Við	tölul. 5.	Rannsókn vatnsvirkja	1919	kr.	370,40		
—	— 6.	Miklavatnsmýraráveita ...	—	—	147,52		
—	— 7.	Kaup á skurðgröfu	—	—	32558,27		
—	— 10. b.	Laun skógarvarða m. m. ...	1918	—	7000,00		
—	— 23. b.	Ferðakostn. fiskimatsmanna	1919	—	673,10		
—	— 25. b.	Ferðak. ullarmatsmanna ...	1918	—	184,15		
—	— —	— ...	1919	—	2444,65		
—	— 29.	Eftirlit með áfengiskaupum	1918	—	352,12		
—	— —	—	1919	—	1187,99		
—	— 38.	Brimbrjótur í Bolungarvík	—	—	5899,16	kr.	50817,36

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast kr. 469760,25.

Óviss útgjöld	1918	kr.	245846,56		
—	1919	—	185726,55		
Greiðslur samkv. landsreikningi upp á væntanlega aukafjárveitingu	—	—	38187,14	kr.	469760,25

Ástæður

fyrir frv. þessu eru í landsreikningnum 1918 og 1919, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

32. Frumvarp

til laga um friðun rjúpna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Rjúpur, er samkvæmt hinum almennu friðunarlögum nr. 59 frá 1913 verða alfriðaðar árið 1922, skulu einnig vera alfriðaðar til 1. janúar 1922.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 26. nóvember 1920 gaf Hans hátign konungurinn, samkvæmt tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans, út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru sem fylgiskjal við frumvarp þetta, og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, er þau byggjast á. Frumvarp þetta er því lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

friðun rjúpna.

Vjer Cristian hinn Tíundi af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vor dóms- og kirkjumálaráðherra hefir þegnlega tjáð Oss, að rjúpur hafi fallið síðastliðinn vetur sakir áfreða, og að þær sjeu nú svo fáar að varla komi fyrir að rjúpa sjáist. Telur ráðherrann því nauðsynlegt, þarsem aðalveiðitíminn fer í hönd, nú þegar að ákveða sjerstaka friðun rjúpunnar, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um friðun rjúpna.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Rjúpur, er samkvæmt hinum almennu friðunarlögum nr. 59 frá 1913 verða alfriðaðar árið 1922, skulu einnig vera alfriðaðar til 1. janúar 1922.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. nóvember 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Cristian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

33. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Kennarar stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3400 kr.

3. gr.

Við Eiðaskólann skulu vera 2 kennarar.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 4. málsgr. 11. gr. og 2. málsgr. 28. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

5. gr.

Launahækkanir þær, sem ræðir um í lögum þessum gilda frá 1. jan. 1921.

Athugasemdir.

Samtímis og launalög embættismanna voru samþykt á Alþingi 1919, voru einnig samþykt lög um breytingar á lögum um bæjarstjórn á Siglufirði. Hin síðarnefndu nýju lög breyta mjög verksviði lögreglustjórans á Siglufirði, enda heitir hann nú bæjarfógeti og gegnir samskonar störfum og aðrir bæjarfógetar. Af þessu leiðir, að það getur ekki talist sanngjarnt, að hann hafi lægri laun en allir aðrir bæjarfógetar og sýslumenn, en hinsvegar var engi tími til að breyta þessu á þinginu 1919 og þykir því rjett að bæta úr þessu nú.

Kennarar Stýrimannaskólans og Vjelstjóraskólans eru óánægðir með hlutfallið milli launa t. d. kennaraskólakennaranna og sín, og með því að þetta

virðist vera á rökum bygt, hefir þótt rjett að bæta úr þessu, og færa laun hinna óánægðu kennara úr 2000 kr. í 2400 kr. byrjunarlaun.

Við Eiðaskólann er ekki hægt að komast af með minna en 2 fasta kennara auk skólastjóra.

Launabætur þær, sem frv. þetta ræðir um, virðist sanngjarnt að komi frá 1. jan. 1921.

34. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningum 1918 og 1919.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	150000	284844,76
2. Húsaskattur	29000	48565,25
3. Tekjuskattur	120000	859135,90
4. Aukatekjur	140000	203671,61
5. Erfðafjárskattur	16000	84244,73
6. Vitagjald	85000	93268,78
7. Leyfisbrjefagjöld	14000	23881,14
8. Gjald af Kína-lífs-elixír	40000	30870,11
9. Útflutningsgjald	300000	475367,37
10. Áfengistollur	100000	330131,33
11. Tóbakstollur	550000	1015271,56
12. Kaffi- og sykurtollur...	950000	1141976,09
13. Vörutollur	575000	2234774,71
14. Annað aðflutningsgjald	100000	210087,86
15. Pósttekjur	360000	367864,99
16. Símatekjur	660000	1533723,68
17. Tekjur af Íslands banka	22000	206456,83
18. Tekjur af Landsbankanum	55000	159189,47
19. Óvissar tekjur	40000	160879,39
20. Stimpilgjald	... ...	1399909,22
21. Verðhækkunartollur	... ...	563,75
22. Tekjur af jarðeignum ríkissjóðs	56000	101232,31
Flyt ...	4362000	10965910,84

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	4362000	10965910,84
23. Tekjur af kirkjum	200	46,24
24. Tekjur af silfurbergsnámum	4000	6820,00
25. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	35062,75
26. Viðlagasjóðstekjur	248750	366526,01
27. Árgjald af brauðum	3600	2862,22
28. Endurgreidd skyndilán embættismanna	1200	1369,82
29. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	4000	17870,84
30. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	55000,00
31. Vextir frá landsverslun og eimskipum	... ...	1420560,65
32. Lán, tekin	... ...	11085000,00
33. Ágóði af gengismun o. fl.	... ...	156581,07
34. Greiddar eftirstöðvar sýslumanna	... ...	7630,20
35. Afborgun frá Landsverzlun	... ...	2792849,53
36. Tekjuhalli 1919	... ...	267424,75
Samtals ...	4763750,00	27181514,92
II. Gjöld:		
1. Vextir og afborganir af lánum ríkissjóðs	687687,65	12446178,68
2. Útgjöld við æðstu stjórn landsins	188300	293894,03
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	126000	417906,86
4. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	183990	238744,20
B. Ýmisleg útgjöld	141100	420102,71
5. Útgjöld við læknaskipunina	604932,88	1051083,05
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	321600	425012,87
B. Til vegamála	451400	505498,03
C. Samgöngur á sjó	325700	362968,55
D. Ritsími og talsími	506600	1120818,29
E. Vitamál	120550	218961,87
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	89012,82	90056,14
B. Kenslumál	693040	755590,72
8. Vísindi og bókmentir	302540	314883,34
9. Til verklegra fyrirtækja	572700	600268,32
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	21081,65
11. Eftirlaun og styrktarfje	196272	235507,27
Flyt ...	5517625,35	19518556,58

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	5517625,35	19518556,58
12. Óviss útgjöld	40000	471573,11
13. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	6896584,46
14. Tekjuafgangur 1918	... ...	294800,77
Samtals ...	5557625,35	27181514,92

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningarnir fyrir árin 1918 og 1919 verða lagðir samhliða frv. þessu fyrir Alþingi, en þeir telja tekjur allar og gjöld í sömu röð og fjárlögin og vísast því til þeirra um nánari sundurliðun tekna og gjalda. Að öðru leyti er vísað til eftirfarandi

YFIRLITS
yfir tekjur og gjöld á árunum 1918 og 1919.

I. Tekjur:		kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	1918	123170,80	
	1619	161673,96	
			284844,76
2. Húsaskattur	1918	21462,25	
	1919	27103,00	
			48565,25
3. Tekjuskattur	1918	170273,10	
	1919	688862,80	
			859135,90
4. Aukatekjur	1918	80667,32	
	1919	123004,29	
			203671,61
5. Erfðafjárskattur	1918	11104,62	
	1919	73140,11	
			84244,73
6. Vitagjald	1918	32176,36	
	1919	61092,42	
			93268,78
7. Leyfisbrjefagjöld	1918	11217,76	
	1919	12663,38	
			23881,14
		Flyt ...	1597612,17

			kr.
		Flutt ...	1597612,17
		kr.	
8. Gjald af Kínalífselixír	1918	10126,68	
	1919	20743,43	
			30870,11
9. Útflutningsgjald	1918	52355,61	
	1919	423011,76	
			475367,37
10. Áfengistollur	1918	72543,29	
	1919	257588,04	
			330131,33
11. Tóbakstollur	1918	310663,11	
	1919	704608,45	
			1015271,56
12. Kaffi- og sykurtollur	1918	334664,31	
	1919	807311,78	
			1141976,09
13. Vörutollur	1918	303469,80	
	1919	1931304,91	
			2234774,71
14. Annað aðflutningsgjald	1918	80562,26	
	1919	129525,60	
			210087,86
15. Pósttekjur...	1918	167422,98	
	1919	200442,01	
			367864,99
16. Símatekjur	1918	705270,35	
	1919	828453,33	
			1533723,68
17. Tekjur af Íslands banka	1918	66234,56	
	1919	140222,27	
			206456,83
18. Tekjur af Landsbankanum	1918	52102,06	
	1919	107087,41	
			159189,47
19. Óvissar tekjur	1918	42379,56	
	1919	118499,83	
			160879,39
20. Stimpilgjald	1918	253059,73	
	1919	1146849,49	
			1399909,22
21. Verðhækkunartollur	1918	563,75	
	1919	»	
			563,75
		Flyt ...	10864678,53

			kr.
		Flutt ...	10864678,53
		kr.	
22. Tekjur af jarðeignum ríkissjóðs	1918	56214,01	
	1919	45018,30	
			101232,31
23. Tekjur af kirkjum	1918	5,00	
	1919	41,24	
			46,24
24. Tekjur af silfurbergsnámum	1918	»	
	1919	6820,00	
			6820,00
25. Tekjur af Ræktunarsjóði	1918	»	
	1919	35062,75	
			35062,75
26. Viðlagasjóðstekjur	1918	194768,36	
	1919	171757,65	
			366526,01
27. Ágiald af brauðum	1918	1528,05	
	1919	1334,17	
			2862,22
28. Endurgreidd skyndilán embættismanna	1918	806,32	
	1919	563,50	
			1369,82
29. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	1918	11697,01	
	1919	6173,83	
			17870,84
30. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	1918	55000,00	
	1919	»	
			55000,00
31. Vextir frá Landsverslun og eimskipum	1918	681680,23	
	1919	738880,42	
			1420560,65
32. Lán tekin	1918	6585000,00	
	1919	4500000,00	
			11085000,00
33. Ágóði af gengismun o. fl. 1919	...	... ...	156581,07
34. Greiddar eftirstöðvar sýslumanna frá 1918 ...	...	... ...	7630,20
35. Afborgun frá Landsverslun 1919	...	... ...	2792849,53
36. Tekjuhalli 1919	...	... ...	267424,75
		Samtals ...	27181514,92

II. Gjöld:		kr.	kr.
1. Vextir og afborganir af lánum ríkissjóðs ...	1918	1476389,25	
	1919	10969789,43	
			12446178,68
2. Gjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins	1918	135086,40	
	1919	158807,63	
			293894,03
3. Kostnaðnr við Alþingi og endurskoðun LR.	1918	183073,00	
	1919	234833,86	
			417906,86
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:			
A. Dómgæsla o. fl.	1918	114722,44	
	1919	124021,76	
			238744,20
B. Ýmisleg gjöld	1918	230682,72	
	1919	189419,99	
			420102,71
5. Útgjöld við læknaskipunina	1918	514554,21	
	1919	536528,84	
			1051083,05
6. Til samgöngumála:			
A. Póstmál	1918	212764,89	
	1919	212247,98	
			425012,87
B. Vegabætur	1918	290816,28	
	1919	214681,75	
			505498,03
C. Samgöngur á sjó	1918	174072,12	
	1919	188896,43	
			362968,55
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1918	485810,54	
	1919	635007,75	
			1120818,29
E. Vitamál	1918	126566,79	
	1919	92395,08	
			218961,87
7. Til kirkju- og kenslumála:			
A. Andlega stjettin	1918	56779,65	
	1919	33276,49	
			90056,14
B. Kenslumál	1918	366413,00	
	1919	389177,72	
			755590,72
8. Vísindi og bókmentir	1918	137491,27	
	1919	177392,07	
			314883,34
		Flyt ...	18661699,34

			kr.
		Flutt ...	18661699,34
		kr.	
9. Verkleg fyrirtæki	1918	255784,28	
	1919	344484,04	
			600268,32
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	1918	9240,20	
	1919	11841,45	
			21081,65
11. Eftirlaun og styrktarfje	1918	121905,60	
	1919	113601,67	
			235507,27
12. Óviss útgjöld	1918	265846,56	
	1919	205726,55	
			471573,11
13. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	1918	5035389,27	
	1919	1861195,19	
			6896584,46
14. Tekjuafgangur 1918		... ...	294800,77
		Samtals ...	27181514,92

35. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt annaðhvort fyrir ellisakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaun meiru en 3000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem er fram yfir þessa upphæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25% af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjaldslaust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, og hefir hann þá rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lífeyris, eða naut lífeyris, er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lífeyrir ekkju nemur ⅕ af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum, nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns síns, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burtu:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki lífeyri í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Nú missir ekkja lífeyri af því að hún heflr gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hið sama lífeyri, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Ekkill konu, sem verið hefir í kennarastöðu, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi nnmin Lög um styrtarsjóð handa barnakennurum 9. júlí 1909 og Lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum 20. okt. 1915.

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

Athugasemdir.

Hið framanskráða frumv. er að flestu leyti sniðið eftir frumv. um lífeyrissjóð embættismanna, sem lagt er fyrir Alþingi samhliða þessu frumv. Er frumv. flutt eftir beiðni fræðslumálastjóra, forstöðumanns kennaraskólans og Sig. Jónssonar, barnakennara í Reykjavík, og sendu þeir stjórninni uppkast, sem var sniðið allnákvæmlega eftir nefndu frnmv. um lífeyrissjóð embættismanna, en með samkomulagi við þá hefir frumv. verið breytt á þann veg, að greiðslur allar úr ríkissjóði til ekkna og barna kennara falli niður, þar sem ekki þótti fært að binda ríkissjóði þyngri bagga af fræðslumálum barna, en þegar er orðið, enda ber og á það að líta, að þar sem barnakennarar eru ekki að öllu leyti launaðir úr ríkissjóði virðist ekki sanngjarnt, að lífeyrir ekkna og framfærslueyrir barna þessara kennara verði greitt að öllu úr ríkissjóði.

Að öðru leyti er vísað til athugasemdanna við áðurnefnt frumv. um lífeyrissjóð embættismanna.

Frá tjeðum 3 mönnum fylgdi frumv. svohljóðandi brjef.

Fræðslumálastjórinn

Reykjavík 3. janúar 1921.

Þegar styrktarsjóður barnakennara var stofnaður með lögum árið 1009, voru laun barnakennara svo bágborin að ekkert mátti út af bera fyrir flestum að þeir kæmust ekki hreint og beint á vonarvöl og þá auðvitað ekkert við að

styðjast, þegar þeir urðu að leggja niður kennarastarfið fyrir sakir elli eða vanheilsu. Sjóðurinn var stofnaður til að bæta að einhverju leyti úr þessu ástandi, til að bæta í svip úr sárustu þörf einstakra kennara. En fyrir þeim mönnum, sem beittust fyrir því að sjóður þessi yrði stofnaður, hefir alt af vakað, að honum yrði á sínum tíma breytt í almennan eftirlaunasjóð eða lífeyrissjóð.

Á þeim 10 árum, sem Styrktarsjóðurinn hefir starfað, hafa 19 kennarar notið styrks úr honum, samtals að upphæð 9515 kr., og sýnir það, að hjer hefir ekki verið vanþörf á að rjetta hjálparhönd, En nú hefir orðið svo mikil breyting til batnaðar á launum barnakennaranna, að minni þörf mun eftirleiðis verða á þannig löguðum styrk. Og þar sem sjóðurinn er nú orðinn 50000 kr., virðist oss tími til kominn að breyta honum og tilgangi hans. Vjer höfum því samið frumvarp til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, er vjer sendum Stjórnarráðinu hjer með, og mælumst virðingarfylst til, að það leggi frumvarpið fyrir Alþingi í ár

Um frumvarp þetta látum vjer að öðru leyti nægja að taka fram, að það er í öllum aðalatriðum sniðið eftir frumvarpi því til laga um lífeyrissjóð embættismanna, sem væntanlega verður lagt fyrir næsta þing. Það er tilætlunin að sjóðurinn beri sig sjálfur, og að ríkissjóði sjeu ekki bundnar neinar byrðar með þeirri ábyrgð, sem hann tekur á sig samkvæmt frumvarpinu. En skyldi samt sem áður svo fara, að iðgjöldin reyndust of lág, lætur stjórnin að sjálfsögðu hækka þau, eins og hún líka mun láta lækka þau, ef þau reyndust í framkvæmd of há.

Virðingarfylst.

Jón Þórarinsson. Magnús Helgason. Sigurður Jónsson.

Til Stjórnarráðsins.

36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Lög nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu eigi koma til framkvæmda um Norðursýsluumboð, heldur skal forstaða þess framvegis sem hingað til falin umboðsmanni, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af eftirgjöldunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í umboði þessu verður innan skamms, eftir því sem aðfer um sölu þjóðjarðanna, ekki annað óselt af þjóðjörðum, en þær, sem fyrirhugaðar eru til opinberra nota eða þar sem er útmæling á lóðum, eins og t. d. á Raufarhöfn, Kópaskeri og í Flatey. Verður stjórnin að telja það miður heppilegt, að fela hreppsstjórn í hverri sveit umsjón alla á slíkum eignum.

37. Frumvarp

til laga um varnir gegn berklaveiki.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til allra tegunda berklaveikinnar, nema annað sje tekið fram.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika, er læknir rannsakar í hjeruðum þeirra, hvort sem þeir sjálfir rannsaka þá eða aðrir löggiltir læknar.

Hinir síðartöldu eru skyldir að senda hjeraðslækni sínum tafarlaust skýrslu um hvern berklaveikan sjúkling, er þeir sjálfir rannsaka í fyrsta sinni. Ef um utanhjeraðssjúkling er að ræða, þá sendir hann aftur hjeraðslækni sjúklingsins skýrsluna. Skýrslu þessa skal senda á sjerstöku eyðublaði, er þeir fá frá heilbrigðisstjórninni. Fyrir hverja tilkynningu fá þeir 3 krónur úr ríkissjóði, sem viðkomandi hjeraðslæknir greiðir þeim eftir hver áramót.

Um hver áramót skulu hjeraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag á henni, skýrslum hjeraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Hjeraðslæknar skulu hafa eftirlit með og gera frekari ráðstafanir til þess að nauðsynlegum fyrirskipunum sje framfylgt, ef þeim þurfa þykir.

4. gr.

Nú deyr berklaveikur maður, og skal þá húsráðandi tilkynna það tafarlaust, í kaupstöðum hjeraðslækni, en í sveitum hjeraðslækni eða sótthreins-

unarmanni. Sótthreinsunarmaður tilkynnir þá hjeraðslækni. Skal hjeraðslæknir annast um að tafarlaust sje sótthreinsað á heimilinu herbergi þau, fatnaður og annað, er hann telur hættu geta stafað af. Þessa lausu muni má því ekki láta af hendi, hvorki til eignar nje afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið.

Nú skiftir berklaveikur maður um dvalarstað, og skal þá tilkynna það á sama hátt og fyr var sagt um andlátið. Má ekki fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er hann flutti úr, fyr en þau hafa verið sótthreinsuð, nema hjeraðslæknir telji sótthreinsun óþarfa.

5. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má fást við barnakenslu. Hver sá, er sækir um barnakennarastöðu, skal sýna læknisvottorð um að svo sje ekki. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Sama gildir um kennara þá, er kenna eiga í öðrum skólum, ef þá skóla sækja nemendur yngri en 14 ára. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði að því er til þessara skóla kemur, enda sje það í samráði við og eftir tillögum skólalæknis og skólastjórnarinnar.

Nú vill maður taka börn til kenslu og skal hann þá sýna læknisvottorð um að hann sje ekki með smitandi berkla. Sama gildir um mann, sem ræður-sig á heimili til barnakenslu. Er húsráðanda þeim, er ráða vill hann til sín, skylt að heimta vottorð þetta, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

Nú sýkist barnakennari af smitandi berklum, og skal hann þá tafarlaust láta af starfi sínu.

Nú sýkist maður, er barnakenslu hefir á hendi, og leikur grunur á að um berklaveiki sje að ræða, skal þá skólanefnd, fræðslunefnd eða húsráðendur þeir, er hlut eiga að máli, tafarlaust skýra hjeraðslækni eða lækni þeim, er eftirlit hefir með skólanum, frá grun sínum. En hann ákveður eftir rannsókn hvort ástæða sje til að láta manninn hætta kenslu.

Hver sá læknir, sem kemst að því að barnakennari sje sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það eftirlitslækni skólans.

Þeir barnakennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kenslu sakir sjúkleiks þessa, skulu í 2 ár fá sem biðlaun $^2/_3$ hluta launa þeirra, er þeir nutu, þegar þeir ljetu af kenslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem hin fyrri launin.

Engan má ráða starfsmann við heimavistarskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði, sem að framan eru sett um kennara.

6. gr.

Ef kennari við aðra skóla en barnaskóla er sjúkur eða sýkist af smitandi berklum, þá getur heilbrigðisstjórnin í samráði við stjórn skólans fyrirskipað að hann hætti starfi sínu, enda leiti hún fyrst álits skólalæknis eða hjeraðslæknis, ef enginn annar er læknir skólans. Nú verður kennari að láta af kenslu fyrir þessar sakir, og fer þá um biðlaun hans eins og sagt er í 5. gr.

7. gr.

Engan nemanda má taka í skóla, nema vottorð skólalæknis eða annars læknis sýni að hann hafi ekki smitandi berklaveiki. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Engan má heldur taka til kenslu inn á heimili þar sem börn eru fyrir, nema læknisvottorð sýni að hann hafi ekki smitandi berkla.

Á heimili þar sem sjúklingur er með smitandi berkla, má ekki taka barn til kenslu.

8. gr.

Nú sýkist barn af smitandi berklum meðan á námstíma stendur, og skal þá tafarlaust taka það úr skólanum. Ef kennari fær grun um slíkt, er hann skyldur til þess að gera eftirlitslækni skólans aðvart og getur til bráðabirgða vísað barninu burtu, ef læknisúrskurður fæst ekki nógu fljótt.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að nemandi, sem gengur í skóla, er sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það tafarlaust eftirlitslækni skólans. Getur þá eftirlitslæknir vísað sjúklingnum burt af kenslustaðnum, ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um að svo sje ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega. Hjeraðslæknum ber að ganga ríkt eftir að þessu ákvæði sje framfylgt.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir af smitandi berklum, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fje, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 5. gr.

10. gr.

Enginn má taka barn til fósturs nje dvalar, ef sjúklingur með smitandi berkla er á heimilinu. Gildir þetta ákvæði jafnt um þau börn, sem sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn.

Barn, sem hefir smitandi berkla, má ekki taka á heimili þar sem börn eru fyrir, hvorki til fósturs nje dvalar, nema börnin, sem fyrir eru, sjeu sjúk af smitandi berklum.

Sveitarstjórnir mega ekki koma fyrir börnum á öðrum heimilum en þeim, sem hjeraðslæknar telja ósýkt af smitandi berklum. Sömu skyldur hafa og forráðamenn munaðarlausra eða ómyndugra barna.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili þar sem barn hefir verið tekið til fósturs eða dvalar, og skal þá tafarlaust gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu.

Ef barnið sjálft sýkist af smitandi berklum á heimili þar sem börn eru, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem ekki eru fullra 14 ára, nema annað sje tekið fram.

11. gr.

Ekki má ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli, nema læknisvottorð sýni að það hafi ekki smitandi berkla. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt og skal endurnýja það árlega.

Konur, sem hafa smitandi berkla, mega ekki vistast á heimili þar sem börn eru, nje fást þar við sjúkrahjúkrun.

12. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimilum, ef sjúklingur með smitandi berkla fæst þar við kúahirðingu eða mjaltir eða fer með mjólkurílát.

Enginn sjúklingur með smitandi berkla má vinna að útsölu mjólkur eða brauðs nje starfa á rjóma eða smjörbúum.

Banna má að sjúklingur með smitandi berkla starfi að brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annarsstaðar, eftir því sem til hagar og hjeraðslækni þykir ástæða til.

13. gr.

Nú sýkist maður af smitandi berklum á heimili þar sem börn eru, og skal þá tafarlaust koma sjúklingnum í burtu, nema hjeraðslæknir eða læknir heimilisins ásamt hjeraðslækni telji ástæður þannig, að börnunum geti engin smitunarhætta staðið af sjúklingnum.

Ef ekki er unt að koma sjúklingnum burt, þá skal taka börnin af heimilinu.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að aðstoða hjeraðslækna og sjá um framkvæmdir á fyrirskipunum þeirra, ef þeir æskja þess.

Nú vilja þeir, sem hlut eiga að máli, ekki hlýða fyrirskipunum hjeraðslæknis, og kveður hann þá sjer til aðstoðar eitthvert ofangreindra stjórnarvalda, er annast um að sjúklingurinn, ef hann er innan 16 ára, sje tafarlaust tekinn af heimilinu, ella börnin, jafnvel þótt það mæti mótspyrnu af hálfu heimilismanna. En ekki skal hjeraðslæknir fyrirskipa þesskonar ráðstafanir, nema hann telji mikla hættu á að börnin verði fyrir smitun, enda leggur hann ætíð þær ráðstafanir undir úrskurð heilbrigðisstjórnar ríkisins, hvort standa skuli til frambúðar.

Allur ferða- óg flutningskostnaður, sem leiða kann af framkvæmdum valdboðs þessa, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir.

Ef sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi eða heilsuhæli, sem rekið er á opinberan kostnað annan en ríkissjóðs, (t. d. bæjarsjóðs, sýslusjóðs eða læknahjeraðs), en nýtur þó styrks úr ríkissjóði, þá greiðir ríkissjóður upp í með-

lagskostnaðinn alt að 3 kr. fyrir hvern legudag, eða 2,25 kr., ef um börn er að ræða innan 12 ára, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins. Hinn hluta meðlagskostnaðarins greiðir dvalarhjerað sjúklingsins.

Dvalarhjerað táknar í lögum þessum bæjar- eða sýslufjelag það, sem sjúklingurinn á heimili í.

Undir meðlagskostnað telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú dvelur sjúklingurinn í sumarhæli barna, sem rekið er á þann hátt, er að framan getur, og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern legudag, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, enda fer þá um hinn hluta hans sem fyr var sagt.

Nú er heilsuhæli, sjúkrahús eða sumarhæli barna ekki rekið á opinberan kostnað með ríkissjóðsstyrk, heldur eign einstakra manna, fjelaga eða stofnana, og getur þá stjórnarráðið ákveðið að berklaveikir sjúklingar geti einnig þar fengið ókeypis vist, enda greiðist þá meðlagskostnaðurinn sem fyr var sagt.

Ef heilsuhæli eða sjúkrahús er rekið á ríkiskostnað, þá skal dvalarhjerað sjúklingsins greiða 2 kr. fyrir hvern legudag, eða kr. 1,50, ef um börn innan 12 ára er að ræða, þó ekki meira en $^{2}/_{5}$ hluta alls rekstrarkostnaðar.

Nú getur sjúklingurinn ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. og 13. gr., og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern dag, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta verukostnaðar. Greiðir þá dvalarhjeraðið afganginn, enda sje efnahagur sjúklingsins eins og tilskilið er um ókeypis vist í sjúkrahúsi eða hæli.

Ef heilbrigð börn eru tekin að heiman, samkvæmt fyrirmælum 13. gr., og efnahagurinn er sem fyr segir, þá greiðir ríkissjóður meðgjöf með þeim að hálfu, þó ekki meira en 50 aura fyrir hvern dag, en dvalarhjeraðið greiðir afganginn.

Dvalarhjerað sjúklingsins getur krafist endurgjalds á $^{2}/_{3}$ hlutum þess kostnaðar, sem það greiðir samkvæmt þessari grein, af bæjar- eða sýslusjóði framfærslusveitar sjúklingsins.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan getur, í sjúkrahúsum eða hælum, ef ástæða þykir til.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkis- eða sýslusjóði, að hreppsnefnd dvalarhrepps sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur.

15. gr.

Nú er sjúklingurinn fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða þann hluta meðlagskostnaðarins í sjúkrahúsi eða hæli, er annars ætti að greiðast úr sýslu- eða bæjarsjóði samkvæmt 14. gr., þó ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum samlagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga. Þegar

greiðslutíma samlagsins er lokið, þá skal dvalarhjeraðið taka við af samlaginu, og greiða sama hluta meðlagsins þangað til sjúklingurinn fer burt úr hælinu eða sjúkrahúsinu, enda hefir þá dvalarhjeraðið sama rjett til endurgreiðslu og sagt er í 14. gr.

Um greiðslu úr ríkissjóði fer eftir ákvæðum 14. gr.

16. gr.

Engan þann styrk, sem berklaveikur sjúklingur nýtur af opinberu fje, ef hann hefir orðið styrkþurfi vegna sjúkdómsins, má telja fátækrastyrk, enda sje hann ekki afturkræfur, nema sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans óski að greiða hann að einhverju eða öllu leyti.

Undanteknir þessum hlunnindum skulu þeir sjúklingar, sem þrjóskast við að verða við áskorun hjeraðslæknis um dvöl í hæli eða sjúkrahúsi. Einnig þeir, sem sýna megnt kæruleysi um smitun annara manna, þrátt fyrir aðvaranir læknis.

17. gr.

Stjórnarráðið setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og ræstingu í vinnustofum, verksmiðjum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, svo sem kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og því um líku, opinberum byggingum og farþegaskipum. Ennfremur reglur um flutning berklaveikra á farþegaskipum.

Heilbrigðisnefndir skulu, undir yfirumsjón hjeraðslæknis, hafa gát á því, að þessum reglum sje fylgt. Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki til, skulu hreppsnefndir gera það.

Eftirlit með farþegaskipum hefir þó landlæknir sjálfur, eða annar, er heilbrigðisstjórnin setur til þess.

18. gr.

Nú þarf hjeraðslæknir að taka sjer ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

Kostnaður við sótthreinsanir, svo og við að útvega bækur þær og eyðublöð, er getur um í 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 500 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 23. okt. 1903, um varnir gegn berklaveiki og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi 1919 samþykti svofelda þingsályktun:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Nefnd þessi leggi síðan rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing, og þá sjerstaklega tillögur um þær breytingar á löggjöfinni, er hún telur nauðsynlegar í þessu efni«.

Útaf þessari þingsályktun þóknaðist Hans hátign konunginum 30. okt. 1919 samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans að skipa prófessor við læknadeild Háskólans Guðmund Magnússon, heilsuhælislækni Sigurð Magnússon og hjeraðslækni Magnús Pjetursson til þess að taka sæti í hinni umræddu milliþinganefnd, Guðmund prófessor Magnússon sem formann nefndarinnar.

Nefndin hefir nú með brjefi, dagsettu 17. desbr. 1920, sent ráðuneytinu frumvarp þetta og athugasemdir við það, með þeim tilmælum, að það verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið í aðalatriðum, og lætur sjer nægja að vísa yfirleitt til athugasemda milliþinganefndarinnar, sem prentaðar eru hjer á eftir (fylgiskjalið).

Þær varnir gegn berklaveikinni, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hafa talsverðan aukinn kostnað í för með sjer, og er ekki auðið að gjöra sjer fulla grein fyrir því, hve mikill hann kann að verða. Sennilegt er að kostnaðurinn fari heldur fram úr því, er nefndin áætlar, en hitt er auðsætt, að frekari öflugar ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveiki verða ekki framkvæmdar án aukins kostnaðar.

Fylgiskjal.

Athugasemdir nefndarinnar.

Núgildandi lög um varnir gegn berklaveiki frá 23. okt. 1903 eru að mestu leyti tekin upp í frumvarp þetta. En miklu hefir verið viðaukið og þar höfð til hliðsjónar nýjasta berklavarnalöggjöf Norðurlanda og einnig nýtt frumvarp, sem berklaveikisyfirlæknirinn norski hefir samið og enn er ekki orðið að lögum, heldur verður lagt fyrir norska Stórþingið í vetur.

Skal svo farið nokkrum orðum um meginatriði frumvarpsins, en að öðru leyti vísast til nefndarálits milliþinganefndarinnar.

Þrjú eru þau höfuðatriði, sem frv. er aðallega bygt á, og þá þessi:

Fyrst og fremst að berklaveikin er smitandi sjúkdómur og þó einkum að hún er barnasjúkdómur. Er það svo að skilja að börnunum er langhættast við smitun og að langflestir smitast á barnsaldrinum.

Vísindalegar rannsóknir síðustu ára hafa óvtírætt leitt þetta í ljós. Og því yngri sem börnin eru því næmari eru þau fyrir smitun. Að vísu munu fullorðnir menn geta smitast, en hitt er víst, að hættan á því er margfalt minni.

Svo er og það að fullorðið fólk á að bera fult skyn á að forðast hættuna, ef það er aðvarað, en slíku er ekki til að dreifa um börnin. Af þessum ástæðum er aðaláherslan lögð á það í frumvarpinu að vernda börnin og verður þá þegar af þessu auðskilið hversvegna svo mikið er um börnin talað í frv. En þótt mest sje um þau börn talað, sem farin eru að læra eitthvað, þá ber ekki að skilja það svo, að börnunum sje meiri hætta búin á þeim árum en áður, því svo er alls ekki, heldur er hitt, að auðveldast er að setja lagaákvæði námsbörnum til verndar vegna eftirlitsins, og svo hefir ríkið sjerstakar skyldur gagnvart skólabörnunum, sem eftir þess fyrirskipun verða að hópast saman lengri eða skemri tíma á hverju ári um víst árabil.

Þá skal minst á annað höfuðatriðið, en það er skyldur þær og starf, sem hjeraðslæknum er ætlað samkvæmt frumvarpinu. Það liggur í augum uppi, að til þess að slík lög sem þessi verði ekki dauður bókstafur, þá verður eftirlitið, framkvæmdirnar og forgangan að hvíla sjerstaklega á einhverjum, og í þessu máli virðist ekki geta verið um aðra að tala en hjeraðslæknana. Það má því nærri segja, að svo mikils sje ætlast til af þeim, að á þeim velti hvort lögin ná tilgangi sínum eða ekki. Það er víst og satt að með frumvarpinu eru ýmsar skyldur og aukið starf lagt á hjeraðslæknana, en varla þarf að efast um að þeim verði ljúft að beita kröftum sínum til almenningsheilla, og svo er hitt, að kjör hjeraðslæknanna eru nú orðin svo sómasamleg, að ríkið á fulla rjettlætiskröfu til þess að njóta starfskrafta þeirra. Þykir því mega treysta, að þeir taki feginshendi við því, ef þeim eru fengin ný ráð og meðul í hendur til þess að berjast á móti berklaveikinni.

Þá er komið að þriðja og síðasta höfuðatriðinu, sem 14. grein aðallega fjallar um, en það er, að gert er ráð fyrir, að sjúkdómurinn sje að miklu leyti tekinn til meðferðar á opinberan kostnað.

Eins og gefur að skilja, er það mjög áríðandi fyrir þjóðfjelagið í heild sinni ekki síður en fyrir sjúklingana sjálfa, að þeir fari burt af heimilum sínum til lækninga og einangrunar. Hefir það tvöfaldan hagnað í för með sjer fyrir þjóðfjelagið, nefnilega meiri líkindi fyrir því að sjúklingurinn verði aftur vinnufær og geti notað krafta sína í þarfir þjóðarinnar, en þó miklu fremur hitt að firra aðra menn sýkingu; eru það því blátt áfram sóttvarnaráðstafanir, en þær ætti ríkinu að vera skyldara að kosta heldur en einstökum mönnum. Og það virðist eina ráðið til þess að hægt verði yfirleitt að fá sem flest efnalítið berklaveikt fólk til þess að fara í sjúkrahús eða heilsuhæli, að það sjálft þurfi ekki að bera kostnaðinn, sem af því leiðir. Því mörgum hrýs hugur við að þurfa ef til vill að búast við að fara á sveitina fyrir þær sakir og kjósa því heldur að vera heima í lengstu lög, sjer og öðrum til heilsu- og ef til vill lífsjóns.

Þá skal farið nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Greinin er tekin óbreytt úr núgildandi lögum að öðru en því, að nú er ætlast til að lögin nái einnig til berklaveiki, sem ekki er smitandi, þegar annað er ekki tekið fram.

Við 2. gr.

Þessi grein er einnig að mestu óbreytt að efni til, en nokkuð ítarlegri.

Þó er í henni eitt verulegt nýmæli, sem sje það að greiða 3 krónur þeim læknum, sem ekki eru embættislæknar, fyrir hverja tilkynningu.

Það er óhætt að segja að undanfarið hefir oft gengið erfiðlega að fá lögskipaðar skýrslur frá læknum. En þar sem það er einkar áríðandi að ekki sje látið undanfalla að skrásetja alla berklaveika, þá er tilvinnandi að greiða dálítið gjald og fá tilkynninguna, heldur en verða af henni. Þó að borgunin sje ekki há, þá má vænta þess að hún verði nokkur hvöt til þess að læknar fylgi fyrirmælunum.

Mikill útgjaldaauki getur þetta ekki orðið. Sennilega nokkur hundruð krónur á ári.

Við 3. gr.

Aftan við þessa grein úr gömlu lögunum er bætt ákvæði um það að sú skylda hvíli á hjeraðslæknunum að sjá um að sjúklingarnir fari eftir fyrirskipuðum reglum. Er þetta nauðsynlegt og í samræmi við það, sem sagt var hjer á undan. Ef þessu væri ekki þannig hagað, þá væri enginn, sem liti eftir því að sjúklingarnir færu eftir fyrirskipunum læknanna, eða rjettara sagt, sem hefði skyldu til að líta eftir því.

Við 4. gr.

Þessi grein er mjög lítið breytt, og síst að efni til, aðeins sett í samræmi við 1. grein.

Við 5. gr.

Þó þessi grein sje nýmæli i íslenskum lögum um varnir gegn berklaveiki, þá eru þó höfuðákvæði hennar ekki nýmæli í íslenskri löggjöf. Í hinum nýju lögum um skipun barnakennara frá 1919 er það fyrirskipað, að ekki megi veita kennarastöðu manni, sem hefir næman sjúkdóm.

Ákvæði þessarar greinar gera því ekki annað en undirstrika þetta að því er snertir berklaveikina. Er þessum grundvelli fylgt lengra og ákvæðið einnig látið ná til kennara sem kenna börnum, en eru þó ekki ráðnir sem opinberir starfsmenn, heldur af einstökum mönnum. Enda virðist þess engu síður þörf, þar sem barnafræðslu er nú allvíða þannig háttað, að börnin ganga ekki á opinbera skóla.

Tvent er þó alveg nýtt í greininni. Í fyrsta lagi það, að láta þetta ákvæði einnig ná til annara skóla en barnaskóla, þó ekki sje eins fast að kveðið, ef einhverjir nemendur eru þar á barnsaldri. Þetta þarf ekki frekari skýringar við. Auðsætt er, að það þarf að sjá börnunum borgið, hverju nafni sem skólinn nefnist, er þau ganga í.

Í öðru lagi er ætlast til að berklaveikir kennarar, sem verða að láta af kenslu sakir veikinnar, fái biðlaun í tvö ár. Tvent er það, sem einkum þykir mæla með þessu. Fyrst og fremst mannúð; að kasta ekki þessum starfsmönnum þjóðarinnar út á klakann, þó þeir verði fyrir því óhappi að missa heilsuna fyrir þessar sakir. Þó er hitt engu síður mikilsvarðandi, að það er alls ekki ólíklegt að fremur yrði sjeð í gegnum fingur við veika kennara en vinnufæra, af vorkunsemi, ef þeir væru fátækir, sem oftast er, og hefðu engum tekjum að að hverfa. Einnig mundi þeim sjálfum ljúfara að fara strax til þess að leita sjer lækninga, ef mannúðlega væri að þeim farið, en hættara við að þeir tefldu fremur á tæpasta vaðið og reyndu að leyna veikinni.

Geta má þess að Danir setja slíka menn á eftirlaun, svo ekki er þeim framar fetað í höfðingsskap.

Með því að vel getur komið fyrir að sjúkur kennari leiti annars læknis en skólalæknis, þykir rjett að gera öllum læknum að skyldu að tilkynna skólalækni, ef hann uppgötvar berklaveiki hjá einhverjum kennara. Annars gæti það farið fram hjá skólalækni um lengri eða skemri tíma.

Við 6. gr.

Þar sem smitunarhættan fyrir fullorðna og stálpaða unglinga er hvergi nærri eins mikil og fyrir börnin, eins og að framan er sagt, þá þykir óþarfi að hafa alveg eins ströng ákvæði um frávikningu berklaveikra kennara við aðra skóla en barnaskóla, heldur sje rjett að leggja undir úrskurð heilbrigðisstjórnar, læknis og skólastjórnar hvað gera skuli, eftir því sem á stendur í hvert sinn. Því vera kann að smitunarhættan sje mjög lítil, en á hinn bóginn kennarinn svo ómissandi, að skarð hans yrði vandfylt.

Við 7. gr.

Þessi grein er í raun og veru ekkert nýmæli. Flestir ef ekki allir skólar heimta nú læknisvottorð af nemendum sínum, nema barnaskólarnir. En þar er fyrirkomulagið aðeins öðruvísi í framkvæmdinni, að því leyti að engin vottorð fylgja venjulega börnum í skólana, heldur skoðar eftirlitslæknirinn þau áður en skóli hefst. Ef þetta er einhversstaðar öðruvísi, þá er það aðeins fyrir þá sök að ekki er fylgt þaraðlútandi fyrirmælum.

Þó talað sje um vottorð í greininni, þá ber ekki að skilja það svo, að heimta skuli að hvert barn komi með vottorð í skólann, heldur þannig að það fái yfirlýsingu frá skólalækni í einhverri mynd um að það sje ósjúkt, áður en skólinn byrjar. Það er sleifarlag, eins og sumstaðar hefir viljað við brenna, að börnin sjeu ekki skoðuð fyr en komið er langt fram á vetur. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar með.

Við 8. gr.

Þessi grein þarf ekki umsagnar með. Hún er sama sinnis og bygð á sömu rökum og þrjár undanfarandi greinar.

Við 9. gr.

Eins og áður er sagt, þá verða engir ver úti en ungbörnin, ef þau smitast af berklaveiki. Þess vegna er það allra hluta sjálfsagðast, að þeir, sem til þess eru settir að fara fyrst með börnin, sjeu heilir og ósjúkir. Hitt væri að sýna brjóstmylkingunum beint banatilræði.

Við 10. gr.

Þessi grein fjallar um það mikla vandamál, hvernig vernda skuli börn þau, sem ekki eru í foreldrahúsum, fyrir berklahættunni. Nákvæmt eftirlit með öllum slíkum börnum er mjög erfitt. Þykir því rjett að skifta þeim í tvo flokka; þau, sem vandamenn ráðstafa, og þau, sem vandalausir ráðstafa lögum samkvæmt.

Þykir þá sjálfsagt að hafa strangari ákvæði viðvíkjandi þeim börnum, sem vandalausir eiga að ráðstafa, þar sem þau vitanlega eru algerlega ósjálfbjarga

og geta verið ofurseld geðþótta og varnarlaus fyrir kæruleysi ráðstafenda. Því hinu verður altaf að gera ráð fyrir, að foreldrar eða aðrir vandamenn beri þær tilfinningar til barna sinna, að ekki þurfi með lögum að fyrirskipa þeim að fara ekki gálauslega með heilsu þeirra.

Ekki er því að leyna að þetta er að líkindum nokkur kostnaðarauki fyrir bæjar- sýslu- og ríkissjóð, en mjög mikill getur hann varla orðið, því börn þau, er sveitarstjórnir ráðstafa, eru sennilega ekki fleiri en sem svarar 2—3 börnum á hvert læknishjerað utan Reykjavíkur að meðaltali. Þetta er miðað við tölu barna þeirra, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ráðstafað árlega. En samkvæmt upplýsingum frá borgarstjóra hafa þau verið um 30 á ári. Einnig verður eftirlit með þessu talsverð fyrirhöfn fyrir hjeraðslæknana, einkum hjeraðslæknirinn í Reykjavík. Mun því þörf á öðru fyrirkomulagi á stöðu hans og verður á öðrum stað vikið að því máli.

En þess verður vel að gæta, að þó þessar og aðrar þvíumlíkar ráðstafanir kosti fyrirhöfn og nokkurt fje, þá getur enginn látið sjer koma til hugar að þjóðin verði ekki eitthvað á sig að leggja til þess með nokkrum árangri að geta barist á móti öðrum eins óvin og berklaveikin er. Og sveitarstjórnirnar mega verða fegnar að fá skipun um að tryggja á þennan hátt heilsu þeirra barna, sem þær hafa ráðstöfunarrjett yfir. Með því móti geta þær losnað við mikið ámæli og mikla ábyrgð.

Við 11. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar þarf ekki skýringar við. Hún er auðskilin af undanfarandi greinum.

Ef til vill kann einhverjum að þykja kynlegt, að einungis er bannað að ráða berklaveikar konur á barnaheimili. En það er þó öllum vitanlegt að konur eru það sem barnanna gæta og mest afskifti hafa af þeim. Er því enn meiri hætta á að þær kynnu að geta gert skaða með því að smita, áður en hægt væri að beita við þær ákvæðum 13. greinar, heldur en þó karlmaður vistaðist á heimilið. Auk þess á þetta ákvæði að vera um leið aðvörun til húsráðanda um að gæta barnanna.

Við 12. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við, þar sem í henni eru engin veruleg nýmæli. Samskonar eða svipuð ákvæði eru í mörgum heilbrigðissamþyktum. Aðeins er í síðustu málsgreininni hjeraðslæknum gefið nokkuð meira vald en áður hefir verið. En slíkt vald er nauðsynlegt að þeir hafi og er því fulltreystandi að þeir kunni að beita því.

Við 13. gr.

Þessi grein er ekki annað en rökrjett afleiðing af því grundvallaratriði, sem frumvarpið er gagnsýrt af, að leggja aðaláhersluna á að vernda börnin. Það skal játað, að búast má við að framkvæmdir á ákvæðum hennar og fyrirskipunum reynist að ýmsu leyti örðugar fyrst í stað, einkum meðan ekki eru til í landinu nægilega mörg sjúkrarúm fyrir berklaveika, nje heimili fyrir heilbrigð börn frá berklasjúkum heimilum. En úr þessu hvortveagja verður vonandi mjög bráðlega bætt. Og þangað til má áreiðlanega mikið gera til þess að framfylgja

þessari grein, ef viljinn er góður og fólk fær fullan skilning á hvað í húfi er og læknarnir eru öruggir til úrræða, sem vænta má.

Þegar um það er að ræða að vernda líf og heilsu hinnar upprennandi kynslóðar, þá virðist það óhjákvæmilegt að ganga nokkuð nærri persónulegu frelsi manna og sjálfræði, ef þeir eru svo skyni skroppnir að meta meira stundarþægindi eða stundaránægju sjálfra sín og það oft ímyndað, heldur en líf og framtíðarheill barna sinna eða barna annara, þegar þeir af einhverjum ástæðum kunna að hafa ráð þeirra í hendi sjer.

Þó er ekki ætlast til að beinu valdi sje beitt, nema í ítrustu nauðsyn, og að það sje aldrei beinlínis látið koma fram við aðra en þá, sem eru á barnsaldri, enda mundi verða ennþá erfiðara að beita nauðung við fullorðið fólk og lítt hugsandi að hægt yrði að finna staði þar sem halda mætti slíku fólki nauðugu.

Eins og sjá má, er gert ráð fyrir því að svo alvarlegar framkvæmdir sjeu ætíð lagðar undir úrskurð heilbrigðisstjórnar. Mun það trygging fyrir því að ofbeldi verði ekki viðhaft að óþörfu.

Það virðist ekki sanngjarnt, að fólkið sjálft greiði kostnað við þær framkvæmdir, sem þvingað er upp á það með harðri hendi. Nóg mun fyrir það að þola skapraunina.

Við 14. gr.

Um höfuðatriðið í þessari grein hefir þegar verið talað í inngangínum og ætti því ekki að þurfa að fjölyrða frekar um það.

Í þessari grein er gert ráð fyrir þrenskonar vistarverum fyrir berklaveika sjúklinga. Nefnilega heilsuhælum, sjúkrahúsum og sumarhælum barna. Þó hin síðastnefnda tegund sje ekki enn til hjer á landi, þá er engu síður mikil nauðsyn á að þesskonar hæli komi mjög bráðlega, og má því telja líklegt að svo verði. Það þótti því rjett að gera ráð fyrir þeim í lögunum. Þessi hæli eru að vísu ekki einangrunar stofnanir til þess að varna því að veikin berist á aðra og mætti því telja ríkinu óskilt að veita sjúklingum þar ókeypis vist. En þessi hæli eiga að gera það að verkum að lækna og styrkja börn með kirtlaveiki, og á þann hátt varna því að þau síðar fái lungnatæringu og verði smitendur. Getur þetta því einnig talist nokkurskonar sóttvarnaráðstöfun, og það ef til vill einhver sú nauðsynlegasta.

Eitt stórt nýmæli er enn í þessari grein. En það er ákvæðið um að sýslusjóður greiði það, sem sveitarsjóðir annars mundu hafa verið látnir greiða eftir venjulegu fyrirkomulagi.

Aðalástæðan fyrir þessari nýbreytni er sú, að eins og öllum er vitanlegt eru sveitarþyngsli afarmismunandi, og þá ekki síður þau sveitarþyngsli, er veikindi skapa. Af hreppum innan sama sýslufjelags geta sumir haft marga sjúklinga á framfæri, en aðrir enga. Þetta virðist mjög ranglátt og getur stundum gengið mjög nærri gjaldþoli manna. Til þess því að bæta nokkuð úr ranglætinu, sýnist ekki annað ráð vænna en að koma þessum kostnaði yfir á sýslusjóðina og láta þannig hreppa sama sýslufjelags bera hvers annars byrðar.

Krónutala sú, sem nefnd er í greininni, er að mestu leyti miðuð við núgildandi meðlagskostnað og þó einkum á Vífilsstöðum. Auðvitað má búast við að þetta verði breytingum undirorpið, en það ætti ekki að koma að sök, þar sem jafnframt er ákveðið hlutfallið milli greiðenda.

Meðlagskostnaður á sumarhælum barna er gert ráð fyrir að verði helmingi minni en á hinum stofnununum, af þeirri ástæðu að þau eiga að verða mjög ódýr í rekstri. Þessi hæli eru opin aðeins að sumrinu. Þar þarf því enga upphitun og aðalrekstrarkostnaðurinn verður fæði barnanna, því börnin sjálf ættu að geta unnið að flestum hússtörfunum.

Gert er ráð fyrir, að stiórnarráðið geti leyft að sjúklinga megi kosta af opinberu fje, þó þeir sjeu á öðrum stofnunum en þeim, sem njóta styrks úr ríkissjóði. Mundi þá stjórnarráðið um leið semja um daggjald fyrir þesskonar sjúklinga og því aðeins veita leyfið, að það yrði ekki óhæfilega hátt.

Þar sem engin von er til þess, að fyrst um sinn verði til nægilega mörg rúm á hælum og sjúkrahúsum fyrir þá berklaveika, sem með þurfa, þá þykir sjálfsagt að veita sjúklingunum ókeypis vistir, þó þeim verði að koma fyrir á venjulegum heimilum. Því ekki væri rjettlátt að láta sjúklingana missa hlunninda fyrir þá sök eina að hið opinbera ekki getur sjeð þeim fyrir vist á hælum eða sjúkrahúsum, enda myndu þeir að öðrum kosti alls ekki fást heimanað.

Ef heilbrigð börn eru tekin af berklaheimili til þess að firra þau smitun, þá er það bein sóttvarnaráðstöfun, sem því er sjálfsagt að greiða af opinberu fje, enda myndu ráðstafanir þær, er til þess leiða, ella verða lítt framkvæmanlegar.

Að dvalarhjeraðinu er ætlað að fá endurborgun frá framfærsluhjeraðinu, er einkum gert til þess að brjóta ekki altof mikið bág við stefnu fátækralaganna, en ekki af því að það þyki nein sjerstök sanngirni, því óneitanlega hefir dvalarhjeraðið aðalhagnaðinn af sínum sóttvarnaráðstöfunum.

Varnagli er sleginn við því að sjúkrahús geti sett óþarflega hátt meðlag með utanhjeraðssjúklingum og notað sjer þannig neyð annara hjeraða, sem engin sjúkrahús hafa.

Það skal tekið fram að breyta verður að sjálfsögðu 77. gr. fátækralaganna, ef frv. þetta nær fram að ganga, og setja hana í samræmi við þessa grein.

Það má telja víst að sumir muni óttast kostnað þann fyrir ríkissjóð, sem leiði af ákvæðum þessarar greinar, og geri sjer altof risavaxnar hugmyndir um hann. Til þess er engin ástæða og skal gerð tilraun til þess að færa rök fyrir því, og gefa ofurlitla áætlun um hversu mikill hann muni verða. En það skal tekið fram að sú áætlun getur ómögulega verið nákvæm, því margt er svo í óvissu framundan, að fullnægjandi grundvöll vantar.

Skal þá byrjað á því að bera saman gjöld þau, sem ríkissjóður myndi hafa samkvæmt þessari grein eins og nú standa sakir, og gjöld þau, er hann nú hefir af sömu ástæðu, sem sje þeirri, að hann verður að greiða meðlög með berklaveikum sjúklingum.

Nú sem stendur eru berklaveikir sjúklingar, sem heimanað fara, aðallega á Vífilsstöðum, en tiltölulega fáir á öðrum sjúkrahúsum landsins, enda eru ábyggilegastar skýrslur frá Vífilsstöðum.

Árið 1919 komu 140 sjúklingar inn á heilsuhælið á Vífilsstöðum og 1920 (frá ársbyrjun til 7. des.) 148. Fyrir 109 af þessum 288 sjúklingum greiddu hreppsfjelög meðlagið, en af þeim fengu aftur 105 styrk úr ríkissjóði samkvæmt 77. gr. fátækralaganna, eða sem næst 36,5% af öllum sjúklingunum.

Nú hefir meðaltal sjúklinga á hælinu verið 3 síðustu árin 85 eða um 31000 legudagar á ári. Það lætur þá nærri að 36,5% af þessu eða 11315 legudagar komi á þá sjúklinga, er njóta styrks úr ríkissjóði. En meðlagskostnaður

fyrir þá yrði samkvæmt núgildandi verði, (5 kr. á dag), samtals 56575 krónur. Samkvæmt núgildandi lögum greiðir ríkissjóður þessa upphæð, að frádregnum 200 kr. fyrir hvern sjúkling, þ. e. 10500 kr. (fyrir 52.5 sjúkl. á ári). Nú sem stendur greiðir því ríkissjóður 46075 kr. á ári upp í meðlag sjúklinga á Vífilsstöðum.

Nú liggur væntanlega altaf eitthvað af berklaveikum sjúklingum einnig á öðrum sjúkrahúsum landsins, sem njóta á sama hátt styrks úr ríkissjóði, en upplýsingar um þá eru ekki fyrir hendi. Ef giska ætti á það, sem ríkissjóður leggur þeim sjúklingum, þá mundi naumast of hátt farið, þó sagt væri, að það væru 3925 krónur. Með öðrum orðum, ríkissjóður greiðir nú eins og sakir standa 50 þúsund krónur á ári sem meðlag með berklaveikum sjúklingum.

Ef nú þessi grein kæmist til framkvæmda og jafnmargir sjúklingar með jafnmörgum legudögum nytu styrks úr ríkissjóði, þá þyrfti ríkissjóður ekki að borga með sjúklingum á Vífilsstöðum nema 33945 krónur og í alt sennilega ekki meira en 36000 kr.

En nú er þess að gæta, að vegna ákvæða frumvarpsins mundi styrkþegum fjölga að miklum mun, og þeim á að fjölga. Hversu mikið þeim myndi fjölga er ekki svo gott að giska á, en að áætla að þeir yrðu helmingi fleiri, eða sem svarar 73 % af öllum berklaveikum sjúklingum, sem sjúkrahúss- eða heilsuhælisvistar njóta, er væntanlega ríflega áætlað. En ef gert er ráð fyrir að þeir yrðu svo margir, þá myndu útgjöld ríkissjóðs verða helmingi hærri á ári hverju eða um 72000 krónur. Í stuttu máli mundu í mesta lagi hækka um 22000 krónur á ári.

Þetta var áætlun miðuð við núverandi ástand án framfara. En nú skulum vjer gera ráð fyrir að í framtíðinni verði svo mikil alvara í baráttunni við berklaveikina að reynt verði að sjá öllum sjúklingum fyrir sjúkrahúss- eða hælisvist, sem þess þurfa með. Gerum til dæmis ráð fyrir að bætt yrði við alt að 60 sjúkrarúmum fyrir berklaveika víðsvegar um landið og þar af yrðu 45 fyrir sjúklinga, sem nytu styrks úr ríkissjóði, þá myndu þar við bætast um 50000 krónu útgjöld fyrir ríkissjóð, ef hvert rúm yrði setið árið um kring. Og er nú enn rúmar reiknað heldur en áður.

Í stuttu máli skal þá til frekari skilningsauka endurtekið það, sem sagt hefir verið hjer á undan: *Meðlagskostnaður berklaveikra sjúklinga, sem ríkissjóður þyrfti að greiða samkvæmt þessari grein, yrði eins og nú standa sakir, ekki meiri en 72 þúsundir króna á ári eða 22 þúsund krónum meiri en hann er nú. Og ef vjer í framtíðinni gætum sjeð fyrir nægum sjúkrarúmum, þá yrði hann ekki meiri en 122 þúsund eða 72 þúsund krónum meiri en hann er nú.*

Þessi áætlun, sem hjer hefir verið sýnd, er eins og sjá má, aðallega miðuð við þá litlu innlendu reynslu, sem til er í þessu efni, en þó einnig tekið tillit til erlendrar reynslu. Til frekari tryggingar skal þó reynt að verða í enn betra samræmi við hinar útlendu kenningar.

Það er að vísu svo að engin algild regla er fyrir því nákvæmlega, hve mikil sjúkrarúmaþörfin er fyrir berklaveika, miðað við útbreiðslu veikinnar, heldur er það reynslan ein, sem úr því getur skorið í hverju landi. Þó er það svo í löndum þeim, sem berklaveikin mun vera líkt útbreidd í og hjer á landi, að á því hefir verið bygt og þótt reynast sæmilega, að ætla jafnmörg rúm fyrir berklaveika árið út eins og tala þeirra nemur, sem deyja úr berklaveiki á ári. En að miðað hefir verið við dánartölur, er af þeirri ástæðu að naumast er hægt að

byggja á sjúkratölum. Þær eru að minsta kosti aldrei eins ábyggilegar eins og dánartölurnar.

Á árunum 1912 til 1918, að báðum meðtöldum hafa að meðaltali dáið hjer á landi úr alskonar berklaveiki 154 sjúklingar á ári og eru þá ekki meðtaldir þeir, sem dáið hafa úr langvinnu lungnakvefi. Ef bygt væri á sama grundvelli og gert er sumstaðar í útlöndum, þá mætti ætla að rúmþörfinni fyrir berklaveika sjúklinga yrði nokkurnveginn fullnægt, þegar 154 sjúklingar gætu haft vist árið um kring. Ef svo er gert ráð fyrir að rúmur $^1/_4$ af þessum sjúklingum eða um 40 á ári gætu sjálfir kostað sig á sjúkrahúsum, þá þyrfti ríkissjóður að greiða fyrir 114 sjúklinga árlangt, og samkvæmt frumvarpinu yrði það mest 3 krónur á dag eða 124830 krónur á ári. Með öðrum orðum tæpum þrem þúsund krónum hærra en áætlað var í áætluninni hjer á undan. Ætti af þessu af mega marka að engar öfgar eru á ferð á hvorugu hliðina.

Önnur útgjöld, sem kunna að leiða af ákvæðum þessarar greinar, verða væntanlega lítilfjörleg í samanburði við áðurnefndar upphæðir, og sennilega sama sem engin fyrst í stað. Síðar meir kynnu þau að verða eitthvað, en varla svo að taki því að gera áætlun svo löngu fyrirfram. Þó má geta þess að, ef sumarhæli barna yrðu reist, t. d. fyrir 30—40 börn, og hælið eða hælin yrðu opin 100 daga á sumrin og öll börnin nytu styrks úr ríkissjóði, þá yrði tillag til þeirra 4500—6000 krónur. En varla gæti komið til mála að meira en helmingur barnanna væru styrkþurfar, því að kostnaðurinn, sem leiddi af svo ódýrri og skammvinnri veru, yrði varla tilfinnanlegur fyrir allan þorra aðstandendanna. Tillag ríkissjóðs yrði upp í þessi meðlög því naumast meira en 2000—3000 kr. á ári á hver 30—40 börn.

Það er ekki líklegt að mikið verði gert að því að koma berklasjúklingum fyrir á heimilum einstakra manna, samkvæmt fyrirmælum 10. og 13. gr., og skal því slept að gera nokkra áætlun um það, enda fellur það ákvæði alveg um sjálft sig, þegar næg sjúkrarúm verða fyrir hendi.

Nokkuð öðru máli er að gegna, þar sem talað er um meðgjöf með heilbrigðum börnum, sem tekin eru af heimilum berklaveikra. Það ætti að geta komið nokkuð oft fyrir að slíkum börnum þyrfti að ráðstafa og yrði hægt að ráðstafa ekki síst, ef bygð yrðu sjerstök heimili fyrir þau. En aftur á móti er meðlagið hjer svo lágt, að kostnaður ríkissjóðs getur varla orðið svo um muni. Ef t. d. ríkissjóður þyrfti að greiða sinn hluta í meðgjöf með 50 börnum, þá yrðu það ekki nema rúmar 9000 krónur. Og ekki eru miklar líkur til að þau yrðu svo mörg á ári árið út, hvað þá heldur fleiri.

Nú hefir þá verið reynt, eftir því sem föng voru á, að færa rök fyrir því, að sá kostnaður, sem ríkissjóður í framtíðinni gæti frekast þurft að bera útaf ákvæðum þessarar greinar verði 130—140 þúsund krónur á ári, eða 80—90 þúsþúsund krónum meira en nú er goldið í sama skyni.

Þetta er ekki stór upphæð, þegar þess er gætt, að alt er miðað við núverandi peningaverð, og þegar jafnframt er ihugað, að þegar útgjöld ríkissjóðs eru orðin svona há, þá er berklavarnamálið komið í svo gott horf hjer á landi, að þeim peningum er ekki á glæ kastað, sem varið er í þessu skyni. Enda mun fje sjaldan betur varið, en því, sem varið er til þess að vernda heilsu og starfsþol þjóðarinnar.

Við 15. gr.

Þessi grein ætlast til þess að sjúkrasamlagsmenn njóti sama styrks úr ríkissjóði, sem aðrir efnalitlir menn, enda munu þeir alloftast vera fátækir. Í raun og veru er þetta ákvæði til mikils stuðnings fyrir sjúkrasamlögin, en þau eiga líka mjög erfitt uppdráttar, enda er þá ætlast til að þau geri berklaveikinni ekki lægra undir höfði en öðrum sjúkdómum.

Við 16. gr.

Margir hafa nú um lengri tíma talið það ómannúðlegt að svifta menn mannrjettindum, þó þeir fyrir veikleika sakir ekki geti sjeð sjálfum sjer efnalega borgið. Nú er með þessari grein ísinn brotinn, og ef þetta næði fram að ganga, þá gæti það vonandi orðið til þess að samskonar ákvæði yrðu sett um fleiri sjúkdóma að minsta kosti. En í þessu frv. er ekki að ræða um aðra sjúkdóma en berklaveiki, og því getur þessi grein ekki verið yfirgripsmeiri.

Við 17. gr.

Í þessari grein er ekkert verulegt nýmæli, aðeins tekið fram hver eigi að hafa eftirlit með farþegaskipum, því það hefir áður verið nokkuð í lausu lofti. Einnig er fyrirskipað að setja reglur um flutning berklaveikra með skipum, því þar hefir stundum verið illa um búið.

Við 18. gr.

Nú eru allar ferðir hjeraðslækna í opinberar þarfir greiddar úr ríkissjóði. Flutningskostnaður læknanna hefir þá oft þótt ótrúlega hár. Það gæti því komið til mála, ef hjeruðin sjálf ættu að bera nokkurn hluta kostnaðarins, að hjeraðsstjórnirnar gætu komist að betri kjörum en heilbrigðisstjórnin, sem er miklu ókunnugri staðháttum og öðru, er að slíkum flutningi lýtur. Ferðir þær, sem um getur verið að ræða eftir þessu frv., eru líka allflestar engu síður í þágu hjeraðsins heldur en ríkisins, og virðist því sanngjarnt, að þessir aðiljar skifti kostnaðinum í milli sín að jöfnu.

38. Frumvarp

til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóturbæti.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð, og meira selt í senn eða sama manni en 500 kilógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin, og hvílir þá á honum sönnunarskyldan um það, að varan hafi fullnægt þeim skilyrðum, er um var samið munnlega.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafa setjanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver áburðurinn er. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinu, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

   Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina hve mikið er af þeim.
4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:
   a. Köfnunarefni í saltpjeturssýru.
   b. Köfnunarefni í ammoníaki.
   c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum,
   d. Köfnunarefni í cyanamíði.
   e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
   f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg hæði í vatni og citrónsýru.
   g. Kalí, leysanlegt í vatni.
   h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
   i. Gibs, (vatnslaust brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig, með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins, af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist, með undirskrift sinni, að það sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbjefum og auglýsingum má eigi nota önnur orðatiltæki, um jurtanærandi efni áburðarins, en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Þegar verslað er með fóðurbæti, svo sem korntegundir, oliukökur, melasse, síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskírteini, þar sem tilgreindar sjeu þessar upplýsingar:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar fóðurbætisins.
3. Nafn fóðurbætisins og úr hverju það er tilbúið.
4. Sje fóðurbætirinn búinn til úr fleiri efnum, skal tilgreina hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort fóðurbætirinn er blandaður annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta að svo sje eigi.

6. Sje um olíukökur að ræða, skal tilgreina hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minnsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreint hverskonar lifur; ennfremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrina, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hvenær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint hvort hún hafi verið söltuð óskemd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent.
10. Sje um síldarmjöl að ræða, skal tilgreina hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskimjöl að ræða, skal tilgreina úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum, í fóðurbætinum skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
    a. Af köfnunarefniskendum efnum.
    b. Af feiti.
    c. Af sykri.
    d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
    e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Það, sem seljandi eigi vill gefa tryggingu fyrir, verður hann að taka fram, að hann viti eigi um.

Með undirskrift sinni ábyrgist hann, að það, sem sagt er um fóðrið sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta að fóðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

3. gr.

Stjórnarráðið sjer um að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir, í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða fóðurbætisefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

4. gr.

Stjórnarráðið getur í reglugerð ákveðið, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

a. Nafn vörunnar.
b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini, samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau, á efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda, eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hvenær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum, eða umboðsmönnum þeirra.

   Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.
2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynt að varan sje komin.
3. Sje seljandi, eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi, eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Ennfremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álitast megi að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið getur látið gefa út eiðublöð fyrir vottorð þessi.
4. Sýnishorn þau. sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum höfð til marks um annað, en skemdir á vörunni.
5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda ná-

kvæmlega saman og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr. skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sje rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun í verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 10—1000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild Alþingis 1919 samþykti svofelda þingsályktun um mat á fóðurbæti:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, og leggja fyrir næsta Alþingi, frumvarp til laga um mat á fóðurbæti eða kjarnfóðri, er gengur kaupum og sölum í landinu, eða um aðra tryggingu gegn því, að sú vara seljist skemd eða ónýt«.

Samkvæmt þessari þingályktun fól stjórnin Búnaðarfjelagi Íslands að taka mál þetta til yfirvegunar og er frumvarpið að mestu leyti samið af því. Það er aðallega sniðið eftir dönskum lögum um þetta efni (Lov om Handel med Gödnings- og Foderstoffer frá 26. mars 1898), en jafnframt er tekið tillit til ákvæða, sem eru í gildi í Noregi og Svíaríki hjer að lútandi.

Þareð notkun fóðurbætis hefir aukist mjög á síðustu árum og einnig er farið að nota tilbúinn áburð hjer í landi, er mikil nauðsyn á, að til sjeu lög um

sölu þessara efna, því að fá efni er auðveldara að svíkja með því að blanda þau með öðrum verðlausum eða skaðlegum efnum. Gegn þessu þurfa kaupendur að hafa tryggingu, enda eru lagaákvæði um það víða í löndum, þar sem verslað er með þessi efni.

Það skal tekið fram, að til þess að ákvæði þau, sem frumvarpið hefir að geyma, verði meira en dauður bókstafur, er brýn þörf á því, að efnarannsóknarstofa ríkisins sje sem best úr garði gerð. En þótt mikið vanti á að svo sje enn sem komið er, má vænta, að úr því verði bætt smámsaman.

Að sjálfsögðu verður að setja nánari ákvæði um mörg atriði, er að máli þessu lúta, með reglugerð eða reglugerðum.

39. Frumvarp

til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I.

Um markmið skólans og fyrirkomulag.

1. gr.

Það er markmið hins lærða skóla, að efla sálar- og líkamsþroska nemendanna og veita þeim þá almennu mentun, er þarf til þess að stunda vísindanám við háskóla og aðrar æðstu mentastofnanir.

2. gr.

Skólinn er samskóli.

3.

Í skólanum eru 6 bekkir og eins árs nám í hverjum. Námið er sameiginlegt fyrir nemendur hvers bekkjar, nema í nokkrum greinum í tveim efstu bekkjunum, er að því leyti skiftast í tvær deildir, *bókmentadeild og stærðfræðideild.*

II.

Um kensluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslensku og íslenska bókmentasögu, dönsku, ensku, þýsku, frönsku, latínu, bókmentafræði, trúbragðafræði, sagnfræði og fjelagsfræði, landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði og stjörnufræði, efnafræði, stærðfræði, teiknun, söng og líkamsæfingar. Auk þess veitist þeim nemendum, er þess óska, kensla í hannyrðum.

III.
Um próf og einkunnir.

5. gr.

Í skólanum eru þrenns konar próf: skyndipróf, árspróf og stúdentspróf.

6. gr.

Við öll próf skólans skulu í hverri prófgrein vera tveir prófdómendur, kennarinn sem prófar, og annar til. Við skyndipróf er hinn prófdómandinn einn af kennurum skólans, en við árspróf og stúdentspróf er prófdómandi skipaður af yfirstjórn skólans.

7. gr.

Í skólanum skal hafa einkunnastiga þann, er kendur er við Ørsted.

Aðaleinkunnir við árspróf og stúdentspróf eru: ágætiseinkunn, fyrsta, önnur og þriðja einkunn, og reiknast eftir stigagildi einkunna. Þarf til ágætiseinkunnar 7½ stig í hverri grein til jafnaðar, til fyrstu einkunnar 6 stig, til annarar einkunnar 4½ stig, og til þriðju einkunnar 4 stig.

8. gr.

Einkunnir eru ekki gefnar nema við próf, en í öllum námsgreinum skólans, nema í söng, líkamsæfingum og hannyrðum.

IV.
Um inntöku nemenda í skólann.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem setjast í 1. bekk, sjeu eigi yngri en 13 ára fullra og eigi eldri en rjettra 18 ára. Heimilt er þó skólameistara og kennarafundi að veita undanþágu frá ákvæðum þessum, þegar sjerstakar ástæður eru til. Ákvæði samkvæm þessu gilda um inntöku í aðra bekki.
2. Að þeir sjeu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sje óspilt.
4. Að þeir leggi fram vottorð frá þeim skóla, sem þeir hafa síðast gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla.

10. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk skólans, verður nemandinn að standast próf í íslensku, reikningi, skrift, dönsku og sögu, og má prófaður eigi fá minna í þeim greinum en 3,67 í aðaleinkunn, sem reiknast eftir sjergildi einkunnanna. Auk þess skal prófaður sýna, að hann hafi fengið venjulega barnaskólakunnáttu í landafræði, náttúrusögu og teiknun.

11. gr.

Til þess að verða tekinn í einhvern annan bekk skólans en hinn fyrsta, verður nemandi að sýna við próf, að hann hafi fengið þá kunnáttu og þann þroska, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

V.
Um kenslutíma og leyfi.

12. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk skólans vera 34—36 kenslustundir og aldrei fleiri en 6 á dag. Hlje skal vera milli kenslustunda.

Fyrir hvert skólaár semur skólameistari stundatöflu, er skólaráðið samþykkir.

13. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

14. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desembermánaðar til annars dags janúarmánaðar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
2. Öskudagurinn.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Hvítasunnuleyfi, er nær frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu, að báðum þeim dögum meðtöldum.
5. Sumardagurinn fyrsti.
6. Afmælisdagur konungs.
7. Sumarleyfi, er nær frá 1. júlí til 30. september.

Auk þessa má skólameistari gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum, nema í jóla- og páskamánuðum, og þá endrarnær, er honum þykir brýn ástæða til.

VI.
Um reglu og aga.

15. gr.

Regla og agi skólans skal í hvívetna miða að því, að styðja kenslustarfið og glæða reglusemi og siðprýði nemendanna.

VII.
Um kennara skólans.

16. gr.

Auk skólameistara skulu við hinn lærða skóla að jafnaði skipaðir svo margir kennarar, að nægi til að gegna lögskipuðum stundafjölda í öllum námsgreinum skólans, nema trúbragðafræði, bókmentafræði, teiknun, söng, líkamsæfingum og hannyrðum, þegar einskipað er í bekki. Til að gegna þeim kenslustundum, er skipaðir kennarar nægja ekki til, skulu settir aukakennarar eða stundakennarar.

17. gr.

Til að geta orðið skipaður kennari við skólann, verður umsækjandi:

1. að hafa lokið embættisprófi í þeim greinum, sem aðallega á að kenna, og hafa staðist próf í aðalatriðum uppeldis- og kenslufræðinnar;
2. að vera laus við hvern þann sjúkdóm eða líkamsgalla, er geri hann óhæfan til starfsins;
3. að eiga það siðgæði og þá lyndisfestu og lipurð, er þarf til að stjórna ungum mönnum.

Skilyrði 1) nær þó ekki til þeirra, sem nú eru kennarar skólans með fullum stundafjölda.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti eitt ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

Hverjum kennara, sem hjer eftir verður skipaður kennari við hinn lærða skóla, er skylt að láta af embætti 65 ára að aldri með þeim lífeyri, sem hann þá hefir unnið sjer, nema yfirstjórn skólans skori á hann að halda embættinu lengur.

VIII.
Um skólalækni.

18. gr.

Skólalækni skal skipa til þriggja ára í senn, eftir tillögum skólameistara og kennarafundar.

Skólalæknir skal líta eftir líkamsuppeldi og heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

Fyrir störf sín í þágu skólans fær skólalæknir ákveðin árslaun.

IX.
Um yfirstjórn skólans og skólaráð.

19. gr.

Yfirstjórn skólans hefir stjórnarráð Íslands.

20. gr.

Til aðstoðar sjer við framkvæmd umsjónarinnar hefir stjórnarráðið skólaráð.

Í skólaráðinu sitja:

1. Skólameistari hins lærða skóla;
2. skólafróður maður, er stjórnarráðið skipar til 6 ára;
3. skólafróður maður, er háskólaráðið kýs til 6 ára.

X.

Um kenslueyri.

21. gr.

Kenslueyri greiði nemendur skólans haust hvert, áður en kenslan byrjar, 100—200 kr. eftir því sem stjórnarráðið ákveður fyrir hvert ár. Ákveða skal gjaldið fyrirfram innan nefndra takmarka fyrir lok febrúarmánaðar hvert ár. Nú eru börn sömu foreldra samtímis í skólanum, og greiðist þá fult gjald fyrir hið fyrsta, hálft fyrir annað, en þá ekkert þó fleiri sjeu.

Utanskólanemendur, er ganga undir árspróf skólans, skulu áður greiða í skólasjóð gjald, er svari 50 krónum, og gangi þeir undir stúdentspróf, gjald, er svari 100 krónum, eftir sömu reglu og árgjaldið.

22. gr.

Fje því, er um ræðir í 21. gr., skal varið aðallega til að styrkja reglusama, efnilega og efnalitla nemendur sem heima eiga utan Reykjavíkur, einkum þá, er fjærst búa, og má sá styrkur aldrei nema minna en þreföldu árgjaldinu. Þegar sjerstök ástæða er til, má veita nemanda, sem heima á í Reykjavík, styrk, er nemur árgjaldinu, ef nemandinn er reglusamur, efnalítill og sjerstaklega efnilegur.

Kennarafundur veitir námsstyrk úr skólasjóði, en hver bekkur má kjósa sjer fulltrúa til að gefa kennarafundi frekari bendingar um hag nemenda en í fjárhagsvottorðum standa.

XI.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Með reglugjörð verður nánar ákveðið:

1. Um tilhögun kenslunnar alment og í hverri námsgrein skólans.
2. Um tilhögun prófa fyrir nemendur skólans og utanskólanemendur, og um skilyrðin fyrir uppflutningi úr bekk.
3. Um inntökupróf.
4. Um kenslutíma.
5. Um reglu og aga.

6. Um skyldur skólameistara og kennara.
7. Um skyldur skólaráðs.

24. gr.

Lög þessi ganga í gildi. . . .

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi 1919 samþykti svofelda þingsályktun:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

I. 1. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga.
2. Að endurskoða alt skipulag kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt muni vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.
3. Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.

II. 1. Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum hins almenna mentaskóla, og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.
2. Að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í 3 neðstu bekkjum Mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.
3. Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.

III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr ríkissjóði það fje, sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem I. og II. tölul. greinir.

Samkvæmt þessari þingsályktun kvaddi stjórnarráðið 12. mars 1920 þá prófessorana dr. Guðmund Finnbogason og síra Sigurð Sivertsen til þess að vera stjórninni til aðstoðar í yfirvegun og rannsókn þeirra atriða, er þingsályktunin greinir.

Frá hinum tilkvöddu mönnum hefir svo komið frumvarp þetta. Þótt eigi væri reyndar gjört ráð fyrir því í þingsályktunartillögunni, að árangurinn af athugunum og rannsókn um Mentaskólann kæmi fram í lagaformi, þá verður ráðuneytið þó að vera þeirrar skoðunar, að rjett sje að lög sjeu nú samin í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á.

Frumvarp það, er hinir tilkvöddu menn hafa samið og sent ráðuneytinu, hefir það getað fallist á í aðalatriðunum. Sjerstaklega skal það tekið fram, að ráðuneytið er þeirrar skoðunar, að rjett sje að hverfa frá tvískifting þeirri á Mentaskólanum í gagnfræðadeild og lærdómsdeild, sem nú á sjer stað.

Ráðuneytið hefir fallist á tillöguna um það, að tekinn sje kenslueyrir. Það þykir rjett að þjóðfjelagið í heild, hvort er sveitarfjelag eða ríkisfjelag, veiti

þá kenslu, er skylt þykir að veita hverjum manni í minsta lagi, en aftur á móti er sanngjarnt, að þeir, sem leita frekari fræðslu, borgi hana að nokkru.

En ráðuneytið hefir ekki fallist að öllu leyti á ákvæðin um kenslueyrinn eða notkun hans. Það hefir ekki þótt heppilegt að miða hann við vísitölu, sem óvíst er að ákveðin verði til frambúðar. Og sanngjarnt virðist að ákveða að honum skuli varið aðallega til að styrkja nemendur utan Reykjavíkur. Það eru svo mikil hlunnindi fyrir Reykjavíkurbúa, að geta sótt skólann heiman að frá sjer, að engin ástæða er að styrkja nemendur þaðan, nema sjerstaklega standi á, og þá eigi frekara en svo, að nemi því, að þeir sleppi við að greiða kenslueyri.

Að öðru leyti er vísað til skýrslu og athugasemda hinna tilkvöddu manna.

40. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig, að á eftir liðnum c í 5. málsgrein komi nýr liður:

d. Opium, morfín, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í böglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess,

og aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:

Í stað 4. gr. a. og b. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,
ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 25 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . 50 —
ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . 100 —

Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa utanríkis, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —

Sjeu frímerki eigi við höfð eða eigi næg frímerki, skal auk

hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira enn burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 25 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er . . . . . 10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað »20 aurar«, »50 aurar«.

Í stað 4. gr. d., e. og f. komi:

d. Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 30 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 . . . . . 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

Fyrir símapóstávísanir skal greiða 100% meira eða tvöfalt ávísanaburðargjald.

e. Fyrir póstkröfur
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f. Fyrir blöð og tímarit:

Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga 75 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14 apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga 100 aurar.

Þó skal burðargjaldið undir blöð þau og tímarit, sem innrituð hafa verið til flutnings með póstum fyrir 1. apríl 1921, haldast óbreytt til ársloka.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða böglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestinga, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem póstlög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Kostnaður við flutning á pósti hjer á landi hefir hækkað ákaflega mikið síðustu ár og þó mest síðastliðið ár. Frumvarp þetta er framkomið til þess að reyna að höggva nokkurt skarð í þennan gífurlega kostnað, sem póstsjóður hefir af póstflutningunum, og er búist við að það mundi geta gefið 60000 kr. tekjuauka, ef það yrði að lögum.

Það hefir eigi þótt ráðlegt að hækka brjefburðargjald meira en farið er fram á í frumvarpinu, með því að meiri hækkun á því gæti haft þau áhrif að brjefunum fækkaði að miklum mun og það drægi vitanlega úr tekjunum, en brjefin er sú tegund póstsendinga, sem ríkið hefir mestar tekjur af.

Burðargjald undir prentað mál í krossbandi er hækkað upp í það sama og væntanlega verður tekið fyrir slíkar sendingar milli landa, og þótt póstsjóður hafi nokkurn skaða við flutning á þeim hjer innanlands, hefir eigi þótt tiltækilegt að setja burðargjaldið hærra.

Ábyrgðargjald fyrir meðmælingarbrjef og peningabrjef er hækkað all-

mikið, en reynslan hefir sýnt að það er eigi ráðlegt að setja það lægra, vegna áhættunnar sem þeim fylgir.

Burðargjald undir bögla er hækkað um 30 aura fyrir hvern böggul, og er þá lægsta burðargjald undir hvern böggul hið sama eins og innanlands í Danmörku.

Það má gera ráð fyrir að með því sleppi póstsjóður skaðlaus við flutning þeirra, því böglar eru að miklu leyti að eins fluttir sjóveg.

Burðargjald undir póstávísanir er og hækkað töluvert. Það er tvöfaldað á lægstu upphæðunum, og þótt flutningskostnaður á þeim sje eigi mikill, þá útheimta þær mikla vinnu af póstmanna hálfu, og laun þeirra hafa hækkað og verða að hækka mikið. Póstsjóður þarf og þeirra vegna að liggja með mikið fje vaxtalaust úti um land á pósthúsunum,

Það hefir þótt ástæða til að láta burðargjaldið undir símapóstávísanir vera helmingi hærra heldur en undir aðrar póstávísanir, aðallega vegna þess að símastjórnin eða símamenn telja sig eigi hafa neina ábyrgð á að þær sjeu rjett símaðar.

Þegar fjárhæð slíkra ávísana er símuð miklu hærri en rjett er, hefir það oft reynst erfitt að ná hinni rangsímuðu fjárhæð til baka aftur, enda komið fyrir að það hefir verið ómögulegt.

Það er því mikil áhætta fyrir póstsjóð að láta nota símapóstávísanir, en á hinn bóginn er það mikið hagræði fyrir þá, sem nota þær, og póststjórnin á ætíð að hafa það í huga, að greiða fyrir viðskiftunum eftir föngum.

Þá hefir og þótt nauðsynlegt að hækka burðargjald undir póstkröfur um 10 aura fyrir hverja sendingu, með því að þær auka störf póstmanna og fyrirhöfn að miklum mun.

Burðargjöld undir blöð og tímarit hafa verið hækkuð mikið í frumvarpinu, en á flutningi þeirra skaðast póstsjóður langmest.

Flutningur með landpóstunum nú kostar póstsjóð nálægt 10 kr. fyrir hvert kílógramm að meðaltali, og þótt póstsjóður taki 1 kr. 50 a. og 2 kr. af blöðum og tímaritum, hlýtur skaðinn við flutning á þeim, að ógleymdum öðrum kostnaði við þau, að vera geysimikill og því meiri, sem þau stækka og þeim fjölgar.

Nokkuð má draga úr kostnaði við flutning blaða og krossbandssendinga með því að koma þeim áleiðis með skipum, en sumir afgreiðslumenn blaða hafa það fyrir venju að koma eigi með þau á pósthúsið fyr en kvöldið fyrir burtför aðalpósta, þótt þau sjeu komin út löngu áður og þótt skipsferð falli einum eða fáum dögum fyr, og meginþorri landsmanna geti fengið þau jafnsnemma, með því að nota slíka ferð, og kaupstaðarbúar miklu fyr, heldur en með póstum.

Þar sem búast má við því, að verð á blöðum og tímaritum hafi verið ákveðið fyrirfram fyrir árið, hefir þótt sanngjarnt, að láta hækkunina eigi ná til þeirra blaða og rita, þar sem slíkt á sjer stað, fyrr en í byrjun næsta árs.

Það er sumstaðar í útlöndum farið að flytja póst í flotkistum, sem eru geymdar uppi á þilfari skipanna og geta ekki sokkið.

Þótt eigi sje víst að farið verði að nota slíkar flotkistur á skipum hjer við land í náinni framtíð, nje að senda póst með flugferðum, getur það eigi

gert neinn skaða, þótt póststjórninni sje heimilað að taka aukagjald fyrir póstsendingar, ef hún kynni að eiga kost á þannig löguðum flutningum.

Loks skal tekið fram, að viðaukinn við 5. og 21. gr. póstlaganna frá 1907, sem 1. gr. þessa frumvarps ræðir um, er framkominn samkvæmt ákvæðum á nýafstöðnum fundi alþjóðapóstfjelagsins í Madrid, þar sem fulltrúarnir skuldbundu sig til þess að gera það, sem í þeirra valdi stæði, til að koma slíkum ákvæðum í lög hver í sínu landi.

41. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Lagt fyrir Alþingi 1921.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	
2.	Húsaskattur	40000	
3.	Tekjuskatfur	400000	
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	50000	
			590000
5.	Aukatekjur	120000	
6.	Erfðafjárskattur	17000	
7.	Vitagjald	100000	
8.	Leyfisbrjefagjöld	8000	
			245000
9.	Útflutningsgjald		500000
10.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	125000	
11.	Tóbakstollur	400000	
	Flyt ...	525000	1335000

		kr.	kr.
	Flutt ...	525000	1335000
12. Kaffi- og sykurtollur...		525000	
13. Vörutollur		750000	
14. Annað aðflutningsgjald		60000	
			1860000
15. Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð			10000
16. Stimpilgjald...		1500000	
17. Pósttekjur		240000	
18. Símatekjur		1000000	
			2740000
	Samtals ...	... ...	5945000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2. Tekjur af kirkjum		50
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
4. Tekjur af skipum		350000
Samtals ...	... ...	390050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka		70000
2. — — Landsbankanum:		
a. Árgjald	7500	
b. Ágóðahluti	68000	
		75500
3. Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
Flyt ...	.. ...	165500

	kr.	kr.
Flutt ...		165500
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
7. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
8. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	472500

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 1629470 kr. 95 a.

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr. tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelagiuu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
Flyt ...	83333,34	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	83333,34	700521,92
3. Af láninu frá 1912		8333,33	
4. — — — 1912		33333,33	
5. — — — 1913		12251,19	
6. — — — 1916		4000	
7. — ritsímaláni 1917		9297,84	
8. — skipakaupaláni		200000	
9. — ritsímaláni Landsbankans		3400	
10. — Íslandsbankaláni 1918...		100000	
11. — láni danskra banka 1919		225000	
12. — innlenda láninu 1920		150000	
		—	828949,03
III. Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla			100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 270000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 276000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna Stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B.		
	Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	506320

		kr.	kr.
	Flutt ...	900	 506320
	b. Til pappírs og prentunar	15000	
	c. Til kostnaðar við sending með póstum...	1200	
			17100
2.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	20000	
	b. Fyrir embættisskeyti	60000	
			80000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		8000
4.	Til embættiseftirlitsferða		6000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...		500
6.	Til landhelgisgæslu		40000
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...		1500
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		75000
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín ... ... Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að læknirinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsbúar leggi fram eigi minni upphæð í sama skyni.		1500
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr....		600
	Flyt ...	... ...	288960

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288960
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		200
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis...		400
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis...		200
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis		300
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis...		300
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norðurmúlasýslu og Eiðahrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
16. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	
		3500
17. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
18. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku		
Flyt ...	... ...	300360

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	300360
	fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
19.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m....		10000
20.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		2000
21.	Holdsveikraspítalinn		130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	9500	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	19100	
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag) ...	47450	
	3. Klæðnaður	4000	
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800	
	5. Eldsneyti	30000	
	6. Ljósmeti	3500	
	7. Húsbúnaður og áhöld..	2000	
	8. Viðhald á húsum	6000	
	9. Þvottur og ræsting	2500	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	500	
	12. Skattar o. fl.	2500	
	13. Ýmisleg gjöld	1000	
		130350	
22.	Geðveikrahælið á Kleppi...		80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	9500	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna...	8000	
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag) ...	62780	
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum...	5000	
	4. Meðul og umbúðir	200	
	5. Ljós og hiti	30000	
	6. Viðhald og áhöld	15000	
	7. Þvottur og ræsting	2000	
	8. Skemtanir	1000	
	9. Skattar m. m.	1000	
	10. Óviss útgjöld...	1000	
	Flyt ...	135480	523630

		kr.	kr.
	Flutt ...	135480	523630
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag...	43800		
Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag ...	8760		
Tekjur af búinu...	2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
23. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			112662
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		9500	
B. Laun aðstoðarlæknis auk fæðis og húsnæðis.. ...		2000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna..		32300	
2. Viðurværi		134502	
3. Lyf og hjúkrunargögn		5380	
4. Ljós og hiti		77000	
5. Þvottur og ræsting		7860	
6. Viðhald húsa		5000	
7. Viðhald vjela		5000	
8. Húsbúnaður og áhöld		8000	
9. Flutningskostnaður		10000	
10. Óviss gjöld		3000	
		299542	
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag ...	146000		
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag ...	14600		
Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag... ..	26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
24. Til undirbúnings landsspítala...			7500
25. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		8000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aura fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.			
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á			
	Flyt ...	8000	643792

		kr.	kr.
	Flutt ...	8000	643792
	föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa, og með því skilyrði, að að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfélag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og rekstrar.	20000	
c.	Bólusetningarkostnaður..	1500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn úthreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar...	3000	
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis		
h.	Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
	Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
i.	Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar« ... ... gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.	1500	
j.	Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sér lækninga erlendis, alt að	3000	
	Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.		
k.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna til framhaldsnáms í Kristíaníu eða Kaupmannahöfn.. ...	800	
			51300
26.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		30000
	Samtals ...	... ...	725092

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	101420	
b. Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000	
c. Brjefhirðingamenn	20000	
		191420
2. Póstflutningur.....		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Rvík, hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum. ...	20000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000	
d. Önnur gjöld	47000	
		89200
Samtals ...	... ...	480620
B.		
Vegabætur.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra...	9500	
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að...	3500	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	7500	
5. Skrifstofukostnaður	7300	
		35940
II. Flutningabrautir:		
1. Húnvetningabraut.	12000	
2. Skagfirðingabraut.	18000	
3. Biskupstungnabraut	25000	
4. Hvammstangabraut	18000	
5. Viðhald flutningabrauta	55000	
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	
Flyt ...	153000	35940

	kr.	kr.
Flutt ...	153000	35940
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins ... gegn því að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar	25000	
		178000
III. Þjóðvegir:		
1. Stykkishólmsvegur	18000	
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000	
3, Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000	
4. Kjalarnesvegur	10000	
5. Aðrar vegabætur og viðhald	50000	
		108000
IV. Fjallvegir		12000
V. 1. Til áhalda	15000	
2. Til bóksafns verkamanna	1000	
		16000
VI. Tillög til akfærra sýsluvega. alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500
Samtals ...	... ...	400940

C.

1. Til strandferða	175000	
2. — bátaferða.	100000	
Samtals ...		275000

D.

Hraðskeyta og talsímasamband.

I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...	20000	
III. Til lagninga nýrra lína o. fl.:		
1. Norðtunga — Grund	11000	
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500	
3. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík	32000	
Flyt ...	102500	... ...

	kr.	kr.
Flutt ...	102500	... ...
4. Loftskeytastöð á Siðu.	25000	
5. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík	12000	
		139500
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	330000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landsímanna	4500	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500	
4. Þráðlausastöðin við Reykjavík	7800	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840	
6. Áhaldahúsið.	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7700	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	13700	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950	
10. Símastöðin á Borðeyri	2800	
11. Símastöðin í Hafnarfirði alt að	11000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	4450	
13. Símastöðin á Siglufirði	6000	
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700	
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000	
17. Til loftskeytastöðvar á Siðu	2500	
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000	
		571440
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		48000
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að.		9000
VIII. Viðhald landsímanna		95000
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern..		550
Samtals ...	... ...	883490

E.

Vitamál.

I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	9500	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
Flyt ...	9500	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	9500	
2.	Til verkfróðrar aðstoðar.	7700	
3.	Til skrifstofuhalds eftir reikningi, alt að ...	4700	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
			23900
II.	Laun vitavarða		23000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		55700
IV.	Bygging nýrra vita:		
1.	Kambanesviti	35000	
2.	Strætishornsviti	35000	
3.	Papeyjarviti ... ... — ...	30000	
	Fjárveitingarnar til Strætishorns og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarstaðar frá komi það fé, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra ...			
4.	Stokksnesviti	50000	
			150000
V.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000
VI.	Ýmislegt...		10000
	Samtals ...	... ...	267600
	Greinin alls ...	... ...	2307650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

		kr.	kr.
	A.		
	Andlega stjettin.		
a. 1.	Laun biskups	9500	
2.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
			13000
b.	Önnur útgjöld:		
1.	Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	408,28	
2.	Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
	Flyt ...	6408,28	13000

		kr.	kr.
	Flutt ...	6408,28	13000
3.	Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
	Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 6% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		
4.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
5.	Framlag til prestlaunasjóðs	360000	
6.	Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7.	Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus	1200	
			380008,28
	Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.		
	B.		
	Kenslumál.		
I.	Til háskólans:		
	a. Laun	143000	
	b. Aukakensla:		
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... 1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði 500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ... 7700		
		9700	
	c. Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur. 15000		
	2. Húsaleigustyrkur. 7000		
		22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum efnalitlum stúdentum, 175 kr.		
	Flyt ...	174700	393008,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	174700	393008,28
	mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
d.	Til kensluáhalda læknadeildar	800	
e.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2000	
f.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	11000	
g.	Önnur gjöld:		
1.	a. Laun ritara 800		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
2.	a. Laun dyravarðar, auk hlunninda sem hann hefir áður notið. ... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
3,	Einkalaunabót núverandi dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann 1200		
4.	Ýms gjöld 5000		
		10400	
			198900
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum		8000
	Þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands.		
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	105000	
b.	Aðstoðarfje:		
1.	Til dyravarðar 1000		
2.	a. Til söngkennara 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 400		
		2000	
c.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans 400		
2.	— eldiviðar, ljósa og ræstingar.. 7000		
3.	— skólahússins utan og innan ... 2000		
4.	— tímakenslu og til prófdómenda, alt að 11500		
	Flyt .. 20900	107000	599908,28

		kr.	kr.
Flutt ...	20900	107000	599908,28
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur	2000		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg útgjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örkina	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		28400	
			135400

Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		30360	
b. Önnur gjöld:			
1. Til þriggja aukakennara	7400		
2. Tímakensla	1800		
3. Til bóka- og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6000		
5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.	800		
6. a. Til dyravörslu	600		
b. Dýrtíðaruppbót	400		
7. Til skólahússins utan og innan ...	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	2000		
		22000	
			52360
Flyt ...		... ...	787668,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	787668,28
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		30000	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	6000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	3000		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds..	1000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			45500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		18920	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	7800		
2. — eldiviðar og ljósa	5500		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
		16300	
			35220
VII. Til Vjelstjóraskólans:			
a. Laun		17600	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	2300		
2. Ljós og hiti	2200		
3. Ýmiss kostnaður.	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	3700		
		9200	
			26800
VIII. Til bændakenslu:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun		13200	
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu ...		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að... ...	1400		
2. — kensluáhalda...	600		
Flyt ...	2000	15200	895188,28

		kr.	kr.
Flutt ...	2000	15200	895188,28
3. Til eldiviðar og ljósa...	8000		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		12500	
			27700
Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.			
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun		14080	
b. Til smíða- og leikfimiskenslu		1600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að... ...	1400		
2. — kensluáhalda...	500		
3. — eldiviðar og ljósa	7000		
4. Ýmisleg gjöld	2250		
		11150	
			26830
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
3. Til skólahalds á Eiðum:			
a. Laun		14500	
b. Til aðstoðarkenslu		600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms	600		
2. — kensluáhalda	500		
3. — eldiviðar og ljósa	4500		
		5600	
			20700
Flyt ...		... ...	970418,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	970418,28
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		8600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	7000	16000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanna	2000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík. 900		
	b. Annar kostnaður, alt að... 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna ., ...	8000	
	4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	2000	
			13300
XII.	Til kvenna:		
	1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	Flyt ... 20000	... ...	1008318,28

		kr.	kr.
	Flutt ... 20000	... ...	1008318,28
	b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 2000		
	c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... 600		
		22600	
	2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 12500		
	b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 1400		
		13900	
			36500
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Til almennrar barnafræðslu:		
	1. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	465000	
	2. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	
	3. Til prófdómara við barnapróf	4200	
	4. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
	5. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.		
	6. Til Skólablaðsins	800	
	7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
	b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að... 1000		
		10500	
			50450
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	28000	
	Flutt ...	28000	1549318,28

	kr.	kr.
Flutt ...	28000	1549318,28
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.		
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	15000	
c. Til lýðskólans í Bergstaðastræti	600	
		43600
XV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		15000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá ...		1000
XVIII. Til sundkenslu og leikfimi:		
a. Til sundkenslu í Reykjavík	200	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund..	1800	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn, munn-		
Flyt ...	4600	1610518,28

	kr.	kr.
Flutt ...	4600	1610518,28
lega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	500	
		5100
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		1500
Samtals ...	... ...	1617118,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skráseljara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. 1. Til aðstoðar á lestrarsal 1000		
2. Dýrtíðaruppbót 700		
	1700	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	1000	
		51220
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
Flyt ...	22050	51220

	kr.	kr.
Flutt ...	22050	51220
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að...	1200	
		17500
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið		1800
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6 Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9. Til Þjóðvinafjelagsins		750
10. Til Fornleifafjelagsins		800
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.		
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni		1600
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.		
13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
Flyt ...	... ...	127220

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	127220
14.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
15.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
16.	Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs ...		3000
17.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
19.	a. Styrkur til skálda og listamanna	20000	
	Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.		
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
20.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón á háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi...		21200 1200
	Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		
21.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum..		2000
	Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		
23.	Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna		600
24.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		2000
25.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
26.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1200
27.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
28.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
29.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
	Flyt ...	... ...	179420

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	179420
30.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
31.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
32.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld		1800
33.	Til landskjálftarannsókna .. .. Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550
34.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
35.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
36.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr.		1000
37.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál... ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		500
38.	Til Listvinafjelags Íslands		1000
39.	Til Íþróttasambands Íslands		1000
40.	Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		800
41.	Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits		1000
42.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
	Samtals ...	... ...	242970

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		10000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra...		7000
4. Til skógræktar:		
a. Laun	14080	
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	9000	
		23080
5. Til framhalds landmælinga		40000
6. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	
		27040
7. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
8. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
b. Til húsaleigu	1200	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	
		8200
9. Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
11. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
12. Til Fiskifjelagsins		50000
Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		
13. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
b. 4 síldarmatsmanna	14080	
c. 4 ullarmatsmanna	3200	
d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
e. ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	
		61680
Flyt ...	... ...	447600

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	447600
14.	Til gerlarannsókna		2400
15.	Til heimilisiðnaðarfjelags Íslands		5000
16.	Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1000
17.	Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og skóggræðslu ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		2000
18.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		500
19.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
20.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina		200
21.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
22.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
23.	Til bjargráðasjóðs		22000
24.	Til landhelgisjóðs		20000
25.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7540
26.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
27.	Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
28.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
29.	Laun húsgerðarmeistara		9500
30.	Til Sigurðar hreppstjóra Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
31.	Til sendimanns á Spáni		20000
	Samtals ...	... ...	562740

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	28762,09	
b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
c. Uppgjafaprestar	1321,66	
d. Prestsekkjur	4800,40	
		50014,03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300	
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra.	3000	
		3550
b. Embættismanna ekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	
3. — Ólivu Guðmundsson	175	
		525
c. Uppgjafaprestar.		
1. Til Gísla Kjartanssonar...	800	
2. — Stefáns Stephensens...	147	
3. — Stefáns M. Jónssonar	325	
		1272
d. Prestsekkjur.		
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130	
2. — Auðar Gísladóttur	300	
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	
4. — Guðrúnar Björnsdóttur...	300	
5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur	300	
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300	
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	
Flyt ...	2530	55361,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	2530	55361,03
10.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur...	300	
11.	— Kristínar Pjetursdóttur	300	
12.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur..	300	
13.	— Ragnheiðar Jónsdóttur	106	
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	
15.	Til Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	
16.	Til Þórunnar Stefánsdóttur	400	
17.	— Ingibjargar Sigurðardóttur	300	
18.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300	
			5636
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn.		
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300	
2.	— 3 barna hennar	300	
3.	— Bjargar Jónsdóttur	300	
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur	360	
5.	— Hjartar Snorrasonar.	500	
6.	— Jónasar Eiríkssonar.	500	
7.	— Magnúsar Einarssonar	500	
8.	— Elínar Briem Jónsson	300	
9.	— Guðríðar Þorvaldsdóttur.	300	
10.	— 3 barna hennar	300	
11.	— præp. hon. Janusar Jónssonar	320	
12.	— Pjeturs Guðmundssonar., ...	500	
			4480
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.		
1.	Til Árna Gíslasonar	300	
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300	
3.	— Böðvars Jónssonar	100	
4.	— Hallgríms Kráksonar	200	
5.	— Jóhanns Jónssonar	200	
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300	
7.	— Daníels Jónssonar...	200	
8.	— Jens Þórðarsonar	100	
9.	... Friðriks Möllers	1200	
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200	
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200	
			3300
g.	Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.		
1.	Til Þorvalds Thoroddsens	2000	
	Flyt ...	2000	68777,03

	kr.	kr.
Flutt ...	2000	68777,03
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500	
3. — Valdimars Briems	1200	
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	
5. — Önnu Thorlacius	300	
		7300
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300	
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	
7. — 3 barna hennar	300	
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	
9. — Ekkju Matthíasar Jochumssonar, Guðrúnar Runólfsdóttur	1200	4200
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:		
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðuk.	400	
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða... ...	500	
3. — Petreu Jónsdóttur 300 kr. og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð.	500	
4. — ekkju Guðm. Hjaltasonar — Hólmfríðar Björnsdóttur	300	
		1700
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna		98372,43
j. Til Ingeborg Sigurjónsson		1000
III. Tillag til ellistyrktarsjóða...		40000
Samtals ...	... ...	221349,46

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr. 5945000,00
—— 3. —	... ...	— 390050,00
—— 4. —	... ...	— 472500,00
—— 5. —	... ...	— 22400,00
Tekjuhalli	... ...	— 1956260,69
	Samtals	kr. 8786210,69

En til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr. 1629470,95
—— 8. —	... .	— 60000,00
—— 9. —	... ...	— 276000,00
—— 10. —	... ...	— 305400,00
—— 11. —	... .	— 734420,00
—— 12. —	... ...	— 725092,00
—— 13. —	... ...	— 2307650,00
—— 14. —	... ...	— 1617118,28
—— 15. —	... ...	— 242970,00
—— 16. —	... ...	— 562740,00
—— 17. —	... ...	— 4000,00
—— 18. —	... .	— 221349,46
—— 19. —	... ...	— 100000,00
	Samtals	kr. 8786210,69

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.

22. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

23. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921, hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 1922.

VIÐ TEKJUBÁLKINN.

Samhliða frumvarpi þessu eru lögð fyrir Alþingi mörg teknafrumv. og ef svo fer, að þau verða samþykt í meginatriðum, breytist tekjuhlið fjárlaganna töluvert. Af þessu leiðir, að eins vel má búast við því, að tekjubálkur sá, sem hjer liggur fyrir, verði til lítils stuðnings fyrir Alþingi, en við þessu er eigi unt að gera, meðan alóvíst er um forlög skattafrv. stjórnarinnar. Það liggur sem sje í augum uppi, að ekki er enn hægt að sníða tekjubálkinn eftir frv. þeim, sem lögð eru fyrir Alþingi samtímis þessu frv., en hins vegar mun í þingbyrjun verða gefið yfirlit yfir, hvað ætla má, að umrædd tekjufrv. gefi, ef þau verða samþykt í aðalatriðunum, og ætti þá ekki að kosta mikinn tíma að breyta tekjubálki þeim, sem nú liggur fyrir. Hins vegar er og þess að gæta, að ýms hinna núgildandi skattalaga gilda aðeins til ársloka 1921, svo að ef hin nýju frumv, verða eigi samþykt eða önnur í þeirra stað, er nauðugur einn kostur að framlengja þau, að

minsta kosti árið 1922, en það er neyðarúrræði vegna þess hversu sundurleit skattalöggjöf vor er orðin, auk þess sem það færi í bága við yfirlýstan vilja Alþingis 1919.

Að öllu þessu athuguðu hefir eigi þótt ástæða til, að því er snertir þá liði, sem vænta má breytinga á, að leggja mikla vinnu í að hnitmiða niður hversu miklar tekjur hver þeirra mundi gefa, t. d. með því að taka meðaltal 5 síðustu ára, eins og oft hefir verið gert áður, því að auk þess sem það er alveg óvíst, að ýmsir þessara tekjustofna standi framvegis, að minsta kosti óbreyttir, er það mikið efamál, þar sem hin undanförnu ár hafa verið svo óvanaleg, hvort slíkt meðaltal gefur nokkra verulega leiðbeiningu.

Þeirri aðalreglu hefir því verið fylgt, að áætla þá tekjuliði, sem vænta má að taki breytingum, eins og Alþingi 1919 áætlaði þá, nema sjerstök ástæða hafi þótt til breytinga vegna breytts ástands síðan 1919.

Um hinar einstöku tekjugreinar skal þess getið, sem hjer segir:

Um 2. gr.

Hjer skal að eins getið þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á áætlun fjárlaganna fyrir árin 1920—1921:

1. *Dýrtíðar- og gróðaskattur* hefir verið færður niður um helming með tilliti til þess, að tekjur hinna stærri framleiðenda og kaupmanna munu yfirleitt vera allmiklu minni 1920 en undanfarin ár, en það eru tekjurnar frá því ári, sem tekjuskatturinn verður greiddur af 1922, ef tekjuskattslögunum verður eigi breytt.

2. *Gjald af Kinalífs-Elixír* er felt niður, þar sem gert er ráð fyrir að birgðirnar muni þrotnar í ársbyrjun 1922.

3. *Útflutningsgjald* er lækkað um 100000 kr., bæði með tilliti til þess, að það er áætlað óvarlega hátt, og vegna þess, hversu illa nú lítur út með síld.

4. *Pósttekjurnar* eru hækkaðar upp í 240 þús. kr. eftir tillögum aðalpóstmeistara.

5. *Símatekjuáætlunin* er hækkuð upp í 1 milj. kr. vegna nýrra símalína og vaxandi notkunar símans, enda hafa þessar tekjur altaf farið mikið fram úr áætlun.

Um 3. gr.

1. *Eftirgjaldið eftir jarðeignir ríkisins* er hækkað úr 18000 kr. í 30000 kr. Þessi tekjuliður var um 45000 kr. 1919, og þótt gert sje ráð fyrir lækkun á verðlagsskrám og nokkurri sölu, ætti 30000 kr. að vera varlega áætlað.

2. *Tekjur af kirkjum* eru orðnar sama sem engar, en eru áætlaðar hjer 50 kr. til þess að fella ekki liðinn alveg niður.

3. *Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli* er örðugt að áætla, en sennilega má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir silfurbergi, þar sem námurnar hafa eigi verið reknar undanfarin ár. Auk þess má og geta þess, að nú mun fagmaður (Helgi H. Eiríksson) hafa námureksturinn á hendi, og virðist mega geta þess til, að þá verði reksturinn í betra lagi og gefi meiri arð, jafnvel þótt óhjákvæmilegt sje að launa hann af rekstrarhagnaðinum.

4. *Tekjur af skipum ríkissjóðs* eru áætlaðar eins og 1920 og 1921.

Um 4. gr.

1. *Tekjur af Íslandsbanka* eru áætlaðar eins og 1921.

2. *Ágóðahluti* ríkissjóðs af innskotsfje í Landsbankanum er áætlaður 8000 kr. hærri en 1921, vegna aukins framlags, en gert ráð fyrir hlutfallslega jöfnum ágóða (8%).

3. *Tekjur af Ræktunarsjóði* eru áætlaðar eins og 1920—1921, þrátt fyrir það þótt nokkuð muni verða selt af þjóðjörðum, því að áætlun gildandi fjárlaga virðist fullrífleg.

4—5. *Áætlunin um útdrátt bankavaxtabrjefanna* er auðvitað ágiskun, en styðst við reynslu undanfarinna ára. Vextirnir geta líka breyst nokkuð eftir útdrætti brjefanna, en þar getur að eins verið um smáupphæð að ræða.

6. *Arður af hlutum í Eimskipafjelagi Íslands* er áætlaður 6%, eins og undanfarin ár.

7. *Vextir af innstæðum í bönkum* eru áætlaðir eins og undanfarin ár.

8. *Greiðslur frá landsversluninni.* Hjer er eingöngu átt við vaxtagreiðslu af skuld hennar við ríkissjóð. En með þessu er þó engin afstaða tekin til þess, hvort verslunin skuli standa lengur eða skemur. Hins vegar er það auðsætt að taka verður upp þennan lið til jafnaðar, þar sem til útgjalda eru færðir vextir af öllum skuldum ríkissjóðs, en færi svo, að verslunin greiði ríkissjóði skuld sína að meira eða minna leyti, fyrir þann tíma, sem hjer kemur til álita, á að falla burtu tilsvarandi vaxtafjárhæð gjaldamegin, þar sem gera verður ráð fyrir, að það, sem verslunin greiðir, verði ekki eyðslueyrir, heldur gangi til afborgunar skuldum.

Það þarf naumast að taka það fram, að liðurinn er að eins áætlun.

Um 5. gr.

1. *Óvissar tekjur* eru áætlaðar eins og undanfarin ár, og tveir næstu liðir eru bygðir á ágiskun, en þar getur engu munað sem dregur.

2. Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 falla niður, vegna hins nýja launagreiðslufyrirkomulags til presta.

VIÐ GJALDABÁLKINN.

Um 6. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af lánum er fastákveðið með ákvæðum skuldabrjefanna um þau, svo að þar um er eigi að villast. Er því óþarft að sýna í þessum athugasemdum útreikning á því, enda var það eigi gert í síðasta fjárlagafrumvarpi.

Hjer eru teknir upp vextir, og þar sem við á, afborganir af öllum lánum ríkissjóðs, nema ½ milj. kr. láni úr Landsbankanum, sem tekið var 1918 til Landsverslunarinnar. Þetta lán er ekki tekið hjer upp bæði vegna þess, að ekki þykir ólíklegt, að það verði greitt fyrir árslok 1921 og vegna þess, að gert er

ráð fyrir, að Landsverslunin standi straum af því, og er tekið tillit til þessa í vaxtagreiðslu þeirri frá Landsverslun, sem ræðir um í 4. gr. 8. lið þessa frv.

Lánið frá hinum íslensku botnvörpungaeigendum er felt burtu, því að búist er við, að það verði að fullu greitt fyrir árslok 1921.

Greiðslan til Landsbankans er lögákveðin.

Um 8. gr.

Borðfje konungs er lögákveðið.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður eykst stórum. Hann var yfir 230 þús. kr. 1919 og þótt ganga megi út frá nokkru styttra þingi 1922 en 1919, eru allar líkur á, að kostnaðurinn verði meiri sökum hækkaðs þingfararkaups, annars kaupgjalds, prentunar o. fl. Það þykir því eigi varlegt að áætla þennan, kostnað undir 270000 kr.

Borgun til yfirskoðunarmanna er áætluð eins og hún er nú.

Um 10. gr.

1. a—b. Þessir liðir eru lögákveðnir.

2. Það verður að gera ráð fyrir að minsta kosti 2 ferðum til útlanda á ári, annari fyrir þing með stjórnarfrumvörp og annari eftir þing með frv. Alþingis til staðfestingar. Þykir eigi varlegt að áætla kostnað af þessu minni en 9000 kr.

3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins eru ákveðin samkvæmt starfsmannafjölda nú og ákvæðum launalaganna. Vitaskuld getur þetta breyst lítið eitt, ef mannaskifti verða, vegna aldurshækkunarinnar, en miklu getur þetta naumast munað. Gildir þetta um allar starfsgreinar ríkisins, og er leidd athygli að þessu hjer í eitt skifti fyrir öll.

Aðra almenna athugasemd þykir rjett að gera hjer, um það, að uppbótin til embættismanna ríkisins samkvæmt 33. gr. launalaganna er áætluð 120 % alstaðar í frv. nema annars sje getið, en vitaskuld verður ekkert fullyrt um hvort þetta er nægilegt.

4. Hjer til telst ljós, hiti, pappír og önnur ritföng, aukavinna, halli á útgáfu Lögbirtingablaðsins, ræsting, borgun til sendisveins o. fl. Um miðjan desbr. 1920 er kostnaður þessi fyrir það ár orðinn um 30000 kr., svo að liður þessi er síst of hátt áætlaður, en sennilegt er, að ljós og hiti verði nokkuð minni 1922 en 1920, en þessir liðir eru nú með þeim stærstu.

5. Störf ríkisfjehirðis hafa aukist stórkostlega við hin nýju launalög, bæði sökum þess, að fjöldi starfsmanna fær nú laun sín greidd hjá honum mánaðarlega, sem sumpart fjekk laun sín greidd annarsstaðar, svo sem símafólk og póstþjónar, sumpart fjekk alls engin laun úr ríkissjóði, svo sem allir barnakennarar ríkisins. Þá hefir það og aukið mikið störf hans og bókfærslu, að prestar fá nú laun sín greidd mánaðarlega. Af þessu leiðir, að hann verður nú að hafa sjer til aðstoðar 3 stúlkur, og eru laun þeirra áætluð 4000 kr., 3500 kr. og 2000 kr. hverri, að meðtalinni uppbót. Laun hans sjálfs með 120 % uppbót eru 7700 kr. Laun því samtals kr.: 17200,00. Til húsaleigu, ljósa, hita, ræstingar og ritfanga eru áætlaðar 3500 kr. Allur þessi kostnaður verður því 20700 kr.

6. Vonandi þarf enga verulega aðgerð á stjórnarráðshúsinu 1922, því að húsið er nú í góðu ástandi.

B.

1.—2. Þessir liðir eru lögákveðnir.

3. Eftir upplýsingum hagstofustjóra verður að álíta að eigi nægi minna til þessa en 12000 kr., með sjerstöku tilliti til aukinnar prentunar vegna manntals þess, er fram fór 1. des. 1920.

4. Þessi liður er hækkaður vegna gagngerðra breytinga, sem gera á á verslunarskýrslunum, breytinga sem eru bráðnauðsynlegar til þess að koma skýrslunum út í tæka tíð.

5. Þessi liður er lækkaður um 500 kr. frá tillögum hagstofustjóra í von um nokkra lækkun á kolaverði.

6. Liður þessi er svo geysihár vegna væntanlegrar vinnu út af áðurnefndu manntali. Tillögur hagstofustjóra eru lítið eitt færðar niður í þeirri von, að eigi þurfi nema 2 menn til að vinna úr manntalinu, auk hins fasta liðs Hagstofunnar.

C.

1. a.—d. Þessir liðir eru óbreyttir, að því undanskildu, að d-liðurinn er hækkaður um 4000 kr. vegna þess, að sendiherrann verður að leigja sjer húsnæði fyrir skrifstofur, en hingað til hafa Danir útvegað húsnæði fyrir ekkert. Þetta er ekki hæfilegt og þá ekki annað fyrir hendi en leigja og ekki hægt að búast við því ódýrara en hjer er ráðgert.

2. Þessi liður er samningsbundinn.

3. Liður þessi er nýr, og á af honum að launa ríkisráðsritara og greiða annan kostnað af ríkisráðinu, svo sem prentun ýmsa, útdrátt til konungs úr frv. o. fl.

Um 11. gr.

1. a—b. Þessir liðir eru lögákveðnir.

c. Hjer er ekki átt við ljós, hita eða ræstingu, heldur að eins gjöld til ritfanga, bóka, útgáfu dómasafns o. fl. Hinn síðastnefndi liður mun verða 2000—2400 kr. á ári.

2. Embætti þau, sem hjer ræðir um, eru 20, og ef eigi verða breytingar, verða því nær allir, sem í þessum embættum eru, í launahámarki 1922, og hefir því það ráð verið tekið, að margfalda 9500 með 20, og draga frá 5 þús. kr. fyrir væntanlegum breytingum til lækkunar og með tilliti til þess, að laun lögreglustjórans á Siglufirði eru ekki nema 5500 kr. með uppbót.

3. Hækkun sú, sem hjer er ráðgerð á hreppstjóralaununum, er vegna laga nr. 14 1920.

4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík virðist hækka mikið vegna þess að dýrtíðaruppbótin er talin hjer með, en í raun og veru er ekki veruleg hækkun í öðru en því, að honum eru ætlaðir 2 fulltrúar, með því að hann kveðst alls ekki geta af komist án þess. Um hækkun á öðrum liðum virðist óþarft að fjölyrða.

5. Hjá lögreglustjóranum í Rvík er bætt við einum skrifara, en lögreglu-

stjórinn hefir farið fram á, að við yrði bætt 2 skrifurum, 1 innheimtumanni og 2 lögregluþjónum, eða alls 5 mönnum, en stjórnin hefir eigi sjeð sjer fært að bæta við nema 1.

Um lögregluþjónana er þess að geta, að ef fje væri veitt til að launa þeim úr ríkissjóði, væri með því lagður grundvöllur að sjerstökum flokki embættismanna, ríkislögregluliði (Statspoliti), en hvað sem annars má um það segja, virðist það þó auðsætt, að ekki er óhjákvæmilegt að leggja í þennan kostnað einmitt nú, er fjárhagur er sjerstaklega þröngur. Stjórnin vill því ekki eiga frumkvæði að þessu.

Um frekari viðbót skrifara og innheimtumanna er þess að geta, að lögreglustjóri mun þar miða við hið mikla mannahald, sem nauðsynlegt er vegna aðflutningsstimpilgjaldsins, en með því að stjórnin leggur nú til, að gjald þetta falli niður, þykir henni ekki ástæða til að veita fje til frekara mannahalds en hjer er ráðgert.

Gert er ráð fyrir, að laun fulltrúa sjeu 3500 kr., laun skrifara 2600 kr. og innheimtumanns 2200 kr. og uppbót á þessi laun 120%. Laun tollvarða eru hækkuð úr 8800 kr. í 9000 kr.

Húsaleiga er greidd eftir dómkvaddra manna mati.

Liðurinn um hita og ljós er tekinn eftir tillögu lögreglustjóra.

Ýms gjöld eru lækkuð töluvert frá till. lögreglustjóra, því að kostnaður af einkennisfötum sýnist geta fallið burtu, og áætlun lögreglustjóra annars mjög há.

6. Skrifstofukostnaður sýslumanna er settur hjer sem næst því, er hann var ákveðinn fyrir árið 1920. En eins og nú er um verðlag og verðsveiflur, þykir ekki fært að ákveða hann til 5 ára í senn, því að það væri óaðgengilegt, bæði fyrir hlutaðeigandi embættismenn og hið opinbera. Vonandi þarf kostnaður þessi ekki að hækka, að minsta kosti ekki til verulegra muna.

7. Hin mikla hækkun til hegningarhússins í Rvík stafar bæði af hækkuðum launum fangavarðar og eldsneytis- og ljósakostnaði. Laun fangavarðar eru nú með uppbót (120%) 6160 kr., en þau eru ekki talin í áætlun þeirri frá bæjarfógeta Rvíkur, sem fjárveitinganefnd mun sennilega verða afhent, nema 1800 kr. (sem sje gömlu launin). Þá er og þess að gæta, að liður þessi nær einnig yfir hin fangelsin á landinu, en af því að hann er venjulega mjög lítill, þykir nóg að ætla fyrir honum 1600—1800 kr., auk þess sem vænta má, að eldsneyti og ljós kunni að falla í verði.

Það virðist tilgangslaust að skifta kostnaði af upphitun og lýsing hússins milli hegningarhússins og hæstarjettar. Allur þessi kostnaður er því talinn hjer.

8. Þessi kostnaður var 1918 kr. 10582,35 og 1919 kr. 11655,58, svo að það má ekki áætla hann lægra en hjer er gert.

9—10. Þessir liðir eru óbreyttir, enda engi reynsla komin á þá, því að þeir voru fyrst teknir upp í fjárlög 1920—1921.

B.

1. Prentunarkostnaður Stjórnartíðindanna vex mjög, og má alls ekki áætla hann lægra en hjer segir, og það jafnvel þótt gert sje ráð fyrir nokkurri lækkun á pappírsverði.

2. Reynslan hefir sýnt það, að liðirnir um þjónustufrímerki og símgjöld embættismanna fara altaf langt fram úr áætlun, og er því stungið upp á, með

tilliti til orðinnar og væntanlegrar hækkunar á síma- og póstgjöldum, að þessir liðir verði hækkaðir drjúgum.

3. Þessi liður vex nokkuð vegna verðhækkunar og fjölgunar opinberra bygginga. Hann var tæp 6700 kr. 1918 og rúm 9000 1919, en á það ár fór nokkuð, sem að rjettu lagi tilheyrði árinu 1918. Liðurinn má því ekki lægri vera en 8000 kr.

4. Ferðir eru svo dýrar, að það verður að hækka þennan lið mikið. Reynslan hefir sýnt, að þessar ferðir eru alveg nauðsynlegar.

5. Liðurinn óbreyttur.

6. Það mun standa til boða, að Danir hafi hjer tvö skip til gæslu, ef vjer viljum. Það er nú þingsins að skera úr, hvort það vill sinna því og spara þannig mikið fje til skipsútgerðar eða skipskaupa, en eins og öllu horfir við nú, virðist stjórninni rjett að spara þessi gjöld í bráðina, og stingur því að eins upp á 40000 kr. fjárveitingu í þessu skyni, og ætlast til að hún verði notuð til varna með smábátum innfjarða, t. d. í Garðsjó.

7. Þessi liður verður að hækka sökum vaxandi starfs yfirskattanefnda. Og ef hið nýja tekjuskattsfrv. verður samþykt, hækkar þessi liður enn meir. En hins vegar er ekki hægt að áætla fyrir því nú.

9. Ríkissjóðshlutinn af dvalarkostnaði þurfamanna á sjúkrahúsum vex hröðum fetum. 1918 var hann um 48 þús. kr. og 1919 rúm 73 þús. kr. Hin áætlaða fjárhæð ætti samt að vera nægileg, þar sem líklegt er, að sjúkrahúskostnaður hækki ekki verulega úr þessu. Hins vegar liggja fyrir þessu þingi 2 frv., sem geta valdið breytingum í þessu efni, sem ekki er auðið að ráða í nú.

Um 12. gr.

1. Hin föstu laun lækna, sem hjer koma til álita, eru í ársbyrjun 1921 kr. 173800. Nokkrir þeirra eru á svo háum launum, að uppbót þeirra getur ekki vegna launahámarksins orðið 120%, en þeir eru ekki mjög margir, og þar sem laun sumra hækka vegna aldurs og ekki úti lokað, að nýir læknar komi í hjeruð, sem nú eru læknislaus, þykir ekki of í lagt að gera ráð fyrir 120% uppbót á alla þessa fjárhæð, og verður hún því kr. 282360,00.

2. Hækkunin á skrifstofufje landlæknis stafar mest af launahækkun skrifara hans. Annars er liðurinn að sjálfsögðu að eins áætlun.

3.—18. Liðir þessir eru teknir óbreyttir úr gildandi fjárlögum.

19. Þessi liður er hækkaður um 4000 kr. eftir tillögum hlutaðeigandi læknis, vegna mjög mikillar hækkunar á öllu, sem að þessum lækningum lýtur.

20. Liðurinn er óbreyttur.

21. Laun læknis holdsveikraspítalans eru tekin hjer upp sjerstaklega, eins og áður hefir verið um Vífilsstaðahælið og Kleppshælið.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að taka annað fram hjer að lútandi en það, að tillögum spítalastjórnar hefir verið fylgt í öllu og að tillögur þessar munu verða lagðar fyrir þingið.

22. Tillögum læknis um gjöldin hefir verið fylgt að öllu leyti, nema áætlunin um ljós og hita hefir verið lækkuð um 2000 kr. Hins vegar hefir gjaldið fyrir sjúklingana verið hækkað um helming, og sýnist það ekki nema sjálfsagt og sist mikils krafist, þótt sjúklingar eða aðstandendur þeirra greiði fæðiskostnað, þegar ríkið lætur alt annað af hendi ókeypis.

23. Hjer skal sjerstaklega getið þeirra liða, þar sem vikið er frá tillögum læknis.

1. Liðurinn til starfsfólks er lækkaður um 3000 kr., með tilliti til að líklegt er, að spara megi að minsta kosti einn vjelgæslumann.
2. Læknir gerir ráð fyrir 3 kr. fæðiskostnaði að jafnaði á dag fyrir fullorðna og börn. Þetta virðist óþarflega hátt, og hefir því verið lækkað í kr. 2,75 á dag, einmitt með tilliti til barnanna, og ætti þetta að vera nóg, þótt tillit sje tekið til, að fæði á þessu hæli þarf að vera betra en á öðrum sjúkrahúsum.
3. Af kolum er gert ráð fyrir að þurfi 325 smál. og verðið ráðgert 200 kr. fyrir smálest. Af olíu er gert ráð fyrir 75 tunnum á 125 kr. Þetta til samans verður kr. 74375,00. Annar kostnaður við hitun og lýsingu, svo sem ljóshylki o. fl., er áætlaður 2625 kr., svo að allur liðurinn er áætlaður 77000 kr.

Út af því, að læknir áætlar þennan lið 130000 kr., skal það tekið fram, að það stafar bæði af því, að hann reiknar kolin á 300 kr. smál., og auk þess er einhver villa í áætluninni um lýsingarkostnaðinn, og hefir læknir viðurkent það og upplýst, að steinolíunotkunin sje um 75 tunnur á ári.

Þá er og þess að geta, að stjórnin hefir sjeð þess nauðugan einn kost að hækka daggjald sjúklinganna verulega.

24. Liðurinn er eins og í gildandi fjárlögum.

25. a—g. Liðirnir eru eins og í fjárlögum 1921.

h. Liðurinn hækkaður úr 4200 kr. í 6500 kr., með tilliti til kostnaðar þessa árin 1918 og 1919.

i—j. Liðirnir eins og í gildandi fjárlögum.

k. Þessi liður er nýr og tekinn upp eftir tillögum landlæknis.

26. Þessi liður er nýr, en lögákveðinn. Upphæðin er áætluð, með því að alla reynslu vantar.

Um 13. gr.

A. *Póstmál.*

1. a. Laun þeirra póstmanna, sem í launalögum standa, eru í ársbyrjun 1921 kr. 46100, og verður það með dýrtíðaruppbót kr. 101420. Um þessi laun gildir hið sama og önnur, að þau geta breyst lítið eitt. Hjer er farið eftir launaskrá stjórnarráðsins, en ekki aðalpóstmeistara.

b. Skrá um sundurliðun þessa fjár mun verða lögð fyrir þingið.

c. Sömuleiðis.

2. Kostnaður við póstflutning er áætlaður eftir tillögum aðalpóstmeistara.

3 a—d. Allir þessir liðir eru sömuleiðis áætlaðir eftir tillögum aðalpóstmeistara, nema d-liðurinn, sem hefir verið færður niður um 3000 kr., með því að póstmeistari hefir talið 60 smál. af kolum á 250 kr. hverja, en stjórninni þykir nægilegt að áætla kolasmálestina á 200 kr.

B.

I, 1—2. Launin eru tekin eftir launalögum með dýrtíðaruppbót.

3. Vegamálastjóra sjálfum eru áætlaðar 1500 kr. til ferðakostnaðar, en aðstoðarverkfræðingi hans 2000 kr., því að hann er meira á ferðalögum. Þetta er gert eftir tillögum vegamálastjóra.

4. Þessi fjárveiting sundurliðast þannig:

a. Kaup mælingamanns	kr. 4500
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar	— 1500
c. Annar kostnaður við mælingar (sbr. till. vegamálastjóra)	— 1500
	kr. 7500

Kaup mælingamanns er ráðgert 4500 kr. í von um að kaupgjald lækki heldur. Vegamálastjóri hefir stungið upp á 4800 kr, og hinir liðirnir eru teknir eftir tillögum hans.

5. Skrifstofufjeð sundurliðast þannig:

a. Húsnæði, ljós og hiti	kr. 1800.00
b. Aðstoðarmaður	— 4500.00
c. Ýmislegt	— 1000,00
	kr. 7300,00

Þessi liður hefir verið lækkaður um 700 kr. frá áætlun vegamálastjóra, kaup skrifara um 300 kr. af sömu ástæðum og kaup mælingamanns, húsaleiga og hiti um 200 kr. vegna væntanlegrar lækkunar á kolaverði, og ýms gjöld um 200 kr., þar sem 1000 kr. ætti að nægja til slíks, á eigi umfangsmeiri skrifstofu.

II. *Flutningabrautir.*

1. Með þessari fjárveitingu er tilætlunin að fullgera Húnvetningabraut til afhendingar.

2. Þessi braut er sú, næst Biskupstungnabraut, sem mest er eftir af, og má því eigi gera ráð fyrir minni fjárhæð en þessari, sjerstaklega þar sem um 2000 kr. mun þurfa til viðhalds þeim kafla, sem þegar er lagður.

3. Biskupstungnabrautin er ákaflega nauðsynleg og mest eftir af henni allra flutningabrauta. Á næsta sumri er gert ráð fyrir, að brúin á Brúará hjá Spóastöðum verði fullgerð, og er þá einsætt að halda brautinni áfram eftir því, sem ástæður leyfa.

4. Það er gert ráð fyrir að nota eigi 1921 fjárveitingu þess árs til Hvammstangabrautar, vegna fjárhagsástandsins. Það er því nauðsynlegt að veita fje í þessu skyni 1922, og með nokkurri fjárveitingu 1923 ætti þessi braut að vera fullgerð.

5. Fjárveiting til viðhalds flutningabrauta er áætluð þannig:

a Til Suðurlandsbrautar... ...	kr. 40000,00
b. — Þingvallabrautar	— 10000,00
c. — Fagradalsbrautar	— 5000,00
	kr. 55000,00

Þetta er nokkru lægra en vegamálastjóri hefir áætlað til tveggja hinna fyrnefndu brauta, og er það vegna þess, að miklu hefir verið varið og verður varið til þessara brauta vegna væntanlegrar konungskomu.

6—7. Það er kunnugt, að flutningabrautin austur Flóa og Holt er nú orðin þannig, að stórskaði væri að því, að draga að endurbyggja þær, en þetta er langt ofvaxið hlutaðeigandi hjeruðum, eins og Alþingi hefir viðurkent. Það er því ráðgert, að hjeruðin leggi fram $^1/_3$ kostnaðar í samræmi við ákvörðun þingsins 1919, um Flóaveginn. Ekki hefir þótt fært að áætla hærri upphæð til þess-

ara framkvæmda en 25000 kr. til hvors vegarins, bæði af fjárhagsástæðum ríkissjóðs og af því, að hætt er við, að erfitt verði fyrir hjeruðin að leggja fram sinn skerf.

III. *Þjóðvegir:*

1. Stykkishólmsvegur. Það er gert ráð fyrir, að með þessari fjárveitingu verði hálfnað að leggja þann hluta þessa vegar, sem eftir er, en hins vegar er gengið út frá, að ekki verði að honum unnið næsta sumar. Fjárveitingin er tekin eftir tillögu vegamálastjóra.

2. Af Langadalsveginum eru eftir 5 km., og ætti hann að verða fullgerður 1923 með sömu fjárveitingu. Hins vegar munu ekki verða tök á að vinna að vegi þessum í sumar.

3. Vallavegurinn liggur um þjettbýla sveit, og er því nauðsyn á að gera hann akfæran sem fyrst, en til þess áætlar vegamálastjóri að muni þurfa alls um 40 þús. kr.

4. Þessi fjárhæð er ætluð til akvegargerðar frá Leirvogsá upp undir Esju, og er þá vagnvegur alla leið upp á Kjalarnes úr Reykjavík. Í raun og veru er þetta endurveiting, því að jafnhá fjárveiting 1921 verður látin ónotuð.

5. Upphæðin er tekin eftir tillögum vegamálastjóra.

IV. Tillagið til fjallvega er eins og í gildandi fjárlögum.

V. 1. Hið sama er um framlagið til vegavinnuáhalda.

2. Þessi liður er nýr og tekinn upp eftir tillögum vegamálastjóra, og mun hann sjá um val bókanna. Telur hann þetta nauðsynlegt vegna vegamannanna og gerir sjer von um góðan árangur. Stjórninni hefir ekki þótt fært að setja sig á móti þessari fjárveitingu, eigi stærri en hún er.

VI. Liðurinn er jafnhár og í gildandi fjárlögum.

VII. Liðurinn er hækkaður um 200 kr. af ástæðum, sem tilfærðar eru í frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920—1921.

VIII. Er eins og í gildandi fjárlögum.

C.

Stjórninni virðist það lítt hugsanlegt, að nú, meira en ári fyrirfram, sje auðið að búa til þannig lagaða sundurliðaða áætlun um strandferðir og bátaferðir á flóum, fjörðum og vötnum, að nokkuð verulegt verði á henni að byggja, og litlu nær munu menn vera, þegar næsta Alþingi kemur saman. Er þetta eðlileg afleiðing af því, að mikil óvissa er um skipakost smærri og stærri skipa, nema »Sterling«. Þar næst er og verður næstu mánuðina að minsta kosti mikil óvissa um verð á kolum og steinolíu til útgerðar skipa. Loks er einnig óvissa um tilhögun á skipaferðum Eimskipafjelags Íslands og Hins sameinaða gufuskipafjelags. En til slíkra ferða með ströndum fram verður að hafa tillit. Notadrýgst ætti því að verða, að stjórnin hafi á hendi síðari part ársins, þegar betur skýrist það, er verða vill, ráðningu skipa, tilbúning ferðaáætlana og hagtæring og skifting þess fjár, sem veitt verður í þessu skyni. Getur stjórnin væntanlega haft sjer til aðstoðar og ráðuneytis í þessu efni þann mann, sem besta aðstöðu hefir til þess og best vit á því, að m. k. hvað strandferðirnar snertir, enda hefir og svo verið undanfarið. Vitaskuld er hjer átt við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags

Íslands. Um bátaferðir fer mest eftir samkomulagi milli landsstjórnar og hjeraðsstjórna.

1. Til strandferðanna er áætlað eins og í núgildandi fjárlögum.
2. Í núgildandi fjárlögum er áætlað í þessu skyni um 70000 kr. og auk þess sú viðbót, sem aukaþingið 1920 veitti í þessu skyni. Samtals er þessi upphæð, sem hjer er farið fram á, töluvert minni en veitt er fyrir yfirstandandi ár, og er það bygt bæði á því, að væntanlega verður bátaleiga ekki eins há 1922 og nú, og á því, að það þykir nokkuð vafasamt, hvort það svarar kostnaði, að halda uppi öllum þeim bátaferðum, sem fje er nú veitt til.

D.

I. Þessi liður er samningsbundin greiðsla.

II. Þessi liður er áætlaður eftir tillögum landssímastjóra.

III. Nývirki:

1. Landssímastjóri telur nauðsynlegt að setja nýja línu úr 4 mm járnþræði milli Norðtungu og Grundar, til þess að hægt sje að stofna nýjar stöðvar eftir þörfum á því svæði, auk þess sem það ljettir mikið afgreiðslu við stöðvar norðan Borðeyrar.
2. Ef ný lína verður lögð frá Hábæ í Vogum að Keflavík, getur Grindavík fengið samband við Keflavík þá leið, og er töluverð nauðsyn á því vegna þess, að sjerstaklega á vertíðinni eru mikil símaviðskifti milli Grindavíkur annars vegar og Sandgerðis, Gerða og Keflavíkur hins vegar. Kostnaður við þetta er svo lítill, að ekki þykir áhorfsmál að gera þetta.
3. Á Ísafirði og Hesteyri verður væntanlega lokið við að setja upp loftskeytastöðvar 1921, og því mun hafa verið lofað að koma Aðalvík í símasamband eftir að stöð væri komin á Hesteyri. Fjárveiting sú, sem hjer er stungið upp á, er miðuð við símalínu frá Hesteyri til Aðalvíkur, en rjett virðist, að stjórnin sje óbundin um, hvort lína verður lögð þessa leið eða hvort loftskeytastöð verður sett á stofn í Aðalvík, sem mundi vera nokkru ódýrara. Ef það kemur í ljós, að Hesteyrarstöðin gagnar vel, er sem sje líklegt, að samskonar stöð í Aðalvík mundi einnig gera það, og þá væri ástæðulaust að binda sig við stauralínu. Landssímastjóra er vel trúandi til að ráða fram úr þessu á besta hátt.
4. Það er auðsætt, að símalína milli Víkur og Hornafjarðar á langt í land, og því hefir landssímastjóri lagt það til, að loftskeytastöð verði sett á stofn á Síðunni. Sú stöð gæti þá jafnan staðið í sambandi við loftskeytastöðina í Vestmannaeyjum og þannig við land alt. Stjórninni hefir því þótt rjett að taka upp fjárveitingu í þessu skyni, enda er gert ráð fyrir, að hlutaðeigandi sveitir kosti stöðina, nema símritara, og annist flutning á efni frá Reykjavík eða Vestmannaeyjum.
5. Þessa breytingu þarf að gera, til þess að loftskeytastöðin geti fengið rafmagn frá fyrirhugaðri raforkuveitu Reykjavíkurbæjar, sem er ódýrara en að hafa sjerstakan mótor handa stöðinni.

IV. 1. Laun símamanna eru tekin eftir launalögum og lögð til grundvallar launafúlgan eins og hún er 1. jan. 1921, þó þannig, að við er bætt

freklega fyrir launum símaverkfræðings, sem væntanlega verður skipaður áður langt líður. Við er svo bætt dýrtíðaruppbót, 120 %.

2.—19. Þessir liðir eru allir teknir upp samkvæmt tillögum landssímastjóra, að því undanskildu, að hjá þeim stöðvum, sem kol og olía kemur til álita, hefir áætlunin verið sett niður, eftir því verði, sem annars er miðað við á vörum þessum í frv., og eftir því sem landssímastjóri hefir skýrt frá um kola- og steinolíueyðslu.

V.—XI. Allir þessir liðir eru áætlaðir samkvæmt tillögum landssímastjóra, og verða tillögur hans í heild látnar fylgja.

E.

I. 1.—2. Launin eru sett samkvæmt launalögum og með dýrtíðaruppbót.

3. Fjárveitingin til skrifstofuhalds er lækkuð lítið eitt frá tillögum vitamálastjóra, í von um lækkandi kolaverð.

4. Ferðakostnaðarliðurinn er hækkaður, frá því sem nú er, um 500 kr., úr 1500 í 2000 kr.

II. Laun vitavarða eru hjer tilfærð 100 kr. lægri en vitamálastjóri telur þau, því að hann hafði talið dýrtíðaruppbót þeirra vitavarða, sem í launalögum standa, ofurlítið of hátt.

III. Tillögur vitamálastjóra um rekstrarkostnað vitanna eru lækkaðar um 5600 kr., með því að hann hafði reiknað kolasmálestina á 300 kr., í stað 200 kr., sem annarsstaðar er gert í þessu frv., og olíu nokkru hærra en ástæða þótti til. Vitamálastjórinn hefir skýrt stjórnarráðinu frá, hverju þetta munar, og er niðurfærslan bygð á því.

IV. Allir þeir vitar, sem hjer ræðir um, áttu að vera bygðir fyrir árslok 1921, en það mun reynast ókleift. Hjer er því að eins um endurveitingar að ræða, en vitaskuld hefir orðið að færa kostnaðaráætlanirnar mjög mikið upp.

V. Fjárveitingin til sjómerkja er færð upp um 2000 kr., eftir tillögum vitamálastjóra.

VI. Þessi liður er einnig hækkaður töluvert, sökum hækkaðs verðlags yfirleitt.

Um 14. gr.

A.

a. 1.—2. Launin tekin eftir launalögum, en skrifstofukostnaður áætlaður.

b. 1. Þegar allir prestar eru komnir undir nýju launalögin, fellur þessi liður niður. En enn þá er eigi svo og eru það þrír prestar, sem greiða á uppbót eftir lögunum frá 27. febr. 1880, sem sje presturinn á Siglufirði, í Vatnsfirði og Grenivík.

2. Byggingin á Sandfelli í Öræfum er samkvæmt lýsingu biskups svo aum, að ekki er við hana búandi, og hefir prestur á orði að sækja burtu, ef hann fái ekki þann styrk, sem hjer er ráðgerður. Það þykir því eigi fært annað en að veita umbeðinn styrk í þessu skyni.

3. Presturinn í Saurbæ í Eyjafirði hefir bætt nokkuð við bygginguna þar og fer nú fram á að fá hina framlögðu fjárhæð úr ríkissjóði, og sýnist naumast verða hjá því komist eftir atvikum, en með þeim skilmálum,

sem nánar eru tilgreindir í athugasemd við liðinn, og nær hún einnig til 2. liðar.

4. Þessi viðbót við eftirlaun fátækra presta og prestsekkna hefir ekki verið hækkuð síðan gildi peninga fjell, og ræður því af líkum, að fjárveitingin gerir langt frá sama gagn og áður. Hjer er því stungið upp á nokkurri hækkun, en ekki þykir fært að fara svo langt að bæta við þessa fjárveitingu í sama hlutfalli sem eftirlaun yfirleitt eru bætt.
5. Nú er sú breyting á orðin, eins og kunnugt er, að allir prestar taka laun sín úr Prestlaunasjóði, en í hann renna aftur bæði sóknargjöldin og eftirgjöld kirkjujarða og vextir kirkjujarðasjóðs, og kemur þetta því til frádráttar launanum.

Laun presta eru í ársbyrjun 1921 kr.: 555189,42, að meðtaldri uppbót eins og hún er það ár. Með 120 % uppbót munu þau því verða sem næst ... ... kr. 500000,00
en þar frá dregst:
a. Sóknartekjur, áætlaðar ... . kr. 85000
b. Tekjur Prestlaunasjóðs aðrar.. ... ... — 55000 — 140000,00
kr. 360000,00

6. Þessi liður er óbreyttur.
7. Sömuleiðis.

B.

I. a. Launin tekin eftir launalögum með uppbót.
b. 1.—2. Liðirnir óbreyttir.
3. Fyrirsögn liðsins er breytt eftir ósk háskólaráðsins og uppbót sett á liðinn eftir reglum launalaganna samkvæmt meðmælum fjárveitinganefndar.
c. 1.—2. Liðirnir óbreyttir, þar sem ekki telst fært eftir ástæðum að hækka námsstyrk eða húsaleigustyrk hvorki háskólans nje annara skóla.
d. Liðurinn óbreyttur, nema 200 kr. feldar niður, sem áður hafa verið veittar til umbúða við ókeypis klinik. Þetta er gert eftir tillögum háskólaráðsins.
e. Liðurinn óbreyttur.
f. Þessi liður er hækkaður ákaflega mikið, enda hefir hann hingað til verið áætlaður alt of lágur. Ljós og hiti nam 1919 um 11400 kr., og er ræsting þar eigi meðtalin, svo að 11000 kr. er alls ekki of há áætlun, þótt gengið sje út frá nokkurri lækkun á kolaverði.
g 1. a—b. Óbreytt að öðru leyti en því, að dýrtíðaruppbót ritara er hækkuð í 100 %.
2. a—b. Óbreytt.
3. Óbreytt.
4. Reynslan hefir sýnt, að þessi liður hefir verið áætlaður alt of lágt. Liðurinn var yfir 6000 kr. 1919, svo að 5000 kr. er síst of hátt, þótt nokkur verðlækkun kunni að verða.

II. Liðurinn er óbreyttur.

III. a. Liðurinn er tekinn eftir launalögum.
b. 1.— 2. Óbreytt.
c. 1.– 13. Allir þessir liðir eru óbreyttir, að undanskildum 3. liðnum, sem hefir sýnt sig að vera alt of lágt áætlaður áður. Má eigi áætla hann minna en 7000 kr., því að hann var 7500 kr. freklega 1919 og ræsting þó eigi talin með.

IV. a. Launin tekin eftir launalögum.
b. 1. Borgunina til aukakennaranna verður að hækka stórum, því að ómögulegt hefir reynst að halda kennurunum nema hækka mikið borgunina. Einum aukakennaranum eru gerðar 1800 kr., öðrum 2000 kr. og þriðja 3600 kr.

Hinir liðirnir til skólans eru óbreyttir, nema liðurinn til ljósa og hita og ýmsra útgjalda eru hækkaðir sem næst því, er ætla má að þeir verði, eftir reikningi skólans 1919, og í von um nokkra verðlækkun.

V. a. Launin tilfærð samkvæmt launalögum með uppbót.
V. b. 1., 4. og 5. liður er óbreyttur, en hinir 3 hækkaðir, 2. og 6. eftir því sem ætla má að hæfilegt sje eftir kostnaðinum 1919 og 3. liðurinn um 200 kr. vegna hækkunar á verði bóka og áhalda.

VI. a. Sama athugasemd um launin og annarsstaðar í frv.
b. Liðurinn til tímakenslu er lækkaður lítið eitt vegna þess að nýr fastur kennari hefir verið skipaður við skólann. Báðir hinir liðirnir eru hækkaðir til muna með hliðsjón af undanfarinni reynslu.

VII. a. Sama aths. um launin og annarsstaðar í frv. Við skólann eru nú 3 fastir kennarar.
b. 1. Húsnæði og ræsting er tekið eftir tillögum skólastjóra.
2. Er fært lítið eitt niður í von um lækkandi kolaverð.
3. Ýmiss kostnaður, þar með talið prófhald, er áætlað 1000 kr.
4. Launalögin ætla skólastjóra ókeypis húsnæði, ljós og hita, en með því að enginn bústaður er til handa honum, verður að greiða þetta sjerstaklega, og eru engar líkur á, að komist verði af með minni fjárhæð en hjer er ráðgert.

VIII. 1. a. Við Hólaskóla eru nú 3 fastir kennarar og launin talin eftir launalögum.
b. Aukakennarinn á að kenna smíði, teikning og leikfimi, og fá fyrir það 2000 kr. án uppbótar.
c. 1. Liðurinn óbreyttur.
2. Skólastjóri fer fram á hækkun á liðnum til kensluáhalda, en stjórnin sjer sjer ekki fært að hækka hann nema um 100 kr.
3. Eldiviður og ljós verður skólanum ákaflega dýrt vegna flutningskostnaðar, og engan veginn er víst, að hin áætlaða fjárhæð nægi. Með hliðsjón af þessum mikla kostnaði er athugasemdin sett á eftir fjárveitingunum til skólans, um raforkuveitu, en eigi þykir fært að taka beinlínis upp fjárveitingu í þessu skyni, vegna vantandi rannsóknar og áætlunar um kostnaðinn.
4. Eftir því, sem skólastjóra segist frá, þarf mikilla aðgerða við á Hólum, og er því auðsætt, að þessi fjárhæð nægir ekki, enda er svo að sjá sem nauðsynlegt sje að bæta úr ýmsu þegar 1921, og

verður það þá að gerast af aukafjárveitingu. En vegna þess, hve tillögur skólastjóra komu seint, var eigi auðið að taka þetta upp í fjáraukalagafrv. stjórnarinnar. Sennilega mun því hlutaðeigandi ráðherra gera gangskör að því að fá bætt við fjárveitingu til aðgerða í fjáraukalagafrv.

VIII. 2. a. Kennararnir á Hvanneyri eru 3.
b. Liðinn hefir orðið að hækka um helming, eða í svipuðu hlutfalli og önnur laun.
c. 1.—2. Liðirnir óbreyttir.
3. Áætlun skólastjóra er lækkuð um 1000 kr., vegna útlits fyrir lækkandi kolaverð.
4. Er tekið eftir tillögum skólastjóra.

VIII. 3. a. Launin eru handa 3 kennurum.
b. Liðurinn lækkar, vegna þess að gert er ráð fyrir 3 kennurum.
c. 1.—3. Þessir liðir eru settir sem næst tillögum skólastjóra. Liðurinn til hita og ljósa er þó færður talsvert niður eins og annarsstaðar.

IX. a.—d. Þessir liðir eru óbreyttir. Iðnskólinn hjer hefir að sönnu farið fram á mikla hækkun, en eigi hefir virst fært að verða við þeirri beiðni.

X. a.—b. Liðirnir óbreyttir.

XI. 1. Laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans hafa verið óbreytt síðan fyrir stríðið. Nú hefir hann farið fram á hækkun, og sýnist eigi fært að neita um það.
2. Þóknunin til yfirsetukvenna hefir aftur á móti verið hækkuð nýlega, og þykir því eigi fært að gera það nú.
3. Tillögur landlæknis um þennan styrk hafa verið færðar lítið eitt niður, í von um, að 1922 þurfi námsmeyjarnar ekki alveg eins háan styrk og 1920.
4. Liðurinn er tekinn eftir tillögum landlæknis.

XII. Áður en kvennaskólinn í Rvík byrjaði síðastliðið haust kom stjórnarnefnd skólans að máli við landsstjórnina og tjáði henni, að skólinn mundi ekki geta starfað með hinum veitta styrk. Stjórninni þótti ófært, að skólinn starfaði ekki, og bætti því við fjárveitinguna. Svipað mun sennilega verða 1922, og er því stungið upp á mikilli hækkun til skólans, og þá mun hið sama verða að ganga yfir Blönduósskólann, enda eru þetta einu kvennaskólarnir, sem styrktir eru hjer á landi.

XIII. 1. Þessi mikla fjárhæð er sem næst því, er ætla má, að gjalda þurfi til barnakennara 1922, samkvæmt hinum nýju barnakennaralögum. Nákvæmlega er ekki unt að reikna þetta, en miklu getur eigi munað. Árið 1920 bar ríkissjóði þannig að greiða rúmlega 420000 kr. til kennara við fasta skóla, en þar við bætast kennarar í 170 fræðsluhjeruðum, og má búast við 500 600 kr. í hverju hjeraði. Aftur er búist við nokkru lægri dýrtíðaruppbót 1922 en 1921.
2. Þessi liður er áætlaður eins og nú. Vitanlega þyrfti hann að vera hærri, en það þykir ekki gerlegt vegna efnahagsins.
3. Liðurinn óbreyttur.
4.—6. Sömuleiðis.
7. Launin lögákveðin.

XIV. a.—c. Liðirnir óbreyttir.

XV. Óbreytt.

XVI. Þessi liður hefir ætíð verið áætlaður alt of lágt og er því stórum hækkaður nú. Við skólann eru 2 kennarar, og laun þeirra nema samkvæmt launalögum kr. 7260 með uppbót, svo að það er ekki of í lagt að ætla freklega annað eins til annara gjalda, því fremur sem reynslan sýnir, að mjög fáir aðstandendur geta borgað með börnum sínum.

XVII. Liðurinn óbreyttur.

XVIII. a.—d. Þessir liðir eru óbreyttir að öðru leyti en því, að þóknunin til Páls Erlingssonar hefir verið hækkuð um 300 kr. og þóknunin til I. Guðbrandsdóttur lækkuð um 300 kr., þar sem hún hefir nú vel launaða stöðu hjá því opinbera sem barnakennari í Reykjavík, og ætti því að vilja gegna þessu starfi fyrir væga borgun.

XIX. Liðurinn óbreyttur.

Um 15. gr.

1. a. Launin tekin eftir launalögum.
   b. Liðurinn óbreyttur.
   c. Sömuleiðis.
   d. Liðurinn er hækkaður um 2000 kr. Landsbókavörður hefir farið fram á miklu meiri hækkun en við þetta virðist verða að sitja í þetta sinn.
   e. Liðurinn óbreyttur.
   f. Sömuleiðis.
   g. Þessi liður er hækkaður úr 180 kr. eftir beiðni landsbókavarðar.
   h. Liðurinn er óbreyttur.
2. a. Launin talin samkvæmt launalögum.
   b.—d. Liðirnir óbreyttir.
3. a. Launin eru lögákveðin.
   b. Aðstoðarfjeð er fært niður í 1200 vegna þess, að sá tími er styttur, sem safnið skal vera opið. Er tíminn styttur eftir till. þjóðmenjavarðar.
   c.—f. Liðirnir eru óbreyttir.

   Feld hefir verið niður fjárveiting til að semja skýrslu um safnið, vegna þess að ætla má að fornmenjavörður hafi nægan tíma til þess og engi ástæða til að borga honum sjerstaklega fyrir þetta verk, þar sem hann er nú launaður eins og æðstu embættismenn ríkisins.

   Þá hefir og verið feld niður fjárveiting til Þingvalla, því að breytingar þær geta vissulega beðið.
4. Liðurinn er óbreyttur.
5. Fjárveitingarnar til Landsbókasafnshússins hafa mörg undanfarin ár verið mikils til of lágar. Hiti og ljós kostaði um 23000 1919, svo að eigi er of í lagt að áætla þennan lið 18000. Svipað er að segja um b-liðinn, og er hann því meira en tvöfaldaður.
6.—7. Liðirnir óbreyttir.
8. Þessi liður er færður niður í 2000 kr. eins og hann var áður, því að naumast er rjett að flýta prentun bóka eins og nú er.
9.—11. Liðirnir óbreyttir.
12. Þessi liður er tvöfaldaður vegna þess, að Danir greiddu áður 800 kr. til

útgáfu safnsins, en sú greiðsla er nú fallin niður, og er þá um tvent að gera, að hækka styrkinn sem því svarar, eða eiga á hættu, að útgáfan falli niður. Þótti rjettara að taka hinn fyrri kostinn.

13.—19. Liðirnir eru óbreyttir.

20. Styrkurinn til Sigfúsar Einarssonar er færður niður í 1200 kr., þar sem hann er nú kennari við barnaskóla Reykjavíkur með sæmilegum launum. Hins vegar er bætt við athugasemd, um að stjórninni verði heimilað að ráða hann í þjónustu þess opinbera með launum eins og kennarar mentaskólans hafa, með það fyrir augum, að hann kenni þá söng við mentaskólann, kennaraskólann og ef til vill víðar, þannig að tímafjöldi hans verði þá eins og reglulegra kennara.

21. Það þykir eigi fært eins og nú er háttað fjárhagnum að leggja meira fram til að vinna að orðabókinni en sem svarar sæmilegum launum eins manns, og er þá rjettast að hafa einn mann við starfið óskiftan. Einn þeirra sem að starfinu hefir unnið hefir nú og verið settur í embætti, svo að hann getur eigi starfað áfram að orðabókinni. Aftur á móti sýnist sjálfsagt að launa þessum eina manni til muna betur en núgildandi fjárlög gera ráð fyrir.

22.—23. Liðirnir eru óbreyttir.

24. Þessi liður er lækkaður um helming með tilliti til að dr. Helgi Jónsson er nú orðinn kennari við kennaraskólann og getur því eigi talist hafa svo mikinn tíma afgangs sem áður til umræddra rannsókna.

25. Liðurinn er óbreyttur.

26. Liðurinn er lækkaður úr 1800 kr. í 1200 kr.

27. Liðurinn er lækkaður úr 1200 kr. í 800 kr.

28.—33. Liðirnir óbreyttir.

34. Þangað til sambandslögin öðluðust gildi, hvíldi ekki á oss önnur kvöð út af veðurskeytum og veðurathugunum en að senda veðurskeyti til Meteorologisk Institut. En eftir að Ísland er viðurkent fullvalda ríki nægir þetta ekki, heldur verðum vjer að vinna úr hinum innlendu skeytum og þetta eykur mjög kostnaðinn. Forstöðumaður mælitækja og vogaráhaldaskrifstofunnar hefir og á hendi umsjón veðurathugananna gegn 1600 kr. þóknun á ári með uppbót eftir 33. gr. launalaganna. Auk þess hefir hann aðstoðarmann með 2600 kr. launum og samskonar uppbót og enn fremur 2 skrifstofumenn með samtals 6500 kr. launum. Kveðst hann alls ekki komast af með minna.

1.	Til launa fara því með 120% uppbót	kr.:	15740,00
2.	Til veðursímskeyta, sem að vísu er ekki nema að litlu leyti útborgað fje	—	15000,00
3.	Þóknun til veðurathugunarmanna úti um land	—	4500,00
4.	Ársskýrsla (sem hvert ríki verður að gefa)	—	4000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu og áhöld:		
	a. Húsaleiga, ljós, hiti ... ... kr.: 2760,00		
	b. Viðhald áhalda ... ... — 1500,00		
	c. Ritföng, bækur og eftirlitsferðir... ... ... — 1500,00		
		—	5760,00
		kr.:	45000,00

Þessi áætlun er gerð í samráði við forstöðumanninn og telur hann ómögulegt að komast af með minna.

35.—39. Liðirnir óbreyttir.

40. Liðurinn er óbreyttur að öðru leyti en því að athugasemd er hnýtt við, sem virðist sjálfsögð.

41. Lögfræðingar og hagfræðingar hafa myndað með sjer fjelag, meðal annars í þeim tilgangi að gefa út tímarit, en treystast eigi að gera það styrklaust svo dýr sem prentun er nú, og hafa þeir því farið fram á 1000 kr. styrk í þessu skyni. Með því að mikil nauðsyn er á riti sem þessu, hefir þótt rjett að verða við þessari beiðni.

42. Húsið yfir listaverk Einars Jónssonar má nú heita fullgert, en að sjálfsögðu þarf það viðhald, upphitun og lýsingu, og mun ekki veita af 8000 kr. í þessu skyni. Ekki er ætlast til að neitt af þessu fje renni til Einars Jónssonar, að öðru leyti en því, að hann hafi ókeypis húsnæði þar og sennilega ljós og hita. Hins vegar er ekki ólíklegt, að hann fái eitthvað af því fje, sem er ætlað listamönnum.

Um 16. gr.

1. Fjárveiting þessi er svipuð því sem hún er eftir gildandi fjárlögum, þegar með er talin uppbót sú, er aukaþingið 1920 veitti. Formaður fjel. hefir farið fram á nokkru hærri fjárhæð, en stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að stinga upp á hærri fjárhæð en 200 þús. kr. og það þó þannig, að hin gamla fjárveiting til búnaðarfjelaga falli niður.
2. Liðurinn er óbreyttur, en athugasemdinni vikið lítið eitt við.
3. Liðurinn svipaður og í gildandi fjárlögum að öðru leyti en því, að uppbót á launin er hjer talin með.
4. Liðurinn er óbreyttur nema að því leyti, að laun skógræktarstjóra og skógarvarða eru tekin eftir launalögum með uppbót.
5. Landmælingarnar eru ákaflega dýrar, en ekki þykir fært annað en halda þeim áfram.
6. Laun dýralækna eru lögákveðin og styrknum til Hólmgeirs Jenssonar og til dýralæknisnema er haldið eins og í gildandi fjárlögum.
7. Liðurinn er óbreyttur.
8. Það er gert ráð fyrir, að bráðlega muni fást maður, er taki að sjer forstöðu efnarannsóknarstofunnar. Eru laun hans hækkuð nokkuð og aðrar fjárveitingar til rannsóknarstofunnar settar þannig, að þær komi sem næst hinu sanna. Þær eru nú alt of lágar.
9. Mjög víða á landinu er að vakna áhugi fyrir raforkunotkun og víða koma beiðnir að um rannsóknir í þeim efnum. Þennan áhuga er vert að styðja, og er full ástæða til að hið opinbera taki þátt í kostnaði sem af slíkum rannsóknum leiðir. Það hefir því þótt full ástæða til að taka upp fjárveitingu í þessu skyni, stjórninni til umráða.
10. Liðurinn er óbreyttur.
11. Liðurinn er lögákveðinn.
12. Fjárveiting þessi er lækkuð um 10000 kr. vegna þess að fjelagið er losað við skylduna til að senda mann í fiskierindum til útlanda. Kostnaðurinn við þessa sendiför er vitaskuld meiri en mismuni þessum nemur, en á móti

kemur það, að ekki er gert ráð fyrir, að dýrtíðaruppbót sje greidd eins og nú er ákveðið

13. Hjer er safnað saman í einn lið launum allra yfirmatsmanna eins og þau eru ákveðin í lögum. Laun ullarmatsmanna hefir þó orðið að tvöfalda, þar sem dýrtíðaruppbót er eigi ætluð þeim. Hið sama er um kjötmatsmenn.

Það hefir ekki þótt fært að ákveða ferðakostnað hverrar einstakrar tegundar matsmanna fyrir sig og er því sett áætlunarupphæð í einu lagi svo há, að hún væntanlega er nægileg.

14. Liður þessi er óbreyttur, að eins tekinn undan efnarannsóknarstofunni, þar sem búist er við að nýr maður taki við forstöðu hennar.
15. Upphæð liðsins óbreytt.
16. Liðurinn færður lítið eitt upp með hliðsjón af vaxandi starfi við skrásetning vörumerkja.
17.—18. Óbreyttir liðir.
19. Í Fornahvammi urðu ábúandaskifti síðastliðið vor, og er hinn nýi ábúandi ekki fáanlegur til að skuldbinda sig til að hýsa gesti eða selja þeim beina með minna en 1000 kr. styrk á ári.
20. Óbreyttur liður.
21. Ábúanda Bakkasels hefir áður verið veittur styrkur til gistihúshalds, en svo lagðist selið í eyði svo að styrkurinn fjell niður. Nú er þar komin bygð aftur og hefir ábúandinn farið fram á styrk til gistihúshalds þar. Með því að nauðsyn er á að ferðamenn geti átt kost á náttstað undir Öxnadalsheiði, er stungið upp á 1000 kr. fjárveitingu til þessa.
22. Helgi H. Eiríksson hefir verið ráðinn í þjónustu ríkissjóðs sem námufræðingur með launum sem aðstoðarverkfræðingur, alt að áskildu samþykki Alþingis. Er gert ráð fyrir, að hann sjái um rekstur Helgustaðanámunnar og selji silfurbergið. Líklegt þykir að hann á þennan hátt endurgreiði ríkissjóði laun sín, því að vitanlegt er, að ýmsir, sem námuna hafa leigt, hafa grætt á því, og nú er silfurbergsekla í heiminum, þar sem náman hefir ekki verið rekin í nokkur ár. Auk þessa á Helgi að geta haft á hendi ýmsar rannsóknir, sem að haldi mega koma.
23. Liðurinn hækkaður í 22000 kr., þar sem það hefur sýnt sig að 20000 kr. er ekki nóg.
24. Liðurinn er lögákveðinn.
25. Launin eru lögákveðin. Ferðakostnaður áætlaður eins og nú.
26. Reynslan hefir sýnt, að fjárveiting þessi hefir komið að hinum bestu notum, en nauðsyn á nokkru framhaldi á verkinu, og eftir því sem hin svonefnda »Eyri« er lengd meira fram, eftir því gerir brim minni usla á lóðum kauptúnsins og eftir því er kyrrara á höfninni.
27. Liðurinn er óbreyttur.
28. Það ber harla oft við, að íslenskir sjómenn verða þurfandi eða að minsta kosti atvinnulausir erlendis og borgaði ríkissjóður Dana kostnað af heimsending þeirra þangað til sambandslögin nýju komu í gildi, en síðan hefir þeim mest verið hjálpað með góðgerðasemi Íslendinga í Kaupmannahöfn, þegar þeir hafa þurft á að halda. Venjulega þurfa þeir ekki nema litla hjálp og geta oft endurgreitt hana, en það er talin skylda hvers ríkis að veita slíka

hjálp. Fyrir þessar sakir er gert ráð fyrir 500 kr. fjárveitingu í þessu skyni, en vitanlega er þetta að eins lausleg áætlun.

29. Laun húsagerðarmeistara eru ákveðin í launalögum.

30. Sigurður hreppstjóri Ólafsson á Hellulandi í Skagafirði hefir fyrir alllöngu fundið upp verkfæri, er hann kallar »rakstrarkonu«, en það er verkfæri, sem fest er við grasljá og rakar úr skáranum um leið og slegið er. Verkfæri þetta mun nú vera kunnugt orðið víðast um land og þykir gefast mjög vel og spara mikla vinnu, einkum á blautri jörð og sljettri. Maður þessi, sem er annars alkunnur hugvitsmaður, hefir ekki fengið neina opinbera viðurkenningu fyrir þessa uppfundningu að því undanskildu, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu mun fyrir löngu hafa veitt honum örlitla upphæð í viðurkenningarskyni. Það þykir því vel til fallið, að ríkið sýni einnig nokkra viðurkenningu.

Um 17. gr.

Fjárveitingin er hækkuð úr 3100 kr. í 4000 kr., en vitaskuld er að eins um áætlun að ræða.

Um 18. gr.

Skrá fylgir um eftirlaun þau, er ræðir um í I, a.—d.

Að öðru leyti skal þess getið um gr. þessa, að stjórnin hefir bætt við þeim, er hjer segir:

1. Sigurði Jónssyni fyrv. ráðherra með 3000 kr.
2. Stefáni M. Jónssyni presti frá Auðkúlu með kr. 325,00. Hann hefir sagt af sjer frá fardögum 1921 og er orðinn farinn að heilsu og efnalítill. Hin lögmæltu eftirlaun hans eru kr. 675,00, enda hefir hann verið mjög lengi prestur. Þessar kr. 325,00 eru því hugsaðar sem viðbót við hin lögmæltu eftirlaun, og þykir hann vel að henni kominn, með tilliti til, að hann hefir bætt ábýlisjörð sína mikið og hefir nýlega bygt vandað íbúðarhús úr steini á jörðinni og lagt í það mikið fje, sem hann nú tapar og verður eign hins opinbera.
3. Biskup hefir farið þess á leit, að ekkju Böðvars prests Eyjólfssonar í Árnesi verði veitt nokkur eftirlaun. Stjórninni hefir þótt rjett að verða við þessu. Hún heitir Steinunn Pjetursdóttir.
4. Ekkju Matthíasar Jochumssonar eru ætlaðar 1200 kr., með hliðsjón af, að það eru hæstu ekkjueftirlaun, samkvæmt þeim lögum, sem hjer hafa gilt í því efni. Þykir skylt að sýna ekkju skáldsins þessa viðurkenningu.

Um 19. gr.

Til óvissra gjalda hefir ætíð verið áætlað alt of lítið, og er því stungið upp á, að þessi fjárveiting sje færð úr 20000 kr. í 100000 kr.

Um 20. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 21. gr.

Það er gert ráð fyrir, að vextir af viðlagasjóðslánum verði fyrst um sinn 6^0 o, og hefir sú regla þegar verið tekin upp.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um greinina.

Um 22.–23. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Skrá

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1920.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbr. og Kjósarsýslu (konungsúrskurður $^{12}/_{6}$ 1899)	1601,40	
2. Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði (konungsúrskurður $^{19}/_{4}$ 1906)	1133,33	
3. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
4. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
6. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
7. Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
8. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
9. Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði (konungsúrskurður $^{26}/_{5}$ 1914) ... ... —	1000,00	
10. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)	1000,00	
11. Hannes Hafstein, ráðherra (konungsúrskurður $^{21}/_{7}$ 1914	5333,33	
12. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
13. Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915)	875,00	
14. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)	2571,35	
15. Klemens Jónsson, landritari (konungsúrskurður $^{4}/_{1}$ 1917)	4000,00	
16. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{2}/_{8}$ 1914)	1266,67	
		28762,09
Flyt ...	... ...	28762,09

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	28762,09
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá 1/12 1873	197,00	
2. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875	529,16	
3. Elinborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá 1/2 1886	919,17	
4. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
5. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/10 1891	750,00	
6. Ragnheiður Guðjóhnsen, ekkja Einars Guðjóhnsen hjeraðslæknis í 13. læknishjeraði, frá 1/8 1891	187.50	
7. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,09	
8. Þórhildur Tómasdóttir, ekkja eftir Helga Hálfdánarson forstöðumann prestaskólans, frá 1/2 1894	575,00	
9. Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnsen sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1/5 1894	412,59	
10. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði frá 1/5 1894	305,00	
11. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu frá 1/11 1895	430,80	
12. Elisabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar, frá 1/6 1896	187,50	
13. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1/1 1905 ... ... kr. 625,00		
Samkvæmt konungsúrskurði 21/3 1905, handa dóttur hennar Þórdísi til fullra 18 ára, f. 1/4 1904 ... . — 100,00		
	725,00	
14. Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1/4 1906	187,50	
15. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
16. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
17. Eline Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
18. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910 kr. 150,00		
Flyt .. kr. 150,00		
Flyt ...	7195,68	28762,09

		kr.	kr.
	Flutt ...	7195,68	28762,09
	Flutt ... kr. 150,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 4/4 1911, handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 16 ára:		
	1. Ragnhildi f. 14/7 1907 ... ... — 80,00		
	2. Jóni Baldri f. 15/6 1909 ... ... — 80,00		
		310,00	
19.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910 kr. 212,50		
	Samkvæmt konungsúrskurði 21/3 1911, handa syni hennar, þar til hann er fullra 16 ára:		
	Páli f. 25/8 1905 ... ... — 80,00		
		292,50	
20.	Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassen landlæknis, frá 1/12 1910	539,17	
21.	Elísabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónssonar ráðherra, frá 1/12 1912	600,00	
22.	Oliva Maria Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar sýslumanns, frá 1/9 1913	560,83	
23.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915...	750,00	
24.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915...	500,00	
25.	Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916 ... ... kr. 535,17		
	Samkvæmt konungsúrskurði 3/8 1916, handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára:		
	1. Sverri f. 15/7 1904 ... ... — 100,00		
	2. Maríu Kristínu f. 12/9 1906 ... ... — 100,00		
		735,17	
26.	Elín, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1200,00	
27.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917...	321,53	
28.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara sr. Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
29.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919 ... ... kr. 350,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 12/2 1919,		
	Flyt ... kr. 350,00		
	Flyt ...	13204,88	28762,09

		kr.	kr.
	Flutt ...	13204,88	28762,09
	Flutt ... kr. 350,00		
	handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára:		
	1. Stefáni f. 11/7 1904 ... ... — 100,00		
	2. Dagmar Camillu Þorbjörgu f. 21/7 1905 ... ... -- 100,00		
		550,00	
30.	Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sig. Sigurðssonar hjeraðslæknis í Dalahjeraði	187,50	
31.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals, hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
32.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/3 1920 ... ... kr. 340,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 12/11 1920, handa 3 börnum hennar, þar til þau eru fullra 16 ára:		
	1. Þórunni f. 99. sept. 1905 .. .. — 100,00		
	2. Þorvaldi f. 20. mars 1907. ... ... — 100,00		
	3. Jóni Þórði f. 15. jan. 1913 . . ... — 100,00		
		640,00	
33.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara.	360,00	
			15129,88
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900	208,65	
2.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
3.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904...	230,00	
4.	Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fardögum 1906	477,73	
			1321,66
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Í Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað...	100.00	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170.00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
6.	Camilla S. Briem frá Hruna	129.43	
7.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
8.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
	Flyt ...	914,06	45213,63

		kr.	kr.
	Flutt ...	914,06	45213,63
9.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
13.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað...	158,95	
14.	Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum...	31,81	
15.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100.00	
16.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri...	101,55	
17.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
18.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
19.	Kristín Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	136,39	
20.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað...	118,43	
21.	Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	117,25	
22.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139.86	
23.	Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	117,25	
24.	Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum...	149,20	
25.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
26.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
27,	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
28.	Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað...	23,43	
29.	Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
30.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
31.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
32.	Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	100,00	
33.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík...	104,16	
34.	Þórey Bjarnadóttir Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
35.	Þórunn S. Pjetursdóttir frá Eydölum	204,48	
36.	Þuríður Kjartansdóttir frá Hofi í Vopnafirði	297,30	
			4800,40
	Samtals ...	... ...	50014,03

42. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi 1921.)

I. 2. gr. hljóði svo:

Úr hverri sókn á landinu greiðist árlega í ríkissjóð prestsgjald, er ekki nemur minni upphæð en svarar 3 kr. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

Helmingur gjaldsins greiðist sem persónugjald jafnt fyrir alla, en hinn helmingurinn sem niðurjöfnunargjald eftir efnum og ástæðum, er miðast við aukaútsvar hlutaðeiganda. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir til prests og kirkju, eigi minna en svarar 4 kr. 50 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri, svo og þeir, sem ekki teljast til neins trúarbragðaflokks, sem viðurkendur er í ríkinu, enda greiði þeir til Háskóla Íslands gjöld þau, er þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

4. gr. hljóði svo:

Söknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti söknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok janúarmánaðar, ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, en prófastur sendir síðan ríkisfjehirði. Prófastur getur haldið söknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmanna, til að gera skil á tilteknum tíma.

II. 6. gr. 2. og 3. málsgrein hljóði svo:

Allan þann kostnað, sem hjer ræðir um, svo og kostnað við hitun kirkju, skal greiða úr sjóði kirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða söknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn. Í þeim söknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, svo og kostnaði við hitun kirkju, jafnað niður á þann hátt að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr. 1. og 2. málsgrein hljóði svo:

Úr hverri kirkjusókn greiðist árlega kirkjugjald til þarfa söknarkirkjunnar, er ekki nemur minni upphæð en svarar 1 kr. 50 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri. Helmingur gjaldsins greiðist sem persónugjald jafnt fyrir alla, en hinn helmingurinn sem niðurjöfnunargjald eftir efnum og ástæðum, er miðast við aukaútsvar hlutaðeiganda. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, sem fengið hefir konunglega staðfestingu, svo og þeir, sem ekki teljast til neins trúarbragðaflokks, sem viðurkendur er í landinu, þó með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefir biskupinn samið að tilhlutun ráðuneytisins og sent því með brjefi, dagsettu 22. janúar 1921.

Ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið í aðalatriðum og lætur sjer nægja að vísa til athugasemda biskupsins þarum, sem prentaðar eru hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir biskupsins.

Framkoma frumvarps þessa til breytingar á sóknargjaldalögunum frá 1909 er bein afleiðing þeirrar breytingar, sem orðið hefir á öllu verðmæti peninga síðan er þau lög voru sett.

Í stað hinna gömlu tekna af sóknunum (fasteignatíundar, lausafjártíundar, dagsverka, lambsfóðurs og offurs) var prestsgjaldið í sóknargjaldalögunum ákveðið sem persónugjald, að upphæð 1 kr. 50 a. á hvern sóknarmann, 15 ára eða eldri, og hefir það haldist óbreytt síðan, þótt öll önnur gjöld hafi verið hækkuð. En eins og tímarnir hafa breytst síðan er þessi lög voru sett, og ekki síst nú, eftir að laun presta hafa verið bætt með launalögunum frá 1919, ber fylstu nauðsyn til þess, að þetta gjald verði hækkað og ríkissjóði þann veg bættur upp sá útgjaldaauki, sem launabæturnar hafa haft í för með sjer.

Með þeirri hækkun prestsgjaldsins, sem hjer er farið fram á, mun láta nærri, að ríkissjóður fái endurgreitt það, er hann nú verður að greiða í föstum launum til prestastjettar landsins. Útgjöldin til prestastjettarinnar, þ. e. föstu launin, eins og þau eru ákveðin í launalögunum, nema nú samtals kr. 303,600,00. Með hækkun sóknargjaldanna til prests eins og hjer er farið fram á, yrðu tekjur ríkissjóðs af sóknunum (að frádregnum 6% innheimtulaunum) c. kr. 170,000,00
Þar við bætast svo heimatekjur presta, rúmar ..... — 50,000,00
og vextir af Kirkjujarðasjóði ..... — 40,000,00
eða samtals c. kr. 260,000,00

Samkvæmt þessu verður mismunurinn á tekjum og gjöldum um 43 þúsund krónur, en sú upphæð fer víst sama sem ekkert fram úr framlagi ríkissjóðs til Prestlaunasjóðs undanfarið, og hlýtur auk þess að fara minkandi með ári hverju, eftir því sem vextirnir af Kirkjujarðasjóði aukast. Hvað snertir kirkjugjöldin, þá er hjer farið fram á tilsvarandi hækkun þeirra, úr 75 aurum upp í 1 kr. 50 a. Hver nauðsyn er á hækkun kirkjugjaldsins, þarf ekki að taka fram. Eins víst og það er, að hag kirkna hefði verið vel borgið á þessum erfiðu tímum, ef kirkjurnar hefðu notið sinna gömlu tekna, sem lögákveðnar voru áður en sóknargjaldalögin voru sett, jafnvíst er hitt, að sóknargjöldin hafa víðast hvar ekki hrokkið fyrir nauðsynlegum útgjöldum, svo ekki að eins hefir orðið að grípa til hækkunar hins lögskipaða gjalds, heldur og víða orðið að grípa til sjóðseignar hlutaðeigandi kirkju í hinum Almenna kirkjusjóði, svo þvert á móti tilgangi sjóðsins, sem það er. Það mun þá líka vera orðin rjett almenn ósk innan safnaðanna, að kirkjugjaldið verði hækkað, svo ótvíræð reynsla sem fengin er fyrir því, að gjöldin hrökkvi ekki fyrir útgjöldum, enda hafa kirkjustjórninni borist úr ýmsum áttum óskir þar að lútandi, bæði frá Synódus, hjeraðsfundum og jafnvel safnaðarfundum.

Það nýmæli hefir verið tekið upp í frumvarpi þessu, að helmingur þessara hækkuðu gjalda greiðist sem persónugjald, en hinn helmingurinn sem niðurjöfnunargjald eftir efnum og ástæðum. Eins og kunnugt er, hefir sóknargjaldalögunum frá fyrstu verið það til forátttu fundið, að sá jöfnuður, sem þar væri gerður á gjöldunum til prests og kirkju, væri ranglátur, þar sem þar væri ekkert tillit haft til efna og ástæðna manna. Þessu verður ekki með rjettum rökum

hrundið, og því hefir þessi aðferð verið tekin upp hjer, að jafna helmingnum niður eftir efnum og ástæðum. Með þeim hætti verður gjaldhækkunin ekki til neinna tilfinnanlegra þyngsla þeim, er minna hafa gjaldþolið, og má því gera ráð fyrir, að með því verði komið í veg fyrir óánægju manna vegna gjaldhækkunarinnar, er hún lendir mestmegnis á þeim, er minst finna til hennar.

43. Frumvarp

til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar, og sendisveitarritari, er ráðherra skipar. Aðra starfsmenn, sem nauðsynlegir eru að dómi ráðherra, ræður sendiherra.

2. gr.

Laun sendiherra, húsaleiga, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

Stjórnin gefur út erindisbrjef handa sendiherranum og ákveður starfssvið hans.

4. gr.

Heimilt er sendiherra að krefjast borgunar fyrir störf sín, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. Borgun þessi rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi hefir þegar ákveðið að sendiherra skuli skipaður í Kaupmannahöfn, og hefir þessu boði verið fullnægt eins og kunnugt er. Jafnframt hefir skrifstofa sú, sem stjórnarráðið hefir haft í Kaupmannahöfn, verið lögð niður og sendiherrann tekið við störfum hennar, auk þess sem hann gegnir hinum venjulegu sendiherrastörfum. Það virðist því rjettast að lögfesta þetta fyrirkomulag, og það því fremur sem nauðsyn er á að hafa lagaákvæði um, að heimilt sje að gefa út gjaldskrá, er sendiherra fylgi, um þóknun fyrir störf

hans. Ætla má, að nokkuð fáist upp í skrifstofukostnað sendiherrans á þennan hátt, en hversu mikið er eigi unt að segja. Þau störf, sem hjer er einkum átt við, er útgáfa vegabrjefa, staðfesting eftirrita, ýmisleg störf í þágu skipa o. fl.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins virðist ekki þörf að gera athugasemdir.

44. Frumvarp

til laga um seðlaútgáfurjett o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Til 31. mars 1923 skal seðlaútgáfu í ríkinu hagað þannig: Ríkissjóður gefur út og lánar Landsbankanum 3 milj. kr. í seðlum, en Íslandsbanki gefur út það, sem þar þarf umfram til viðskifta, svo sem landsstjórn, að fengnum tillögum Landsbankans, telur hæfilegt.

2. gr.

Seðlar ríkissjóðs, sem í 1. gr. getur, skulu tryggðir á sama hátt og seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkvæmt lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og hafa sama rjett að öllu leyti. Landsbankinn greiðir ríkissjóði eftir á við hver áramót 2% af þeim 3 milj. kr., er um getur í 1. gr., talið frá 1. júlí 1921. Gjald til Byggingarsjóðs fellur burtu. Um gerð seðlanna, prentunarkostnað þeirra og annað, sem að þeim lýtur, fer eftir gildandi fyrirmælum.

3. gr.

Ef þörf er á, getur stjórnarráðið gefið nánari fyrirmæli um seðlaskifti þau, er ræðir um í 1. gr., og eru báðir bankarnir skyldir að hlíta þeim fyrirmælum.

4. gr.

Leyfistími Íslandsbanka er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. mars 1923 og til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig að sem næst jafnhá tjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu. Ef ágreiningur rís um þetta milli bankanna, sker stjórnarráðið úr, svo að bindandi er fyrir þá.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til Landsbankans, er þá gefur út seðla eins og viðskiftaþörfin krefur, eftir lagafyrirmælum, sem sett skulu fyrir 31. mars 1923.

5. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja Landsbankanum með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann áður hafi boðið hann til kaups með áður nefndu verði og Landsbankinn neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að Landsbankinn geti eigi fengið hann, ef hann þarf hans til tryggingar seðlum sínum.

6. gr.

Ákvæðin í lögum nr. 66, 10. maí 1905, um gjald Íslandsbanka til ríkissjóðs, haldast óbreytt, en önnur gjaldaákvæði falla niður.

7. gr.

Allir þeir seðlar Íslandsbanka, sem í umferð eru á hverjum tíma, skulu trygðir með málmforða samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

8. gr.

Íslandsbanka er heimilt að auka hlutafje sitt um alt að 100%. Ef um meiri aukning er að ræða, þarf til þess samþykki stjórnarráðsins.

9. gr.

Íslandsbanki er skyldur til, meðan hann hefir meiri hluta seðlaútgáfunnar og seðlar hans eru óinnleysanlegir með gulli, að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, eftir því, sem innieign hans þar leyfir.

10. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

11. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

12. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hefir Íslandsbanki nú einkarjett til að gefa út peningaseðla hjer á landi, þó þannig að ríkissjóður má gefa út $^3/_4$ milj. kr., er hann hefir lánað Landsbankanum. En þessi rjettur Íslandsbanka er einnig takmarkaður þannig, að bankinn má eigi gefa út án sjerstaks leyfis nema $2^1/_2$ milj. kr., svo að einkarjettur hans er nú, eftir að seðlaútgáfan er komin upp úr $3^1/_4$ milj. kr., í raun og veru aðeins hindrunarrjettur. Úr þessu hefir verið bætt á síðustu árum með því að veita Íslandsbanka leyfi til skamms tíma í senn til þess að gefa út þá seðla, sem viðskiftaþörfin krefur, en þetta fyrirkomulag er óhagkvæmt að ýmsu leyti, enda fól Alþingi 1917 stjórninni að leita samkomulags um þetta mál, og það gerði stjórnin. Lagði hún fyrir Alþingi 1919 frumvörp um skipun þessara mála, en þau frv. náðu eigi samþykki Alþingis, og í þess stað voru enn samþykt lög um að heimila Íslandsbanka aukna seðlaútgáfu, er einungis gilda til 1. maí 1921. Fyrir þann tíma verður því að skipa þessum málum á einhvern veg, og þess vegna hefir stjórnin leitað samkomulags í þessu efni við báða bankana, og hefir það fyrirkomulag, er frv. ráðgerir, náð samþykki beggja bankanna í flestum aðalatriðum. Eins og nú stendur er Íslandsbanki bundinn svo miklum og margvíslegum viðskiftum við allan þorra landsmanna, að það verður að telja hina brýnustu nauðsyn, að hann geti starfað áfram og haft það lánstraust erlendis, sem unt er. Og eftir því sem næst verður komist í því efni, verður ekki fyrirkomulag frv. því til fyrirstöðu, að hann hafi sama lánstraust og áður en hann komst í kreppu þá, sem hann hefir verið í um hríð.

Grundvallarhugsun þessa frv. er sú, að Íslandsbanki gefur eftir seðlaútgáfurjett sinn allan, en þessi rjettur hverfur til Landsbankans smátt og smátt. Með þessu fyrirkomulagi verður breytingarinnar tiltölulega lítið vart í viðskiftalífinu, og er það útaf fyrir sig töluverður kostur.

Um hinar einstöku gr. frv. er þess að geta, sem hjer segir.

Um 1. gr.

Ástæðan til þess, að það ráð er upp tekið að auka seðlaútgáfu ríkissjóðs og lána Landsbankanum seðlana, er sú, að nauðsynlegt er að auka veltufje Landsbankans sem allra fyrst, en þetta hefði hlotið að dragast, ef bíða hefði átt eftir annars konar seðlum. Af þeim seðlum, sem nú eru notaðir, mun vera nægilegt til þangað til 1923, en það mundi taka hjer um bil 1 ár að útvega nýja seðla.

Veltufjáraukning sú, sem Landsbankinn fær með þessu, er 2¼ milj. kr., því að seðlar þeir, sem hann nú hefir að láni frá ríkissjóði, eru 750000 kr.

Það getur ekki talist varhugavert á neinn hátt að gefa út nú 3 milj. kr. í ógulltrygðum seðlum, þegar athugað er, hversu mikið þarf með af seðlum til viðskifta, og ljóst er það, að ef forsvaranlegt hefir verið að gefa út á þennan hátt ½ milj. kr. 1885, þegar Landsbankinn átti ekkert til, er það forsvaranlegt að hækka þessa upphæð í 3 milj. kr. nú, er varasjóður bankans er orðinn á 4. milj. kr. Auk þess er og á það að líta, að þetta fyrirkomulag er ekki nema til bráðabirgða, og verður þetta mál því aftur tekið upp í síðasta lagi á Alþingi 1923.

Það sem með þarf af seðlum, auk nefndra 3. milj. kr., er ætlast til, að Íslandsbanki gefi út til 1923, og þá jafnframt að landsstjórnin hafi gát á þeirri seðlaútgáfu og geti kipt í taumana, svo að hún verði eigi umfram hæfi.

Um 2. gr.

Gefur ekki tilefni til frekari athugasemda en gerðar hafa verið við 1. gr. Þó má benda á, að gjaldið, sem hjer er ráðgert, er hið sama og bankinn nú greiðir fyrir seðla þá, er hann hefir að láni frá ríkissjóði.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru aðeins til vara og ólíklegt, að til þeirra þurfi að taka, en rjettara virðist samt að hafa þau.

Um 4. gr.

Því er hjer slegið föstu, hve nær leyfistími Íslandsbanka, sá er hann öðlaðist samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, sje á enda, til þess að útiloka efa um það. Á tímabilinu frá 31. mars 1923 og til þess er leyfistíminn er á enda dregur svo Íslandsbanki inn alla seðla sína og seðlaútgáfan færist í hendur Landsbankanum, en öll nánari fyrirmæli þar að lútandi bíða nýrra laga. Í þeim lögum verður að kveða á um, hver gefi út seðlana (Landsbankinn eða ríkissjóður), um trygging fyrir þeim, gerð þeirra, gjald af þeim o. fl. o. fl. Frv. í þessa átt verður að leggja fyrir Alþingi 1923 í síðasta lagi.

Um 5. gr.

Það þykir sjálfsagt, að þegar Landsbankinn tekur við meginhluta seðlaútgáfunnar, verði talið óhjákvæmilegt, að hann tryggi seðla sína með gulli. Það virðist því nauðsynlegt að tryggja honum nú þegar gull, og hefir það því verið í skilyrðum haft við Íslandsbanka, að hann láti Landsbankann hafa gull sitt fyrir nafnverð, jafnóðum og Íslandsbanki þarf þess ekki við til tryggingar seðlum sínum og vill losa sig við það, enda þarf þá Landsbankinn að sama skapi á því að halda. Þetta verður að teljast all-mikilvægt atriði, en þess ber hjer að geta, að nokkur hluti af gulli Íslandsbanka er fenginn hjá Þjóðbankanum danska með þeim skilyrðum, að það sje til tryggingar Íslandsbankaseðlum samkvæmt lögum, en þannig, að Íslandsbanki má ekki láta það af hendi við aðra en Þjóðbankann danska, nema sjerstakir samningar komi til. Nú er það auðsætt, að Íslandsbanki getur ekki framselt meiri rjett en hann hefur, og verður því Landsbankinn að ganga inn í þennan rjett til gullsins, og leita svo fyrir sína hönd

samninga við Þjóðbankann, ef það annars á þeim tíma, er til gulls þessa þarf að taka, þykir nauðsynlegt að fá einmitt það gull.

Um 6. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 7. gr.

Í þessari grein er það ákveðið, að allir seðlar bankans skuli hjer eftir trygðir með 37½% og tryggingunni komið fyrir samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

Um 8. gr.

Það er eðlilegt, að Íslandsbanki þurfi heimild til að auka hlutafje sitt, því að minkun seðlaútgáfunnar rýrir starfsfje hans. Og fyrir aukningunni eru settar hömlur, sem hljóta að teljast nægilegar, enda ýmsir, sem álíta hömlur í þessu efni óþarfar.

Um 9. gr.

Þessi grein er um yfirfærslur milli Íslands og Danmerkur, og er alveg eins og gildandi ákvæði þar að lútandi, að því undanskildu, að yfirfærsluskyldan til Kaupmannahafnar er nú bundin við, að Íslandsbanki eigi inni þar, en eftir gildandi ákvæðum er skyldan ótakmörkuð, og hefir það ákvæði valdið hinum mestu óþægindum og erfiðleikum.

Um 10. gr.

Í gildandi lagaákvæðum er ekkert um innköllun seðla Íslandsbanka, en sennilegt er, að bankinn geti kallað þá inn með hæfilegum fresti, ef breytt er um gerð þeirra. En rjett þykir að taka þetta fram beinlínis, bæði um hina eldri seðla hans (með mynd konungs) og hina yngri seðla, til þess að útiloka vafa. Í lögum eru eigi heldur nein ákvæði um, að ríkissjóður eigi neina hlutdeild í gróða þeim, sem leiðir af, að seðlar týnast. En nú hefir náðst samkomulag við stjórn bankans um það, að helmingur þessa gróða af hinum yngri seðlum renni í ríkissjóð, en gróðinn í þessu efni af hinum eldri seðlum hlýtur að falla allur til bankans. Það er vitaskuld, að þegar hinir yngri seðlar verða kallaðir inn, ber ríkissjóði að greiða helming andvirðis þeirra seðla, er inn kunna að verða leystir af bankanum eftir það tímatakmark, sem sett hefir verið, svo framarlega sem bankinn hefir, áður en til innlausnar kom, greitt ríkissjóði helming gróðans.

3 málsgr. greinarinnar á við óhöpp, eins og t. d. brunann í Borgarnesi í haust er leið.

Um 11. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 12. gr.

Þessi gr. er að sumu leyti afleiðing 9. gr., en að sumu leyti sjálfsögð.

Um 13. gr.

Rjett virðist að lög þessi öðlist þegar gildi, til þess að Landsbankinn fái sem fyrst aukning veltufjár síns, en þess ber að geta, að formlega bindandi fyrir Íslandsbanka verða lög þessi ekki fyr en aðalfundur eigenda hans hefir samþykt breytingar þær, er þau gera á leyfisbrjefi hans, en eftir því, sem á undan er gengið, virðist eigi hætta á því, að þessar breytingar verði eigi samþyktar.

45. Frumvarp

til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardrátta að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna alt rannsóknarstarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er meiri hluti milliþinganefndarinnar í fossamálinu samdi.

46. Frumvarp

til laga um vörutoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi, kalki, tjöru, krít, leir, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni, stáli, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum, bátavjelum (mótorum), lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, færum, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, ofnum, eldavjelum, járnpípum, gipsi, hefilspónum, sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol) 75 au. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en allskonar seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;
   b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

   Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 9 aura af hverju teningsfeti.
6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, 3 kr. af hverjum 10 kg.

7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, gull og silfur til tryggingar innlendum bankaseðlum, skip, bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept,

2. gr.

Greiða skal og í ríkissjóð 1 kr. af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða nje af prentuðum blöðum eða bókum.

Heimilt er póstafgreiðslumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru

fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrsl-

urnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, og skal hann þá sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5. og 6. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 7., 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að það er alkunnugt, að þegar hin gildandi vörutollslög voru fyrst samþykt á Alþingi, stóð um þau mjög mikil deila, milli meðhaldsmanna vörutollsstefnunnar annars vegar og meðhaldsmanna verðtollshugmyndarinnar hins vegar, þótti rjett, er endurskoðun skattalöggjafarinnar stóð fyrir dyrum, að spyrja þá, sem nánust kynni hafa af vörutollinum, um álit þeirra á honum og hvort þeir telji hann eða verðtollinn heppilegri, að öllu athuguðu. Þeir, sem mest kynni hafa í þessum efnum, eru lögreglustjórarnir, því að þeir annast innheimtuna, og kaupmenn og kaupfjelög, sem greiða tollinn. Með þetta fyrir augum og

með hliðsjón af, að nokkur reynsla var þá komin á verðtollinn, vegna laga nr. 2, 15. mars 1920, voru allir lögreglustjórar og auk þess Kaupmannaráðið í Reykjavík og Samband íslenskra samvinnufjelaga spurð um álit sitt í þessu efni, með brjefi, dags. 8. apríl þ. á. Bæði Sambandið og Kaupmannaráðið hafa svarað, hið fyrnefnda á þann veg, að það hallast að verðtolli, en hið síðarnefnda í þá átt, að það mælir með vörutolli. Af lögreglustjórunum hafa aftur á móti aðeins svarað 10, og þar af mæla 9 með vörutolli og 1 með verðtolli. Svör hafa ekki komið úr Suðurmúla-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árnes-, Vestmannaeyja-, Gullbringu- og Kjósar-, Dala-, Stranda- og Þingeyjarsýslum. Þess má þó geta, að um vörutollsinnheimtu eða verðtolls mun alls eigi vera að ræða í Rangárvallasýslu og lítið eða alls ekki í Dalasýslu. Einnig má geta þess, að ætla má, að lögreglustjórunum í Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjakaupstað hafi eigi þótt rjett að binda sig þegar með neinu svari í þessu efni, þar sem þeir eiga báðir sæti á Alþingi.

Ef nú er litið á hin komnu svör, sjest eins og áður er vikið að, að af 12 svörum mæla 10 með vörutolli en 2 með verðtolli. Það virðist því naumast verða um það deilt, að vörutollshugmyndin er miklu vinsælli hjá þeim, sem ætla má, að kunnugastir sjeu. Og ef litið er til raka þeirra, sem færð eru, verður því eigi neitað, að öll rökin eru þeirra megin, sem halda vörutollinum fram. Þetta er þó ekki þann veg að skilja, að engin rök megi færa með verðtolli, heldur á þann veg, að þau svör, sem honum halda fram, eru svo stutt, að þess er alls eigi getið, á hverju þau byggist, jafnvel eigi í aðalatriðunum.

Þegar verðtollur sá, sem ræðir um í lögum 15. mars 1920, var til umræðu á Alþingi, var því af hálfu stjórnarinnar haldið fram mjög ákveðið, að tilætlunin með honum væri, auk þess að útvega ríkissjóði tekjur, að reyna hvernig hann væri í framkvæmdinni, enda var þetta mjög eðlilegt, þegar litið er bæði til þess, að mikil deila hafði um þetta staðið áður og að endurskoðun skattalöggjafarinnar stóð þá fyrir dyrum. Það virðist því eigi fjarri sanni að líta svo á, að Alþingi hafi með nefndum lögum ályktað að láta þá reynslu, sem fengist til næsta þings, skera úr, hvort framvegis skyldi hallast að vörutolli eða verðtolli. En til þess að fá að vita um þessa reynslu virðist eina rjetta leiðin að spyrja innheimtumennina og tollgreiðendurna. Og eftir því sem þessi svör hafa fallið, virðist eðlilegt, að stjórnin stingi upp á vörutolli, einmitt þegar litið er til aðgerða Alþingis um þetta mál áður.

Ástæðan til að þessi hafa orðið úrslitin hjá stjórninni er þó engan veginn sú, að hún játi eigi, að verðtollur hafi ýmislegt til síns ágætis, sjerstaklega það, að hann virðist koma rjettlátar niður en vörutollur. En jafnframt verður að álíta, að honum sjeu samfara svo margir og verulegir ókostir, að hann verður að öllu samantöldu að teljast óheppilegri en vörutollur. Er hjer sjerstaklega átt við það, að verðtollur er sem tekjustofn alls eigi eins ábyggilegur fyrir ríkissjóð og vörutollur, bæði vegna verðsveiflna og erfiðleika á innheimtu. Má í þessu efni vísa til umsagna innheimtumanna, en umsagnir þessar munu verða lagðar fyrir þingið, og þykir því eigi ástæða til að fara fleiri orðum um þær hjer, heldur er nægilegt að vísa til þeirra, þar sem þær til samans taka það fram, er virðist aðalatriðið í þessu máli.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er í aðalatriðunum eins og gildandi vörutollslög. Að sjálfsögðu eru hin gildandi ákvæði færð saman í eina heild, til þess að þau, sjeu hægri til yfirlits, en einmitt þetta var nauðsynlegt, vegna þess

að vörutollslögunum hefir margsinnis verið breytt síðan þau voru fyrst lögleidd árið 1912.

Það, sem einkum hefir verið fundið til foráttu núgildandi vörutollslögum, er það tvent, að tollurinn komi altof þungt niður á sumum vörum, er tollast í 6. flokki, í hlutfalli við verðmæti þeirra, og að sumar vörur, sem eru sjerstaklega verðmætar og tollast í sama flokki, sjeu of lágt tollaðar. Úr þessu hvorttveggja hefir nú verið reynt að bæta, hinu fyrnefnda með því að veita stjórnarráðinu heimild til að færa tollinn niður með ákveðnum skilyrðum og innan ákveðinna takmarka, og hinu síðara með því að skifta 6. fl. í tvent, þannig, að þær vörur, sem væntanlega eru verðmestar eða verða að teljast lítt þarfar, svari miklu hærri tolli. Það skal að sönnu játað, að þessar breytingar auka að nokkru fyrirhöfn við innheimtuna, en þó eigi svo, að því er virðist, að slíkt sje eigi tilvinnandi, vegna rjettlátari tollunar, sem með þessu fæst. Það er vitaskuld álitamál, hvað taka skal með í hinum nýja flokki, engu síður en flokkaskiftingin yfirleitt. En um hana er þess að geta, að stjórninni hefir, að því er hina gömlu flokkaskiftingu snertir, þótt rjettast að halda henni óbreyttri, vegna þeirrar festu, sem komin er á í þessu efni við margra ára framkvæmd laganna. Því skal þó eigi neitað, að óverulegur flutningur milli flokka geti verið rjettmætur, og mundi stjórnin ekki setja sig á móti því, innan ákveðinna takmarka, ef Alþingi vill svo vera láta, en hins vegar sjer stjórnin eigi ástæðu til að gera það að tillögu sinni.

Frv. gerir ráð fyrir jafnháum vörutolli og nú er, að því undanskildu, að gjaldið fyrir póstböggla er hækkað upp í 1 kr. og gert er ráð fyrir miklu hærra gjaldi í hinum nýja flokki.

Ef gert er ráð fyrir svipuðum innflutningi og verið hefir venjulega, ætti að mega vænta þess, að vörutollurinn nemi um $1^1/_2$ milj. kr. á ári.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir óþarft að ræða.

47. Frumvarp

til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, orðist þannig:

Þegar fluttar eru til landsins vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs, þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
3. Af kognaki og vínanda með 8% styrkleika eða minna kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 8% og alt að 12% styrkleika kr. 4,00 af hverjum líta, yfir 12% og alt að 16% styrkleika kr. 5,00 af hverjum lítra.

Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæf-

ur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 4,00.

4. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum áfengum eða áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
5. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í tölulíðunum 2., 3., 4. og 5., eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra sem af lítra í stærri ílátum,

6. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, neftóbaki, munntóbaki og óunnu tóbaki, kr. 4,00 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.

8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 60 aura af hverju kg.
9. Af allskonar brendu kaffi 80 aura af hverju kg.
10. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
11. Af tegrasi 150 aura af hverju kg.
12. Af súkkulade 75 aura af hverju kg.
13. Af kakaodufti 50 aura af hverju kg.
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í tölulíðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 6.—14. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu, þannig að $^3/_4$ og þar yfir telst heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ hálf, en minna broti skal slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri eða löggiltur umboðsmaður hans rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn í skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Ef skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir eru meiri en svo, að ætla megi, að það nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra, Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 12, 12. ágúst 1919, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á gildandi tolllöggjöf, sem frv. þetta ráðgerir, eru þær, sem hjer segir:

1. Tollur á vínanda og kognaki er hækkaður um 1 kr. á lítra, með hliðsjón af samskonar tolli erlendis.
2. Tollur á kaffi og kaffibæti er hækkaður um helming (100%), enda hefir þessi tollur staðið óbreyttur síðan fyrir heimsstyrjöldina.
3. Tollur á tegrasi er hækkaður úr 1 kr. í 1 kr. 50 au.
4. Tollur á súkkulade er hækkaður úr 50 au. í 75 au. pr. kg. og tollur á kakaodufti úr 30 í 50 au. pr. kg.

Um hækkanir þær, er ræðir um í 3. og 4. lið, er hið sama að segja og tekið er fram um kaffitollinn, að þar umræddir tollar hafa ekki hækkað neitt síðan heimsstyrjöldin hófst, og hækkun sú, sem hjer er farið fram á, er miklu minni en sem svarar til lækkunar þeirrar, sem orðin er á gildi peninga.

Ef litið er til hversu mikið hefir verið flutt inn undanfarin ár af vörum þeim, sem hjer ræðir um, virðist mega ganga út frá því, að tekjur af frv. þessu verði ekki mikið undir 2 milj. kr. á ári, en nánari skýrsla hjer að lútandi mun verða gefin um leið og frv. þetta verður lagt fyrir Alþingi.

(C. I, 1).

Nd. **48. Tillaga**

til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að láta einn ráðherranna vera og heita utanríkisráðherra Íslands.
2. Að halda fast fram skilningi hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar eftir 16. gr. sambandslaganna, að þeir menn sje íslenskir embættismenn, sem sendir eru eftir 7. gr. 3. lið, þangað sem engir eru danskir sendiherrar eða sendiræðismenn, og slíkt hið sama ráðunautar, sendir eftir sömu gr. sama lið.
3. Að láta þá menn hafa embættisheitið *sendiherra um stundarsakir*, sem stjórnin sendir til sjerstakra samninga eftir 7. gr. sambl. 3. lið.
4. Að láta þessa sendiherra um stundarsakir gera alla samninga fyrir Ísland og láta utanríkisráðherra vorn undirrita staðfesting þeirra með konungi.
5. Að sjá um, að sendiherra vor í Kaupmannahöfn gangi þar að öllu til jafns við sendiherra annara þjóða, ef svo er eigi áður.
6. Að sjá um, að einkaritari konungsins yfir Íslandi hafi rjett embættisheiti, en kallist eigi lengur »Kabinetssekretær for de islandske Anliggender«.

49. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Ríkisborgararjettur veitist prestinum Jóhanni Martin Meulenberg í Landakoti í Reykjavík, sem fæddur er í Þýskalandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jóhann Martin Meulenberg, kaþólskur prestur í Landakoti í Reykjavík, sem er fæddur í Hillenberg í Þýskalandi 30. október 1872, kom hingað til lands árið 1903. Hann hefir dvalið hjer síðan nema ófriðarárin fjögur; þá var hann í Danmörku, vegna þess að honum var bannað að fara heim hingað meðan á ófriðnum stóð, en þegar ófriðurinn skall á, var hann á ferð erlendis. Vegna hinnar löngu dvalar utan Þýskalands hefir hann mist ríkisborgararjett þar, og hefir nú sótt um ríkisborgararjett hjer á landi.

(C. II. 1).

Ed.

50. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga fossamálið.

Flutningsmenn: Guðmundur Ólafsson, Einar Árnason og Guðmundur Guðfinnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga fossamálið.

(C. III. 1).

Nd.

51. Tillaga

til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Jakob Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um viðskiftamál landsins, þar á meðal sjerstaklega um viðskiftahömlur og um verslunarrekstur fyrir reikning ríkisins.

(A. XXVI. 2).

Ed. **52. Nefndarálit**

um frumv. til laga um afnám laga nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis að eins gefin út á íslensku.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur rjett, að frumv. verði samþykt, og vísar til ástæðna stjórnarinnar fyrir því.

Alþingi, 21. febr. 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og framsögum.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

(C. IV. 1).

Nd. **53. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Eiríkur Einarsson og Einar Þorgilsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til að rannsaka orsakirnar til fjárkreppu bankanna og til að koma fram með tillögur um, hvernig megi sem fljótast og best greiða úr henni og að tryggja, ef mögulegt er, að samskonar fjárkreppa komi ekki fyrir framvegis.

(C. III. 2).

Nd. **54. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 51.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, M. J. Kristjánsson, Þorleifur Jónsson, Stefán Stefánsson, Þorsteinn Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Þorl. Guðmundsson.

Tillagan orðist svo: Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga bankamál ríkisins og önnur skyld mál.

Tillagan heiti: Tillaga til þingsályktunar um skipun peningamálanefndar.

(C. V. 1).

Ed. **55. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna, m. m.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 3 manna nefnd, til að rannsaka orsakirnar til fjárkreppu bankanna og til að koma fram með tillögur um, hvernig megi sem fljótast og best greiða úr henni og að tryggja, ef mögulegt er, að samskonar fjárkreppa komi ekki fyrir framvegis.

Ástæður.

Oft hefir verið ástæða til þess, að þingið gerði sjer sem best grein fyrir því, hvernig fjárhagshorfurnar eru, ekki einungis fyrir landssjóð, sem ávalt er verið að fylla með nýjum og nýjum sköttum og tollum, en sem ekki hrökkva fyrir útgjöldunum, heldur hvernig fjárhagshorfur þjóðarinnar eru yfirleitt. Viðskiftakreppa sú, sem tók landið heljartökum, er mikilvægasti þátturinn í því að skapa það ástand, sem verið hefir í landi hjer síðan í byrjun ársins 1920. Það er því mjög áríðandi að gera sjer ljóst, af hverju sú viðskiftakreppa stafaði, því með öðru móti er ekki hægt að lækna það mein eða fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir aftur.

Í blöðum þeim, sem minst hafa á orsakirnar til fjárkreppunnar, hafa sum talið, að hún stafaði af því, að margir hefðu tapað á síldarsölu og kjötsölu árið 1919, að mikið af vörum hefði verið óselt á því ári og langt fram á sumar 1920, að menn lifðu ekki nógu sparlega o. s. frv. Og þeir, sem allra óskírast hafa kveðið að orði um fjárkreppuna, hafa talið eðlilegt, að fjárkreppa væri hjer, eins og sumstaðar annarsstaðar, gætandi ekki að því, að ástæðurnar voru þar alt aðrar, *skortur á framleiðslu* og alt of ör *innflutningur* á almennum vörum, sem hvorugu er til að dreifa hjer.

Ekkert af þessum atriðum getur verið orsökin til fjárkreppunnar. Að vísu töpuðu sumir allmiklu fje á síldarsölu 1919, en aðrir græddu á henni, sem voru svo forsjálir að selja í tíma.

Þó tap einstakra manna væri mikið, þá hafa aðrar afurðir landsins meira en bætt upp það tap. Alveg er hið sama að segja um kjötsöluna. Flestir seldu kjötið í tíma með góðum arði, en eitt fjelag varð útundan, sem seldi fyrir lægra verð en hæst bauðst.

Á hinn bóginn seldust t. d. gærur fyrir miklu hærra verð en við var búist, og hefir því sú sala sennilega bætt mikið upp kjötsöluhallann, þegar litið er á viðskifti landsins í heild sinni.

Kjötsalan og síldarsalan gátu því ekki orðið tilefnið til fjárkreppu bankanna, eins og nánar mun verða sýnt fram á.

Þá er það atriði, að allmikið af saltfiski landsins 1919 hafi selst síðar en

búist var við. Oft hafa fyrra árs vörur að undanförnu eigi selst fyr en árið eftir, oft svo miljónum kr. skifti, en eigi hefir það valdið almennri viðskiftakreppu.

Mun arðurinn af þeim vörum, sem seldust 1919, og aukið lánstraust erlendis, eins og þá á stóð, hafa hlotið að jafna þann halla.

En þeir, sem kynnu að vera í vafa um, að þetta álit mitt sje á rökum bygt, geta sannfært sig um það, ef þeir bera saman reikning bankanna 1918 og 1919.

Þar munu menn sjá, að veltufje bankanna beggja á árinu 1919 (sparisjóðsfje og varasjóðir) hefir vaxið um 9½ miljón krónur, og hlaupareikningsfje um 10¼ miljón krónur. Þessi gífurlega aukning á starfsfje bankanna mun hljóta að hafa vegið upp á móti upphæðinni, sem stóð í óseldum vörum, ef bankastarfsemin að öðru leyti hefir gengið sinn rólega gang.

Og tæplega er hægt að gera ráð fyrir svo mikilli eyðslu í landinu á einu ári, að hún hafi getað riðið neinn baggamun.

Og þar sem óseldar afurðir 1919 seldust smámsaman, og voru allar seldar síðari hluta sumars 1920, hefði alls ekki átt að skorta fje til að borga með erlendis, ef sæmilega hefði verið á haldið.

Það verður því að leita dýpra að orsökunum til fjárkreppunnar. Hin *sanna* orsök verður að finnast; annars er hætt við, að þjóðin verði eigi fær um að afstýra annari fjárkreppu, sem hlýtur að fara í kjölfar hinnar, fyr eða síðar, ef hin raunverulega orsök til hennar nú er ekki fundin.

Að kenna hinu og þessu um fjárkreppuna, sem lítil eða engin áhrif gat haft á hana, getur ekki til annars leitt en að draga athygli almennings frá hinum raunverulegu orsökum.

II.

Komið hefir það fyrir, bæði innan þings og utan, að einstakir menn hafa sýnt fram á, hversu nauðsynlegt það er, að menn fari að meta meir en áður að tryggja þjóðfjelagið fyrir fjárhagslegum hættum. En það er eins og tíminn sje ekki kominn til þess, að menn geti sætt sig við að sinna slíkum skoðunum.

Þegar nú styrjöldin er liðin hjá, tel jeg rjett í þessu sambandi, eftirkomendanna vegna, að skýra stuttlega frá, hvernig fjárhagsástand vort var á meðan á styrjöldinni stóð; má mikið af því sjá hugsunargang ráðandi manna í fjármálunum, og sem leitt hefir yfir oss fjárkreppuna, að mínu áliti alveg að nauðsynjalausu.

Jeg vildi því stuttlega lýsa, hvernig landið var fjárhagslega sett á meðan á styrjöldinni stóð.

Allir munu kannast við, að á því var stórhætta, að Danir yrðu nauðugir flæktir inn í styrjöldina; það óttuðust þeir sjálfir til síðustu stundar, og höfðu þar af leiðandi allan viðbúnað. Þetta var öllum málsmetandi mönnum hjer kunnugt, og stjórn vorri allra kunnugast.

Ekkert var oss hættulegra en ef sambandsland vort hefði komist inn í styrjöldina, og þar sem allir vissu, að á því var hætta, þurfti að hafa mikinn viðbúnað til þess að sjá landinu borgið, ef svo færi, og aðalviðbúnaðurinn hlaut að liggja í því *að tryggja landinu sem stærstan gullforða, af myntuðu eða ómyntuðu gulli.*

Lögðu einstakir þingmenn mikla áherslu á þetta á þinginu 1914, en það bar lítinn árangur.

Menn áttuðu sig ekki á því, að gulls væri eða gæti orðið hin brýnasta þörf.

Það fyrsta, sem þáverandi stjórn gerði í þessu efni, var *að leyfa Íslandsbanka að hafa megnið af gullforða sínum í Danmörku*, þvert ofan í gildandi lög fyrir bankann. Og svo kvað vera enn farið að þann dag í dag. Og enginn veit, nema stjórnin og bankinn, hvernig þessum svo nefnda gullforða er varið, hvort hann hefir ekki verið aðeins *rentuberandi* inneign í útlendum bönkum og á nafni bankans.

En hvernig sem hann hefir verið, hvers virði var hann fyrir Ísland, ef Danir hefðu komist í stríðið? Hvers virði var hann þá til þess að kaupa oss fyrir áhöldin til að geta framleitt á neyðartímum?

Eins og menn þekkja, er atvinnuvegum vorum svo háttað, að bankarnir geta ekki ávaxtað nærri alt fje sitt innanlands, nema svo sem rúmlega hálft árið, ef þeir eiga að geta trygt það, að geta lánað versluninni, iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi hið nauðsynlegasta til að geta framleitt og svo til sumarviðskifta. Megnið af þessu fje, sem handbært á að vera, er því árlega ávaxtað í útlöndum.

Þannig höfðu bankarnir báðir fje til ávöxtunar í útlöndum stríðsárin, að frádregnum skuldum bankanna erlendis, eins og hjer segir, talið í heilum krónum:

1914: 1,812,164	1917: 3,114,357
1915: 6,614,514	1918: 7,756,687
1916: 6,935,332	

Þessi tafla sýnir, að mest alt handbært fje bankanna safnaðist fyrir í útlöndum vetrarmánuðina, mest alt fjeð, sem nota átti á næsta ári til reksturs atvinnuvega landsins, og þar við bættist svo lánstraust það, sem bankarnir hafa notið sumarmánuðina, aðallega í Danmörku.

Öll framleiðsla landsins á komandi ári bygðist á þessu tvennu, inneigninni erlendis og lánstraustinu þar.

En hvernig hefði nú hagur vor verið, ef Danir hefðu komist inn í styrjöldina eitthvert stríðsárið 1914—1918, er inneign vor þar var með mesta móti, og ef Danir hefðu neyðst til að vera þeim megin, sem ver gegndi fyrir Ísland, sem var öllu líklegra að þeir yrðu? Hvernig hefðum vjer þá átt að framleiða? Og ekkert var líklegra en að við, þegar svo hefði á staðið, hefðum verið afskornir frá öllu brjefa- og ritsímasambandi við Danmörku, fyrirvaralaust og samdægurs. Það hefði hlotið svo að vera. Ekkert gat þá annað legið fyrir þjóðinni en eymd og manndauði af bjargarleysi, því ekkert var þá til að kaupa fyrir. Jeg tel ekki þessa um ½ miljón kr., sem *talið er* að Íslandsbanki hafi þá átt sem málmforða hjer.

Gullmynt manna á meðal hafði ekki sjest í mörg ár, því seðlarnir höfðu fyrir löngu útrýmt öllu gulli úr landinu. Eflaust það eina siðaða land í heimi, sem svo stóð á fyrir.

Á þessum altof veika, alveg óforsvaranlega þræði, að Danir kæmust ekki í stríðið, hjekk mögulciki þjóðarinnar til að geta lifað styrjöldina af. Söfnun gulls í landinu var eina tryggingin fyrir því, að lífi landsmanna væri borgið, ef styrjöldin hefði breiðst meira út.

Stjórn vorri var vel kunnugt um, að Danir höfðu þegar í upphafi styrjaldarinnar bannað útflutning á gulli og silfri úr landi, einnig til Íslands, þrátt fyrir peningalög Dana og vor 23. maí 1873, sem þeir höfðu sjálfir sett og látið birta á Íslandi sem lög.

Gulls var því að vísu ekki að vænta þaðan. En í Ameríku mátti lengi fá gull eftir þörfum og með venjulegu verði, löngu eftir að styrjöldin byrjaði, eða árin 1914—15—16. En stjórnin hlífði jafnan Íslandsbanka við því að fá gull þaðan til lögboðinnar tryggingar seðlunum, og hefir hlíft honum við því enn þann dag í dag.

Og ómyntað gull frá Ameríku hefði jafnt getað forðað landsmönnum frá hungurdauða eins og gullmynt. Það var því engin átylla til að leysa Íslandsbanka undan því að gulltryggja seðlana á lögboðinn hátt á meðan gull var fáanlegt og síðan það var fáanlegt á ný. Það virðist því ekki hafa búið annað undir þessu tiltæki stjórnarinnar en að nota veigalausa átyllu (að gullið fjekst ekki í Danmörku) til þess að greiða fyrir því, að bankinn gæti grætt á því að hætta að gulltryggja seðlana á lögboðinn hátt.

Vonandi er, að næstu kynslóðir sjái fótum sínum betur forráð, er ný heimsstyrjöld verður í aðsigi.

III.

Jeg hefi nú bent á, hversu lítilli varúð var beitt til þess að firra landsmenn hættu af styrjöldinni. Er þó vitanlegt öllum greindum mönnum, að varúð í fjármálum er altaf nauðsynleg, en hvergi eins áríðandi eins og í meðferð fjár lands og þjóðar á hættulegustu tímum. Mjer var þetta ljóst þegar í byrjun styrjaldarinnar, eða á þingi 1914. Og af því jeg vissi að landið var peningalaust, hafði aðeins bankaseðla, ávísun á gull, sem ekki var til nema að litlu leyti, seðla, sem búast mátti við, að hvergi yrðu gjaldgengir nema sem lögþvingaður gjaldeyrir *innanlands*, þá lagði jeg og nokkrir þingmenn aðrir á þessu þingi áherslu á, að landið yrði trygt með gullforða. Að þessu þingi loknu ritaði jeg grein í Ísafold í september 1914, sem jeg nefndi »Bankaseðlar«. Átti hún að færa mönnum heim sanninn um það, að eigi væri hættulaust að gefa út bankaseðla takmarkalaust, og að landið væri þar með svift allri gullmynt. Ritgerð þessa skrifaði jeg svo ljóst, sem mjer var unt, og gerði mjer vonir um, að hver meðalgreindur maður mundi geta skilið hana.

En litla áheyrn fjekk sú grein hjá stjórninni. Sú eina ráðstöfun, sem stjórnin gerði í þessu gullforðamáli, var sú að taka upp 60 þús. dollara í gulli, sem stjórnin síðar seldi Íslandsbanka. En ekki kvað það hafa liðið á löngu áður en bankinn *sendi þessa upphæð aftur til Ameríku*, sennilega með samþykki stjórnarinnar. Hvort honum hefir bætst annað gull í staðinn, er mjer ókunnugt um.

Jeg skrifaði nú á ný framhaldsgrein í Ísafold 1916, er jeg nefndi »Seðlabankar«, og sýndi enn fram á, að bankaseðlar væru ekki peningar, heldur *ávísun* á verðmæti, gull, sem yrði að vera til hjá þeirri stofnun, sem gæfi þá út; þá sýndi jeg og fram á, hvernig önnur lönd færu með seðlabanka sína og hvernig seðlabankarnir höguðu sjer með notkun seðlanna, hverjar varúðarreglur ríkin settu við vanbrúkun seðlanna o. s. frv. En ekki virtust þær upplýsingar koma að tilætluðum notum.

Þingið ætlaðist þó til, að seðlaútgáfan væri takmörkuð, og ákvað því sjálft framan af, hvað Íslandsbanki mætti mest gefa út af hinum svo kölluðu aukaseðlum (seðlum umfram $2^1/_2$ miljón kr.). En ávalt reyndist svo, að Íslandsbanki taldi sig þurfa meiri seðla en þingið veitti, og það var ekki að sökum að spyrja,

að stjórn eftir stjórn veitti bankanum aukinn seðlaútgáfurjett, án þess að grenslast eftir, hver hin *sanna gjaldmiðilsþörf væri.*

Og stjórnin og þingið setti bankanum kjörin svo góð, að það hefði verið mjög gætin bankastjórn, sem ekki hefði freistast til að gefa sem mest út af seðlunum, til þarfra og óþarfra fyrirtækja. Svo mikill gróði hlaut að vera í aðra hönd af aukaseðlunum, sem ofan í kaupið ekki þurfti nú að gulltryggja á lögboðinn hátt.

Þegar þingið, sem síðari árin hefir alt verið í molum, sá, að stjórnin rjeð orðið ein um seðlaútgáfu bankans, þá slepti það, því miður, öllum tökum og afhenti stjórninni valdið til að auka seðla bankans »svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar«.

Landsstjórnin hefir því síðari árin haft ein ábyrgðina á því að ákveða seðlaþörfina. En engin stjórn hefir enn — mjer vitanlega — gert tilraun til að grenslast eftir, hver hin *sanna* gjaldmiðilsþörf var á hverjum tíma, heldur virðist stjórnirnar hafa gefið bankanum hjerumbil sjálfdæmið, að gefa út svo mikið af seðlum, sem hann vildi, vitandi þó, að sárlítil lögleg trygging stóð að baki.

Bankanum virðist hafa verið gefið sjálfdæmið yfir, að kalla má ókeypis, að fara með lánstraust landsins eftir geðþótta. Bankinn, sem hafði enga *starfandi* yfirstjórn (bankaráð) notaði því seðlana langt fram yfir hóf, enda eru nú afleiðingarnar komnar á daginn.

Engrar varúðar var gætt, öll hugsun stjórnarinnar gat tæplega verið önnur en að tryggja bankanum sem mestan arð. Eða þá að stjórnin hefir talið sjer trú um, að seðlar væru peningar, þrátt fyrir allar umræðurnar um það mál 1914—1916 og oftar.

IV.

Í fyrsta kafla greinargerðar þessarar hefi jeg sýnt fram á, að bankanum hefir bætst veltufje á árinu 1919, sem fyllilega mun vega upp á móti því, sem óselt var af vörum landsins það ár og sem eigi seldist fyr en árið eftir.

Það sýnir, að árið 1919 hefir verið gott verslunarár fyrir landið, og því safnast mikið veltufje, þó einstakir menn og eitt fjelag hafi orðið fyrir allmiklu tjóni.

Hið stóraukna veltufje bankanna og sparisjóða landsins sýnir, að arðurinn af verslun landsins yfirleitt hefir verið mikill, og að tap hinna einstöku kemur ekki til greina nema sem nokkuð skertur þjóðar-ársarður.

Og líti maður yfir öll styrjaldarárin, þá verður niðurstaðan sú sama. Landinu í heild sinni hefir aukist uppsafnað veltufje, sem hefir fullkomlega haldist hönd í hönd við aukna dýrtíð.

Eftirfarandi skýrsla um veltufjáraukningu banka og sparisjóða landsins á stríðsárunum sýnir þetta ljósast.

Jeg tel veltufje banka og sparisjóða eins og það var í árslok árin 1914 og 1919 og til veltufjár bankanna tel jeg þeirra eigið veltufje, sparisjóðsfje og varasjóðsfjeð, talið í heilum þúsundum.

Útkoman er þá þessi:

1914.

Einstakir sparisjóðir		1,914,000
Veltufje Landsbankans:		
a. Seðlar	750,000	
b. Bankalánið	2,000,000	
c. Sparisjóðsfje	4,556,000	
d. Varasjóður	921,000	8,227,000
Veltufje Íslandsbanka:		
a. Hlutafjeð	3,000,000	
b. Sparisjóðsfje	3,001,000	
c. Varasjóður	376,000	6,377,000
	Samtals kr.	16,518,000

1919

hafa sömu liðir numið sem hjer segir:

Einstakir sparisjóðir		7,690,000
Veltufje Landsbankans		22,744,000
Veltufje Íslandsbanka		23,499,000
	Samtals kr.	53,933,000

Veltufje banka og sparisjóða hefir því nærri því ferfaldast. Þar við bætist svo aukning *allra annara sjóða* í landinu, sem má telja til aukins veltufjár landsins, og þar að auki stórmikil innstæða í bönkunum á hlaupareikningi.

Loksins hefir veltufje einstakra manna aukist, sem stendur í auknum vörubirgðum og öðru, sem sparar bönkunum fje til lána.

Veltufje banka, sparisjóða og einstaklinga hefir því sýnilega meira en ferfaldast.

Sem dæmi um það, hvað hlaupareikningsinnlög, sem jeg ekki tel sem veltufje, hafa aukist í báðum bönkunum, set jeg hjer hlaupareikningsinnstæður þeirra, eins og þær voru í árslok 1914 og 1919:

Hlaupareikningsinnlög 1914	kr.	2,184,187
sama 1919	—	18,796,964

Mismunurinn er laglegur búbætir við hið raunverulega veltufje bankanna, því þó hlaupareikningsfje sje oft á hreyfingu, þá fer það stöðugt vaxandi, og þeim mun meira stendur kyrt sem innstæðan verður stærri.

Þó ekki þurfi frekari rök fyrir því, sem jeg mun skýra frá um vanbrúkun bankaseðlanna, þá er þó nógu fróðlegt að setja hjer verðmæti aðfluttrar og útfluttrar vöru 1914—1918, eða styrjaldarárin. Aðfluttar og útfluttar vörur hafa numið eins og hjer segir í hundrað þúsundum:

	Útflutt	*Aðflutt*	
1914	20,800,000	18,100,000	kr.
1915	39,600,000	26,200,000	—
1916	40,100,000	39,100,000	—
1917	29,700,000	43,400,000	—
1918	36,900,000	41,000,000	—
	167,100,000	167,800,000	—

Innfluttar og útfluttar vörur má því telja alveg jafnar.

Árið 1914 má telja venjulegt ár að því er verð og aðflutning snertir, því 1913 fluttust inn vörur fyrir tæpar 17 miljónir króna. Er auðsjeð á þessum samanburði, að verðmæti aðfluttrar vöru hefir hvergi nærri tvöfaldast, og liggur þess vegna og vegna þess, sem að framan er sagt um veltufjáraukninguna, næst að spyrja:

Í hverju liggur það, að Íslandsbanki hefir þurft á bankaseðlum að halda upp að rúmum 11 miljónum kr. 1919 og eigi minna 1920?

Og af hverju stafar fjárhagskreppan?

Fjárhagskreppan stafar vitanlega af vanbrúkun hins sívaxandi veltufjár og bankaseðlanna, sem ekki reyndust gulls ígildi, er á reyndi, sem eigi var við að búast; að bankinn hefir fengið miklu meira af seðlum en sönn gjaldmiðilsþörf krafði. Stjórnin sá ekki, að munur er á *gjaldmiðilsþörf* og *lánsþörf*. Og svo fjekk hann seðlaviðbótina með svo ódýrum kjörum, að fyrirsjáanleg hætta var á, að hann vanbrúkaði þá, eins og oft hefir verið bent á, innan þings og utan.

Af því bankinn fjekk svo mikla seðla sem hann vildi, langt fram yfir gjaldmiðilsþörfina og fyrir sama og ekki neitt, þá var um að gera fyrir hann að koma sem mestu út til þarflegra og óþarflegra fyrirtækja, svo gróðinn yrði sem mestur. Bankastjórnin var búin að fá reynslu fyrir því, að eftirlitið af hálfu hins opinbera var ekki til, hvorki af hálfu stjórnarinnar nje hins svo nefnda bankaráðs, með stjórn landsins í broddi. Bankanum var lofað að fara með lánstraust landsins, seðlana, eftir vild. Þetta olli því, að hann gaf svona mikið út af seðlum, sem hann nú ekki þurfti að gulltryggja á lögmætan hátt, að það hlaut fyr eða síðar að enda með fjárhagsvandræðum, eða hve nær sem eitthvað ofurlítið bar út af.

Þessi keppni bankans að koma sem mestu af seðlum í umferð leiddi til þess, eftir því sem opinberlega hefir verið frá skýrt og ekki á móti mælt, að hann lánaði margar miljónir króna 1919, menn segja 5 miljónir kr., til að kaupa fisk fyrir á Færeyjum.

Eftir að friðarsamningar voru gerðir milli ófriðarþjóðanna vildu margir útgerðarmenn vera fljótir til að kaupa botnvörpuskip og flutningaskip, langtum fleiri en selt höfðu skip sín á stríðsárunum. Þar var og tækifæri til að koma seðlunum út, að minsta kosti til útgerðar þeirra. En svo djarft tefldi bankinn, að nú er því miður komið sem komið er. Og það lakasta er, að svo mun bankinn hafa fjötrað viðskifti sín og landsmanna við útlönd, að eigi er unt að vita, hve nær fjárkreppan verður um garð gengin, þrátt fyrir yfirfljótanlega framleiðslu landsins, hraða sölu 1920 og góðar vonir, sem gefnar hafa verið um, að úr mundi rakna.

Þing eftir þing hafði bankinn beðið um seðlaviðbót og hjelt því fram, að hann tapaði á þeim, ef hann þyrfti að borga meira fyrir þá en 2 af hundraði af ógulltrygðu seðlunum á meðan þeir voru í umferð. Og ljet þingið í upphafi leiðast til að láta bankann fá seðlaauka með þessum kjörum, auðvitað þá með það fyrir augum, að gulltrygging væri sett lögum samkvæmt hjer í landi.

Nú mun hin sanna gulltrygging hjer í landi aldrei til þessa tíma hafa komist upp yfir um 700 þúsund krónur, sem er lögleg trygging fyrir um 3 miljónir króna í seðlum, með tilsvarandi öðrum löglegum tryggingum. Er því augljóst, að bankanum bar að borga 2 af hundraði af seðlunum í landssjóð, sem enginn gullforði var fyrir *samkvæmt lögum*.

Nú hafði bankinn í umferð árið 1919 lægst 5,484,495 kr., en hæst

11,123,480 kr., sem verður *að meðaltali á árinu umfram* löglega gulltrygðu seðlana (um 3,100 þús.) yfir 5,600,000 krónur. Og hvað halda menn svo, að bankinn hafi talið sjer skylt að borga landssjóði fyrir þetta yfir 5½ miljón króna lánstraust? *Alls ekkert, ekki einn eyri.*

Þegar hann slapp nú svona vel við hið alt of lága gjald, sem þing og stjórn hafði ákveðið, er þá furða, þó banki, sem vantar alla yfirstjórn, vilji nota sem mest af seðlum, sem gefa honum 6—7 af hundraði arð?

Fyrir þennan greiða aðgang að ókeypis gjaldmiðli hefir bankinn lagt út í og stutt að viðskiftum, sem voru æði hæpin, og sum landinu óviðkomandi, svo sem fiskkaupin á Færeyjum. Hann hefir stutt að því, að mörg botnvörpuskip voru keypt á óheppilegasta og dýrasta tíma, rjett að lokinni styrjöldinni, í algerðri óvissu um, hvað framundan beið, enda eru nú samskonar skip stórum fallin í verði, menn segja um helming eða meira, án þess að tilsvarandi arður hafi komið í aðra hönd.

Þó nokkuð af þessum skipum hafi fengið lánað kaupverðið að einhverju leyti á Englandi, þá hefir bankinn þó hlotið að bera þyngsta baggann af þessum kaupum.

Það má nærri geta, hve örðugt slík fjelög eiga nú uppdráttar, og önnur ný fyrirtæki, sem bankinn hefir stutt til að byrja, þegar bankinn stendur nú alveg fastur. Og auðvitað eru fleiri en þeir sem líða; öll þjóðin líður stórtjón, og hver einstakur í þjóðfjelaginu.

Ef enginn fiskur hefði verið keyptur á Færeyjum, botnvörpuflotinn ekki aukinn öllu hraðara en t. d. fyrir stríðið og ónauðsynleg fjáreyðsla til annara hluta hefði verið takmörkuð, þá hefði viðskiftakreppan aldrei komið fyrir. Og fyrir þessa gegndarlausu seðlaútgáfu hefir fjáreyðslan og braskið yfirleitt aukist á öllum sviðum, sem orsakað hefir og alt braskverðið í landinu, eyðslusemi og verðhækkun á ýmsum sviðum.

Það er ekki annað hægt að sjá en að landið og bankinn, með sitt árlega aukna veltufje, hefði nú staðið ágætlega, ef hann enga eða svo sem enga seðlaviðbót hefði fengið, eða að hann hefði þá fengið viðbótina með þeim kjörum, sem aðrar þjóðir setja. Þá mundi braskið með seðlana hafa orðið minna, enda fyrirbyggja allar þjóðir nema vjer, að slikt geti komið fyrir.

Þær setja kjörin svo dýr, að bankinn aldrei noti aukaseðlana nema í bili til að komast yfir fjárhagsörðugleika, sem ekki hefir verið hægt að sjá fyrir. Slíkir seðlar eru því aldrei notaðir til hæpinna lána.

Menn geta gert sjer í hugarlund, hvort bankinn hefði kepst eftir svo miklum viðskiftum sem hann gerði, ef hann hefði orðið að borga háa vexti fyrir veltufjeð, eða hann hefði verið látinn flytja inneign sína erlendis jafnharðan hingað heim, t. d. í dönskum og norskum seðlum, eftir að vopnahljeð var samið og það var þá hættulaust.

Dönsku og norsku seðlarnir voru bæði löglega gulltrygðir og gott borgunarmeðal í Danmörku. En hefðum vjer haft nóg að borga með *par*, gátum vjer sent borgun til annara landa eftir þörfum.

Samkvæmt mánaðarreikningi Íslandsbanka fyrir febrúar 1919 átti bankinn inni hjá erlendum bönkum 6,889,969 kr, en skuldaði erlendum bönkum 1,854,324 kr., og að þeirri skuld frádreginni var inneignin rúmar 5 miljónir króna.

Og þess utan átti hann standandi undir svo kölluðum »málmforða« 5,218,200 kr., en af þessu gat ekki verið löglegur málmforði nema um 700 þús. kr. Það má því segja, að bankinn hafi átt þar inni um $9^1/_2$ miljón króna.

Hvers vegna var nú bankinn ekki látinn draga að sjer þessa inneign eða eitthvað af henni, eftir þörfum, t. d. í dönskum og norskum seðlum, sem áhættulaust var að flytja hingað, er styrjöldin var úti, í staðinn fyrir að veita honum hjer eina miljónina eftir aðra í seðlum? Af hverju var það ekki gert? Þá mundum vjer hafa sloppið við fjárhagskreppuna og bankinn farið varlegar með fje sitt á árinu 1919 en hann gerði. Og það sama hefði þá getað endurtekið sig árið 1920 og áfram.

Það virðist hafa verið regla stjórnanna að undanförnu að leyfa Íslandsbanka að safna sjer mikilli inneign erlendis, alveg eins *aðalviðskiftamánuði ársins* eins og á öðrum tímum, en hafa svo afhent honum seðla hjer eftir vild. Þetta hefir hún 1919 gert eins og áður, og hefir bankinn á þennan hátt komist hjá að flytja inn útlendan gjaldmiðil,

Það er slagbrandurinn, sem stjórnin hefir sett fyrir því, að mynt komist hjer í umferð á venjulegum tímum.

Og stjórnin virðist ekki hafa hvekst neitt af því, þó bankinn ekki borgaði neitt fyrir aukaseðlana 1919, því hún hjelt uppteknum hætti, að veita bankanum seðla eftir vild og að hlífa honum við því að gulltryggja þá á lögmætan hátt. Hvers vegna setti stjórnin ekki upp við Íslandsbanka, er hún veitti honum seðlaútgáfuna fyrir 1920, að hann greiddi lögboðinn skatt af seðlunum fyrir 1919?

V.

Menn kvarta um dýrtíð sem eðlilegt er, og telja að hún stafi af of háu markaðsverði, en það stafi aftur af of háum vinnulaunum. Þetta mun og vera aðalástæðan *erlendis*. En hjer kemur fleira til sögunnar, þar á meðal hinn óhæfilegi myntgengisskattur, sem bankarnir leggja á viðskiftin og sem jafnvel beint útiloka landið frá viðskiftum við sum lönd, t. d. Þýskaland, sem vjer skiftum svo mikið við fyrir styrjöldina.

Fyrir löngu hefir borið á þessum hóflausa myntgengisskatti, einkum að því er þýska mynt snertir, en svo hafa bankarnir fært út kvíarnar, að hann nær til allrar myntar utan Danmerkur.

Í byrjun fóru verslanirnar svo að, er gengisskatturinn fór að verða mjög áberandi, að þær keyptu ávísanir í Kaupmannahöfn fyrir fje, sem þær ætluðu að senda lengra, og keyptu svo *þar* nýja ávísun á það land, þar sem þær þurftu að borga. Með því eina móti gátu þær komist hjá að greiða myntgengisskattinn hjer, og gátu því selt vörurnar ódýrara.

En þegar bankarnir hjer urðu þess varir, að menn komust hjá skatti þeirra á þennan hátt, settu þeir slagbrand fyrir, svo nú komst enginn hjá að borga bönkunum myntgengisskattinn, eins og hann er settur á hverjum tíma.

Fyrir styrjöldina tóku bankarnir alment um 1 af hundraði hærra verð en Danir fyrir að flytja fjárgreiðslur til landa utan Danmerkur, sem stundum er ástæða til og stundum ekki; það kemur undir hag bankanna *hjer* í hinum ýmsu löndum; en nú taka þeir fyrir það eins og hjer verður skýrt frá, bygt á skýrsl-

um yfir gengi myntar í Verslunartíðindunum 1919 og 1920, eða á meðan skýrt var frá því þar.

Í Kaupmannahöfn var t. d. 100 marka ávísun 1. nóv. 1919 seld á kr. 13,60 og 18. nóv. s. á. kr. 10,50. Sömu daga var 100 marka ávísun seld hjá bönkunum hjer á 20 krónur í fyrra dæminu, en 15 krónur í síðara dæminu.

Í fyrra dæminu taka bankarnir þannig um 47 af hundraði skatt af vörum, sem keyptar eru frá Þýskalandi, *umfram það, sem Danir taka á sama tíma*, en um 43 af hundraði í síðara dæminu.

Þetta verða kaupmenn og kaupfjelög að leggja á þýskar vörur, að viðbættu flutningsgjaldi, sem vitanlega hefir einnig verið alt of hátt, og gífurlega háum tollum, áður en verslunin leggur á nokkurn arð fyrir ómak sitt. Stundum hefir gengismunurinn á þýskri mynt verið um 20 af hundraði, en kemur fyrir að hann hafi verið yfir 47 af hundraði. Á annari mynt mun myntgengisskatturinn hafa verið frá 6—25 af hundraði, hæstur á frönkum. Fram að september 1920 hafa bankarnir birt gengið í Verslunartíðindunum, en hættu því svo með þeirri skýringu, að þeir hefðu ekkert myntgengi lengur. Sú skýring getur auðvitað ekki verið nema viðbára, því á meðan bankarnir taka við innheimtuvíxlum frá ýmsum löndum og leyfa að borga þá, og meðan þeir selja og kaupa ávísanir og taka á móti greiðslum frá öðrum löndum utan Danmerkur, *þá komast þeir ekki hjá* að hafa ákveðið myntgengi. Og vitanlega gera þeir þetta altsaman.

Ef hjer væri um annað en gróðabragð bankanna að ræða, þá mundu þeir hafa leyft verslunarmönnum að senda þá peninga fyrst til Danmerkur, sem þeir ætluðu að senda til ýmsra landa. Þá hefði það verið á ábyrgð verslananna, hvaða myntgengis þeir nytu.

Það er því ekkert, sem getur afsakað þennan skatt. En það lakasta er, að þeir, sem fjárráð gátu haft erlendis fyrir seldar afurðir, hafa forðast að borga fjeð inn í reikning bankanna erlendis, til að njóta sjálfir gróða bankanna af myntinni, sem við mátti búast. Hafa bankarnir þar með útilokað sig sjálfa frá því að fá greiðslur erlendis, svo að þeir gætu staðið þar í skilum. Og á þessi aðferð bankanna ekki lítinn þátt í kreppu þeirra.

VI.

Eftir því, sem nú er fram komið, munu margir ætla, að löggjöf Íslandsbanka hljóti að vera illa úr garði gerð, að því er eftirlitið með bankanum snertir, því það virðist ekki hafa verið mikið.

En er menn athuga auglýsingu um staðfestingu á reglugerð fyrir Íslandsbanka, dags. 25. nóv. 1903, sjá menn, að í upphafi hefir vel verið sjeð fyrir eftirlitinu.

Þannig hljóðar 14. gr. nefndrar reglugerðar:

»Hag bankans og málefni annast:

a. fulltrúaráð (bankaráð),

b. framkvæmdarstjórn og aðrir embættismenn,

c. hluthafar á aðalfundum«.

Í 15. gr. segir svo:

»Í fulltrúaráði bankans eru 7 menn; kýs Alþingi 3 af þeim, hluthafar aðra þrjá. Ráðherra Íslands er sjálfkjörinn formaður í fulltrúaráðinu« (nú **forsætisráðherra**) ... ...

»Fulltrúaráðið hefir hina æðstu forstöðu bankans og allra mála hans á hendi. Í öllum málefnum, öðrum en daglegum störfum bankans, gerir fulltrúaráðið ályktun fyrir hans hönd, nema þar sem vald til þess í reglugerðinni er áskilið aðalfundi«.

Og enn fremur segir í sömu grein:

»Að því er snertir hin daglegu störf, er falin eru framkvæmdarstjórninni, þá hefir fulltrúaráðið ekki önnur afskifti af þeim en að gefa almenn ákvæði og segja fyrir leiðbeinandi meginreglur. Fulltrúaráðið er fyrir hönd bankans í öllum málum gagnvart hinu opinbera og öðrum mönnum, þar sem eigi er um dagleg störf að ræða, svo og gagnvart hluthöfum bankans«.

Í 20. gr. segir svo:

»Fulltrúaráðið getur ályktað að fela einstökum fulltrúum sjerstakar tegundir af störfum sínum til framkvæmda og að annast endurskoðanir á skrifstofum bankans, sumpart hinar reglulegu endurskoðanir, sumpart endurskoðanir á óákveðnum tímum, enda sje ályktunin um það samþykt með eigi færri en 5 atkvæðum«.

Í 21. gr. segir:

»Bankinn ábyrgist allar skuldbindingar, er fulltrúaráðið gengst undir fyrir hans hönd«.

22. gr. hljóðar svo:

»Jafnframt því að landsstjórnin, með því að hafa þrjá þingkosna fulltrúa í fulltrúaráðinu, getur haft eftirlit með því, að bankinn hlýði fyrirmælum laga 7. júní 1902 og reglugerðar þessarar, og fullnægi sjerstaklega skilyrðunum fyrir seðlaútgáfurjetti sínum, er enn fremur ákveðið, að ráðherra Íslands hefir rjett til þess, hve nær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sje í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefir hann aðgang að framkvæmdarstjórnarumræðum, og rjett til þess, hve nær sem vera skal, að láta sýna sjer bækur bankans og skjöl«.

Í 37. gr. segir:

»Nú þykir ráðherra Íslands einhver ályktun aðalfundar koma í bága við tilgang bankans, eftir því sem að framan er greint, og getur hann þá felt þá ákvörðun úr gildi«.

Af öllu þessu er auðsætt, að bankaráðið er ekki sett einungis sem *eftirlitsnefnd* með bankanum, heldur *yfirstjórn*, eins og annarsstaðar gerist. Bankaráðið er *yfirstjórn* bankans samkv. 14., 19., 20. og 21. gr., en bankastjórarnir að eins *framkvæmdarstjórar*. Bankaráðinu er gefið *alræðisvald* yfir bankanum (samkv. 21. gr.), og þá er svo sem auðvitað, að ætlast er til, að *það*, en ekki framkvæmdarstjórarnir, ákveði *vaxtakjör* og önnur kjör, sem bankinn setur viðskiftamönnum sínum, hversu mikið sje óhætt að gefa út af seðlum t. d., að sjá um að reikningsskil sjeu í lagi, að bankinn sjái sjer jafnan farborða (»disponeri«-rjett), að málmforðinn sje löglegur, að bankinn sem seðlabanki reki ekki of mikil fjárhættuviðskifti o. s. frv. Yfir höfuð er öll *aðalstjórn* bankans lögð á herðar bankaráðsins, eins og annarsstaðar gerist, sem framkvæmdarstjórarnir (bankastjórarnir) svo framkvæma.

Þetta virðist svo auðsætt, að ekki verður um deilt.

Loksins er ákvæði í 17. gr. laga fyrir bankann, síðustu málsgrein, að Alþingi kjósi 2 menn fyrir landssjóðs hönd til tveggja ára í senn til að mæta á aðalfundum, en því ákvæði hefir aldrei verið fylgt.

Það á ekki að vera nein þörf á því hjer að tala um, hvernig bankaráðið og stjórnin hefir uppfylt þessa skyldu sína; það á hver að geta dæmt um sjálfur, sem hefir opin augun.

Jeg hefi samt sjeð þörf á að taka þetta fram, til að sýna fram á, að *framkvæmdarstjórum* bankans er venjulega ekki falin öll stjórn bankanna, því þeim hættir eðlilega við að líta mest á þá hliðina að græða sem mest fyrir bankann, hafa þess utan oft einhliða bankaþekkingu, eða jafnvel enga. Bankaráðið á hins vegar að geta verið óháð yfirstjórn yfir bankastjórunum, sem ákveður hversu langt þeir megi ganga í því að gera viðskiftamönnunum harða kosti.

Og það er því nauðsynlegra, að slík yfirstjórn sje til hjer, þar sem lög bankans kveða ekki á um það, hvað hagur bankans megi vera mestur.

Sjáanlegt er, að fyrirkomulagi bankaráðsins þarf að breyta, að taka t. d. *valinkunna fjármálamenn hjer búsetta* í bankaráðið, og sem ekki eru hluthafar í bankanum Og þá er ekki minna um vert að tryggja landinu þær stjórnir, *höfuð bankaráðsins*, sem treysta mætti til að gera skyldu sína í þessu efni.

VII.

Það gefur að skilja, að þegar bankinn leikur alveg lausum hala, hefir ekkert starfandi bankaráð, sem heldur í við gróðalöngun framkvæmdarstjóranna, þá getur hann grætt eftir vild.

Fram eftir árum hjelt Landsbankinn nokkuð aftur af Íslandsbanka með því stundum að ganga ekki inn á útlánsvaxtabækkanir o. s. frv. En þess virðist nú ekki gæta, samanber samkomulag bankanna um gjaldið fyrir fjárflutninginn til annara ríkja.

Sje engin *yfirstjórn* yfir bönkunum, geta þeir myndað fullkomna einokun. Og það er þeim mun hættara við því, sem bankastjórarnir taka mikið af launum sínum sem *ágóðahluta*. Það hefir verið föst stefna sumra landa í seðlabönkum og ríkisbönkum að greiða bankastjórum aldrei ágóðahluta. Er sú regla föst t. d. í Þjóðbankanum danska. Og það var sömuleiðis regla hjer við Landsbankann frá 1885—1917. En þá var sú regla brotin, þó ágóðahlutinn sje um sinn takmarkaður við ákveðna gróðaupphæð.

Það er venja í öllum löndum, að seðlabankinn veiti bestu lánskjörin. Það liggur í því, að hluthöfunum er sjaldan leyfður hár arður, en hins vegar er stjórnin höfð svo trygg, að aldrei sje hætta á, að bankinn leggi út í mjög vafasama verslun eða brask, eða verði fyrir stórtapi. Þess vegna leggja menn fje sitt í seðlabankahlutabrjef, þó arðurinn sje smár.

Með alveg það sama fyrir augum var Íslandsbanki stofnaður. Það sýnir meðal annars, að reglugerð bankans gerir ekki ráð fyrir, að bankinn þurfi nokkurn tíma meira en 1 miljón kr. varasjóð. Og öll meðferð málsins á Alþingi sýnir það.

Og fram eftir árunum getur maður ekki sagt, að banki þessi hafi tekið óeðlilega mikinn hag af landsmönnum. En árin 1918 og 1919 breytist þetta til hins verra fyrir landsmenn.

Hlutafje bankans var fram að júlí 1918 3 miljónir kr., en úr því 4½ miljón kr.

Á árinu 1918 er ágóði bankans talinn í reikningi hans kr. 1,615,765,28. En 1919 er gróðinn talinn kr. 2,224,817,67 (þar af greidd útstrikuð skuld kr. 114,054,95). Hinn raunverulegi ársgróði er því kr. 2,110,762,62 eða um 47% af hlutafjenu. Fengu hluthafar bankans 12% greiddan hag fyrir 1919, sem er minni en fyrirmæli reglugerðar bankans, 39. gr., ákveður. Samkvæmt þeirri grein bar hluthöfum 35—37%, því eigi gerir reglugerðin ráð fyrir stærri varasjóði en 1 miljón kr. Þrátt fyrir það er nú varasjóðurinn talinn kr. 3,792,587,37. En þennan varasjóð mun varlegra að telja aðeins á pappírnum, því bæði mun bankinn, sem seðlabanki, hafa lánað til áhættufyrirtækja úr hófi fram, og hlýtur því að bíða allmikið tap, sem vitanlega vex við það, að bankinn batt fje sitt um efni fram, og varð því að hefta viðskifti sín og annara, og svo hefir hann ekki getað gert reikning sinn upp nákvæmlega þessi ár, vegna þess að hina lögboðnu gulltryggingu vantaði.

Bankinn var, eins og áður er sagt, undanþeginn því að hafa gullforða sinn hjer á landi, lögum samkvæmt. Nú hefir gull stigið í verði allmikið, og mun varasjóðurinn því lækka nokkuð við það, er bankinn verður væntanlega látinn kaupa löglegan gullforða.

VIII.

Um allan heim er birting reikninga seðlabanka lögboðin, og á þann hátt, að sumir bankar verða að birta reikningshag sinn í *hverri viku* (Ríkisbankinn þýski o. fl.), aðrir tvisvar í mánuði o. s. frv. Þetta þykir sjálfsagt, þar sem seðlabankarnir versla mikið með lánstraust landsins, bankaseðlana. Og að sjálfsögðu er *aðalreikningur* bankanna birtur á hverju ári. Og birting fer fram tafarlaust, eins og gefur að skilja.

Þetta var og lögboðið, er Íslandsbanki var stofnaður, og segir svo í 38. gr. reglugerðar bankans:

»Við hver mánaðarlok skal birta stutt yfirlit yfir hag bankans«.

Fljótt bryddi á óreglu í þessu sem öðru, er snerti hið opinbera eftirlit, og síðasti *ársreikningur* bankans er löglega birtur fyrir árið 1909. Næst þar áður fyrir 1907. Síðan hefir ársreikningur bankans aldrei verið birtur lögum samkvæmt.

Hrafl af mánaðarreikningum hefir verið birt, oft *mörgum mánuðum eftir* að þeir áttu að birtast. Þannig var enginn mánaðarreikningur birtur fyrir 2 síðustu mánuðina 1913 og 6 fyrstu mánuðina 1914, eða samfleytt í *8 mánuði*. Og síðar voru þessir reikningar aldrei birtir.

Og ekki hefir það gengið greiðlega á árinu 1920, sem Lögbirtingablaðið ber vitni um. Þannig er ekki enn farið að birta mánaðarreikninginn fyrir nóvember 1920.

IX.

Við alla seðlabanka, og banka sem eru opinber eign, er skipað bankaráð. Þetta bankaráð hefir mismunandi störf með höndum í hinum ýmsu löndum.

Þannig hefir bankaráð Frakklandsbanka t. d. einkum þessi störf með höndum:

að: sjá um, að bankinn reki ekki önnur viðskifti en lög bankans leyfa,

að: ákveða vexti bankans og lengstu gjaldfresti,
að: ákveða, hvernig handbæru fje skuli verja,
að: semja reglur um innri stjórn bankans,
að: gera út um samninga út á við,
að: kveða á um útgáfu og innlausn seðla og ónýting þeirra,
að: ákveða fyrir hvert ár laun starfsmanna bankans,
að: velja hinar ýmsu nefndir, bankanum til eftirlits, og að víkja þeim frá, og
að: semja skýrslu um rekstur bankans handa aðalfundi.

Bankaráðið heldur fund einu sinni í viku, og er tala þess 20 menn.

Ekkert af því, sem að framan er greint, geta framkvæmdarstjórar bankans ákveðið.

Bankaráð *Finnlandsbanka* hefir einkum þessi störf með höndum:
að: koma fram fyrir bankans hönd í málefnum, sem snerta landsstjórnina,
að: gefa landsstjórninni skýrslu um það helsta, sem hefir gerst á árinu og um stjórnina á bankanum,
að: gera tillögur til kvittunar handa framkvæmdarstjórninni fyrir ársreikningum,
að: ákveða vexti og aukagjöld (provision),
að: ákveða lengsta gjaldfrest á víxlum og lánum,
að: rannsaka, hvort lánveitingar, kaup á verðbrjefum, ráðstafanir peninga bankans í útlöndum o. s. frv. eru gerðar með hag bankans fyrir augum,
að: að útnefna tvo meðlimi í forvaxtanefnd fyrir útbúin.

Enn fremur velur bankaráðið úr sínum hópi 3 menn, sem annast:
1. sjóðendurskoðun,
2. mánaðarlega endurskoðun verðskjala bankans og
3. undirbúning málefna, sem eiga að leggjast fyrir sameiginlegan bankaráðsfund.

Í þessu bankaráði eru 6 menn og aðrir 6 til vara.*)

Þetta er hjer tekið að eins sem dæmi.

Stofnendur Íslandsbanka höfðu líka hugsað sjer störf bankaráðsins í líkingu við þetta, eða eins og fyrirkomulagið er alment haft erlendis.

Laun bankaráðsins benda og á það, sem jafnan verða að vera í sæmilegu hlutfalli við störf þau, sem á að inna af hendi.

Það virðist liggja í augum uppi, að yfir bankann verði að koma *staðgóð* yfirstjórn, bankaráð, ekki að eins á pappírnum, heldur raunveruleg yfirstjórn, eins og löggjöf bankans virðist hafa ætlast til. Það væri líka framkvæmdarstjórum bankans fyrir bestu.

Það mundi verða ekki lítill ljettir fyrir þá að þurfa ekki t. d. að ákveða laun starfsmanna sinna, ákveða vexti og »provision« o. s. frv. Þá væri bankaráðið og sjálfkjörið til þess að skera úr, ef framkvæmdarstjórana greinir á um eitthvert málefni bankans, sem iðulega getur komið fyrir og sem getur haft hinar verstu afleiðingar, ef enginn er til að skera úr.

Og bankaráðið verður að veljast úr hópi fjármálamanna. Menn með allgóðri fjárhags- og viðskiftaþekkingu og menn, sem hafa *andlegt afl* og festu til að geta stjórnað. Sú yfirstjórn verður að vera álíka þrekmikil og ákveðin eins og góð stjórn á skipi, og engum klíkuböndum háð.

Og þetta dæmi um stjórn Íslandsbanka ætti að vera næg bending til

*) Ivar Hultmann »Die Centralnotenbanken Europas« 1912, bls. 27—28 og bls. 96—97.

þings og stjórnar um, að eigi er einhlítt að láta framkvæmdarstjórana í banka vera eina um hituna um alla stjórn banka, eftirlits og yfirstjórnarlaust. Það er heldur ekki venja að haga því svo, jafnvel þó um mikið minni fjárhagsleg fyrirtæki sje að ræða; þannig er t. d. ekkert botnvörpuútgerðarfjelag svo stofnað, að stjórn þess sje falin framkvæmdarstjórunum einum, heldur er þar yfirstjórn, sem hefir aðalstjórnina á hendi.

Og sú yfirstjórn er jafnan *starfandi stjórn*. Og enn þá meiri ástæða ætti þá að vera til að hafa yfirstjórn við banka, sem hefir svo miklu víðtækari áhrif á hag einstaklinga þjóðfjelagsins og þjóðarinnar í heild sinni en hin smærri fjárhagsfyrirtæki, sem að eins snerta hag fárra manna.

Í öðru fyrirkomulagi felst ekki nægileg trygging, hvorki fyrir stofnunina nje fyrir þá, er við hana eiga að skifta eða hlut eiga í henni.

Þingið og stjórnin verður að eiga aðgang að *sístarfandi* bankaráði, sem valið er úr hópi starfhæfra, valinkunnra og skyldurækinna manna. Alt veltur á þekkingu og samviskusemi.

Þetta var þinginu og ljóst 1885, er Landsbankinn var stofnaður, því var ljóst, að stjórnin hlaut að vera tvíliðuð, framkvæmdarstjórn og starfandi bankaráð, þó í smáum stíl væri. Framkvæmdarstjórnin bar ábyrgð gagnvart landsstjórninni, en bankaráðið (gæslustjórarnir) gagnvart Alþingi.

Framkvæmdarstjórinn gat þá ekki gert þýðingarmeiri ákvarðanir um rekstur bankans, ef alt bankaráðið (gæslustjórarnir) voru á móti.

Framkvæmdarstjórn Íslandsbanka t. d., eða jafnvel *að eins einn maður* úr framkvæmdarstjórninni, getur sett landsmönnum kostina, og enginn endurskoðar hennar starfsemi eða ákvarðanir. Af því er hinn óeðlilegi gróði Íslandsbanka sprottinn, af fullkomnu einveldi framkvæmdarstjóranna til að setja viðskiftamönnum sínum kostina. Má þar tilnefna hinn óhæfilega myntgengisskatt, sem áður hefir verið nefndur, sem eingöngu miðar að því að ná í óeðlilegan gróða, þó ekkert hafi orðið hættulegra fyrir báða bankana en að seilast eftir þeim ágóða.

X.

Af því, sem að framan er sagt, er augljóst að viðskiftakreppan stafar eingöngu af ógætilegri fjárstjórn og eftirlitsleysi með bönkunum og of mikilli og of ódýrri seðlaútgáfu. Stjórn landsins virðist hafa miðað seðlaþörf landsins við það, *hvað mikið menn sóttust eftir lánum*, miðað við *lánsþörf*, en ekki við hina sönnu *gjaldmiðilsþörf*. *Lán* taka menn svo lengi, sem þeir halda að þeir græði á því á lánstímabilinu. Hin svo nefnda *lánsþörf* er því ótæmandi og ekkert á henni að byggja.

Það er og álit fjármálamanna, að mikil seðlaútgáfa geti aldrei uppfylt lánsþörfina, heldur *aukið hana og vakið*. Eins kemur bankafræðingum saman um það, að seðlana megi aðeins nota sem *gjaldmiðil*, en eigi sem grundvöll fyrir lánum.

Seðla og myntar gjaldmiðilsþörfin miðast við að geta greitt framleiddar vörur, innlendar og útlendar, og verkalaun með seðlum eða í peningum, að svo miklu leyti sem þetta ekki er greitt með ávísun, vörum eða milliskrift. Og þessi þörf ein rjettmætir það, að margra dómi, að gefa út bankaseðla, þó eigi nema svo sem $^2/_3$ hluta þessarar þarfar. Hinn hlutinn, að minsta kosti, verður að vera í mynt og útlendum gjaldeyri. Íslandsbanki notaði seðla árið 1914 hæst

2,205,590,00, og vitanlega var hún ekki nærri svo mikil, því meðal annars var ekkert gull lengur í umferð í landinu.

Og þar sem enn er rekin víðtæk vöruskiftaverslun hjer á landi, getur eigi verið um það að ræða, að sú sanna gjaldmiðilsþörf sje mjög mikil, borin saman við önnur lönd. Þar sem peningaviðskiftin eru aðallega rekin, svo sem í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, hefir almenningur handbært fje sitt í sparisjóði, tekur fjeð út, er með þarf til kaupa, og næsta dag hafa verslanirnar aftur skilað bönkunum peningunum.

Þeir, sem stærst viðskifti reka og hafa mest að borga, svo sem fiskkaupmenn, greiða fiskinn mestmegnis með tjekkum á bankana. Tjekkhafinn greiðir þá venjulega bankanum skuld sína, afganginn leggur hann að mestu í sparisjóðinn eða í reikning sinn. Sama gildir um útgerðarmenn.

Kaupmenn, sem vöruskifti reka, nota mjög lítið gjaldmiðil, og sömuleiðis kaupfjelög, sem mestmegnis reka vöruskiftaverslun; þau kaupa ekki innlendar vörur fyrir peninga, heldur taka þær sem borgun fyrir útlendar vörur.

Bændur fá því ekki alment peninga handa milli fyrir afurðir sínar, nema rjett til allra nauðsynlegustu útgjalda, sem verða skilyrðislaust að greiðast í peningum.

Það er því örðugt að gera sjer í hugarlund, hvar 11—12 miljónir króna í seðlum geta rúmast í vösunum á um 90 þúsund manns, eins og hjer hagar til. Það er 122—133 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Og dýrtíðin rjettlætir það að litlu leyti, eins og reynsla annara landa bendir til. Á 28 árum (1845—1873) óx t. d. verslunarvelta Englands um 400%. Á sama tíma óx gjaldmiðilsþörf landsins að eins um 60%.

Eins er það, að engu siðuðu landi dettur í hug, og allra síst mjög afskektu landi, að leyfa að gefa út svo mikla seðla, að þeir uppfylli alla gjaldmiðilsþörfina. Í framkvæmdinni gefa seðlabankarnir á friðartímum ekki út nema sem svarar hæst helmingnum af gjaldmiðilsþörfinni í seðlum. Hinn helmingurinn er venjulega í mynt og útlendum gjaldmiðli.

Í áliti sínu um stofnun Íslandsbanka gerði þjóðbankinn danski áætlun um gjaldmiðilsþörf vora árið 1900 (sjá Alþt. C, þskj. 45, 1901), og áætlaði hann í hæsta lagi 30 krónur á mann. En á sama tíma telur hann þá gjaldmiðilsþörfina í þremur Norðurlandaríkjunum 40—45 kr. á mann. 20 árum þar áður var gjaldmiðilsþörfin í þessum löndum talin 37 kr. á mann.

Eigi er sennilegt, að hin *sanna* gjaldmiðilsþörf vor á friðartímum sje meiri en hún var um 1900 á Norðurlöndum. Og þó vjer gerðum hana nú 60 kr. á mann, þá ættum vjer að eins að þurfa gjaldmiðil um $5^1/_2$ miljón kr. Og ef vjer hugsuðum oss að gefa út af þessari þörf eigi meira en sem svarar um $^2/_3$ í seðlum, eins og þjóðbankinn danski gerir ráð fyrir árið 1900 í álitsskjali sínu, þá væri það um $3^1/_2$ miljón kr., sem gefa mætti út, ef trygging er fyrir því, að gullforðinn sje jafnan löglegur. En um hina sönnu gjaldmiðilsþörf má altaf deila, en þá er eini vandinn að gefa heldur of lítið en of mikið út af seðlum; það skaðar aldrei, þó mynt sje þeim mun meiri í umferð í landinu.

Hinn hluti gjaldmiðilsþarfarinnar yrði að vera mynt, og meðan hún ekki fæst, annar útlendur tryggur gjaldeyrir, sem flytjast ætti að smámsaman fyrir seldar afurðir, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefði.

Og í þetta horf verða peningamál vor að komast sem fyrst, þó nú í svip-

inn, þegar búið er að kippa fótunum undan hinum ábyggilega grundvelli þeirra, verði þingið neytt til að heimila frekari seðlaútgáfu í svipinn, sem þó þarf að vera með meiri tryggingu fyrir því en hingað til, að seðlarnir eigi lendi í vafasömum viðskiftum.

Lítið og fátækt land, sem hefir mjög takmarkað erlent lánstraust, má ómögulega fara öðruvísi að, því jafnvel stóru löndin leyfa sjer það ekki. Og þegar vjer metum gjaldmiðilsþörf vora og berum hana saman við önnur lönd, þá verður að taka tillit til þess, að gjaldmiðill stóru landanna *reikar svo víða*, sem getur því orsakað meiri gjaldmiðilsþörf hjá þeim.

Og þá er svo sem auðvitað, að enginn nema vjer leyfir sjer að hafa seðlana ógulltrygða að mestu leyti, hvernig sem á stendur. Þannig keypti þjóðbankinn danski gull til að tryggja með seðla sína, lögum samkvæmt, 40 miljón kr., á reikningsárinu 1919—1920, sem hann varð að gefa fyrir hjer um bil helmingi meira en gildi gullmyntarinnar var.*) Og ofan á það bættist svo dýr flutningskostnaður.

Danir hafa því ekki leyft sjer að hafa seðla sína ógulltrygða, en Ísland er nú búið að leyfa sínum seðlabanka að hafa seðla sína, að heita má, ógulltrygða í 6 ár, samhliða því, að bankinn hefir rakað saman fje á þessum árum. Enda hafa nú seðlarnir og landið m. m. mist mjög traustið erlendis.

Þá er nauðsynlegt að gera sjer glögga grein fyrir mismuninum á milli *löglegs málmforða og innlausnarskyldu* seðlanna. Það er sitt hvað. Á meðan styrjöldin stóð og á meðan gengismismunurinn á gjaldmiðli annara landa var svo mikill, þá var óhjákvæmilegt að hafa seðlana óinnleysanlega í bili. En það er ekkert, sem getur rjettlætt að láta löglegan málmforða vanta, þegar gull fæst keypt.

Fyrir nokkru síðan var hjer í blöðunum haft eftir aðalbankastjóra ríkisbankans þýska, og nokkru síðar eftir fjármálaráðherra sama lands, að það land væri gjaldþrota land, sem ekki hefði annan gjaldeyri en bankaseðla að bera fyrir sig í viðskiftum. En svo má heita að standi á nú í Þýskalandi.

Vjer höfum ekki staðið í neinni heimsstyrjöld eins og Þýskaland, en skófluðum að oss fje á stríðsárunum. Oss hefir ekki skort framleiðslu til að greiða með aðfluttar vörur. Og þó getum vjer ekki borgað útlöndum skuldir vorar.

Er það ekki af sömu orsök, að Ísland má telja gjaldþrota land, af því það á svo sem engan gullforða og ekki annað en 11—12 miljón krónur í verðlausum bankaseðlum, til þess að bera fyrir sig í viðskiftum?

Til upplýsinga set jeg hjer myntforða nokkurra landa 1907, ásamt seðlaútgáfu á mann, þar sem hægt hefir verið að fá upplýsingar um hana þá:

	mynt á mann	seðlar á mann
	Kr.	Kr. au.
England	56	10,83
Danmörk (í gullm. kr. 24,60)	35	»
Noregur	19	18,46
Svíaríki	20	17,98
Austurr.-Ungverjal.	30	5,25
Rússland	26	4,33
Spánn	49	»

*) Finanstidende 13. okt. 1920, bls. 44.

	mynt á mann Kr.	seðlar á mann Kr. au.
Þýskaland	77	10,41
Frakkland	127	»
Svissland	43	»
Ítalía	33	9,56
Holland	63	»
Bandaríkin	100	»
Kanada	45	»
Argentína	87	»
Ástralía	131	»

Þetta sýnir, að öll lönd leggja áhersluna á að eiga sem mestan myntforða, þrátt fyrir það, þó seðlar sjeu gefnir út samhliða.

Þá er hjer enn fremur til upplýsingar tilfærð skýrsla um gullforða *seðlabanka* hinna ýmsu landa 1913 og í ágúst 1920, eða þar um bil. Eru upphæðirnar taldar í sterlingspundum, en *aftasta* dálkinum breytt í krónur, með gengi 18 krónur hvert sterlingspund.

				Á hvern íbúa:		
		1913	1920	1913	1920	Kr. au.
England	£	35,0	123,0	0,77	2,70	37,26
Bandaríkin	»	47,7	410,8	0,52	4,35	78,30
Frakkland	»	140,3	223,6	3,54	5,65	101,70
Ítalía	»	66,4	84,3	1,91	2,33	41,94
Belgía	»	12,3	14,3	1,65	1,89	34,02
Japan	»	22,4	100,3	0,42	1,76	25,68
Holland	»	18,1	53,0	2,85	7,82	140,76
Spánn	»	19,2	98,1	0,96	4,73	85,14
Noregur	»	2,6	8,2	1,08	3,11	55,98
Svíaríki	»	5,7	14,5	1,03	2,49	44,82
Danmörk	»	4,4	12,6	1,49	4,18	75,24
Svissland	»	6,8	21,6	1,81	5,48	98,64
Þýskaland	»	58,5	53,7	0,92	0,85	15,30
Austurr.-Ungverjal.	»	51,7	11,0	1,81	0,38	6,84
Finnland	»	1,4	1,7	0,43	0,51	9,18
Nýja Sjáland	»	5,2	7,8	5,15	7,09	127,62
Kanada	»	7,8	16,07	1,08	2,31	31,58
Ástralía*)	»	4,5	23,7	1,01	5,32	95,76
Ísland	»					um 7,60

Þess utan var gullmynt í umferð samtímis í þessum löndum 1913 £ 1438 miljónir, en árið 1920 í ágúst 514 miljónir pund sterling, og áreiðanlega hefir Ísland enga hluttöku átt í því gulli.

Ísland, með allan vöruútflutninginn, er þannig nr. 2 að neðan. Austurríki og Ungverjaland komst þó ofurlítið niður fyrir það með gullforðann sinn, en sennilega slangrar þar meira af mynt í umferð en hjer.

Hvað viðvíkur svo nefndum »málmforða« í Danmörku, get jeg ekkert um

*) Finanstidende nr. 9, 1. des. 1920.

sagt, hvers virði hann er sem trygging fyrir seðlunum. En vitanlegt er, að útflutningsbann er á gulli og silfri þar; verður þessi málmforði því auðvitað ekki skoðaður sem málmforði á Íslandi. Svo er mjer ekki kunnugt um, hvort málmforði þessi hefir verið afhentur landsstjórninni, eða hvort hann er aðeins rentuberandi inneign hjá þjóðbankanum danska á nafni bankans. Loksins er mjer ekki kunnugt um, hvort þessi »málmforði« er laus við öll veðbönd til erlendra banka, eða hvort einhver fúlga af seðlunum kann að vera sett sem trygging fyrir skuldum erlendis. Alt þetta verður væntanleg nefnd að fá *skýlaust* upplýst.

Þó hjer sje sýnt fram á, hve stjórn Íslandsbanka hefir verið ábótavant, þá verður ekki annað sagt en að það sje vor eigin skuld, stjórna þeirra, sem við völd voru í hvert skifti, og skuld hins svo nefnda bankaráðs, sem þó auðvitað gat ekki gert mikið án stuðnings stjórnarinnar.

Nú ætti það að vera sýnt, að slíkt fyrirkomulag dugir ekki er á reynir; verður Alþingi því að finna ráð til þess að búa tryggilegar um stjórn bankanna, svo meiri aðgæsla sje höfð í meðferð fjár þeirra en verið hefir og til þess að greiða úr vandræðunum, ef auðið er.

Gera má ráð fyrir, að hluthöfum Íslandsbanka sje ekkert kærara en að betra eftirlit sje haft með bankanum en hingað til, og þá er eina ráðið að tryggja landinu þá stjórn og það bankaráð — innlenda hlutann — sem er meiri hluti bankaráðsins, sem treysta má til í *verkinu* að taka á herðar sjer *yfirstjórn* bankans, eins og slík ráð gera alstaðar annarsstaðar, og samkvæmt löggjöf bankans.

Þá má enn fremur setja ýms skilyrði fyrir auknum seðlaútgáfurjetti (umfram $2^1/_2$ miljón krónur), sem vitanlega verður að fara smáminkandi, þangað til hann er orðinn við hæfi, miðað við sanna gjaldmiðilsþörf.

Á öllu því, sem að framan er sagt, virðist framtíðartraust bankanna innanlands og utan, traust landsstjórnarinnar og sæmd þingsins liggja við því, að mál þetta sje nú tekið til alvarlegrar íhugunar og óháðrar úrlausnar. Þess mun þjóðin vænta.

(B. I, 1).

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Pjetur Ottesen, Hákon J. Kristófersson, Eiríkur Einarsson, Þorl. Guðmundsson og Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin, þannig að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 12 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti 1/10 hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins, en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Ástæður.

Sjá greinargerð fyrir frv. á þskj. 140 árið 1919 (A-deild Alþt. s. á., bls. 570—572), sbr. og nefndarálit um frv. s. á. frá allsherjarnefnd Nd., á þskj. 467 (bls. 1047—1049 í skjalaparti), en frv. er nú óbreytt eins og það var afgreitt frá Nd. á þinginu 1919.

(A. XXXVI, 2).

Nd. **57. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta höfum vjer nefndarmenn athugað og lítum svo á, að breyting sú á nefndum lögum, er frv. fer fram á, geti eigi talist nauðsynleg; miklu fremur verður að álíta, að með framkvæmd gildandi laga fáist nánara eftirlit með eignum hins opinbera, bæði að því, er ræktun lóða eða stærri jarðeigna snertir og hagfelda skiftingu á þeim, eftir kringumstæðunum á hverjum stað.

Hvað þóknun til umboðsmannsins snertir, gerir frv. ráð fyrir, að hún verði 10% af eftirgjöldunum, eða með öðrum orðum 4% hærri en til hreppstjóra, og væri að vísu ekkert um það að segja, fengist með því nokkur frekari trygging um það, að umsjón á þessum eignum ríkissjóðs og afgjöldum af þeim væri þá betur borgið; en sem sagt verður þetta ekki sjeð, og að verja fje að óþörfu, þótt í smáum stíl sje, getur ekki talist hyggilegt.

Vjer leyfum oss því að leggja á móti samþykt frumvarpsins.

Alþingi, 23. febr. 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður, með fyrirvara.	Stefán Stefánsson, ritari og framsm.	Björn Hallsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Einar Þorgilsson.

(B. II, 1).

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. grein.

Öll síld — veidd við Íslandsstrendur — sem verkuð er á Íslandi eða í landhelgi við Ísland og ætluð er til útflutnings, skal metin.

2. grein.

Matið framkvæma matsmenn, er stjórnarráðið skipar.

Landinu skal skift í fjögur matsumdæmi. Nær fyrsta umdæmi yfir svæðið milli Reykjaness og Hornbjargs, og er þar einn matsmaður, er heim-

ilisfang skal eiga á Ísafirði. Annað matsumdæmi nær yfir svæðið milli Hornbjargs og Ólafsfjarðarmúla. Þar eru tveir matsmenn, og skal annar þeirra eiga heimilisfang á Siglufirði. Þriðja matsumdæmið nær yfir svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness; þar eru tveir matsmenn, og skal annar þeirra eiga heimilisfang á Akureyri. Fjórða matsumdæmi nær yfir svæðið milli Langaness og Reykjaness; er þar einn matsmaður, og á hann heimilisfang á Seyðisfirði.

Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Stjórnarráðið gefur út reglugerð, er kveði nánar á um framkvæmd laganna.

Laun þessara matsmanna eru, hvers um sig, 2500 krónur á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður eftir reikningi og 3 krónur í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfs síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, er sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. grein.

Nýveidd söltuð síld skal ekki metin, nema því að eins að ágreiningur rísi milli seljanda og kaupanda um það, hvort síldin sje óskemd og söltunarhæf. Þá skal matsmaður skera úr þeirri deilu, og skal dómur hans vera einhlítur.

4. grein.

Hafi síldveiðiskip tafist á hafi úti, annað hvort vegna illviðra, sjóskaða eða lítillar veiði, en hafi þó síldarafla innanborðs, skal skipstjóra heimilt að láta salta þann afla í tunnur, eins og best þykir henta og forsvaranlegt er. Um móttökuskyldu kaupanda á slíkri síld fer jafnt og getur í þriðju grein, að matsmaður skal, ef sundurþykkja verður, leggja úrskurð sinn á nothæfi slíkrar síldar, og skal úrskurður hans einhlítur.

Þannig veidd síld, sem söltuð er ókverkuð, má þó ekki liggja lengur í salti en tvo sólarhringa, áður en hún sje kverkuð og lögð í tunnur svo sem vera ber.

5. grein.

Alla síld, sem flytja skal út úr landinu, skal meta — sbr. 1. gr. — og skal matið fara þannig fram:

Síldarútflytjandi tilkynnir matsmanni, að hann ætli að senda síld til útlanda, og skal hann þá jafnframt segja til um, hve margar tunnur hann ætli að flytja út, hve gömul síldin sje, og hvort síldin sje »fiskipökkuð« eða »ápökkuð«. Því næst skal matsmaður, svo fljótt sem unt er, yfirfara þann tunnufjölda, er honum hefir verið sagt til um, og þá:

1. Hafa strangt eftirlit með að allar tunnur, sem síldin hefir verið söltuð í, sjeu vel þjettar, vel bentar og vel útlítandi.

2. Skal opna fyrir matsmanni 5—20% af þeim tunnufjölda, er meta skal, eftir því sem matsmaður kynni að krefjast, og skal hann þá hafa nákvæmt eftirlit með því, að pæklun á síldinni sje í alla staði góð og útlit og gæði síldarinnar sje óaðfinnanleg.

3. Um leið og matsmaður hefir metið hverja tunnu, og síldin reynst góð, skal merkja þá tunnu með löggiltum stimpli, er gefi vissu um, að síldin sje metin góð vara. Matsmaður má að eins merkja þessum stimpli þær tunnur, er hann hefir skoðað.

4. Verði vart við skemda síld í þeim hluta, er matsmaður hefir skoðað, þá skal hætta matinu og matsmaður krefjast þess, að öll síldin sje sundurgreind af nýju og endurmetin. Jafnskjótt og eigandi síldarinnar hefir látið yfirfara og sundurgreina síldina af nýju, ber honum að tilkynna matsmanni það, og skal þá síldin metin á ný eins og áður greinir.

5. Að afloknu mati, og hafi síldin reynst í alla staði óskemd, skal matsmaður gefa hlutaðeiganda vottorð um, að varan sje góð og óaðfinnanleg, á þar til gerðum eyðublöðum, er stjórnarráð Íslands lætur semja og gerð eru á íslensku og ensku.

Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

Líði lengri tími en 14 dagar frá matsdegi til þess tíma, er síldinni er útskipað, skal mat fara fram af nýju.

6. grein.

Sje síld, sem legið hefir í salti skemri tíma en 3 vikur, flutt út úr landinu, skal matsmaður, á vottorði því er síldinni fylgir, geta þess, hve nær síldin var söltuð.

7. grein.

Enga síld, sem ekki hefir staðist mat, má flytja út úr landinu, nema því að eins að hver einstök síld hafi áður verið afhöfðuð og magaskorin — »Skærsild«. --

8. grein.

Af allri síld, sem söltuð er og ætluð er til útflutnings, skal greiða matsgjald í ríkissjóð, 10 aura af hverri tunnu.

9. grein.

Skipstjórar á þeim skipum, er síldveiði stunda, skulu í lok hverrar viku gefa matsmanni nákvæma skýrslu um alla þá veiði, er skipið hefir aflað í þeirri viku, og skal þar tilgreina, hvar, hve nær og með hverjum veiðigögnum síldin er veidd, og hve mikið í hvert sinn, og hver var móttökumaður síldarinnar,

Stjórnarráð Íslands útbýr eyðublöð til þessarar skýrslugerðar. Matsmenn sjá um, að allir skipstjórar fái slík eyðublöð.

10. grein.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50 til 5000 króna sekt, er renni

í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

11. grein.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, lög nr. 46, 3. nóv. 1915, og lög nr. 56, 28. nóv. 1919, um skoðun á síld.

12. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1921.

Ástæður.

Frumvarp þetta er samið af Siglfirðingum og flutt samkvæmt ósk þeirra. Greinargerð þeirra fer hjer á eftir.

Fylgiskjal.

GREINARGERÐ
með frumvarpi til laga um mat á síld.

Háttvirtir alþingismenn Eyjafjarðarsýslu.

Hjer með sendum vjer yður frumvarp til laga um mat á síld, er ýmsir síldfróðir menn í Siglufirði hafa samið, og biðjum yður að flytja frumvarpið á í hönd farandi Alþingi.

Á síðari árum hafa íslenskar síldveiðar flutst æ meir og meir yfir á hendur landsmanna sjálfra, svo að nú er þar komið, að ógrynni fjár liggur í þessari útgerð frá Íslendingum sjálfum. Ekki má heldur gleyma því, hve drjúgur tekjuliður síldveiðarnar hafa orðið ríkissjóði. Vegna þessa hvortveggja liggur það í augum uppi, að löggjafarvaldinu ber að vanda, svo sem unt er, öll þau lagaákvæði, er sett verða til þess að koma skipulagi og hagfeldum aðferðum á síldveiðar við Ísland og alla meðferð síldar.

Áður en vjer frekar gerum grein fyrir áliti voru og gerum tilraun til þess að styðja það frumvarp, er vjer nú leyfum oss að senda yður, háttvirtir alþingismenn, og biðjum yður að flytja á komandi Alþingi, vildum vjer geta þess, að engan veginn má, þegar um lagagerð ræðir, er snertir síldveiðar, líta framhjá þeirri nánu þekkingu, er einmitt innbyggjendur þessa bæjar hafa á því, er við kemur síldveiðum.

Það má vera, að hjer sje eigi mjög margir síldarútgerðarmenn fast búsettir, en þrátt fyrir það höldum vjer því fast fram, að hjer sje svo mikið við síldveiðar fengist og fjallað, að ekki megi heita nokkur svo fullorðinn maður meðalgreindur, að ekki hafi hann sæmilega gott vit á síld og meðferð hennar.

Síldveiðar við Íslandsstrendur hófu Norðmenn fyrir allmörgum árum, og hafa þeir á þeim tíma haft ýmislegar aðferðir til þess að afla síldarinnar. Vjer Íslendingar höfum alla tíð fetað í fótspor Norðmanna og lært af þeim, hvernig síldar skyldi afla og gera úr henni nothæfa verslunarvöru.

Frá þeim tíma, er síldveiðar með herpinót og reknetjum fóru að tíðkast, hefir einmitt Siglufjörður orðið miðstöð allra síldveiða hjer við land.

Hjer viljum vjer skjóta því inn, að vjer höfum átt kost á að sjá vinnubrögð og heyra álit margra sjerfræðinga í þessu matsmáli, og þar til viljum vjer sjerstaklega nefna herra Andreas Hövik, sem hingað hefir komið um margra ára skeið og sjeð um síldarkaup fyrir hönd eins stærsta síldarfirma á Norðurlöndum, — Brödrene Ameln, Stockholm, — og sænska stjórnin sendi hingað til lands árið 1918 til þess að taka á móti þeim 50 þúsund tunnum af síld, er sænska Bjargráðanefndin — Lifsmidelskommissionen — keypti hjeðan.

Við þessi kynni hefir það komið í ljós, að sú aðferð, sem nú á undanförnum árum hefir verið höfð á síldarmati, eða með öðrum orðum, sú aðferð, sem höfð hefir verið til þess að reyna að tryggja sjer, að sú síld, sem úr landinu flyttist, reyndist vera góð og heilnæm vara er á markaðinn kæmi, var algerlega ótrygg og ófullnægjandi.

Í Noregi og öðrum síldveiðalöndum hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, að frummat á síld, í því formi, sem hjer hefir átt sjer stað á Íslandi undanfarið, væri algerlega úrelt, skakt, og næði á engan hátt tilgangi sínum.

3. grein frumvarps vors fjallar einmitt um afnám á mati á nýrri síld. Vjer höfum komist að þeirri niðurstöðu, að frummat á síld sje þýðingarlaust. Oss hefir fundist ómögulegt að leggja frummat á síld sem grundvöll undir tryggingu fyrir því, að síldin hljóti að vera góð vara, þegar hún er flutt út úr landinu og hefir auðvitað orðið fyrir mikilli meðferð, frá því er frummat fór fram, þar til að útflutningi kæmi. Á þessum tíma getur síldin spilst og orðið algerlega óhæf matvara.

Nú höfum vjer með frumvarpi voru viljað reyna að fá fulla tryggingu fyrir gæðum vörunnar, er hún færi úr landinu, og liggur það í augum uppi, að það mat, sem fer fram á vörunni þegar hún er altilbúin að sendast á markaðinn, er áreiðanlegra og skynsamlegra heldur en frummat á síldinni, að öllu leyti ómeðfarinni, því að vjer höldum því fast fram og undirstrikum eftir margra ára reynslu, að endurmat það, sem talað hefir verið um í áður gildandi síldarmatslögum, hefir sjaldnast komið að gagni, oft og tíðum vegna þess, að matsmaður og framleiðandi hafa um of treyst á frummatið, en minna skeytt um geymslu og viðhald síldarinnar eftir að hún var söltuð.

Einn agnúi á því frummati á síld, sem nú á sjer stað, er sá feikilegi kostnaður, sem fylgir því, og er því fje oft og einatt kastað á glæ, af því þeir menn eru teknir til þess að meta síld, sem eru nauða-ókunnugir og ekkert skynbragð bera á síld og meðferð hennar.

Á hinn bóginn viljum vjer halda því fram, að frummati á síldinni sje, í raun og veru, ekki slept með þessu frumvarpi. Það gefur að skilja, að enginn maður, sem við síldarsöltun fæst, vilji kaupa skemda nýja síld til þess að salta niður í tunnur sínar. En auðvitað má búast við því, að síldveiðendur vilji koma veiði sinni í peninga, enda þótt hún væri farin að skemmast. Um þetta rís ágreiningur, og þá er einmitt tekið fram í 3. grein frumvarpsins, að þar skeri matsmaður úr, og hans úrskurður sje einhlítur. Þetta er í sjálfu sjer hið sama, sem átt hefir sjer stað, því að undirmatsmenn hafa orðið að standa dögum saman, og máske svo vikum hefir skift, og ekkert haft að gera, af því að sú síld, sem aflaðist, var svo ný, að ekki reis ágreiningur milli kaupanda og seljanda um vör-

una, og kom því ekki til kasta undirmatsmannanna að leggja úrskurð sinn á gæði síldarinnar. Hafi loks rekið að því, að slíkt kæmi fyrir, hefir hvorugur málsaðili sjaldan viljað hlíta úrskurði undirmatsmannsins, og var þá leitað úrslitaúrskurðar yfirsíldarmatsmanns.

Loks viljum vjer skýra frá því, að í Noregi er síldarmat orðið svo umfangslítið, að í bæjum, svo sem Kristjánssundi, Álasundi og Haugasundi, þar sem á hverjum stað er söltuð síld svo *mörgum hundruðum þúsunda* tunna nemur, eru þó ekki nema 2 til 4 matsmenn á hverjum stað. Og samt sem áður munu matsgerðir þessara manna þykja tryggari um gæði síldarinnar, er á markaðinn kemur, en matsvottorð íslensku síldarmatsmannanna, með öllu því umstangi, er íslensku mati fylgir.

Þó ráð sje gert fyrir því í frumvarpinu, að annar af tveimur síldarmatsmönnum skuli eiga heimilisfang í Siglufirði, þá er að vísu ætlast til þess, að matsmaðurinn, sem ekki á þar heimilisfang, skuli þó hafa bækistöð sína í Siglufirði allan þann tíma, er á matsmanni þarf að halda, nema því að eins að hann, embættis síns vegna, þurfi að ferðast til annara síldarstöðva í umdæmi sínu. Þetta ætti að vísu að gilda einnig um þá síldarmatsmenn, sem eru í umdæminu frá Ólafsfjarðarmúla til Langaness.

Vjer höfum í frumvarpi voru gert svo ráð fyrir, að einn síldarmatsmaður skyldi vera á Seyðisfirði og eiga umdæmi frá Langanesi til Reykjaness; þetta er tekið úr gildandi lögum um síldarmat. Vjer höfum ekki viljað, enda talið oss óviðkomandi að breyta þessu, þótt vjer eftir kunnugleika vorum álítum, að eins og nú standa sakir sje ónauðsynlegt að hafa síldarmatsmann á Austfjörðum.

Vjer höfum í 2. grein sett ákvæði um laun matsmanna, og eru þau mun hærri en þar að lútandi ákvæði í núgildandi lögum. Þetta höfum vjer álitið sjálfsagt, sökum þess, að vinna matsmannanna muni verða mun meiri eftir þessu frumvarpi en áður var. Hins vegar búumst vjer við, að ákvæði 8. greinar dragi úr þeim kostnaði, er Alþingi kynni að álíta, að slík launahækkun hefði í för með sjer, þar sem í flestum árum, og öllum meðalárum, gjald þetta mun gefa ríkissjóði meiri tekjur en útgjöld hans verða við framkvæmd síldarmatsins.

Háttvirtu alþingismenn. Ef litið er á það frumvarp, sem vjer nú biðjum yður að flytja fram á Alþingi, þá getur engum dulist það, að í frumvarpinu er stefnt einmitt í þá sömu átt, sem þegar hefir verið gert í mati á íslenskum verkuðum saltfiski, er flytja skyldi til annara landa.

Saltfisksmatið þótti í byrjun strangt og erfitt að framfylgja og fullnægja kröfum þess, en kröfunum var þó fylgt svo hart fram af þeim manni eða mönnum, er um málið skyldu sjá, að ekki varð fram hjá þeim komist, og árangurinn varð sá, sem nú er kominn á daginn, að íslenskur verkaður saltfiskur stendur nú langsamlega framar öllum öðrum fiski á þeim mörkuðum, er vjer höfum boðið vöru vora á. Þetta þarf ekki frekar að rökstyðja; ræðismenn vorra keppinauta á markaðinum hafa viðurkent þetta í skýrslum sínum til sinna yfirboðara.

Þetta sama viljum vjer nú gera við mat á íslenskri síld; vjer viljum ekki láta nokkurs ófreistað, þó með harðdrægum lagaákvæðum sje gert, til þess að vanda þá vöru, sem vjer höfum á boðstólum, svo að engir kaupendur geti vjefengt gæði hennar, viljum æskja þess, að nú yrði hjer á landi sett lög um síld-

armat, í sama anda sem keppinautar vorir á markaðinum, Skotar, Hollendingar og Norðmenn, hafa á síðari árum hallast að og leitt í lög hjá sjer.

Oss er það fullljóst, að með þessari greinargerð, er vjer látum fylgja frumvarpi voru, er engan veginn fullskýrt alt, svo sem ákjósanlegt væri, en þar til kemur, að vjer álítum frumvarp það, er vjer sendum yður, vera svo ljóst, að það mætti tala fyrir sjer sjálft, svo sem vjer og þykjumst fullvissir um, að þjer, háttvirtir alþingismenn Eyjafjarðarsýslu, munuð vera svo kunnugir síldveiðum, að þjer hæglega munduð geta fylt þær eyður, er yður fyndist vera í greinargerðinni. Sjerstaklega er oss kunnugt um, að þjer, háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga, hafið um langt árabil verið svo gagnkunnugur allri síldarútgerð og meðferð síldar í nágrenni yðar, að vjer leggjum frumvarp þetta óhultir í yðar hendur og biðjum yður að greiða fyrir því sem best.

Siglufirði, hinn 5. febrúar 1921.

Með mikilli virðingu.

Sophus A. Blöndal.	Guðm. T. Hallgrímsson.
Helgi Hafliðason.	Jón Guðmundsson.
Ole O. Tynes.	Þorst. Pjetursson.

Matthías Hallgrímsson.

(A. XLIII. 2).

Nd. **59. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Með því að svo er ákveðið af Alþingi, að sendiherra skuli skipaður í Kaupmannahöfn, getur nefndin fallist á, að rjett sje að lögfesta þetta fyrirkomulag, og telur því rjett að samþykkja frumvarpið, með skirskotun til ástæðna stjórnarinnar og ummæla hennar við fyrstu umræðu málsins í deildinni.

Alþingi, 24. febrúar 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður og framsögumaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.
Stefán Stefánsson,	Einar Þorgilsson.

Pjetur Ottesen,
með fyrirvara.

(B. III. 1).

Ed. **60. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, samkv. lögum nr. 15, 11. júlí 1911, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, er gifst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gifst á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúið var hjá honum sem árshjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til landssjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnumenskutímabilinu hafi með samþykki húsbænda sinna verið við nám vetrarmánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Á s t æ ð u r.

Um deild hinnar æfinlegu erfingjarentu segir svo í lögum um Söfnunarsjóð Íslands frá 10. febr. 1888:

»Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fje með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eftir hans dag, því að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum, eiga allir lögákveðnir erfingjar hans rjett til að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiftist frá næstu árslokum eftir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eftir þeirri tiltölu, sem fyrirskipuð er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda, og sama rjett hafa, að hverjum þeirra látnum, allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fje. Sá, sem er vaxtaeigandi að fje í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, sem höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eftir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fje þessu«.

Eins og ofannefnd ákvæði bera með sjer, fer hver upphæð í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu smám saman vaxandi, með því að helmingur vaxtanna legst jafnan við höfuðstólinn, en við fráfall hvers vaxtaeiganda skiftist upphæð sú, er honum tilheyrði, meðal allra lögákveðinna erfingja hans. Við þetta dreifist hver upphæð áður en á löngu líður til mjög margra, jafnframt því, sem hún í heild sinni fer stöðugt vaxandi.

Þrjú fjárhagstímabilin 1912—1917 nam erfðafjárskatturinn að meðaltali rúmum 10000 kr.; fyrir árið 1918 nam hann kr. 10315,98. Eftir ofanrituðu frumvarpi mundu því 10 hjú hafa árlega getað fengið 1000 kr. hlut hvert. Ef t. d. 22 ára konu hlotnast 1000 króna hlutur, og hún tæki jafnan hálfa vextina, þá mundi upphæð hennar með þeim vöxtum, sem Söfnunarsjóðurinn nú borgar, nema kr. 3099,61, er hún væri orðin sjötug, og sá helmingur vaxtanna, er hún þá fengi útborgaðan, mundi vera kr. 73,60; alls mundi hún þá vera búin að fá útborgaðar rúmar 2090 krónur. Lifði hún lengur, þá hækkar með hverju ári bæði það, sem hún fær útborgað, og það, sem hún eftirlætur erfingjum sínum.

Við fjárupphæð þá, sem alls yfir stæði í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, mundi yfirleitt bætast árlega töluvert meira af vöxtunum en helmingurinn, því sumir, sem nokkur efni hefðu, mundu eigi kæra sig um að taka neitt af vöxtunum, heldur láta þá leggjast við innstæðuna til hagnaðar fyrir erfingja sína, og enn fremur er svo ákveðið í lögum Söfnunarsjóðsins, að við innstæðuna leggist vextir, sem eigi nema 10 kr., þótt þeir annars ættu að útborgast, því engum mundi vera verulegur styrkur að svo lítilli upphæð. En framan af mundi þetta oft koma fyrir, þegar fjeð dreifist milli margra erfingja, meðan það enn væri lítið.

Nái ofanritað frumvarp fram að ganga, þá munu ekki mjög margar kynslóðir verða liðnar áður en mikill hluti landsmanna, og einkum hinir fátækari, mundu fæðast til nokkurrar eignar, sem vaxandi færi ár frá ári, og með tímanum mundi meiri hluti íslenskra heimila hafa þær tekjur af hinni æfinlegu erfingjarentu, að fátæku fólki væri verulegur styrkur að því.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mikið los er komið á yngra fólk, svo að það fæst nú naumlega til að vera í ársvinnumensku. Það virðist því full þörf á að hvetja yngra fólk til vinnumensku, og að því stefnir frumvarp þetta, þótt fjárhæðin sje fyrst um sinn takmörkuð, eða bundin að eins við hluta af erfðafjárskattinum. Þegar fjárhagur landsins yrði betri en hann er nú, mætti auka þessa fúlgu hve nær sem ástæður leyfðu. Og svo virðist, sem slík uppörfun til vinnumensku, eins og hjer um ræðir, ætti smám saman að geta breytt hugsunarhætti þeirra, sem hafa skömm á algengri vinnu og að vera í ársvinnumensku, sem áður var algengast og setti hið nauðsynlega mót staðfestunnar á unglingana.

(A. XXXVI, 3).

Nd. **61. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða (þskj. 36).

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Á eftir orðunum:

»Lög nr. 30 . . . . . Norðursýsluumboð« komi:

og Múlasýsluumboð, heldur skal forstaða þeirra framvegis sem hingað til falin umboðsmönnum, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af eftirgjöldunum.

(B. IV, 1).

Ed. **62. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 76, 28. nóv. 1919 [*Yfirsetukvennalög*].

Flutningsmenn: Guðmundur Guðfinnsson og Sigurjón Friðjónsson.

1. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, fá yfirsetukonur dýrtíðaruppbót, er greiðist úr sýslusjóði, ríkissjóði og bæjarsjóði í sömu hlutföllum og hin föstu laun þeirra, en að öðru leyti eftir þeim reglum, sem gilda um dýrtíðaruppbót presta (sbr. 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919).

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. jan. 1921.

Greinargerð.

Þegar samin voru lög um laun yfirsetukvenna árið 1919, var þeim ekki trygð nein dýrtíðaruppbót, sem barnakennarar þá fengu með lögum s. á., eins og embættismenn og yfirleitt flestir starfsmenn ríkisins. Mun það hafa verið álit ýmsra þingmanna þá þegar, að of skamt væri gengið í þá átt að bæta hag yfirsetukvennanna; og óánægja varð strax með lögin meðal ljósmæðranna, sem ekki var ástæðulaust. Mun tæplega verða litið öðruvísi á en að rjettur og hagur þeirra hafi verið fyrir borð borinn, svo að hætta sje á, að erfitt verði að fá konur til þessa starfa eftirleiðis, ef launakjörin eru ekki bætt, og því mæli bæði sanngirni og hagsýni með því, að svo verði gert.

(A. XXVII. 2).

Ed. **63. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og ástæðurnar fyrir því, og fellst eindregið á frumvarpið og greinargerð þess.

Nefndin leggur því til, að hv. efri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 26. febr. 1921.

Karl Einarsson, form.
Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

Sigurður Jónsson, framsögumaður.

(B. V. 1).

Nd. **64. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán hf. Eimskipafjelags Íslands.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Sveinn Ólafsson og Pjetur Ottesen.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á ¼ hluta veðláns, að upphæð alt að 250,000 hollensk gyllini eða jafngildi í mynt annara landa, sem hf. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á millilandaskipi, sem fjelagið er nú að láta smíða í Danmörku. Lánið endurborgist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt að minsta kosti með fyrsta veðrjetti í hinu nýja skipi.

Greinargerð.

Þegar Eimskipafjelag Íslands var stofnað og fjelagið ljet smíða fyrstu skip sín, »Gullfoss« og »Goðafoss«, þurfti það að fá lán í erlendum skipaveðbanka til þess að standast kostnað við smíði skipanna. Samdi það um lánið við Nederlandsche Scheeps-Hypotheekbank í Rotterdam, og var upphæð lánsins 400,000 gyllini. Voru bankanum veðsett bæði skipin með fyrsta veðrjetti, en auk þess setti bankinn það skilyrði, að landssjóður Íslands ábyrgðist ¼ hluta lánsins. Ástæður til þess voru bæði ókunnugleiki hins erlenda banka á Íslandi og í öðru lagi að fyrirkomulag skipanna var sniðið eftir þeim sjerstöku kröfum, sem gera verður til skipa, sem eru í förum bæði með farþega og vörur milli Íslands og útlanda, og skipin því ekki talin eins útgengileg erlendis til almennra siglinga og veðgildi þeirra því ekki eins mikið í augum bankans eins og um væri að ræða venjuleg vöruflutningaskip, sem hinir erlendu skipaveðbankar venjulega lána út á alt að 60% af verði þeirra. Eimskipafjelag Íslands leitaði því til Alþingis 1914 um þetta mál, og með lögum nr. 40, 2. nóv. 1914, var landsstjórninni veitt heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á ¼ hluta fyrgreinds láns, að upphæð 600,000 kr. Var lánið síðan tekið gegn fyrsta veðrjetti í »Gullfossi« og »Goðafossi«, sem

kostuðu samtals um 1 miljón kr., og gegn ábyrgð landsstjórnarinnar. Þegar »Goðafoss« strandaði og »Lagarfoss« var keyptur, var hann veðsettur fyrir láninu í stað »Goðafoss«, og hvílir lánið nú með 1. veðrjetti á »Gullfossi« og »Lagarfossi«, og verða eftirstöðvar þess í næsta mánuði aðeins 200,000 gyllini, eftir að búið er að greiða afborgun, sem fellur í gjalddaga í næsta mánuði.

Eins og kunnugt er, hefir Eimskipafjelagið nú í smíðum í Danmörku nýtt skip, sem verður nokkru stærra en skip þau, sem fjelagið hefir áður átt, eða um 1600 smálestir, og mun skipið kosta um 2,100,000 kr., og er búist við að það verði tilbúið í næstk. júnímánuði. Fjelagið þarf að taka lán til þess að standast kostnað við smíði skipsins, og þrátt fyrir þá miklu örðugleika, sem nú eru um allar lántökur, þá hefir fjelaginu þó tekist að gera samning við fyrnefndan banka í Rotterdam um það, að hann veiti fjelaginu nýtt lán, að upphæð 250,000 gyllini, gegn 1. veðrjetti í hinu nýja skipi og 2. veðrjetti í »Gullfossi« og »Lagarfossi«, næst á eftir ofangreindu eldra láni, sem er að eftirstöðvum 200 þús. gyllini. En bankinn gerir það enn sem fyr að skilyrði, að ríkissjóður Íslands ábyrgist $^1/_4$ hluta lánsins, og er það ástæðan til þess að frumvarp þetta er borið fram.

Með núverandi gengi á hollenskri mynt svarar lánsupphæðin tæplega til $^1/_2$ miljónar danskra króna, og nær því ekki $^1/_4$ hluta af byggingarverði hins nýja skips. Með tilliti til þessa og þegar þess er gætt, að »Gullfoss« og »Lagarfoss« verða báðir einnig veðsettir fyrir láninu, með 2. veðrjetti næst á eftir 200 þús. gyllinum, svo og þegar litið er til fjárhags fjelagsins yfir höfuð, sem mun kunnur öllum alþingismönnum af reikningum fjelagsins, þá virðist ekki geta komið til mála, að umrædd ábyrgð fyrir þessu nýja láni geti haft nokkra áhættu í för með sjer fyrir ríkissjóð, og með hliðsjón af því, hversu mikinn velvilja Alþingi ávalt hefir sýnt fjelaginu og hinnar góðu samvinnu, sem er milli fjelagsins og ríkisstjórnarinnar, ekki síst að því er snertir útgerðarstjórn landssjóðsskipanna, telja flutningsmenn sig mega vænta þess, að frumvarp þetta fái óskift fylgi í þinginu.

(C. V. 2).

Ed. **65. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m. (þingskjal 55).

Frá Karli Einarssyni.

Í stað orðanna: »3 manna nefnd« komi:

5 manna nefnd.

(A. V. 2).

Ed. **66. Nefndarálit**

um frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (stj.frv. 5).

Frá allsherjarnefnd.

Með lögum nr. 72, 28. nóv. 1919, var embættismönnum gert að skyldu að kaupa sjer lífeyri (elli- og sjúkleikatryggingu) með 5% af öllum föstum launum sínum upp að 5000 kr., í sjerstökum sjóði, er til þess var stofnaður og ríkissjóður lagði til 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Jafnframt voru þeir skyldaðir til að tryggja ekkjum sínum lífeyri (með lögum nr. 73, 28. nóv. s. á.), en látið frjálst hverjum einstaklingi, hvernig því væri fyrir komið. Þar sem nú engin innlend stofnun var til, sem ekkjutryggingarnar yrðu keyptar af, hlaut af þessu að leiða, að þær yrðu keyptar af útlendum stofnunum og að starfrækslukostnaður við tryggingarnar og sá ágóði, sem slíkar stofnanir að líkindum myndu taka, færi út úr landinu, og að tryggingarnar yrðu jafnframt embættismönnunum dýrari en ella. Til þess að ráða bót á þessu er frv. það komið fram, sem hjer ræðir um, og er aðalbreytingin frá því, sem er í því fólgin, að embættismenn kaupi ekkjum sínum lífeyri með 2% af launum sínum, í sama sjóði og þeir tryggja sjálfa sig. Þetta telur nefndin rjett og til mikilla bóta. Á hinn bóginn álítur hún, að sum atriði frv. hafi ekki verið nægilega athuguð og að sparnaðarástæður hafi ráðið meiru um sum þeirra en æskilegt hefði verið. Að takmarka iðgjaldagreiðslu og lífeyrisrjett við 5000 kr. laun virðist vera ástæðulaust, og mjög vafasamt rjettmæti þess að takmarka lífeyrisrjettinn við $^3/_4$ hámarkslauna, því eðlilega kemur það aðeins niður á þeim, sem lengi hafa verið í embætti, og að því leyti þeim, er síst skyldi. Nefndin hefir þó talið hyggilegra að gera ekki breytingartillögu við þetta síðarnefnda atriði að svo stöddu, enda getur það ekki komið til framkvæmda í nálægum tíma, og má breyta því seinna og áður en til þess þarf að taka, ef lífeyrissjóðurinn þá virðist þola það. Fyrir ekkjum embættismanna, sem eldri eru en 50 ára, þegar lög um þetta efni ganga í gildi, og ekki hafa eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, er ekki sjeð í frv., og telur nefndin það ágalla, sem hún þó ekki treystist að bæta úr. Og vafasamt álítur hún rjettmæti þess ákvæðis, að rjettur ekkju til lífeyris skuli falla niður, ef hún giftist aftur; en til þess að forðast sem mest alt það, sem frv. getur orðið til tafar, gerir hún þó ekki breytingartillögu við þetta. Á hinn bóginn telur nefndin fyrirmæli 8. og 11. gr. um uppeldisstyrk barna svo óviðunandi, að ekki verði hjá því komist að breyta þeim — svo langt hljóti að vera frá því, að sá styrkur geti nægt. Efni síðara málsliðar 8. gr. í lögum nr. 72, 28. nóv. 1919, telur hún rjettara að taka upp í frv. en að sá málsliður haldi áfram að vera sjerstök lög. Gerir nefndin því svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr.
Önnur málsgr. falli niður.

2. Við 5. gr.
Niðurlagið: »en ekki má hann þó fara fram úr 1000 kr. á ári«, falli niður.
3. Við 7. gr.
Orðin: »eða af 5000 kr., ef launin eru hærri«, í annari málsgrein, falli niður.
4. Við 8. gr.
Fyrir: »50—100 kr.« í þriðju málsgrein komi:
100—200 kr.
5. Við 10. gr.
Fyrir orðið: »ósæmilegur« í 4. tölul. komi:
svívirðilegur.
6. Við 11. gr.
Fyrir: »100—200 kr.« komi:
200—400 kr.
7. Á eftir 12. gr. komi ný gr., sem verður 13. gr., svo hljóðandi:
Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um rjettindi ekkna þeirra og barna.
8. Við 13. gr.
Orðin: »að undanskildum síðara málslið 8. gr.« falli niður.
9. 13. gr. verði 14. gr., 14. gr. 15. gr. og 15. gr. 16. gr.

Alþingi, 26. febr. 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

(B. VI. 1).

Ed. **67. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna »75 aura« í 7. gr. 1. málsgrein komi:
1 kr. 25 a.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þar sem reynslan hefir sýnt, að gjald til kirkna var sett of lágt í lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld, lítur fjárhagsnefnd svo á, að rjett sje að hækka það eins og farið er fram á í frumvarpinu, til að losa sóknarnefndir við að innheimta árlega hærra gjald en lögin ákveða, eins og víða mun nú eiga sjer stað.

Gjald þetta getur ekki talist tilfinnanlega hátt, þó að það yrði hækkað svo sem hjer er lagt til, og kemur engu ósamræmi á gildandi lög um þetta efni.

(C. VI, 1).

Ed. **68. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa nefnd til að íhuga og gera tillögur, um viðskiftamál landsins, þar á meðal sjerstaklega um viðskiftahömlur og um verslunarrekstur fyrir reikning ríkisins.

(B. VII, 1).

Nd. **69. Frumvarp**

til laga um skifting Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Jón Auðunn Jónsson.

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

Ástæður.

Söfnuðum í Ísafjarðarprestakalli er skifting þessi hið mesta áhugamál. Synodus hefir veitt henni eindregin meðmæli sín, hjeraðsfundur samþykti hana og biskup landsins er henni mjög meðmæltur.

Fólkstal í Ísafjarðarprestakalli hefir verið svo sem hjer segir:

1801	514,	þar af í	Hólssókn	244
1840	561,	— -	—	267
1860	830,	— -	—	325
1880	1292,	— -	—	346
1901	2305,	— -	—	546
1920	3783,	— -	—	935

Manntalið 1920 er að vísu ekki fullgert af hálfu Hagstofunnar.

Af þessu yfirliti sjest, að í þessu prestakalli hefir fólksfjöldinn meir en sjöfaldast á þessu tímabili. Í Hólssókn hefir hann nær því fjórfaldast, og munu ein 12—13 prestaköll á landinu vera fjölmennari en Hólssókn. Kauptúnið Bolungarvík er nú hið þriðja fólksflesta kauptúnið á landinu, utan kaupstaðanna. Þar er ein hin stærsta veiðistöð landsins, og á vorvertíðinni eru aðkomumenn þar svo hundruðum skiftir, er stunda þar fiskveiðar og aðra atvinnu. Bolungarvík er ein hin aflasælasta veiðistöð landsins, og má því búast við, að fólki haldi áfram að fjölga þar eins og að undanförnu. En hjer er á fleira að líta en fólksfjöldann einn.

Annexíuleiðin frá Ísafirði að Hóli hefir frá öndverðu verið ein hin versta annexíuleið á landinu, þótt ekki sje hún ýkja löng.

Fara má bæði á landi og sjó. Mikill hluti landleiðarinnar liggur um stórgrýtisfjöru undir snarbrattri hamrahlíð (Óshlíð). Leið þessi er á flestum tímum árs ófær nema fótgangandi mönnum, en auk þess er hún stórhættuleg fyrir líf og limu ferðamannsins, sökum grjótflugs, skriðufalla og snjóflóða úr hlíðinni. Menn hafa meiðst þar og farist af þessum orsökum, þar á meðal sóknarpresturinn á Ísafirði á öndverðri 19. öld, á annexíuferð sinni.

Sjóleiðin er allill sökum bylja og kastvinda ofan af Óshlíð, og hafa oft orðið þar skiptapar, og á vetrum er hún oft ófær tímum saman.

Meðan Hólssókn var miklu fámennari en nú er, þurfti sóknarpresturinn sjaldan að ferðast þangað nema til messugerða þriðja hvern sunnudag, og gat hann þá oft notað tækifærisbátaferðir og þannig losast við landferðina aðra leiðina. En síðan fólki fjölgaði þar svo mjög, þarfnast sóknarmenn hans mjög oft til aukaverka, sem ekki mega dragast, milli messuferða. Síðustu árin hefir sjóferðum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar fækkað mjög, bæði sökum þess, hve þær eru orðnar dýrar og svo hins, að nú eru 4 eða 5 verslanir í Bolungarvík, þar sem áður var engin. Þessum óhagkvæmu staðháttum er því nú orðið samfara geipilegur kostnaður, bæði fyrir sóknarprestinn og söfnuðinn í Hólssókn, er vitja þarf prestsins til aukaverka. Fylgdarmaður á landi kostar prestinn 40—50 krónur báðar leiðir og sjóleiðin með vjelbát 100—120 krónur fram og aftur, en um aðrar bátaferðir er vart að ræða.

Þetta er óbærilegur kostnaður fyrir embættismann í kaupstað með 2000—3000 króna launum; auk þess er landferðalagið á vetrum ekki hent nema fullhraustum mönnum.

Sóknarmenn Hólssóknar þykjast og nú orðið mjög vanhaldnir af prestsþjónustu Ísafjarðarprestsins, hversu skyldurækinn sem hann er, og söfnuðurinn í heimasókninni þykist og þurfa óskiftrar þjónustu hans, eftir því sem fólki fjölgar þar meira.

Hvergi á landinu mun prestsþjónusta vera bundin jafnmiklum erfiðleikum og kostnaði sem í Hólssókn, og kostnaðurinn fer sívaxandi, eftir því sem mannfjöldinn vex.

Skiftingin hefir að vísu nokkurn kostnað í för með sjer, en verði sóknargjöldin hækkuð, eins og nú stendur til, má gera ráð fyrir, að söfnuðirnir í Ísafjarðarprestakalli (Ísafjarðar og Hólssókn) greiði alt að 8000 kr. í prestslaunasjóð, og er það alt að 2000 kr. hærri fúlga en þarf til að launa tveimur prestum með hæstu launum.

Þetta veldur því, að söfnuðurinn leitar enn á náðir þingsins og vonar, að það líti á nauðsyn hans með því að verða við bæn hans.

(D. I. 1).

Nd. 70. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um framkvæmdir í landhelgisgæslumálinu.

Frá Pjetri Ottesen og Hákoni J. Kristóferssyni.

Hvað líður framkvæmdum stjórnarinnar í landhelgisgæslumálinu, sbr. lög nr. 78, 28. nóv. 1919, og ályktun Alþingis 1920, á þingskj. 171?

(A. XXXVIII, 2).

Ed. 71. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Vjer teljum frumvarp þetta í fullu samræmi við þingsályktun Nd. Alþingis 1919, um mat á fóðurbæti og kjarnfóðri, og álítum mikla nauðsyn til þess bera, að það verði að lögum.

Vjer leyfum oss því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Við tölul. 3. »áburðurinn« í fyrri málsgrein falli burt.
   b. — — - Í staðinn fyrir »Sje köfnunarefni í« komi: Sje hyldi í.
   c. — — 4. a. b. c. og d. Í staðinn fyrir »köfnunarefni« komi: hyldi.

2. Við 2. gr.
   a. Við 1. málsgr. Í staðinn fyrir »melasse« komi: sykurúrgangi (melasse).
   b. — tölulið 3. Í staðinn fyrir »og úr hverju það er tilbúið« komi: og úr hverju hann er tilbúinn.
   c. — — 5. Í staðinn fyrir »að svo sje eigi« komi: að svo sje ekki.
   d. — — 11. Í staðinn fyrir »fiskimjöl« komi: fiskmjöl.
   e. — — 12.a. Í staðinn fyrir »köfnunarefniskendum« komi: hyldiskendum.
   f. Næst síðasta málsgrein gr. orðist þannig:
   Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.
   Í staðinn fyrir »ábyrgist hann« í síðustu málsgrein, komi: ábyrgist seljandi.

3. Við 4. gr.
   Í staðinn fyrir »Stjórnarráðið getur í reglugerð ákveðið« komi: Stjórnarráðið ákveður í reglugerð.

4. Við 6. gr.
   Tölul. 3. Í staðinn fyrir »Stjórnarráðið getur látið gefa út eyðublöð« komi:
   Stjórnarráðið gefur út eyðublöð.

5. Við 9. gr.
   Í staðinn fyrir »10—1000 krónum« komi:
   100—2000 krónum.

Alþingi, 28. febr. 1921.

Hjörtur Snorrason, form. og ritari.	Sigurður Jónsson, framsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(B. VIII, 1).

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Andakílsá til vatnsvirkjunar.

Flutningsmenn: Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu veitist heimild til að taka eignarnámi svo nefnda Andakílsfossa í Andakílsá til rafvirkjunar fyrir sýslurnar, ásamt landspildum, eftir þörfum, til virkjunarinnar og vatnsmiðlunar í ánni og við Skorradalsvatn.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 11. nóv. 1917.

Greinargerð.

Sýslunefndirnar í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu hafa í sameiningu látið gera allmikinn undirbúning til þess að taka Andakílsfossa í Andakílsá til rafvirkjunar fyrir hjeruðin beggja megin Borgarfjarðar, svo sem mælingar, uppdrætti og áætlanir; svo og tilraunir til samninga um kaup á fossunum og nauðsynlegum rjettindum til landsnotkunar við virkjunina. Þessir samningar hafa ekki tekist og engar líkur til að þeir muni takast.

Að vísu má nú líta svo á, að heimild til eignarnámsins sje fólgin í lögum nr. 55, 22. nóvember 1907, en vegna þess að eigandi fossanna og rjettinda til landsnotkunar á nokkru af landi því, er taka þarf eignarnámi, er breskur þegn og búsettur í Lundúnum, þykir rjettara að fá sjerstaka lagaheimild til eignarnámsins.

(A. XXXI. 2).

Nd. **73. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað þetta frv. og rækilega borið það saman við athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna Lr. og svör ráðherra, og þar sem tilefni var til, við Landsreikninginn sjálfan. Hefir nefndin aðeins fundið eina

smávægilega reikningsvillu. En hvað þau atriði snertir, er einhver ágreiningur hefir verið um milli endurskoðenda og stjórnarinnar, er sjerstaklega snerta umframgreiðslur og ástæða þykir að minnast á, verður vikið að í framsögu málsins.

Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. með þessari

BREYTINGU.

Við 2. gr. B. tölul. 4. Fyrir »kr. 181,61« komi:
kr. 180,61.
Aðaltölurnar í 1. málsgr. og enda greinarinnar breytast samkv. þessu.

Alþingi, 26. febr. 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Þórarinn Jónsson, framsm.

Sveinn Ólafsson. Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

Hákon J. Kristófersson.

(A. XLVII, 2).

Nd. 74. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það, eftir atvikum, nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 28. febrúar 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari og framsm.	Þórarinn Jónsson.

Þorl. Guðmundsson. Jakob Möller. Sveinn Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

(A. XXVII, 3).

Ed. **75. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

Frá allsherjarnefnd.

1. Meginmál frv. verði 1. gr.
2. Á eftir henni komi ný 2. gr., svo hljóðandi:
   Í stað 4. gr. laganna komi:
   Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

(B. IX, 1).

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:
1. Stafafell: Stafafellssókn.
2. Bjarnanes: Bjarnaness og Einholtssóknir.
3. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðarsókn.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla, nr. 45, 16. nóv. 1907, 1. gr. III, 15. og 16.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Ástæður

fyrir máli þessu felast í brjefi því, er hjer fer á eftir.

Fylgiskjal.

SÓKNARNEFNDIN Í SKAFTAFELLSSÝSLU.

Hlíð í Lóni, 24. september 1920.

Á fjölmennum safnaðarfundi 5. þ. m. kom fram í einu hljóði sú áskorun til sóknarnefndarinnar, að hún legði það fyrir hjeraðsfund, að Stafafellssókn yrði áfram sjerstakt prestakall og mótmælti sameiningu við Bjarnanessprestakall sem ómögulegri, vegna staðhátta. — Út af þessu skorar sóknarnefndin á yður, herra prófastur, að kalla saman hjeraðsfund og leggja þetta mál fyrir hann, í því trausti að fundurinn verði við þessari kröfu safnaðarins í Stafafellsprestakalli, að samþykkja þá heitu ósk safnaðarins um að mótmæla sameiningunni og vinna að því, að Stafafellssókn verði áfram sjerstakt prestakall eins og hún hefir ávalt verið.

Vjer viljum að eins benda á það helsta, sem gerir sameininguna ómögulega:

1. Almannaskarð er svo oft ófært yfirferðar að vetrarlagi, að ómögulegt er að fara yfir það með hesta, og gangandi mönnum ekki fært stundum nema í góðu veðri, fleirum saman; enda eru mörg dæmi þess, að menn hafa orðið frá að hverfa að komast þar leiðar sinnar, og oft hafa þar slys orðið, menn og hestar hrapað til meiðsla eða bana; oftast er það ekki fært nema frískum og liðugum mönnum, nema margir sjeu saman, til hjálpar þeim, sem stirðir eru eða óvanir slíkum fjallvegi. Auk þess er fjarska illviðrasamt á þessum stað og langt bæja milli.
2. Jökulsá er mjög slæm torfæra, og sandur sá, er hún rennur um, 10—12 kílómetra langur; er þar mjög villugjarnt, því engar eru þar stikur eða glögg kennileiti til að fara eftir. Jökulsá verður í leysingum á vetrum stundum ófær dögum saman.

Allir kunnugir menn eru sammála um það, að þessar torfærur geri sameiningu Stafafells og Bjarnanessprestakalla ómögulega, og að slík sameining varð að lögum, hefir valdið fullkominn ókunnugleiki þingsins. Eigi þessi söfnuður ekki að fara á mis við prestsþjónustu mestan tíma ársins, verður að fá lögunum breytt og Stafafellssókn að vera sjerstakt prestakall.

Að hjeraðsfundurinn vinni að því að bera þetta mál fram til sigurs, samkvæmt heitustu óskum safnaðarins, er von vor og traust.

Virðingarfylst

Stefán Jónsson. Sigjón Bjarnason. Davíð Sveinsson.

Til prófastsins í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

(B. X, 1).

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um biskupskosningu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðiskennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $^3/_5$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fekk atkvæðin og kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

Á s t æ ð u r.

Á síðasta þingi var borið fram frumvarp um biskupskosningu; var því vísað til stjórnarinnar með þeirri áskorun, að hún ljeti leggja það fyrir Synodus og hjeraðsfundi. Þetta hefir biskup landsins gert.

Í ástæðum frumvarpsins var þess getið, að hjer væri að ræða um upptöku gamals og góðs siðar frá blómaöld kristninnar hjer á landi, en sem hefði löngu síðar lagst niður af völdum erlendrar stjórnar. Saga málsins var þar og í flutningi málsins nokkuð rakin.

Biskupskosning er lögtekin í 3 nágrannalöndum vorum, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og er á döfinni í Danmörku. Ber það til þessarar löggjafar, að kirkjan óskar að fá þá hlutdeild í stjórn sinni, sem samrýmst getur sambandi hennar við ríkið, og verður að telja þá ósk sanngjarna og eðlilega í alla staði.

Hjer á landi er söfnuðunum veittur rjettur til að kjósa presta sína, vígslubiskuparnir eru skipaðir samkvæmt tillögum prestastjettarinnar og prófastarnir sömuleiðis. Er frumvarpið í fullu samræmi við þetta fyrirkomulag.

Synodus var málinu fylgjandi, en breytti frumvarpinu í þá átt, að biskup skyldi kosinn af kjörmönnum, einum kosnum af prestunum í hverju prófastsdæmi, og einum af guðfræðisdeild háskólans, eða 21 manni alls. Ríkissjóður átti að greiða ferðakostnað kjörmanna á kjörfund og annan kostnað við fundarhaldið.

Þessi aðferð er allfyrirhafnarmikil og kostnaðarsöm.

Frá 13 hjeraðsfundum eru svör komin; eru 11 fylgjandi frumvarpinu, en 2 af þeim vilja hafa svipað fyrirkomulag á kosningunni og Synodus, þó nokkuð umfangsminna. En 2 hjeraðsfundir vilja una við hið núverandi fyrirkomulag.

Frumvarp þetta er að nokkru leyti sniðið eftir samskonar löggjöf fyrnefndra landa, en þó haldið þeirri meginreglu frumvarpsins í fyrra, að meiri hluti atkvæða prestastjettarinnar ráða mestu um veitingu biskupsembættisins; er það í fullu samræmi við Synodus og meiri hluta hjeraðsfundanna.

Frekari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í flutningi þess í deildinni.

(B. XI, 1).

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um læknaskipun í Reykjavík.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

Hjeraðslæknisembættið í Reykjavík skal lagt niður. Í stað hjeraðslæknis skulu skipaðir tveir embættismenn: heilbrigðisstjóri og sóttvarnalæknir.

2. gr.

Heilbrigðisstjóri skal hafa á hendi öll skyldustörf, sem á hjeraðslæknum hvíla, önnur en þau, sem þeim eru á herðar lögð samkvæmt lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. En óleyfilegt skal honum að fást við almenn læknisstörf (praxis). Hann hefir sömu yfirsókn sem hjeraðslæknirinn í Reykjavík hefir haft hingað til.

Enn fremur skal honum skylt að gegna læknisstörfum í farsóttahúsi Reykjavíkurbæjar, veita læknisnemum tilsögn í farsóttafræði og kenna heilbrigðisfræði við læknadeild háskólans, ef þessa verður krafist af honum.

3. gr.

Sóttvarnalæknir hefir að gegna þeim skyldum, sem hjeraðslæknum eru á herðar lagðar samkvæmt lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Auk þess er honum skylt, án sjerstaks endurgjalds, að rannsaka öll þau aðkomuskip, sem að landi koma í Reykjavíkurhjeraði, og annast læknisstörf í sóttvarnahúsi ríkisins í Reykjavíkurkaupstað, þegar þess gerist þörf.

4. gr.

Embættismenn þessir skulu taka laun sín úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Aukatekjur þær af skipum, sem hingað til hafa runnið til sóttvarnalæknisins í Reykjavík, skulu framvegis renna beint í ríkissjóð.

5. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins setur með erindisbrjefi nánari ákvæði um starfsvið þessara embættismanna.

Greinargerð.

Um greinargerð vísast til bls. 29 í áliti berklaveikisnefndarinnar.

(B. XII, 1).

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein 12. greinar laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heilbrigðisstjórinn og sóttvarnalæknirinn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 4500 krónur á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 500 krónur, upp í 6000 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnsnemma og lög um læknaskipun í Reykjavík komast til framkvæmda.

Greinargerð.

Um greinargerð vísast til bls. 32 í áliti berklaveikisnefndar.

(B. XIII, 1).

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

Fjórða málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í læknadeildinni eru 3 prófessorar, 1 dósent og 1 aukakennarar. Aukakennarar eru: Holdsveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, sem styrks njóta úr ríkissjóði. Aukakennarar eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

2. gr.

Lög nr. 34, 26. október 1917, um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi taka gildi um leið og lög um læknaskipun í Reykjavík koma til framkvæmda.

Greinargerð.

Um greinargerð vísast til bls. 34 í áliti berklaveikisnefndarinnar.

(A. XVIII. 2).

Ed. **81. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip (stjórnarfrv.).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á eitt sátt um það, að ákvæði þess, svo langt sem þau ná, sjeu til bóta. Samanborið við frumvarp það, er sjávarútvegsnefnd bar fram í Nd. Alþingis 1917 og afgreitt var á því þingi með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að stjórninni var falið að undirbúa málið, fer frumvarp þetta lengra sjerstaklega í því atriði að fella burt alla sjálfsábyrgð

og þá einnig að sjálfsögðu gagnkvæma ábyrgð. Þessi breyting er að mörgu mjög ísjárverð, en hins vegar virðist trygt eftirlit og framkvæmd ákvæða 7. gr. laganna frá 1909, þegar veruleg ástæða liggur fyrir hendi, ætti að geta dregið úr þeirri hættu, sem af breytingu þessari stafar fyrir fjelagið.

Tvær breytingartillögur við frumvarpið vill nefndin bera fram, og er það gert til að leiðrjetta villur, sem munu hafa slæðst inn í frumvarpið, og er önnur þeirra prentvilla. Hin fyrri breytingartillaga við 5. gr. frv. miðar að því að nema burt ákvæðið um það, að tjón, sem eigi nemi 2% af vátryggingarupphæðinni, skuli ekki bætt nema eins standi á og um getur undir a-lið þeirrar greinar, enda sjest af athugasemdunum um þetta við frumvarpið, og forstjóri samábyrgðarinnar er sömu skoðunar, að þetta var og meining þeirra, er sömdu frumvarpið.

Nefndin hefði nú raunar óskað, að stjórnin hefði sjeð sjer fært að gera vátryggingarfjelag þetta víðtækara en ætlast er til eftir frumvarpinu, því ekki er hægt að neita því, að skip þau, er aðallega eru trygð í því og verða, ef frv. þetta verður að lögum, eru meiri hættu undirorpin en þau skip, hin stærri flutningaskip og botnvörpuskipin, sem tæplega munu þar trygð meðan fjelagið er ekki gert öflugra.

Nefndin leggur til við háttv. deild, að frumvarpið nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Stafliður a. orðist svo:
   Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eigum, vátrygðum í Samábyrgðinni, endurgreiðist að fullu.
2. Við 7. gr. Fyrir »gerðardóm« komi:
   gerðardómi.

Alþingi, 1. mars 1921.

Björn Kristjánsson, form.	Karl Einarsson, skrifari og framsm.	Einar Árnason.

(A. XLVII, 3).

Nd. **82. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. 8. lið.
Í stað »60 aurar« komi:
30 aurar.

(B. XIV, 1).

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um húsnæði í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

Með reglugerðinni má óheimila að leigja íbúðir eða einstök herbergi í bænum, án leyfis þar til settrar nefndar, öðrum en þeim, sem löglega dvöl hafa átt í bænum næsta ár á undan eða verið fluttir til bæjarins áður en reglugerðin öðlaðist gildi.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, þó eigi síðar en eftir 4 vikur, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið og samþykt af bæjarstjórn Reykjavíkur, og bera flutningsmenn það fram samkvæmt tilmælum hennar, en áskilja sjer óbundnar hendur um efni þess.

Bæjarstjórnin hefir haft húsnæðismálið í bænum til athugunar um langan tíma, og sjerstaklega það atriði, hvort ráðlegt væri að afnema húsaleigulögin. Er hún þeirrar skoðunar, að ekki geti komið til tals að afnema lögin, eins og nú horfir við, nema önnur ákvæði komi í staðinn viðvíkjandi leigu á íbúðum

og hámarki húsaleigu, og er bæjarstjórnin sammála um, að heppilegast muni að setja þessi ákvæði með reglugerð, sem breyta megi hve nær sem kringumstæður breytast og æskilegt þykir að breyta reglum um þessi atriði.

Borgarstjóri telur æskilegt, að frv. þetta gæti orðið afgreitt sem lög frá Alþingi svo fljótt, að reglugerð, sem sett yrði samkvæmt þeim, geti öðlast gildi síðari hluta marsmánaðar, þar sem hann býst við, að með reglugerðinni verði heimiluð uppsögn á húsnæði með 6 mánaða fyrirvara, en flutningsdagur er 1. október, og þyrftu því uppsagnir að fara fram fyrir 1. apríl.

(B. XV, 1).

Nd. 84. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 49, frá 30. nóv. 1914.

Flutningsm.: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

3. gr. laga nr. 19, frá 30. nóvember 1914, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, orðist þannig:

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, ef þeir eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi. Þó getur enginn neytt kosningarrjettar, ef hann stendur í skuld fyrir skattgjaldi til bæjarsjóðs, og skal kjörstjórn, þrem dögum áður en kosning fer fram, strika út af kjörskrá nöfn þeirra kjósenda, sem svo er ástatt um. En sýni þeir á kjördegi skilríki fyrir að þeir hafi greitt skuld sína, skal þeim leyft að kjósa.

Gift kona hefir kosningarrjett, þó hún sje ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrjett hefir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og samþykt af bæjarstjórn Reykjavíkur, og bera flutningsmenn það fram samkvæmt tilmælum hennar, en áskilja sjer óbundnar hendur um efni þess.

Nýmælin í frv. eru þau aðallega, að þeginn sveitarstyrkur svifti menn ekki kosningarrjetti nje kjörgengi til bæjarstjórnar, og að þeim kjósendum verði varnað að neyta kosningarrjettar síns, sem standa í skuld fyrir skattgjaldi til bæjarsjóðs. Ástæður bæjarstjórnarinnar fyrir fyrnefndu breytingunni eru þær, að allur þorri þeirra manna, sem nú orðið þiggja sveitarstyrk, geri það vegna barnafjölda, veikinda eða annars slíks, sem eigi rjettlæti það að þiggjandi sje gerður rjettlægri en aðrir borgarar. Ástæðurnar fyrir síðarnefndu breytingunni eru

taldar þær, að eðlilegt sje að sá, sem lætur fyrir farast að inna af hendi skyldu sína við bæjarfjelagið, skattgreiðsluna, missi fyrir það rjettar síns, og að ákvæðið muni vera hagkvæmt til þess að flýta fyrir greiðslu bæjargjalda, en bæjarsjóði mikil nauðsyn, að greiðsla á gjöldum til hans dragist sem minst fram yfir gjalddaga.

Rjett þykir að geta þess, að ágreiningur er innan bæjarstjórnarinnar um þetta frumvarp.

(A. XLVII, 4).

Nd. **85. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Við 1. gr.

8., 9. og 10. tölulíður falli burt. Liðatalan breytist samkvæmt því.

Til vara.

8. og 9. tölulíður orðist svo:

8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.

9. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.

(B. XV, 2).

Nd. **86. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, frá 3. nóv. 1914.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. Í stað »25 ára« í 2. málsgrein komi:
   21 árs.
2. Orðin »Þó getur enginn .....« til enda málsgreinarinnar falli burt.

(A. XXVII, 4).

Ed. **87. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

(A. V. 3).

Ed. **88. Frumvarp**

til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim saman lögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög. nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem eldri er en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur, halda þeim rjetti.

Í viðbót við líffjeð getur konungur veitt ekkju 100—200 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burt:

1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líflje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er svívirðilegur.

Er ekkja missir líffje, af því hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem rjettur til líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig, að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 200—400 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um rjettindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, og lög nr. 73, 28. nóv. 1919, um ekkjutrygging embættismanna.

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

16. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

(B. XVI, 1).

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í síðari hluta júnímánaðar og skattur þá lagður á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því er áður segir.

Enn fremur getur bæjarstjórn ákveðið niðurjöfnun samkv. 19. gr. 2. málsgr., og skal sá skattur á fallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar, sem hefir samþykt það á fundi 3. febr. síðastl. með samhljóða atkvæðum.

Nánari greinargerð verður gerð við framsögu málsins.

(B. XVII, 1).

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygð er í brunabótasjóði, nemi aldrei meiru en $^1/_3$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Lög þessi takmarka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir $^5/_6$ alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 kr. húseign og meiri eða lausafje, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir »fari eigi fram úr 6000 kr.« í 4. gr. laganna komi:
fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir »þó hærra verði nemi en 6000 kr.« í 5. gr. laganna komi:
þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir 1 kr. á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna: »Nú er hús veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum« í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $^5/_6$ hluta allra hibýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

10. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

Á s t æ ð u r.

Eins og kunnugt er hefir verðgildi peninga rýrnað stórkostlega síðustu árin. Það er því svo komið, að stærri sveitabæir verða ekki vátrygðir í brunabótasjóðum sveitarfjelaganna, vegna þess að virðingarverð þeirra fer yfir 6000 kr. Sanngirni virðist líka mæla með því, að sveitamenn fái að vátryggja lausafje sitt með sæmilegum kjörum, eins og kaupstaðabúar eiga nú kost á.

(A. XXVII, 5).

Ed. **91. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs (þingskjal 87).

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 2. gr. frumvarpsins komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við vornámsskeiðin, annaðhvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

(B. XVIII, 1).

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt öllum mannvirkjum og byggingum, er á landspildunni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 4000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Árna E. Árnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæm samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Bolungarvíkurmalir eru einstakra manna eign. Á þeim hvílir sú kvöð, að almenningur á þar frjálst skipsuppsátur gegn umsömdum vertolli. Malirnar eru löng strandlengja fyrir opnu hafi, og lending því nær jafnill á þeim öllum. Á þessu hefir þó orðið allmikil breyting síðan brimbrjóturinn var bygður. Þó bygging hans sje enn ekki svo langt komið sem æskilegt væri, er hann þegar orðinn mikil lendingarbót; hefir innanvert við hann myndast á nokkru svæði allgott var fyrir brimi og hafsjó. Á svæði þessu hafa verið reist hús og byggingar, svo nærri sjónum, að örugt uppsátur er þar ekki, að sögn hreppsnefndarinnar, í haust- og vetrarbrimum nema fyrir 6 vjelbáta. Tilætlun hreppsnefndarinnar með eignarnáminu er, að hreppurinn fái landspildu þessa til eignar og umráða og lendingin verði bætt svo á þessu svæði, að hún nægi öllum bátaútvegnum í Bolungarvík, að minsta kosti á haust- og vetrarvertíðinni. Á vorvertíðinni, þegar bátafjöldinn er margfalt meiri, hefir almenningur vjelbáta sína á floti milli sjóferða.

Að öðru leyti vísast til umsagnar hreppsnefndarinnar í brjefi hennar til þingsins, dagsettu 7. febrúar þ. á., sbr. neðanprentað fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Tilgangurinn með beiðni þessari er sá, að tryggja sem best að brimbrjóturinn geti komið að fullum notum fyrir útveginn og almenning yfir höfuð. Eins og nú er ástatt hafa 6 bátar uppsátur á þessu svæði, og fleiri geta ekki komist að vegna húsa og annara mannvirkja. Ef hreppurinn eignaðist landið, myndi hann bæta lendinguna, svo að 12—15 bátar gætu haft fast uppsátur á svæðinu næst fyrir innan brimbrjótinn, eða á sama svæðinu og nú þarf fyrir 6—7. Að því loknu er áformað að færa burtu hús, sem bygð hafa verið of nærri sjónum til þess að hægt sje að setja upp tvöfalda röð af bátum þegar brimasamt er og ilt að lenda fjær brjótnum. Þegar húsin hafa verið færð burtu og tæki til að setja bátana komin í staðinn, gætu allir bátar, sem hjeðan ganga, fengið að lenda í skjóli við brimgarðinn. Verbúðum og öðrum húsum, sem nauðsynleg eru til útgerðarinnar, mundi verða komið fyrir sem haganlegast á þeim hluta lóðarinnar, er fjærst liggur sjónum. Alt þetta þarf að gera til þess að útvegurinn geti notað sem best skjól það, sem brimbrjóturinn myndar, en það verður tæplega gert á annan hátt en þann, að hreppurinn fái einn fullkominn eignar- og umráðarjett á landspildu þeirri, sem hjer er um að ræða.

Virðingarfyllst.

Bolungarvík, 7. febrúar 1921.

F. h. hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Jón J. Fannberg,
oddviti.

(B. XIX, 1).

Ed. **93. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Mosfellshreppur skulu vera eitt læknishjerað, sem nefnist Kjalarnesshjerað, með læknisaðsetri á Kjalarnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hjeraðsbúa í þessum sveitum og fyrir eindregnar og marg-ítrekaðar bænir þeirra til Alþingis um að láta ekki lengur dragast að bæta úr læknisþörf þeirra. Að öðru leyti eru ástæður þessa máls hinu háa Alþingi kunnar. Að eins skal enn minst á það, sem áður hefir verið bent á í flutningi málsins á þingi, að eftir læknaskipunarlögunum 13. okt. 1899 höfðu þessar sveitir sjerstakan lækni, en voru sviftar honum með lögum 16. nóv. 1907, og hafa sjerstaklega Kjósarmenn og Kjalnesingar frá upphafi mótmælt þeirri meðferð. Nú er þeim ætlað að vitja læknis til Hafnarfjarðar, sem má heita sama sem að þeir hafi engan lækni. Til mála kemur varla annað en að leita læknа frá Reykjavík, þó að einnig sje það erfitt og kostnaðarsamt, en þar er enginn læknir skyldur til að sinna þeim, og þá ekki bundinn við taxta, sem búast má við, að geri læknisvitjunina enn dýrari. Til samanburðar skal tekið fram, að íbúatala í þessum sveitum var eftir manntalinu 1910 947 manns, og er það hærri íbúatala en þá var í 11 læknishjeruðum landsins.

(A. XXXII, 2).

Ed. **94. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun rjúpna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst eindregið á frumvarpið og leggur til, að háttvirt deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir 1. gr. komi svo hljóðandi grein, sem verði 2. gr.

Frá árinu 1922 sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. 2. gr. verði 3. gr. og 3. gr. verði 4. gr.

Alþingi, 3. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Jónsson.

(A. XXXI. 3).

Nd. **95. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1918 og 1919, veitast kr. 2243028,22 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við giöldin í 9. gr. veitast kr. 104584,03.

A. Æðsta stjórn landsins.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1919	kr.	10915,75		
— —	4.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	29329,20		
— —	—	—	1919	—	27077,74		
— —	5.	Ríkisfjehirðisstörf	1918	—	1667,64		
— —	—	—	1919	—	1679,30		
— —	7.	Umbætur og viðhald	1918	—	6939,80		
— —	—	—	1919	—	12076,66	kr.	89686,09

B. Hagstofa Íslands.

Við tölulið	3.	Pappír og prentun	1918	kr.	2559,35		
— —	—	—	1919	—	6230,52		
— —	4.	Prentun eyðublaða	1918	—	180,61		
— —	5.	Húsaleiga o. fl.	—	—	1710,26		
— —	—	—	1919	—	2598,44		
— —	6.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	109,05		
— —	—	—	1919	—	1509,71	kr.	14897,94
					Samtals A—B.	kr.	104584,03

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 158754,58.

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við tölulið	4.	Hegningarhúsið	1918	kr.	3355,09				
— —	—	—	1919	—	10040,88				
— —	5.	Sakamálakostnaður o. fl. ...	1918	—	5482,35				
— —	—	— ...	1919	—	6555,88	kr.	25434,20		

B. Ymisleg útgjöld.

Við tölulið	1. a.	Útgáfa Stjórnartíðinda ...	1918	kr.	450,00				
— —	—	— ...	1919	—	450,00				
— —	1. b.	Pappír og prentun ...	1918	—	7810,32				
— —	—	— ...	1919	—	12714,64				
— —	2. a.	Burðareyrir embættismanna	1918	—	7906,03				
— —	—	—	1919	—	12706,32				
— —	2. b.	Embættissímskeyti ...	1918	—	47729,72				
— —	—	— ...	1919	—	30047,54				
— —	3.	Brunaábyrgðargjald o. fl. ...	1918	—	2639,47				
— —	—	— ...	1919	—	5224,62				
— —	4.	Eftirlitsferðir	1918	—	3921,44				
— —	—	—	1919	—	1236,73				
— —	8.	Yfirskattanefndir o. fl. ...	—	—	483,55	kr.	133320,38		
					Samtals A—B	kr.	158754,58		

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 437976,47.

Við tölulið	11.	Röntgenstarfræksla ...	1918	kr.	6135,00				
— —	—	— ...	1919	—	1000,00				
— —	14.	Holdsveikraspítalinn ...	1918	—	64921,03				
— —	—	— ...	1919	—	67124,05				
— —	16.	Geðveikrahælið á Kleppi ...	1918	—	29858,88				
— —	—	— ...	1919	—	58337,02				
— —	17.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1918	—	112289,31				
— —	—	—	1919	—	97216,56				
— —	18. g.	Heilbrigðiseftirlit	—	—	1094,62	kr.	437976,47		

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 866699,21.

A. Póstmál.

Við tölulið	2.	Póstflutningur	1918	kr.	6810,49				
— —	3. a.—b.	Skrifstofukostnaður	—	—	4435,51				
— —	—	—	1919	—	762,45				
— —	3. e.	Önnur gjöld	—	—	30186,92	kr.	42195,37		
					Flyt	kr.	42195,37		

							Fluttar kr.	42195,37
			B. Vegabætur.					
Við	tölul.	I. 1. b.	Ferðakostnaður o. fl.	1918	kr.	269,08		
—	—	I. 2.	Verkfróðra aðstoð ...	—	—	1793,02		
—	—	—	— ...	1919	—	6216,80		
—	—	I. 3.	Skrifstofukostnaður	1918	—	1418,72		
—	—	—	—	1919	—	2052,88		
—	—	I. 4.	Eftirlit með vegum	1918	—	95,08		
—	—	II. 1.	Húnvetningabraut ...	—	—	30365,38		
—	—	—	—	1919	—	36834,19		
—	—	II. 3.	Grímsnessbraut ..	1918	—	9449,95		
—	—	II. 6.	Viðhald flutningabrauta	—	—	9240,80		
—	—	—	—	1919	—	15709,94		
—	—	III. 10.	Vegagerð frá Ljá ...	—	—	5196,76		
—	—	III. 11.	Aðrar vegabætur og viðhald	1918	—	20438,06		
—	—	—	—	1919	—	8835,73		
—	—	V.	Áhöld	—	—	9901,30		
—	—	VII.	Brú á Austur-Hjeraðsvötn	1918	—	43362,37		
—	—	—	—	1919	—	184,61	kr.	201364,67
			C. Samgöngur á sjó.					
Við	tölul.	II. 1.	Faxaflóaferðir	1918	kr.	3000,00		
—	—	—	—	1919	—	20571,43		
—	—	II. 5.	Langanessbátur ...	1918	—	12000,00		
—	—	—	—	1919	—	12000,00	kr.	47571,43
			D. Símasamband.					
Við	tölul.	II.	Til viðauka símakerfa	1918	kr.	14805,01		
—	—	—	—	1919	—	15887,16		
—	—	IV. 1. a.	Laun landssímastjóra	—	—	3000,00		
—	—	IV. 2.	Laun símaverkfræðings	—	—	1100,00		
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1918	—	3816,87		
—	—	—	—	1919	—	4136,76		
—	—	IV. 4.	Ritsímastöð Reykjavíkur	1918	—	31407,45		
—	—	—	—	1919	—	38985,21		
—	—	IV. 5.	Þráðlausstöð í Reykjavík	1918	—	784,56		
—	—	—	—	1919	—	3614,64		
—	—	IV. 6.	Áhalda- og efnisvörður	—	—	609,50		
—	—	IV. 7.	Ritsímastöð á Akureyri	1918	—	3771,06		
—	—	—	—	1919	—	9176,76		
—	—	IV. 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	1918	—	4084,92		
—	—	—	—	1919	—	9909,36		
—	—	IV. 9.	Ritsímastöð á Ísafirði	1918	—	3632,20		
—	—	—	—	1919	—	6153,06		
				Flyt	kr.	154874,52	kr.	291131,47

				Fluttar	kr.	154874,52	kr.	291131,47
Við	tölul.	IV. 10.	Símastöð á Borðeyri	1918	—	1587,48		
—	—	—	—	1919	—	4062,41		
—	—	IV. 11.	Símastöð í Hafnarfirði	1918	—	742,81		
—	—	—	—	1919	—	1844,15		
—	—	IV. 12.	Símast. í Vestm.eyjum	1918	—	709,05		
—	—	—	—	1919	—	1162,57		
—	—	IV. 13.	Aðrar stöðvar	1918	—	14035,73		
—	—	—	—	1919	—	23752,94		
—	—	V.	Eyðublöð, prentun o.fl.	1918	—	26432,07		
—	—	—	—	1919	—	38248,65		
—	—	VI.	Viðbót og viðhald stöðva	1918	—	6906,47		
—	—	—	—	1919	—	23735,22		
—	—	VII.	Ferðalög vegna starfrækslu	1918	—	4438,25		
—	—	—	—	1919	—	3573,88		
—	—	VIII.	Viðhald landssímanna	1918	—	68088,75		
—	—	—	—	1919	—	63547,43		
—	—	IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	—	—	97,44		
—	—	X.	Loftskeytastöð í Flatey	—	—	19970,37	kr.	457810,19

E. Vitamál.

Við	tölul.	I. a.	Laun vitamálastjóra	1919	kr.	3000,00		
—	—	I. b.	Verkfræðings aðstoð	—	—	1366,66		
—	—	I. c.	Skrifstofuhald	1918	—	1843,68		
—	—	—	—	1919	—	2223,16		
—	—	I. d.	Ferðakostnaður ...	1918	—	637,63		
—	—	III.	Rekstrarkostnaður vita	—	—	26845,18		
—	—	—	—	1919	—	30194,03		
—	—	IV. a.	Akranesviti	1918	—	14030,86		
—	—	IV. d.	Gerðatangaviti ...	—	—	2922,82		
—	—	V.	Sjómerki	—	—	1581,58		
—	—	—	—	1919	—	1490,71		
—	—	VI.	Ýmislegt	1918	—	22899,26		
—	—	—	—	1919	—	8721,98	kr.	117757,55
					Samtals A—E		kr.	866699,21

6. gr

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 121870,94.

A. Kirkjumál.

Við	tölul.	b. 2.	Bráðabirgðauppbót brauða	1919	... ...	kr.	250,00

B. I. Háskólinn.

Við	tölul.	c. 3.	Kennari í efnafræði	1919	kr.	240,00		
—	—	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1918	—	450,00		
				Flyt	kr.	690,00	kr.	250,00

				Fluttar	kr.	690,00	kr.	250,00
Við tölul.	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1919	kr.	750,00		
— —	i.	Líffærameinfræða rannsókn	—	—	630,55		
— —	j.	Eldiviður, ljós og ræsting	1918	—	6323,82		
— —	-	—	1919	—	10079,79		
— —	k. 3.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	2323,87		
— —	—	—	1919	—	4802,12	kr.	25600,15
		B. II. Mentaskólinn.					
Við tölul.	c. 2.	Eldiviður, ljós o. fl. ...	1918	kr.	7126,27		
— —	—	— ...	1919	—	5044,53		
— —	c. 3.	Skólahús utan og innan ...	1918	—	361,28		
— —	—	— ...	1919	—	581,17		
— —	c. 5.	Tímakensla og prófdómendur	—	—	1118,75		
— —	c. 9.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	70,41		
— —	—	—	1919	—	262,77	kr.	14565,18
		B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.					
Við tölul.	b. 3.	Bækur og kensluáhöld ...	1919	kr.	878,83		
— —	b. 5.	Eldiviður og ljós	1918	—	5076,86		
— —	—	—	1919	—	5893,83		
— —	b. 9.	Ýmisleg útgjöld	—	—	805,00	kr.	12654,52
		B. IV. Kennaraskólinn.					
Við tölul.	b. 3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	849,07		
— —	—	—	1919	—	768,29		
— —	b. 6.	Viðhaldskostnaður	—	—	144,02		
— —	b. 7.	Ýmisleg útgjöld	—	—	760,53	kr.	2521,91
		B. V. Stýrimannaskólinn.					
Við tölul.	b. 1.	Tímakensla	1918	kr.	915,90		
— —	—	—	1919	—	5591,00		
— —	b. 2.	Áhaldakaup	1918	—	656,46		
— —	b. 3.	Eldiviður og ljós	—	—	111,43		
— —	—	—	1919	—	6213,88		
— —	b. 4.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	313,48		
— —	—	—	1919	—	986,08	kr.	14788,23
		B. VI. Vjelstjóraskólinn.					
Við tölul.	b.	Tímakensla	1918	kr.	1200,00		
— —	—	—	1919	—	1800,00		
— —	c.	Húsnæði m. m.	1918	—	139,46		
— —	—	—	1919	—	1300,00		
— —	d.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	250,00	kr.	4689,46
						Flyt kr.	75069,45

							Fluttar	kr.	75069,45
			B. VII. 1. Bændaskólinn á Hólum.						
Við tölul.		b.	Aðstoðarkensla	1919	kr.	150,00			
—	—	c.	Smíði og dráttlist	1918	—	300,00			
—	—	d. 2.	Kensluáhöld	1919	—	80,64			
—	—	d. 3.	Eldiviður og ljós	1918	—	1625,00			
—	—	—	—	1919	—	5921,81			
—	—	d. 4.	Kaup á stórgripavog ...	—	—	405,00			
—	—	d. 5.	Ýmisleg útgjöld	—	—	2123,15	kr.	10605,60	
			B. VII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.						
Við tölul.		d. 3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	1186,27			
—	—	—	—	1919	—	3614,52			
—	—	d. 4.	Ýmisleg útgjöld	—	—	108,68	kr.	4909,47	
			B. XI. Yfirsetukvennaskólinn.						
Við tölul.	2.	b.	Annar kostnaður	1918	kr.	479,56			
—	—	—	—	1919	—	118,40			
—	—	3.	Styrkur til námskvenna ...	1918	—	6070,00			
—	—	—	—	1919	—	9340,00			
—	—	4.	Húsaleiga o. fl.	1918	—	254,00			
—	—	—	—	1919	—	20,00	kr.	16281,96	
			B. XIII. Almenn barnafræðsla.						
Við tölul.	1.		Til barnaskóla	1919	kr.	656,12			
—	—	5.	Prófdómarar	1918	—	1150,26			
—	—	—	—	1919	—	2443,08	kr.	4249,46	
			B. XVI. Daufdumbrakensla.						
			Kenslukostnaður	1918	kr.	5070,00			
			—	1919	—	5685,00	kr.	10755,00	
							Samtals A—B	kr.	121870,94

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 32565,38.

Við tölul.	2.		Þjóðskjalasafnið:						
—	—	2. c.	Til að binda inn skjöl m. m.	1919	kr.	... ...	kr.	202,50	
—	—	5.	Landsbókasafnshúsið:						
—	—	5. a.	Eldiviður, ljós o. fl.	1918	—	3263,33			
—	—	—	—	1919	—	19700,00			
—	—	5. c.	Viðhald og áhöld	1918	—	3722,79			
—	—	—	—	1919	—	2256,76	kr.	28942,88	
—	—	15.	Dómasafn	1918	—	1460,00			
—	—	21. f.	Listasafnshús	1919	—	1500,00			
—	—	28.	Mýrarannsókn m. m.	1918	—	460,00	kr.	3420,00	
							Samtals	kr.	32565,38

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 50817,36.

Við tölul.	5.	Rannsókn vatnsvirkja	1919	kr.	370,40		
— —	6.	Miklavatnsmýraráveita ...	—	—	147,52		
— —	7.	Kaup á skurðgröfu	—	—	32558,27		
— —	10. b.	Laun skógarvarða m. m. ...	1918	—	7000,00		
— —	23. b.	Ferðakostn. fiskimatsmanna	1919	—	673,10		
— —	25. b.	Ferðak. ullarmatsmanna ...	1918	—	184,15		
— —	—	— ...	1919	—	2444,65		
— —	29.	Eftirlit með áfengiskaupum	1918	—	352,12		
— —	—	—	1919	—	1187,99		
— —	38.	Brimbrjótur í Bolungarvík	—	—	5899,16	kr.	50817,36

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast kr. 469760,25.

Óviss útgjöld	1918	kr.	245846,56	
—	1919	—	185726,55	
Greiðslur samkv. landsreikningi upp á væntanlega aukafjárveitingu	—	—	38187,14	kr. 469760,25

(A. XXXVIII, 3).

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 500 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin, og hvílir þá á honum sönnunarskyldan um það, að varan hafi fullnægt þeim skilyrðum, er um var samið munnlega.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver er. Bendi

nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.

4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:
   a. Köfnunarefni í saltpjeturssýru.
   b. Köfnunarefni í ammoniaki.
   c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum.
   d. Köfnunarefni í cyanamíði.
   e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
   f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citrónsýru.
   g. Kalí, leysanlegt í vatni.
   h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
   i. Gibs, (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbjefum og auglýsingum má eigi nota önnur orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Þegar verslað er með fóðurbæti, svo sem korntegundir, olíukökur, sykurúrgang (melasse), síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskírteini, þar sem tilgreindar sjeu þessar upplýsingar:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar fóðurbætisins.
3. Nafn fóðurbætisins og úr hverju hann er tilbúinn.
4. Sje fóðurbætirinn búinn til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort fóðurbætirinn er blandaður annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta, að svo sje ekki.
6. Sje um olíukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreint hvers konar lifur; enn fremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrina, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún

sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent.

10. Sje um síldarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í fóðurbætinum, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
    a. Af köfnunarefniskendum efnum.
    b. Af feiti.
    c. Af sykri.
    d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
    e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fóðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

3. gr.

Stjórnarráðið sjer um, að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða fóðurbætisefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

a. Nafn vörunnar.
b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini, samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau á

efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

   Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.
2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynt að varan sje komin.
3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álítast megi, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.
4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemdir á vörunni.
5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða, skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarann-

sóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(B. I. 2).

Nd. **97. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestsmötu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem er eins og það var samþykt í neðri deild á þinginu 1919, og ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1921.

Björn Hallsson, fundaskrifari.	Sigurður Stefánsson, form.	Pjetur Ottesen, framsm.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson.

(A. XVI, 2).

Nd. **98. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er hefir landsstjórnin haft á hendi einkasölu á hrossum til útlanda síðastliðin 3 ár.

Frumvarp það, sem hjer ræðir um, er því ekkert nýmæli í aðalatriðunum; þvert á móti, bæði þeir, sem hafa haft á hendi framkvæmd laganna, og hrossaeigendur, sem hafa átt við lögin að búa, hafa orðið talsverða reynslu í þessu efni.

Samkvæmt núverandi horfum og reynslu undanfarinna ára, virðist markaðurinn fyrir íslensk hross, einkum smærri hrossin, mjög takmarkaður; það hefir því reynst ókleift að komast að þolanlegum samningum við hestakaupmenn í Danmörku og Bretlandi, nema því að eins, að þeir hefðu einkainnflutning á íslenskum hestum, svo að þeir ættu ekki á hættu að verða undirboðnir. Í öðru lagi hefir markaðsverð íslenskra hrossa í Danmörku og Bretlandi verið mjög mismunandi, eftir stærð þeirra og kyni, svo að á talsverðum fjárupphæðum hefir oltið, hvort og hvernig hrossin hafa verið greind til útflutnings. Þetta verður tæplega gert til hlítar af einstaklingum eða fjelögum, sem hafa að eins umráð yfir tiltölulega fáum hrossum hvert, eins og venjulegt var fyrir stríðið.

Það virðist því óhætt að fullyrða, að söluverð íslenskra hrossa erlendis hafi orðið, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, mun hærra síðastliðin 3 ár en ella mundi hafa orðið, ef engin einkasala hefði átt sjer stað. Reynslan frá síðastliðnu ári og núverandi horfur benda heldur ekki á, að aðstaðan sje breytt í nokkrum verulegum atriðum, að því er snertir útflutning og sölu á hrossum erlendis.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að framkvæmdir innanlands og fyrirkomulag það, er útflutnings- og hrossasölunefnd hafa valið, hefir í ýmsum atriðum verið mjög á annan veg en hrossaeigendur hefðu kosið; en þar eð það er að eins fyrirkomulagsatriði, sjer nefndin ekki ástæðu til að fjölyrða um það að sinni, en mun víkja að því síðar, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Nefndin leggur til, að stjórnin leitist árlega fyrir hjá sýslunefndunum í hrossahjeruðum landsins, um hvort þær óski, að landsstjórnin hafi söluna á hendi, og að meiri hluti sýslunefndanna ráði þar úrslitum. Þetta virðist eðlileg og óbrotin aðferð, til þess að fá vitneskju um skoðanir hrossaeigenda í þessu máli. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGARTILLÖGU.

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahjeraðanna

æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

Alþingi, 4. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Jón Sigurðsson, framsögumaður.

Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(A. XXXV, 2).

Ed. **99. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það sje samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   Önnur málsgr. (»Nú nema árslaun meiru en 3000 kr.« o. s. frv.) falli niður.
2. Við 7. gr.
   Orðin »nje lífþjár úr ríkissjóði« falli niður.
3. Við 8. gr.
   a. Fyrir orðið »lífþje« í 3. tölul. og niðurlagi greinarinnar komi: lífeyri.
   b. Fyrir orðið »hið« í niðurl. komi: hinn.

Í frumv. eru 2 prentvillur, sem þarf að leiðrjetta: í 4. gr. 25% fyrir 25‰ og í 10. gr. 1915 (ártal) fyrir 1913.

Alþingi, 4. mars 1921.

Sigurj. Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson,

(A. XXVII, 6).

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri timakenslu og búnaðarkenslu við vornámsskeiðin, annaðhvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

(A. XVIII, 3).

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909 og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt »Samábyrgðin«, tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum $4^1/_2\%$ í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

3. gr.

5. gr. laganna:

Í stað orðanna »5000 kr.« komi 10000 kr.

4. gr.

6. grein laganna falli burt.

5. gr.

7. grein laganna:

1. málsgrein og stafliður a orðist þannig:

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fast ákveðin þau atriði, er nú skal greina:

a. Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu, til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eigum, vátrygðum í Samábyrgðinni, greiðist að fullu.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

7. gr.

Inn í 12. grein laganna bætist orðið »gerðardómi«, á undan orðunum »ef þess er heldur óskað.«

8. gr.

Í fyrstu málsgr. 13. greinar laganna falla burt orðin: »til 5 ára í senn«. Sömuleiðis falla burt í niðurlagi greinarinnar þessi orð: »Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5000 kr. á ári í fyrstu 5 árin«.

9. gr.

14. grein laganna falli burt.

10. gr.

16. grein laganna:

Í stað orðanna »1000 kr.« komi: 2000 kr.; og í stað orðanna »yfirdómi landsins« komi: hæstarjetti ríkisins.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 54, 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

(A. XXXVIII, 4).

Ed. **102. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr., tölul. 3.

Í staðinn fyrir »sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver er« komi: sem eigi má gefa ranga hugmynd um, hver hann sje.

103. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Lagt fyrir Alþingi 1921).

Eftirgreindar greinar í lögum nr. 91 frá 1917 breytist eins og hjer segir.

1. gr.

Í stað orðanna »áfengan drykk« komi: áfengisvökva.

Á eftir orðunum »settar eru í lögum þessum« komi: eða reglugerðum, sem samkvæmt þeim eru settar af stjórnarvöldum.

Í stað orðanna »áfengur drykkur« komi: áfengisvökvi.

Í stað orðanna »áfengan drykk« komi: áfengisvökva.

2. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Heimilt skal að flytja til landsins vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og vísindalegra og verklegra nota, enn fremur vínanda til eldsneytis, svo og ilmvötn, hármeðul og þesskonar vökva, enda sjeu þau gerð óhæf til drykkjar, svo sem unt er.

Lyfsölum skal heimilt o. s. frv.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tilbúningur í atvinnuskyni á ilmvötnum, hárvötnum og slíkum vökvum, sem í þarf áfengi, er bannaður.

5. gr.

2. málsgrein: »Stjórnarráðið . . . . . erlend skip« falli burt.

Á eftir orðunum í 6. málsgr.: »skipverja gegn þessari grein« komi: en farþegar á farangri sínum.

Síðasta málsgrein falli burt.

6. gr.

2. málsgrein: Í stað orðanna »eða eigandi . . . . . innan 12 mánaða« komi: Óski eigandinn innan 12 mánaða, að áfengið sje flutt úr landi, skal það gert, enda sje áfengið undir umsjón lögreglunnar þar til afhent er í skip til útflutnings, og skal lögreglustjóri sá, er afhendir, fá viðurkenningu skipstjóra fyrir afhendingunni.

7. gr.

Við greinina bætist: nema heimilað sje í lögum þessum. Ekki má heldur nokkur veita, selja, gefa eða láta af hendi til annara manna áfengisvökva, nema heimilað sje í lögum þessum, og þá eftir þeim reglum, sem um það eru settar. Í reglum, er stjórnarráðið setur samkvæmt lögum þessum, má kveða á um sektir fyrir brot gegn hinum settu reglum.

8. gr.

Í stað orðanna »áfengan drykk« komi: áfengisvökva. Við gr. bætist: eða annað áfengi, sem heimilt er að flytja samkv. 2. gr. og farið hefir verið löglega með.

9. gr.

Fyrri málsgrein orðist þannig: Þeim einum, sem stjórnin veitir heimild til þess, skal leyfilegt að flytja til landsins og selja áfengisvökva til iðnþarfa, vísindalegra og verklegra nota og eldsneytis, hármeðul, ilmvötn og þesskonar vökva. Stjórnin setur reglur um sölu, afhendingu og meðferð þessara áfengisvökva, því til tryggingar, að þeir verði ekki notaðir til drykkjar.

Upphaf 2. málsgr. orðist svo: Lyfsalar og hjeraðslæknar, sem lyfsölu hafa á hendi, mega selja áfeng lyf eftir lyfseðli o. s. frv.

15. gr.

3. málsgr.: Í stað orðanna »þessarar greinar« komi: þessi ákvæði. Í stað orðanna »áfenga drykki« komi: áfengi.

4. málsgr.: Í stað orðanna »undir því yfirskyni . . . . . lögleyfðum tilgangi« komi: á þann hátt, er lög þessi heimila.

Síðasta málsgr.: Orðin »sama hegning liggur við því« falli burt. Aftan við greinina bætist: varðar það sektum, frá 200—1000 krónum. Skal lyfsali sviftur lyfsöluleyfi, ef miklar sakir eru.

16. gr.

Við gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Geri einhver sig sekan um að brjóta innsigli lögreglustjóra eða taka áfengi úr innsiglaðri geymslu, varðar það sektum, frá 1000—10000 kr. Verði ekki upplýst, hver slíkt brot hefir framið í skipi, ber skipstjóri ábyrgðina á brotinu.

18. gr.

Á eftir orðunum »læknisseðil um áfengi« komi: án sjúkdómsrannsóknar og þar af leiðandi sannfæringar um nauðsyn lyfsins eða . . . . . .

Í stað orðanna »má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir« komi: skal svifta hann rjetti til að gefa út áfengislyfseðla. Óhlýðnist læknir enn, má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir eða að öllu.

19. gr.

Greinin hljóði þannig:

Hver sem dæmdur er í sekt samkv. 14., 15., 16., 17. eða 18. grein laga þessara, skal auk sektanna greiða til ríkissjóðs 50 kr. fyrir hvern líter áfengis, sem gerður er upptækur, sannast að látinn hefir verið af hendi eða á annan hátt hefir verið farið með ólöglega.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við framkvæmd áfengisbannlaganna hefir orðið vart ýmsra galla á gildandi lögum í þessu efni. Úr þessum göllum á frumvarp þetta að bæta. Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru á þá leið, að eigi þykir vera þörf skýringa.

(B. XX. 1).

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upphæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið lægra en 1% og eigi hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og eigi lægra en ½ % og eigi hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignanefnd, eftir því sem við á, hve mikið af verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþyktar af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði um lóðargjald af bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar, eftir að hún hafði tekið málið til rækilegrar íhugunar á fundum sínum. Aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta kemur nú fram, er sú, að nefnt bæjarfjelag sjer ekki fram á að geta staðið straum af hinum sívaxandi útgjöldum sínum á annan hátt. Eins og öllum mun kunnugt, hafa útgjöld flestra eða allra sveitar- og bæjarfjelaga hjer á landi farið mjög vaxandi á hinum síðustu árum, og aukaútsvör þar af leiðandi hækkað fram úr hófi. Afleiðingin hefir orðið sú, að sumir efnamenn hafa jafnvel talið gjaldþoli sínu ofboðið og flutt sig af landi burt.

Þegar um það er að ræða að finna nýja gjaldstofna fyrir bæjarfjelögin, virðist liggja næst að hækka lóðargjöldin, sem að þessu hafa verið mjög lág, og sumstaðar sama sem engin.

Með því að oft hafa heyrst raddir um það, að nauðsyn bæri til að finna nýja tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfjelögin, er þess vænst, að hið háa Alþingi vilji styðja alla skynsamlega viðleitni í þá átt og sjái sjer því fært að samþykkja frumvarp þetta.

(A. XXIX, 2).

Ed. **105. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta allítarlega, ásamt athugasemdunum, er því fylgja. Dylst nefndinni það eigi, að hjer er um stórt mál að fjalla og sem um leið markar nýja stefnu í löggjöf vorri, einkanlega með tilliti til þess, að ríkisstjórnin hafi með höndum einkasölu til frambúðar á þeim útlendum vörum, sem þjóðin má ómögulega án vera. Tilgangurinn er sá, meðal annars, að vernda fólk og fjenað gegn þeirri hættu, sem annars vofir yfir, þegar hallæri ber að höndum.

Þennan tilgang ber vel að virða og má vera, að hann náist, að meira eða minna leyti, verði heimildarlög í þessu efni notuð á hentugum tíma, og þá fyllilega vel á öllu haldið með undirbúning og framkvæmdir í smáu og stóru.

Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að nú sje ekki hentugur tími til þess, að Alþingi samþykki lög í þessu skyni — ekki einu sinni heimildarlög.

Er þar þá ofarlega á baugi sú ástæðan, að þjóðin hefir ekki átt kost á að kynna sjer þetta stórmál, en slíkt telur nefndin að þurfi að vera um þetta mál og önnur slík, sem snerta svo mjög hvert einasta heimili á landinu. Er þessa ekki síst þörf, þegar um nýjar stefnur er að ræða í löggjöfinni, eins og hjer á sjer stað.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin rjett að halda máli þessu vakandi, og ræður því þessari háttvirtu deild til þess að samþykkja svo felda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ.

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi mál þetta fyrir allar sýslunefndir landsins, bæjarstjórnir og samvinnufjelög til álita og umsagnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurður Jónsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XXXV. 3).

Ed. **106. Frumvarp**

til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt annaðhvort fyrir ellisakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25‰ af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn, og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjaldslaust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, og hefir hann þá rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 1. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris, er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lífeyrir ekkju nemur 1/5 af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns síns, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki lífeyri í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Nú missir ekkja lífeyri af því að hún hefir gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hinn sama lífeyri, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Ekkill konu, sem verið hefir í kennarastöðu, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um styrktarsjóð handa barnakennurum, 9. júlí 1909, og lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, 20. okt. 1913.

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

(A. XXXII. 3).

Ed. **107. Frumvarp**

til laga um friðun rjúpna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Rjúpur, er samkvæmt hinum almennu friðunarlögum, nr. 59 frá 1913, verða alfriðaðar árið 1922, skulu einnig vera alfriðaðar til 1. janúar 1922.

2. gr.

Frá árinu 1922 sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

3. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XVI. 3).

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahjeraðanna æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXI, 1).

Ed. **109. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Flutningsmaður: Jóhannes Jóhannesson.

1. gr.

Háskóli Íslands skal hafa einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og rímbækur á Íslandi.

2. gr.

Háskólaráðið sjer um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega í Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

3. gr.

Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, í nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sjer þess fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsölumönnum í hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót.

4. gr.

Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskólaráðsins.

5. gr.

Það er brot á einkarjetti Háskólans samkvæmt 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn í landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða rímbækur en þau, er í 1. gr. segir.
2. Selur hjer í landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða rímbækur en þau, sem einkarjettur Háskólans nær til.
3. Gefur út hjer á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða rímbækur eða kafla úr þeim.
4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða rímbækur, eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

6. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagaskrár og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn í landið útlend almanök eða dagaskrár, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann

gefur út eða flytur inn, og sje nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sje rjett tilgreindur og að leyfi verði ekki að öðru leyti misbrúkað.

Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki Háskólans í vísindarit eða kenslubækur og þess konar rit til skýringar, svo og að flytja inn í landið og selja samskonar útlend rit með köflum úr almanökum, enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, að eins óverulegur hluti ritsins eða bókarinnar.

7. gr.

Fyrir brot samkvæmt 5. gr. skal refsa með sektum frá 100—2000 kr., ef það er framið af ásetningi eða gáleysi, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum.

Sektir má taka fjárnámi.

Leggja skal þegar hald á rit þau, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins, gefin hjer út eða seld eða af hendi látin samkvæmt 5. gr., og skal síðan gera þau upptæk með dómi.

Skaðabætur skal hver sá greiða, sem sekur verður eftir 5. gr. Miða skal bætur, ef því verður við komið, við samanlagt söluverð ólöglega seldra eða afhentra eintaka, að frádregnum hæfilegum sölulaunum. Ella skal ákveða bætur eftir atvikum.

8. gr.

Nú ná íslenskir dómstólar ekki til þess manns, sem brotlegur hefir orðið samkvæmt 5. gr., vegna vistar hans erlendis, og skal þá sá svara til sakar, til refsingar eða skaðabóta, sem geymir hjer, selur eða afhendir eða prentar eða fjölritar rit, eða kafla úr þeim, óheimilt samkvæmt 5. gr. Ráðherra kveður á um það, hvern skuli sækja, ef um fleiri er að velja, eða hvort fleiri menn en einn skuli sækja fyrir sama brot.

9. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 5. gr., sbr. 7. og 8. gr., skal eigi höfða, nema Háskólaráðið krefjist þess. Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.

Refsikrafa samkvæmt lögum þessum fyrnist á árs fresti frá því er rektor Háskólans varð kunnugt um, hver brots er valdur, og aldrei skal dæma til refsingar fyrir brot á lögum þessum, ef 2 ár liða svo frá því er broti er lokið, að mál hefir ekki verið höfðað.

10. gr.

Hreinarð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkarjettinum, andvirði upptækra rita og gjöld samkvæmt 6. gr. skal leggja í sjerstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi.

11. gr.

Háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir reglur, þar sem nánar verður kveðið á um tilhögun Almanaksins, hvað í það skuli taka og hvernig

útgáfu þess og útsölu skuli haga. Með sama hætti skal setja reglur um meðferð Almanakssjóðsins og um annað, sem lýtur að framkvæmd laga þessara og eigi er látið um mælt í þeim.

12. gr.

Einkarjett þann, sem í 1. gr. segir, hefir Háskólinn á útgáfu almanaks fyrir árið 1922.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur VII. kafli tilsk. 3. febr. 1836, svo og önnur fyrirmæli í lögum, sem koma kynnu í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Samkvæmt D. L. 2—21—5, sbr. kgsbr. 1. mars 1684, hefir Kaupmannahafnarháskóli haft einkarjett til útgáfu almanaka í Danmörku. Með opnu brjefi 5. ág. 1831 var nánar fyrir mælt um refsingar fyrir brot á einkarjetti þessum. Opna brjefið frá 5. ág. 1831 var loks leitt í lög á Íslandi með tilsk. 3. febr. 1836, VII. kafla. Þar með er Kaupmannahafnarháskóla veittur sami einkarjettur til almanaksútgáfu á Íslandi, og öllum bannað að gefa út almanök hjer og selja, nema almanak háskólans í Kaupmannahöfn. Síðan hefir Kaupmannahafnarháskóli gefið út íslensk almanök, svo sem kunnugt er.

Frá 1. des. 1918 er Ísland viðurkent fullvalda ríki samkv. sambandslögunum frá 30. nóv. 1918, og fjell einkarjettur Kaupmannahafnarháskóla þá niður. Hefir kenslumálaráðuneyti Danmerkur fallist afdráttarlaust á þessa skoðun í brjefi sínu 13. apr. f. á., enda hafði Konsistorium Kaupmannahafnarháskóla einnig tjáð sig sömu skoðunar í brjefi sínu 15. mars 1920, og getið þess, að af hálfu Hafnarháskóla væri ekkert því til fyrirstöðu, að Háskóla Íslands eða öðrum yrði veittur einkarjettur til útgáfu almanaks á Íslandi. Vakti landsstjórnin athygli háskólaráðsins á þessu, og samþykti háskólaráðið það í einu hljóði á fundi sínum 9. okt. f. á. »að fara þess á leit, að Háskóla Íslands yrði veitt einkaleyfi það til að gefa út íslensk almanök, er Kaupmannahafnarháskóli hefir haft að undanförnu, en nú er niður fallið«.

Þess skal og getið, að háskólaráðinu hefir verið sýnt uppkast að frumvarpi þessu, óbreytt að efni til.

Það virðist vel fallið, að Háskóli Íslands fái áðurnefndan einkarjett, sem löggjafarvaldi Íslands er nú tvímælalaust heimilt að ráðstafa. Það mun mega gera ráð fyrir nokkrum tekjum af einkarjettinum, enda er almanaksútgáfan alls kostar áhættulaus, með því að öll samkepni á því sviði er útilokuð.

Árið 1919 var upplag íslenska almanaksins einu eintaki fátt í 19000, og telur almanaksnefndin danska í brjefi 9. mars 1920 hreinar tekjur af íslenska almanakinu munu verða árið 1919 600—700 kr. En almanakið hefir verið selt einkar ódýrt, lengstum 11 aura heft, og nú síðast 16 aura heft. Það er 24 bls. eða $1^1/_2$ örk, og er verðið því margfalt lægra að tiltölu en nú gerist á bókum, sem síðustu árin hafa verið hjer gefnar út. Nú er algengt að setja verð á nýútkomnar bækur, sem svarar 1 kr. á hverja 16 blaðsíðna örk. Það gæti því ekki

talist dýrt, þó að almanakið yrði selt á 40 aura, með sömu eða líkri stærð, sem það nú hefir. Ekki mun heldur of í lagt, að 15000 eintök muni seljast á ári. Ritstjórn má áætla um 1000 kr. á ári og prentun og pappír að líkindum alt að 1000 kr., með því verði, sem nú er. Þá er eftir hefting, útsending og burðargjald, sem sjálfsagt yrði ekki undir 500 kr.

Ef þessi áætlun er nærhæfis, yrði reikningurinn á þessa leið:

Tekjur: 15000 eintök 0,40	kr. 6000,00
÷ 25% sölulaunum	— 1500,00
	Kr. 4500,00
Gjöld: Ritstjórn	kr. 1000,00
Pappír og prentun	— 1000,00
Hefting o. fl.	— 500,00
	Kr. 2500,00

Tekjur hreinar ættu með þessu móti að geta orðið kr. 2000,00. Ótalið er það, sem inn kynni að koma fyrir leyfi samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. En það verður ekki áætlað að svo stöddu.

Um einstakar greinir frv. skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Hún geymir aðalfyrirmæli frv. ásamt 12. gr. fyrri málsgr., er segir, hve nær einkarjetturinn byrji. Það er einsætt, að Háskólinn nýtur allrar verndar eftir frv. fyrir almanak sitt 1922. Innflutningur annara almanaka fyrir það ár, og aðrar athafnir þær, sem í 5. gr. segir, er því algerlega bannaður.

Um 2. gr.

Háskólaráðið hefir hjer sama hlutverk sem Konsistorium Kaupmannahafnarháskóla og Almanaksnefnd hefir þar með höndum. Sundurliðuð ákvæði um hvað eina verður að setja með reglugerð, eftir því sem þörf krefur, svo sem hvað í almanakið skuli taka, brot þess, útsölu o. s. frv.

Um 3. gr.

Almanak er öllum almenningi alveg ómissandi bók, og verður því að fylgja einkarjettinum brýn skylda til að gefa það út, svo að viðunandi sje.

Um 4. gr.

Það virðist eðlilegt, að ráðherra ákveði eftir tillögum háskólaráðs verð á almanakinu. Liggja þar til þau rök, sem í aths. við 3. gr. segir. Það hefir og alt af tíðkast í Danmörku, að kenslumálaráðuneytið hefir ákveðið almanaksverðið. Er varla gerandi ráð fyrir ósamkomulagi milli ráðherra og háskólaráðs í þessu efni.

Um 5. gr.

Ákvæði hennar svara til 1. gr. VII. kafla tilsk. 3. febr. 1836. Brotin eru nokkru gerr sundurliðuð, og þykir ólíklegt, að einkarjetturinn verði brotinn svo, að ekki verði annaðhvort refsað eftir þessari grein eða analogíu hennar.

Um 6. gr.

Það hefir tíðkast, þrátt fyrir einkarjett Kaupmannahafnarháskóla, að mönnum hefir verið leyft að gefa út dagaskrár nokkurskonar og að flytja inn slík útlend rit fyrir gjald (sbr. brjef kenslumálaráðherra 28. mars 1874). Kaupsýslumenn hjer hafa mjög haft þann hátt á nú um hríð, að senda skiftavinum sínum ýmiskonar dagaskrár, og munu ekki hafa goldið af til Hafnarháskóla, enda þótt þetta hafi líklega verið brot á einkarjetti hans, sbr. brjef Almanaksnefndar áðurnefnt. Það virðist rjett að taka hjer upp sömu eða svipaða reglu, sem gilt hefir í Danmörku, en einsætt er, að eftirlits þarf, svo að leyfi verði ekki misbrúkað. Í Danmörku hefir verið venja að stimpla þau eintök, sem leyft hefir verið að láta af hendi, og mun hægt að hafa þá aðferð hjer líka.

Svipuð ákvæði eru og um einkarjett Hafnarháskóla sem í 2. málsgr. (sbr. kgsúrsk. 23. des. 1831).

Um 7. gr.

Svarar til op. br. 5. ág. 1831, 1. gr., og tilsk. 3. febr. 1836, VII. kafla 1. gr. Við er bætt um löghald eða lögbann og skaðabætur. Löghald þetta eða lögbann þarf ekki að rjettlæta með öðrum hætti en löghald eftir 14. gr. tilsk. 24. janúar 1838, með dómi í opinbera málinu.

Um 8. gr.

Það getur borið við, að aðalmaður í broti samkvæmt 5. gr. sje vistfastur erlendis, svo að ekki náist til hans. Og er þá rjett, að þeir, sem starfa hjer að brotinu fyrir hann, einn eða fleiri, geti átt á hættu, að ábyrgð verði gerð á hendur þeim, enda verði valið um, svo að sá verði tekinn, sem sekastur þykir eða líklegastur til að geta bætt.

Um 9. gr.

Það virðist fara vel á því að láta málshöfðun fara eftir kröfu þess, sem telja verður misgert við einkanlega, en það er Háskólinn.

2. málsgr. er í samræmi við 67. og 68. gr. alm. hegningarlaga.

Um 10. gr.

Það virðist miklu betur fara á því að leggja til hliðar það, sem græðist á almanakinu, en að blanda því saman við annað fje Háskólans, og gera það, ef til vill, að eyðslueyri í þarfir Háskólans. Og þá virðist liggja næst að verja fjenu á sínum tíma til eflingar þeim vísindum hjer, sem eru undirstaða almanaksins, og tekur þetta einkum til stjörnufræðinnar.

Um 11. gr.

Sbr. aths. við 2. gr. Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 12. gr.

Sbr. aths. við 1. gr.

(B. XXII, 1).

Nd. **110. Frumvarp**

til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, til Blönduóshrepps.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Blönduóshreppi landspildu þá, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, sem er milli lands jarðarinnar Hjaltabakka og lands Blönduóskauptúns. Við land Blönduóskauptúns ræður merkjum svo nefnd Neðribrekka, sem er sunnan við Blönduóskauptún, eins og hún stefnir vestur til sjávar og upp á akbrautina, og þá akbrautin út að Blöndubrú.

2. gr.

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta. Ríkisstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin telur sig þurfa sjerstaka lagaheimild til sölu þessa lands, og því er frumvarp þetta fram borið.

Hjeraðsprófastinum farast svo orð um þörf á sölu lands þessa:

Fylgiskjal.

Jeg undirritaður, Bjarni Pálsson prófastur í Húnavatnsprófastsdæmi og prestur í Þingeyraprestakalli, lýsi því hjer með yfir, að gefnu tilefni, að jeg mæli með því eindregið, að Blönduóshreppur fái keypt leiguland það og landspildu norðan af öllu landi jarðarinnar Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi, sem nefndur hreppur fjekk leigt til 50 ára með samningi, gerðum 5. júlí 1914 og staðfestum af Stjórnarráði Íslands 22. ágúst s. á., og byggi jeg meðmæli mín á ástæðum þeim, er nú skal greina:

1. Blönduóshreppur hefir auðsjáanlega mikla þörf á þessu landi, og það hefir lamandi áhrif hvað allar framkvæmdir snertir, svo sem girðingu landsins og ræktun í stórum stýl, að sitja við þessi miður sanngjörnu kjör, að hafa landið leigt aðeins til 50 ára, og verða þá landið af hendi að láta, eða eiga

undir högg að sækja hvað viðunanleg kjör snertir. Ætti það vel að geta skilist á þessum upplýstu tímum, að það er ekki til að greiða fyrir framförum eða auka þjóðarauðinn, að halda óræktuðum löndum, sem vel má af hendi láta, fyrir mönnum, sem dug og dáð hafa til að breyta þeim í ræktuð lönd, og því getur enginn neitað, að Blönduósmenn hafi sýnt það í verki á undanförnum áratugum, að þeir hafi mikinn áhuga á jarðabótum, enda er þörfin mikil, að grasrækt geti þar sem mest orðið, eins og aðstaðan er afarörðug með að stunda fiskveiðar, en vaxandi grasrækt og grasnyt mundi stuðla að velmegun hreppsins, en það hefir, ef rjett er skoðað, ekki litla þýðingu fyrir alt hjeraðið, að Blönduóskauptún geti sem best blómgast, því þar er aðalverslun Austur-Húnavatnssýslu, og hlýtur, eftir öllum staðháttum að dæma, að verða framvegis, og þá er áríðandi, að lífsskilyrðin geti verið þar svo sæmileg, að fólk, sem vinnur að verslun og skipaafgreiðslu, fáist til að dvelja þar. Er því ekki vafasamt, að hjer er um þörf að ræða, sem ber að fullnægja.

2. Ekkert varhugavert virðist vera við það frá hálfu hins opinbera að láta umrætt land af hendi og fullnægja þannig þörf Blönduóshrepps. Hjer er aðeins um beitiland að ræða, að fráskildum hinum útmældu ræktunarlöndum. Að vísu er þetta dágott beitiland. Nær það að sjó á litlu svæði og einnig að ánni Blöndu, þar sem dálítil veiði var til forna, og mætti þar að líkindum enn lítið eitt veiða, en þessi hlunnindi hafa um alllangan tíma reynst svo lítilfjörleg, að jeg get ekki álitið þau mikils virði. Get jeg ekki sjeð nokkra ástæðu fyrir hið opinbera að neita hreppsfjelagi um að fá slíkt land keypt, þar sem margar ágætar jarðir um land alt hafa verið seldar einstökum mönnum.

Að því er kaupverð snertir á landspildu þeirri, sem hjer er um að ræða, þá leyfi jeg mjer að taka fram, að nýlega hefir hún, ásamt öðrum jarðeignum landsins, verið metin til verðs, og þegar landið var leigt fyrir rúmlega 6 árum, þá var hin árlega leiga ákveðin 110 kr., og er sú skoðun mín enn óbreytt, að það hafi verið bygt á fullri sanngirni.

Steinnesi, 4. febrúar 1921.

Bjarni Pálsson.

(A. XXXII. 4).

Ed. **III. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun rjúpna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

(A. XXIX. 3).

Ed. **112. Breytingartillaga**

við rökstudda dagskrá á þingskjali 105.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Fyrir orðin í dagskránni »og samvinnufjelög« komi:
Verslunarráð Íslands og Samband íslenskra samvinnufjelaga.

Til vara:

Dagskráin orðist svo:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi mál þetta fyrir allar sýslunefndir landsins og bæjarstjórnir til álita og umsagnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(B. XXIII, 1).

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

2. málsliður 2. málsgreinar orðist svo:
Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörðu eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, þótt engin ábúð fylgi, svo sem slægjuafnot, ef leigusali slægna er ekki útsvarsskyldur í þeim hreppi, sem slægjuland er í, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

Ástæður.

Á þinginu 1919 var sveitarstjórnarlögunum breytt þannig, að heimilað var að leggja útsvar á slægjuafnot utanhreppsmanna. Breyting þessi hefir valdið mikilli óánægju, því við framkvæmd laganna hefir það komið í ljós, að með þessu eru lögð ný gjöld utan sveitar á þá atvinnurekendur, sem versta eiga að-

stöðuna til heyöflunar, svo sem bændur á harðbalakotum, sem lítinn eða engan heyskap hafa, og fátækari hluta kaupstaðarbúa, sem margir hverjir streitast við að halda í ofurlítinn bústofn, til þess að geta veitt börnum sínum mjólk og fjölbreyttari og hollari fæðu.

Þess eru dæmi, að mönnum, og þá aðallega þeim, sem verst eru staddir fjárhagslega, er gert að greiða mun hærra útsvar fyrir heyskaparafnot en þeir greiða í sínum eigin hreppi.

Frumvarp þetta er fram komið til þess að reyna að ráða bót á þessu, án þess þó að útiloka einstök sveitarfjelög frá því að hafa tekjur af jarðeignum innanhrepps, sem eru nytjaðar án ábúðar af utansveitarmönnum.

(B. XXIV. 1).

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 21, 9. júlí 1909. [*Fiskimat*].

Flutningsmenn: Ó. Proppé, Einar Þorgilsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Allan óverkaðan saltfisk, sem ætlaður er til verkunar innanlands og gengur kaupum og sölum, og allan samskonar fisk, sem ætlaður er til útflutnings, skal meta og flokka eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

2. gr.

Yfirfiskimatsmenn, og undirmatsmenn samkv. fyrirmælum þeirra, skulu einnig hafa umsjón og eftirlit með, að hreinlega og vandlega sje farið með fiskinn eftir matið, hvort heldur er í geymslu saltaður, í verkun eða útskipun, og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli.

3. gr.

Um framkvæmd laga þessara fer að öðru leyti sem um lög nr. 21, 9. júlí 1909, og reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Greinargerð.

Þegar fiskimatslögin frá 9. júlí 1909 voru samin, var þar stigið mjög stórt og heillavænlegt spor sjávarútvegi vorum til eflingar og hagsmuna.

Þessi lagasmíð hefir reynst svo vel, að vjer höfum til skamms tíma átt því láni að fagna, að fiskur sá, sem nefnd lög ná til, hefir rjettilega verið álitinn sá besti, er á suðræna markaði hefir flutst.

Hvaða hlunnindi þetta eru fyrir þessa útflutningsgrein, og þjóðina í heild sinni, þarf ekki á að benda; slíkt getur engum dulist, en þeim mun meiri ástæða er til þess að gæta fenginna hagsmuna og sjá um, að þeir gangi eigi aftur úr höndum vorum.

Lögin þá 1909 ná eingöngu til fullverkaðs fiskjar, sem sendast á til Spánar og Ítalíu, og má að vísu segja, að þau hafi þá náð tilgangi sínum, þar sem fiskafurðir vorar voru þá nær eingöngu fluttar til þessara landa, og þá að sjálfsögðu fullverkaðar.

Saltaður en óverkaður fiskur gat þá naumast talist venjuleg verslunarvara, enda þá venjan sú, að útgerðarmenn sáu um verkun aflans fyrir háseta, og verðlagið þá jafnan miðað við verkaðan fisk.

Á meðan svo var ástatt náðu fyrgreind lög frá 1909 fyllilega tilgangi sínum, en með aukinni og breyttri útgerð er þó nú komið á daginn, að lög þessi eru ekki einhlít til þess að viðhaldist hið góða álit, er íslenski fiskurinn var þegar búinn að ávinna sjer.

Til þessa eru ýmsar ástæður, sem nánar mun að vikið við framsögu þessa máls; en aðalástæðan liggur í þeirri breytingu, sem hefir orðið á fiskversluninni innanlands nú hin síðari árin, sem sje þeirri, að mikill meiri hluti þess afla, sem kemur á land, gengur nú kaupum og sölum sem óverkaður, í stað þess sem áður var eigi um annað að ræða en verkaðan fisk, sem verndaður var með lögum.

Breytingar þær, sem frumvarp þetta fer fram á, eru því hvorttveggja í senn, trygging fyrir vöruvöndun á óverkuðum saltfiski, sem nú einnig er orðin stór útflutningsgrein, og um leið nýtt meðal til þess að bæta framleiðsluna yfirleitt.

(A. XXIX. 4).

Ed. **115. Breytingartillaga**

við rökstudda dagskrá á þingskjali 105.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir orðinu »bæjarstjórnir« bætist inn í:
Verslunarráð Íslands.

(A. XLIII. 3).

Ed. **116. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Í núgildandi fjárlögum er veitt fje til sendiherra í Kaupmannahöfn, og stjórnin hefir notað heimildina og skipað sendiherrann. Þar sem hjer er um þýðingarmikla stöðu að ræða, þykir rjett að skipa henni með lögum, og getur nefndin að öllu leyti fallist á frumvarp stjórnarinnar og ræður því til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. Sig. Eggerz, fundaskrifari og ritari.

Jóh. Jóhannesson.

(B. III. 2).

Ed. **117. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur frumvarpið þarft og fellst á það í öllum aðalatriðum. Leggur nefndin því til, að frumvarpið nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 3. gr. orðist þannig:

Þeir 1000 kr. hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, þar með talin börn hjá foreldrum, er gifst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 8 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir

20 ára aldur. Hlutkesti milli hjúa ræður, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gifst á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

2. Við 4. gr. Í stað »landssjóðs« í síðari málsgrein komi: ríkissjóðs.

Alþingi, 9. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður og ritari.

Guðm. Ólafsson, fundaskrifari og framsögum.

Sigurður Jónsson.

(B. XXV. 1).

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Svarfdælahreppi kirkjujörðina Upsir í Svarfaðardal, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

2. gr.

Jörðina má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta. Ríkisstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Ástæður.

Á síðastliðnu ári barst hreppsnefndinni í Svarfdælahreppi áskorun um það frá þorpsbúum í Dalvík, að hún útvegaði þeim, eða hlutaðist til um að þeir gætu fengið, móland og beitiland, sem þorpið vantaði mjög tilfinnanlega, og yrði þar af leiðandi að sæta mjög óaðgengilegum kjörum með hvorttveggja og af svo skornum skamti, að til mestu vandræða horfði fyrir þorpsbúa.

Hreppsnefndin álítur áskorunina á fullum rökum bygða og að brýna nauðsyn beri til þess að úr sje bætt, ef kostur er á, og telur, að best verði ráðin bót á þessu með því að kaupa jörð, er hafi bæði þessi skilyrði að bjóða.

Nú er svo ástatt, að ekki er um aðra nærliggjandi jörð að ræða, sem að miklu leyti mundi fullnægja þessari þörf, en Upsir, sem er kirkjueign, og hefir hreppsnefndin komist að samningum við ábúandann um kauparjettinn, enda býst hann við að láta af búskap mjög bráðlega.

(A. XXXVII, 2).

Nd. **119. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, sem skipuð var samkv. þingsályktun Alþingis árið 1919, til þess að rannsaka og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki hjer á landi.

Stjórnin lagði svo þetta frv. fyrir hv. Nd. nú. Nefndin hefir rætt þetta frv. á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett muni vera að fylgja stefnu þess í aðalatriðum, enda þótt óvíst sje, að hægt verði að koma málinu í framkvæmd bráðlega.

Að vísu dylst nefndinni ekki, að mikill kostnaður og örðugleikar fylgja framkvæmd frumvarpsins, ef það verður að lögum, en nefndin lítur svo á, að ekki megi horfa í nokkuð aukinn kostnað, ef von er um verulegan ávinning í því að varna berklaveikinni útbreiðslu.

Sá rauði þráður gengur í gegn um þetta frumvarp, að gera sem allra skarpastar ráðstafanir til þess að vernda börnin fyrir smitun veikinnar. Þetta verður nefndin að telja algerlega rjett spor, því að »það varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin.«

Börnunum er hættast við smitun og þau eiga væntanlega lengri æfibraut fram undan sjer en fullorðið fólk, og varðar því miklu, að þau smitist ekki af næmum sjúkdómum þegar á fyrstu árum æfi sinnar. Af því leiðir aftur, að settar eru allharðar skorður í frv. fyrir smitunarhættu barna, og dylst nefndinni ekki, að í mörgum tilfellum geti orðið fyrirhafnarsamt, erfitt og fyrst í stað næstum lítt mögulegt að framfylgja lögunum fyrir bæjar- og sveitarstjórnir. En samt verður nefndin að fallast á þau ákvæði frv., er um þetta fjalla, því að annars yrðu lögin þýðingarlítið pappírsgagn.

Eitt verulegt nýmæli er í 14. gr. frv., sem er sanngjarnt og virðist vera til talsverðra bóta, en er samt fullkomlega aðgæsluvert. Þetta nýmæli er það, að frv. gerir ráð fyrir, að sýslusjóðir greiði meðlög sjúklinga, í stað sveitarsjóða eins og nú er.

Nefndin tekur fullkomlega gildar þær ástæður, sem færðar eru fyrir þessari nýbreytni í skýringum milliþinganefndarinnar við 14. gr., það sem þær ná. En sá galli er á þeim, að nefndin gefur enga ákveðna bendingu um það, hvar

sýslusjóðir eigi að fá tekjur til þess að standast þennan útgjaldalið. Hins vegar er það alkunnugt, að sýslusjóðir eru nú svo hlaðnir gjöldum, að það þarf beinlínis að hugsa þeim fyrir tekjustofnum, ef bætt er á þá nýjum útgjaldaliðum.

Vjer gerum samt ráð fyrir, að milliþinganefndin muni ætlast til þess, að sveitarsjóðir beri þetta, eins og verið hefir, og ekki sje annað fyrir hendi. En þá ljettist ekkert á þeim við breytinguna, aðeins jafna þeir þá byrðinni meira með sjer en nú er, og virðist það sanngjarnt gagnvart þeim hreppum, sem svo eru hlaðnir sveitarþyngslum, að þeir fá vart undir risið. En rjettara virðist, ef hægt hefði verið að benda á nýja tekjustofna handa sýslusjóðum, til þess hægt væri að ljetta þessa byrði hreppanna.

Dálítill ágreiningur varð um það í nefndinni, hvort rjett væri að ákveða barnakennurum, sem láta verða af kenslu vegna berklaveiki, biðlaun, samanber 5. og 6. gr. Sömuleiðis ljósmæðrum eftir 9. gr. En meiri hluti nefndarinnar leggur ekki mikla áherslu á þessi atriði, enda tæplega mjög þýðingarmikil fjárhagslega.

Þótt nefndin sje þannig sammála milliþinganefndinni í aðalstefnu frumvarpsins, þá telur hún þó breytingar þær, sem gert er ráð fyrir, svo mikilvægar og að þeim fylgi svo mikil aukin útgjöld og fyrirhöfn frá því fyrirkomulagi, sem nú er, fyrir bæjar-, sveitar- og sýslufjelög, að hún verður að álíta rjettara að fresta framgangi frumvarpsins á þessu þingi. Á milli þinga er hægt að ræða málið á sýslufundum, þingmálafundum og leiðarþingum; við það skýrist stefna frv. fyrir þjóðinni og kemur ekki eins að óvörum þegar það verður gert að lögum.

Nú eru mjög erfiðir tímar á öllum sviðum viðskiftalífsins, og því brýn nauðsyn að fresta málum, enda þótt nauðsynleg sjeu í sjálfu sjer, sem fylgja mikil útgjöld, þar til eitthvað raknar úr þessari kreppu.

Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að frv. þetta gerir ráð fyrir miklum breytingum á heilbrigðis- og fátækramálum þjóðarinnar, og því fylgja verulega aukin útgjöld og erfiðleikar á framkvæmd þess, telur deildin rjett, að stjórnin leggi þetta þýðingarmikla mál fyrir allar sýslunefndir landsins til athugunar og umsagnar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Hallsson, skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson. Pjetur Ottesen.

(A. XXXII. 5).

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Rjúpur, er samkvæmt hinum almennu friðunarlögum, nr. 59 frá 1913, verða alfriðaðar árið 1922, skulu einnig vera alfriðaðar til 1. janúar 1922.

2. gr.

Frá árinu 1922 sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

3. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXVI, 1).

Nd. **121. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsmaður: M. J. Kristjánsson.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Samanber þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir:

a. fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands, og auk þess verið að minsta kosti eitt ár við vjelgæslu á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri,
b. hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið, eins og ákveðið er í 12. gr. nefndra laga, 3. nóv. 1915, eftir því sem við á, þó svo, að sá liður greinarinnar, sem ræðir um vjelalið á skipum með minni vjel en 100 hestafla, falli burt.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn

orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands, rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Alþingi 1920 samþykti, eins og kunnugt er, lög um kenslu í mótorvjelfræði. — Lög þessi hafa að vísu ekki komið til framkvæmda enn, og mun einkum borið við húsnæðisskorti þessum drætti til afsökunar. Þess má þó að líkindum vænta, að hæstvirt stjórn muni telja sjer skylt að koma málinu til framkvæmdar mjög bráðlega, enda hefir Alþingi sýnt, að því er ljóst, að hjer er um brýna þörf að ræða, sem ekki verður til lengdar undan komist.

Jafnframt því sem áðurnefnd vjelfræðideild tekur til starfa verður að sjálfsögðu að ákveða með lögum um skyldur og rjettindi þeirra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum, engu síður en á öðrum skipum, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Það virðist ekki ástæða til að fara, að svo komnu, út í einstakar greinar frumvarpsins, enda mætti skýra þær við umræðurnar, ef þurfa þykir.

(B. XXVII. 1).

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera einn dócent. Dócentinn kennir sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1922.

Greinargerð.

Aukakennarinn í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum við háskólann hefir farið þess á leit, að dócentsembætti það, er ræðir um í frumvarpi þessu, verði stofnað.

Að fengnum meðmælum heimspekisdeildar hefir háskólaráðið lagt það til, að embættið verði stofnað. Tekur háskólaráðið það fram, að kensla í íslenskri bókmentasögu og ritskýring sje ærinn starfi fyrir aðalkennarann í íslenskum fræðum.

Fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi engan aukinn kostnað hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð, þar sem kennari sá, sem ætlast er til að verði dócent, hefir nú, samkvæmt fjárveiting Alþingis, að launum fyrir aukakenslu við háskólann upphæð, sem er jafnhá dócentslaununum.

Frekari grein verður gerð í framsögu. Kenslumálaráðherra hefir hana á hendi, því að hann hefir samið frv. og greinargerðina, en nefndin ber málið fram fyrir hann.

(B. XXVIII, 1).

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um vexti.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 6% á ári.

2. gr.

Heimilt er að taka alt að 8% ársvexti af peningaláni með veði í fasteignum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vexti, nr. 10, 7. febr. 1890.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er ætlast til að komi í stað laga nr. 10, 7. febr. 1890, sem farið er fram á að nema úr gildi, þar sem þau eru orðin langt á eftir tímanum og eiga alls ekki lengur við. Eins og sakir standa hafa aðeins Landsbankinn og Íslandsbanki heimild til undanþágu frá nefndum lögum, en það er auðsætt, að sparisjóðum er ógagn mikið að þeim, enda hafa þeir á síðustu tímum neyðst til að virða þau að vettugi. Þá er einstaklingum einnig, sjerstaklega eins og peningaástandið nú er, stórbagi að þessum úreltu lögum. Rjett þykir að miða vexti 1. gr. frv. þessa við vexti 38. gr. hinna almennu viðskiftalaga, nr. 31, 11. júlí 1911.

(C. VII. 1).

Nd. **124. Tillaga**

til þingsályktunar um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hraða útgáfu tilskipunar samkv. 10. gr. laga nr. 29, 22. okt. 1912, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, og jafnframt taka til íhugunar lagafrumvarp um sama efni, sem sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefir borist frá mönnum þeim, er stjórnarráðið hefir falið að gera tillögur um ákvæði tilskipunarinnar.

(B. XXIX, 1).

Ed. **125. Frumvarp**

til laga um samvinnufjelög.

Flutningsmenn: Sigurjón Friðjónsson, Einar Arnason og Hjörtur Snorrason.

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll fjelög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld fjelagsmanna, í rjettu hlutfalli við þátttöku þeirra í fjelagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufjelaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa fjelagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfjelög, pöntunarfjelög).
2. Að selja afurðir af búum fjelagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sje lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða trygð á annan hátt (sláturfjelög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnureksturs.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufjelaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.
2. Sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna í öllum fjárreiðum fjelagsins.
   Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.
3. Atkvæðisrjettur jafn, þannig að hver fjelagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskifta í fjelaginu.
4. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiftum tekjum fjelagsins.
5. Tekjuafgangi í ársreikningi fjelags, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum fjelagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynst neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiftamagni hvors um sig.
6. Í stofnsjóð leggist sem sjereign fjelagsmanna nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
7. Arður af viðskiftum, er utanfjelagsmenn kunna að hafa við fjelagið, skal

lagður í varasjóð, nema honum sje varið á annan hátt til almenningsþarfa.

8. Vextir af innieignum fjelagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiftareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
9. Nafnaskrá skal haldin fyrir fjelagsmenn, svo að jafnan sje fyrir hendi óræk skýrsla um fjelagatal.
10. Innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóðum sje ekki útborgað við fjelagsslit, heldur skal það að loknum öllum skuldbindingum, sem á fjelagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi hjeraðsstjórnar, uns samvinnufjelag eða samvinnufjelög með sama markmiði taka til starfa á fjelagssvæðinu. Fær það fjelag eða þau fjelög þá umráð sjóðseignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. kafli.

Fjelagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufjelag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem fjelaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sjer saman um fjelagsstofnun og bindast samtökum um að gerast fjelagsmenn, setja þeir fjelaginu samþyktir, í samræmi við lög þessi, og er þá fjelagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþyktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti fjelagsins fullum stöfum og skammstafað heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið fjelagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn fjelagsins og vald hennar í fjelagsmálum.
4. Deildarskipun fjelagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið fjelagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð fjelagsmanna gagnvart skuldbindingum fjelagsins.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþyktum og viðaukar, svo og fjelagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem fjelag er stofnað og samþyktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþyktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra fjelagsmanna. Við inngöngu skrifar hver fjelagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sje háður samþyktum fjelagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiftilegan sameignarsjóð.

8. gr.

Enn fremur skulu í samþyktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr fjelaginu, og ástæður, er heimili brottrekstur fjelagsmanna. Úrsögn sendist fjelagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát fjelagsmanns eða burtflutning af fjelagssvæði. Fjelagsmaður, er úr gengur, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

III. kafli.

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufjelag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlast rjettindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í fjelagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða fjelagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir fjelagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem fjelagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að fjelag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti fjelagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur fjelagsins og starfsemi.
3. Dagsetning fjelagssamþykta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda fjelagið með samningum og hvernig undirskrift sje hagað.

6. Hvernig boða skuli fjelagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir fjelagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufjelag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal fjelagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sje komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.

Ef fjelag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skrásetningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi fjelagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþyktum fjelags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskifti þarf þó eigi að tilkynna, nema maður taki sjer bólfestu utanlands, nje heldur breytingu á heimilisfangi fjelags innan sama lögsagnarumdæmis. En sje heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal fjelagið skrásett þar.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu uns úr er bætt. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirting og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

17. gr.

Það sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi farið fram, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Fjelagsstjórn.

18. gr.

Fjelagsfundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur fjelagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur fjelagsmanna eða þriðjungur fjelagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í fjelagi, sem er óskift heild, hafa atkvæði allir fjelagsmenn. En í fjelagi, sem skiftist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrjett. Hve marga fulltrúa hver fjelagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu fjelagsmanna í deildinni, svo sem samþyktir fjelagsins nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur fjelagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi fjelagsdeilda sækja fundinn, enda sje á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrjett.

Úrslitum mála á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða fjelagssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr fjelaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður kjörtími hans er liðinn. Í samþyktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og sjeu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn, nema hann sje fjelagsmaður.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni fjelagsins milli funda samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en sjeu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók fjelagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera fjelagsmenn, en mega ekki vera í stjórn

fjelagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fjelagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hve nær sem er á starfstíma fjelagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu fjelagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta fjelaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í fjelaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. kafli.

Skyldur og rjettindi.

24. gr.

Árgjald í varasjóð fjelags og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. — Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól. Fje má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu fjelagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sjeu tillögunni fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ þeirra fjelagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum.

25. gr.

Í samþyktum skal ákveða árlegt tillag í stofnsjóð fjelagsins, hve mikið það skuli vera frá hverjum fjelagsmanni og hvernig það skuli greitt. Má það eigi nema minna en svarar 3% af verði aðkeyptra vara í þeim fjelögum, er hafa vörukaup sem aðalverksvið. Fje stofnsjóðs skal notað sem veltufje í þarfir fjelagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns er skylt að greiða:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af fjelagssvæði.
c. Við brottrekstur úr fjelaginu.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign fjelagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má

greiða það, sem umfram er, enda hafi hann ekki skift við fjelagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyr en eigandi hefir int af hendi allar fjármunalegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem fjelagsmanni.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfje óuppsegjanlegt, og verður ekki selt nje af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki fjelagsstjórnar.

26. gr.

Samvinnufjelög með samábyrgð hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá fjelagsmönnum til ávöxtunar. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum fjelagssamþykta.

Til tryggingar fyrir fje því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður fjelagsins og aðrar eignir þess, ásamt sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna.

27. gr.

Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabrjef, að hafa verslunarviðskifti við utanfjelagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur.

28. gr.

Samvinnufjelög, sem uppfylla ákvæði þessara laga, greiði skatta er hjer segir:

A. Til ríkissjóðs.

1. Skatt af löndum, lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög ákveða.
2. Tekjuskatt af arði, sem leiðir af viðskiftum utanfjelagsmanna.

B. Til sveitar- og bæjarsjóða:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt skýrslu, er fjelagið gefur skattanefnd. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á þeim.
3. Fastan skatt 1% af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.

VI. kafli.

Samvinnusambönd.

29. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufjelög með líku verksviði koma sjer saman um að mynda samband sem sjerstakt fjelag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufjelög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það fjelag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rjett til upptöku.

30. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af fjelögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert fjelag má senda á sambandsfund, eftir tölu fjelagsmanna, svo sem samþyktir sambandsins nánar ákveða.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

31. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og sjeu í henni eigi færri en þrír menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum, og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskifti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

32. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikninginum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum fjelögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sje á ráðin, ef misfellur eru, og gefur fjelagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í tje skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. kafli.

Fjelagsslit.

33. gr.

Samvinnufjelagi skal slita, ef ályktun um það er samþykt á tveim lögmætum fjelagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi málið verið borið undir fjelagsmenn milli funda og samþykt af þeim með meiri hluta atkvæða.

34. gr.

Þegar fundur ákveður fjelagsslit, getur hann annaðhvort afhent fjelagið skiftarjetti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál fjelagsins, meðan á fjelagsslitinu stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En fjelagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um fjelagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á fjelagsbúi gilda ákvæði skiftalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Fjelagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu fjelagsins.

35. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða fjelagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið fjelagsbúið aftur afhent sjer í hendur og haldið áfram starfsemi fjelagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um fjelagsslitin.

36. gr.

Stjórn samvinnufjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

37. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufjelag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki grundvallarákvörðun laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn fjelagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra rjettinda samkvæmt lögum þessum.

38. gr.

Bækur fjelags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annara fjelaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir fjelagsins.

VIII. kafli.

Ymisleg ákvæði.

39. gr.

Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til fjelagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, ef þeir herma vísvitandi eða af stórfeldu gáleysi rangt eða villandi í öðrum skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um eignir og efnahag fjelags, er þeir stýra.

Enn fremur varðar það sektum að vanrækja tilkynningu lögum þessum samkvæmt.

40. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

41. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

a. Fyrir skrásetningu fjelags, sem eigi hefir verið skrásett áður . . . kr. 30,00
b. Fyrir skrásetningu útibús . . . . . — 20,00
c. Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu . — 15,00
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Athugasemdir.

Samkvæmt áliti yfirdómsins í máli nr. 51 árið 1916, bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Sláturfjelagi Suðurlands, 51/1916, þekkir íslensk löggjöf ekki hugtakið samvinnufjelag. Samt hafa þessi fjelög starfað hjer á landi hjer um bil 40 ár, eru til í hverju einasta kjördæmi landsins og mörg í sumum. Meira en helmingur allra Íslendinga er á einn eða annan hátt starfandi í samvinnufjelögum.

Þessi aðstaða til löggjafarinnar er mjög óheppileg, af því að samvinnufjelögin eru mjög frábrugðin öðrum fjelagsskap, ef litið er á starfshætti og skipulag. Að sumu leyti starfa fjelögin eins og opinber fyrirtæki. T. d. er ein af algengustu mótbárum gegn því, að landið fáist við verslun, einmitt sú, að samvinnufjelögin haldi verðlagi í landinu á rjettum kili. Þjóðfjelagið geti þess vegna sparað sjer fyrirhöfn og áhættu á því sviði. Þá má og segja, að minkuð útgjöld við daglega eyðslu, sem samvinnufjelögin koma til leiðar, en almenningur nýtur hlunnindanna af, sje þjóðbatandi í fylsta skilningi orðsins.

Samvinnufjelögunum hefir yfirleitt farnast vel, án sjerstakrar lagaverndar. Þó hafa á stöku stöðum verið stofnuð fjelög með lítilli fyrirhyggju og orðið slys að (Ólafsvík, Keflavík). Því lík mistök má alloft fyrirbyggja með almennum laga-ákvæðum. Það er nauðsyn, bæði vegna þeirra, sem líða við óhöpp sjálfs fjelagsins, en líka vegna hinna mörgu heilbrigðu fjelaga, sem fá óverðskuldað álas, ef einhverju samskonar fjelagi farnast miður vel.

Þar sem nú samvinnufjelögin grípa svo mjög inn í líf þjóðarinnar, eru frábrugðin öllum öðrum fjelagsskap í landinu að skipulagi og vinna almenningi mikið gagn, bæði beint og óbeint, er það ekki nema sjálfsögð krafa til þjóðfjelagsins, að það láti þau njóta fullkominnar verndar landslaganna. Til þess þarf að lögtaka almenn samvinnulög. Og þar sem nú hliðstætt frumvarp um hlutafjelög er lagt fyrir Alþingi, er mjög heppilegt að hin almennu samvinnulög sjeu lögtekin um leið.

Flestar aðrar þjóðir hafa slíka löggjöf. Bretar fengu sín fyrstu samvinnulög 1852, fáum árum eftir að hin fyrstu kaupfjelög mynduðust þar í landi. Hafa lög þessi oft verið endurbætt, síðast svo að um munaði 1893. Telja Bretar þessa löggjöf hafa verið óhjákvæmilegt lífsskilyrði fyrir samvinnufjelögin þar í landi. Þjóðverjar fengu sín samvinnulög 1889. Svíar hafa samvinnulög frá 1911. Finnar, Belgir, Svisslendingar og Ítalir hafa hliðstæða löggjöf. Danir og Norðmenn eru hjerumbil hinar einu Evrópuþjóðir, fyrir utan Íslendinga, sem ekki hafa enn samvinnulöggjöf, og er þó ekki sama ástæðan í báðum löndunum. Andstæðingar dönsku samvinnufjelaganna hafa lagt töluverða áherslu á að fá slíka löggjöf. En samvinnumenn Dana hefir grunað, að tilgangurinn væri sá, að gera lögin þannig úr garði, að þau yrðu fjötur á fjelagsskapinn. Jafnvel að inn í þau lög ætti að koma óheppilegum ákvæðum um gjaldskylduna. Þeir vilja þess vegna heldur engin lög heldur en ósanngjörn lög. Er og þess að gæta, að í Danmörku eru fjelögin betur trygð en í flestum öðrum löndum, með hinum almennu skattalögum. Aftur á móti hafa norsku samvinnumennirnir hvað eftir annað skorað á stjórn landsins að leggja almenn samvinnulög fyrir Stórþingið. Verða varla bornar brigður á, að sama þörf sje hjer á landi fyrir hendi um lagasetningu í þessu efni eins og hjá öðrum þjóðum.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir hverskonar fjelög það eru, sem lögin eiga að ná til, og hefir þótt nauðsynlegt að lýsa að nokkru verksviði þeirra og skipulagi.

Um 2. gr.

Hingað til hafa samvinnufjelög hjer á landi aðallega fengist við tvent, að afla fjelagsmönnum nauðsynja og koma vörum þeirra í verð. En eftir því sem fjelagsskapur þessi nær meiri þroska, má búast við, að þau færist meira í fang og taki að sjer fleiri verkefni, svo sem bent er til með nokkrum dæmum í 3. lið greinarinnar.

Um 3. gr.

Jafnvel þó samvinnufjelög sjeu engan veginn öll steypt í sama móti, hafa þau eigi að síður mörg sameiginleg einkenni, sem gera þau frábrugðin öðrum fjelögum, t. d. hlutafjelögum, sem stofnuð eru og rekin í gróðaskyni.

Í greininni er tekið upp yfirlit yfir helstu atriðin, sem sjerkennileg eru fyrir samvinnufjelög. Meðal þeirra má nefna 1. lið, um frjálsan aðgang fjelagsmanna án beinna fjárframlaga af þeirra hendi, að undanskildum inngöngueyri, sem naumast er teljandi í því sambandi. Enn fremur má nefna 3. lið, um jafnan atkvæðisrjett, án tillits til inneigna, sem á að varna því, að einstakir menn, er meiri hafa fjárráð, nái valdi yfir fjelaginu og beri aðra minni máttar ofurliði. Þá er ákvæði 6. liðs, að árlega sje haldið eftir sem sjereign fjelagsmanns nokkrum hluta af því, sem hann vinnur, eða rjettara sagt sparar, á viðskiftum sínum við fjelagið, móts við samskonar viðskifti annarsstaðar, í því skyni, að umrædd framlög, er ávaxtast í stofnsjóði fjelagsins, sjeu notuð sem starfsfje í þess þarfir. Samkvæmt 8. lið er úthlutun á arði af inneignum bundin þeim takmörkum, að hann sje aldrei til muna meiri en algengir vextir, og er það ákvæði sett til þess að varna því, að fjelagið geti orðið gróðafyrirtæki einstakra manna. Loks má benda á það ákvæði í 10. lið, að við fjelagsslit skuli innstæðufje í sameignarsjóðnum, og þar með arður af viðskiftum við utanfjelagsmenn, lagt til almenningsþarfa í sjerstöku augnamiði.

Öll þessi grundvallaratriði miða að því að greiða fyrir fjelitlum mönnum og bæta aðstöðu þeirra til þess að hafa not af fjelagsskapnum, til jafns við þá, sem efnaðri eru, með því að gera öllum, fátækum sem ríkum, jafnt undir höfði.

Þá er samábyrgð fjelagsmanna, sem um er rætt í 2. lið, þýðingarmikið atriði í skipulagi samvinnufjelaga. Til grundvallar fyrir henni liggur sú skoðun, að á móts við rjettinn til að njóta hagnaðar af fjelagsskap, þegar vel gengur, eigi að koma skylda til að bera skaða þann, er fjelagsskapurinn kann að hafa í för með sjer, ef illa fer, án þess að hann sje látinn lenda á óviðkomandi mönnum, sem skifti hafa við fjelagið, þegar fjártjón ber að höndum. En eftir öllum horfum á það langt í land, að þessi skoðun verði að ríkjandi rjettarmeðvitund ráðandi manna í viðskiftalífi, enda er það vitanlegt, að á mörgum sviðum vantar mikið á, að hugsjónin um rjettmæti samábyrgðar sje orðin samgróin almennum hugsunarhætti. Með tilliti til þess, er hjer að eins farið fram á að lögleiða samábyrgðarskyldu þeirra samvinnufjelaga, er hafa með höndum innkaup á vörum. Ber tvent til þess, að rjettmætt þykir að láta tjeð ákvæði gilda sjerstaklega um slík fjelög, fyrst það, að meðan þau eru ekki búin að safna í sjóð nægu rekstursfje, þurfa þau öðrum fremur á miklu lánstrausti að halda, svo að þeim er áríðandi að efla það með góðum tryggingarskilyrðum, og annað það, að sameiginleg ábyrgð er þegar á komin í flestum þeim innkaupafjelögum, sem nú eru starfandi hjer á landi.

Um II. kafla.

Ákvæði annars kafla, um stofnun samvinnufjelaga, lúta fyrst og fremst að því, að öllum, sem þess æskja, gefist kostur á að taka þátt í fjelagsskapnum þegar frá upphafi og vera með í ráðum um fyrirkomulag hans. Og í annan stað eiga

þau að stuðla til þess, að ávalt sje skýlaus vissa fyrir því, hverjir njóti fjelagsrjettinda eða sjeu háðir fjelagsskyldum.

Um 4. gr.

Frjálslegast þykir, að fjelagsstofnun sje jafnan borin upp á almennum fundi. Kemur þá til álita, hvað fjelagsmenn mega fæstir vera. Í sænskum samvinnulögum er lágmarkið 5 og í enskum lögum 7. Hjer er talan sett 15, með það fyrir augum, að ekki sje stofnað til smáfjelaga á sama svæði, frekar en þörf gerist eftir staðháttum eða annari aðstöðu.

Um 5. gr.

Við stofnun fjelags er sjálfsagt að setja fastar reglur um alt fyrirkomulag þess inn á við og út á við, og eru hjer talin upp þau atriði, sem skylt er að kveða á um í slíkum samþyktum. Mega þau ákvæði hvergi fara í bága við lög þessi, en að öðru leyti er hverju fjelagi í sjálfs vald sett að haga þeim eftir vild sinni.

Um 6. gr.

Þá leiðir það af sjálfu sjer, að ekkert fjelag getur tekið til starfa, nema lögmæt stjórn sje kosin, og sömuleiðis fer vel á því, að kosning endurskoðenda fari þá fram um leið, svo að þeir geti sem best fylgst með framkvæmdum stjórnarinnar frá byrjun.

Um 7. gr.

Til þess að koma í veg fyrir ágreining um rjettindi og skyldur fjelagsmanna, þykir nauðsynlegt, að þeir við inngöngu í fjelagið undirskrifi skuldbindingu þar að lútandi, auk þess sem þeir, til merkis um að þeir sjeu löglegir fjelagsmenn, greiða áskilinn inngöngueyri.

Um 8. gr.

Að sjálfsögðu geta þeir, sem segja sig úr fjelagi eða ganga úr því af öðrum ástæðum, ekki losnað við ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er þeir hafa verið háðir fram að úrgöngu, og má búast við, að það taki stundum alllangan tíma að gera það upp til fullnustu; að vísu mundi oftast nægja eins árs frestur, ef málssókn er ekki til tafar. En til vonar og vara er fresturinn hjer settur tvö ár, og er það á valdi aðalfundar, eftir tillögum fjelagsstjórnar, að stytta frestinn, ef ástæður mæla með.

Um III. kafla.

Það hefði mátt komast hjá því að hafa þriðja kafla, um skrásetningu samvinnufjelaga, jafnítarlegan, með því að vísa til samskonar ákvæða í firmalögum. En sumpart hafa þau ákvæði ekki þótt allskostar viðeigandi, og enn fremur hefir að sumu leyti þótt hentugra að taka aðalákvæðin upp í þessi lög sem eina heild.

Um 9. gr.

Hjer er skrásetningarskylda lögð á öll samvinnufjelög, sem lög þessi taka til. Af því leiðir, að hvert það fjelag, sem ekki er tilkynt til skrásetningar, fer á mis við þá vernd og rjettindi, er lögin veita, og getur ekki heldur skuldbundið sig sem heild.

Um 10. gr.

Það hefir komið til álita, hvort eigi væri rjett að hafa eina fjelagsskrá fyrir land alt. En jafnvel þó sú tilhögun hefði ýmsa kosti, hefir samt sem áður sú orðið niðurstaðan, að skrásetning fari fram í hverju lögsagnarumdæmi, þar sem fjelag er eða útibú þess.

Um 11. gr.

Eitt af fyrstu skylduverkum hverrar stjórnar, sem kosin er til þess að veita nýstofnuðu fjelagi forstöðu, er að tilkynna það til skrásetningar, og skal sú tilkynning vera komin í hendur lögreglustjóra innan mánaðar frá stofnun fjelagsins. En að því er snertir fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, telst tilkynningarfrestur frá næsta aðalfundi, þá er tækifæri hefir verið til, ef þörf gerist, að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir.

Um 12. gr.

Ávalt þegar útibú er sett á stofn, er skylt að tilkynna það til skrásetningar, en sá munur gerður, að ef útibúið er í öðru lögsagnarumdæmi, ber að skrásetja þar einnig aðalfjelagið.

Um 13. gr.

Þegar tilkynt er breyting á samþyktum eða viðauki, leiðir það af niðurlagsákvæði 11. gr., að tilkynningunni skulu fylgja samþyktir um breytinguna eða viðaukann í 2 eintökum.

Um 14. gr.

Að vísu ætti það að vera áhugamál hverrar fjelagsstjórnar að láta tilkynningu vera svo fullkomna, að eigi sje ástæða til synjunar eða frestunar á skrásetningu. En komi fyrir ágreiningur út af því, er stjórninni heimilt að leita úrlausnar dómstóla, hvort heldur þegar í stað eða eftir að málið hefir verið borið undir ráðherra.

Um 15.—17. gr.

Ákvæði 15. og 17. gr. svara til 4. og 7. gr. laga 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu- og prókúruumboð.

Að því er snertir 16. gr., vísast til annars kafla og 34. gr. tjeðra laga.

Um IV. kafla.

Til þess að koma á sem fylstu samræmi í stjórnarfyrirkomulagi samvinnu-

fjelaga, að því leyti sem starfshættir og aðrar ástæður leyfa, er í 4. kafla safnað saman aðaldráttum um fjelagsstjórn, fundi, reikningsskil og endurskoðun. Í því efni er einkum haft tvent fyrir augum, fyrst og fremst það að lögfesta grundvallarreglur, er öllum fjelögum sje skylt að hlíta, og því næst það, að slá föstum þeim ákvæðum, sem eftir eðli sínu eiga jafnt við öll fjelög, er hjer koma til greina.

Um 18. gr.

Hjer er tekið upp það nýmæli, að ef fjelagsstjórn skellir skolleyrum við kröfu frá lögmætum hluta fjelagsmanna eða fjelagsdeilda um fundarhald til að fjalla um ákveðið efni, þá geti þeir kvatt til fundar, sem krefjast hans. Og er þetta ákvæði sett til þess, að stjórn geti ekki að ófyrirsynju þagað í hel eða dregið á langinn mikilsvarðandi málefni, sem ef til vill snertir aðgerðir hennar sjálfrar.

Um 19. gr.

Í ýmsum fjelögum hefir það komist á, og jafnvel verið gert að gildandi ákvæði, að á fulltrúafundum hafi stjórnendur atkvæðisrjett, þó að þeir sjeu ekki kjörnir fulltrúar. En með því að sú tíska virðist ekki allskostar rjettmæt, er hjer farið fram á að afnema hana.

Í annan stað hefir tala þeirra fulltrúa, er einstakar deildir mega senda á fund, í mörgum fjelögum verið miðuð við innieign eða viðskiftamagn. En í samræmi við það, sem þessi lög leggja til grundvallar fyrir atkvæðisrjetti einstaklinga, virðist það eitt rjett, að fulltrúatala fari eftir tölu fjelagsmanna.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar um, að ekki megi meiri hluti ganga úr stjórn á sama ári, miðar að því að halda frekar en ella festu og samkvæmni í stjórnarstörfum.

Um hæfileika stjórnenda er það eitt áskilið, að þeir sjeu fjelagsmenn. En jafnframt er gengið að því vísu, að þeir uppfylli almenn skilyrði fyrir trúnaðarstörfum, svo sem lögræði, óflekkað mannorð o. s. frv.

Um 21. gr.

Sem aðalregla gildir það ákvæði, að stjórnendur beri ábyrgð á gerðum sínum, einn fyrir alla og allir fyrir einn. En sanngirni virðist mæla með því, að sá, sem gerir ágreiningsatkvæði, sje laus við ábyrgð, ef hann lætur bóka það í gerðabók.

Um 22. gr.

Starf endurskoðenda á ekki eingöngu að vera bundið við rannsókn á reikningsfærslu, svo sem oft vill við brenna um endurskoðun, heldur ber þeim einnig að hafa eftirlit með starfrækslu. Að öðru leyti er sama að segja um þá og stjórnendur, að gengið er að því vísu, að þeir fullnægi almennum skilyrðum fyrir trúnaðarstarfi, og er það því eitt tekið fram um hæfileika þeirra, að þeir megi ekki vera í fjelagsstjórn.

Um 23. gr.

Ef aðalfundur fellir tillögu um að samþykkja reikninga, þrátt fyrir það þó tillögunni fylgi sá fyrirvari, að fullnægt verði úrskurðum um athugasemdir,

má gera ráð fyrir því, að endurskoðun þyki ófullkomin, og er það þá í valdi fundarins að kjósa aðra menn til að framkvæma yfirskoðun, áður en reikningarnir eru samþyktir.

Um V. kafla.

Ákvæði þau, er fimti kafli hefir inni að halda um rjettindi og skyldur samvinnufjelaga, snerta ýmisleg atriði, sem eftir eðli sínu má skifta í tvo flokka. Annars vegar eru sjóðstofnanir og aðrir útvegir til þess að afla nauðsynlegs tryggingarfjár og rekstursfjár, er verður að safnast smátt og smátt, þar sem fjelögin eiga ekki ráð á neinum fjárframlögum frá stofnendum eða öðrum fjelagsmönnum til að byrja með starfsemi sína. Hins vegar eru skattar þeir, er á fjelögunum eiga að hvíla til almennra þarfa.

Um 24. gr.

Varasjóður er nauðsynlegur til tryggingar í hverju fjelagi, til að mæta ófyrirsjáanlegum óhöppum. Hefir vöntun slíkra sjóða stundum verið bagaleg. Að vísu hafa þessi fyrirtæki oft verið búin að borga sig, og stundum mörgum sinnum. En fjelagsmönnum kemur samt betur að ætla árlega einhverja vissa upphæð fyrir óhöppum og tapi. Sum fjelög hafa marga sjóði af þessu tægi, auk hins venjulega varasjóðs, t. d. skuldtryggingarsjóð, verðbreytingasjóð o. s. frv. Í almennum samvinnulögum verður þetta tillag varla ákveðið nema eins og fast hundraðsgjald á veltuna, með því að sum fjelög afhenda vöruna strax með kostnaðarverði, svo að ekki er um neinn tekjuafgang að ræða.

Til þess að varasjóður geti náð þeim tilgangi sínum að verða öflug trygging fyrir áframhaldandi vexti og viðgangi fjelags, er ekki einhlítt að safna fje í sjóð, heldur verður einnig að gjalda varhuga við skerðing fjárins að nauðsynjalausu. Með því að reynsla sumra fjelaga hefir sýnt og sannað, að í því efni hefir eigi verið gætt nægrar varkárni, eru hjer af ásettu ráði sett ströng skilyrði fyrir greiðslum úr sjóðnum.

Um 25. gr.

Veltufjárleysið er mesti þröskuldur í götu verslunarframfara hjer á landi; þjóðin verður að skulda, oft erlendis, fyrir miklum hluta af ársforða sínum. Ástæðan sú, að íslenskar afurðir seljast venjulega ekki fyr en seint eða seinast á árinu. Eina úrræðið er því að koma upp föstum veltufjársjóði, þannig að hver heimilisfaðir eigi í sínu kaupfjelagi sjóð, sem nægi fyrir þeirri upphæð, sem hann verður að skulda í fjelaginu. Hjer er gert ráð fyrir, að þau samvinnufjelög, sem fást við vöruinnkaup, sjeu skyld til að leggja 3% á veltuna ár hvert til að auka með stofnsjóðseignina, með því að slík fjelög þurfa langmest veltufje. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að sama þörf sje um veltufje fyrir þau fjelög, sem nefnd eru í 2. og 3. lið 2. gr., og nær þetta ákvæði ekki til þeirra, þó að auðvitað sje æskilegt að slík fjelög efni líka til stofnsjóða, þó að iðgjöldin sjeu lægri. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef stofnsjóður á að ná þessu takmarki, má ekki vera auðgengið að útborgunum. Stofnsjóður verður með þessum hætti einskonar líftryggingarsjóður fjelagsmanna. Þó er höfuðtilgangur hans að gera íslenska verslun óháða í

fjármálum, tryggja hverjum borgara landsins, sem vill, hagstæða verslun, og gera hverju heimili kleift, með festu og sparsemi, að eignast nægilegt veltufje, til afnota við hin árlegu innkaup. Má því segja, að slík sjóðmyndun geti orðið verulegur þáttur í baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir fjárhagslegu sjálfstæði.

Um 26. gr.

Með því að samvinnufjelög hafa lítið annað veltufje en stofnsjóðstillög fjelagsmanna, en þau hljóta að hrökkva skamt til allra framkvæmda, sjerstaklega í vörukaupafjelögum, hafa þau fjelögin, sem lengst eru komin áleiðis og í fastast horf, tekið það ráð að stofna innlánsdeild til að taka við fje hjá fjelagsmönnum til ávöxtunar, og hefir það alstaðar vel gefist, eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin.

Hjer er því farið fram á að lögfesta þetta fyrirkomulag, en binda það ákveðnum skilyrðum, sem eru:

1. Að fjelögin hafi samábyrgð, er sje til tryggingar fyrir innlögum, auk varasjóðs og annara eigna.
2. Að einungis sje tekið við innlögum frá fjelagsmönnum, svo að þar með sje útilokað, að starfræksla innlánsdeildar komi í bága við lög um sparisjóði.

Um 27. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiftum samvinnufjelaga jafnt við fjelagsmenn sem utanfjelagsmenn, einkum í stærri kauptúnum, þykir nauðsynlegt að leysa þau undan þeirri kvöð, sem á kaupmönnum hvílir samkvæmt opnu brjefi 7. apríl 1841, að mega ekki hafa nema einn útsölustað í sama kauptúni, enda virðist tjeð ákvæði yfirleitt ekki svara tilgangi, auk þess sem örðugt reynist að tálma því, að farið sje á snið við það með ýmsu móti.

Um 28. gr.

Í því nær öllum löndum, þar sem samvinnufjelög starfa, gilda sjerstök fyrirmæli um skattskyldu þeirra. Svo er t. d. á Englandi og Norðurlöndum öllum. Þessi sjerstaða er bygð á sjereðli þessara fjelaga. Menn hafa fundið, að fyrirtæki, sem ekki eru rekin í gróðaskyni, eiga ekki í skattamálum samleið við atvinnufyrirtæki einstaks manns eða fjelaga, þar sem takmarkið eitt er að græða og mikið græðist. Samvinnufjelögin skortir þess vegna aðalskilyrðið, þ. e. sjálfstæðan gróða, sem á þarf að byggja, þegar um er ræða tekjuskatt eða útsvar eftir efnum og ástæðum.

Íslensk löggjöf hefir viðurkent sjerstöðu þeirra samvinnufjelaga, er útvega vörur með kostnaðarverði, fyrst með lögum nr. 7, 1896, og síðast með lögum nr. 50, 1919. En síðan þau lög voru fyrst samin, eru kringumstæður mjög breyttar. Nýjar tegundir samvinnufjelaga hafa myndast, sem gildandi lög vernda ekki eins og vera ætti. Málaferli og deilur út af skattskyldunni hafa títt átt sjer stað, og eiga sjer enn stað, sem auðvelt væri að koma í veg fyrir með rjettlátri löggjöf um skattskyldu samvinnufjelaganna. Er þess því fremur þörf, ef við útsvarsmálin bætast nú nýjar og ekki allskostar eðlilegar skattakröfur á hendur fjelögunum frá ríkisins hálfu.

Sjerstöðu samvinnufjelaganna í skattamálum verður að marka í hinum almennu skattalögum ríkisins. En sumar þjóðir láta líka þessi sjerstöku skattafyrirmæli koma fram í sjálfum samvinnulögunum. Þannig er t. d. í 24. gr. ensku

samvinnulaganna beint tekið fram, að skrásett samvinnufjelög skuli vera undanþegin tekjuskatti til ríkisins. Að ekki eru tekin upp í ensku samvinnulögin samskonar fyrirmæli viðvíkjandi sveitarútsvörum, kemur af því, að öll sveitargjöld í Englandi eru lögð á afnot fasteigna, en ekki jöfnuð niður eftir efnum og ástæðum. Þar getur þess vegna ekki verið um nokkra hlutdrægni að ræða við niðurjöfnun sveitargjalda, eins og stundum þykir brenna við hjer á landi. Engar deilur hafa orðið í Englandi um sveitargjöldin. Aftur á móti beita samvinnumenn þar í landi sjer einhuga móti því, að lagður verði skattur á sjóði fjelaganna, þar á meðal varasjóð. Með því að Bretar hafa mesta reynslu í samvinnulöggjöf af öllum þjóðum, hafa lög þeirra að nokkru leyti verið höfð til hliðsjónar við þessa grein frumvarpsins. Fyrst það, að setja skattamálaákvæðin inn í samvinnulögin, og í öðru lagi að ráða fram úr útsvarsmáli samvinnufjelaga með fasteignaskatti.

Til að augljósara verði, hvers vegna sjerstök skattafyrirmæli hljóta að gilda um samvinnufjelög, verður að líta á einstök atriði í skattalöggjöf vorri, sem og nábúaþjóðanna.

Hjer á landi eru ýms fyrirtæki, að frátöldum eignum ríkisins og bæjarfjelaga, undanþegin opinberum gjöldum. Má þar nefna Íslandsbanka, sparisjóði, sem ekki eru gróðafjelög einstakra manna, svo og Söfnunarsjóðinn. Þegar þess er gætt, að Landsbankinn er vitanlega einnig undanþeginn sköttum, kemur í ljós, að hjer um bil alt veltufje landsmanna, nema það, sem samvinnufjelögin eiga í sjóðum sínum, er nú undanþegið skattgjaldi í peningastofnununum sjálfum. Og ástæðan er hin sama alstaðar, nema um Íslandsbanka, sem sjerstaklega stendur á með, að þessir sjóðir eru ekki skattlagðir, af því álitið er, að þeir vinni almenningi, en ekki einstökum mönnum, gagn.

Hjá frændum vorum á Norðurlöndum eru undanþágurnar fleiri. Danir láta þannig vera undanþegnar skatti *tekjur gróðafjelaga*, ef þeim er varið til góðgerða, mentunar, lista eða vísinda. Sama gildir um veðlánsfjelög, ef þau vinna til almenningsheilla, en ekki til að afla einstökum mönnum fjár. Enn fremur eru undanþegin skatti kaupfjelög og sölufjelög, ef þau skifta eingöngu við fjelagsmenn.

Svíar láta vera skattfrjálst: Búnaðarfjelög, allskonar mentastofnanir, styrktarsjóði og góðgerðafyrirtæki, veðlánsbanka og veðlánsfjelög, sparisjóði og samvinnufjelög, að því leyti er snertir endurborgaðan tekjuafgang af viðskiftum.

Í Noregi gilda svipuð fyrirmæli. Allar mentastofnanir eru undanþegnar skatti til ríkis og sveitarfjelaga, veðbankinn, veðlánsfjelögin, brunabótafjelög landsins, sjúkrahús, svo og samvinnufjelög, að því leyti er snertir skifti fjelagsmanna.

Í löggjöf Íslands, og þó einkum í löggjöf grannþjóðanna, er með tilliti til skattskyldu gerður munur á þessum tveim flokkum:

1. Þeir, sem vinna almenningi gagn fyrst og fremst: Mentastofnanir, sjúkrahús, veðbankar og veðlánsfjelög, sparisjóðir og samvinnufjelög. Þessar stofnanir eru annaðhvort alveg skattfrjálsar eða greiða aðeins skatt að litlu leyti. T. d. samvinnufjelög vegna skifta utanfjelagsmanna. Veðlánsfjelögin eru hrein samvinnufjelög, og eru þau í öllum þessum löndum undanþegin skatti.
2. Þeir, sem leitast við að græða fje handa sjálfum sjer, hvort heldur einstaklingur eða fjelag. Þar er skattbyrði til ríkis og sveitar lögð á eftir efnum og ástæðum.

Íslensk skattalöggjöf er í þessu efni að eins á einu sviði frábrugðin samskonar löggjöf í næstu löndum. Samvinnufjelögin eru hjer látin greiða sveitargjöld

eftir sömu reglum og gróðastofnanir. Þannig borgar eitt kaupfjelag hjer á landi til Akureyrarbæjar 15000 kr. útsvar. En Samband norskra samvinnufjelaga í Kristianíu greiddi árið 1919 í alla skatta til ríkis og bæjar að eins 14074 kr. Þó nær sú heildsala yfir 300 kaupfjelög í öllu landinu, en greiðir samt minna til allra opinberra þarfa heldur en eitt kaupfjelag hjer á landi í útsvar. Og danska samvinnuheildsalan, Fællesforeningen, sem árið 1919 hafði um 80 miljóna króna veltu, fyrir utan hin mörgu iðnaðarfyrirtæki sín, greiðir að eins fasteignaskatta. En af sanngirnisástæðum gefur Fællesforeningen nokkra fjárhæð árlega í bæjarsjóð Kaupmannahafnar fyrir vernd og aðstöðuhagræði í bænum. Til samanburðar má geta þess, að Samband íslenskra samvinnufjelaga greiddi í fyrra í útsvar í Reykjavík 35 þúsund krónur, og ef búið hefði verið þá að lögfesta tekjuskattsfrumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið, myndi Sambandið enn fremur hafa orðið að greiða til ríkissjóðs 17955 kr. af þeim 70 þús., er það lagði það ár í varasjóð sinn.

Þar sem nú enginn óhlutdrægur maður mun neita því, að samvinnufjelögin hjer á landi hafa valdið miklu um framför landsins á síðustu 40 árunum, bætt verslunina, aukið vöruvöndun, aukið ráðdeild og fyrirhyggju almennings, í stuttu máli unnið þýðingarmikið verk í þágu þjóðfjelagsins, þá verður því ekki neitað, að aðstaða fjelaganna í skattamálum er miður rjettlát eða líkleg til góðra afleiðinga.

Með frumvarpi þessu er reynt að bæta úr þessum annmarka. Samvinnufjelögunum er þar ákveðin öll sú gjaldabyrði til ríkis og sveitarfjelaga, sem rjettlát má teljast og leiðir af eðli málsins og kringumstæðum hjer á landi. Fjelögin eru sett á bekk hliðstætt samskonar fyrirtækjum hjá öðrum þjóðum, sem meiri hafa reynslu og skipulag í skattalöggjöfinni. Ef sum ákvæði í þessu frumvarpi gætu talist vægari í garð samvinnufjelaganna heldur en á sjer stað hjá ofannefndum nábúaþjóðum, þá eru aftur önnur ákvæði óhagstæðari, sem meira en vega á móti, t. d. aukaskattur á húseignum til bæjarsjóða.

Til ríkissjóðs er gert ráð fyrir tvenskonar skatti: Fyrst af löndum og lóðum og öðrum fasteignum, þar með talin skip, eftir því sem lög mæla fyrir á hverjum tíma. Í öðru lagi tekjuskattur af arði, sem leiðir af skiftum utanfjelagsmanna, sem er einskonar kaupmannságóði, og því háður sömu reglum.

Með því að sveitar- og bæjarfjelög láta samvinnufjelögum víðast hvar hjer á landi nokkur hlunnindi í tje, t. d. afnot af vegum í kaupstöðum, götuljós og lögregluvernd, er sanngjarnt, að samvinnufjelögin greiði nokkurn fastan skatt, sem rennur til bæjarfjelagsins fyrir áðurnefnd og skyld hlunnindi. Er það greiðsla sama eðlis og hafnar- og bryggjugjöld fyrir afnot þeirra mannvirkja. Um tvo fyrstu liðina má segja, að þeir sjeu sjálfsagðir. Sundurgreining á veltu innan- og utanfjelagsmanna er mjög auðveld og örugg í samvinnufjelögum, þar sem bókfæra verður nákvæmlega skifti hvers fjelagsmanns, vegna tekjuafgangs þess, er honum kann að áskotnast í árslokin. Norðmenn hafa þetta fyrirkomulag, og gefst vel. Þriðji liðurinn er nokkur nýjung hjer á landi. Er þar að nokkru líkt eftir sveitargjalda-fyrirkomulagi Breta. Þessi fasti húseignaskattur er framlag frá fjelagsins hálfu fyrir afnot af vegum, ljósum o. s. frv., að því leyti, sem hinir fyrnefndu skattar ekki þættu hrökkva til. Að vísu er skattur þessi fastur, en þar sem stórt og mannmargt fjelag hlýtur að jafnaði að hafa stærri og verðmeiri byggingar til afnota heldur en lítið og fáment fjelag, þá má segja að skattur þessi geti verið

hækkandi í eðlilegum hlutföllum. Og um fyrsta liðinn er það að segja, að þar hafa sveitarfjelögin opna leið til að koma við hækkandi skatti, með því að gera nokkurn hluta sveitargjaldanna að verðhækkunarskatti á lönd og lóðir. Eitt kauptún hjer á landi æskir nú eftir heimildarlögum til slíkra breytinga. Tilgangur þessarar greinar frumvarpsins er að finna rjettlátan grundvöll í skattamáli samvinnufjelaga, þar sem bæði ríki og sveitarfjelög fái af fjelögunum þær tekjur, sem rjettlátar eru og sanngjarnar, en á hinn bóginn fyrirbyggja gerræði og hlutdrægni, sem auðveldlega getur komið til greina, ef lagafyrirmæli, er þar að lúta, eru svo ónákvæm, að unt er að blanda saman þjóðbætandi stofnunum og sjálfstæðum gróðafyrirtækjum. Er hin sama nauðsyn að tryggja samvinnufjelögin í þessu efni eins og aðrar þjóðir hafa gert, bæði um þann fjelagsskap, sparisjóði, veðbanka, veðlánsfjelög og jafnvel gróðafjelög, ef þau verja gróða sínum til almennra þarfa.

Hjer er gert ráð fyrir að fylgja sem mest hinu gamla enska fyrirkomulagi, að skattleggja sem minst sjóði fjelaganna, enda síst þörf, þar sem hinir áður greindu skattaliðir bæta meir en títt er annars staðar aðstöðuhagræði fjelaganna. Sjóðir fjelaganna eru þrennskonar:

1. Innlánsdeild.
2. Stofnsjóður.
3. Varasjóður (o. fl. óskiftilegir sjóðir).

Tveir hinir fyrnefndu sjóðir eru blátt áfram sparisjóðir fjelagsmanna, og gilda því vitanlega um þá rjettindi almennra sparisjóða. Ef greiða ætti af þeim gjöld til bæjarfjelaga eða ríkis, væri um bersýnilega hlutdrægni að ræða. Aftur á móti koma innieignir manna í sjóðum þessum vitanlega til að bera öll opinber gjöld, þar sem eigendurnir eru búsettir. Innieign í þessum sjóðum er nærfelt ómögulegt að leyna fyrir hlutaðeigandi skattanefndum, með því að allar slíkar fjárreiður samvinnufjelaga eru á margra manna vitorði. Aftur á móti fullyrða bankafróðir menn, að mikið af innieignum í bönkum og sparisjóðum fari fram hjá skattanefndum. Borgar þá hvorki eigandinn eða stofnunin af fjenu. En væri tvíborgað af sjóðum samvinnufjelaganna, yrði misrjetti það, er þau væru beitt, alveg ómótmælanlegt.

Um varasjóð er að því leyti öðru máli að gegna, að hann er sjálfstæður sjóður og óskiftilegur. En samkvæmt frumvarpi þessu er hann í raun og veru opinber sjóður og almenningseign. Að tvennu leyti er þá varasjóður þvílíks fjelags frábrugðinn varasjóði hlutafjelags. Meðan fjelagið starfar er sjóðurinn til öryggis allri starfsemi þess. Og þar sem samvinnufjelag er opið öllum, án tillits til efna, og vinnur að almennum efnahagsumbótum, gerir varasjóður þjóðfjelaginu ekki minna gagn heldur en t. d. veðlánsfjelög eða sparisjóður. En við fjelagsslit er varasjóði ekki skift, heldur stendur undir eftirliti stjórnarvaldanna, þar til hann byrjar af nýju að vinna í þágu almennings.

Í öðru lagi mundi ríkis- eða sveitarskattur geta orðið nokkuð af handahófi á óskiftilega sjóði. Má benda á, að 25% skattur í ríkissjóð af árstekjum óskiftilegra sjóða, eins og nú er stungið upp á að geti komið til greina, myndi mjög draga úr áhuga fjelagsmanna að efla tryggingarsjóði. Ef bætt væri þar ofan á handahófsútsvari niðurjöfnunarnefndar, er ástæða til að óttast, að sjóðir þessir yrðu til einskis gagns. Sýnist og lítil þörf slíkrar álagningar, þar sem framlög íslenskra samvinnufyrirtækja til almennra þarfa verða hlutfallslega meiri samkvæmt þessu frumvarpi heldur en samkonar stofnanir greiða í Danmörku, Noregi

og Englandi. Enn fremur ber að líta á, að veltufjárskorturinn hefir á umliðnum öldum gert Íslendinga háða erlendu fjármagni. Sjóðir samvinnufjelaganna eru róttækasta úrræðið til að bæta úr þessu gamla þjóðarböli. Að leggja á þá sjóði óeðlilega skattabyrði, sem gerði fjelagsmenn ófúsa á að auka þá eftir fremsta megni, væri að vinna á móti framför landsins.

Um VI. kafla.

Tilgangur samvinnusambanda, sem um er rætt í sjötta kafla, er að koma til leiðar samstarfi meðal þeirra fjelaga, sem í sambandinu eru, og að því er snertir innkaupafjelög og framleiðslufjelög, að annast um vörukaup þeirra og vörusölu í einni heild.

Um 29.—32. gr.

Til þess að mynda slíkt samband þurfa að minsta kosti 3 fjelög að koma sjer saman um það. Um stofnun, skrásetningu og skipulag, fundarhöld, stjórn og endurskoðun gilda að miklu leyti sömu ákvæði, sem um samvinnufjelög yfirleitt, og þykir nægja að vísa til þess, sem um þau er greint hjer að framan.

Þó skal sjerstaklega bent á það, að sökum hinna margháttuðu viðskifta, er fjelögin hljóta að hafa við sambandið, og vegna hins mikla trausts, sem þau þurfa að njóta, þykir nauðsynlegt, að sambandið hafi heimild til að kynna sjer allan hag þeirra á hverjum tíma sem er.

Um VII. kafla.

Eins og sjöundi kafli ber með sjer, er það tvent, sem fjelagsslitum getur valdið, ákvörðun fjelagsins sjálfs og gjaldþrot. Um hið fyrra eru sett sjerstök ákvæði, en um hið síðara fer eftir almennum lögum.

Um 33. gr.

Með því að ávalt er mikið í húfi, ef fjelagi er slitið, er áríðandi, að ekki sje að því hrapað fyrir litla sök. Í þessu efni þarf því að búa vel um hnúta, og er það gert með þeim ákvæðum, að ályktun um fjelagsslit sje því aðeins gild, að hún sje samþykt á 2 fundum í röð með auknum meiri hluta atkvæða, og borin undir fjelagsmenn milli funda.

Um 34. gr.

Við fjelagsslit er auðvitað heimilt að afhenda búið skiftarjetti til meðferðar, en oftar mun það þykja haganlegra að fá það í hendur sjerstökum, þar til kjörnum mönnum eða skilanefnd, er hafi á hendi sameinað hlutverk fjelagsstjórnar og skiftaforstjóra.

Um 35. gr.

Það virðist leiða af sjálfu sjer, að meðan fjelagsbú er undir skiftameð-

ferð, eigi forráðendur, fjelagsfundur og stjórn að hafa það á valdi sínu að stöðva fjelagsslitin, hve nær sem er, og endurreisa fjelagið.

Um 36. gr.

Að því er þessa grein snertir, vísast til laga nr. 7, 13. apríl 1894, um gjaldþrotaskifti.

Um 37. gr.

Ef sú breyting verður á hag fjelags, að það fullnægir ekki upphaflegum skilyrðum fyrir skrásetningu, ber að sjálfsögðu að afmá hana, og er það skylda fjelagsstjórnar að tilkynna lögreglustjóra breytinguna.

Um 38. gr.

Með því að í gömlum gerðabókum og reikningabókum er fólginn mikill fróðleikur um sögu landsins, eru þær hvergi betur komnar en í þjóðskjalasafni.

Um VIII. kafla.

Með því að fyrirmæli almennra hegningarlaga geta naumast átt við um brot eða vanrækslu þeirra, sem fást við stjórn fjelaga, eru í áttunda kafla meðal annars tekin upp nokkur refsingarákvæði.

Um 39. og 40. gr.

Brot þau, sem hjer ræðir um, eru einkum fólgin í röngum skýrslum, en geta verið mismunandi, eftir því, hverjum þær eru gefnar, hve þýðingarmikið efni þeirra er og hvort rjettu máli er hallað af ásettu ráði. Refsingar þær, sem hjer koma til greina, eru fangelsi, ef miklar sakir eru, en annars sektir, og hefir ekki þótt þörf á að tiltaka hámark þeirra.

Um 41. gr.

Gjöld fyrir skrásetningarstörf lögreglustjóra er nauðsynlegt að ákveða, að því leyti sem þau eru ekki tekin upp í almenn aukatekjulög.

Um 42. gr.

Tímatakmark það, er lögunum er ætlað að öðlast gildi, er miðað við að frumvarpið verði samþykt á Alþingi 1921.

(C. VIII. 1).

Nd. **126. Tillaga**

til þingsályktunar um vantraust á núverandi stjórn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir vantrausti á núverandi stjórn.

(A. XXXIV. 2).

Nd. **127. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið vendilega og borið það lið fyrir lið saman við landsreikning nefndra ára, einnig leitað á annan veg upplýsinga um þau atriði, er þurfa þótti. Hefir hún ekkert fundið að athuga við frumvarpið reikningslega, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Sveinn Ólafsson, framsögum.

Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

Þórarinn Jónsson. H. J. Kristófersson.

(A. XXX, 2).

Nd. **128. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og rætt það á allmörgum fundum; einnig hefir hún kynt sjer og tekið ákvörðun um ýms skjöl og erindi, er að því lúta. Eftir nákvæma athugun hefir henni, þrátt fyrir hið örðuga fjárhagsástand, virst óhjákvæmilegt að auka að nokkru leyti gjöldin á þessu tímabili. Leyfir hún sjer því að bera fram á sjerstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem allar eru gjaldamegin. Að sumum þessum breytingartillögum hefir nefndin sjálf átt upptökin, en aðrar eru fram komnar fyrir tilmæli eða meðmæli hæstv. stjórnar.

Þess má enn fremur geta, áður en farið er út í einstakar breytingartillögur, að nefndin býst við að verða að bera fram fleiri viðaukatillögur áður en frumvarpið fer út úr deildinni.

Nokkrum orðum skal svo farið um hinar einstöku breytingartillögur.

1.

Laun ráðherranna eru nú, svo sem kunnugt er, 10000 kr. Fáum mun víst koma til hugar, að nokkur þeirra geti lifað á þeirri upphæð í þessu árferði, heldur muni mikið á skorta. Nefndin verður að líta svo á, að það hafi aldrei verið tilætlun þingsins að láta þessa menn gefa mikið með sjer, og það því fremur sem laun þeirra eru fast ákveðin, og mundu því vera sæmileg með venjulegu verðgildi peninga. Fyrir þessar sakir vill nefndin veita þeim nokkra dýrtíðaruppbót fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, en verður þó að játa, að hin tiltekna upphæð naumast muni gera þá skaðlausa, þótt launin þá verði ofurlítið nær sanngirni.

Tekið skal það fram, að þessi breytingartillaga er ekki fram borin að undirlagi ráðherranna, nje á þeirra vitorði, heldur eru upptökin algerlega hjá nefndinni sjálfri.

2.

Ari Arnalds sýslumaður hefir legið veikur síðan í nóvember og þarf, að dómi læknis, að leita sjer lækninga í útlöndum, ef full von á að vera um bata, og gerir læknirinn ráð fyrir, að hann þurfi að minsta kosti árs hvíld frá embættisstörfum. Hefir hann því farið fram á það við Alþingi, að það veiti honum 9500 kr. styrk til að standa straum af kostnaði þeim, sem af þessu leiðir. Þar sem nefndin telur litlar líkur til, að þessi embættismaður ríkisins geti leitað sjer heilsubótar, nema hlaupið sje undir bagga með honum, þá vill hún veita honum hjálp á þann hátt, sem nú skal tekið fram. Hann skal fá árs hvíld frá embættisstörfum, en halda þó fullum embættislaunum, og sje embætti hans þann tíma

rekið á ríkiskostnað. Þetta fyrirkomulag er gert í samráði við og samkvæmt meðmælum forsætisráðherra.

3.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefir verið bætt mjög, og auk þess er bygt við það nýhýsi fyrir starfsfólk þess. Þetta hvorttveggja hefir kostað um 120 þús. kr. Upp í þennan kostnað veitti Alþingi 1919 23 þús. kr., en nú fer stjórnarnefnd sjúkrahússins fram á það, að fá í viðbót 60 þús. kr. úr ríkissjóði. Við þessum óskum treystir nefndin sjer ekki til að verða, bæði af fjárhagslegum ástæðum og ekki síður af hinu, að það hefir aldrei tíðkast að veita sjúkrahúsum hærri byggingarstyrk en sem nemi $^1/_3$ kostnaðar. Nefndin vill því sem næst fylgja þessu fordæmi og leggur til, að veittar sjeu í viðbót 20 þús. krónur. Að vísu verður þetta samtals lítið eitt meira en þriðjungur byggingarkostnaðar, en meiri hluti nefndarinnar vill vera þetta ríflegri fyrir þær sakir, að þetta sjúkrahús hefir Röntgenstæki og ljóslækningaáhöld. Telur hann því meiri líkur til, að þetta sjúkrahús verði hlutfallslega meira notað af utanhjeraðsmönnum en önnur sambærileg sjúkrahús. Á þetta vill minni hlutinn ekki fallast, og verður skýrt frá því undir umræðunum.

4.

Berklahjúkrunarfjelagið »Líkn«, er nú nýtur styrks úr ríkis- og bæjarsjóði, hefir lagt í allmikinn kostnað til að koma á fót í Reykjavík reglulegri hjálparstöð fyrir berklaveikt fólk, með líku sniði og lýst er í áliti berklaveikisnefndar. Hefir fjelag þetta sent til útlanda hjúkrunarkonu, til að kynna sjer þessa starfsemi, og leigt sjer góð herbergi í hinu nýja húsi S. Í. S. á Arnarhólstúni og útbúið þau hið besta. Jafnframt hefir fjelagið ráðið Sigurð Magnússon heilsuhælislækni á Vífilsstöðum sem lækni stöðvarinnar. Nefndin er einhuga um, að svo lofsverða starfsemi beri að styrkja sómasamlega, ekki síst, þar sem þetta er sá fyrsti vottur hennar hjer á landi. Enda hefir bæjarsjóður Reykjavíkur einnig aukið styrk sinn til fjelagsins að miklum mun.

5.

A. L. Petersen, fyrv. stöðvarstjóri í Vestmannaeyjum, sendi stjórnarráðinu erindi, þar sem hann fer fram á, að sjer verði greitt á 18. þús. króna, sem uppbót á launakjörum sínum sem stöðvarstjóri í Vestmannaeyjum. Þetta erindi og skjöl, er þar að lúta, sendi stjórnin því næst fjárveitinganefndinni. Enn fremur hefir ofangreindur maður ritað Alþingi um þetta atriði og krefst þar, auk þessa, skaðabóta. Um fyrra atriðið er það að segja, að það mál virðist mjög erfitt viðfangs, og hefir nefndin því átt erfitt með að skapa sjer rökstuddan dóm um það. Þó virðist henni það augljóst, að ekki sje það alveg að ósekju, sem þessi maður kvartar undan meðferðinni á sjer. Og það sem helst virðist benda á það, er þetta: Í fyrsta lagi mælir landssímastjóri eindregið með því, að hann fái 10000 kr. uppbót, þegar hann hafi sagt lausri stöðvarstjórastöðunni. Í öðru lagi gefur landssímastjórinn honum mjög gott vottorð, er sýnir, að maður þessi hefir staðið mætavel í stöðu sinni. Í þriðja lagi mælir ráðuneytið með því, að málaleitun hans verði að einhverju leyti sint, og virðist þannig að nokkru viðurkenna rjettmæti kröfunnar.

Af því að úr svo vöndu er að ráða, virðist nefndinni rjettast að fylgja uppástungu stjórnarinnar, og leggur því til, að honum verði veittar 5000 krónur.

Um þá skaðabótakröfu, er að framan getur, telur nefndin sjer ekki skylt að dæma, og leiðir hana því algerlega hjá sjer.

6.

Presturinn í Útskálaprestakalli hefir nú síðastliðið sumar látið endurbæta mikið prestssetureshúsið á Útskálum. Var það orðið mjög af sjer gengið, enda 30 ára gamalt, og lítt hæft til íbúðar, einkum að vetrarlagi. Aðgerð þessi hefir kostað rúmar 13 þús. krónur, enda hefir húsið nú fengið þær umbætur, að það má heita sem nýtt og að minsta kosti um 70 þús. kr. virði, eftir því sem biskup skýrir frá. Upp í þessa aðgerð hefir prestur fengið hjá stjórnarráðinu 12 þús. króna prestakallalán, en afganginn hefir hann greitt úr sínum vasa. Nú fer presturinn fram á það við Alþingi, að það losi prestakallið við þetta lán og greiði þessa upphæð úr ríkissjóði sem byggingarstyrk, vegna þess, að hann telur hverjum presti ókleift að rísa undir afborgunum og vöxtum af svo stórri upphæð. Umsagnar biskups hefir verið leitað um þetta, og er hann sammála um það, að ef svo stór byrði hvíldi á þessu prestakalli, mundu mjög lítil líkindi til, að lífvænlegt yrði þar fyrir nokkurn prest. Telur hann því rjettlátt að verða að einhverju leyti við kröfu prestsins. Sömu skoðunar var einnig forsætisráðherra er hann átti tal við nefndina.

Nefndin getur fallist á þetta og telur óhjákvæmilegt að veita talsvert háan byggingarstyrk, þótt hún á hinn bóginn sjái ekki ástæðu til að verða við kröfum prestsins að öllu leyti. Því að það verður að teljast rjett og sanngjarnt, að nokkurt lán hvíli á prestakallinu, og presturinn inni af hendi greiðslu vaxta og afborgunar sem húsaleigu í þessum embættisbústað ríkisins. Slíkt lán telur nefndin að væri hæfilegt 5000 kr., og leggur því til, að veittar verði 8000 kr. í byggingarstyrk. Er þetta að fullu og öllu í samræmi við tillögur biskups.

7.

Eins og alkunnugt er, þá brunnu prestssetureshúsin á Stað í Grunnavík til kaldra kola 9. jan. þ. á. Húsin voru stór bær með torfveggjum og torfþaki. Prestur hafði vátrygt þau fyrir 14 þús. kr., og er því sú upphæð nú fyrir hendi til væntanlegrar endurbyggingar. Nú kemur prestinum og biskupi saman um það, að ekki sje rjett að reisa aftur torfbæ á þessum stað; slíkt mundi ekki borga sig til frambúðar. Vilja þeir því láta reisa steinsteypuhús. Nú hefir húsagerðarmeistari gert uppdrátt að þesskonar húsi, og áætlar að það muni kosta um 40 þús. króna. En biskup segir þá áætlun miðaða við núgildandi verðlag og geiir sjer vonir um, að húsið verði ekki yfir 30 þús. kr. þegar til kastanna kemur. Vill hann því álíta, að komast mætti af með 11 þús. kr. sem beinan byggingarstyrk, og þá 5 þús. krónur í viðbót sem prestakallalán.

Nefndin fær ekki sjeð, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að unt verði að komast hjá að reisa þetta hús þegar á næsta sumri, og sjer því ekki aðra leið færa en að fara eftir tillögum biskups, enda mun stjórnin vera á sömu skoðun um málið.

8.

Rektor Mentaskólans ber sig upp undan því fyrir hönd nemendanna, að námsstyrkur til skólans sje svo lítill, að hann komi að litlum sem engum notum, og óskar því eftir, að eitthvað verði úr þessu bætt nú þegar á þessu ári. Fjárveitinganefndin sendi þetta mál mentamálanefnd Nd. til umsagnar, og hefir hún eindregið lagt til, að veittur yrði sem ríflegastur viðbótarstyrkur.

Fjárveitinganefndin verður að vera henni sammála um það, að svo framarlega sem þessi styrkur eigi að koma að nokkru haldi, þá verði hann að hækka í því árferði, sem nú er. Leggur hún því til, að veittur verði viðbótarstyrkur, er nemi rúmlega verðstuðli þessa árs.

9.

Sveinbjörn Egilson hefir haldið tvo fyrirlestra á mánuði við Stýrimannaskólann um ýmislegt, er lýtur að þekkingu yfirmanna á skipum. Stjórnarráðið hefir ekki talið sig hafa neina heimild til að greiða neina þóknun fyrir þessa fyrirlestra, en þeir hafa þó verið haldnir síðastliðið skólaár upp á væntanlega fjárveitingu frá Alþingi. — Nefndin lítur svo á, að þetta muni vera mjög gagnlegt fyrir nemendurna, enda maðurinn sjerstaklega fróður um þessi efni. Leggur hún því til, að veita þessa lítilfjörlegu þóknun.

10.

Fræðslumálastjóri hefir fram til þessa tíma ekkert fje haft úr ríkissjóði til skrifstofuhalds. Hefir hann þó vitanlega orðið að hafa sjerstaka skrifstofu, er opin hefir verið almenningi. Það virðist sanngjarnt, að þessi starfsmaður ríkisins hafi einhverja þóknun fyrir þetta, ekki síður en aðrir sambærilegir embættismenn hafa. Nefndin vill því veita honum ofurlitla þóknun á yfirstandandi fjárhagstímabili, samkvæmt umsókn, og getur þess jafnframt, að forsætisráðherra hefir mælst til þessa við nefndina.

11.

Í núgildandi fjárlögum er unglingaskólanum á Núpi í Dýrafirði veittur 4000 kr. árlegur styrkur, og mátti þó ekki minna vera, ef litið er á þá aðsókn, sem að skólanum hefir verið, og það gagn, sem af honum hefir leitt. Veturinn 1918—1919 var skóli þessi ekki starfræktur sökum fjárskorts, og fór þá einn af aðalkennurunum frá honum. En vegna þess, að hjer var um að ræða þann mann, er skólinn mátti alls ekki missa, afrjeð skólastjórnin, þegar sjeð var fyrir að skólinn gæti starfað veturinn 1919—20, að ná þessum kennara aftur að skólanum, og var þá eigi um annað að ræða en að bjóða honum þau laun, er hann hafði í hinni nýju stöðu sinni. En þegar þessi ráðning fór fram, reiknaði skólastjórnin með því, að Núpsskólinn mundi einnig falla undir dýrtíðaruppbótarákvæði launalaganna. En þegar sýnt varð, að svo var ekki, var það einnig fyrirsjáanlegt, að styrkurinn til skólans mundi hvergi nærri hrökkva fyrir gjöldum, og var því leitað til stjórnarinnar um viðbótarstyrk. Þennan styrk þóttist stjórnin ekki hafa heimild til að veita, en er nú meðmælt því, að fjárhæð sú, sem hjer er upp tekin, verði samþykt. Er þetta einnig að ráði og eftir meðmælum fræðslumálastjóra. En

styrkur þessi er þó mun lægri en dýrtíðaruppbót mundi hafa numið, ef reiknað væri eftir þeim verðstuðli, er nú gildir.

12.

Páll Erlingsson sundkennari sækir um það til Alþingis, að hann fái dýrtíðaruppbót á þóknun þeirri, er honum var veitt árið 1920 til sundkenslu. Nefndin lítur svo á, að þessi maður sje alls góðs maklegur fyrir áhuga sinn og starfsemi við þessa nytsamlegu íþrótt; auk þess er hann hniginn að aldri og hefir mikinn hluta æfi sinnar starfað að þessu fyrir mjög litla þóknun. Vill hún því verða við þessari ósk hans.

13.

Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir sækir um það til Alþingis, að styrkur sá, sem stjórnin hefir lagt til að veittur verði kvenrjettindafjelaginu til að senda fulltrúa á alþjóðafund kvenrjettindasambandsins í Sviss, verði hækkaður um 1000 kr., og færir þær ástæður fyrir því, að 2500 kr. hafi hvergi nærri nægt til fararinnar. Nefndin telur sanngjarnt, úr því að stjórnin á annað borð hefir veitt ferðastyrk í þessu skyni, að fulltrúinn sje ekki látinn greiða mikið fje úr eigin vasa. En hitt virðist henni heldur ekki ná neinni átt, að fjelagið sjálft, er fulltrúann sendir, leggi ekkert í sölurnar, og vill því skifta að jöfnu viðbótarupphæð þeirri, er frúin sækir um, milli fjelagsins og ríkissjóðs, og væntir þess, að fjelaginu muni vera ljúft að leggja fram þessa lítilfjörlegu upphæð, þegar ríkissjóður lætur svo mikið af hendi rakna.

14.

Ásmundur Sveinsson stundar nú framhaldsnám við listaháskólann í Stokkhólmi, en er nú mjög fjevant, enda er vera þar dýr og námstími langur. Maður þessi er talinn mjög efnilegur og hefir hin bestu meðmæli frá þeim Einari Jónssyni og Ríkardi Jónssyni, og þar sem ekki er fje fyrir hendi af upphæð þeirri, er úthluta átti listamönnum og skáldum, þá vill nefndin gera þessum efnilega manni ofurlitla úrlausn.

Listamenn eiga nú mjög erfitt uppdráttar, fyrir þær sakir einkum, að nú gerast fáir til að kaupa listaverk þeirra, svo sem verið hefir á undanförnum árum. Einn af þessum mönnum er hinn viðurkendi listamaður Jóhannes Kjarval. Nefnd sú, er gera á tillögur um úthlutun styrksins til skálda og listamanna, hefir farið fram á það við stjórnarráðið, að þessum manni yrði veittur sjerstakur styrkur í fjáraukalögum, með því að henni entist ekki fjeð eins og hún hefði viljað. Stjórnin hefir eindregið mælt með þessum manni við nefndina, og þar sem nefndinni er vel kunnugt um, hversu erfitt þessi listamaður á uppdráttar, þá er hún einhuga um að mæla með fjárveitingu til hans.

Hið efnilega skáld Davíð Stefánsson frá Fagraskógi hefir engan styrk hlotið hjá úthlutunarnefndinni, sem áður um getur, en nú er hann á ferð suður í löndum til þess hvorstveggja að auðga anda sinn og afla sjer heilsubótar. Nefndin sjer sjer því ekki fært að neita svo efnilegum manni um ofurlítinn styrk, þegar svo á stendur.

15.

Jóhannes L. L. Jóhannsson hefir nú, svo sem kunnugt er, í fjárlögum 4800 kr. ár hvert til undirbúnings íslenskrar orðabókar. Hann ber sig nú upp undan því við Alþingi, að honum sje ómögulegt að lifa af þessari fjárupphæð, þar sem hann er mikill ómagamaður. Til þess að bæta úr bráðustu nauðsyn hans, greiddi stjórnin honum síðastliðið vor fyrirfram 1200 kr. upp í þessa árs laun. Hefir hann því þegar eytt á því ári að minsta kosti fjórða parti af þessa árs launum, fram yfir árslaunin. Nefndin er fullkomlega sannfærð um það, að óhugsandi sje, að honum nægi hin lögákveðna upphæð, og telur því óhjákvæmilegt að veita honum nokkra dýrtíðaruppbót. Enda mun Alþingi hafa gert ráð fyrir því, að hann notaði alla starfskrafta sína í þágu orðabókarinnar, og verði ríkið því að sjá honum fyrir nægilegu lífsuppeldi.

Sami maður fer fram á að fá endurgreiddan kostnað við prentun á »Áliti og tillögum um vísindalega íslenska orðabók ásamt sýnishorni«. Þar sem hann hefir látið framkvæma verk þetta með þeirri sannfæringu, að hann væri þar að framkvæma fyrirmæli stjórnarinnar og heimspekisdeildar Háskólans, og hefir þeirri skoðun til stuðnings brjef stjórnarráðsins, þá finst nefndinni ekki rjettlátt að láta hann sjálfan greiða prentkostnað þennan, enda má hann alls ekki við því.

16.

Það er ofureðlilegt, að nú sje þröngt í búi hjá íslenskum námsmönnum, er nám stunda í útlöndum. Veldur því auðvitað fyrst og fremst dýrtíðin og einnig fjárþröng hjer heima fyrir. Ýmsir þessara manna eiga því ekkert annað athvarf nú sem stendur en að leita á náðir Alþingis. Nokkrir þessara manna hafa því sent styrkbeiðni, og þar sem nefndin verður að líta svo á, að framtíð þeirra geti verið í veði, einkum þeirra, sem eru að ljúka námi, ef þeir nú yrðu að hætta sökum fjárskorts, þá vill hún leggja til, að veittar verði nokkrar smáupphæðir í þessu skyni — smáupphæðir, sem enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir ríkissjóð, en hins vegar geta borið þjóðinni margfaldan ávöxt með því að sjá farborða ungum efnismönnum á ýmsum sviðum.

17.

Eins og sjá má á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, þá leggur hún til, að veittar verði 1000 kr. næsta ár til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits. Nú var frá upphafi ákveðið, að rit þetta skyldi hefja göngu sína í byrjun þessa árs, enda pappír í það keyptur. Virðist því enn meiri þörf að styrkja fyrirtækið þegar á þessu ári, þar sem ótrúlegt er, að allur kostnaður við það verði minni nú en næsta ár. Vill nefndin því mæla með, að það fái styrk á þessu ári, en vísar að öðru leyti til athugasemda stjórnarinnar við 41. lið 15. gr. fjárlagafrv. 1922.

18.

Svo sem kunnugt er, hafa sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu látið rannsaka á síðastliðnu ári Andakílsárfossana, vegna væntanlegrar rafvirkjunar og rafveitu um hjeraðið og kauptúnin. Kostnaður við rannsókn þessa verður væntanlega 9—10 þús. kr. Fara nú sýslunefndirnar fram á að fá kostnað þennan greiddan úr ríkissjóði. Stjórnin hefir haft þetta mál til meðferðar og leggur til, að

veittar sjeu 5000 kr. upp í tjeðan kostnað. Nefndin telur rjett að styrkja að nokkru undirbúning svo þarflegs fyrirtækis, en virðist jafnframt sjálfsagt, að sýslusjóðirnir beri ekki minni hluta hans, og fer því tillaga hennar sem næst tillögu stjórnarinnar.

19.

Hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi, ásamt þingmanni Borgfirðinga, fara fram á það við Alþingi, að það veiti styrk til endurbyggingar bryggjunnar í Steinsvör á Akranesi. Bryggja þessi var upphaflega bygð árið 1907, og þá með styrk úr landssjóði, en hefir hvergi nærri reynst eins ramger og þurft hefði. Hún er því orðin mjög af sjer gengin og lítt nothæf, og samkvæmt síðustu upplýsingu þm. Borgf. að mestu leyti ónýt. Nú er þetta eina lendingarbót Akurnesinga, en þaðan er sjósókn talsverð og samgöngur á sjó allmiklar, svo sem alkunnugt er, og virðist nefndinni því, að eigi megi við svo búið standa, heldur verði þegar á þessu ári að endurreisa bryggjuna. Kostnaðaráætlun, er fyrir Alþingi liggur, gerir ráð fyrir, að þessi endurreisn kosti alt að 24 þús. kr. Vill nefndin því mæla með því, að veittar verði alt að 8000 kr. með hinum venjulegu skilyrðum um bryggjugerðir.

20.

Halldóra Bjarnadóttir, kenslukona á Akureyri, sem forstöðu hefir veitt kenslu í handavinnu þar, skýrir Alþingi frá því, að handavinnunámsskeiði kvenna, er styrks nýtur í fjárlögum, sje ekki haldið uppi í vetur. Óskar hún þess, að styrk þeim, sem ganga átti til námsskeiðsins í vetur, megi verja til að styrkja tvær kenslukonur námsskeiðsins til utanfarar. Nefndinni virðist sjálfsagt að heimila stjórninni að verja þessum lítilfjörlega styrk svo sem fram á er farið, og væntir þess, að stjórnin telji þessa umsögn nefndarinnar nægilega heimild í þessu efni.

21.

Ekkjurnar Sigríður H. Jensson og Ingileif S. Aðils skýra nefndinni frá því, sem að vísu var áður vitanlegt, að efnahag þeirra sje þannig komið, að eftirlaun þau, er þær njóta af ríkissjóði, sjeu svo lág, að þau alls ekki geti nægt til lífsviðurhalds, og það því síður sem hin fyrnefnda hefir haft mikinn kostnað sökum veikinda, en hin síðarnefnda hefir börn í ómegð. Nefndin vill því mæla með, að ofurlítið sjeu bætt kjör þessara bágstöddu ekkna.

22.

Frú Guðrún, ekkja þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar, óskar þess að fá að halda þeim eftirlaunum, er maður hennar hafði. Nefndin vill veita þessari ósk eindregin meðmæli, í heiðursskyni við minningu skáldsins.

23.

Það mun öllum kunnugt, að hús það, er sýslumaðurinn í Borgarnesi bjó í, brann til kaldra kola 12. nóv. s. l. án þess að nokkru yrði bjargað. Stendur því sýslumaðurinn uppi húsnæðislaus fyrir fjölskyldu sína, embættisskrifstofu og póstafgreiðslu. Telur hann sig því ekki eiga annars úrkosti en að reisa hús þegar í vor. Gerir hann ráð fyrir, að það verði steinsteypt og muni kosta um

80 þús. kr. Þar sem sýslumaðurinn misti alt, sem hann átti, í bruna þessum, gerir hann sjer engar vonir um að geta framkvæmt þetta nema með því móti, að hann fái lán til byggingarinnar með mjög hagfeldum kjörum. Þar sem hjer eru alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem eru þess valdandi, að þetta getur alls ekki skoðast sem nokkurt fordæmi, þá er nefndin eindregið á því að verða við þeirri beiðni hans, að hann fái lán úr viðlagasjóði, enda hefir stjórnin gefið því sín bestu meðmæli. Væntir nefndin þess, að sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, muni liðsinna sýslumanni með að ábyrgjast lánið.

Alþingi, 12. mars 1921.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Magnús Pjetursson, skrifari og framsögum.	Ó. Proppé.
Magnús Jónsson.	Stefán Stefánsson.	Gunnar Sigurðsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

(A. XXX, 3).

Nd. 129. Breytingartillögur

við frumvarp til **fjáraukalaga** fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi þessar nýjar greinar:
   a. Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast kr. 12000,00.
      Dýrtíðarbætur til ráðherranna, 4000 kr. til hvers kr. 12000,00
   b. Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast kr. 9500:
      Til Ara sýslumanns Arnalds . . . . . — 9500,00
2. — 2. — a. Á eftir 1. lið skal koma nýr liður:
      Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins »Gudmanns Minde« á Akureyri . . . . — 20000,00
   b. Á eftir 4. lið skal koma nýr liður:
      Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar« . . . . — 3000,00
3. — 3. — Á eftir 7. lið skal koma nýr liður:
      Uppbót til fyrv. stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum A. L. Petersen . . . . . — 5000,00
4. — 4. — Á undan 1. lið skulu koma 2 nýir liðir:
   a. Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum . . . . — 8000,00
   b. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík . . . . . — 11000,00

Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.

c. Á eftir 2. lið skal koma nýr liður:
Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921 . . . . . kr. 3000,00

d. Á eftir 4. lið kemur nýr liður:
Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann . . . . . — 300,00

e. Á eftir 7. lið skulu koma 2 nýir liðir:
I. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra . . . — 1200,00
II. Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði . . . . . — 2000,00

f. Á eftir 8. lið kemur nýr liður:
Dýrtíðaruppbót til Páls Erlingssonar sundkennara fyrir árið 1920 . . . . . — 1800,00

5. Við 5. gr. a. 6. lið skal orða þannig:
Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá fjelaginu sjálfu — 3000,00

b. Á eftir 8. lið koma þessir nýir liðir:
I. Styrkur til Ásmundar Sveinssonar, til framhaldsnáms við listaháskólann í Stokkhólmi — 1000,00
II. Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara — 1500,00
III. Styrkur til Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, til suðurgöngu . . . . . — 2000,00

c. Á eftir 10. lið koma þessir nýir liðir:
I. Dýrtíðarbót til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar . . . . . — 3000,00
II. Til sama manns. Endurgreiðsla á prentkostnaði . . . . . — 725,33
III. Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms á Þýskalandi (lokaveiting) . . . . . — 2000,00
IV. Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) . . . . . — 1500,00
V. Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms . . . . . — 2000,00
VI. Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms . . . . — 2000,00
VII. Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi . . . . . — 2000,00
VIII. Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits . . . . . — 1000,00

6. — 6. — Á eftir 9. lið koma þessir nýir liðir:
a. Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að þó ekki yfir helming kostnaðar. — 5000,00

b. Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar . . . . . kr. 8000,00

Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota.

7. Við 7. gr. Aftan við greinina koma þessir nýir liðir:

a. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur — 900,00

b. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils . . . — 500,00

c. Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2400 kr. ásamt dýrtíðaruppbót samkvæmt launalögum . . . . . — 5700,00

8. Á eftir 8. gr. skal koma ný grein:

Viðauki við 21. gr.:

Stjórninni er heimilt að lána Guðmundi sýslum. Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til að reisa íbúðarhús í Borgarnesi, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 30 ára og ávaxtast með 5%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 28 árum.

(B. XXX. 1).

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Annar liður 19. gr. bæjarstjórnarlaga Siglufjarðar frá 1919 orðist svo:

Ef rekin er í lögsagnarumdæminu atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð, bátfiski, tunnuvinna allskonar, beitutaka, ferming skipa, allskonar bræðsluvinna, verksmiðjuvinna og smíðar allskonar, þá má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eða atvinnuþegi eigi heimili eða fast aðsetur annarsstaðar.

Á síldarverkun á höfninni og í kaupstaðnum má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

3. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

4. gr.

Útsvör þeirra, sem eiga ekki heima í lögsagnarumdæminu, má taka lögtaki áður en útsvarsgreiðandi fer burtu eða atvinnan hættir, án þess að bíða þurfi með auglýsingu lögtaks, en útsvarsgreiðandi á heimtingu á endurgreiðslu útsvars úr bæjarsjóði, að þeim hluta, er útsvarið, eftir kæru útsvarsgreiðanda, kynni að verða fært niður.

5. gr.

Atvinnurekendum í lögsagnarumdæminu er skylt að senda niðurjöfnunarnefnd, þegar hún krefst þess, skrá um nöfn og heimili og ráðningartíma þeirra aðkomumanna, er stunda hjá þeim atvinnu.

Ástæður.

Frumvarp þetta, sem er flutt eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, er hvorttveggja í senn, sjálfsögð breyting á einstökum ákvæðum bæjarstjórnarlaganna og jafnframt — að því er virðist — eðlilegur viðauki við nefnd lög, samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er, að því er snertir greiðslu útsvara til bæjarsjóðs.

Á Siglufirði hagar svo til, að aðkomumenn, bæði innlendir og útlendir, safnast þangað um veiðitímann og reka þaðan ýmiskonar fiskveiðar, einkum þó síldveiðar, og hafa mikinn fjölda manna í sinni þjónustu, sem alloft fara þaðan að haustinu með mikla peninga. Bæjarstjórnin lítur svo á, að frá þessum mönnum verði bæjarfjelagið að fá gjöld til bæjarsjóðs, í samræmilegu hlutfalli við aðra gjaldendur, en til þess að nokkur trygging fáist fyrir greiðslu þessara tekna bæjarsjóðs, verður að leita þeirrar aðferðar við innheimtuna, sem fullnægir fyrirliggjandi kringumstæðum, einkum að því er snertir aðkomandi útlendinga.

(C. IX. 1).

Nd. 131. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmenn: Ólafur Proppé, Sigurður Stefánsson og Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, svo fljótt sem unt er, og gera áætlun um dýpkun hafnarinnar við Suðureyri í Súgandafirði.

(B. III. 3).

Ed. **132. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, samkv. lögum nr. 15, 11. júlí 1911, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, er gifst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gifst á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúið var hjá honum sem árshjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til ríkissjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnumenskutímabilinu hafi með samþykki húsbænda sinna verið við nám vetrarmánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja i deild hinnar æfinlegu erfingjarentu i Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(B. XVIII. 2).

Nd. **133. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Frá allsherjarnefnd.

Í ástæðum frumvarpsins á þskj. 92 er gerð grein fyrir nauðsyn þessa máls. Nefndin hefir engu verulegu þar við að bæta, og ræður hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsögumaður. Björn Hallsson, fundaskrifari. Einar Þorgilsson.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen.

(B. X. 2).

Nd. **134. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um biskupskosningu.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar ræður hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt og skírskotar að öðru leyti til ástæðna frumvarpsins á þskj. 77.

Alþingi, 12. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsögumaður. Pjetur Ottesen, með fyrirvara. Björn Hallsson, fundaskrifari.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson.

(B. III, 4).

Ed. **135. Breytingartillögur**

við frv. til laga um æfinlega erfingjarentu.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 1. gr.
   Fyrir orðin »samkv. lögum . . . . 1911« komi:
   samkvæmt lögum um erfðafjárskatt.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum í fyrstu línu »til hjúa þeirra« komi:
   þar með talin börn hjá foreldrum.
   b. Á eftir orðunum í sömu grein »verðlaun geta hlotið« komi:
   Hvert einstakt hjú, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, hefir rjett til hluttökunnar.

(B. XXXI, 1).

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. laga nr. 18, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Prestar, sem eftirlaun taka eða eftirlaunarjett eiga samkvæmt lögum nr. 48, 16. nóv. 1907, eða eldri lagaákvæðum, fá að eftirlaunum $^1/_5$ af tekjum prestakalls þess, er þeir síðast þjónuðu, samkvæmt brauðamati því, er í gildi var, þá er þeir ljetu af embætti eða þá er lög um laun embættismanna 28. nóv. 1919 gengu í gildi, ef þeir hafa gengið undir þau lög, og auk þess 20 kr. fyrir hvert þjónustuár, er þeir hafa gegnt embætti, alt að 35 árum.

Að öðru leyti fer um lífeyri presta og eftirlaun eftir ákvæðum laga um laun embættismanna og laga um lífeyrissjóð fyrir embættismenn.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 6. gr. laga nr. 18, 16. nóv. 1907, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 4, 4. mars 1904, eru eftirlaun embættismanna ákveðin þannig, að embættismaður fær $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði,

þegar hann ljet af embætti, og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár, alt að 35 árum. Á hinn bóginn eru, með lögum nr. 48, 16. nóv. 1907, eftirlaun presta ákveðin 15 kr. fyrir hvert embættisár og annað ekki, og sæta nálega allir þeir prestar, sem nú eru á eftirlaunum eða eftirlaunarjett hafa, þeim kjörum.

Þarf ekki að eyða orðum að því að sýna, að hjer er um misrjetti að ræða, en ef til vill hefir mátt rjettlæta það, meðan prestar höfðu yfirleitt sjerstöðu, hvað embættislaun áhrærði. En nú, þegar Alþingi hefir, með lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, og lögum nr. 72, s. d., um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn o. s. frv., viðurkent jafnrjetti þessarar stjettar við aðrar embættisstjettir ríkisins, að minsta kosti í orði, sýnist ástæðan til þessa misrjettis í eftirlaunakjörunum vera með öllu fallin niður, og sýnist helst verða að líta á það sem vangá, að þessu var ekki kipt í lag um leið. Þó mætti afsaka það með því, að engin bein krafa í þá átt lá fyrir Alþingi 1919, en nú, er slík krafa er borin fram, sýnist ekki mögulegt að vísa henni á bug með sanngirni. Ber og á það að minnast, að eins og Alþingi skipaði þessum málum með nýnefndum lögum nr. 72, 28. nóv. 1919, um lífeyrissjóð o. s. frv., er komið inn tilfinnanlegt misrjetti milli þeirra presta, sem af embætti láta með þeim kjörum, og hinna, sem eldri ákvæðunum verða að lúta. T. d. getur nú sá prestur, sem af embætti lætur eftir 31 árs þjónustu, samkvæmt útreikningi biskups átt kost á lífeyri, er nemur 2250,00 kr., en eftir lögunum frá 1907 fær hann kr. 465,00 í eftirlaun. Styrkir þetta enn frekar þá skoðun, að hjer sje frekar um vangá að ræða en annað hjá Alþingi 1919, og því sjálfsagðara að kippa því í lag.

Mál þetta var tekið upp af sameiginlegum prestafundi fyrir Árnes- og Rangárvallaprófastsdæmi 3. og 4. sept. s. l. Prestafjelag Íslands fjekk svo málið til meðferðar og sendi stjórnarráðinu erindi um það. Leitaði það umsagnar biskups, og veitti hann því eindregin meðmæli sín, að þetta væri framkvæmt, og sýndi fram á, að kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð væri mjög óverulegur, eða kr. 7460,34 fyrst um sinn, en sá kostnaður fer fljótt minkandi, eftir því sem þeir prestar týna tölunni, sem eftirlaunarjett hafa, og hverfur allur eftir nokkurn tíma. Bendir biskup á það í þessu sambandi, að af 25 prestum, sem á eftirlaunum eru, sje 1 á níræðisaldri, 9 á áttræðisaldri og 9 á sjötugsaldri, en hinir 6 á sextugsaldri.

Hjer er því ekki um neina varanlega gjaldabyrði að ræða, heldur er frekar á hitt að líta, að láta ekki þessa fáu menn fara á mis við þá sanngirni, sem Alþingi 1919 vildi sýna embættismönnum ríkisins og starfsmönnum þess.

(B. XXXII, 1).

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikra-

spítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, en undir hann telst og lyf og læknishjálp. Greiðir þá ríkissjóður $^3/_5$ hluta hans.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt þessari grein, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin: »200 kr. um árið« skal koma:
   600 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þær greinar fátækralaganna, sem frumvarp þetta tekur til, hafa lengi þótt að ýmsu leyti óviðunandi, eins og reyndar margt í þeim lögum, enda hefir stjórnin nú borið fram frumvarp til breytinga á þeim. En þetta stjórnarfrumvarp finst mjer sáralítil eða engin bót í máli, og síst bæta úr þeim göllum, er mest voru áberandi. Álít jeg t. d. algerlega rangt að halda uppteknum hætti um það að ákveða meðlagshluta hreppanna með ákveðinni krónutölu, ekki síst nú, þegar gildi peninganna er mjög svo á reiki. Og enn fremur bætir stjórnarfrumvarpið ekkert úr þeim mikla órjetti, er þau sveitarfjelög verða fyrir, er neyðst hafa til að kosta fleiri en tvo sjúklinga á sjúkrahúsum. Einnig tel jeg það mjög ranglátt að láta það varða rjettindamissi, þótt menn fyrir sjúkdóms sakir verði efnalega ósjálfbjarga. Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir breytingunum við framsögu málsins.

(A. XXX. 4).

Nd. **138. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 129 (fjáraukalög).

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 8. tölulið.

Aftan við liðinn bætist:

Landsstjórninni heimilast að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað

silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.

(B. XXXIII. 1).

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um friðun lunda.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartíma fyrir lunda, hverri í sínu hjeraði. Þó má friðunartíminn ekki styttri vera en 6 vikur, á tímabilinu frá 10. maí til 10. ágúst ár hvert.

2. gr.

Um sektir og málarekstur út af brotum gegn ákvæðum sýslunefndar samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein c-liðs 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913.

Ástæður.

Nú er lundi friðaður frá 10. maí til 20. júní með ákvæði því, er 3. gr. frv. ætlast til að numið verði úr gildi. Veiðieigendur við norðanverðan Faxaflóa og á Breiðafirði hafa jafnan álitið, að þessi friðunartími væri hinn óhagkvæmasti, hvort sem litið er á hina raunhæfustu þýðingu friðunarinnar eða hagsmuni veiðieigenda. Hvorttveggja fer þar saman, vegna þess að veiðitíminn er nú aðallega um klaktímann og meðan ungarnir eru ósjálfbjarga, en fullorðni fuglinn þá miklu rýrari en á þeim tíma, sem hann nú er friðaður. Það virðist vera mannúðlegra að veiða fuglinn meðan hann er frí og frjáls heldur en um klaktímann. Auk þess verður aðalveiðitíminn að vera um sláttinn, ef farið er eftir ákvæðum laganna. Það er kunnugt, að til eru þó menn, sem ekki vilja breyta friðunartímanum; svo þess vegna er hjer farið fram á heimild, sem getur gert hvorumtveggja til hæfis.

(B. XXXIV, 1).

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu Hólsá, og nær verslunarsvæðið þaðan yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir. Að norðanverðu bein lína frá hinum forna Traðarbæ í stekkjartóftina á svo nefndum Bólum, og bein sjónhending þaðan til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir óskað eftir þessari stækkun á verslunarlóðinni. Nokkur hluti þorpsins nær nú orðið út fyrir hin upphaflegu norðurtakmörk verslunarlóðarinnar, og telur hreppsnefndin stækkunina nauðsynlega, vegna byggingarmála kauptúnsins.

(B. XXXV, 1).

Nd. **141. Frumvarp**

til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er ekki í höfn og þó ekki að veiðum, fer um vinnutíma og hvíldir eftir því, sem venja hefir verið til og þörf gerist. Þegar svo stendur á, má þó vinnutími aldrei vera lengri en svo, að hver háseti fái að minsta kosti 8 klst. hvíld í sólarhring.

3. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur. Skulu $^3/_4$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_4$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

4. gr.

Engin af fyrirmælum 1.—3. gr. gilda þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

5. gr.

Skipstjóri og eigendur eða útgerðarmenn skips bera ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Ástæður.

Fyrir Alþingi 1919 kom lagafrumvarp um sama efni og þetta, en náði þá ekki fram að ganga. Bak við það frv. stóðu óskir fjölda margra háseta á botnvörpuskipum, studdar við langa reynslu og sannfæringu um það, að óregla sú, sem verið hefir á um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipunum, væri stórskaðleg heilsu og starfsþreki sjómanna og mætti með engu móti eiga sjer stað lengur. Sjómenn líta svo á, að starfsþrek þeirra sje dýrmætur höfuðstóll, sem ekki megi eyða að þarflausu; misbrúkun á honum sje ekki aðeins tjón fyrir þá sjálfa, heldur líka fyrir útgerðarmenn og allan landslýð.

Og málið er nú borið fram fyrir endurnýjaðar óskir alls þorra háseta, sem veiðar stunda eða hafa stundað á botnvörpuskipum. Munu um það vera komnar áskoranir til þingsins frá mörg hundruð sjómönnum úr Reykjavík og víða annarsstaðar að. Var tilætlunin að láta þessar áskoranir koma fyrir aukaþingið í fyrra, en af því sýnilegt þótti, að þingið mundi þá standa skamma stund og tæplega vinnast tími til þess að afgreiða málið, þótti rjett að fresta því að láta áskoranirnar koma fram fyr en nú, að málið er borið fram á þingi. Geta má þess, að stjórn Sjómannafjelags Reykjavíkur hefir nýlega borið frv. undir fjölmennan fund í Sjómannafjelaginu, og var það samþykt þar einróma.

Frv. þetta er að nokkru frábrugðið frumvarpinu því 1919. Þar var gert ráð fyrir 8 klst. hvíld á sólarhring. En nú er, eftir frv., stysta hvíld ákveðin 6 stundir. Telja sjómenn það að vísu ekki nægilegan hvíldartíma, heldur aðeins nokkra bót á þeim vinnubrögðum, sem nú eiga sjer stað á skipunum. Aftur á móti líta þeir svo á, að þetta lagaákvæði geti ekki á nokkurn hátt komið í bága við hagsmuni útgerðarmanna eða fullkomin afnot skipanna, eftir því sem vinnuskifting er hugsuð í frv. þessu. Frumvarpið getur ekki heldur komið í bága við afgreiðslu skipa á höfnum nje athafnir skipa í ferðum eða öryggi í hættum.

Einstakar gr. frv. þykir ekki þörf að skýra.

(B. II. 5).

Ed. **142. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. »Samkvæmt lögum nr. 15, 11. júlí 1911« falli burt.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »hjúa þeirra« komi:
þar með talin börn hjá foreldrum.

(A. XXXV, 4).

Nd. **143. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson.

1. Við 4. gr.:
Í stað 25‰ komi:
27‰.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:
Ekkja barnakennara, sem nýtur lífeyris samkv. 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega 1/10 af föstum lágmarkslaunum kennarastöðu þeirrar, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er fylgja starfinu samkvæmt launalögum barnakennara.
Í viðbót við lífeyri getur konungur veitt ekkju 100—200 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verður 10. gr., svo hljóðandi:
Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra barnakennara, er laun taka samkvæmt launalögum barnakennara, getur konungur veitt, hverju um sig, 200—400 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.
4. 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr. frv. verða: 8. gr., 9. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr.

(A. XXXVIII. 5).

Nd. **144. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Ríkisstjórnin hefir lagt frumv. þetta fyrir Alþingi, og hefir það gengið í gegn um háttv. efri deild án allra efnisbreytinga, en með örlitlum orðabreytingum.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefir nú athugað frumv., og viðurkennir hún það, að tilgangur þess sje mjög nauðsynlegur, sá að tryggja rjett þeirra manna, er tilbúinn áburð eða fóðurbæti þurfa að kaupa.

Það er alkunnugt, að kraftfóðurkaup eru nú mjög að færast í vöxt. En reynslan í þessari verslun er þegar búin að sýna það, að brýn þörf er á því að vernda rjett kaupandans í þessum efnum, þar sem ýmsar af þessum vörutegundum hafa oft verið stór-skemdar og enda stappað nærri því, að al-ónýtar hafi verið. Má segja, að þessi vörusvik hafi stöðugt farið í vöxt. Og auk þessara skemda á vörunni hefir það líka oft brunnið við, að vörumagnið hefir verið að mun minna en áskilið hefir verið.

Nefndin telur að frumv. muni, að minsta kosti þegar raun kemst á framkvæmd þess, ná tilgangi sínum; þó leyfir hún sjer að leggja til, að þriðju málsgrein 1. gr. verði nokkuð breytt. Þar er það ákveðið, að ef seljandi vanrækir að gefa út tryggingarskjal, þá hvíli á honum sönnunarskylda á því, að varan hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem »munnlega« hafi verið um samið. Nefndin telur að þessir munnlegu samningar geti reynst þýðingarlausir, nema þá að þeir sjeu vottfastir, sem oft myndi reynast misbrestur á, og telur því rjettast, að sem oftast eða æfinlega sje gefið út tryggingarskjal. Nefndin vill því breyta þessu á þann veg, að þegar tryggingarskjal er ekki gefið út, skuli litið svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvíli á seljandanum sönnunarskylda á því. Ætti þetta að ýta undir seljandann að gefa tryggingarskjal, ef hann væri ekki viss í því, að varan væri algerlega óskemd.

Sömu ákvæði leggur nefndin til, að sett verði í 2. gr.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Við 2. gr. Í stað orðanna í síðustu línu 1. málsgr.: »þar sem tilgreindar sjeu þessar upplýsingar« komi:

Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skírteini er útgefið. Á tryggingarskírteini sje tekið fram.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Þórarinn Jónsson, framsögum.

Jón Sigurðsson. H. J. Kristófersson.

(B. XXII. 2).

Nd. **145. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturspresta-kalli, til Blönduóshrepps.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur einhuga til, að það gangi fram óbreytt.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Þórarinn Jónsson. framsögum.

Jón Sigurðsson. H. J. Kristófersson.

(A. XVI, 4).

Ed. **146. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur frumvarp þetta þarft, eins og nú er háttað söluhorfum íslenskra hrossa í útlöndum, og leggur því eindregið til, að það nái fram að

ganga breytingalaust. Hins vegar væntir nefndin þess, að innanlandskostnaður við þessa söluaðferð minki frá því sem verið hefir.

Alþingi, 14. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, framsögumaður.

(B. XXXVI. 1).

Nd. **147. Frumvarp**

til laga um lækkun dýrtíðaruppbótar.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Ólafur Proppé.

Frá 1. júní til 31. desember 1921 veitist stjórninni heimild til að lækka dýrtíðaruppbætur embættis- og starfsmanna ríkisins um alt að 30%.

Ástæður.

Samkvæmt launalögunum er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins ekki ákveðin nema einu sinni á ári fyrir næsta ár. Þetta er gert í októbermánuði ár hvert með verðlagsskrá Hagstofunnar. Í haust, er verðlagsskráin var samin, mun dýrtíðin hafa náð hámarki sínu; síðan hafa flestar nauðsynjavörur lækkað allmikið í verði, og byrjaði sú lækkun á síðasta ársfjórðungi ársins 1920, eins og sjá má af skýrslu Hagstofunnar í síðastliðnum janúarmánuði. Það sem af er þessu ári hefir verðfallið haldið áfram.

Að sama skapi sem þær vörur lækka, sem teknar eru í dýrtíðarverðlagsskrána, lækkar vísitala hennar, og verði sú lækkun þessara lífsnauðsynja með skjótri svipan á fyrstu mánuðum ársins, sem verðlagsskráin gildir fyrir, þá getur dýrtíðaruppbótin orðið miklu hærri mikinn hluta ársins en hið raunverulega vöruverð, sem hún var reiknuð eftir, og vörulækkunin þar af leiðandi beinn ábati fyrir starfsmenn ríkisins.

Það er að vísu síður en svo, að sjáandi sje eftir þessari hagsbót fyrir starfsmenn ríkisins, bæði þegar litið er til erfiðra kjara þeirra að undanförnu og svo hins, að þeir hafa síðan dýrtíðaruppbótin var lögtekin orðið að sæta því, þótt vöruverð hækkaði milli þess, sem dýrtíðaruppbótin var ákveðin.

En hjer er á fleira að líta, sem gerir frumvarp þetta ekki ósanngjarnt.

Aðalatvinnuvegir landsins hafa sjaldan eða jafnvel aldrei um langan aldur átt eins örðugt uppdráttar eins og nú. Afurðir lands og sjávar hafa stórfallið í verði á erlendum markaði áður en nokkurt lát varð á dýrtíðinni, og sumar þeirra liggja enn óseldar af því að litið sem ekkert boð fæst í þær. Fram-

leiðsla landsins, og það í stærstu framleiðslugreinunum, svo að kalla á heljarþröminni nú sem stendur.

Þetta hlýtur að bitna á ríkissjóðnum. Með þeirri óáran, sem nú er í atvinnuvegunum, sem undanfarin ár hafa verið stærstu tekjulindir ríkisins, einkum sjávarútvegurinn, má búast við, að ríkistekjurnar þetta ár fari langt niður úr áætlun fjárlaganna. Þegar svo þar við bætist, að fjárhagurinn er mjög þröngur undir, þá eru horfurnar alt annað en glæsilegar.

Það eru því allar líkur til, að yfirstandandi ár láti eftir sig mikinn tekjuhalla. Til þess að draga úr þeim halla er frumvarp þetta fram borið. Það er sparnaðartilraun, og sparnaður er nú svo að segja á hvers manns vörum, sem eitt af aðalbjargráðunum.

Langstærsti útgjaldaliðurinn á fjárlögunum er launa- og dýrtíðarfúlga starfsmanna ríkisins.

Launin eru um	1164000 kr.
Dýrtíðaruppbótin um	1600000 —
Samtals	2764000 kr.

Flestar þær vörur, sem dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir, hafa síðan í haust fallið allmikið í verði, og eftir því verði, sem á þeim er nú á erlendum markaði, má búast við mjög miklu verðfalli á þeim á næstunni. Frumvarpið fer að eins fram á 30% lækkun á dýrtíðaruppbótinni, sem nú er 137,5%. Lækkunin getur því aldrei orðið meiri, hve mikið sem verðfallið verður. Nemi verðfallið minnu, verður og lækkun minni. Auk þess koma lögin ekki til framkvæmda fyr en 5 mánuðir eru liðnir af árinu, og þann tíma helst því hin núverandi dýrtíðaruppbót, hve mikið sem verðið lækkar á því tímabili.

Eins og nú stendur er hin mesta vá fyrir dyrum, fjárkreppa, framleiðslukreppa og atvinnukreppa. Það má því ætla, að engum vaxi þessi litli sparnaður í augum.

Sjái stjórnin sjer eftir atvikum fært að nota til fulls þessa heimild, sparast útgjöld ríkisins á yfirstandandi ári um 280000 kr.

Frekari grein fyrir frumvarpinu verður gerð í framsögu málsins í deildinni.

(B. VIII. 2).

Nd. **148. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Andakílsá til vatnsvirkjunar (þskj. 72).

Frá vatnamálanefnd.

Nefndin lítur að vísu svo á, að heimildir til eignarnáms slíks, sem frv ræðir um, sjeu fólgnar í núgildandi lögum, en fellst á ástæður flutningsmanna fyrir því, að rjett muni alt að einu að fá sjerstaka lagaheimild til þess. En þá þykir nefndinni rjettara, að þau lög taki yfir alt það eignarnám, sem þarf til

fyrirtækis þess, sem um ræðir, og er ljóst, að til virkjunar fossanna og til raforkuveitu þaðan um hjeruðin þarf heimild til eignarnáms á ýmsu fleiru en frv. tekur til. Jafnframt þykir nefndinni rjett, að það sje beinlínis ákveðið í lögunum, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að eignarnámsheimildina megi nota, og telur sjálfsagt, að til þess þurfi ákvörðun sýslunefndanna um að verkið skuli framkvæmt, og samþykki ráðherra til þeirrar ákvörðunar, eins og gert er ráð fyrir í frv. til vatnalaga, sem nú liggur fyrir þinginu, 59. gr.

Nefndin hefir orðað breytingartillögur sínar eftir tilsvarandi greinum í vatnalagafrv. stjórnarinnar (59., 49. og 55. gr.), og þykir rjett að geta þess, að þær geta samrýmst hvorri skoðuninni, sem ofan á kann að verða, um rjett landeiganda (vatnsbotnseiganda) til vatnsins á landi hans.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.
2. 1. gr. frv. orðist svo:
   Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum.
   Heimild þessi kemur til framkvæmda þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2 gr., svo hljóðandi:
   Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviftur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.
4. Á eftir þeirri gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
   Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.
5. 2. gr. frv. verði 4. gr.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sveinn Ólafsson, form.	Eiríkur Einarsson, ritari.	Jón Þorláksson, frams.m.
Bjarni Jónsson frá Vogi.	Þorleifur Jónsson.	Jakob Möller.

(B. VII. 2).

Nd. **149. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skiftiug Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það var upplýst við 1. umræðu þessa máls, að skifting þessa prestakalls hefði við fylstu rök að styðjast, og söfnuðirnir ættu því fulla heimting frekari prestsþjónustu frá hálfu ríkisins.

Nauðsyn skiftingarinnar er augljós, hvort sem litið er á fólksfjöldann eða á hina sívaxandi örðugleika og kostnað, sem prestsþjónusta Hólssóknar frá Ísafirði hefir í för með sjer fyrir söfnuð og sóknarprest. Sökum þessara örðugleika mynduðu Hólssóknarmenn utanþjóðkirkjusöfnuð fyrir nokkrum árum og rjeðu sjer prest; voru erfiðleikarnir þó töluvert minni þá en nú; þó var aftur horfið frá því ráði eftir fá ár, sökum kostnaðar. Hólshreppur hafði þá og um sama leyti ráðið sjerstakan lækni, er hreppnum ár eftir ár var synjað um af löggjafarvaldinu; lagði hreppurinn á sig fleiri þúsund króna kostnað upp á síðkastið til að launa lækninum.

Eins og biskup landsins tekur fram í meðmælum sínum til þingsins með skiftingunni, eru það ekki einungis tíðari messugerðir, sem vaka fyrir söfnuðinum með þessari skiftingu, heldur og aukin andleg starfsemi prestsins í söfnuðinum utan kirkju. Sú starfsemi, með hollum og siðbætandi áhrifum sínum, er því nauðsynlegri, sem í Bolungarvík dvelja menn, svo hundruðum skiftir hvaðanæva af landinu, langdvölum til að leita sjer atvinnu. Búsettur prestur þar á ólíkt hægra með að beita sjer fyrir andlegum hagsmunum satnaðarins en Ísafjarðarpresturinn, sem kemur þar sem gestur og verður að hafa þar sem allra stysta dvöl sökum embættisanna í heimasókninni.

Það er ekki minst þessi þörfin, sem knýr Hólssóknarmenn til að leita á náðir þingsins með þetta mál. Fái þeir enga áheyrn, búast þeir við að verða aftur að hröklast úr þjóðkirkjunni og útvega sjer prest með ærnum kostnaði. Þeir hafa áður sýnt í verki, að það er ekki um skör fram, að þeir leita til þingsins í þessu máli, eins og áður í læknismálinu.

Það er nú á þingsins valdi, hvort það vill neyða þennan söfnuð, einn fjölmennasta söfnuð landsins, til að hverfa aftur úr þjóðkirkjunni, sökum allsendis ónógrar prestsþjónustu frá ríkisins hálfu, sem auk þess er kostnaðarsamari fyrir prest og söfnuð en líklega nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Minni hlutinn leggur því til, að hv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurður Stefánsson. Einar Þorgilsson.

(B. XXXVII, 1).

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 7. Þegar þannig hafa bætst við 3 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 31 þingmanni.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar gr., svo hljóðandi:

.Kjörfund skal setja eigi síðar en kl. 10 árdegis.

3. gr.

Kosning má fara fram á svo mörgum stöðum í bænum sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt. Má þá skifta kjósendum í kjördeildir eftir bæjarhlutum eða eftir stafrofsröð á kjörskrá. Heimilt er að láta tvær eða fleiri kjördeildir kjósa í sama húsi, en sjeu tvær eða fleiri kjördeildir í sama herbergi, skulu þær vera skýrt aðgreindar með auglýsingum og gengið frá kjörklefum samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

Nú er bænum skift í kjördeildir eftir bæjarhlutum, og skulu þá kjósendur kjósa í kjördeild þess bæjarhluta, þar sem þeir eiga heimilisfang eftir kjörskránni, þótt þeir sjeu fluttir á annan stað í bænum þegar kosning fer fram.

Þá er kosningu er slitið í einni kjördeild, skal kjörstjórn þeirrar kjördeildar þegar í stað afhenda kjörstjórn næstu kjördeildar kjörskrárnar. Geta þá þeir kjósendur, sem áttu eftir að greiða atkvæði, fengið að kjósa þar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með lögum þessum, fara fram fyrsta vetrardag 1921.

Greinargerð.

Fyrir aukaþingið 1920 var lagt frv. af stjórnarinnar hendi um fjölgun þingmanna í Reykjavík, og var þar ætlast til þess, að þeim væri fjölgað um 4, svo að þeir yrðu alls 6. Í ástæðum þess frv. eru leidd rök að því, að eftir kjósendafjölda, miðað við meðaltal kjósenda í öðrum kjördæmum landsins, ætti Reykjavík eiginlega öllu fremur rjett á að kjósa 7 þingmenn.

Samkvæmt manntalinu 1. des. s. l. var dvalarmannfjöldinn hjer í Reykjavík 17420, en alls á landinu 94866 (sbr. 1. hefti Hagtíðindanna þ. á.). Mannfjöldi utan Reykjavíkur er því 77446. Nú eru kjördæmakosnir þm. utan Reykjavíkur 32, og koma þá 2420 á hvern þm., en í Rvík 4355, en verða eftir frv. 2488, og er það hærri mannfjöldi en kemur á hvern þm. utan Rvíkur. Kjósendatala í Reykjavík mun nú vera tæpur helmingur mannfjöldans, og er vafalaust svipað hlutfall milli kjósenda og mannfjölda annarsstaðar á landinu.

Frv. stjórnarinnar í fyrra náði eigi fram að ganga óbreytt. Má það sjálfsagt að nokkru kenna hinum skamma tíma, er þingið stóð, og svo hinu, að margir þm. töldu rjett, að öll kjördæmaskipun landsins yrði endurskoðuð, og var um það efni samþykt þingsályktun í sameinuðu þingi, þar sem skorað er á stjórnina að leggja fyrir næstu þing frv. til laga, er hafi í sjer fólgið rækilega endurskoðun alþingiskosningalaga og kjördæmaskipunar í landinu; en við þessa endurskoðun munu margir þeirra hafa búist við, að Reykjavík fengi þá þingmannatölu, sem henni bæri í rjettu hlutfalli við mannfjölda annara kjördæma.

Nú hefir þessi endurskoðun ekki farið fram, svo kunnugt sje, og af stjórnarinnar hendi liggur ekkert fyrir þinginu um þetta. En Reykjavík má ekki líða við þetta aðgerðaleysi, þar sem hún nú er langverst sett af öllum kjördæmum landsins. Fyrir því er þetta frv. fram borið.

Þótt frv. þetta verði samþ., verður það alls ekki til þess að seinka fyrir því, að öll kjördæmaskipun landsins verði endurskoðuð. Þess er full þörf, jafnt fyrir því, og lítil hætta er á því, að þm. Reykjavíkur yrðu því andstæðir. Og hjer er ekki farið fram á annað en jafnrjetti við aðra landshluta.

Auk þess eru í frv. þessu nokkrar smábreytingar frá núgildandi kosningalögum. Í Reykjavík hagar talsvert öðruvísi til en í öðrum kjördæmum landsins, og getur því eigi hið sama átt þar við að öllu leyti. Og þótt breytingar þessar sjeu smávægilegar, þá hefir reynslan sýnt, að þær eru nauðsynlegar.

Um einstakar greinar er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Virðist ekki þurfa frekari skýringa.

Um 2. gr.

Vegna hins mikla fjölda kjósenda er nauðsynlegt að kosningarathöfnin byrji eigi síðar en kl. 10 f. hád., því að ella er hætt við, að kosning standi fram á nótt, og er slíkt mjög óþægilegt.

Um 3. gr.

Að vísu er í 7. gr. kosningalaganna frá 3. nóv. 1915 heimild til þess að skifta kaupstað í kjördeildir, en rjett þykir að gera það skýrara, hversu sú skifting megi fram fara. Eins og nú stendur eru í Reykjavík nokkur vandkvæði á því að fá húsnæði til að kjósa í, og er hentugt, að heimild í þessu efni sje nokkuð rúm. Síðasta málsgrein greinarinnar á að koma í veg fyrir það, sem vildi til við síðustu alþingiskosningar, að menn fengu ekki að kjósa vegna þess að kjördeild þeirra var lokað, enda þótt kosningunni allri væri ekki lokið.

(B. XXXVIII. 1).

Nd. **151. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

1. gr.

Á Suðureyri, vestanmegin Tálknafjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Það er samkvæmt ósk núverandi ábúanda og eiganda jarðarinnar Suðureyrar í Tálknafirði að jeg flyt þetta frumvarp. Jörð þessi liggur utanvert í Tálknafirði að vestanverðu, og er því mjög hægt til innsiglingar fyrir skip, er þangað vilja fara. Þar er ágætt skipalægi á öllum árstímum og í öllum áttum. Nú á seinustu árum hefir verið gerð þar bryggja fyrir hafskip til að liggja við, svo og bygðar stórfeldar byggingar, sem er í ráði að nota, sumpart til vörugeymslu og einnig til notkunar fyrir selveiðastöð, sem væntanlega verður starfrækt þar áður en langt líður.

(A. XXX. 5).

Nd. **152. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 129 (fjáraukalög).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 8. tölulið.

Aftan við liðinn bætist:

Landsstjórninni heimilast að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

(A. XXXI. 4).

Ed. **153. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það sje samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr.

a. A.-liður (Póstmál) orðist þannig:

Við tölul. 2. Póstflutningur	1918	kr.	6810,49			
— — — —	1919	—	20785,12			
— — 3. a.—b. Skrifstofukostnaður ...	1918	—	4435,50			
— — — —— ...	1919	—	762,45			
— — 3. e. Önnur gjöld	1918	—	13844,15			
— — — —	1919	—	30186,92			
					Kr.	76824,63

b. Fyrir »kr. 2922,82« í E. IV. d. (Gerðatangaviti) komi: kr. 7501,07.

2. Við 8. gr.

Greinin orðist þannig:

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 49167,22.

Við tölul. 4. Rannsókn vatnsvirkja...	1919	kr.	370,40			
— — 5. Miklavatnsmýraráveita	1919	—	147,52			
— — 6. Kaup á skurðgröfu	1919	—	32558,27			
— — 8. b. Laun skógarvarða	1918	—	5000,00			
— — 22. b. Ferðakostnaður síldarmatsmanna	1919	—	1023,00			
— — 23. b. Ferðakostnaður ullarmatsmanna	1918	—	184,15			
— — — Ferðakostnaður ullarmatsmanna	1919	—	2444,65			
— — 29. Eftirlit með áfengiskaupum...	1918	—	352,12			
— — — — — — ...	1919	—	1187,99			
— — 38. Brimbrjótur í Bolungarvík ...	1919	—	5899,16			
					—	49167,26

Niðurstöðutölur 1. gr. og 5. gr. breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sig. Eggerz, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Björn Kristjánsson.
Sigurj. Friðjónsson, ritari.	Guðjón Guðlaugsson.	

(B. XXXIX, 1).

Nd. **154. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmaður: Einar Þorgilsson.

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald vegarins milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Keflavíkurkauptúns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Á s t æ ð u r.

Frumvarp þetta er fram komið samkvæmt ósk frá sýslunefnd Gullbringusýslu og sýslubúum yfirleitt.

Vegagerðarkostnaður sýslunnar er henni nú svo vaxinn yfir höfuð, og hlýtur að vaxa enn meira, vegna nýrra vegabóta, sem eigi verður hjá komist og byrjað er á, að sýslan sjer eigi fært fyrir sig að halda við öllum vegunum, enda tæplega bægt að ætlast til þess, þó svo atvikaðist, þegar vegalögin voru samin, að enginn vegarspotti í þeirri sýslu fjekk nafnið »þjóðvegur«.

Öllum, sem staðhætti þekkja, má það kunnugt vera, að ef nokkursstaðar á Íslandi var þörf á að leggja vegi, þá var það í Gullbringusýslu. Og þörfin sjest best á því, hversu mikið sýslubúar hafa lagt á sig til að fá vegina, og ber eftirfarandi yfirlit það með sjer.

Frá árinu 1904 til ársins 1920 hafa hrepparnir og sýslusjóður lagt fram til vegalagninga og viðhalds vega sem hjer segir:

Til vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur	kr.	71727,00	(vegalengd	38	km.)
— Grindavíkurvegarins	—	39000,00 (	»	16	»)
— Hafnavegarins — sem eigi er fullgerður enn	—	35176,00 (	»	$8^1/_2$	»)
— vegarins frá Keflavík að Útskálum ..... — er eftir að leggja af þeim vegi ca. $^3/_4$ hluta.	—	13633,00 (	»	13	»)
— vegarins frá Hafnarfjarðarveginum yfir svokallaðan »Engidal« til Lamhúsagarðs í Bessastaðahreppi	—	8000,00 (	»	$7^1/_2$	»)
— viðhalds vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur og endurbyggingar á Bolafótsbrú á Njarðvíkurfitjum	—	11000,00			
Samtals	kr.	178536,00			

Háttvirt Alþingi hefir einnig viðurkent þörfina til þessara vegalagninga, þar sem það hefir lagt fram allmikið fje til þeirra, oftast nær helming kostnaðarins.

Þó vegurinn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur verði gerður að þjóðvegi, og viðhald hans kostað af ríkissjóði, þá hefir sýslan samt nál. 45 km. til viðhalds. Þegar á það er litið, og svo hitt, að hún verður að annast um afborganir og vexti af öllum vegalánum sínum, sem nú eru um kr. 140000,00, og flest þeirra dýr víxillán, því að önnur lán hafa bankarnir ekki viljað veita síðustu árin, þá er það augljóst, að þetta er henni sú fylsta byrði, sem hægt er að hugsa sjer að hún geti borið.

Á það skal hjer með bent, að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur er framhald þjóðvegarins á milli bæjarlandanna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og tengir saman höfuðstað landsins og Hafnarfjarðarkaupstað við fimm kauptún: Keflavík, Grindavík, Hafnir, Gerða og Sandgerði, sem alt eru góð fiskiver, og sum þeirra með þeim fremstu á landinu. Af því er það augljóst, að hann er mjög fjölfarinn vegur, eigi einungis af sýslubúum, heldur fjölda annara, einkum Reykjavíkurkaupstaðar-, Kjósar-, Borgarfjarðar-, Árnes- og Rangárvallasýslubúa. Það virðist því mesta sanngirni mæla með því, að oftgreindur vegur sje tekinn upp í þjóðvegatölu og viðhald hans kostað af ríkisins fje.

(A. XLVIII. 2).

Ed. **155. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leyfir sjer að leggja til, að það verði samþykt óbreytt.

Maður sá, er ræðir um að veita ríkisborgararjett í frv., kom hingað til landsins árið 1903 og hefir átt heimilisfang hjer síðan. Hann talar og ritar íslenska tungu og hefir kynt sig hið besta. Borgarstjórinn hjer í bænum hefir lýst því yfir í brjefi til nefndarinnar, dags. 10. þ. m., að hann geti ekki sjeð neitt athugavert við, að honum verði veitt ríkisborgararjettindi hjer í landi, og þar sem hann, eins og tekið er fram í athugasemdunum við stjórnarfrv., hefir mist ríkisborgararjettindi í föðurlandi sínu, eftir þarlendum lögum, vegna hinnar löngu búsetu utan ríkisins, og hefir óskað eftir að fá slík rjettindi hjer, virðist alt mæla með því, að hann fái þá ósk uppfylta.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson, ritari.

(B. XL. 1).

Nd. **156. Frumvarp**

til laga um viðauka við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorl. Guðmundsson.

Aftan við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist:

Skógarvörðurinn í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum hefir að árslaunum 1200 krónur.

Greinargerð.

Starfsmaður sá, er hjer ræðir um, mun beinlínis hafa gleymst, þótt undarlegt megi virðast, þá er gengið var frá launalögunum. Hann hefir gegnt sýslan sinni jafnlengi og skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað og notið sömu launa og þeir, fram að þeim tíma, er launalögin gengu í gildi, nema hvað þeir hafa haft hlunnindi að auki, en hann engin. Þeir eru síðan teknir í launalög, en honum slept, og hefir hann því nú 200 kr. lægri föst laun en starfsbræður hans. Hjer er bersýnilega um misrjetti að ræða, og er frv. þetta fram komið til þess að bæta úr því.

(B. III. 6).

Nd. **157. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, þar með talin börn hjá foreldrum, er gifst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gifst á árinu en verðlaun geta hlotið. Hvert einstakt hjú, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, hefir rjett til hluttökunnar. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúið var hjá honum sem árshjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til ríkissjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnumenskutímabilinu hafi, með samþykki húsbænda sinna, verið við nám vetrarmánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(A. XIV, 2).

Nd. **158. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá samvinnunefnd viðskiftamála.

Mál þetta hefir verið athugað, fyrst í viðskiftamálanefnd hvorrar þingdeildar fyrir sig og síðan í samvinnunefnd.

Tildrögin til útgáfu bráðabirgðalaga þeirra frá 15. apríl 1920, sem hjer hafa verið lögð fyrir Alþingi í frumvarpsformi, voru þau, að á aukaþinginu í febr. 1920 þótti nauðsyn að gera ráðstafanir til þess að hamla vöruflutningi til landsins, til þess að ekki söfnuðust skuldir fyrir erlendis, vegna þess, að ekki fengist nægilega mikið fyrir útfluttar vörur. Voru því samþykt ofannefnd lög frá 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, og gera þau lög ráð fyrir, að þetta sje framkvæmt með reglugerð eða reglugerðum. Daginn eftir að þau lög voru afgreidd frá Alþingi var borið fram frv. til laga um peningamálanefnd, sem fór fram á að heimila stjórninni að skipa 5 manna nefnd, til að hafa íhlutunarrjett um peningaviðskifti Íslands og útlanda. Tími vanst ekki til að afgreiða það frv. frá þinginu, en umræðum um það lyktaði með því, að samþykt var svofeld rökstudd dagskrá frá þm. Borgfirðinga (P. O.):

> »Með því að nú er að þinglausnum komið, þykir deildinni ekki rjett að láta þetta mál fara lengra, en lítur svo á, að stjórnin geti síðar útvegað sjer með bráðabirgðalögum heimild þá, er frv. fram á, ef hún telur knýjandi nauðsyn bera til, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Hinn 11. mars 1920 skipaði stjórnin því næst viðskiftanefnd, og gaf út 12. s. mán. reglugerð um innflutning á vörum. Var nefndinni þar heimilað að banna eða takmarka innflutning á »óþörfum varningi«, en þar til skyldu teljast þær vörur allar, »sem að dómi nefndarinnar er óþarft að flytja til landsins, eftir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru í hverju einstöku tilfelli«, og töldust þannig einnig þar til nauðsynjavörur, ef nefndin taldi nóg fyrirliggjandi af þeim. Þar var og ákveðið, að 1/4 af hdr. af fjárhæð hvers vörureiknings skyldi greiða fyrir innflutningsleyfi.

Síðan voru umrædd bráðabirgðalög gefin út 15. apríl, og því næst sett reglugerð um peningaviðskifti við útlönd 26. s. mán., og er þar svo fyrir mælt, að bankarnir hjer skuli leggja undir úrskurð nefndarinnar allar greiðslur til útlanda. Enn fremur er nefndinni heimilað að stöðva peningasendingar í póstávísunum og póstsendingum, eða fresta þeim. Jafnframt var og skipverjum og farþegum á skipum bannað að flytja út peninga, fram yfir það, sem nauðsynlegt er til ferðakostnaðar, nema samþykki nefndarinnar komi til.

Viðskiftanefndin hefir síðan starfað samkvæmt þessum lögum og reglugerðum.

Þegar umræddar ráðstafanir voru gerðar, var orðinn tilfinnanlegur skortur á erlendum gjaldeyri, m. a. vegna mjög mikils vöruinnflutnings og skipakaupa undanfarið og mikils verðfalls á ýmsum íslenskum afurðum. Hins vegar hafði almenningur hjer á landi þá enn nokkurn veginn jafnmikið fje milli handa og undanfarið, svo að kaupgetan var ekki farin að minka, vöruverð fór sí-hækkandi og kaupmenn því margir mjög ódeigir að flytja inn vörur. Var því litið svo á af ýmsum þeim, sem kunnugastir voru verslunarhögunum, að hættulegt væri að láta innflutninginn halda áfram óhindraðan.

Seint á árinu 1920 gerðist sú breyting, að verð á ýmsum nauðsynjavörum tók að lækka erlendis. Eftir það fóru að heyrast raddir um, að innflutningshömlurnar mundu tefja fyrir tilsvarandi lækkun vöruverðsins hjer á landi. Jafnframt var og farið að þrengjast um fjárhag almennings innanlands, kaupgetan minkuð og menn alment orðnir fastheldnari á fje sitt, vegna fyrirsjáanlegs atvinnubrests og fjárkreppu fram undan. Verðlækkun á nauðsynjavörum erlendis virðist hafa haldið áfram alt til þessa. En jafnframt hafa afurðir landsins enn fallið í verði, svo að nú er allri framleiðslu í landinu hætta búin, ef tilkostnaður við hana lækkar ekki. En fyrsta skilyrði fyrir því, að framleiðslukostnaður geti lækkað, er það, að verð á erlendum nauðsynjavörum lækki hjer á landi, og þar sem innflutningshömlurnar eru taldar tefja fyrir þeirri verðlækkun, hafa nefndinni og þinginu borist mjög eindregin tilmæli frá atvinnurekendum (fjel. ísl. botnvörpuskipaeigenda) um afnám innflutningshafta á nauðsynjavörum. Samskonar áskoranir hafa einnig borist frá kaupmönnum úr mörgum kauptúnum landsins.

Nefndinni þykir það mjög miklu máli skifta, að verðlag erlendra nauðsynja hjer á landi geti lækkað sem fyrst og sem mest. Hún lítur svo á, sem innflutningshömlur geti tafið fyrir slíkri verðlækkun og að þær hafi gert það á stundum. Henni virðist hins vegar sem nú sje ekki lengur hætta á, að þær vörur muni fluttar inn um hóf fram, þótt slept sje hömlunum, því að lækkandi vöruverð og minkandi kaupgeta ætti að vera innflytjendum nægilegt tilefni til varúðar. Hún vill því að gerðar sjeu nú þegar ráðstafanir til að innflutningshömlur á nauðsynjavörum verði afnumdar, og leggur til, að Alþingi láti þann vilja í ljós með því að fella frv. á þskj. 14, en þar með falla þá bráðabirgðalögin frá 15. apríl 1920 úr gildi og þar með viðskiftanefndin.

Nefndin viðurkennir, að nauðsyn sje að takmarka póstávísanir frá Íslandi til útlanda fyrst um sinn, en slíkar takmarkanir má gera með stjórnarráðstöfun, án þess að til komi sjerstök lagaheimild, og er þetta atriði þannig ekki því til fyrirstöðu, að bráðabirgðalögin sjeu feld úr gildi. Það verður ekki sjeð, að viðskiftanefndin hafi í framkvæmdinni haft úrskurðun um yfirfærslur bankanna til útlanda, heldur hafi hvor banki ráðið þeim sjálfur fyrir sig, og virðist nefndinni að svo megi vera áfram. Bann gegn því, að skipverjar eða farþegar flytji peninga til útlanda, virðist þýðingarlaust eins og nú stendur, því að þeir einu seðlar, sem hjer eru í umferð, eru ekki innleystir erlendis, svo nokkru nemi, en gullpeningar og silfurpeningar eru ekki í umferð hjer, og verða því ekki fluttir út. Telur nefndin því, að afnám reglugerðarinnar frá 26. apríl, sem að sjálfsögðu fellur úr gildi með bráðabirgðalögunum, þurfi ekki að valda neinum vandkvæðum.

Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að fallast á það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn, en með því skilorði,

að »óþarfur varningur« í þeim lögum merki einungis óþarfar *vörutegundir*, en alls ekki nauðsynlegar vörur, þótt landsstjórninni þyki óþarft að flytja þær til landsins eftir þeim kringumstæðum, sem kunna að vera fyrir hendi í einhverju einstöku tilfelli. Eftir því sem nefndin vill, að þau lög sjeu skilin, hefir þá stjórnin samkvæmt þeim heimild til að banna eða takmarka með reglugerð innflutning á óþörfum vörutegundum, sem yrðu taldar upp í reglugerðinni. Þó telur nefndin óhjákvæmilegt, að undanþágur frá slíku innflutningsbanni sjeu, ef til kemur, veittar, eftir svipuðum grundvallarreglum og viðskiftanefndin hefir fylgt hingað til, en telur að stjórnarráðið eigi að afgreiða slíkar undanþágur sjálft án þess að halda uppi sjerstakri skrifstofu til þess.

Meðal nefndarmanna eru skiftar skoðanir um það, hvort rjett eða hagkvæmt sje að stjórnin noti þessa heimild laganna frá 8. mars. Meiri hluti nefndarmanna er þeirrar skoðunar, að minkun sú á innfluttu vörumagni, sem leitt gæti af notkun heimildarinnar, muni nema svo lítilli fjárhæð, að ráðstöfunin yrði þýðingarlaus fyrir verslunarjöfnuð landsins, og kæmi því ekki að haldi til gjaldeyrissparnaðar. En nokkrir nefndarmenn álíta, að upphæðin muni nema svo miklu, að rjett sje að taka upp þessa tilhögun fyrst um sinn. Varð það að samkomulagi að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún notar heimildina eða ekki.

Í framsögunni verður gerð nánari grein fyrir upplýsingum þeim, er nefndin hefir fengið og byggir tillögur sínar á.

Alþingi, 15. mars 1921.

Jón Þorláksson, form. samvinnun. og framsm. í Nd.

S. H. Kvaran, ritari samvinnunefndar.

H. Steinsson.

M. J. Kristjánsson, fundaskrifari Nd., með fyrirvara.

Jón Baldvinsson.

Einar Árnason. Ó. Proppé. Björn Kristjánsson. Pjetur Ottesen. Sig. Eggerz.

(A. XXXII. 6).

Nd. **159. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið á einu máli um það, að brýna nauðsyn beri til slíkra ákvæða, sem felast í frumvarpinu. Aftur á móti leit nefndin svo á, að friðunartími sá, er frumvarpið gerir ráð fyrir, væri heldur stuttur. Það hefir því orðið samkomulag innan nefndarinnar um það, að ráða háttvirtri deild til að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í staðinn fyrir 1. og 2. grein komi svo hljóðandi grein, sem verði

1. gr.

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1924. Frá því ári sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 16. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður. Þórarinn Jónsson. Jón Sigurðsson.

Hákon Kristófersson, framsögum. Björn Hallsson, fundaskrifari.

(B. VII, 3).

Nd. **160. Nefndarálit**

um frv. til laga um skifting Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frv., en ekki getað orðið á eitt sátt um afdrif þess; getur meiri hluti nefndarinnar engan veginn fallist á, að frv. nái fram að ganga.

Það má að sjálfsögðu með nokkrum rökum benda á það, að nokkur torveldleiki geti stundum verið á því fyrir prestinn á Ísafirði að gegna prestsverkum í Bolungarvík; að landleiðin þangað sje ógreið yfirferðar og sjóvegsferðir stopular og dýrar.

En eftir upplýsingum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hefir aflað sjer um þetta atriði málsins, hefir hann fylstu ástæðu til að ætla, að minni hluti nefndarinnar geri nokkuð mikið úr þessum erfiðleikum, og þó einkum kostnaðinum, sem það hafi í för með sjer fyrir prestinn að komast á annexíuna.

Þegar þetta er borið saman við hvernig hagar til víða annarsstaðar í stórum prestaköllum, þá getur meiri hluti nefndarinnar engan veginn fallist á þetta sem einhlíta ástæðu fyrir skiftingu þessa prestakalls.

Þá er hin ástæðan, að Ísafjarðarprestakall sje nú orðið svo fólksmargt, að ofætlun sje einum presti að inna af hendi prestsverkin.

Með breytingu þeirri, sem orðið hefir á fræðslumálum hjer á landi hin síðari árin, hefir nálega öllu eftirliti með barna- og unglingafræðslunni verið ljett af prestastjettinni.

Í því efni hvílir nú ekki annað á herðum hennar en að grenslast eftir um kunnáttu barna í kristnum fræðum fyrir ferminguna.

Með þessari breytingu hefir verið ljett af prestastjettinni mjög miklu og víðtæku starfi.

Prestastjettinni er því, eins og nú er komið, alls ekkert vorkunnarmál að inna af hendi miklu meira kennimannsstarf og að sinna meiri aukaverkum en áður var, meðan barna- og unglingafræðslan hvíldi á herðum hennar.

Og meðal annars var þetta lagt til grundvallar, þegar prestakallasameiningin var ákveðin með lögum árið 1907.

Auk þess ber á það að líta, að nú nýtur prestastjettin miklu meiri aðstoðar á ýmsan hátt en áður var í því að hafa holl og siðbætandi áhrif á einstaklingana, og styrks í því að sjá fyrir andlegum hagsmunum þeirra.

Þetta alt ljettir þeim starfið mjög mikið.

Eins og nú er komið launakjörum prestanna, eins og líka annara starfsmanna ríkisins, hefir þjóðfjelagið fylstu kröfu til þess og á heimtingu á því, að þeir helgi embættisstarfinu alla krafta sína, og getur því mikils af þeim vænst.

Að þessu öllu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar það til við háttv. deild, að frumvarpið nái ekki fram að ganga að svo komnu.

Alþingi, 15. mars 1921.

Björn Hallsson, fundaskrifari.	Stefán Stefánsson.	Pjetur Ottesen, framsögumaður.

(B. XVIII. 3).

Nd. 161. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist þannig:

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi, til skipsuppsáturs fyrir almenning, landspildu á Bolungarvíkurmölum kringum brimbrjótinn, ásamt leigurjettindum og kvöðum, er á spildunni hvíla, og öllum mannvirkjum og byggingum, er á henni standa.

(B. XXXIX. 2).

Nd. **162. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmaður: Einar Þorgilsson.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Vegurinn milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Keflavíkurkauptúns skal vera þjóðvegur og ríkissjóður kosta viðhald hans.

(A. XXX. 6).

Nd. **163. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 129.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við 2. a.

Fyrir »20000,00« skal koma:
17000,00.

(B. XLI. 1).

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [*Launalög*].

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Jón A. Jónsson, Þórarinn Jónsson, Ó. Proppé, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Verðlagsskrá sú, sem ræðir um í 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv 1919, skal sett tvisvar á ári, 1. júní og 1. desember, í fyrsta sinni 1. júní 1921, og gildir hún fyrir næsta misseri á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt launalögunum 28. nóv. 1919 er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins ákveðin að eins einu sinni á ári. Vísitala verðlagsskrárinnar, sem dýrtíðaruppbótin er miðuð við, hækkar og lækkar samkvæmt verðhækkun og verðlækkun á þeim vörum, sem teknar eru á verðlagsskrána. Verð á þessum vörum getur tekið miklum breytingum á heilu ári; geta breytingar þessar valdið því, að dýrtíðaruppbótin verði ekki í því hlutfalli við vöruverðið, sem launalögin að sjálfsögðu ætlast til.

Úr þessu er nokkuð bætt með breyting þeirri, sem hjer er farið fram á. Frekari grein verður gerð við flutning málsins í deildinni.

(A. XXXI. 5).

Ed. **165. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1918 og 1919, veitast kr. 2280585,63 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 104584,03.

A. Æðsta stjórn landsins.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1919	kr.	10915,75		
— —	4.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	29329,20		
— —	—	—	1919	—	27077,74		
— —	5.	Ríkisfjehirðisstörf	1918	—	1667,64		
— —	—	—	1919	—	1679,30		
— —	7.	Umbætur og viðhald	1918	—	6939,80		
— —	—	—	1919	—	12076,66	kr.	89686,09

B. Hagstofa Íslands.

Við tölulið	3.	Pappír og prentun	1918	kr.	2559,35		
— —	—	—	1919	—	6230,52		
— —	4.	Prentun eyðublaða	1918	—	180,61		
— —	5.	Húsaleiga o. fl.	—	—	1710,26		
— —	—	—	1919	—	2598,44		
— —	6.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	109,05		
— —	—	—	1919	—	1509,71	kr.	14897,94
					Samtals A—B.	kr.	104584,03

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 158754,58.

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við tölulið	4.	Hegningarhúsið	1918	kr.	3355,09					
— — —		—	1919	—	10040,88					
— —	5.	Sakamálakostnaður o. fl. ...	1918	—	5482,35					
— — —		— ...	1919	—	6555,88	kr.	25434,20			

B. Ymisleg útgjöld.

Við tölulið	1. a.	Útgáfa Stjórnartíðinda ...	1918	kr.	450,00					
— — —		— ...	1919	—	450,00					
— —	1. b.	Pappír og prentun ...	1918	—	7810,32					
— — —		— ...	1919	—	12714,64					
— —	2. a.	Burðareyrir embættismanna	1918	—	7906,03					
— — —		—	1919	—	12706,32					
— —	2. b.	Embættissímskeyti ...	1918	—	47729,72					
— — —		— ...	1919	—	30047,54					
— —	3.	Brunaábyrgðargjald o. fl. ...	1918	—	2639,47					
— — —		— ...	1919	—	5224,62					
— —	4.	Eftirlitsferðir	1918	—	3921,44					
— — —		—	1919	—	1236,73					
— —	8.	Yfirskattanefndir o. fl. ...	—	—	483,55	kr.	133320,38			
						Samtals A—B	kr.	158754,58		

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 437976,47.

Við tölulið	11.	Röntgenstarfræksla ...	1918	kr.	6135,00					
— — —		— ...	1919	—	1000,00					
— —	14.	Holdsveikraspítalinn ...	1918	—	64921,03					
— — —		— ...	1919	—	67124,05					
— —	16.	Geðveikrahælið á Kleppi ...	1918	—	29858,88					
— — —		— ...	1919	—	58337,02					
— —	17.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1918	—	112289,31					
— — —		—	1919	—	97216,56					
— —	18. g.	Heilbrigðiseftirlit	—	—	1094,62	kr.	437976,47			

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 905906,72.

A. Póstmál.

Við tölulið	2.	Póstflutningur	1918	kr.	6810,49					
— — —		—	1919	—	20785,12					
— —	3. a.—b.	Skrifstofukostnaður	1918	—	4435,50					
— —		— —	1919	—	762,45					
— —	3. e.	Önnur gjöld	1918	—	13844,15					
— — —		—	1919	—	30186,92	kr.	76824,63			
						Flyt	kr.	76824,63		

Fluttar kr. 76824,63

B. Vegabætur.

Við tölul.		I. 1. b.	Ferðakostnaður o. fl.	1918	kr.	269,08		
—	—	I. 2.	Verkfróðra aðstoð ...	—	—	1793,02		
—	—	—	— ...	1919	—	6216,80		
—	—	I. 3.	Skrifstofukostnaður	1918	—	1418,72		
—	—	—	—	1919	—	2052,88		
—	—	I. 4.	Eftirlit með vegum	1918	—	95,08		
—	—	II. 1.	Húnvetningabraut ...	—	—	30365,38		
—	—	—	—	1919	—	36834,19		
—	—	II. 3.	Grímsnessbraut ..	1918	—	9449,95		
—	—	II. 6.	Viðhald flutningabrauta	—	—	9240,80		
—	—	—	—	1919	—	15709,94		
—	—	III. 10.	Vegagerð frá Ljá ...	—	—	5196,76		
—	—	III. 11.	Aðrar vegabætur og viðhald	1918	—	20438,06		
—	—	—	—	1919	—	8835,73		
—	—	V.	Áhöld	—	—	9901,30		
—	—	VII.	Brú á Austur-Hjeraðsvötn	1918	—	43362,37		
—	—	—	—	1919	—	184,61	kr.	201364,67

C. Samgöngur á sjó.

Við tölul.		II. 1.	Faxaflóaferðir	1918	kr.	3000,00		
—	—	—	—	1919	—	20571,43		
—	—	II. 5.	Langanessbátur ...	1918	—	12000,00		
—	—	—	—	1919	—	12000,00	kr.	47571,43

D. Símasamband.

Við tölul.		II.	Til viðauka símakerfa	1918	kr.	14805,01		
—	—	—	—	1919	—	15887,16		
—	—	IV. 1. a.	Laun landssímastjóra	—	—	3000,00		
—	—	IV. 2.	Laun símaverkfræðings	—	—	1100,00		
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1918	—	3816,87		
—	—	—	—	1919	—	4136,76		
—	—	IV. 4.	Ritsímastöð Reykjavíkur	1918	—	31407,45		
—	—	—	—	1919	—	38985,21		
—	—	IV. 5.	Þráðlaus stöð í Reykjavík	1918	—	784,56		
—	—	—	—	1919	—	3614,64		
—	—	IV. 6.	Áhalda- og efnisvörður	—	—	609,50		
—	—	IV. 7.	Ritsímastöð á Akureyri	1918	—	3771,06		
—	—	—	—	1919	—	9176,76		
—	—	IV. 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	1918	—	4084,92		
—	—	—	—	1919	—	9909,36		
—	—	IV. 9.	Ritsímastöð á Ísafirði	1918	—	3632,20		
—	—	—	—	1919	—	6153,06		
				Flyt	kr.	154874,52	kr.	325760,73

				Fluttar	kr.	154874,52	kr.	325760,73
Við	tölul.	IV. 10.	Símastöð á Borðeyri	1918	—	1587,48		
—	—	—	—	1919	—	4062,41		
—	—	IV. 11.	Símastöð í Hafnarfirði	1918	—	742,81		
—	—	—	—	1919	—	1844,15		
—	—	IV. 12.	Símast. í Vestm.eyjum	1918	—	709,05		
—	—	—	—	1919	—	1162,57		
—	—	IV. 13.	Aðrar stöðvar	1918	—	14035,73		
—	—	—	—	1919	—	23752,94		
—	—	V.	Eyðublöð, prentun o.fl.	1918	—	26432,07		
—	—	—	—	1919	—	38248,65		
—	—	VI.	Viðbót og viðhald stöðva	1918	—	6906,47		
—	—	—	—	1919	—	23735,22		
—	—	VII.	Ferðalög vegna starfrækslu	1918	—	4438,25		
—	—	—	—	1919	—	3573,88		
—	—	VIII.	Viðhald landssímanna	1918	—	68088,75		
—	—	—	—	1919	—	63547,43		
—	—	IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	—	—	97,44		
—	—	X.	Loftskeytastöð í Flatey	—	—	19970,37	kr.	457810,19

E. Vitamál.

Við	tölul.	I. a.	Laun vitamálastjóra	1919	kr.	3000,00		
—	—	I. b.	Verkfræðings aðstoð	—	—	1366,66		
—	—	I. c.	Skrifstofuhald	1918	—	1843,68		
—	—	—	—	1919	—	2223,16		
—	—	I. d.	Ferðakostnaður ...	1918	—	637,63		
—	—	III.	Rekstrarkostnaður vita	—	—	26845,18		
—	—	—	—	1919	—	30194,03		
—	—	IV. a.	Akranesviti	1918	—	14030,86		
—	—	IV. d.	Gerðatangaviti ...	—	—	7501,07		
—	—	V.	Sjómerki	—	—	1581,58		
—	—	—	—	1919	—	1490,71		
—	—	VI.	Ýmislegt	1918	—	22899,26		
—	—	—	—	1919	—	8721,98	kr.	122335,80
					Samtals A—E		kr.	905906,72

6. gr

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 121870,94.

A. Kirkjumál.

Við	tölul.	b. 2.	Bráðabirgðauppbót brauða	1919	... ...		kr.	250,00

B. I. Háskólinn.

Við	tölul.	c. 3.	Kennari í efnafræði	1919	kr.	240,00		
—	—	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1918	—	450,00		
				Flyt	kr.	690,00	kr.	250,00

				Fluttar	kr.	690,00	kr.	250,00
Við tölul.	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1919	kr.	750,00		
— —	i.	Líffærameinfræða rannsókn	—	—	630,55		
— —	j.	Eldiviður, ljós og ræsting	1918	—	6323,82		
— —	-	—	1919	—	10079,79		
— —	k. 3.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	2323,87		
— —	—	—	1919	—	4802,12	kr.	25600,15
		B. II. Mentaskólinn.					
Við tölul.	c. 2.	Eldiviður, ljós o. fl. ...	1918	kr.	7126,27		
— —	—	— ...	1919	—	5044,53		
— —	c. 3.	Skólahús utan og innan ...	1918	—	361,28		
— —	—	— ...	1919	—	581,17		
— —	c. 5.	Tímakensla og prófdómendur	—	—	1118,75		
— —	c. 9.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	70,41		
— —	—	—	1919	—	262,77	kr.	14565,18
		B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.					
Við tölul.	b. 3.	Bækur og kensluáhöld ...	1919	kr.	878,83		
— —	b. 5.	Eldiviður og ljós	1918	—	5076,86		
— —	—	—	1919	—	5893,83		
— —	b. 9.	Ýmisleg útgjöld	—	—	805,00	kr.	12654,52
		B. IV. Kennaraskólinn.					
Við tölul.	b. 3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	849,07		
— —	—	—	1919	—	768,29		
— —	b. 6.	Viðhaldskostnaður	—	—	144,02		
— —	b. 7.	Ýmisleg útgjöld	—	—	760,53	kr.	2521,91
		B. V. Stýrimannaskólinn.					
Við tölul.	b. 1.	Tímakensla	1918	kr.	915,90		
— —	—	—	1919	—	5591,00		
— —	b. 2.	Áhaldakaup	1918	—	656,46		
— —	b. 3.	Eldiviður og ljós	—	—	111,43		
— —	—	—	1919	—	6213,88		
— —	b. 4.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	313,48		
— —	—	—	1919	—	986,08	kr.	14788,23
		B. VI. Vjelstjóraskólinn.					
Við tölul.	b.	Tímakensla	1918	kr.	1200,00		
— —	—	—	1919	—	1800,00		
— —	c.	Húsnæði m. m.	1918	—	139,46		
— —	—	—	1919	—	1300,00		
— —	d.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	250,00	kr.	4689,46
						Flyt kr.	75069,45

									Fluttar kr.	75069,45
			B. VII. 1. Bændaskólinn á Hólum.							
Við	tölul.	b.	Aðstoðarkensla			1919	kr.	150,00		
—	—	c.	Smíði og dráttlist			1918	—	300,00		
—	—	d. 2.	Kensluáhöld			1919	—	80,64		
—	—	d. 3.	Eldiviður og ljós			1918	—	1625,00		
—	—	—	—			1919	—	5921,81		
—	—	d. 4.	Kaup á stórgripavog ...			—	—	405,00		
—	—	d. 5.	Ýmisleg útgjöld			—	—	2123,15	kr.	10605,60
			B. VII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.							
Við	tölul.	d. 3.	Eldiviður og ljós			1918	kr.	1186,27		
—	—	—	—			1919	—	3614,52		
—	—	d. 4.	Ýmisleg útgjöld			—	—	108,68	kr.	4909,47
			B. XI. Yfirsetukvennaskólinn.							
Við	tölul.	2. b.	Annar kostnaður			1918	kr.	479,56		
—	—	—	—			1919	—	118,40		
—	—	3.	Styrkur til námskvenna ...			1918	—	6070,00		
—	—	—	—			1919	—	9340,00		
—	—	4.	Húsaleiga o. fl.			1918	—	254,00		
—	—	—	—			1919	—	20,00	kr.	16281,96
			B. XIII. Almenn barnafræðsla.							
Við	tölul.	1.	Til barnaskóla			1919	kr.	656,12		
—	—	5.	Prófdómarar			1918	—	1150,26		
—	—	—	—			1919	—	2443,08	kr.	4249,46
			B. XVI. Daufdumbrakensla.							
			Kenslukostnaður			1918	kr.	5070,00		
			—			1919	—	5685,00	kr.	10755,00
									Samtals A—B	kr. 121870,94

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 32565,38.

Við	tölul.	2.	Þjóðskjalasafnið:							
—	—	2. c.	Til að binda inn skjöl m. m.			1919	kr.	... ...	kr.	202,50
—	—	5.	Landsbókasafnshúsið:							
—	—	5. a.	Eldiviður, ljós o. fl. ...			1918	—	3263,33		
—	—	—	— ...			1919	—	19700,00		
—	—	5. c.	Viðhald og áhöld			1918	—	3722,79		
—	—	—	—			1919	—	2256,76	kr.	28942,88
—	—	15.	Dómasafn			1918	—	1460,00		
—	—	21. f.	Listasafnshús			1919	—	1500,00		
—	—	28.	Mýrarannsókn m. m.			1918	—	460,00	kr.	3420,00
									Samtals	kr. 32565,38

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 49167,22.

Við tölul.	4.	Rannsókn vatnsvirkja	1919	kr.	370,40		
— —	5.	Miklavatnsmýraráveita ...	—	—	147,52		
— —	6.	Kaup á skurðgröfu	—	—	32558,27		
— —	8. b.	Laun skógarvarða m. m. ...	1918	—	5000,00		
— —	22. b.	Ferðak. síldarmatsmanna ...	1919	—	1023,00		
— —	23. b.	Ferðak. ullarmatsmanna ...	1918	—	184,15		
— —	—	— ...	1919	—	2444,65		
— —	29.	Eftirlit með áfengiskaupum	1918	—	352,12		
— —	—	—	1919	—	1187,99		
— —	38.	Brimbrjótur í Bolungarvík	—	—	5899,16	kr.	49167,26

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast kr. 469760,25.

Óviss útgjöld	1918	kr.	245846,56		
—	1919	—	185726,55		
Greiðslur samkv. landsreikningi upp á væntanlega aukafjárveitingu	—	—	38187,14	kr.	469760,25

(B. VIII, 3).

Nd. **166. Frumvarp**

til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum.

Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

2. gr.

Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviftur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

3. gr.

Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur

og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

1. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917.

(A. XXXVIII, 6).

Nd. **167. Frumvarp**

til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 500 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver er. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

   Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.
4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:
   a. Köfnunarefni í saltpjeturssýru.
   b. Köfnunarefni í ammoníaki.
   c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum.
   d. Köfnunarefni í cyanamíði.
   e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
   f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citrónsýru.

g. Kalí, leysanlegt í vatni.
h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
i. Gibs, (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbjefum og auglýsingum má eigi nota önnur orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Þegar verslað er með fóðurbæti, svo sem korntegundir, olíukökur, sykurúrgang (melasse), síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskírteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skírteini er útgefið. Á tryggingarskírteini sje tekið fram:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar fóðurbætisins.
3. Nafn fóðurbætisins og úr hverju hann er tilbúinn.
4. Sje fóðurbætirinn búinn til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort fóðurbætirinn er blandaður annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta, að svo sje ekki.
6. Sje um olíukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lífur að ræða, skal tilgreint hvers konar lífur; enn fremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lífrina, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent.
10. Sje um síldarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í fóðurbætinum, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
    a. Af köfnunarefniskendum efnum.

b. Af feiti.
c. Af sykri.
d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álita, að fóðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

3. gr.

Stjórnarráðið sjer um, að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða fóðurbætisefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

a. Nafn vörunnar.
b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini, samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau á efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

   Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.

2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynt að varan sje komin.
3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álitast megi, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.
4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemdir á vörunni.
5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða, skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða

við þá rýrnun á verðmæti vörunaar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(C. IX. 2).

Nd. **168. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Ólafur Proppé, Sig. Stefánsson og Jón A. Jónsson.

Í stað orðanna: »Neðri deild Alþingis« komi:
Alþingi.

(A. XXXVII. 3).

Nd. **169. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. Við 5. gr.
   Næstsíðasta málsgrein (»Þeir barnakennarar ... sem hin fyrri launin«) falli burt.

2. Við 6. gr.
   Síðasti málsliður (»Nú verður kennari ... eins og sagt er í 5. gr.«) falli burt.

3. Við 9. gr.
   2 málsgrein (»Nú sýkist starfandi ljósmóðir ... og á sama hátt og um getur í 5. gr.«) falli burt.

4. Við 16. gr.
   Fyrir orðin: »óski að greiða« í fyrri málsgr. komi:
   sjeu þess megnugir að greiða.

5. Á eftir 20. gr. komi ný grein, sem verður 21. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1923.

(B. XLII, 1).

Nd. **170. Frumvarp**

til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Frá peningamálanefnd.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Banka skal stofna í Reykjavík, er nefnist »Ríkisveðbanki Íslands«. Tilgangur hans er:

1. að veita lán, trygð með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda, er hafa með höndum samvinnumannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán eða kaupa skuldabrjef, trygð með veði í fasteign og auk þess með fullri ábyrgð ríkisins.
5. að gefa út og selja bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt ofansögðu, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs bankans.

Öll lán bankans skulu veitt til endurgreiðslu með ákveðnum afborgunum um langt árabil, en afborgunarlaus föst lán má aldrei veita.

2. gr.

Bankinn tekur við allri forsjá og stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, með öllum hennar skyldum og rjettindum. Að öðru leyti skulu lög og reglugerðir þær, er nú gilda um veðdeild Landsbankans, framvegis gilda um þessa deild Ríkisveðbanka Íslands, þar til allir fjórir flokkar bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar eru að fullu innleystir.

3. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð 3 miljónir króna. Stofnfje þetta er eign ríkisins, en endurgreiðslu þess verður ekki krafist fyrri en bankinn hefir fullnægt öllum skuldbindingum sínum.

Stofnsjóð bankans má auka með nýjum fjárframlögum úr ríkissjóði eða með yfirfærslum úr varasjóði bankans. Með yfirfærslum úr varasjóði verður stofnsjóðurinn þó eigi hækkaður um meira en eina miljón kr., nema ný lagaheimild komi til.

4. gr.

Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi þannig:

1. Úr ræktunarsjóði Íslands, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
2. Úr kirkjujarðasjóði, í skuldabrjefum, bankavaxtabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
3. Úr viðlagasjóði, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, rennur andvirði þeirra þjóðjarða og kirkjujarða, er hjer eftir verða seldar, inn í stofnsjóð bankans og bætist við eign ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs í stofnsjóðnum.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðnum eins og tapinu nemur; en ef sjóðurinn við það lækkar niður fyrir 3 miljónir kr., bæti ríkissjóður honum það, er á vantar.

Af stofnfjenu greiðir bankinn 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári. Renna vextirnir til ræktunarsjóðs, kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, að tiltölu við eign hvers þeirra í stofnsjóði bankans.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign, án vaxta, þegar hagur bankans leyfir.

5. gr.

Hreinn ágóði af rekstri bankans skal lagður í varasjóð. Nú verður bankinn fyrir tapi eða árstekjur hans hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

6. gr.

Bankinn gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans, og skal þá jafnframt ritað á brjefin, hver sje eigandi þeirra. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð vaxtabrjefanna, en sá af ráðherrum Íslands, er hefir yfirstjórn bankans, skal hafa samþykt orðalag þeirra og efni. Til þess að vaxtabrjefin sjeu skuldbindandi fyrir bankann, skulu þau vera undirrituð af bankastjórn, og auk þess á þau ritað vottorð ráðherra um, að þau sjeu skrásett í stjórnarráði Íslands. Brjefin skulu kveða á um greiðslu í íslenskri krónumynt. Þó má jafnframt á brjefunum telja upphæðina reiknaða til útlendra peninga.

Eigendur bankavaxtabrjefanna geta fengið bankanum brjef sín til geymslu, gegn viðtökuskírteini, eða fengið þau innrituð og gerð óframseljanleg og óveðhæf um sinn, með áritun bankans á brjefin, hvorttveggja eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Aldrei má vera í umferð meira af bankavaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins, nje meira en nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í skuldabrjefum fyrir lánum, að frádregnum greiddum afborgunum af þeim, en að viðbættu því fje, er afborgað kann að hafa verið af lánunum og bíður þess að verða notað til innlausnar vaxtabrjefum. Eigi mega heldur vaxtabrjef í umferð bera hærri vöxtu en tilsvarandi skuldabrjef fyrir lánum.

Þá má bankinn, með samþykki stjórnarráðsins, gefa út og selja fyrirfram bankavaxtabrjef fyrir alt að einni miljón kr. í einu. Skal þá andvirði þeirra, meðan það bíður þess að verða notað til útlána samkv. 1. gr., ávaxtað í Landsbanka Íslands eða á annan fulltryggan hátt, er stjórnarráð samþykkir.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bankans er:

1. Skuldabrjef þau, er bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans.
2. Varasjóður bankans.
3. Stofnsjóður bankans.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir $12^1/_2$ % af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar.

Ef taka þarf til tryggingarinna, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru hjer taldar.

8. gr.

Vaxtabrjef bankans skulu gefin út í flokkum (seríum). Ákveður bankastjórn, hve nær lokið skuli hverjum flokki; þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo flokka opna samtímis.

9. gr.

Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir reglugerð fyrir bankann, er breyta má eða bæta við þegar þörf gerist; þó mega ný reglugerðarákvæði ekki ná til bankavaxtabrjefa þeirra, sem áður eru út gefin.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 55 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um vaxtahæð brjefanna; en hafa má í sama flokki tvær eða fleiri deildir með mishám vöxtum, og með happvinningum (sbr. 35. gr.) eða án þeirra.

10. gr.

Vaxtamiðar bankavaxtabrjefanna og útdregin vaxtabrjef skulu innleyst í bankanum sjálfum og í þeim peningastofnunum öðrum eða verslunarhúsum innanlands eða utan, er bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins. Í reglugerð skal fyrirmælt, hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabrjef hans skulu ávalt njóta sama skattfrelsis sem skuldabrjef ríkisins. Svo á bankinn og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er bankinn greiðir, veita honum upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda frá lántakendum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir bankann.

II. Tryggingar fyrir lánum.

12. gr.

Fje bankans má lána gegn veði í hverskonar fasteign, sem vera skal, ef eignin, að áliti bankastjórnar og samkvæmt reglugerðarákvæðum bankans, er tryggilegt veð fyrir láni til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr $^3/_5$ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar, en innan þeirra takmarka má í reglugerð bankans ákveða, hve mikinn hluta verðs má mest lána út á fasteignir einstakra tegunda eða flokka.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, má því að eins taka gild sem veð, að þau sjeu vátrygð gegn brunahættu í vátryggingarstofnun, er bankastjórn og ráðherra telja góða og gilda.

Hús, sem notuð eru til iðnrekstrar eða eru ætluð til einhverrar sjerstakrar, óvenjulegrar starfrækslu, skulu eigi metin hærra til lántöku en þau mundu verð til almennrar notkunar.

Að jafnaði skal eigi lánað nema gegn fyrsta veðrjetti. En það telst fyrsti veðrjettur, þótt áður hvíli fyrsta veðrjettarskuld á eigninni, ef lánið skal notað til þess að greiða hina eldri skuld og bankinn hefir uppfærslurjett á eftir henni, enda haldi hann þá eftir af láninu nægilegri upphæð til að losa öll eldri veðbönd af eigninni. — Það telst og fyrsti veðrjettur, er bankinn lánar út á eign, sem áður er veðsett honum eða veðdeild Landsbankans, til viðbótar við lán það, er hann eða veðdeildin hefir áður veitt.

Í reglugerð má þó ákveða, að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr $^3/_5$ af verðgildi hennar. Af slíkum lánum má taka sjerstakt áhættugjald, er greiðist með auknu tillagi til varasjóðs, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðum bankans, og skal þar meðal annars ákveða, hvernig virðingarmenn skuli útnefndir.

Þá má í reglugerð ákveða, að sjerstök virðing vegna lántökunnar þurfi eigi að fara fram, ef lánið fer eigi fram úr ákveðnum hluta af virðingarverði eignarinnar til skatts, alt að hálfri skattvirðingarupphæðinni, og önnur skilríki eru fyrir hendi, er reglugerð nánar tiltekur.

Lántakendur skulu, svo oft sem stjórn bankans krefst, láta honum í tje skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því að veðin hafi eigi rýrnað í verði, svo að bankanum geti eigi verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, getur bankinn látið fara fram skoðun eða nýja virðingu á kostnað lántakanda.

14. gr.

Í virðingargerðum getur bankinn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða grunnsins, og hins vegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á jörðinni eða grunninum, svo sem jarðbóta allskonar, bygginga og annara umbóta. Má í reglugerð bankans ákveða, að eigi skuli að jafnaði veitt hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því að eins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ af virðingarverði allrar eignarinnar. Skal þá í reglugerðinni kveða nánar á um sundurgreining virðingarverðsins, og má meðal annars ákveða, að jarðabætur skuli eftir nánar tiltekinn árafjölda teljast til jarðarinnar sjálfrar, en eigi lengur til mannvirkja, er ætla má að þær hafi löngu borgað kostnað sinn að fullu.

15. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar eigninni.

Áður en slíkt lán er veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Á undan hverri útborgun fari fram skoðun eða bráðabirgðamat á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi $^3/_5$ af verði eignarinnar eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, þótt eigi yrði meira að henni unnið að sinni.

Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um lántökuskilyrði og útborgun slíkra lána.

16. gr.

Lán til bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því að eins veitt, að stjórnarráðið eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina. Skal bankinn hafa trygt sjer, að bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagi því, er lán tekur eða ábyrgist, sje bæði rjett og skylt að jafna aukagjaldi á gjaldendur innan fjelags síns, ef þess skyldi þurfa með til greiðslu höfuðstóls eða vaxta af láni bankans.

Bankinn getur hve nær sem er krafið bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagið um skýrslu um eignir þess og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lánsins. Bankinn skal og jafnan áskilja sjer rjett til að segja upp láninu án fyrirvara, ef viðkomandi fjelag tekur veruleg ný lán án leyfis bankans eða undirgengst ábyrgð á verulegum upphæðum.

Í reglugerð bankans skal nánar ákveðið um lántökuskilyrði og trygging fyrir slíkum lánum.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. lið 1. gr. veitir bankinn að eins þeim fjelögum, er

stofnuð kunna að verða samkvæmt sjerstökum lögum og fá lögvarinn rjett til að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir til greiðslu kostnaðar við samvinnufyrirtæki til umbóta á þeim, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Skal taka upp í reglugerðir bankans nánari fyrirmæli um lán þessi og þess sjerstaklega gætt, að afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, geti á engri fasteign orðið hærri en svara mundi til lánsupphæðar þeirrar, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni samkvæmt lögum þessum og öðrum útlánsreglum bankans.

18. gr.

Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landssvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna, og fjelagssamþyktir þeirra öðlast staðfesting stjórnarráðsins, enda telji bankastjórn og ráðherra útlánsreglur fjelaganna jafntryggilegar og ríkisveðbankans; getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins. Skal þá bankinn hafa nákvæmt eftirlit með rekstri hvers fjelags, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, og jafnan hafa í vörslum sínum eða umboðsmanns síns veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna, að minsta kosti fyrir jafnmikilli upphæð og lán bankans til veðlánsfjelagsins nema á hverjum tíma.

Tillög til varasjóðs (sbr. 22. og 25. gr.) af þessum lánum skulu sjerstaklega ákveðin með reglugerð, og mega þau lægri vera en af öðrum lánum bankans.

19. gr.

Bankinn getur veitt lán eða keypt veðskuldabrjef eða vaxtabrjef, sem í sjálfu sjer eru trygð með nægilegu fasteignaveði, þótt veðin sjeu eigi eins tryggileg og krafist er annars í lögum þessum og reglugerðum bankans, ef lánin eða brjefin auk þess eru trygð með fullri ábyrgð ríkissjóðs. Tekur bankinn brjef þessi með því gengi, er stjórn bankans og stjórnarráði Íslands kemur saman um, og skal gengið miðað við, að bankinn verði skaðlaus af kaupunum.

20. gr.

Í reglugerð má ákveða hæstu og lægstu upphæð einstaks láns. Þar skal og ákveða, hvað lánstíminn má vera lengstur fyrir hverja tegund tryggingar. Þó má eigi ákveða lengri útlánstíma fyrir neina tegund lána en 45 ár.

III. Skyldur og rjettindi lántakenda.

21. gr.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða, eftir vali hans sjálfs, í bankavaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir brjefin eða hefir þegar selt þau fyrir, að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

22. gr.

Um leið og lán er tekið skal lántakandi greiða í varasjóð bankans hundraðsgjald af lánsupphæðinni, er reglugerð bankans ákveður og má eigi minna vera en 1 og eigi hærra en 3%. Þó má skifta greiðslu þessari þannig niður á fyrstu ár lánstímans, að minst ½% af lánsupphæðinni greiðist á ári, uns gjaldinu er lokið.

Lántakandi er skyldur að tilkynna bankanum þegar í stað, ef hann gerir verulegar breytingar á veðsettri fasteign, svo að eignin við það verði verðminni; sömuleiðis ef eignin rýrnar til muna í verðgildi af honum ósjálfráðum orsökum. Vanræki hann slíkar tilkynningar, getur stjórn bankans krafið hann um gjald til varasjóðs, alt að 1% af veðskuld hans.

Þegar veðsett fasteign er seld skal til tilkynna bankanum eigendaskiftin skriflega innan 2 mánaða, að viðlagðri sekt, alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

Öll gjöld og sektir til varasjóðs skulu trygð með veði í eignum þeim, er bankinn hefir að tryggingu, á sama hátt og lánin sjálf og vextir af þeim.

23. gr.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í virðingu til lántöku, eða sje auglýst sala á eigninni vegna veðskuldar með forgangsrjetti fyrir veði bankans, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum bankans, eða sje bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta, eða brjóti lánþegi í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust.

Þegar eigendaskifti verða að veðsettri eign, getur bankinn heimtað lánið endurgreitt að nokkru eða öllu leyti. En vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Ávalt þegar lán er fallið í gjalddaga, getur bankinn til lúkningar höfuðstóli lánsins, vöxtum og rjettkræfum gjöldum til varasjóðs, látið selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða látið leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

Í stað þess að veðsett eign verði seld á uppboði, getur skuldunautur, ef

hann kýs það heldur og bankastjórnin samþykkir, afhent bankanum eignina til fullra umráða og gefið honum óafturkallanlegt umboð til að selja hana eða verja henni til greiðslu skuldarinnar á hvern hátt, er bankastjórn telur hentugt. Skal þá bankinn að síðustu gera eiganda reikningsskil og skila honum því, er hann kann að hafa haft upp úr eigninni umfram veðskuldina og allan kostnað sinn; en að sjálfsögðu greiði skuldunautur það, er á vantar, ef eignin hefir eigi hrokkið fyrir veðskuldinni.

Nú greiðist eigi veðskuld að fullu með söluverði veðsettrar eignar, og getur bankinn þá látið taka fjárnámi aðrar eignir skuldunauts fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, eins og fyrir hendi væri dómur eða sátt, fallin í gjalddaga. En skuldunaut er fijálst að höfða mál gegn bankanum til endurgreiðslu og skaðabóta, ef hann telur kröfur bankans eigi rjettmætar.

24. gr.

Þegar veðsettar eru eignir, er eldur getur grandað og taldar eru með í virðingu til lántöku, skal lántakandi framselja bankanum kröfu sína til brunabótanna, ef þær skyldu brenna. Getur bankinn krafist þess að annast sjálfur greiðslu hinna árlegu vátryggingariðgjalda, gegn því, að árleg ákvæðisgjöld lánþega til bankans hækki að sama skapi, svo að bankinn verði skaðlaus.

Nú verður brunatjón á veðsettri eign, og skal þá bankinn hefja brunabæturnar og greiða lánþega af þeim svo mikið, sem stjórn bankans telur óhætt, svo að lánið sje fulltrygt. Eftirstöðvar brunabótanna getur bankinn, eftir ósk lánþega, geymt og ávaxtað um alt að tveggja ára tíma, og greitt lánþega fjeð er hann hefir endurreist eignina að öllu eða svo miklu leyti, að bankastjórn telji veðið tryggilegt. Ella skal taka fjeð upp í lánið sem auka-afborgun.

25. gr.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, en gjalddagar sjeu einn eða tveir ár hvert, eftir ákvæðum reglugerðar.

Vextir af hverju láni skulu ávalt jafnháir og bankinn greiðir af bankavaxtabrjefum þeim, sem út eru gefin vegna lánsins. Ef brjefin eru happvinningabrjef (sbr. 35. gr.), skal þó í þessu sambandi telja til vaxta af þeim hundraðsgjald það, er bankinn skuldbindur sig til að verja árlega til happvinninga af brjefum þess flokks, er þau tilheyra.

Afborgunargjaldið skal að minsta kosti nema svo miklu hundraðsgjaldi af upprunalegri upphæð lánsins, að því verði lokið innan þess tíma, er reglugerð ákveður lengstan fyrir lán af hverri tegund. Bankastjórn getur þó leyft, að afborgun af lánum til jarðabóta eða til fjelagsmannvirkja (sbr. 1. gr. 3. lið) sje frestað um 1 eða 2 fyrstu ár lánstímans, gegn því að ákvæðisgjöldin verði upp frá því tiltölulega hærri, svo að láninu verði alt að einu lokið á tilskildum tíma.

Upphæð árstillagsins til varasjóðs skal ákveðið í reglugerð bankans; þó skal það eigi minna vera en $^1/_4$% og eigi hærra en $^3/_4$% af eftirstöðvum lánsins eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Má tillagið vera mishátt, eftir því, hverrar tegundar lánið er.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða auka-afborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu,

eða endurborga hana að öllu leyti með bankavaxtabrjefum sama flokks og flokksdeildar og þau brjef voru, er hafa verið gefin út vegna lánsins, eftir ákvæðisverði brjefanna. Útdregin bankavaxtabrjef (sbr. 28. gr.) verða þó eigi notuð til slíkrar endurgreiðslu lána eða auka-afborgana.

Nú vill skuldunautur greiða í peningum auka-afborganir á ákveðnum gjalddögum, eða endurgreiða þannig lán sitt að fullu milli gjalddaga, og skal þá bankinn taka við greiðslunni fyrirvaralaust, ef hann getur það sjer að skaðlausu. Ella má hann krefjast uppsagnar á láninu með svo löngum fyrirvara til næsta innlausnardags bankavaxtabrjefa, að tilsvarandi upphæð brjefa verði þá innleyst, eða krefja skuldunaut um aukagjald, svo hátt, að bankinn geti sjer að skaðlausu geymt fjeð þar til vaxtabrjefin geta orðið innleyst.

26. gr.

Bankinn getur krafist þess, að jafnframt umsókn um lán sje fyrirfram greiddur áætlaður kostnaður við skoðun og virðingu eignar þeirrar, sem boðin er að veði, og annar undirbúningskostnaður, sem ei verður hjá komist, þótt ekki verði úr lántökunni.

Í reglugerð skal ákveða ferðakostnað og þóknun til virðingarmanna, er bankinn kann að útnefna, og þeirra starfsmanna bankans, er framkvæma skoðun veðsettra eigna samkv. 15. gr., eða önnur störf, er lántakendum ber að greiða.

27. gr.

Hver lántakandi er skyldur að hlíta lögum og reglugerðum bankans, með þeim breytingum, sem löglega verða á þeim gerðar, og skal þar að lútandi ákvæði tekið upp í skuldabrjef þau, er lántakendur undirskrifa.

IV. Sjóðir banka og vaxtabrjef.

28. gr.

Hver flokkur og hver vaxtadeild innan flokks, ef fleiri eru en ein, skal hafa sjerstakan árgjaldasjóð og skulu í hann lögð öll árgjöld lántakenda, að frádregnum árstillögum til varasjóðs.

Af sjóðum þessum skal fyrst og fremst greiða vexti af bankavaxtabrjefum í umferð, en því, sem þá er eftir í hverjum sjóði, skal árlega varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks eða flokksdeildar, er í hlut á. Skulu vaxtabrjef þau, er á að innleysa, dregin út eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, en hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa, með minst 6 mánaða fyrirvara, númerin á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Í reglugerð bankans skulu sett nánari ákvæði um auglýsingar þessar.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera öll greidd. Ella skal þessu fje varið til

að innleysa bankavaxtabrjef, er skulu dregin út eftir hlutkesti eins og áður segir, eða keypt inn til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef sín í stærri stíl, eða innkalla heilan flokk eða flokksdeild vaxtabrjefa til innlausnar í einu, með auglýsingu og sama fyrirvara. Þó getur bankastjórn með samþykki stjórnarráðs afsalað sjer rjetti til að innkalla þannig heilan flokk eða flokksdeild brjefa um ákveðinn árafjölda frá útgáfudegi þeirra.

29. gr.

Í varasjóð renna tekjur samkv. 22. gr., árstillög samkv. 25. gr., vextir af varasjóðnum sjálfum og allar aðrar tekjur bankans, sem eigi eru sjerstaklega ákveðnar til annars. Í varasjóð bankans renna og varasjóðir veðdeildarflokka Landsbanka Íslands jafnóðum og bankavaxtabrjef hvers flokks eru að fullu innleyst.

Sjóðurinn skal í heild sinni vera til tryggingar öllum útgefnum bankavaxtabrjefum, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því, sem ástæða þykir til.

Af fje varasjóðs má veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með. Þó má aðallán og aukalán til samans ekki fara fram yfir $^3/_5$ hluta virðingarverðs eignar þeirrar, sem að veði er, og skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum.

Fje varasjóðs skal að öðru leyti ávaxtað í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða á annan tryggilegan hátt, er reglugerð ákveður og stjórnarráð samþykkir.

Nú hefir bankinn orðið að taka að sjer veðsetta eign (sbr. 23. gr), og hafi hún eigi selst innan árs frá því er bankinn tók hana að sjer, og skal þá úr varasjóði greiða veðskuldina, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina, ef uppboð var reynt á henni. Upphæð þeirri, er varasjóður þannig greiðir til lækkunar veðskuldinni eða til lúkningar henni, skal varið til innlausnar bankavaxtabrjefa þess flokks eða flokksdeildar, er lánið tilheyrir. — Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er eða sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með sölunа, og getur þá kaupandi tekið að sjer eftirstöðvar lánsins. Meðan bankinn hefir slíka eign á höndum sjer, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess. Í ársreikningum bankans skal gera sjerstaklega grein fyrir hverri eign, er þannig er ástatt um.

30. gr.

Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður með samkv. 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg. Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráð samþykkir. Má og verja því fje til útlána um

stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans eða öðrum verðbrjefum, er stofnsióðinn má geyma í samkvæmt þessari grein. Handveðslán þessi mega eigi hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

31. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal samkvæmt 28. gr., geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

Ef áritun á brjef sýnir, að það sje eða hafi verið eign ákveðins manns, verður andvirði þess því að eins greitt handhafa, að eigi verði annað sjeð en að hann sje rjettur eigandi samkvæmt óslitnum framsölum, rituðum á brjefið, eða það hafi aftur verið framselt til handhafa; en bankinn ber eigi ábyrgð á því, þótt framsölin sjeu fölsuð eða röng að öðru leyti.

Vaxtabrjef bankans og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetning og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda eða löglegra handhafa verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

32. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

33. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í þeim blöðum útlendum, er bankastjórn ákveður með samþykki stjórnarráðs. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt brjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal auðkenna þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu, þar til þau, við næstu reikningslok, verða brend í viðurvist endurskoðenda og notarii publici, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

35. gr.

Bankinn má gefa út sjerstaka deild bankavaxtabrjefa með happvinningum, þann veg, að eigendum eða handhöfum brjefanna sjálfra eða vaxtamiða þeirra verði, auk höfuðstóls brjefanna eða vaxta, greiddir vinningar eftir hlutkesti, er fram fer undir umsjón notarii publici. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar, og má þar meðal annars ákveða, hversu miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð, má mest verja árlega til happvinninga. Þar má og ákveða, hversu hár hinn hæsti vinningur má vera.

Bankinn hefir einkarjett til þess að gefa út vaxtabrjef með happvinningum, þó að óskertum rjetti ríkissjóðs til að gefa út slík brjef.

36. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bankans, þó eigi hærra verði en kaupliallarverð eða alment gangverð brjefanna er á þeim tíma, er kaupin eru gerð. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum, má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í þess stað geyma í bankavaxtabrjefum Ríkisveðbanka Íslands.

37. gr.

Auk hinnar almennu ábyrgðar ríkisins, samkv. 7. gr. 4. lið, heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir ríkissjóðsins hönd sjerstaklega ábyrgð á greiðslu vaxta og höfuðstóls einstakra deilda af bankavaxtabrjefum bankans, er kunna að verða gefnar út eingöngu til sölu utanlands.

V. Stjórn bankans og reikningsskil.

38. gr.

Í stjórn bankans eru 3 menn, er stjórnarráðið skipar, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórn frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

Nánari fyrirmæli um daglega stjórn bankans og um samband bankastjóranna sín á milli getur ráðherra sett.

39. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fyrst um sinn má þó fresta skipun bókara og fjehirðis, og skal þá Landsbanka Íslands falið að annast út- og innborganir bankans og aðrar dag-

legar afgreiðslur, að svo miklu leyti, sem unt er, gegn þóknun, er stjórnum bankanna kemur saman um eða stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum þeirra.

Aðra starfsmenn bankans ræður bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

40. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

41. gr.

Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa.

Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, gegn 2000 kr. þóknun á ári til hvors þeirra.

Laun bankastjóra og allra starfsmanna greiðist af bankans fje.

Aðalbankastjóri má ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur aðra atvinnu.

42. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við bankann, og kýs hið sameinaða Alþingi annan þeirra til 3 ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir ráðherra til. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign hans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðsins með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til.

Laun endurskoðunarmanna eru 1000 kr. til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þykir þurfa. Ráðherra getur og hve nær sem er látið skoða allan hag bankans.

43. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok full-

kominn ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða ársreikning, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna og enn fremur í nokkrum helstu blöðum landsins.

44. gr.

Bankinn skal koma upp umboðsskrifstofum svo víða úti um land, sem bankastjórn og stjórnarráð telur þörf á og svo fljótt, sem við verður komið. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar viðvíkjandi lántökunni og undirbúningi undir hana, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi á skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar.

Greinargerð.

Á þingi 1916—1917 var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að hlutast til um, að komið yrði upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Á þingi 1917 var svo borin fram fyrirspurn til stjórnarinnar um það, hvað hún hefði gert til framkvæmda í málinu, en stjórninni hafði þá ekki unnist tími til að sinna undirbúningi þess. Leið svo til þings 1919, en þá var enn á ný samþykt þingsályktunartillaga, svo hljóðandi:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«.

Í umræðunum um þessa þingsályktunartillögu kom það fram, að stjórnin hefði starfað nokkuð að undirbúningi málsins, en komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til þess að senda mann utan, til þess að kynna sjer fyrirkomulag slíkra lánsstofnana í öðrum löndum og gera því næst tillögur um samskonar lánsstofnanir hjer á landi. Var þingsályktunartillagan samþykt með það fyrir augum, að stjórnin hefði þessa aðferð við undirbúning málsins, þar sem eigi þótti tiltækilegt að ráða málinu til lykta án þess, en við umræðurnar komu fram mjög ákveðnar raddir í þá átt, að framkvæmdum í þessu máli mætti eigi skjóta á frest, fram yfir það, sem væri alveg óhjákvæmilegt vegna nauðsynlegs undirbúnings.

Samkvæmt þessum ráðstöfunum þingsins rjeði stjórnin cand. jur. Böðvar Bjarkan til þess að fara utan í þessum erindum og hafa á hendi allan undirbúning málsins. Hafði hann áður kynt sjer nokkuð fyrirkomulag fasteignalánsstofnana í öðrum löndum og ritað um þau efni í íslensk blöð. Skyldi hann nú fara utan, til Danmerkur, Svíaríkis og þeirra landa annara, er hann áliti best henta, til þess að kynna sjer fyrirkomulag fasteignalánsstofnana, gefa skýrslu um árangur af ferðinni og hafa tillögur sínar um slíka stofnun eða stofnanir hjer á landi svo snemma tilbúnar, að málið gæti komið fyrir reglulegt Alþingi 1921.

Í erindisbrjefi Böðvars Bjarkan er honum falið að kynna sjer fyrirkomu-

lag »fasteignalánsstofnana« í öðrum löndum. Er því verkefni hans ákveðið nokkuð á annan veg en þingsályktunartillagan frá 1919 hafði gert ráð fyrir, því að þar hafði verið talað um »lánsstofnun fyrir landbúnaðinn«. Hefir stjórnin litið svo á, að það, sem landbúnaðinum riði fyrst og fremst á, væri veðlánsstofnun, er gæti gefið bændum kost á hentugum fasteignalánum til landkaupa, ræktunarfyrirtækja og annara umbóta á jarðeignum til búnaðarbóta. Að vísu þarf landbúnaðurinn, eins og aðrar atvinnugreinar, einnig að halda á annarskonar fjárveitingum, rekstrarlánum til stutts tíma. En bæði munu slík lán til landbúnaðarrekstrar vera tiltölulega auðfengnari en hin, í sparisjóðum og bönkum, enda vafalaust rjett á litið, að slík lán til stutts tíma og regluleg veðlán til langs tíma geti eigi samrýmst í einni lánsstofnun. Hins vegar ber erindisbrjefið það með sjer, að stjórnin hefir ekki að órannsökuðu máli viljað ákveða, að að eins skyldi hugsað um fasteignalán til landbúnaðar, er rætt væri um stofnun fasteignalánsstofnunar hjer á landi. Það er augljóst, að landið getur ekki komist af með veðlánsstofnun eingöngu fyrir landbúnað, og var því eðlilegt, að það atriði yrði jafnframt tekið til rannsóknar, hvort hentugra mundi að hafa lánsstofnunina eina fyrir allar tegundir fasteigna, eða gera ráð fyrir fleiri lánsstofnunum, er hver starfaði að eins að ákveðnum verkefnum. Enda hefir nú niðurstaðan orðið sú, að best muni að hafa stofnunina eina, því að fleiri fasteignalánsstofnanir í svona litlu landi mundu veikja hver aðra og spilla fyrir starfrækslunni með óhollri samkepni um sölu vaxtabrjefa.

Samkvæmt umgetnu erindisbrjefi fór Böðvar Bjarkan utan í lok janúarmánaðar 1920 og dvaldi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um c. 6 mánaða tíma. Hefir hann og átt brjefaskifti við menn og stofnanir víða í öðrum löndum, Þýskalandi, Frakklandi, Sviss og víðar, og safnað miklum gögnum og upplýsingum um fyrirkomulag fasteignalánsstofnana í flestum löndum Norðurálfu. Hefir hann svo starfað að undirbúningi málsins fram að þessum tíma, samið skýrslu um fyrirkomulag veðlánsstofnana annara landa, álit um fasteignalánsstofnun hjer á landi, frumvarp um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, er hjer liggur fyrir, ásamt ítarlegri greinargerð fyrir hverri grein frumvarpsins og svo að segja hverju smáatriði, er frv. víkur að. Því miður hefir ekki unnist tími til að láta prenta rit þessi, en þar sem þau liggja frammi í lestrarsal þingsins, þeim þingmönnum til athugunar, er vildu kynna sjer greinargerð fyrir einhverjum atriðum frv., er væntanlega ekki nauðsynlegt að gera hjer nánar grein fyrir einstökum atriðum þess.

Nefndin lítur svo á, að málið hljóti nú að hafa fengið svo góðan undirbúning, að engin ástæða geti verið til þess fyrir þingið að skjóta því á frest að taka afstöðu til frv. þess, er hjer liggur fyrir. Og eftir því, hve undanfarandi þing hafa gert harðar kröfur til þess, að málinu yrði hraðað, verður að ætla, að þingið vilji nú láta það koma til framkvæmda, svo framarlega sem ekkert sjerstakt þykir athugavert við þann grundvöll, sem frv. gerir ráð fyrir, að stofnunin verði reist á. Frv. er bygt á ítarlegri rannsókn útlendra lánsstofnana, og þó að nefndinni hafi að vísu ekki enn unnist tími til þess að athuga það nákvæmlega í einstökum atriðum, þá fær hún ekki betur sjeð en að mjög vel hafi tekist í höfuðatriðum að laga fyrirkomulagið eftir íslenskum þörfum og staðháttum. Að öðru leyti sjer nefndin ekki ástæðu til að fara að þessu sinni út í einstök atriði frv., en mun gera það við framsögu málsins.

(B. XXXIX. 3).

Nd. **171. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 162 [*Vegalagabreyting*].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

1. Við tillöguna bætist:
   Allur viðhaldskostnaður flutningabrautarinnar frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist úr ríkissjóði.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Ákvæði c-liðs 8. gr. laga nr. 57, 22. nóv. 1907, eru úr gildi numin, að svo miklu leyti, sem þau koma í bága við lög þessi.
3. 2. grein verði 3. gr.

(B. XLIII. 1).

Nd. **172. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir »iðgjald, er nemur 70 aurum fyrir hverja viku« komi:
   iðgjald, er nemur 1 krónu fyrir hverja viku.

b. Fyrir »þó skulu útgerðarmenn . . . . . greiðist úr ríkissjóði« komi:
   þó skulu útgerðarmenn róðrarbáta aðeins greiða *20 aura* vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem minni eru en 5 lestir, aðeins *30 aura*, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:
Fyrir »*35 aura*« (á tveim stöðum) komi:
50 aura.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir: »2000 krónur« komi:
   3000 krónur.

b. Fyrir: »1500 krónur« komi:
2000 krónur.
c. Fyrir: »100 krónur« komi:
200 krónur.
d. Fyrir: »200 krónur« komi:
400 krónur.
e. Fyrir: »100 krónur« komi:
200 krónur.

4. gr.

12. gr. breytist þannig:
Fyrir: »Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum« komi:
Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 króna sektum.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um slysatrygging sjómanna.

Greinargerð.

Sjávarútvegsnefnd hefir borist frv. þetta frá atvinnumálaráðuneytinu, og er það þangað sent af stjórn slysatryggingar sjómanna.

Breytingar þær, sem hjer er um að ræða á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna, eru aðallega fólgnar í hækkun skaðabótanna fyrir slys og þar af leiðandi hækkun iðgjaldanna. Skaðabætur þær, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, voru þegar í byrjun of lágar; jafnvel þótt ekki sje tekið tillit til hinnar miklu verðlagsbreytingar, er síðan hefir orðið, eru hækkanir þær, sem felast í frumvarpinu, síst of miklar. Auk þess er sektarákvæðið hækkað, en á þinginu 1917 láðist að hækka það í samræmi við þá hækkun, sem varð á tryggingarupphæðunum.

(B. II, 2).

Nd. **173. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skoðun á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er samið af síldarútgerðarmönnum á Siglufirði, og lagt fyrir neðri deild Alþingis af 1. þingm. Eyfirðinga og vísað til sjávarútvegsnefndar. Nefndin hefir rætt frumvarpið á mörgum fundum og athugað það með samanburði við gildandi lög um skoðun á síld, og virðist nefndinni, að þau lög sjeu

líkari til að veita meiri tryggingu fyrir, að tilganginum með vörumati verði náð, sem sje: Að tryggja kaupanda, að hann fái góða og óskemda vöru og að varan geti þolað samkeppni á heimsmarkaðinum, og jafnframt að framleiðslan verði ábyggilegri atvinnuvegur.

Nefndin byggir einkanlega álit sitt á því, 1. að í frumvarpinu er frummatið felt burtu, nema því aðeins ef ágreiningur rísi milli seljanda og kaupenda um það, hvort nýveidd söltuð síld sje óskemd og söltunarhæf. 2. Að þar eð frummatið er felt burtu, sje ónógt að skoða og stimpla með matsmanns stimpli aðeins 5—20% af þeim tunnufjölda, er meta skal. 3. Að ofætlun sje, að 6 menn hafi á hendi síldarskoðun í veiðistöðvum landsins, svo að í verulegu lagi geti verið.

Nefndin lítur svo á, að lögin frá 1919 um skoðun á síld, með fylgjandi reglugerðum fyrir yfir- og undirmatsmenn, sjeu svo ung og óreynd, en jafnframt svo vel úr garði gerð, að ófært sje að fella þau úr gildi að svo stöddu, og að frumvarp þetta, þó að lögum yrði, gæti aldrei gert sama gagn. Hún er því einhuga um að leggjast á móti frumvarpinu.

Þess skal hjer getið, að nefndinni hafði borist erindi frá síldaryfirmatsmanni Jakobi Björnssyni á Siglufirði, þar sem hann ræður til að flytja enga saltaða síld af landi burt til sölu, nema hún áður hafi verið endurmetin. Þó að ýmsir áliti, að með þessum hætti fengist best trygging fyrir, að síldin reyndist vel á markaðinum, þá eru landsmenn þar með sviftir þeim möguleika að geta selt síld 3 vikurnar fyrstu af síldveiðitímanum, en útlendingar, sem veiða síld hjer við land og verka hana utan landhelgi, geta á því tímabili notið markaðsins einvörðungu, og álítur nefndin, að það sje svo mikill hnekkir fyrir síldarsölu vora, að eigi sje gerlegt að hallast að því ráði.

Alþingi, 19. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Pjetur Ottesen, skrifari.	Einar Þorgilsson, framsögumaður.

Jón Baldvinsson. Þorl. Guðmundsson.

(B. XV, 3).

Nd. **174. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. nóv. 1914.

Frá allsherjarnefnd.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið frumvarp þetta og samþykt það. Þingmenn þess kjördæmis flytja það hjer í háttv. þingdeild, sem hefir vísað því til allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið á fundum sínum og viðurkennir, að forsendur við fyrri lið þess hafi undir vissum kringumstæðum við rök að styðjast, þegar svo stendur á, að styrkþegi hefir mist kosningarrjett og kjörgengi fyrir ofþyngd ómegðar eða vegna óviðráðanlegra óhappa, t. d. sjúkdóms eða heilsubilunar, og að því leyti felist í núgildandi kosningalögum allmikið misrjetti. Fyrir það misrjetti virðist nefndinni ekki girt með frumvarpinu, þó það yrði gert að lögum, því áminstar ástæður eru ekki ætíð orsök styrkþágu, heldur má tíðum öðru um kenna, svo sem dáðleysi og kæruleysi styrkþegans, og þeim ástæðum vill nefndin á engan hátt mæla með til kosningarrjettar og kjörgengis. Ef mögulegt væri að aðgreina þessa tvenskonar styrkþega, myndi nefndin þar á móti fúslega mæla með því, að hinar fyr tilgreindu ástæður væru feldar burt, og að þeir, sem væru styrkþegar vegna heilsubrests, ómegðarþyngsla eða sjúkdómstilfella, væru eigi látnir missa rjett sinn í þeim efnum.

Í sambandi við þessa hugsjón vill nefndin benda á, að í frv. því um varnir gegn berklaveiki og breytingar á 77. gr. sveitarstjórnarlaganna, sem nú er í meðförum háttv. neðri deildar Alþingis, er svo til ætlast, ef að lögum verður, að styrkþága þeirra sjúklinga, sem þar eru greindir, verði ekki látin valda rjettindamissi, og álítur nefndin, að það sje spor í rjetta átt, það sem það nær, til aðgreiningarmyndunar styrkþega.

Síðari lið frv., sem byrjar með orðunum »þó getur enginn neytt kosningarrjettar . . . . «, sem á að tryggja eða að minsta kosti að greiða fyrir skilvísri greiðslu skattgjalda til bæjarins, getur nefndin alls ekki fallist á. Slíkt lagaákvæði myndi miða til að auka misrjetti, og þannig reynast andstætt anda fyrri liðsins. Mesta ástæða er til að ætla, að það mundi hvetja menn til að koma sjer hjá skattgreiðslu, með því að leita styrks, þó þeir annars ekki nauðsynlega þyrftu hans við, og sumpart geta orðið vopn í hendi pólitískra flokka.

Loks álítur nefndin tæplega rjett að semja sjerstök lög um kosningarrjett og kjörgengi fyrir Reykjavíkurkaupstað út af fyrir sig, heldur beri að athuga mál þetta í sambandi við kosningar til bæjar- og sveitarstjórna yfirleitt, svo að samræmi væri í þeim lögum um land alt.

Að þessu athuguðu er nefndin óskift um að leggjast á móti því, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 21. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Einar Þorgilsson, framsögum.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen.

(B. XLIII, 2).

Nd. **175. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging sjómanna.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. 1. gr. orðist þannig:

3. gr. laganna orðist þannig:

Fyrir hvern, sem tryggður er samkvæmt lögum þessum, er útgerðarmanni skylt að greiða í slysatryggingarsjóð þann, er síðar getur um, iðgjald, er nemur 1 kr. fyrir hverja viku, sem skipverji er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast iðgjaldið frá lögskráningardegi, eða þeim degi, er hann er ráðinn í skiprúm. Þó skulu útgerðarmenn róðrarbáta eða vjelbáta, sem eru minni en 5 lestir, að eins greiða 40 aura vikugjald fyrir hvern skipverja, en það, sem á vantar fult iðgjald (60 aura á viku fyrir hvern), greiðist úr landssjóði. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin þegar lögskráning fer fram, og má taka þau lögtaki. Formaður vjelbáts eða róðrarbáts greiðir iðgjöldin fyrir útgerðarmann til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar iðgjöldunum í slysatryggingarsjóð, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Honum bera 3% í innheimtulaun af skipum, sem lögskráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir, og gengur helmingur gjaldsins til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

2. Við 3. gr.

Fyrir »3000 krónur« (undir staflið a.) komi:
4000 krónur.

(A. XXXIV, 3).

Ed. **176. Nefndarálit**

um frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 21. mars 1921.

Sig. Eggerz, formaður. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Guðjón Guðlaugsson.

Björn Kristjánsson. Sigurjón Friðjónsson, ritari.

(A. XXXII. 7).

Nd. **177. Frumvarp**

til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1924. Frá því ári sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XVIII, 1).

Nd. **178. Frumvarp**

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt leigurjettindum og kvöðum, er á spildunni hvíla, og öllum mannvirkjum og byggingum, er á henni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 4000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Arna E. Arnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

(A. XVIII, 4).

Nd. **179. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er hingað komið frá hv. efri deild og hefir tekið þar lítilsháttar breytingum, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Pjetur Ottesen, skrifari og framsm. Einar Þorgilsson.

Jón Baldvinsson. Þorl. Guðmundsson.

(A. XXX, 7).

Nd. **180. Nefndarálit**

um breytingartillögur á þskj. 181 við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Fyrir áramót í vetur vantaði ýmsar nauðsynjar í verslanir á Snæfellsnesi, sem kom af samgönguleysi við Reykjavík. Ekki gekk að fá skip til vöruflutninga, annað en bátinn Svan. Tók stjórn bátsins að sjer flutningana í því trausti, að Alþingi veitti sanngjarnan styrk til þeirra. Leitaði stjórn bátsins til stjórnarráðsins um álit þess, og ljet atvinnumálaráðherrann það í ljós, að hann myndi verða meðmæltur styrkveitingu fyrir ferðir þessar. Leggur því nefndin til, að báturinn fái 3000,00 kr. aukastyrk, í viðbót við það, sem hann hefir í fjárlögunum.

Fjárlagaþingið 1919 veitti 1800 kr. styrk til flutninga að og frá Rangársöndum árin 1920—1921, hvort árið. Árið 1920 veitti landsstjórnin til flutninga þessara 9548,81 kr. viðbótarstyrk af fje því, sem samkv. þingsályktunartillögu, er samþykt var á þinginu 1920, var veitt til bátaferða á flóum og fjörðum. Þingmenn Rangvellinga fóru þess á leit við samgöngumálanefndina, að hún mælti með því að 10000,00 kr. viðbótarstyrkur yrði veittur úr ríkissjóði til Rangársands-

flutninga árið 1921. Flutningur til Rangársands hefir orðið tiltölulega ódýr síðastliðið ár. Þykir nefndinni því ekki rjett að mæla með eins háum styrk og þm. Rang. fara fram á. En þar sem Rangárvallasýsla á erfitt með aðflutninga, þá leggur nefndin til að styrkur þessi verði 8000,00 kr., en þó ekki meiri en 1/3 flutningskostnaðar. Síðastl. ár nam ríkissjóðsstyrkur til flutninga að og frá Rangársöndum helmingi flutningskostnaðar.

Undanfarandi ár hafa flóabátar austanlands og norðan haft talsvert mikinn styrk úr ríkissjóði. Síðastl. ár fjekk bátur, sem gekk frá Hornafirði að Skálum á Langanesi, 25000,00 kr. styrk, og annar, sem gekk frá Þórshöfn til Sauðárkróks, 20000,00 kr. styrk. Bátar þessir hafa verið litlir og illa útbúnir. Þeir hafa þó komið að nokkrum notum, með því að flytja vörur frá aðalhöfnunum til smærri hafna. Síðan stríðið hófst hafa millilandaskipin sjaldan komið, nema á nokkrar stærstu hafnir á landinu, og hefir af því leitt, að óhæfilega mikill flutningskostnaður hefir lagst á vörur þær, sem farið hafa á þær hafnir, sem millilandaskipin hafa ekki komið á. Yfir þessu hefir verið almenn óánægja víða um landið. En sjerstaklega hafa menn þó kvartað yfir því, að skipin sigldu ekki eftir áætlun. Samvinnunefnd samgöngumálanna hefir því farið þess á leit við Eimskipafjelag Íslands, að það ljeti, þegar á þessu ári, eitt eða tvö skip sín sigla eftir áætlun. Varð það að samkomulagi, að skipið Goðafoss sigldi áætlunarferðir frá 3. júlí þ. á. til ársloka, ef fjelagið fengi 60000,00 kr. fjárveitingu úr ríkissjóði. Er þá ákveðið, að Goðafoss sigli frá Kaupmannahöfn um Leith til Austfjarða og komi við á mörgum höfnum á Austurlandi og Norðurlandi til Ísafjarðar. Sigli þaðan beina leið til Reykjavíkur og svo sömu leið aftur. Ef fjárveiting þessi nær fram að ganga, ætlar nefndin ekki að mæla með styrkveitingu á þessu ári til Austfjarðabáts nje Norðurlandsbáts. Álítur nefndin, að meiri not verði af þessum fyrirhuguðu Goðafossferðum en bátaferðunum, þótt þeirra væri auðvitað nauðsyn líka, ef nægilegt fje væri fyrir hendi.

Alþingi, 22. mars 1921.

H. Steinsson,
form. Ed.-n. og samvinnun. og frsm. í Ed.

Jón A. Jónsson,
form. Nd.-nefndar.

Þorsteinn Jónsson,
framsögum. í Nd.

Jón Þorláksson,
fundaskrifari samvinnun.

Hjörtur Snorrason. Jón Sigurðsson. Guðm. Guðfinnsson. Pjetur Þórðarson.

Sigurður H. Kvaran. Gunnar Sigurðsson. Guðjón Guðlaugsson.

(A. XXX, 8).

Nd. **181. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 3. gr.

Á eftir 6. lið komi þessir nýir liðir:

a. Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921 . .	kr.	3000,00
b. Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
c. Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921	—	60000,00

(A. II. 2).

Nd. **182. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um erfðafjárskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þingið, og meiri hluti hennar ræður háttv. deild til að samþykkja það. — Breyting sú, sem með því yrði gerð á gildandi lögum, virðist að vísu fremur smávægileg og ekki líkleg til þess að auka tekjur ríkissjóðsins, svo um muni. Þau ákvæði frumvarpsins, sem miða að því að tryggja nákvæmara framtal til skattsins, kynnu þó að geta orðið að einhverju liði. Hins vegar getur hækkun sú á erfðafjárskattinum, sem frv. fer fram á, ekki orðið tilfinnanleg þeim, sem skattinn eiga að greiða.

Nefndin fellst á það, að sanngirni mæli með því, að kjörbörn greiði ekki hærri skatt en niðjar arfleifanda, en telur ekki ástæðu til að gera í þessu efni neinn mun á kjörbörnum og öðrum fósturbörnum, sem arfleidd eru. Ber nefndin því fram breytingartillögu við frv., þess efnis, að öll fósturbörn verði látin njóta sama rjettar að þessu leyti.

BREYTINGARTILLAGA.

Upphaf A-liðs í 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Af erfðafje, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

Alþingi, 24. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, framsögum.

Þórarinn Jónsson. Sveinn Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson, með fyrirvara.

(A. XLVI, 2).

Nd. **183. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta mjög vandlega.

Jafnvel þó tollur af allri innfluttri vöru sje í mörgum og mikilvægum atriðum afarósanngjarn og órjettlátur, þá verður á það að líta, að ríkissjóður þarfnast mikilla tekna, til greiðslu lögboðinna gjalda, og verður því að hlíta fleiri aðferðum við tolla- og skatta-álagningar en þeim, sem sanngjarnastar eru og eðlilegastar.

Það er einhuga álit nefndarinnar, að ekki muni í náinni framtíð hægt að komast af án slíks innflutningsgjalds.

Skoðanir nefndarmanna eru skiftar um það, hvort vörutollur eða verðtollur sje heppilegri, þegar á alt er litið.

Enginn mun neita því, að verðtollur sje rjettlátari, sem skattgjaldsundirstaða, heldur en vörumagnstollur, jafnvel hversu nákvæmlega sem vörurnar eru flokkaðar í vörutollslögum, og á þann hátt reynt að bæta úr misrjetti, með misháu gjaldi á hinum einstöku vörutegundum.

Hins vegar ber að geta þess, að innheimtumenn telja meiri torveldleik á innheimtu verðtolls en vörutolls, sem og það, að eftirlitið sje auðveldara með vörutollsfyrirkomulaginu. Enn fremur það, að alþýða manna er orðin talsvert vön vörutollinum.

Við endurskoðanir vörutollslaganna hefir ávalt komið í ljós, að afarerfitt er að flokka vörurnar svo, að tollurinn verði nokkurnveginn sanngjarn, án þess flokkunin verði óhæfilega margbrotin.

Nefndin hefir gert ýmsar flokkunarbreytingar, sem hún telur til bóta.

Þrátt fyrir stefnumun í tollaðferðinni hefir nefndin þó orðið sammála um að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr., tölulið 1.
   a. Á eftir »tjöru« bætist við:
      blackfernis, asfalti.
   b. Á eftir »leir« bætist við:
      eldföstum leir.
2. — 1. gr., tölulið 2.
   a. »heyi« falli burt.
   b. Á eftir »tómum tunnum« bætist við:
      og tunnuhlutum.
   c. Í stað »gaddavír« komi:
      girðingavír.
   d. Á eftir »smíðajárni« bætist við:
      járngirði.
   e. Á eftir »stáli« bætist við:
      blýi, tini.
   f. Á eftir »spöðum« bætist við:
      og öðrum jarðyrkjuáhöldum.
   g. Í stað »bátavjelum (mótorum)« komi:
      bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum.
   h. Á eftir »köðlum« bætist við:
      vírköðlum, vírtrossum.
   i. Á eftir »færum« bætist við:
      vjelaáburði.
   j. Á eftir »bensíni« bætist við:
      segldúk, striga, tvistúrgangi.
   k. »ofnum« falli burt, en á eftir »eldavjelum« bætist við:
      hitunartækjum.
   l. Á eftir »gólfbræðingi (Linotol)« bætist við:
      Kokosfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugerðar.
3. Við 1. gr., tölulið 3.
   Á eftir orðunum »öðru en« falli orðið »allskonar« burt.
4. Við 1. gr., tölulið 5.
   Liðurinn orðist svo:
   Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Krydsfine), og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
5. Við 1. gr., tölulið 6.
   a. Á eftir orðunum »úr hvaða efni sem þeir eru«, bætist við:
      plettvarningi.

b. Í stað »3 kr.« komi:
10 kr.

6. Við 1. gr., næstsíðustu málsgrein.
a. Á eftir »tígulsteinar« komi:
eldfastir steinar, baðlyf.
b. Á eftir orðunum »um að hún sje íslensk vara« komi:
svo og munir, er opinberar stofnanir og stjórnarvöld senda til annara landa til aðgerðar.

7. Við 2. gr.
Fyrsta málsgrein orðist svo:
Greiða skal og í ríkissjóð gjald af póstbögglum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

8. Við 4. gr.
Orðið »upp«, í öðrum málslið, falli burt.

9. Við 5. gr.
Á eftir »lögreglustjóra« bætist við:
eða umboðsmanni hans.

10. Við 8. gr.
a. Orðið »tunnustöfum« í 1. málsgr. falli burt.
b. Fyrir »landssjóði« í 2. málsgr. komi:
ríkissjóði.

11. Við 10. gr.
Í stað »samkv. 5. gr.« komi:
samkv. 6. gr.

12. Við 11. gr.
Fyrir »landssjóð« í síðari málsgrein komi:
ríkissjóð.

13. Við 14. gr.
a. Í stað »eftir 5. og 6. gr.« komi:
eftir 5., 6. og 7. gr.
b. »7.« í síðari málslið falli burt.

Alþingi, 23. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari, frsm. Þórarinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson. Jakob Möller. Hákon J. Kristófersson.

(A. VI. 2).

Nd. **184. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi (þskj. 6).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir rætt einkasölufrv. þetta á nokkrum fundum og leitað leiða til samkomulags um aðalefnið, einkasölustefnuna, sem skoðanir skiftast um.

Yfirleitt er einkasöluhugmyndin almenningi ógeðfeld og oftlega hugsuð eins og eftirmynd hinnar fornu, útlendu einokunar, enda nefnd hennar nafni, svo fráleit sem sú nafngift er. Þetta hefir frá annari hlið valdið þeim óhug á landsverslun, sem tíðum hefir orðið vart, og virðist sem eigi hafi glöggur munur gerður verið á ríkiseinkasölunni til bjargar í neyð og einokunarinnar fornu, sem öllum bjargráðum bannaði.

Undantekningu um þetta má þó líklega telja einkasölu áfengis. Henni fylgja andbanningar, með afnám bannlaganna fyrir augum, og bannmenn margir hallast einnig að henni um það áfengi og vínanda, sem bannlög leyfa sölu og notkun á, með það fyrir augum, að eftirlit um afhendingu þessarar vöru verði tryggilegra og misbrúkun hennar minni; en eðlilega telja bannmenn óviðurkvæmilegt, að áfengissala verði gerð að gróðalind fyrir ríkissjóð.

Nefndin hefir nú — að einum undanskildum — orðið sammála um það, að tóbakseinkasalan eigi að komast á og að þörf ríkissjóðs á tekjuauka eigi hjer að sitja í fyrirrúmi, hvað sem líður hugsæilegri stefnu einstakra manna um frjáls og óbundin viðskifti. Tekjur af slíkri munaðarvöru virðast auðfengnari, vissari og jafnvel sanngjarnlegri en margar aðrar tekjugreinar ríkissjóðs, og fordæmi ýmsra annara Evrópuþjóða um tóbakseinkasölu er hjer mjög hvetjandi, því að yfirleitt virðist hún hafa vel gefist.

Hins vegar lítur nefndin svo á, að eigi sæmi í bannlandi að gera sölu áfengis að tekjulind fyrir ríkissjóð, og þó síst áfengi það, sem til lyfja er notað. Þess vegna vill hún fella niður álagningu á það áfengi, sem til læknisdóma og lyfja er haft, og ætlast til þess, að læknar og lyfsalar fái eigi meira af því en metið verður þeim nauðsynlegt á hverjum stað og tíma. En álagningu á vínanda til iðnaðar og brenslu vill hún færa niður að nokkrum mun, og telur sölu slíks áfengisvökva best komna í höndum ríkisstjórnarinnar einnar, og með þeim hætti auðveldast að fyrirgirða misbrúkun. Útsölu á slíkri vöru virðist nægja að hafa á einum stað á landinu, enda stjórninni sjálfrátt að setja tryggileg ákvæði um afhendingu og gegn misbrúkun og yfirhylmingu, ef nauðsyn virtist til að hafa afhendingu víðar en á einum stað.

Þá tekjurýrnun af einkasölunni, sem leiða mundi af niðurfærslu og burtfellingu álags á áfengi og vínanda, vill nefndin bæta með aukinni álagningu á tóbak. Slík álagning kemur jafnar og víðar niður en álagning á áfengi og er ábyggilegri tekjulind. Nefndin lítur svo á, að hjer varði mestu að varna misbrúkun á sölu vínanda til iðnaðar, en að ekki sje ástæða til að íþyngja freklega

þeim fáu, sem hann þurfa að nota, þegar ekki getur verið um misbrúkun að ræða, enda þá bersýnilega um litla tekjuvon að tala, ef afhending fer ekki fram úr iðnaðarþörfinni.

Ákvæði 11. gr. frv., um *heimild* stjórnarinnar til að ákveða hámarksverð tóbaks í smásölu, telur nefndin of teygjanlegt og leggur til, að svo *skuli* gert.

Ekki sjer nefndin heldur ástæðu til að auka umstang verslunarinnar með þeirri nákvæmu sundurliðun reikningsskila við skiftavini, sem um getur í niðurlagi 8. greinar, og fellir hana því undan.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. a) Fyrir »landsstjórnin« í 1. línu komi: ríkisstjórnin.
   b) Á eftir orðunum í 1. málsgr. »allskonar áfengi« komi: og vínanda.
2. — 2. — a) Fyrir »landsstjórnin« í fyrstu línu komi: ríkisstjórnin.
   b) Tveir síðustu málsliðir greinarinnar orðist svo:
   Um tóbakssöluna og áfengis setur ríkisstjórnin nánari reglur, að fengnum tillögum landlæknis.
3. — 3. — Fyrir »landsstjórninni« komi: ríkisstjórninni.
4. — 4. og 5. gr. Greinarnar falli niður. Í stað þeirra komi ný grein, sem verður 4. gr., svo látandi:
   Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.
   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
5. — 6. gr. Fyrir »landsstjórnin« komi: ríkisstjórnin.
6. — 7. — Fyrir »15 til 50« í fyrri málsgrein komi: 25 til 75.
   Síðari málsgrein orðist svo:
   Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi selst án hagnaðar.
7. — 8. — Síðari málsliður: »Tollurinn endurgreiðist« o. s. frv. falli niður.
8. — 9. — Fyrir »Landsstjórnin« komi: Ríkisstjórnin.
9. — 10. — Greinin orðist þannig:
   Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af nefndum vörum. Kostnað af sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda

beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð í smásölu á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

11. — 12. — Fyrir »alt að 100000« komi:
50 til 20000.

Alþingi, 23. mars 1911.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Sveinn Ólafsson, framsögum.

Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(A. XL, 2).

Nd. 185. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samið af aðalpóstmeistara, og hefir nefndin átt tal við hann um hækkun þá á burðargjöldunum, sem frv. fer fram á, og ráðfært sig við hann um breytingar þær, sem hún leggur til, að gerðar verði á því.

Nefndinni þótti það einkum varhugavert að hækka burðargjald fyrir almenn brjef svo mjög sem hjer er um að ræða, því að vel gæti það haft þau áhrif, að brjefunum fækkaði, jafnvel svo, að burðargjaldshækkunin borgaði sig ekki. Við því mundi miklu hættara um brjef en um aðrar póstsendingar, sem burðargjöld eru hækkuð á, en vafalaust er flutningur brjefanna með pósti margborgaður, jafnvel þó að burðargjald þeirra væri ekkert hækkað frá því, sem nú er. Þar við bætist það, að gjöld þau, sem ákveðin eru í frv. fyrir almenn brjef innanlands, eru töluvert hærri en burðargjöld eru ákveðin milli Danmerkur og Íslands, og er það óviðfeldið að taka hærra gjald fyrir flutning brjefa innanlands en til útlanda. Nefndin ber því fram breytingartillögu, er fer í þá átt að lækka burðargjöld fyrir almenn brjef, frá því sem ákveðið er í frv., en þó þannig, að þau hækka nokkuð frá því sem nú er. Verður þá burðargjaldið innanlands eins og milli Danmerkur og Íslands, og hefir aðalpóstmeistari fallist á þessa tillögu nefndarinnar. Mundi og heppilegra að hækka burðargjöld þessi smátt og smátt, ef þess þætti þurfa, heldur en mjög mikið í einu.

Þá hefir nefndin orðið sammála um að ráða frá því að hækka burðargjald fyrir blöð og tímarit. Ber þar tvent til. Fyrst það, að með hækkun þeirri, sem farið er fram á í frv., yrði lagður svo þungur skattur á þau blöð og tíma-

rit, sem mikið er sent af út um sveitir landsins, að það yrði verulega tilfinnanlegur kostnaðarauki. En á hinn bóginn næmi tekjuauki póstsjóðs af þessari hækkun ekki svo miklu, að hann munaði verulega um það. Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu málsins.

Aðrar verulegar breytingar leggur nefndin ekki til, að gerðar verði á frv., en viðurkennir fullkomlega þörfina á því að auka tekjur póstsjóðsins, svo mjög sem útgjöldin hafa vaxið.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   Greinin orðist svo:
   Póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, skal breytt þannig:
   Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:
   d. Opium, morfín, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.
   Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:
   Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.
2. Við 2. gr.
   a. Við a-lið 1 (Almenn brjef).
      I. Fyrir »25 aurar« komi:
         20 aurar.
      II. Fyrir »50 aurar« komi:
         40 aurar.
      III. Fyrir »100 aurar« komi:
         60 aurar.
      IV. Fyrir »landa utanríkis« í annari málsgr. komi:
         útlanda.
   b. Við a-lið 3.
      Fyrir »25 aurar« komi:
         30 aurar.
   c. Við f-lið (Fyrir blöð og tímarit).
      Liðurinn falli burt.
   d. Gleiðletraða línan framan við d-lið (Í s t a ð ..... k o m i) verði:
      Í s t a ð 4. g r. d. o g e. k o m i:
3. Við 3. gr.
   Í stað »1. apríl« komi:
   15. maí.

Alþingi, 24. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, framsögumaður.

Sveinn Ólafsson. Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(A. VI, 3).

Nd. **186. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið háttvirtum samnefndarmönnum mínum sammála um frumvarp þetta, sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þingið, með það fyrir augum að afla ríkissjóði tekna af heildsöluágóða af nefndum vörum.

Það er nú gefið í skyn í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að með einkasölu ríkisins á áfengi geti fleira unnist, sem sje, að »eftirlitið verði hægra« og þannig frekar líkur til þess, að komið verði í veg fyrir ólöglega notkun áfengis, sem þó væri löglega innflutt, »ef hið opinbera sjer um söluna«. Að þessu virðist líka meiri hluti nefndarinnar hallast. En jeg hefi enga trú á því. Með »umsjón áfengiskaupa«, sem það opinbera nú hefir á hendi, hefir það engu lakari aðstöðu til að rækja slíkt eftirlit en þó að það hefði einnig á hendi innkaupin sjálf og heildsöluna til þeirra, »sem bannlög heimila« að selja áfengi. Breytingin yrði í raun og veru engin í því efni. Eftirlitið yrði alt, eftir sem áður, undir því komið, hver viljinn væri til að rækja það. En ólíklegt verður að telja, að vilji þess opinbera til að hefta innflutninginn mundi *styrkjast* til muna við það, að innflutningurinn yrði gerður ríkissjóðnum enn arðvænlegri en áður. Að þessu leyti stefnir frv. vafalaust í öfuga átt.

Jeg geri nú ráð fyrir því, að þetta yrði ekki af öllum talin næg ástæða til þess að leggjast á móti frv., ef hitt væri óvefengt, að einkasala áfengis mundi reynast ríkissjóðnum svo geipiarðvænleg, sem fyrirheit er gefið um í athugasemdum stjórnarinnar við frv., og það án þess að íþyngja neytendum eða notendum hið minsta. Það er því vert að athuga, á hverju þau fyrirheit eru bygð.

Í athugasemdunum við frv. er gert ráð fyrir því, að tekjur af áfengisversluninni geti orðið 437 þús. kr. á ári. En það er bygt á því, að meðalinnflutningur á spíritus og kognaki árin 1917—19 hafi verið 66700 lítrar, að spíritusinn kosti, kominn hjer í hús, að meðtöldum tolli, 6 kr. lítrinn, en sje seldur til almennings á 15—16 kr., þannig að ríkisverslun geti lagt á 100%, þ. e. 6 kr. á lítr., án þess að útsöluverðið til almennings þurfi að hækka, og lyfsalar og læknar þó haft sæmilegan hagnað af smásölunni. En tölur þessar eru furðu óábyggilegar. Það er nú fyrst að athuga, að meðalinnflutningur á spíritus og kognaki hefir verið þessi þrjú ár að eins um 34 þús. lítr., eftir því sem jeg kemst næst. Stafar skekkjan af misskilningi á tölum verslunarskýrslnanna. Auk þess get jeg fullyrt, að verðið á spíritus, komnum í hús, að meðtöldum tolli, sje talið 1—2 kr. *of lágt* og útsöluverð lyfjabúða 1—2 kr. *of hátt*. Ef útsöluverð í smásölu ætti ekki að hækka, og lyfsalar og læknar að hafa þó þann hagnað, sem ráð er fyrir gert (3—4 kr. á lítr.), þá getur ríkisverslun ekki lagt meira á spíritusinn en 3 kr. á lítra. Mín niðurstaða verður því sú, að tekjurnar af vínfangaeinkasölunni geti ekki orðið meiri en um 100 þús. kr. (3×34000=102000), en þar frá dregst

allur verslunarkostnaður, vextir af rekstrarfje, rýrnun (sem er afarmikil á vínanda, sakir uppgufunar) o. s. frv. Nú leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að alt áfengi til lyfja verði selt án hagnaðar, og er þá vafalaust óhætt að deila útkomunni með 2. Væntanlega verður þó eitthvað eftir af þessum 437 þús., sem stjórnin áætlar, en jeg hygg þó, að tekjuvon ríkissjóðsins af þessari verslun sje orðin svo lítil, að ekki svari kostnaði að ráðast í fyrirtækið.

Rjett er að geta þess, að brennsluspíritus mun ekki, eða þá að eins að litlu leyti, vera tekinn til greina í áætlun stjórnarinnar. Er það væntanlega af því, að ekki hefir verið talið fært að leggja mikið á þá tegund vínanda, sem einkum er notuð til eldsneytis af efnalitlu fólki.

Jeg verð nú að efast um það, að frv. þetta væri fram komið, ef stjórnin hefði ekki gert sjer þessar tálvonir um tekjur af vínfangaversluninni. Tekjurnar af tóbaksversluninni eru áætlaðar að eins rúmlega 200 þús. kr. Sú áætlun mun að vísu nær lagi en hin, en þó verð jeg að telja hana næsta óábyggilega. Og vitanlega nær það ekki nokkurri átt, að ríkissjóður geti tekið slíkan »ágóðahluta« af tóbaksverslun landsmanna, án þess að tóbaksverðið hækki nokkurn veginn sem því svarar.

Í áætluninni er »gengið út frá« 20% álagning á tóbak og 30% á vindla og vindlinga. En þó að það kunni að hafa tíðkast þessi árin, sem mjer er ókunnugt um, að heildsalar hafi lagt svo mikið á, eða meira, þá er það víst, að í algerlega frjálsri samkepni getur slík heildsöluálagning ekki staðist. Undir venjulegum kringumstæðum kaupa allflestir íslenskir kaupmenn þessar vörur »beina leið« frá verksmiðjunum, eða fyrir milligöngu umboðsmanna, gegn 2—3% þóknun, en ekki af heildsölum hjer á landi. Hver smásali getur þannig verið heildsali fyrir sig. Er það og alkunnugt, að svo hefir það ávalt verið um allar hinar stærri tóbaksverslanir hjer á landi, og svo yrði það og framvegis, ef verslunin væri frjáls. Ríkiseinkasalan mundi verða að kaupa vörurnar af sömu verksmiðjunum, og yrði hún því allsendis óþarfur og alldýr »milliliður«. Það má ekki í einu nje neinu miða við það óeðlilega ástand, sem ríkt hefir hjer síðustu árin. Verður þá einnig að taka tillit til þess, að tóbaksverð hlýtur að öllum líkindum að lækka, en við það minka þá einnig tekjurnar af tóbaksversluninni.

Jeg fullyrði nú, að ríkissjóði verði engra teljandi tekna auðið með einka-(heild-)*sölu* tóbaks, án þess þá að tóbaksverð hækki í landinu að sama skapi. En jafnvel þó að þessi áætlun stjórnarinnar fengi staðist, og tóbakseinkasalan gæti gefið af sjer um 200 þús. kr. á ári, meðan tóbaksverð lækkar ekki úr því, sem nú er, þá verður þó þar frá að draga allan verslunarkostnað, sem vel getur numið alt að helmingi þessara áætluðu »brutto«-tekna. Hreinu tekjurnar yrðu þá svo dýrar, og jafnframt svo litlar, að jeg hika ekki við að ráða fremur til þess að ná þeim með tollhækkun.

Það hefir mjög verið vitnað til þess, að tóbakseinokun hafi gefist vel í öðrum löndum. Það er að vísu rjett, en þar er þá ekki að eins um einka*sölu* að ræða, heldur fyrst og fremst um tóbaks- og vindla- og vindlingagerð; sem sje um stórkostlega iðnaðargrein, sem lögð er undir ríkið. Þar er vitanlega aðalgróðinn á *framleiðslunni*, en ekki á *sölunni*. En þó er slík einokun auðvitað ekki heldur gallalaus, og kemur það fram í því, að tóbak einokunarlandanna er svo að segja óseljanlegt utan landamæranna. — Einkasala, að eins, hefir verið reynd

í ýmsum löndum (t. d. í Japan 1898–1904), en alstaðar gefist illa. Og yfirleitt er það alment viðurkent, að verslun sje sá atvinnurekstur, sem langverst sje fallinn til ríkisrekstrar. Gallarnir eru einkum þessir: Reksturinn verður dýrari, innkaupin óhagfeldari og vörurnar lakari. Þetta er og viðurkent af öllum þeim, sem telja einmitt tóbak best fallið til slíkra tilrauna; það byggist á því, að það skifti ekki svo miklu máli, þó að gallar einokunarinnar komi fram á tóbaki og tóbaksverslun.

Það er auðvitað, að slíka verslun er altaf unt að reka þannig, að hún gefi arð. Til þess þarf ekki annað en að selja nógu dýrt! En enginn vafi er á því, að yrði tóbaksverð hjer mun hærra en »gengur og gerist« í nálægum löndum, þá mundi með engu móti verða fyrir það girt, að ólöglegur innflutningur ætti sjer stað, jafnvel í stórum stíl. Í öllum löndum, þar sem tóbakseinokun er, á slíkur ólöglegur innflutningur sjer stað, vegna þess að innlenda tóbakið er bæði dýrara og verra en það útlenda. Reynist ávalt erfitt að hafa hendur í hári lögbrjótanna, og mundi það ekki síður verða erfitt hjer, þar sem öll löggæsla er í lakara lagi. — Jeg verð því að halda því fram, að háttv. meiri hluti nefndarinnar sje kominn á glapstigu, er hann vill láta selja tóbakið þeim mun hærra verði sem hann sjer að ágóðinn af vínfangaversluninni muni verða minni en stjórnin hefir ætlast til. En til þess að vega upp þann halla, mundi ekki veita af að leggja alt að 100 % á tóbakið, samkvæmt því, sem sýnt er hjer að framan.

Jeg þykist nú fyrst og fremst hafa leitt rök að því, að »brutto«-tekjur af þessari ríkisverslun, eins og hún er ráðgerð í frv., muni ekki geta orðið meiri en sem svarar þriðjungi þeirrar upphæðar, sem hæstv. stjórn áætlar. Hitt er augljóst, að þær geta orðið og hljóta að verða enn þá miklu minni, ef vörur þær, sem hjer er um að ræða, falla í verði, eins og búist er við um aðrar vörur. En að því víkur stjórnin ekki einu orði í áætlunum sínum. Af stjórnarinnar hálfu hefir á hinn bóginn engin áætlun verið gerð um rekstrarkostnaðinn, sem þó virðist ekki alveg þýðingarlaust atriði, þar sem ekki er um meiri uppgripatekjur að ræða. — Jeg verð því að halda því fram, að undirbúningur málsins sje svo flausturslegur, að þegar af þeirri ástæðu sje óverjandi að láta frv. ná fram að ganga. En auk þess er hag þjóðarinnar svo komið, að ekki virðist ráðlegt fyrir ríkissjóðinn að fara nú að leggja stórfje í svo vafasamt og ekki þarfara fyrirtæki en hjer er um að ræða. — Ef vafi leikur á því, að unt verði að fullnægja brýnustu gjaldeyrisþörf þjóðarinnar, til að afla hinna allra nauðsynlegustu lífsnauðsynja, þá ættu tóbakskaupin vissulega ekki að ganga fyrir.

Jeg verð því eindregið að ráða háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 27. mars 1921.

Jakob Möller.

(B. XLIV. 1).

Nd. **187. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 1, 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Lög nr. 1, frá 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eru úr gildi feld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Því hefir verið haldið fram í umræðum á Alþingi, að með lögum þeim, sem hjer er farið fram á að fella úr gildi, sje stjórninni heimilað að takmarka innflutning einnig á ýmsum þarfavörum. En ekkert verður ráðið af reynslunni um það, hvernig stjórnin mundi beita þessari heimild, ef hún fengi að halda henni. Það virðist því rjettara að fella lögin úr gildi, en veita stjórninni þá heldur á annan hátt heimild til að takmarka innflutning á einhverjum ákveðnum, óþörfum vörutegundum, svo að ekki verði um vilst, hve víðtæk heimildin sje.

(C. X. 1).

Nd. **188. Tillaga**

til þingsályktunar um mat á aðfluttum kornvörum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um skoðun og mat á aðfluttum korn- og mjölvörum til manneldis, eða um aðrar tryggingar gegn því, að þessar vörur seljist skemdar eða ónýtar.

Greinargerð.

Mat á flestum útfluttum manneldisvörum er þegar lögtekið. Fyrir þessu þingi liggur frumvarp til laga um mat á fóðurbæti fyrir kvikfjenað, sem að öllum líkindum verður samþykt. Engu minni þörf er á skoðun eða mati á aðfluttum aðalneysluvörum landsmanna, kornvörunum, til tryggingar því, að þær sjeu góðar og óskemdar, en á því hefir, fyr og síðar, verið töluverður misbrestur.

Af þessum ástæðum er tillaga þessi borin fram.

(B. XXI, 2).

Ed. **189. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks (þskj. 109).

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og ekkert fundið við það að athuga, og leggur því til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrir orðið »rímbækur« komi:
dagatöl.
2. — 5. — Fyrir orðið »rímbækur« á fjórum stöðum í greininni komi:
dagatöl.
3. — 6. — Fyrir orðið »dagaskrár« á tveim stöðum komi:
dagatöl.
4. — 6. — Fyrir »að öðru leyti misbrúkað« komi:
notað á annan hátt en til er ætlast.
5. — 6. — Fyrir »svo og« komi:
einnig.
6. — 8. — Fyrir »sem geymir hjer« komi:
sem óheimilt samkvæmt 5. gr. geymir hjer.
7. — 8. — Orðin »óheimilt samkvæmt 5. gr.« falli burt.
8. — 9. — Fyrir orðin »2 ár líða« til enda greinarinnar komi:
2 ár líða svo frá því brotið er gegn þeim og mál hefir ekki verið höfðað.
9. — 10. — Fyrir orðið »Hreinarð« komi:
Hreinan arð.
10. — 12. — Greinin orðist svo:
Einkarjettur sá, sem um ræðir í 1. gr., byrjar á útgáfu almanaks fyrir árið 1922.

Alþingi, 29. mars 1921.

Karl Einarsson, form. og framsögum. Guðm. Guðfinnsson. Sigurður Jónsson.

(A. IX, 2).

Nd. **190. Nefndarálit**

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir Alþingi, er breyting á hinum gildandi aukatekjulögum frá 1911. Er breytingin í því fólgin að gjöldin eru hækkuð. Sum um helming, svo sem eins og dómsmálagjöld og gjöld fyrir fógetagerðir, önnur minna og sum ekkert, svo sem eins og þinglestrargjöld, þar sem hækkunin er þegar orðin af sjálfu sjer sökum dýrtíðarinnar.

Nefndin verður að vera sömu skoðunar og stjórnin um það, að ástæða sje til hækkunar á gjöldum þessum, sökum verðfalls peninga og ekki síður hins, hve miklu meira ríkið þarf nú að borga starfsmönnum sínum en áður, fyrir samskonar störf.

Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Þórarinn Jónsson, framsögumaður.

Jakob Möller. Hákon J. Kristófersson. Þorl. Guðmundsson.

Sveinn Ólafsson.

(A. XXVI, 3).

Nd. **191. Lög**

um afnám laga nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku.

(Afgreidd frá Nd. 4. mars).

Lög nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku, eru úr gildi numin.

(A. XLIII, 1).

Ed. **192. Lög**

um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar, og sendisveitarritari, er ráðherra skipar. Aðra starfsmenn, sem nauðsynlegir eru að dómi ráðherra, ræður sendiherra.

2. gr.

Laun sendiherra, húsaleiga, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

Stjórnin gefur út erindisbrjef handa sendiherranum og ákveður starfssvið hans.

4. gr.

Heimilt er sendiherra að krefjast borgunar fyrir störf sín, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. Borgun þessi rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. V. 2).

Ed. **193. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán hf. Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á ¾ hluta veðláns, að upphæð alt að 250,000 hollensk gyllini eða jafngildi í mynt annara landa, sem hf. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á millilandaskipi, sem fjelagið er nú að láta smíða í Danmörku. Lánið endurborgist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sje tryggt að minsta kosti með fyrsta veðrjetti í hinu nýja skipi.

(A. XVI. 5).

Ed. **194. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahjeraðanna æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. VII. 2).

Nd. **195. Þingsályktun**

um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 29. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hraða útgáfu tilskipunar samkv. 10. gr. laga nr. 29, 22. okt. 1912, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, og jafnframt taka til íhugunar lagafrumvarp um sama efni, sem sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefir borist frá mönnum þeim, er stjórnarráðið hefir falið að gera tillögur um ákvæði tilskipunarinnar.

(B. XX, 2).

Ed. **196. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og er hún á einu máli um, að sú breyting, sem það gerir á núgildandi lögum um bæjarstjórn á Akureyri, sje rjettmæt og að full nauðsyn muni vera á því að hækka þetta fasta gjald til bæjarsjóðs.

Jafnframt vill nefndin benda á, að hún álítur nauðsynlegt og vill vænta þess að stjórnarráðið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

Að svo mæltu ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 26. mars 1921.

Sig. Eggerz, formaður.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögumaður.	Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson. Björn Kristjánsson.

(B. IX, 2).

Nd. **197. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta ætlast til þess, að ekki komi til framkvæmda sameining Bjarnaness- og Stafafellssókna nú við fráfall Jóns próf. Jónssonar á Stafafelli. Á því Stafafell að vera sjerstakt prestakall, eins og verið hefir, eftir þessu frv.

Meiri hluti nefndarinnar er mótfallinn fjölgun presta, eins og nú standa sakir.

Áður en gengið er inn á þá braut, virðist líka sjálfsagt, að athugað sje, hversu víðtækar þær breytingar gætu orðið í næstu framtíð. Hins vegar er nefndinni kunnugt um, að fleiri breytingar muni á eftir fara, ef þessi nær nú fram að ganga.

Gagnvart þessu frv. má líka benda á það, að ekki virðist hafa verið mikill áhugi fyrir því að sporna við þessari sameiningu, þegar sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu mælti með því, að kirkjustaðurinn Stafafell væri seldur Jóni sál. prófessor Jónssyni.

Af framangreindum ástæðum ræður meiri hluti nefndarinnar hv. deild til að fella þetta frv.

Alþingi, 26. mars 1921.

Björn Hallsson, fundaskrifari.	Stefán Stefánsson.	Pjetur Ottesen, framsögumaður.

(A. XXX, 9).

Nd. **198. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 181 (Fjáraukalög).

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson og Sveinn Ólafsson.

Á eftir b-lið komi nýr liður, þannig hljóðandi:

Til mótorbátaferða milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar árið 1921 kr. 15000,00.

Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndanna í Austur-Skaftafells- og Suður-Múlasýslum.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

(B. XIX, 2).

Ed. **199. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið á eitt sátt um það að mæla ekki með því, að frv. verði samþykt. Í fyrsta lagi vegna þess, að fjárhagur landsins er nú mjög erfiður, eins og kunnugt er, og því óheppilegur tími til að fjölga embættum. Í öðru lagi vegna þess, að skortur er nú talinn á læknum, svo að erfitt sje að fullnægja þeim læknishjeruðum, sem þegar eru lögákveðin, og nokkur hætta á, eins og nú er varið launakjörum lækna, að hin erfiðari hjeruð verði fremur útundan, ef hjeruðum er fjölgað. Í þriðja lagi vill nefndin benda á það, að líkur eru til, að eins mikil þörf, og jafnvel meiri, sje á fjölgun lækna hjer og þar annarsstað-

ar á landinu, og má því til sönnunar benda á óskir þær og röksemdir, er fram hafa komið víðsvegar að í þessa átt á undanförnum þingum. Virðist rjettast, að þær óskir sjeu allar teknar til athugunar í einu og með þeim undirbúningi, sem stjórnin ein getur látið í tje. Vill nefndin því afgreiða þetta mál með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar sem fyrst, þegar hægist um fjárhag landsins, og taki þá tillit til þeirra óska, sem fram hafa komið á síðari þingum í því máli, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. mars 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Jóh. Jóhannesson.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.

(B. XI. XII. XIII. 2).

Nd. **200. Nefndarálit**

um

1. Frumvarp til laga um læknaskipun í Reykjavík.
2. Frumvarp til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.
3. Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin tók afstöðu til framanskráðra frv. snemma á þessu þingi, þegar hæstv. forsætisráðh. fór fram á við hana, að hún flytti þau. En nefndin sá ekki ástæðu til að verða við þeim tilmælum, þar sem hún vildi ekki að þau næðu fram að ganga á þessu þingi. Þetta tilkynti nefndin hv. þm. Strandamanna, sem tók frv. svo til flutnings inn á þingið.

Frumvörpum þessum var samt sem áður vísað til nefndarinnar, og vill hún því láta þeim fylgja nokkur orð, öllum í einu lagi.

Fyrst er þess að geta, að síðan nefndin gaf þessa yfirlýsingu, hefir forgöngufrv. þessara frumvarpa verið samþ. til 3. umræðu hjer í háttv. Nd., en það er frv. um varnir gegn berklaveiki. Lögð er áhersla á það af milliþinganefndinni í berklaveikismálinu, að öll frv. hennar þurfi að fylgjast að. Sömu skoðun ljet hv. landlæknir (G. B.) í ljós við nefndina, þar sem hann lagði eindregið til, að frv. þessi, 4 að tölu, yrðu annaðhvort öll afgreidd frá þinginu eða öllum frestað.

Nefndin ætlaðist til, að frv. um varnir gegn berklaveiki yrði frestað. En nú hefir það farið á annan veg í þessari hv. deild, og vill nefndin því, eftir atvikum, ekki spyrna á móti því, að þm. gefist kostur á að taka afstöðu til þessara frv. líka.

Fyrsta frv. ákveður — ef það verður samþ. — 2 embætti hjer í Rvík: heilbrigðisstjóra og sóttvarnalækni. En annað frv. ákveður launakjör þessara starfsmanna.

Byrjunarlaun heilbrigðisstjóra og sóttvarnalæknis sjeu 4500 kr., en hækki um 500 kr. á þriggja ára fresti, upp í 6000 kr. Gert er jafnframt ráð fyrir, að hjeraðslæknisembættið í Rvík leggist niður.

Sóttvarnalæknisembætti var sett á stofn þegar innflúensa gekk hjer, og hefir ekki verið afnumið síðan. En nú er ætlast til, að það verði lögfest, með sömu launakjörum og prófessorar við háskólann hafa.

Milliþinganefndin segir, að hjer sje því ekki um nýtt embætti að ræða í raun og veru, og er það að vísu, að til þessa starfs hafa verið veittar 6000 kr., en fast embætti er það ekki. Auk þessarar launaupphæðar hafa skipagjöld gengið til þessa læknis, svo launin hafa víst verið eins há eins og laun prófessora háskólans eru með dýrtíðaruppbót.

Nefndin er í vafa um, hvort brýn þörf sje á þessu embætti; telur líklegt, að komast mætti af með lögregluefirlit með aðkomuskipum, eins og hefir víst verið, þar til þetta starf var myndað.

Byrjunarlaun hjeraðslæknisins í Reykjavík nema, með núverandi dýrtíðaruppbót, kr. 5933,34, en heilbrigðisstjóra 9500 kr. Mismunur er kr. 3566,66, og er það kostnaður sá, er frv. hefir í för með sjer, eins og dýrtíðaruppbót er nú, en hún er vitanlega breytileg. Þetta er því hækkunin á launum þessara starfsmanna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir í byrjun, þar sem sóttvarnalækni eru ætluð sömu laun og nú eru veitt til þess starfs.

Nefndin vill benda á það, til athugunar, hvort svo kallaðar hjálparstöðvar gætu ekki ljett mikið störf þau, sem eru ætluð heilbrigðisstjóra. Gæti þá komið til mála að styrkja t. d. fjelagið »Líkn« meira en nú er.

Eftir frv. milliþinganefndarinnar á hvorki heilbrigðisstjóri nje sóttvarnalæknir að vera skyldur til að vitja sjúklinga.

Nefndinni virðist ófært, að enginn læknir í bænum sje skyldur til að vitja sjúklinga, t. d. að næturlagi eða í útjaðra bæjarins. Það virðist því sjálfsagt, ef hjeraðslæknisembættið verður lagt niður og þessi embætti mynduð, að heilbrigðisstjóri sje skyldur að vitja sjúklinga. Annars virðist mega búast við kröfu frá bænum um nýtt hjeraðslæknisembætti, og færu þessi embætti þá að verða nokkuð mörg. Á bls. 30 í aths. við frv. um læknaskipun í Reykjavík er gert ráð fyrir, að heilbrigðisstjóri kenni heilbrigðisfræði við háskólann, en samt fyrir sjerstaka borgun. Hvers vegna má ekki skylda hann til að kenna þessa grein læknisfræðinnar án sjerstakrar borgunar? Og hvers vegna eiga hálaunaðir embættismenn að fá sjerstaka borgun fyrir störf, sem eru beint í þeirra verkahring og sem þeir geta hæglega leyst af hendi?

Þriðja frv. ræðir um nýtt prófessorsembætti í læknisfræði við háskólann, með 4500 kr. byrjunarlaunum (eins og annara prófessora), sem hækki á þriggja ára fresti, um 500 kr. í hvert sinn, upp í 6000 kr.

Nú eru hjeraðslækninum í Reykjavík borgaðar 1500 kr. fyrir kenslu við háskólann, sem á að falla niður, ef þetta embætti verður myndað. Þessa upphæð má því draga frá byrjunarlaununum, er nema, með núverandi dýrtíðaruppbót, kr. 9500. Eftir verða þá kr. 8000,00, og er sú upphæð aukakostnaður sá, er af þessu frv. leiðir í byrjun.

Nefndin telur ekki nauðsynlegt að stofna þetta embætti nú þegar við háskólann.

Virðist henni muni mega bjargast við svipaða kenslu og nú er í þessari grein, þar til reist verður landsspítalahús. En þá má gera ráð fyrir nauðsyn þessa embættis.

Nefndinni virðist athugavert, hvort embættafjölgun við háskólann sje ekki of hraðstíg, samanborið við gjaldþol þjóðarinnar; þótt hún viðurkenni hins vegar, að sparnaður í því efni megi ekki vera um of í kenslu í læknisfræði. En nefndin getur ekki sjeð, að það sje, þótt þetta embætti verði ekki stofnað nú.

Samkvæmt því, sem að framan greinir og tillögum nefndarinnar um frestun berklaveikisfrv., vill hún ekki, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Ráðum vjer því háttv. deild til að fella það.

Alþingi, 30. mars 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen. Einar Þorgilsson.

(A. III, 2).

Nd. 201. Nefndarálit

um frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nákvæmlega, og eru allir nefndarmenn á einu máli um það, að rjett sje að frv. nái fram að ganga með nokkrum breytingum, er síðar verður gerð grein fyrir.

Eins og kunnugt er, hafa á síðari árum heyrst ýmsar raddir um það, að æskilegast væri, að sú stefna yrði sem fyrst upp tekin að afla ríkissjóði sem mestra tekna með föstum sköttum, og sumir jafnvel gengið svo langt, að halda því fram, að tollar eða hinir óbeinu skattar ættu að hverfa að mestu.

Nefndin getur ekki aðhyllst þessa skoðun nema að nokkru leyti, því henni er það ljóst, að þarfir ríkissjóðs eru svo margar og miklar, en þjóðarauðurinn hins vegar svo lítill, að því fer fjarri, að fasteignir þær, sem til eru í landinu og arðvænlegar geta talist, geti borið útgjöld ríkisins nema að litlu leyti, og það því síður, sem vitanlegt er, að á fasteignum, einkum húsunum, hvíla miklar veðskuldir.

Um það var talsvert rætt í nefndinni, hvort ekki væri tiltækilegt að draga frá veðskuldir áður en skatturinn væri á lagður, en eftir nákvæma íhugun var frá því horfið, en jafnframt afráðið að færa skattinn niður, þannig að af jarðeignum og öðrum eignum, sem taldar eru í 1. gr. undir tölulið 1, skuli greiða $2^1/_2$ af þúsundi hverju, og af húsum öllum, samkvæmt tölulið 2, skal greiða $1^1/_2$ af þúsundi.

Með tilliti til framangreindrar breytingar komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að 2. gr. yrði óþörf, vegna þess, að munurinn á skattinum, eftir tillögu nefndarinnar, og ábúðarskattinum yrði ekki meiri en svo, að ástæðulitið væri að gera breytingar á því, hver skattinn skyldi greiða. Nefndin leggur því til, að ný grein komi í stað annarar greinar, sem niður falli, og er þar ákveðið, að eigandur greiði skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða.

Breytingarnar við 3. gr. eru að eins afleiðingar af undanfarandi breytingum, og því ástæðulítið að fjölyrða um þær.

Við 5. gr. hefir nefndin gert orðabreytingar, eftir því sem betur þótti fara.

Um ákvæði 9. gr. var nokkur skoðanamunur, en samkomulag náðist með því að bæta við greinina svo hljóðandi setningu: Þó sje það samþykt í sameinuðu þingi með $^2/_3$ atkvæða.

Auk þess, sem að framan greinir, verður að líta á það, að fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um eignarskatt, sem líkur eru til að nái fram að ganga. Þetta, meðal annars, virtist nefndinni ástæða til að færa skattinn lítilsháttar niður frá því sem frv. gerir ráð fyrir.

Að endingu leyfir nefndin sjer að leggja það til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. »veiðiám, fossum og« í tölulið 1. falli burt.
2. — » — Á eftir »rekarjettindum« í sama lið komi:
veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum.
3. — » — Fyrir »3« í sama lið komi:
$2^1/_2$.
4. — » — Fyrir »2« í tölulið 2. komi:
$1^1/_2$,
5. — 2. — Greinin falli burt. Í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.
6. — 3. — Fyrsta málsgrein orðist þannig:
Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

7. Við 3. gr. Önnur málsgrein falli burt.
8. — 5. — Orðið »eigandi« í fyrstu línu falli burt.
9. — » — Fyrir »eigandi« í annari línu komi: skattgreiðandi.
10. — 9. — Aftan við greinina bætist ný setning, svo hljóðandi: Þó sje það samþykt í sameinuðu þingi með $^2/_3$ atkvæða.

Alþingi, 30. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður og framsögumaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

Hákon J. Kristófersson. Þórarinn Jónsson.

(A. XXXI, 6).

Nd. **202. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. þessu, og fellst fjárhagsnefnd á þær og leggur því til, að frv. sje samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 30. mars 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Þórarinn Jónsson, framsögumaður.

Hákon J. Kristófersson. Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

Sveinn Ólafsson.

(A. XLVI, 3).

Nd. **203. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vörutoll.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. Við 1. gr. 2. lið. Á eftir »sláttuvjelum« komi: rakstrarvjelum, snúningsvjelum, heybindingarvjelum og öðr-

um heyvinnuvjelum og varahlutum til þeirra, vögnum, kerrum, hjólum, hjólásum, sleðum, skilvindum, strokkum, mjaltavjelum, smjörgerðar- og ostagerðartækjum, dælum, vatnshrútum, lausasmiðjum og öðrum smíðaáhöldum, strengingartækjum, rafmagnsvjelum og rafmagnstækjum.

2. Við 1. gr. 2. lið. Á eftir »herfum« komi:
sáðvjelum, áburðardreifurum.

3. — — — — —. Á eftir »bátavjelum (mótorum)« komi:
lóðavindum, akkerisvindum, ljóskerum, önglum.

(B. XXV, 2).

Ed.

204. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þó það sje einhuga álit nefndarinnar, að alt of langt hafi verið gengið í því efni á undanförnum árum að selja kirkjujarðir og aðrar jarðeignir landsins, og það fyrir óhæfilega lágt verð, og að nauðsyn reki því til, að varlega sje farið í þeim sökum framvegis, þá treystir nefndin sjer þó ekki til að leggjast á móti því, að Svarfdælahreppi verði seld kirkjujörðin Upsir, vegna nauðsynjar þeirrar, er á því mun vera fyrir hreppinn að fá jörðina keypta, vegna þorpsbúa í Dalvík.

Jörðin Upsir er að fornu fari höfuðból og má enn þá teljast kostajörð, fyrir margra hluta sakir, þó í niðslu hafi verið síðustu árin, eins og margar aðrar kirkjujarðir og prestsetur; hefir t. d. gott tún, ef því væri sómi sýndur, engjar dágóðar, beitiland ágætt og trjáreki hefir verið þar, og mun enn vera, til töluverðra nota. Telja má einnig jörð þessari til gildis, að hún liggur vel við samgöngum og þaðan er gott til sjófanga.

Það getur því ekki verið álitamál um það, að jörð þessa, með kúgildum og öllum öðrum »gögnum og gæðum«, er henni fylgja, beri ekki að selja mjög lágu verði. Nefndin leyfir sjer því að láta það álit sitt í ljós, að söluverð jarðarinnar megi alls ekki fara niður úr 16 þúsund krónum.

Þess má geta, að leitað hefir verið álits sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um sölu jarðarinnar, og að sýslunefndin mælir eindregið með sölunni.

2. grein frumvarpsins virðist með öllu óþörf og óviðeigandi og á að falla burt.

Í samræmi við það, er sagt hefir verið hjer að framan, leyfir nefndin sjer að leggja það til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

2. grein frumvarpsins falli burt.

Alþingi, 30. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, form. og ritari.	Sigurður Jónsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XXXI. 7).

Nd. **205. Fjáraukalög**

fyrir árin 1918 og 1919.

(Afgreidd frá Nd. 31. mars).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1918 og 1919, veitast kr. 2280585,63 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 104584,03.

A. Æðsta stjórn landsins.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1919	kr.	10915,75		
—	—	4.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	29329,20		
—	—	—	—	1919	—	27077,74		
—	—	5.	Ríkisfjehirðisstörf	1918	—	1667,64		
—	—	—	—	1919	—	1679,30		
—	—	7.	Umbætur og viðhald	1918	—	6939,80		
—	—	—	—	1919	—	12076,66	kr.	89686,09

B. Hagstofa Íslands.

Við tölulið	3.	Pappír og prentun	1918	kr.	2559,35		
—	—	—	—	1919	—	6230,52		
—	—	4.	Prentun eyðublaða	1918	—	180,61		
—	—	5.	Húsaleiga o. fl.	—	—	1710,26		
—	—	—	—	1919	—	2598,44		
—	—	6.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918	—	109,05		
—	—	—	—	1919	—	1509,71	kr.	14897,94
						Samtals A—B.	kr.	104584,03

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 158754,58.

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við tölulið	4.	Hegningarhúsið	1918	kr.	3355,09		
—	—	—	—	1919	—	10040,88		
—	—	5.	Sakamálakostnaður o. fl. ...	1918	—	5482,35		
—	—	—	— ...	1919	—	6555,88	kr.	25434,20

B. Ymisleg útgjöld.

Við tölulið	1. a.	Útgáfa Stjórnartíðinda ...	1918	kr.	450,00		
—	—	—	— ...	1919	—	450,00		
—	—	1. b.	Pappír og prentun ...	1918	—	7810,32		
—	—	—	— ...	1919	—	12714,64		
—	—	2. a.	Burðareyrir embættismanna	1918	—	7906,03		
—	—	—	—	1919	—	12706,32		
—	—	2. b.	Embættissímskeyti ...	1918	—	47729,72		
—	—	—	— ...	1919	—	30047,54		
—	—	3.	Brunaábyrgðargjald o. fl. ...	1918	—	2639,47		
—	—	—	— ...	1919	—	5224,62		
—	—	4.	Eftirlitsferðir	1918	—	3921,44		
—	—	—	—	1919	—	1236,73		
—	—	8.	Yfirskattanefndir o. fl. ...	—	—	483,55	kr.	133320,38
						Samtals A—B	kr.	158754,58

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 437976,47.

Við tölulið	11.	Röntgenstarfræksla ...	1918	kr.	6135,00		
—	—	—	— ...	1919	—	1000,00		
—	—	14.	Holdsveikraspítalinn ...	1918	—	64921,03		
—	—	—	— ...	1919	—	67124,05		
—	—	16.	Geðveikrahælið á Kleppi ...	1918	—	29858,88		
—	—	—	— ...	1919	—	58337,02		
—	—	17.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1918	—	112289,31		
—	—	—	—	1919	—	97216,56		
—	—	18. g.	Heilbrigðiseftirlit	—	—	1094,62	kr.	437976,47

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 905906,72.

A. Póstmál.

Við tölulið	2.	Póstflutningur	1918	kr.	6810,49		
—	—	—	—	1919	—	20785,12		
—	—	3. a.—b.	Skrifstofukostnaður	1918	—	4135,50		
—	—	—	—	1919	—	762,45		
—	—	3. e.	Önnur gjöld	1918	—	13844,15		
—	—	—	—	1919	—	30186,92	kr.	76824,63
						Flyt	kr.	76824,63

							Fluttar kr.	76824,63
			B. Vegabætur.					
Við	tölul.	I. 1. b.	Ferðakostnaður o. fl.	1918	kr.	269,08		
—	—	I. 2.	Verkfróðra aðstoð ...	—	—	1793,02		
—	—	—	— ...	1919	—	6216,80		
—	—	I. 3.	Skrifstofukostnaður	1918	—	1418,72		
—	—	—	—	1919	—	2052,88		
—	—	I. 4.	Eftirlit með vegum	1918	—	95,08		
—	—	II. 1.	Húnvetningabraut ...	—	—	30365,38		
—	—	—	—	1919	—	36834,19		
—	—	II. 3.	Grímsnessbraut ...	1918	—	9449,95		
—	—	II. 6.	Viðhald flutningabrauta	—	—	9240,80		
—	—	—	—	1919	—	15709,94		
—	—	III. 10.	Vegagerð frá Ljá ...	—	—	5196,76		
—	—	III. 11.	Aðrar vegabætur og viðhald	1918	—	20438,06		
—	—	—	—	1919	—	8835,73		
—	—	V.	Áhöld	—	—	9901,30		
—	—	VII.	Brú á Austur-Hjeraðsvötn	1918	—	43362,37		
—	—	—	—	1919	—	184,61	kr.	201364,67
			C. Samgöngur á sjó.					
Við	tölul.	II. 1.	Faxaflóaferðir	1918	kr.	3000,00		
—	—	—	—	1919	—	20571,43		
—	—	II. 5.	Langanessbátur ...	1918	—	12000,00		
—	—	—	—	1919	—	12000,00	kr.	47571,43
			D. Símasamband.					
Við	tölul.	II.	Til viðauka símakerfa	1918	kr.	14805,01		
—	—	—	—	1919	—	15887,16		
—	—	IV. 1. a.	Laun landssímastjóra	—	—	3000,00		
—	—	IV. 2.	Laun símaverkfræðings	—	—	1100,00		
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1918	—	3816,87		
—	—	—	—	1919	—	4136,76		
—	—	IV. 4.	Ritsímastöð Reykjavíkur	1918	—	31407,45		
—	—	—	—	1919	—	38985,21		
—	—	IV. 5.	Þráðlaus stöð í Reykjavík	1918	—	784,56		
—	—	—	—	1919	—	3614,64		
—	—	IV. 6.	Áhalda- og efnisvörður	—	—	609,50		
—	—	IV. 7.	Ritsímastöð á Akureyri	1918	—	3771,06		
—	—	—	—	1919	—	9176,76		
—	—	IV. 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	1918	—	4084,92		
—	—	—	—	1919	—	9909,36		
—	—	IV. 9.	Ritsímastöð á Ísafirði	1918	—	3632,20		
—	—	—	—	1919	—	6153,06		
				Flyt	kr.	154874,52	kr.	325760,73

				Fluttar	kr.	154874,52	kr.	325760,73
Við	tölul.	IV. 10.	Símastöð á Borðeyri	1918	—	1587,48		
—	—	—	—	1919	—	4062,41		
—	—	IV. 11.	Símastöð í Hafnarfirði	1918	—	742,81		
—	—	—	—	1919	—	1844,15		
—	—	IV. 12.	Símast. í Vestm.eyjum	1918	—	709,05		
—	—	—	—	1919	—	1162,57		
—	—	IV. 13.	Aðrar stöðvar	1918	—	14035,73		
—	—	—	—	1919	—	23752,94		
—	—	V.	Eyðublöð, prentun o.fl.	1918	—	26432,07		
—	—	—	—	1919	—	38248,65		
—	—	VI.	Viðbót og viðhald stöðva	1918	—	6906,47		
—	—	—	—	1919	—	23735,22		
—	—	VII.	Ferðalög vegna starfrækslu	1918	—	4438,25		
—	—	—	—	1919	—	3573,88		
—	—	VIII.	Viðhald landssímanna	1918	—	68088,75		
—	—	—	—	1919	—	63547,43		
—	—	IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	—	—	97,44		
—	—	X.	Loftskeytastöð í Flatey	—	—	19970,37	kr.	457810,19

E. Vitamál.

Við	tölul.	I. a.	Laun vitamálastjóra	1919	kr.	3000,00		
—	—	I. b.	Verkfræðings aðstoð	—	—	1366,66		
—	—	I. c.	Skrifstofuhald	1918	—	1843,68		
—	—	—	—	1919	—	2223,16		
—	—	I. d.	Ferðakostnaður ...	1918	—	637,63		
—	—	III.	Rekstrarkostnaður vita	—	—	26845,18		
—	—	—	—	1919	—	30194,03		
—	—	IV. a.	Akranesviti	1918	—	14030,86		
—	—	IV. d.	Gerðatangaviti ...	—	—	7501,07		
—	—	V.	Sjómerki	—	—	1581,58		
—	—	—	—	1919	—	1490,71		
—	—	VI.	Ýmislegt	1918	—	22899,26		
—	—	—	—	1919	—	8721,98	kr.	122335,80
					Samtals A—E		kr.	905906,72

6. gr

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 121870,94.

A. Kirkjumál.

Við	tölul.	b. 2.	Bráðabirgðauppbót brauða	1919	... ...		kr.	250,00

B. I. Háskólinn.

Við	tölul.	c. 3.	Kennari í efnafræði	1919	kr.	240,00		
—	—	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1918	—	450,00		
				Flyt	kr.	690,00	kr.	250,00

				Fluttar kr.		690,00	kr.	250,00
Við tölul.	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1919	kr.	750,00		
—	—	i.	Líffærameinfræða rannsókn	—	—	630,55		
—	—	j.	Eldiviður, ljós og ræsting	1918	—	6323,82		
—	—	»	—	1919	—	10079,79		
—	—	k. 3.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	2323,87		
—	—	—	—	1919	—	4802,12	kr.	25600,15
			B. II. Mentaskólinn.					
Við tölul.	c. 2.	Eldiviður, ljós o. fl. ...	1918	kr.	7126,27		
—	—	—	— ...	1919	—	5044,53		
—	—	c. 3.	Skólahús utan og innan ...	1918	—	361,28		
—	—	—	— ...	1919	—	581,17		
—	—	c. 5.	Tímakensla og prófdómendur	—	—	1118,75		
—	—	c. 9.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	70,41		
—	—	—	—	1919	—	262,77	kr.	14565,18
			B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.					
Við tölul.	b. 3.	Bækur og kensluáhöld ...	1919	kr.	878,83		
—	—	b. 5.	Eldiviður og ljós	1918	—	5076,86		
—	—	—	—	1919	—	5893,83		
—	—	b. 9.	Ýmisleg útgjöld	—	—	805,00	kr.	12654,52
			B. IV. Kennaraskólinn.					
Við tölul.	b. 3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	849,07		
—	—	—	—	1919	—	768,29		
—	—	b. 6.	Viðhaldskostnaður	—	—	144,02		
—	—	b. 7.	Ýmisleg útgjöld	—	—	760,53	kr.	2521,91
			B. V. Stýrimannaskólinn.					
Við tölul.	b. 1.	Tímakensla	1918	kr.	915,90		
—	—	—	—	1919	—	5591,00		
—	—	b. 2.	Áhaldakaup	1918	—	656,46		
—	—	b. 3.	Eldiviður og ljós	—	—	111,43		
—	—	—	—	1919	—	6213,88		
—	—	b. 4.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	313,48		
—	—	—	—	1919	—	986,08	kr.	14788,23
			B. VI. Vjelstjóraskólinn.					
Við tölul.	b.	Tímakensla	1918	kr.	1200,00		
—	—	—	—	1919	—	1800,00		
—	—	c.	Húsnæði m. m.	1918	—	139,46		
—	—	—	—	1919	—	1300,00		
—	—	d.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	250,00	kr.	4689,46
						Flyt	kr.	75069,45

							Fluttar kr.		75069,45
			B. VII. 1. Bændaskólinn á Hólum.						
Við tölul.		b.	Aðstoðarkensla	1919	kr.	150,00			
—	—	c.	Smíði og dráttlist	1918	—	300,00			
—	—	d. 2.	Kensluáhöld	1919	—	80,64			
—	—	d. 3.	Eldiviður og ljós	1918	—	1625,00			
—	—	—	—	1919	—	5921,81			
—	—	d. 4.	Kaup á stórgripavog ...	—	—	405,00			
—	—	d. 5.	Ýmisleg útgjöld	—	—	2123,15	kr.		10605,60
			B. VII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.						
Við tölul.		d. 3.	Eldiviður og ljós	1918	kr.	1186,27			
—	—	—	—	1919	—	3614,52			
—	—	d. 4.	Ýmisleg útgjöld	—	—	108,68	kr.		4909,47
			B. XI. Yfirsetukvennaskólinn.						
Við tölul.		2. b.	Annar kostnaður	1918	kr.	479,56			
—	—	—	—	1919	—	118,40			
—	—	3.	Styrkur til námskvenna ...	1918	—	6070,00			
—	—	—	—	1919	—	9340,00			
—	—	4.	Húsaleiga o. fl.	1918	—	254,00			
—	—	—	—	1919	—	20,00	kr.		16281,96
			B. XIII. Almenn barnafræðsla.						
Við tölul.		1.	Til barnaskóla	1919	kr.	656,12			
—	—	5.	Prófdómarar	1918	—	1150,26			
—	—	—	—	1919	—	2443,08	kr.		4249,46
			B. XVI. Daufdumbrakensla.						
			Kenslukostnaður	1918	kr.	5070,00			
			—	1919	—	5685,00	kr.		10755,00
							Samtals A—B	kr.	121870,94

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 32565,38.

Við tölul.		2.	Þjóðskjalasafnið:						
—	—	2. c.	Til að binda inn skjöl m. m.	1919	kr.	... ...	kr.		202,50
—	—	5.	Landsbókasafnshúsið:						
—	—	5. a.	Eldiviður, ljós o. fl.	1918	—	3263,33			
—	—	—	—	1919	—	19700,00			
—	—	5. c.	Viðhald og áhöld	1918	—	3722,79			
—	—	—	—	1919	—	2256,76	kr.		28942,88
—	—	15.	Dómasafn	1918	—	1460,00			
—	—	21. f.	Listasafnshús	1919	—	1500,00			
—	—	28.	Mýrarannsókn m. m.	1918	—	460,00	kr.		3420,00
							Samtals	kr.	32565,38

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 49167,22.

Við tölul.	4.	Rannsókn vatnsvirkja	1919	kr.	370,40		
— —	5.	Miklavatnsmýraráveita ...	—	—	147,52		
— —	6.	Kaup á skurðgröfu	—	—	32558,27		
— —	8. b.	Laun skógarvarða m. m. ...	1918	—	5000,00		
— —	22. b.	Ferðak. síldarmatsmanna ...	1919	—	1023,00		
— —	23. b.	Ferðak. ullarmatsmanna ...	1918	—	184,15		
— —	—	— ...	1919	—	2444,65		
— —	29.	Eftirlit með áfengiskaupum	1918	—	352,12		
— —	—	—	1919	—	1187,99		
— —	38.	Brimbrjótur í Bolungarvík	—	—	5899,16	kr.	49167,26

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast kr. 469760,25.

Óviss útgjöld	1918	kr.	245846,56	
—	1919	—	185726,55	
Greiðslur samkv. landsreikningi upp á væntanlega aukafjárveitingu	—	—	38187,14	kr. 469760,25

(A. XXXIV. 4).

Ed. **206. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur.		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	150000	284844,76
2. Húsaskattur	29000	48565,25
3. Tekjuskattur	120000	859135,90
4. Aukatekjur	140000	203671,61
5. Erfðafjárskattur	16000	84244,73
6. Vitagjald	85000	93268,78
7. Leyfisbrjefagjöld	14000	23881,14
8. Gjald af Kína-lífs-elixír	40000	30870,11
Flyt ...	594000	1628482,28

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	594000	1628482,28
9. Útflutningsgjald	300000	475367,37
10. Áfengistollur	100000	[330131,33
11. Tóbakstollur	550000	1015271,56
12. Kaffi- og sykurtollur...	950000	1141976,09
13. Vörutollur	575000	2234774,71
14. Annað aðflutningsgjald	100000	210087,86
15. Pósttekjur	360000	367864,99
16. Símatekjur	660000	1533723,68
17. Tekjur af Íslandsbanka	22000	206456,83
18. Tekjur af Landsbankanum	55000	159189,47
19. Óvissar tekjur	40000	160879,39
20. Stimpilgjald	... ...	1399909,22
21. Verðhækkunartollur	... ...	563,75
22. Tekjur af jarðeignum ríkissjóðs	56000	101232,31
23. Tekjur af kirkjum	200	46,24
24. Tekjur af silfurbergsnámum	4000	6820,00
25. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	35062,75
26. Viðlagasjóðstekjur	248750	366526,01
27. Árgjald af brauðum	3600	2862,22
28. Endurgreidd skyndilán embættismanna	1200	1369,82
29. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	4000	17870,84
30. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	55000,00
31. Vextir frá landsverslun og eimskipum	... ...	1420560,65
32. Lán, tekin	... ...	11085000,00
33. Ágóði af gengismun o. fl.	... ...	156581,07
34. Greiddar eftirstöðvar sýslumanna	... ...	7630,20
35. Afborgun frá landsverslun	... ...	2792849,53
36. Tekjuhalli 1919	... ...	267424,75
Samtals ...	4763750,00	27181514,92
II. Gjöld.		
1. Vextir og afborganir af lánum ríkissjóðs	687687,65	12446178,68
2. Útgjöld við æðstu stjórn landsins	188300	293894,03
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	126000	417906,86
4. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	183990	238744,20
B. Ýmisleg útgjöld	141100	420102,71
Flyt ...	1327077,65	13816826.48

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	1327077,65	13816826,48
5. Útgjöld við læknaskipunina	604932,88	1051083,05
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	321600	425012,87
B. Til vegamála	451400	505498,03
C. Samgöngur á sjó	325700	362968,55
D. Ritsími og talsími	506600	1120818,29
E. Vitamál	120550	218961,87
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	89012,82	90056,14
B. Kenslumál	693040	755590,72
8. Vísindi og bókmentir	302540	314883,34
9. Til verklegra fyrirtækja	572700	600268,32
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	21081,65
11. Eftirlaun og styrktarfje	196272	235507,27
12. Óviss útgjöld	40000	471573,11
13. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	6896584,46
14. Tekjuafgangur 1918	... ...	294800,77
Samtals ...	5557625,35	27181514,92

(A. XXXII. 8).

Ed. **207. Lög**

um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars).

1. gr.

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1924. Frá því ári sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XLVII, 5).

Nd. **208. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá Jakob Möller og Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. 2. lið.
   Fyrir »2.00« komi:
   3.00.
2. Við 1. gr. 3. lið, fyrri málsgrein.
   a. Fyrir »3.00« komi:
   5.00.
   b. Fyrir »4.00« komi:
   7.00.
   c. Fyrir »5.00« komi:
   9.00.
3. Við 1. gr. 6. lið.
   Fyrir »4.00« komi:
   5.00.
4. Við 1. gr. 7. lið.
   Fyrir »8.00« komi:
   12.00.

(B. II, 3).

Nd. **209. Breytingartillaga**

við frv. til laga um erfðafjárskatt.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 2. gr. A. lið. Á eftir orðunum »eða kjörbarna hans« komi:
svo og af fjórðungshluta, ef ráðstafað hefir verið með arfleiðsluskrá til annara.

(B. II, 4).

Nd. **210. Breytingartillaga**

við frv. til laga um erfðafjárskatt.

Frá Hákoni J. Kristóferssyni.

Við 12. gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skulu hinir lögskipuðu virðingarmenn sveitar- eða bæjarfjelagsins meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 1000 krónum. Í þeim tilfellum, að málið geti varðað þá að einhverju leyti eða þeir sjeu ekki til, skal skiftaráðandi útnefna óvilhalla menn eða mann í þeirra stað.

(A. XXIII, 2).

Ed. **211. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frv. þetta á allmörgum fundum, en sakir annara mála, er til hennar hefir verið vísað, hefir hún ekki getað varið eins miklum tíma til máls þessa og hún hefði óskað. En sú er bót í máli, að frv. hefir fengið mjög rækilegan undirbúning, og hefir nefndin haft mjög lítið við efni þess að athuga.

Eins og kunnugt er, lagði stjórnin frv. þetta fyrst fyrir Alþingi 1919, og fylgdu því þá mjög ítarlegar athugasemdir eftir höfund þess, L. H. Bjarnason hæstarjettardómara. Kveður hann frv. sitt vera að mestu leyti þýðing á dönsku frv. um sama efni, sem samið var af milliþinganefnd í málinu, en þó jafnan höfð til hliðsjónar og samanburðar norskt frv. og sænsk lög frá 12. nóvember 1915, um stofnun og slit hjúskapar. Í athugasemdunum er gerð grein fyrir því, hver af ákvæðum frv. sjeu nýmæli í löggjöf vorri. Sömuleiðis er þar skýrt frá því, þar sem ákvæðin í norska frv. og sænsku lögunum eru önnur en í danska frv., sem aðallega var farið eftir.

Allsherjarnefnd Ed., sem hafði málið til meðferðar 1919, vanst eigi tími til að ganga frá frv., og komst það því aldrei út úr þeirri deild.

Enn lagði stjórnin frv. þetta fyrir Alþingi 1920, en því frv. fylgdu ekki ástæður og athugasemdir, heldur var vísað til þeirra í Alþingistíðindunum frá árinu áður. Á því stutta þingi vanst allsherjarnefnd Ed., sem aftur fjekk málið til meðferðar, enginn tími til að sinna því.

Nú er frv. loks lagt fyrir Alþingi í 3. sinn, og af sparnaðarástæðum eru greinar þess eigi einu sinni prentaðar, heldur einnig að því er þær snertir vísað til Alþingistíðindanna, og verða háttv. þingmenn því að hafa þau fyrir sjer við meðferð þessa máls.

Eins og tekið hefir verið fram, leggur nefndin til, að að eins fáar efnisbreytingar sjeu gerðar á frv., og verður hinna helstu getið hjer. Hins vegar þykir ekki ástæða til að fara út í orðabreytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. Telur hún þær að sjálfsögðu til bóta, en sitt getur sýnst hverjum, og gerir hún það að engu kappsmáli, að þær verði samþyktar.

Þá þykir heldur ekki þurfa að fara út í að lýsa ástæðum fyrir frv. eða að benda á nýmæli þau í lögum, sem það hefir inni að halda, heldur skal um það efni vísað til athugasemdanna við það í Alþ.tíð. 1919, A. bls. 132—165.

Nefndinni finst óviðfeldið, að lög um stofnun og slit hjúskapar byrji eins og frv. þetta gerir, og leggur því til, að framan við það sje skeytt nýrri grein um það, við hvað sje átt með orðinu »festar«, enda hafði það orð í fornu lagamáli aðra merkingu en því er ætluð í þessu frv. Hin nýja grein er í samræmi við 1. gr. sænsku laganna frá 1915.

Nefndin getur ekki aðhyllst, að heimilt sje að veita undanþágu frá banninu um að vígja geðveika menn og hálfvita, og leggur því til (8. brtt.), að síðari málsgr. 70. gr. frv. sje feld niður.

Þá þykir nefndinni 19. gr. frv. leiða til of mikillar skriffinsku og óþarfrar, sjerstaklega þar sem hún leggur á móti því, að löggiltir sjeu sjerstakir vígslumenn, sbr. 11. brtt. hennar við 30. gr. Þykir henni t. a. m. næsta óeðlilegt, að prestur megi ekki lýsa með dóttur sinni, nema hún hafi lagt fyrir hann fæðingarvottorð sitt og undirskrifað drengskaparvottorð um atriði þau, sem um ræðir í 5.—7. tölulið greinarinnar. Nefndin telur nægja að leggja fyrir vígslumenn, að viðlagðri embættisábyrgð, að fá fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við lögin, og heimta því til tryggingar vottorð og ábyrgð áreiðanlegra svaramanna.

Nefndin er og sammála stjórninni um það, að aðgangurinn að því að leysa hjónavígslubrjef og leyfi til undanþágu frá hjúskaparlýsingu við borgaralega hjónabandsstofnun eigi að vera hinn sami og nú er. Hann þykir til mikils hagræðis, er mikið notaður og þess hefir ekki orðið vart, að neitt varhugavert sje að hafa hann jafngreiðan og nú er.

Borgaralegar hjónavígslur eru ekki svo tíðar hjer á landi, að ástæða virðist til að fjölga þeim, sem þær megi framkvæma, frekar en gert er með ákvæðinu um heimild fyrir sýslumenn og bæjarfógeta til að nota fulltrúa sína í sinn stað á sína ábyrgð. Hefir nefndin því komið fram með brtt. 11 við 30. gr. frv. Í sambandi við þá brtt. er brtt. 13 við 35. gr.

Með þessum fáu athugasemdum leyfir nefndin sjer að leggja til, að samþyktar verði eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Framan við 1. gr. komi ný gr., sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Það eru festar, þegar karlmaður og kona hafa heitið hvort öðru eiginorði.

Greinatala frv. breytist samkv. þessu og allar tilvísanir.

2. Við 1. gr.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Nú slitna festar, og annað hjónaefna á aðallega sök á því, og skal það þá o. s. frv.

3. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Nú verður festarkona þunguð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

4. Við 3. gr.

Fyrir »vanfær« í niðurl. gr. komi:
þunguð.

5. Fyrirsögn II. kafla orðist þannig:

Um hjónavígsluskilyrði.

6. Við 7. gr.

Fyrir »nægir þá« í niðurl. greinarinnar komi:
þarf þá.

7. Við 10. gr.

Síðari málsgr. falli niður.

8. Við 16. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá ekki vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar eða samvista, nema óþunguð sje af völdum bónda síns.

9. Við 17. gr.

Fyrir »helmingafjelag« komi:
fjárfjelag.

10. Við 19. gr.

Greinin orðist þannig:

Lýsing má ekki fara fram nema því að eins, að vígslumaður hafi fengið fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við fyrirmæli 7.—18. gr. Til tryggingar skal hann krefja hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgist, að engin hindrun sje til fyrir hjónabandinu. Stjórnarráðið getur þó leyft vígslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna. Neiti vígslumaður lögmæti framlagðra skilríkja, getur hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeraðsdómara um ágreininginn.

11. Við 30. gr.

Greinin orðist þannig:

Borgaralega vígslu annast sýslumenn og bæjarfógetar, og er þeim skylt að vígja jafnt utanhjeraðsmann sem innanhjeraðs. Heimilt er þeim að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð.

12. Við 34. gr.

Orðin »hvort í sínu lagi« í niðurl. annarar málsgr. falli niður.

13. Við 35. gr.

Fyrri málsliður gr. orðist þannig:

Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til, og er sú athöfn þá ógild.

14. Við 40. gr.

Síðari málsl. 3. málsgr. orðist þannig:

Þá er málshöfðun og heimil öðruhvoru hjóna og þeim, er annað þeirra hefir áður verið gift.

15. Við 41. gr.

a. Fyrir »maka« í upphafi annarar málsgr. komi:
öðru hjóna.

b. Fyrir »hann« á tveim stöðum í sömu málsgr. komi:
það.

16. Við 42. gr.

Greinin orðist þannig:

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjónabands síns:

1. Hafi það verið víti sínu fjær, þegar vígslan fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.

2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.

3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður, þá er vígsla fór fram, verið, án þess vitundar, haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, alltíðum flogaveikiskóstum eða holdsveiki, eða verið obætanlega ófært til holdlegra samfara.

4. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því vísvitandi að villa á sjer heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjónabandinu, ef vitað hefði.

5. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því er ástandi því var lokið, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung ljetti samkvæmt 5. lið. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækjandi hefir ekki sýkst af hinu hjónanna og að sjúkdómurinn er ekki framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá ekki ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra sjúkdóma, sem ógildingu hjónabands varða, sjeu þeir læknaðir.

17. Við 45. gr.

a. Fyrir »fyrnefnt« í fyrstu málsgr. komi:
hið fyrnefnda.

b. Fyrir »hæfilegar« komi:
sanngjarnar.

c. Síðari málsl. málsgreinarinnar falli niður.

18. Við 46. gr.

Fyrir »upp þaðan að framfæra hitt« komi:
að framfæra hitt frá hjúskaparslitum.

19. Við 48. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkv. 41. gr., og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Auk þess getur það hjóna, er lifir, krafist bóta samkv. 46. gr.

Rjettur þessi ber því hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., því að eins, að hitt hjónanna hafi látist áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur ekki liðinn.

Nú deyr það hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., eftir að ógildingarmál er höfðað, og getur þá hver erfingja þess krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Sama gildir, hafi svo verið ástatt til dauðadægurs um það hjóna, er látist hefir, sem segir í fyrri málsgr. 42. gr. eða í 1. lið 43. gr.

Framangreindar kröfur skal gera innan 6 mánaða frá láti þess, er deyr.

Nú deyr það hjóna, sem átt hefir tvær eða fleiri konur, eða menn, áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður að lögum, fyrstu eiginkonu eða eiginmanni hins látna, nema annað sje augljóst af kringumstæðum.

20. Við 51. gr.

Fyrir: »framfærsluskyldum börnum« í fyrstu málsgr. komi:
börnum, sem því er skylt að framfæra.

21. Við 52. gr.

a. Fyrir »maki« í þriðju málgr. komi:
annað hjóna.

b. Fyrir »sáttaumleitarmaður« komi:
sáttasemjari.

22. Við 56. gr.

Síðari málsgr. orðist þannig:

Nú fullnægir annað foreldra ekki framfærsluskyldu sinni með framfærslu þess eða þeirra barna, sem því fylgir, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu það, sem vanta þykir á rjett meðlag af þess hendi með öllum börnunum.

23. Við 57. gr.

a. Orðin »verður meiri« í upphafi fyrri málsgr. falli niður.

b. Fyrir »foreldris« í niðurlagi sömu málsgr. komi:
annars hjóna.

24. Við 58. gr.

a. Fyrir »það foreldri« í fyrri málsgr. komi:
það hjóna.

b. Fyrir »borð- og sængurskilnaði« í niðurlagi sömu málsgr. komi:
skilnaði að borði og sæng.

25. Við 59. gr.

a. Fyrri málsgr. orðist þannig:

Nú er meðlag samkv. 55. eða 56. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá aðili heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við.

b. Fyrir »maka« í niðurlagi 2. málsgr. komi:
hitt hjóna.

26. Við 60. gr.
    a. Fyrir »skildum« komi:
    sem skilið hafa.
    b. Orðið »þá« í niðurlagi greinarinnar falli niður.
27. Við 63. gr.
    Greinin orðist þannig:
    Nú hafa hjón lifað aðskilin í 2 ár án samkomulags um samvistaslitin og lögmætra orsaka, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna heimtað skilnað, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin.
28. Við 65. gr.
    Fyrir »skilnaðarkrefjanda« komi:
    krefjanda.
29. Við 71. gr.
    Fyrir »En í því falli« í niðurlagi annarar málsgr. komi:
    Þegar svo stendur á.
30. Við 74. gr.
    a. Fyrir orðin »gert að þiggja styrk« í fyrri málsgr. komi:
    áskilinn styrkur.
    b. Síðari málsgr. orðist þannig:
    Áskilinn styrkur fellur niður, giftist styrkhafi á ný.
31. Við 75. gr.
    Fyrir »barna« í niðurlagi fyrri málsgr. komi:
    barns.
32. Við 76. gr.
    a. Á eftir fyrri málsgr. komi:
    Um skiftinguna fer þá sem segir í 57. gr. annari málsgr.
    b. Síðari málsgrein falli niður.
33. Við 77. gr.
    a. Orðin »verður meiri« í 1. málsgr. falli niður.
    b. Síðari málsgr. orðist þannig:
    Breyta má ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer þess á leit og ástæður eru breyttar, svo að líklegt er, að breyting sú, sem farið er fram á, verði börnunum til bóta. Breytingin heyrir undir sama dómstól eða stjórnarvald, sem gerði hina upprunalegu ákvörðun.
34. Við 78. gr.
    Fyrir »eftir atvikum hrundið samningnum« í niðurlagi fyrri málsgr. komi:
    hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn.
35. Við 79. gr.
    a. Fyrir »óskilfenginna mæðra með óskilgetnum börnum« í fyrri málsgr., komi:
    mæðra með óskilgetnum börnum sínum.
    b. Fyrir »maka« í niðurlagi annarar málsgr. komi:
    manni sínum eða konu.
36. Við 80. gr.
    Fyrir »til hans« í niðurlagi greinarinnar komi:
    við hann.

37. Við 82. gr.
Greinin orðist þannig:
Sá einn getur, að sleptri heimild 41. gr., höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar því, að hann sje eða sje ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

38. Við 85. gr.
a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Hjón eiga aðild hjúskaparmáls, nema svift sjeu lögræði o. s. frv.
b. Fyrir »lögræðissvifts« í síðari málsgrein komi:
þess, er sviftur er lögræði.

39. Við 86. gr.
Fyrir »í öðru landi og sama« í niðurlagi fyrstu málsgr. komi:
öðru og sama landi.

40. Við 91. gr.
Fyrir »hvað upp úr því skuli leggja« í niðurl. gr. komi:
hverju það varði.

41. Við 93. gr.
Fyrir »Hvor aðili í sínu lagi« í upphafi greinarinnar komi:
Hvortveggja aðili.

42. Við 94. gr.
Fyrir »aðiljaeiður« komi:
aðildareiður.

43. Við 96. gr.
Fyrir »landssjóðs« í niðurl. greinarinnar komi:
ríkissjóðs.

44. Við 100. gr.
Fyrir »úti« í niðurlagi greinarinnar komi:
liðinn.

45. Við 101. gr.
a. Orðið »renna« í fyrstu málsgr. falli niður.
b. Fyrir »samkvæmt 29. gr. laga 12. jan. 1900, nr. 3« í annari málsgr. komi:
að lögum.

46. Fyrirsögn IX. kap. verði:
Ýmisleg ákvæði.

47. Við 103. gr.
Fyrir »1921« komi:
1922.

48. Við 105. gr.
Í stað orðanna »fyrir gildistöku laga þessara« komi:
áður en lög þessi öðlast gildi.

49. Við 106. gr.
Fyrir »að þágildum og þessum lögum« í fyrri málsgr. komi:
að þessum og þá gildandi lögum.

50. Við 108. gr.
Fyrir »þágildum« í niðurl. gr. komi:
þá gildandi.

51. Við 110. gr.
Fyrir »gildistökudegi laga þessara« í upphafi greinarinnar komi:. þeim degi, er lög þessi öðlast gildi.

Alþingi, 31. mars 1921.

Sigurjón Friðjónsson,	Sig. Eggerz,	Jóh. Jóhannesson,
formaður.	fundaskrifari.	ritari.

(B. XV, 4).

Nd. **212. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, frá 30. nóv. 1914.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Greinina skal orða svo:
Kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar hafa allir karlar og konur, ef þau eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í sveitinni eða kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni og eru fjár síns ráðandi.
Gift kona hefir kosningarrjett, þótt hún sje eigi fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins, ef hún uppfyllir að öðru leyti skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.
Með lögum þessum er felld úr gildi 3. gr. laga nr. 49, frá 30. nóvember 1914, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, þau er fara í bága við þessi lög.
2. Fyrirsögnin verður:
Frumvarp til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Til vara:
Greinina skal orða svo:
Kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar hafa allir karlar og konur, ef þau eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í sveitinni eða kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni, hafa óflekkað mannorð o. s. frv. sem að ofan.

(B. XXI, 3).

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Háskóli Íslands skal hafa einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi.

2. gr.

Háskólaráðið sjer um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega i Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

3. gr.

Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, i nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sjer þess fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsölumönnum i hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót.

4. gr.

Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskólaráðsins.

5. gr.

Það er brot á einkarjetti Háskólans samkvæmt 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn i landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða dagatöl en þau, er í 1. gr. segir.
2. Selur hjer i landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða dagatöl en þau, sem einkarjettur Háskólans nær til.
3. Gefur út hjer á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða dagatöl eða kafla úr þeim.
4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða dagatöl, eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

6. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagatöl og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn i landið útlend almanök eða dagatöl, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann

gefur út eða flytur inn, og sje nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sje rjett tilgreindur og að leyfi verði ekki notað á annan hátt en til er ætlast.

Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki Háskólans í vísindarit eða kenslubækur og þess konar rit til skýringar, einnig að flytja inn í landið og selja samskonar útlend rit með köflum úr almanökum, enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, að eins óverulegur hluti ritsins eða bókarinnar.

7. gr.

Fyrir brot samkvæmt 5. gr. skal refsa með sektum frá 100—2000 kr., ef það er framið af ásetningi eða gáleysi, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum.

Sektir má taka fjárnámi.

Leggja skal þegar hald á rit þau, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins, gefin hjer út eða seld eða af hendi látin samkvæmt 5. gr., og skal síðan gera þau upptæk með dómi.

Skaðabætur skal hver sá greiða, sem sekur verður eftir 5. gr. Miða skal bætur, ef því verður við komið, við samanlagt söluverð ólöglega seldra eða afhentra eintaka, að frádregnum hæfilegum sölulaunum. Ella skal ákveða bætur eftir atvikum.

8. gr.

Nú ná íslenskir dómstólar ekki til þess manns, sem brotlegur hefir orðið samkvæmt 5. gr., vegna vistar hans erlendis, og skal þá sá svara til sakar, til refsingar eða skaðabóta, sem óheimilt samkvæmt 5. gr. geymir hjer, selur eða afhendir eða prentar eða fjölritar rit, eða kafla úr þeim. Ráðherra kveður á um það, hvern skuli sækja, ef um fleiri er að velja, eða hvort fleiri menn en einn skuli sækja fyrir sama brot.

9. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 5. gr., sbr. 7. og 8. gr., skal eigi höfða, nema Háskólaráðið krefjist þess. Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.

Refsikrafa samkvæmt lögum þessum fyrnist á árs fresti frá því er rektor Háskólans varð kunnugt um, hver brots er valdur, og aldrei skal dæma til refsingar fyrir brot á lögum þessum, ef 2 ár liða svo frá því er brotið er gegn þeim, að mál hefir ekki verið höfðað.

10. gr.

Hreinan arð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkarjettinum, andvirði upptækra rita og gjöld samkvæmt 6. gr. skal leggja í sjerstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi.

11. gr.

Háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir reglur, þar sem nánar verður kveðið á um tilhögun almanaksins, hvað í það skuli taka og hvernig

útgáfu þess og útsölu skuli haga. Með sama hætti skal setja reglur um meðferð Almanakssjóðsins og um annað, sem lýtur að framkvæmd laga þessara og eigi er látið um mælt í þeim.

12. gr.

Einkarjettur sá, sem um ræðir í 1. gr., byrjar á útgáfu almanaks fyrir árið 1922.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur VII. kafli tilsk. 3. febr. 1836, svo og önnur fyrirmæli í lögum, sem koma kynnu í bága við lög þessi.

(A. III. 3).

Nd. **214. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um fasteignaskatt.

Frá Pjetri Ottesen, Þorl. Jónssyni, Jóni Sigurðssyni, Stefáni Stefánssyni, Pjetri Þórðarsyni og Birni Hallssyni.

1. Á eftir 9. gr. skal koma ný grein, er verður 10. gr., svo látandi:
   Af fasteignaskatti þeim, er greiða ber á árinu 1922 í hverju lögsagnarumdæmi um sig, skal þriðjungurinn renna í sýslu- eða bæjarsjóð.
2. 10. gr. verður 11. gr.

(A. XXX, 10).

Nd. **215. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þskj. 198 (Fjáraukalög).

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. Í stað orðanna »Hornafjarðar og Seyðisfjarðar« komi:
   Hornafjarðar og Skála á Langanesi.
2. Í stað orðanna »og Suður-Múlasýslum« komi:
   og Múlasýslum.

(A. XXVII, 7).

Nd. **216. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

Frá mentamálanefnd.

Í lögunum frá 1917 um stofnun alþýðuskóla á Eiðum var svo ákveðið, að búnaðarnámsskeið skyldi haldið við skólann á hverju hausti og vori. Nú hefir stjórnin flutt frv., eftir ósk forstöðumanns Eiðaskóla, um að námsskeið þetta skuli að eins haldið á vorin, og færir til ástæður í aths. við frv. Er hjer vísað til þeirra ástæðna. Öll nefndin hefir fallist á að mæla með þessari breytingu.

Háttv. efri deild hefir bætt 2. gr. við frv. þetta. Í lögunum um stofnun alþýðuskóla á Eiðum frá 1917 er svo ákveðið, að auk skólastjóra skuli skipaður einn kennari við skólann, en þar að auki skuli sjeð fyrir nægilegri tímakenslu og búnaðarkenslu við námsskeiðin haust og vor. Síðan alþýðuskólinn var stofnaður á Eiðum, hefir verið mjög mikil aðsókn að honum, en ekki nema helmingur umsækjenda, sem sótt hafa um skólann, hafa getað fengið inngöngu í hann, vegna húsnæðisskorts. En á þessu verður ráðin bót, þegar ríkið sjer sjer fært að byggja hús þau, sem ákveðið er, að bygð verði samkvæmt lögum um húsagerð ríkisins. Auk fastakennaranna við skólann hefir stjórnin ráðið þessi árin, sem hann hefir starfað sem alþýðuskóli, einn aukakennara. Var sá maður búinn að vera nokkur ár kennari við skólann, meðan hann var búnaðarskóli, og hefir alment álit, bæði nemenda sinna og allra, sem til hans þekkja, sem afbragðs kennari. Verði breyting sú samþykt, sem háttv. efri deild hefir gert á frv. því, sem hjer er um rætt, þá verður þessi maður gerður að fastakennara við skólann. Telur meiri hluti nefndarinnar þessa breytingu nauðsynlega og mælir því með henni. Vegna búnaðarnámsskeiðsins þarf skólinn á búnaðarkennara að halda, en þessi kennari er búnaðarkandídat. Um mikinn aukinn kostnað er hjer ekki að ræða, þótt breyting þessi verði samþykt. Stjórnin hefir greitt aukakennaranum nálægt 3000 kr. um árið, en verði hann gerður að fastakennara, þá fær hann 2000 kr. árslaun, að viðlagðri dýrtíðaruppbót af þeim launum. Það getur ekki talist sanngjarnt, að þessi kennari hafi minni laun en hinn kennarinn. Einn nefndarmanna, Jón Þorláksson, leggur á móti þessari breytingu á lögunum á þessu þingi, af þeirri ástæðu, að öll alþýðuskólamál landsins sjeu í rannsókn hjá milliþinganefnd.

Alþingi, 2. apríl 1921.

Bjarni Jónsson frá Vogi, formaður.	Þorsteinn Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Þorláksson. Eiríkur Einarsson. Magnús Jónsson.

(B. XXV. 3).

Ed. **217. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Svarfdælahreppi kirkjujörðina Upsir í Svarfaðardal, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

(B. XXI, 4).

Ed. **218. Breytingartillaga**

við frv. til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Frá mentamálanefnd.

Við 12. gr.
Fyrir »1922« komi:
1923.

(A. XLVIII. 3).

Nd. **219. Lög**

um veiting ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Ríkisborgararjettur veitist prestinum Jóhanni Martin Meulenberg í Landakoti í Reykjavik, sem fæddur er í Þýskalandi.

(B. XVII, 2).

Nd. **220. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta allrækilega og auk þess leitað umsagnar framkvæmdarstjóra Brunabótafjelags Íslands, sem jafnframt hefir á hendi stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs sveitarfjelaga.

Í frumvarpinu felast tvær aðalbreytingar, að hækka hámark vátryggingarupphæðarinnar, og að heimila vátryggingarsjóðunum að taka að sjer vátryggingu á nokkrum hluta af lausafje vátryggjenda. Nefndin og framkvæmdarstjóri eru á einu máli um það, að 6 þús. króna hámark sje mikils til of lágt. Síðan þetta ákvæði var sett, fyrir tæpum 16 árum, hefir verðgildi peninga rýrnað mjög mikið, en samtímis hafa húsakynni batnað, breytingin því orðið tvöföld og báðar þann veg að gera þetta hámark óviðunandi. Af þessu hefir leitt, að margir hafa fengið undanþágu frá þessu ákvæði, en sennilega þó öllu fleiri, sem aðeins hafa vátrygt dýrustu bæjarhúsin, til þess að virðingarverðið færi ekki fram úr lögákveðnu hámarki, og eiga því óeðlilega mikið á hættu.

Byggingarefni og vinna mun nú að minsta kosti 3—4 sinnum dýrari en 1905, svo ef miðað væri við núgildandi verðlag, mundi óhætt að setja hámarkið miklum mun hærra en gert er í frumvarpinu. Á hinn bóginn er það talið líklegt, að veruleg verðbreyting sje nú í vændum, enda nokkurt verðfall þegar byrjað, og því ástæðulaust að miða við núverandi verðlag. Nefndin hyggur því, að hámark það, sem sett er í frumvarpinu, muni hæfilegt eftir atvikum.

Að því er snertir ákvæðin um heimild til lausafjártryggingar var nefndin á einu máli um það, að verðmæti lausafjár í sveitum væri orðið svo mikið, að full þörf væri á vátryggingu. Að fengnum upplýsingum brunamálastjóra gerir nefndin þó ekki ráð fyrir, að heimild þessi verði notuð fyr en kostur er á endurtryggingu erlendis, en slík endurtrygging hefir brunamálastjóri tjáð nefndinni að hafi verið ófáanleg undanfarin ár, sem mun þó aðallega stafa af ófriðnum. Það er talið líklegt, að breyting sje í vændum í þessu efni, og telur nefndin því óráðlegt að fella burt ákvæðin um lausafjártryggingu, en treystir því, að stjórnin geri sitt ýtrasta til þess að þetta ákvæði frumvarpsins geti komið sem fyrst til framkvæmda.

Samkvæmt skýrslu brunamálastjóra hafa alls 43 hreppar komið á fót brunabótasjóðum og endurtryggja í hinum sameiginlega brunabótasjóði; en sjóðurinn er nú aðeins um 47 þúsund krónur, eða rúmar 1 þúsund krónur á hvern hrepp að meðaltali. Nefndin lítur svo á, að sjóðurinn sje mikils til of lítill, borinn saman við ábyrgðina, sem á honum hvílir, og því sje óvarlegt að auka ábyrgð sjóðsins, nema því aðeins, að sjeð sje fyrir tekjuauka. Nefndin leggur því til, að ríkissjóður leggi fram 10 þús. krónur til hins sameiginlega brunabótasjóðs, til

viðbótar við þær 10 þús. krónur, sem hann lagði fram, er sjóðurinn var stofnaður. Auk þess vill nefndin leggja áherslu á, að stjórnin láti endurskoða reglugerð brunabótasjóða sveitarfjelaga og hækka iðgjöldin hæfilega, svo að sjóðirnir verði færari um að inna af hendi þær skuldbindingar, sem á þeim hvíla.

Í samræmi við það sem skýrt hefir verið frá hjer að framan, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   Í stað »20 krónum« komi:
   50 krónum.
2. Við 6. gr.
   Fyrir »kveður« komi:
   dómkveður.
3. Við 6. gr.
   Fyrir »1 kr.« komi:
   kr. 2,50.
4. Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verður 9. gr., svo látandi:
   Í stað orðanna: »Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr landssjóði« í niðurlagi 17. gr. komi:
   Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20. þús. krónur.
5. 9. gr. verði 10. gr. og 10. gr. verði 11. gr.
6. Á eftir 10. gr. komi ný gr., er verður 12. gr., svo látandi:
   Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma þó ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.
7. 11. gr. verði 13. gr.

Alþingi, 1. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Jón Sigurðsson, framsögumaður.

Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(B. VIII. 4).

Ed. **221. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

Frá fossanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til að það verði samþykt óbreytt.

Samt sem áður þykir nefndinni rjett að geta þess, að hún álítur orðið »óhæfilegir« í 2. gr. nokkuð teygjanlegt, en ekki sjeð ástæðu til að því yrði breytt.

Enn fremur er í frv. hvergi getið um, hve lengi virkjun megi dragast frá þeim tíma, er leyfi til virkjunar er fengið; en þar sem sýslufjelög eiga hjer hlut að máli, rafmagnið er eingöngu ætlað til almenningsnota og nefndin gerir ráð fyrir, að þetta atriði yrði fram tekið í leyfi ráðherra, getur hún fallist á, að nánari ákvæði um þetta sjeu ekki tekin upp í frv.

Alþingi, 2. apríl 1921.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Guðm. Guðfinnsson, skrifari og framsögumaður. Hjörtur Snorrason.

Sigurjón Friðjónsson. Guðm. Ólafsson.

(B. X, 3).

Ed. **222. Nefndarálit**

um frv. til laga um biskupskosningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það sje samþ. óbreytt. Ritvilla er í niðurl. 3. gr., »og« fyrir sem, er leiðrjettist við endurprentun.

Alþingi, 2. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari. Sig. Eggerz, fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson.

(A. XL, 3).

Nd. **223. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

d. Opium, morfin, cócain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:

Í stað 4. gr. a. og b. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 20 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum . . . 40 —
ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum . . 60 —

Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 30 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna	20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er	10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað »20 aurar« 50 aurar.

Í stað 4. gr. d. og e. komi:

d. Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð	30 aurar
yfir 25 kr. alt að 100	60 —

og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

Fyrir símapóstávísanir skal greiða 100% meira, eða tvöfalt ávísanaburðargjald.

e. Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

Á eftir 4. gr. f. bætist:

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna, nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem póstlög.

(A. XXX, 11).

Nd. **224. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1016533 kr. 56 a, til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 9500 kr.

Til Ara sýslumanns Arnalds ... ... kr. 9500,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 178000 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	17000,00
3.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
4.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
5.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
6.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
	Samtals:	kr.	178000,00

4. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 246000 kr.

1.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	kr.	300,00
2.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
3.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
4.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
5.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
6.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
7.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
8.	Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
9.	Til mótorbátaferða milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar árið 1921 Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndanna í Austur-Skaftafells- og Suður-Múlasýslum.	—	15000,00
10.	Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921	—	60000,00
11.	Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
	Samtals:	kr.	246000,00

5. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 97103 kr. 24 a.

1.	Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum...	kr.	8000,00
2.	Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ... Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.	—	11000,00
3.	Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
4.	— utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
5.	Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
6.	Þóknun fyrir starf mentamálanefndar	—	10000,00
7.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
8.	Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann...	—	300,00
9.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
10.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
11.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
12.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
13.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
14.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
15.	Dýrtíðaruppbót til Páls Erlingssonar sundkennara fyrir árið 1920	—	1800,00
	Samtals:	kr.	97103,24

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 108490 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristianíu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni ...	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
9.	Styrkur til Ásmundar Sveinssonar, til framhaldsnáms við listaháskólann í Stokkhólmi	—	1000,00
10.	Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara	—	1500,00
11.	Styrkur til Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, til suðurgöngu	—	2000,00
12.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
13.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
	Flyt:	kr.	94265,19

	Fluttar:	kr.	94265,19
14.	Dýrtíðarbót til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar...	—	3000,00
15.	Til sama manns. Endurgreiðsla á prentkostnaði..	—	725,33
16.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)...	—	2000,00
17.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ...	—	1500,00
18.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00
19.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms..	—	2000,00
20.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00
21.	Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits...	—	1000,00
	Samtals:	kr.	108490,52

7. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 157219 kr. 90 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
6.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
7.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
8.	Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar	—	29000,00
9.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
10.	Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... þó ekki yfir helming kostnaðar.	—	5000,00
11.	Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	—	8000,00
	Samtals:	kr.	157219,90

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 19710 kr. 90 a.

1.	Eftirlaun handa Sigurði Jónssyni fyrv. atvinnumálaráðherra, 3000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir 3. gr. launalaganna ...	kr.	12619,90
2.	Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur...	—	900,00
3.	Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils	—	500,00
4.	Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2400 kr. ásamt dýrtíðaruppbót samkvæmt launalögum...	—	5700,00
	Samtals:	kr.	19719,90

9. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 200500 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar ... ... kr. 200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín ... ... — 500,00

Samtals: kr. 200500,00

10. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til að reisa íbúðarhús í Borgarnesi, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 30 ára og ávaxtast með 5%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 28 árum.
2. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
3. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.

(A. XXIII, 3).

Ed. **225. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 41. gr.

Orðin »hafði eigi aflað undanþágu samkvæmt 2. málsgr. 10. gr.« í fyrri málsgr. falli niður.

(A. V, 4).

Nd. **226. Nefndarálit**

um frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta lagði háttv. ríkisstjórn fyrir hv. Ed., og hefir það tekið þar nokkrum breytingum.

Fyrsta breytingin er, að felt er niður hámark launa, sem greitt sje af ársgjald í lífeyrissjóð, sbr. 2. málsgr. 3. gr. stjórnarfrv. Í þess stað á nú að gjalda af allri launaupphæðinni.

Í samræmi við þessa breytingu er einnig felt úr hámark lífeyris, sem ekkjur geta fengið úr sjóðnum, samanber síðari málsgr. 5. gr. stjórnarfrv.

Nefndin telur þessar breytingar sanngjarnar.

Eftirlaun voru afnumin með lögum nr. 72, frá 28. nóv. 1919, þegar stofnaður var lífeyrissjóður embættismanna, nema þeirra, sem þá sátu í embættum.

Leifar af þessum eftirlaunarjetti eru samt í lögum nr. 73 frá sama ári, um ekkjutrygging embættismanna, þar sem þær eiga að njóta úr ríkissjóði $^1/_{10}$ hluta lágmarkslauna manna þeirra, að þeim látnum. Þetta ákvæði er einnig í frv. því, er hjer liggur fyrir.

Nefndinni virðist þetta andstætt stefnu Alþingis undanfarið og kröfu landsmanna um afnám eftirlauna, og telur því rjett, að þetta sje felt úr lögunum. En til þess að ekkjurnar missi einskis í við þessa breytingu, vill nefndin að hækkað verði árlegt gjald embættismanna í sjóðinn um 1%, eða í stað 7% í 3. gr. komi 8%.

Í samræmi við þetta leggur nefndin til, að lífeyrir, sem ekkjur fá úr sjóðnum, hækki úr $^1/_5$ í $^3/_{10}$.

Með þessu móti halda ekkjurnar sömu lífeyrisupphæð, þótt þessi $^1/_{10}$ úr ríkissjóði verði feldur niður. En auðvitað kemur þetta dálítið harðar niður á embættismönnum en áður hefir verið.

Eftir frv. stjórnarinnar átti t. d. embættismaður með 5000 kr. launum að greiða 350 kr. í sjóðinn, en eftir breytingu nefndarinnar kr. 400,00.

Þessi breyting virðist í fylsta samræmi við ellistyrktarsjóðslögin, þar sem vinnuhjú og lausafólk greiðir árlegt gjald í sjóðinn og nýtur svo nokkurs hluta vaxtanna til styrktar sjer. En landssjóður leggur sjóðnum styrk á svipaðan hátt og stofngjald lífeyrissjóðsins.

Nefndinni virðist launakjör embættismanna muni nú vera svo sómasamleg, eftir launalögunum frá 1919, að þeir eigi að geta annast lífeyristrygging ekkna sinna að öllu leyti. Enda er það tekið fram á 4. bls. í aths. stjórnarinnar við frv., að embættismenn viðurkenni þetta fullkomlega.

Er því rjett að færa frv. í það horf nú, þegar lög nr. 72 og 73 frá 1919 eru sett saman í eina heild.

Hv. Ed. hefir gert þá breytingu á 3. málsgrein 8. gr. frv., að hækka ár-

legan styrk eftirlifandi barna embættismanna um helming. Nefndin leggur til, að hann verði færður í sama horf og hann var í frv. stjórnarinnar. Sama er að segja um breytingu á 11. gr. Ræður því nefndin hv. deild til að samþykkja frv. með breytingum þeim, er hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr.
   Fyrir »7%« í fyrri málsgr. komi:
   8%.
2. Við 5. gr.
   Fyrir »1/5« í síðari málsgr. komi:
   3/10.
3. Við 8. gr.
   Fyrsta málsgr. falli burt.
4. Við 8. gr.
   Fyrir »100—200 kr.« í þriðju málsgr. komi
   50—100 kr.
5. Við 10. gr.
   Tölul. 4 falli burt.
6. Við 11. gr.
   Fyrir »200—400« komi:
   100—200.

Alþingi, 4. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Hallsson, skrifari og framsm. Þjetur Ottesen.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson.

(A. XXXV, 5).

Nd. **227. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er komið frá hv. Ed. og hefir tekið þar nokkrum breytingum.

En af þeim breytingum er þó ekki nema ein efnisbreyting, sem sje sú að kipt er í burtu úr 3. gr. ákvæðinu um það, að ef árslaunin nema meiru en 3000 kr., þá greiðist ekkert gjald af því, sem er fram yfir þessa upphæð.

Samskonar breyting hefir og verið gerð á frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, og sjer nefndin ekki ástæðu til að mæla því í gegn.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Einar Þorgilsson.
Pjetur Ottesen, framsögum.	Stefán Stefánsson.	

(B. VII, 4).

Ed. **228. Nefndarálit**

um frumv. til laga um skifting Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur ekki lagt með því, að frumv. þetta verði samþykt að þessu sinni. Hún lítur svo á, að nú þurfi að forðast sem allra mest öll ný útgjöld úr ríkissjóði og hefir nýlega lagt á móti frumv. um fjölgun læknishjeraða, aðallega af þeirri ástæðu. Og þó líkur sjeu færðar til þess, að Ísafjarðarprestakall sje nú eitt af erfiðustu prestaköllum á landinu, virðist nefndinni ekki komin fram fullgild rök fyrir því, að nauðsynlegt sje að skifta því nú þegar.

Alþingi, 3. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz.	Jóh. Jóhannesson.

(B. XLV, 1).

Nd. **229. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. Undanskilið sölunni er íbúðarhús prestssetursins og önnur jarðarhús, heimatúnið þar, c. 32400 m², haglendi fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi, eftir þörfum hans.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu árið 1919 og er í Alþingistíðindunum fyrir það ár, A. I. þingskjal 212, bls. 644 til 647.

Samkvæmt þeirri breytingu, sem efri deild hefir gert á frumvarpinu um sölu Upsa í Svarfaðardal, er numin burt 2. gr. frumvarpsins frá 1919.

(B. XXXIV, 2).

Ed. **230. Lög**

um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu Hólsá, og nær verslunarsvæðið það an yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir. Að norðanverðu bein lína frá hinum forna Traðarbæ í stekkjartóftina á svo nefndum Bólum, og bein sjónhending það an til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

(B. XX. 3).

Ed. **231. Lög**

um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upphæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið lægra en 1% og eigi hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og eigi lægra en ½ % og eigi hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinni lögskipuðu fast-

eignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignanefnd, eftir því sem við á, hve mikið af verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþyktar af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði um lóðargjald af bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

(A. XL, 4).

Nd. **232. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

Flutningsm: Ólafur Proppé.

Við 2. gr. stafl. d., síðari málsgr.: »Fyrir símapóstávísanir« o. s. frv. Málsgreinin falli burt.

Til vara:

Málsgreinin orðist svo:

Fyrir símapóstávísanir skal greiða 50% hærra gjald en fyrir venjulegar póstávísanir.

(A. XXXVII. 4).

Nd. **233. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um varnir gegn berklaveiki.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 5. gr.

Þriðja málsgr. »Nú vill . . . lögum þessum« orðist svo:

Enginn má taka börn til kenslu nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi frá yfirvaldi, og skal það leyfi ekki veitt nema hann sýni læknisvottorð um, að hann sje ekki með smitandi berkla, og má vottorð það ekki vera eldra en mánaðargamalt. Nú er maður ráðinn á heimili til að

kenna börnum, og skal húsráðandi þá heimta þetta vottorð af honum, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

2. Við 11. gr.

Önnur málsgr.: »Konur . . .« o. s. frv. orðist svo:

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má vistast á heimili o. s. frv.

3. Við 13. gr.

Seint í 4. málsgr. milli »enda« og »leggur« komi:

hafi til þess samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar og.

4. Við 16. gr.

Niðurlagið frá »Einnig þeir, sem sýna« falli burt.

(A. VI, 4).

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað. Hið sama er um allskonar áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4$% af vínanda að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak eða áfengi, ef með hið síðarnefnda er farið samkvæmt bannlögum og tóbaksbirgðir eru eigi að áliti lögreglustjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 12. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Áfengi má hún að eins selja lyfsölum og læknum, er hafa lækningaleyfi, og þeim öðrum, sem bannlög heimila. Um tókakssöluna og áfengissöluna gefur landsstjórnin nánari reglur. Landlæknir skal gera tillögur um áfengissöluna.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

5. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur um í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um tóbaksbirgðir þær og áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

6. gr.

Verslunin skal leggja frá 25 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi selst án hagnaðar.

7. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna toll af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, sem varan fyrst er flutt í land og á þann hátt og á þeim tíma, sem tolllög mæla fyrir.

8. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af nefndum vörum. Kostnað af sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð í smásölu á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(A. I, 2).

Ed. **235. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hlutafjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir farið yfir frumvarp þetta á allmörgum fundum og leggur til, að það verði samþykt með nokkrum smábreytingum, sem grein verður gerð fyrir í framsögunni, og einni verulegri efnisbreytingu, um atkvæðisrjett hluthafa. Samkv. frumv. má í samþyktum fjelaganna ákveða, hvernig atkvæðisrjetti hluthafanna sje fyrirkomið, en sjeu engin ákvæði í þeim um þau efni, þá fara atkvæðin eftir tölu hlutanna, þannig að hver hluthafi fær atkvæðisrjett eftir hlutamagni sínu. Nefndin leggur til, að þær takmarkanir sjeu settar í þessu efni, að enginn hluthafi megi fara með meira en fimtung atkvæða. Samskonar ákvæði eru í sænsku hlutafjelagslögunum frá 1912. Með þessu ákvæði er girt fyrir, að einstakir hluthafar, sem ráða yfir miklu fjármagni, geti orðið einvaldir í fjelögunum, með því að kaupa upp meiri hluta hlutanna, enda vafasamt hvort slíkt einveldi sje heppilegt fyrir fjelögin. Í einu hlutafjelagi hjer á landi, Eimskipafjelaginu, hefir stærsti hluthafinn, ríkissjóður, ekki atkvæðamagn eftir tölu hluta sinna, og mun það af fjelagsins hálfu hafa verið gert að skilyrði fyrir hluttöku ríkissjóðs í fjelaginu, að svo yrði um hnútana búið, að hann yrði ekki einráður í fjelaginu. Fyrir framþróun fjelaganna virðist það hyggilegra, að yfirráðin í þeim geti ekki skyndilega færst á nýjar hendur, þó einhver hafi afl til að ná í meiri hluta atkvæða í fjelaginu.

Að öðru leyti skal tekið fram, að frumv. þetta er að mestu þýtt úr dönsku hlutafjelagslögunum frá 1917. En áður en þau lög voru sett hafði nefnd, sem skipuð var sjerfræðingum, fjallað um þau. Auðvitað er það ofverk þingnefnd, sem hlaðin er störfum, að rannsaka ýtarlega jafn mikið mál eins og hjer er um að ræða. Til þess hefði meðal annars verið nauðsynlegt að rannsaka annara þjóða löggjöf í þessu efni, en á því hefir auðvitað verið mjög lítill kostur. Aftur er nefndinni ljóst, að þörfin á almennum hlutafjelagslögum er hjer brýn. Árið 1914 samþ. Alþingi áskorun til stjórnarinnar um það efni. Og frá þeim tíma hefir alt viðskiftalíf vort orðið stærra og margbrotnara, og hlutafjelögum stöðugt fjölgað. Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir stjórnafrv., þá hafa hlutafjelögin oft orðið til þess, að ýmsum stórnauðsynjafyrirtækjum hefir orðið komið í framkvæmd, því sökum þess að áhætta þeirra, sem fje leggja í fjelagið, er að eins bundin við hið framlagða eða lofaða fje, þá hafa þeir orðið ódeigari að styðja fjelagsskapinn en ella hefði orðið. En eins víst er það, að hlutafjelögin hafa verið notuð í fjárglæfraskyni, og er það hlutverk löggjafarinnar að vernda almenning

sem mest frá slíkum glæfrum, með því að fyrirskipa, að ýms opinber skilríki liggi fyrir um stofnun og starfsemi fjelaganna. Hins vegar má ekki hindra eðlilega framþróun þeirra, með því að sníða þeim of þröngan stakk. Nefndin lítur nú svo á, eins og tekið hefir verið fram, að frumvarp þetta sje til bóta. En reynslan mun fyrst sýna það, ef frumvarpið verður að lögum, hvort einhver ákvæði vantar í það, sem lífið gerir kröfu til, eða einhverjum ákvæðum er ofaukið. Og þar sem þessi löggjöf er svo ný, má búast við, að endurskoða þurfi lögin hið bráðasta. Nefndinni hefir þó ekki þótt ástæða til að setja ákvæði í frumvarpið um endurskoðun á þeim innan ákveðins tíma, enda auðvitað, að breytingar verða gerðar á lögunum eftir því sem þörf viðskiftalífsins krefur, þegar nokkur reynsla er fengin fyrir þeim.

Við frumv. gerir nefndin svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 4. gr.
   Fyrir »500 kr. hver« í 2. málsgr. komi:
   2000 kr. alls.
2. Við 24. gr.
   Aftan við gr. bætist:
   Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.
3. Við 26. gr.
   a. Fyrir orðin »sú skylda ekki heimiluð í« í 2. málsgr. komi:
      það ekki skylt eftir.
   b. Á eftir orðunum »Nú greiðir stjórnin« í upphafi síðustu málsgr. komi:
      verð hluta.
   c. Í stað orðanna »3. málsgr. í *fyrsta og öðrum málslið* sömu málsgr. komi:
      2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr.
   d. fyrir »3« í síðasta málslið sömu málsgr. komi:
      2.
4. Við 31. gr.
   Á eftir greininni komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enginn hluthafi getur átt meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu.
5. Við 33. gr.
   Á eftir 3. málsgr. komi nýr málsl., er verði síðari málsl. sömu málsgr., svo hljóðandi:
   Sömuleiðis má hafa sjerstaka sjóði til tryggingar greiðslu bankavaxta af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.
6. Við 38. gr.
   Fyrir orðin »vísir vitendur« í fyrstu málsgr. komi:
   vísvitandi.
7. Við 41. gr.
   Fyrir »2.—5. málsgr.« í 2. málsgr. komi:
   2.—6. málsgr.

8. Við 46. gr.
Fyrir orðið »skifti« í 2. tölul. komi:
viðskifti.

9. Við 48. gr.
Fyrir orðið »einhverju« komi:
hverju.

10. Við 60. gr.
Fyrir 1.—5. málsgr. komi:
Um borgun fyrir störf, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Alþingi, 4. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. Jóh. Jóhannesson. Sig. Eggerz, fundaskrifari og ritari.

(A. XXX, 12).

Nd **236. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Þorleifur Guðmundsson.

Við 8. gr.
1. liður falli burt.
Til vara:
Fyrir »12619,90« í sama lið komi:
6000 kr.

(A. XXV. 2).

Ed. **237. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá nefndinni (lyfjasölunefnd).

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið á eitt sátt um það, að ráða háttv. deild til að samþykkja það með þeim breytingum, sem tilfærðar eru hjer á eftir.

Við athugun máls þessa, sem er vel undirbúið, var nefndinni þegar ljóst, að hjer er um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Mælingar þær á bæjarstæðum,

sem hingað til hafa verið gerðar, eru næsta lítils virði meðan skipulag bæjanna er ekki einnig fast ákveðið. Bæjarstjórnir og byggingarnefndir eru mjög breytingum undirorpnar, og vel gæti svo farið, að það, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd bæjar hefir uppbygt í þessu tilliti, það rífi næsta nefnd niður, og svo koll af kolli. Svo má og geta þess, að hingað til hafa fæst kauptún mæld verið, svo nokkur mynd sje á, og óvíst að það verði gert í bráð, ef bæjarstjórnir og hreppsnefndir væru látnar ráða. En mælingar eru alveg nauðsynlegar áður en skipulag um byggingu bæjarins verður fastráðið, og þangað til verða auðvitað allar ráðstafanir bæjarstjórna eða annara, sem ráða um byggingu bæja og kauptúna, mjög svo af handa hófi. Þetta leiðir til þess, að flestir bæir og kauptún eru nú mjög illa bygð og illa niðurskipað byggingum og götum. Að koma þessu í sem haganlegast horf sem fyrst er mjög áríðandi fyrir hvert kauptún og sparar því og einstökum mönnum þar stórfje, auk þess sem það gerir þrifnað mögulegan og eykur fegurð þess. Það þarf ekki nema að nefna vegagerðir og viðhald vega, ræsagerð, allskonar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatnsveitur, raflýsingarleiðslur o. þ. l., sem alt er nauðsynlegt til hagnaðar og þrifa bæjarbúum, það þarf ekki nema að minnast á þetta til að sanna, að með hentugu skipulagi bæjarins sparast stórfje í stofnkostnað á framkvæmd þessara hluta, og árlegt viðhald að sama skapi, er borið er saman við það skipulag, sem hingað til hefir víðast átt sjer stað. Um þetta og ýmislegt fleira má vísa í ástæðurnar fyrir frumvarpinu. Þetta finst nefndinni liggja svo í augum uppi, að henni finnast mælingarnar lítils virði, verði ekki jafnframt komið á skipulagi um byggingu bæjarins.

Um breytingartillögur nefndarinnar virðist að eins þurfa að taka fram, að nefndin telur það rjett, að greitt verði úr ríkissjóði nokkru meira af kostnaðinum en frumvarpið gerir ráð fyrir, og færir fyrir því sjerstaklega þá ástæðu, að ríkisstjórnin á að hafa alla framkvæmd laganna með höndum og hún ákveður, hve nær mælingar fara fram og skipulagsuppdrættir er gerðir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr.
   Greinin orðist svo:
   Allur kostnaður við mælingar og uppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrir orðin »hálfs árs« komi:
   hæfilegum.
   b. Fyrir »Allir ..... 1926« komi:
   og hve nær eftirrit af þeim og lýsingum, sem þeim fylgja, skuli send stjórnarráðinu.
3. Við 5. gr.
   Fyrir orðin »svo og opin ræsi« í niðurlagi b-liðs komi:
   opin ræsi og síma- og rafmagnsleiðslur.
4. Við 6. gr.
   Greinin falli burt.

5. Við 9. gr.
   Á eftir orðunum »atvinnurekendur bæjarins« í 2. málslið komi: heilbrigðisnefnd, ef til er.
6. Við 10. gr.
   Fyrir orðin »en lokið skal ..... 1932« komi:
   og hve nær þeim skuli lokið.
7. Við 11. gr.
   Greinin orðist svo:
   Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti greiðist að tveim þriðju úr ríkissjóði, að einum þriðja úr bæjar- eða hreppssjóði.
8. Við 13. gr.
   Aftan við greinina bætist:
   ásamt þeim skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, eða eftirriti af þeim.
9. Við 15. gr.
   a. Fyrir orðin »5 manna« í 1. málsgr. komi:
      3 manna.
   b. Orðin »einn kaupmaður eða útvegsmaður« í sömu málsgr. falli burt.
10. Við 16. gr.
   a. Fyrir orðin »14. gr.« í 1. málslið komi:
      15. gr.
   b. Orðin »kunna að« í 2. málslið falli burt.
11. Við 23. gr.
   Orðin »á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða hreppssjóðs« í 3. málslið fyrri málsgreinar falli burt.
12. Við 25. gr.
   Fyrir orðin »og hús« komi:
   geymsluhús, peningshús, hjalla og önnur útihús.
13. Við 26. gr.
   Greinin falli burt.
14. Við 31. gr.
   Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum er úr gildi feld málsgrein A og B í 6. gr. laga nr. 19, 20. október 1905, um byggingarsamþyktir.
15. Greinatalan og tilvitnanir breytast samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 4. apríl 1921.

Karl Einarsson,	H. Steinsson,
form. og framsm.	fundaskrifari.

Guðm. Guðfinnsson.

(C. IX. 3).

Ed. **238. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, svo fljótt sem unt er, og gera áætlun um dýpkun hafnarinnar við Suðureyri í Súgandafirði.

(B. XXI, 5).

Nd. **239. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 213 með breytingunni á þskj. 218.

(A. II, 5).

Nd. **240. Frumvarp**

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, og sje búið tekið til skifta hjer á landi, skal gjalda skatt í ríkissjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafje, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, svo og af fjórðungshluta, ef ráðstafað hefir verið með arfleiðsluskrá til annara, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $1^1/_4$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^1/_2$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_4$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 10 af hundraði.

B. Af erfðafje, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A., skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 5½ af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um ½ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafje, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er eigi heyra undir staflíðina A. og B., eða til fjarskyldari erfingja, eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 11 af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafje, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, fjelaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og enn fremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Enn fremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða rjettindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfje og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hjer á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til ríkissjóðs. Skip, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sjer tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fje því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta,

og greiðist skatturinn af erfðafje þeirra erfingja, er þá taka arf, í rjettu hlutfalli eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meiru en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafje, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleika þess við hið látna.

Af erfðafje, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðafjeð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni tífaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en ef endurgreiðslan er miðuð við ákveðna áratölu, skal margfalda fjárhæðina með áratölunni, þó aldrei meira en 25 árum, en sje fjárgreiðslan ævarandi, skal hún tuttugu og fimm földuð.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sjerstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er útrunninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafaarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber af búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá aðeins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleika erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslur skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eignum búsins og skuldum þess og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig fjeð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gert og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur sjeu rjett samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sje erfðafjárskýrsla eigi send í rjettan tíma, skal skiftaráðandi setja brjeflega hlutaðeigendum frest til að gera skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sje rjett og send á rjettum tíma.

12. gr.

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skulu hinir lögskipuðu virðingarmenn sveitar- eða bæjarfjelagsins meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 1000 krónum. Í þeim tilfellum, að málið geti varðað þá að einhverju leyti eða þeir sjeu ekki til, skal skiftaráðandi útnefna óvilhalla menn eða mann í þeirra stað.

Ef skiftaráðandi álítur, að arfleifandi hafi afhent eða gefið fjármuni í lifanda lífi, sem greiða ætti af erfðafjárskatt samkvæmt 4. gr., getur skiftaráðandi krafist skriflega yfirlýsingar um það af hálfu þeirra, sem honum þykir líklegt að hlotið hafi þessa fjármuni. Ef einhver skorast undan að gefa slíkar skýrslur, skal skiftaráðandi brjeflega setja hlutaðeiganda frest til þess og leggja við dagsektir.

13. gr.

Allir embættismenn og aðrir, sem opinber störf hafa á hendi, sömuleiðis stjórnendur banka, vátryggingarfjelaga, hlutafjelaga, kaupfjelaga, sparisjóða og annara slíkra stofnana eða fjelaga, eru skyldir að gefa ókeypis, í fyrirskipuðu stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í tje látið og mega verða

skiftaráðanda að liði við starf hans, svo sem skýrslur um hlutabrjef, skuldabrjef, þinglesin eða óþinglesin, innieignir, veðvottorð o. s. frv.

Ef einhver skorast undan að gefa þær skýrslur, sem krafist er, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, uns skýrslurnar eru gefnar.

14. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

15. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922, og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt.

(B. XV, 5).

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar hafa allir karlar og konur, ef þau eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í sveitinni eða kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni, hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi.

Gift kona hefir kosningarrjett, þótt hún sje eigi fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins, ef hún uppfyllir að öðru leyti skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Með lögum þessum er feld úr gildi 3. gr. laga nr. 49, frá 30. nóvember 1914, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, þau er fara í bága við þessi lög.

(A. XXX, 13).

Nd. **242. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 7. gr.
   Á eftir 11. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Til Sigurðar Jónssonar fyrverandi ráðherra, í viðurkenningarskyni kr., 10000,00.
2. Við 8. gr.
   1. töluliður falli burt.
   Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

(B. XLIII, 3).

Nd. **243. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging sjómanna (þskj. 172).

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 3. gr. komi ný gr., sem verður 4. gr., svo látandi:
   Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr., sem verður 9. gr., svo hljóðandi:
   Nú er vanrækt að greiða iðgjöld í slysatryggingarsjóðinn samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og skulu þá sjómenn þeir, sem skylt var að tryggja, jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi útgerðarmaður skal skyldur að endurgreiða sjóðnum tryggingarfje það, sem sjóðurinn kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótrygðu en tryggingarskyldu sjómenn verða fyrir.
   Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.
   Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.
2. 4. gr. frv. verði 5. gr. og 5. gr. verði 6. gr.

(A. XXX, 14).

Nd. **244. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 4. gr. 10. lið.
   a. Á eftir »1921« komi:
   alt að.

b. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.

2. Við 8. gr. 4. lið.
Fyrir »2400 kr. . . . . 5700,00« í niðurlagi liðsins komi:
1200 kr. ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum kr. 2848,00.

(A. I, 3).

Ed. **245. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hlutafjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Við 38. gr.
Í stað orðanna: »ef hluthafar verða færri en 3« í 1. málsgr. komi:
ef hluthafar verða færri en 5.

(B. XXX, 2).

Nd. **246. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Samkvæmt 2. gr. frumvarps þessa má leggja aukaútsvar á óbreytta verkamenn, karla og konur, sem vinna hjá atvinnurekendum á Siglufirði aðeins mánaðartíma.

Þetta er nýmæli í bæjar- og sveitarstjórnarlögum vorum, sem nefndinni þykir mjög varhugavert.

Í flestum tilfellum mun kaup þessara manna svona stuttan tíma ekki nema mjög hárri upphæð. Flestir þessara manna lifa aðeins á handafla sínum, og þó þeir vinni fyrir allháu kaupi þennan stutta tíma, eða jafnvel þann tíma sumarsins, sem atvinna er mest á Siglufirði, getur verið alt öðru máli að gegna um aðra tíma ársins. Sumt þetta verkafólk eru fátækir fjölskyldumenn.

Aukaútsvör á að leggja á *eftir efnum og ástæðum* gjaldanda, og þess vegna má ekki miða þau eingöngu við tekjur gjaldþegnsins um örstuttan tíma af árinu, heldur og við aðrar ástæður hans og atvinnu. Þessar ástæður hljóta alloftast að vera ókunnar niðurjöfnunarnefnd, að því er kemur til utansveitarverkamanna, og þess vegna minni trygging en skyldi fyrir rjettlátri niðurjöfnun á þá.

Þar sem þeir aftur á móti hafa fast aðsetur eða heimili, er hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd kunnugt um hag þeirra, og því meiri líkindi til, að allar ástæður þeirra sjeu teknar til greina og útsvarið ekki eingöngu miðað við kaup þeirra lítinn tíma ársins.

Innheimta útsvaranna samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er nokkuð harkaraleg, þar sem taka má útsvörin lögtaki frests- og fyrirvaralaust, gagnstætt allri lagavenju hjer á landi. Oft getur því staðið svo á, að gjaldþegninn geti engum vörnum fyrir sig komið og verði því að greiða útsvarið, hversu ranglátt sem það kann að vera.

5. grein frumvarpsins stendur í sambandi við nýmælið í 2. gr.

1. gr. frv. telur nefndin rjett að samþykkja. Að vísu eiga ákvæði hennar fremur heima í hinum almennu launalögum, en með því að ákvæði launalaganna 1919 ná ekki til þessa embættismanns, virðist nefndinni ekkert því til fyrirstöðu að ákveða laun hans í bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

3. gr. frumvarpsins gerir kaupstaðnum hægra fyrir að ná útsvörum af þeim atvinnurekendum, sem dvelja þar um stundarsakir. Samskonar fyrirmæli eru í frumvarpi um breyting á bæjarstjórnarlögum Ísafjarðarkaupstaðar, sem hv. neðri deild hefir afgreitt til efri deildar á þessu þingi og telja má líklegt, að þar verði samþykt. Nefndin ræður því deildinni til að samþykkja þessa grein.

Samkvæmt þessu ræður nefndin því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu »skal« komi:
   frá 1. jan. 1921.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin falli burt.
4. Við 5. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson,	Björn Hallsson,	Stefán Stefánsson,
form. og framsm.	fundaskrifari.	með fyrirvara.

Einar Þorgilsson. Pjetur Ottesen.

(B. XXXIII, 2).

Nd. **247. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun lunda.

Frá allsherjarnefnd.

Friðunartími lunda er næsta óhagkvæmur. Fuglinn er friðaður að vorinu, þegar hann er nýkominn og er feitastur og því mestur slægur í honum. Með varptímanum er friðunartíminn úti, og má því veiða fuglinn allan varptímann. Þessi óhentugi friðunartími veldur því, að friðunarákvæðunum hefir verið lítill gaumur gefinn. Annars eru skiftar skoðanir um það, hvort friðun lunda sje nokkru nauðsynlegri en friðun svartfugls, sem aldrei hefir verið lögleidd. Lundinn spillir mjög víða slægjulandi varpeyjanna með sundurgreftri landsins; hins vegar sjest

ekkert högg á vatni, þó hann sje mikið veiddur. Kofnatekja er víða að leggjast niður; þykir hún ekki borga sig síðan kaup verkamanna hækkaði svo mjög. Sú veiði er og mjög ómannúðleg. Veiði fullorðna fuglsins er miklu mannúðlegri og fljótteknari.

Að vorinu kemur lundinn á mismunandi tíma, eftir því hvar er á landinu, og sama er um brottför hans að sumrinu, og því rjett að haga friðunartímanum nokkuð eftir því.

Nefndin telur rjett að veita sýslunefndum þá heimild, sem frumvarpið ræðir um, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður og framsm.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Stefán Stefánsson.

Einar Þorgilsson. Pjetur Ottesen.

(B. XXXVIII. 2).

Ed. **248. Lög**

um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Á Suðureyri, vestanmegin Tálknafjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(B. XXV. 4).

Nd. **249. Lög**

um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Svarfdælahreppi kirkjujörðina Upsir í Svarfaðardal, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

(A. XXIII, 4).

Ed. **250. Frumvarp**

til laga um stofnun og slit hjúskapar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kap.

Um festar.

1. gr.

Það eru festar, þegar karlmaður og kona hafa heitið hvort öðru eiginorði.

2. gr.

Nú slitna festar, og annað hjónaefna á aðallega sök á því, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa.

3. gr.

Nú verður festarkona þunguð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan, af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

4. gr.

Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns samkv. 8. og 9. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskylt samkvæmt 2. gr. nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna.

Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 3. gr., nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð þunguð.

5. gr.

Mál samkvæmt 2. og 3. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.

6. gr.

Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap.

Um hjónavígsluskilyrði.

7. gr.

Bannað er að vígja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

8. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið eða svift foreldraráðum, geðveikt eða hálfviti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo, sem hjer greinir, og þarf þá samþykki lögráðamanns.

9. gr.

Nú er maður sviftur lögræði, og má þá eigi vígja hann án samþykkis lögráðamanns.

10. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vígsluna, nema gild ástæða sje til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns).

11. gr.

Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vígja þann mann.

12. gr.

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi) eða holdsveiki, og má þá eigi vígja það, nema því að eins að hinu sje kunnugt um sjúkdóminn, enda hafi læknir lýst sjúkdómshættunni fyrir báðum.

13. gr.

Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin.

14. gr.

Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

15. gr.

Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti.

16. gr.

Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir.

17. gr.

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sje af völdum bónda síns eða 10 mánuðir sjeu liðnir frá samvistaslitum.

18. gr.

Nú hefir annað hjónanna verið gift og fjárfjelag með hjónunum þá er

hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiftaráðandi hafi tekið búið til skifta eða einkaskiftum sje lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sjerstaklega á.

III. kap.

Um lýsingu.

19. gr.

Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sje áður með hjónaefnunum.

Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hjer á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hjer á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur

20. gr.

Lýsing má ekki fara fram, nema því að eins, að vígslumaður hafi fengið fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við fyrirmæli 7.—18. gr. Til tryggingar skal hann krefja hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgist, að engin hindrun sje til fyrir hjónabandinu. Stjórnarráðið getur þó leyft vígslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna. Neiti vígslumaður lögmæti framlagðra skilríkja, getur hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeraðsdómara um ágreininginn.

21. gr.

Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst.

Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim.

22. gr.

Lýsing fer fram með auglýsingu á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaust, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera 3 vikur.

Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar.

Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins.

23. gr.

Meinbugum skal lýsa fyrir vígslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar.

24. gr.

Nú er lýsingarfrestur liðinn og engum meinbugum lýst, og fær vígslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um að engum meinbugum hafi verið lýst.

25. gr.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi.

26. gr.

Vígslumanni bera 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vígslumaður lætur öðrum vígslumanni í tje. Landssjóður leggur til töflur undir lýsingar.

Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar og ferðakostnaður að auki, eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur í því skyni.

IV. kap.

Um hjónavígslu.

27. gr.

Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum vígslumanni.

28. gr.

Kirkjuleg vígsla er heimil,

1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til,
2. innan annars löggilts trúfjelags hjer á landi, heyri annað hjónaefna trúfjelaginu til.

Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelisk-lúterskum mönnum sama rjett til kirkjulegrar vígslu, sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

29. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Slíkt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annara hjerlendra trúfjelaga.

Þjóðkirkjuprestur er því að eins skyldur að vígja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sje annað sóknarbarn hans.

Nú þykist prestur eigi mega vígja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vígja þau.

30. gr.

Borgaraleg vígsla er öllum rjettkræf, jafnt þeim, sem eiga heimting á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

31. gr.

Borgaralega vígslu annast sýslumenn og bæjarfógetar, og er þeim skylt að vígja jafnt utanhjeraðsmann sem innanhjeraðs. Heimilt er þeim að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð.

32. gr.

Vígsla má eigi fara fram fyr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 25. gr., enda heimti vígslumaður vottorð um lýsingu samkvæmt 24. gr., nema hann hafi sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vígslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim.

Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsgr. 22. gr.), og má þá eigi vígja hjónaefnin nema lýst sje með þeim aftur.

Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli fara fram erlendis (3. málsgr. 22. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vígja skuli hjónaefnin.

33. gr.

Nú er vígsla heimil án lýsingar, og gætir þá vígslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vígsluskilyrða samkvæmt 20. gr.

34. gr.

Borgaraleg vígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni sjeu á annað sátt, eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri eða einn vígslustaður eigi nægja.

Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavígslubrjef sje fengið eða annaðhvort hjónaefna sje hættulega sjúkt.

Nú þarf vígslumaður að fara til vígslu lengra en 1 kilómetra á landi og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi, eftir því, sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um.

35. gr.

Tveir skulu vera vottar við hjónavígslu.

Vígslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vígslu og kirkjulega, og leggur sektir við vangæslu þeirra reglna.

36. gr.

Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til, og er sú athöfn þá ógild. Slíkt hið sama gildir, ef brúðhjónin hafa eigi játast undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan.

Aftur á móti ógildir það eigi vígslu, þó að eigi hafi verið gætt annara vígslureglna eða lýsingarreglna.

37. gr.

Nú er hjónavígslu lokið, og skal þá vígslumaður þegar í stað geta vígslunnar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vígslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vígslubók sinni, en prestur brúðar getur vígslunnar í ministerialbókinni.

38. gr.

Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilriki brestur fyrir því, að lögmæltrar tryggingar sje aflað fyrir vígslu, og skal þá vígslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti.

39. gr.

Fyrir borgaralega vígslu og útskrift úr vígslubók skal gjalda 8 krónur, og rennur það gjald í landssjóð.

Um borgun fyrir kirkjulega vígslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar að eins borgun fyrir þær hjónavígslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma.

Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók.

Ríkissjóður leggur til vígslubækur og bækur undir hjónaskrár.

40. gr.

Nú vígir löggiltur prestur (forstöðumaður) annars trúfjelags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess fjelags um atriði þau, er ræðir um í 34. gr., í 2. mgr. 35. gr. og í 39. gr., svo og reglur 3. mgr. 29. gr., að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið.

V. kap.

Um ógilding hjónabands.

41. gr.

Nú riður hjónaband í bága við fyrirmæli 13., 15. eða 16. gr., og skal þá ógilda það með dómi.

Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið, ef fyrra hjónabandi er slitið áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákæruvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðruhvoru hjóna og þeim, er annað þeirra hefir áður verið gift.

42. gr.

Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vígsla fór fram, og

getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, sjeu 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði.

Nú var öðru hjóna eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins þá er vígsla fór fram, og getur það þá einnig heimtað hjónabandið ógilt, nema liðnir sjeu 6 mánuðir frá því að það komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vígslu.

43. gr.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjónabands síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígslan fór fram, eða að öðru leytisvo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður, þá er vígsla fór fram, verið, án þess vitundar, haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, alltíðum flogaveikisköstum eða holdsveiki, eða verið óbætanlega ófært til holdlegra samfara.
4. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því vísvitandi að villa á sjer heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjónabandinu, ef vitað hefði.
5. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því er ástandi því var lokið, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung ljetti samkvæmt 5. lið. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækjandi hefir ekki sýkst af hinu hjónanna og að sjúkdómurinn er ekki framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá ekki ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra sjúkdóma, sem ógildingu hjónabands varða, sjeu þeir læknaðir.

44. gr.

Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sje um mælt í lögum þessum.

45. gr.

Nú er sameignarbúi skift vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiftu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita, og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr sjereign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til rjettra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til sjereignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

46. gr.

Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 11. gr., enda hafi annað hjóna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrnefnda heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggja.

Slíkt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsgr. 42. gr. eða samkvæmt 43. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan.

Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skifti fyrir öll eða á tilteknum gjalddögum, enda sje þeirra krafist í ógildingarmálinu.

47. gr.

Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna að framfæra hitt frá hjúskaparslitum.

48. gr.

Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vígsla fór fram, og getur þá maðurinn krafist þess, að af henni verði dæmdur rjettur til að kenna sig við nafn hans.

49. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkv. 41. gr., og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Auk þess getur það hjóna, er lifir, krafist bóta samkv. 46. gr.

Rjettur þessi ber því hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., því að eins, að hitt hjónanna hafi látist áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur ekki liðinn.

Nú deyr það hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., eftir að ógildingarmál er höfðað, og getur þá hver erfingja þess krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Sama gildir, hafi svo verið ástatt til dauðadægurs um það hjóna, er látist hefir, sem segir í fyrri málsgr. 42. gr. eða í 1. lið 43. gr.

Framangreindar kröfur skal gera innan 6 mánaða frá láti þess, er deyr.

Nú deyr það hjóna, sem átt hefir tvær eða fleiri konur eða menn, áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður að lögum, fyrstu eiginkonu eða eiginmanni hins látna, nema annað sje augljóst af kringumstæðum.

50. gr.

Nú er ákvæðum 1. eða 2. mgr. næstu greinar á undan beitt, samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðarjettur þess eftir hið látna.

VI. kap.

Um skilnað að borði og sæng.

51. gr.

Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvors annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (55., 56. og 57. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 53. gr.

52. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sjer mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annara lasta, og getur þá hitt krafist skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn, nema sjerstaklega standi á.

Nú má ætla, að ósamlyndi milli hjóna sje orðið svo magnað, að eigi megi una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sje aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 53. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 55.—57. gr. ræða um.

53. gr.

Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfjelagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfjelags.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hjer á landi og eigi hvorugt 30 kilómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sátt með því.

Nú sækir annað hjóna eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður þess eða bæjarfógeti því þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttasemjari krefst ábyrgðar á hendur því.

54. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng, og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskifti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til.

Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsgr. 52. gr., enda sje búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafist þess, að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því að eins, að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds.

55. gr.

Það skal ákveðið í skilnaðarleyfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annars vegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sjer sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.

Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi ætlaður framfærslustyrkur af hinu, nema sjerstaklega standi á.

56. gr.

Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skifta milli

þeirra, verði öðruhvoru eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sátt um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sje fyrir bestu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sje það eigi óliklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskift hjá sama foreldri.

Leita skal álits næsta venslamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna.

57. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda.

Skiftin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú fullnægir annað foreldra ekki framfærsluskyldu sinni með framfærslu þess eða þeirra barna, sem því fylgir, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu það, sem vanta þykir á rjett meðlag af þess hendi með öllum börnunum.

58. gr.

Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars hjóna með hinu, og verður því þá eigi breytt síðar.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (56. gr.), ef annað foreldri fer fram á það, enda standi öðruvísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta.

59. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það hjóna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði að borði og sæng.

Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum.

60. gr.

Nú er meðlag samkv. 55. eða 57. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá aðili heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við.

Ákvæði 55. og 57. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögunum gagnvart sveitarfjelagi til að framfæra börn eða hitt hjóna.

61. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þegar niður.

VII. kap.

Um lögskilnað.

62. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda sjeu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra málefna, er ræðir um í 55., 56. og 57. gr., og geta hjónin þá krafist skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafist skilnaðar.

Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um, að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 53. gr.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör.

63. gr.

Nú hafa hjón lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafist skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænst skilnaðar, nema sjerstaklega standi á.

64. gr.

Nú hafa hjón lifað aðskilin í 2 ár, án samkomulags um samvistaslitin og lögmætra orsaka, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna heimtað skilnað, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin.

65. gr.

Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurst hefir til þess, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

66. gr.

Nú hefir annað hjóna gifst gegn fyrirmælum 16. gr., og getur þá hitt krafist skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er krefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins.

67. gr.

Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór, eða saurlifnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn, eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn.

68. gr.

Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sóttnæmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt, þann veg að afsýking geti af hlotist, og getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafist skilnaðar, nema það hafi þekt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að annað hjóna vissi sig lagt í hættu. Nú hefir afsýking eigi hlotist af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósóttnæmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður.

69. gr.

Nú hefir annað hjóna sókst eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafist skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans

Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá framkvæmd hans.

70. gr.

Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn.

71. gr.

Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati óliklegur, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

72. gr.

Lögskilnaðar samkvæmt 63.—71. gr. má leita hvort heldur í stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað í stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum, svo sem segir í 53. gr., og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 76. og 77. gr. ræða um.

Nú er stjórnarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með rjettarskýrslu þau atvik, er það telur máli skifta. Nú fæst slík rjettarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður í stjórnarráðinu. Þegar svo stendur á, getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

73. gr.

Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skifti fjelagsbúsins svo sem lög standa til.

74. gr.

Nú krefst annað hjóna skilnaðar af því að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafist bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur allar í einu eða á tilteknum gjalddögum.

Sje skilnaðar krafist fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sje skilnaðar krafist í stjórnarráðinu, skal höfða bótamálið áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómsskilnaðar er úti.

75. gr.

Nú hafa hjón skilið, og verður annað þá eigi skyldað til að framfæra hitt, nema alveg sjerstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins. Það fer eftir ákvæðum 55. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framfærslu hins.

Framfærsluskylda fellur niður, giftist framfæringur á ný.

76. gr.

Nú skilja hjón, og skal þá í skilnaðarbrjefinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Sjeu foreldrin sammála, skal ákvörðun ger eftir því, nema í bága komi við þörf eða hag barnanna. Sjeu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem best þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna. Forræði barns skal vera óskift hjá öðruhvoru foreldrinu.

Áður en hjer um rædd ákvörðun er ger, skal leita umsagnar nánustu venslamanna barnanna.

77. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarbrjefi eða dómi, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalds. Um skiftinguna fer þá sem segir í 57. gr. annari málsgr.

78. gr.

Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt.

Breyta má ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer þess á leit og ástæður eru breyttar, svo að líklegt er, að breyting sú, sem farið er

fram á, verði börnunum til bóta. Breytingin heyrir undir sama dómstól eða stjórnarvald, sem gerði hina upprunalegu ákvörðun.

79. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 74. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarinn hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði.

Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef ætla má að breyting verði börnunum til bóta.

80. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 75. og 77. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu mæðra með óskilgetnum börnum sínum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.

Ákvæði 75. og 77. gr. breyta í engu lögmæltri skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, nje rjetti sveitarfjelags gagnvart framfærslumanni, út af lögmætri framfærsluskyldu hans á manni sínum eða konu.

81. gr.

Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda, af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafist dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig við hann.

VIII. kap.

Um rjettarfar í hjúskaparmálum o. fl.

82. gr.

Hjúskaparmál eru hjer nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi, eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því að hjónaband sje gilt eða ógilt.

83. gr.

Sá einn getur, að sleptri heimild 11. gr., höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar því, að hann sje eða sje ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

84. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 88. gr.

85.

Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almanna hagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í hjeraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðri dómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almanna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

86. gr.

Hjón eiga aðild hjúskaparmáls, nema svift sjeu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svift lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviftur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls.

87. gr.

Hjúskaparmál má höfða hjer á landi, ef stefndur á hjer heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenskan fæðingjarjett, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingjarjettur beggja verið íslenskur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingjarjett í öðru og sama landi.

Hjúskaparmál má og höfða hjer á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hjer og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna, eða skift um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hjer nefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki.

88. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima.

Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða.

89. gr.

Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 41. gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafist eða eigi.

Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 16. gr., sjerstaklega ef ætla má að fyrra hjónabandi verði bráðlega slitið.

Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í hjeraði, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

90. gr.

Hjeraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðilar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðilar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 75.—77. gr., áður en mál er dómtekið.

91. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðila eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafje, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

92. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómshjeraðs eða í nágrannahjeraði, og þó eigi fjær en fjærst gæti verið innan hjeraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 93. gr., hverju það varði.

93. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiftir, og kemur játningin þá að eins til álita sem sönnunargagn.

Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

94. gr.

Hvortveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafa.

Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til málatilbúnings af nýju.

95. gr.

Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli nema svo standi á, sem lýst er í 92. gr.

96. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita brjeflegrar yfirlýsingar sjerfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sje eigi kostur sjerfræðings.

97. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðilar sjeu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðila, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—1000 króna sekt til ríkissjóðs.

98. gr.

Nú hefir öðrum aðila eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sje aðili staddur utanlands eða sje ókunnugt um dvalarstað hans, eða sje aðili sviftur lögræði vegna geðveiki.

99. gr.

Áfrýja skal hjeraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri rjettar innan 12 vikna frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því að eins að gagnaðili og stjórnarráð hafi brjeflega fallið frá áfrýjun.

100. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

101. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá hjeraðsdómara eða utanrjettarstefna er birt stefndum innan lögmælts tíma.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál af nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

102. gr.

Nú er beiðst hjónaskilnaðarbrjefs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi fjelagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn.

Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafist fjárskilnaðar að lögum.

Og enn getur stjórnarráðið, ef sjerstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slíta um stund samvistir við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framfæra. Fer þá um meðlagið eftir því sem segir í 55. og 57. gr.

IX. kap.

Ýmisleg ákvæði.

103. gr.

Lög þessi raska eigi sjerreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hjer á landi, nje heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atriði skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun.

104. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

105. gr.

Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum.

Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi sjeu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 17. gr.

106. gr.

Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sjer áður en lög þessi öðlast gildi eða fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sje vígsluskilyrða 20. gr. gætt, áður en vígsla fer fram.

107. gr.

Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þessum og þá gildandi lögum.

Nú er slíkt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum.

108. gr.

Nú hafa hjón skilið að borði og sæng áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 62. gr. laga þessara.

109. gr.

Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða hjónaskilnaðar, áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðst leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti eftir þá gildandi lögum.

110. gr.

Nú hefir verið beiðst skilnaðar að borði og sæng eða til hjónaskilnaðar eftir gildistöku laga þessara, eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögunum, enda þó að skilnaðarástæða sje eldri.

111. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla úr gildi frá og með þeim degi, er lög þessi öðlast gildi. Hjónabandsartikular 2. júní 1587 (16. kap. III. bókar Dönsku laga, að svo miklu leyti sem fylgt hefir verið), 2. gr. XIII. kap. VI. bókar D. L., konungsbrjef 14. júní 1740 (tilskipun 5. mars 1734), tilsk. 29. maí og tilsk. 18. desbr. 1750, konungsbr. 28. mars 1776, tilsk. 1. desbr. 1797 (dómsmálastjórnarbrjef 15. júní 1799), 1. gr. I. kafla tilsk. 23. maí 1800, konungsúrskurður 28. janúar 1818, sbr. kansellíbrjef 10. febrúar s. á. (tilsk. 18. október 1811), opið brjef 10. febrúar 1818, 1. liður konungsbr. 7. desember 1827 (tilsk. 30. apríl 1824: 1.—2. gr., nr. 1, nr. 3—9 og nr. 11, 3. gr., 4.—12. gr. og 14.—19. gr.), 164. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, lög 22. september 1899, nr. 19, lög 26. október 1917, nr. 30 (1.—9. gr. laga 19. febrúar 1886, nr. 4, nr. 2, 3. gr. og 13. gr. tilsk. 30. apríl 1824), lög 26. október 1917, nr. 31, (nr. 10, 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 62. gr. laga 10. nóvember 1905, nr. 44).

Og enn eru ógild frá sama degi öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

(A. XXIII, 5.)

Ed. **251. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Við 12. gr.

Greinin orðist svo:

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi), holdsveiki eða smitandi berklaveiki, og má þá ekki vígja það, enda skal hvorttveggja hjónaefna jafnan sanna á vígsludegi með læknisvottorði, eigi eldra en 4 vikna, að þau sjeu ekki haldin þessum sjúkdómum.

(A. XLV, 2).

Nd. **252. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Frá meiri hluta samvinnunefndar vatnamála.

Það er orðin almenn skoðun hjer á landi, að nauðsynlegt sje að taka sem fyrst til notkunar vatnsaflið í landinu, og þá fyrst og fremst í þarfir almennings til ljósa, matreiðslu og hitunar. Má segja að verðmæti vatnsorkunnar sje á glæ kastað hverja þá stund, sem hún er látin ónotuð. Nokkur byrjun hefir verið gerð í þessa átt, þar sem einstöku kauptún og sveitabæir hafa virkjað smáár eða læki, til notkunar hver hjá sjer. En svo hagar til á Suðurlandsundirlendinu, Reykjanesskaga og við botn Faxaflóa sunnanverðan, að þar er mjög lítið um smá fallvötn, sem sjóþorp og sveitabæir geti virkjað, hver til sinna nota, en aftur á móti nokkur stór fallvötn á suðurláglendinu ofanverðu, sem hvert fyrir sig mundu nægja landshluta þessum, ef virkjuð yrðu. Líklegt er talið, að Sogið muni vera einna hagkvæmast þessara fallvatna til virkjunar, og þykir rjett að gerð verði ítarleg rannsókn á því sem allra fyrst, svo sem frv. fer fram á.

Nú er því svo varið, að til þess að Sogið verði virkjað þarf að leggja þangað flutningabraut, annaðhvort járnbraut eða traustbygðan akveg, og er þá sjálfsagt, að rannsaka verður einnig þá hlið málsins. En hins vegar er þessum landshluta mjög brýn þörf á járnbrautarsambandi milli undirlendis Suðurlands annars vegar og Reykjavíkur og annara sjóplássa við Faxaflóa hins vegar, og virðist þá rjett að rannsaka það mál jafnframt, svo að sjeð verði, hvort ekki er unt að sameina brautarlagningu til Sogsins við járnbrautarlagningu til fullnægingar almennum samgönguþörfum þessa landshluta.

Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á, að flýtt sje undirbúningi beggja þessara mála, eftir því sem fjárhagur landssjóðs leyfir, og mælir því eindregið með því, að frv. það, sem hjer um ræðir, nái fram að ganga.

Frekari grein verður gerð fyrir málinu í framsögunni.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Jakob Möller, form. samvinnunefndar.	Guðm. Guðfinnsson, skrifari.	Hjörtur Snorrason.
Jón Þorláksson, framsm. í Nd.	Sigurjón Friðjónsson, framsm. í Ed.	Guðjón Guðlaugsson, form. Ed.-nefndar.
Guðm. Ólafsson, með fyrirvara.	Þorleifur Jónsson, með fyrirvara.	Bjarni Jónsson frá Vogi.

(B. XV, 6).

Nd. **253. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Síðasta málsgr. frv. falli burt, en á eftir frv.gr., sem verður 1. gr., komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru feld úr gildi lög nr. 49, 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga, 5. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, 3. gr. laga nr. 49, 30. nóv. 1914, 3. gr. laga nr. 65, 14. nóv. 1917, 5. gr. laga nr. 67, 14. nóv. 1917, 7. gr. laga nr. 26, 22. nóv. 1918, 5. gr. laga nr. 58, 28. nóv. 1919, 4. gr. laga nr. 61, 28. nóv. 1919, svo og önnur lagaákvæði, þau er fara í bága við þessi lög.

(A. III, 4).

Nd. **254. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, $2^1/_2$ af þúsundi hverju.
2. af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, $1^1/_2$ af þúsundi hverju.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara

ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgia slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka fasteignaskattinn fyrir 1 ár í senn. Þó sje það samþykt í sameinuðu þingi með $^2/_3$ atkvæða.

10. gr.

Af fasteignaskatti þeim, er greiða ber á árinu 1922 í hverju lögsagnarumdæmi um sig, skal þriðjungurinn renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

(A. XXX, 15).

Nd. **255. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 236 (Fjáraukalög).

Flutningsmaður: Þorleifur Guðmundsson.

Varatillagan hljóði svo:

1. liður orðist svo:

Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra, í eitt skifti fyrir öll ..... kr. 6000,00

(A. III, 5).

Nd. **256. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr.

Á eftir orðunum »jarðir í leiguábúð« komi:
og leigulóðir.

(A. I, 4).

Ed. **257. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hlutafjelög.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr.

Í stað orðanna »ekki vera færri en 3« komi:
ekki vera færri en 5.

2. Við 31. gr.

Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enginn hluthafi getur átt eða farið með meira en 1/5 samanlagðra atkvæða í fjelaginu.

Brtt. 235,4 er tekin aftur.

(B. XLII, 2).

Nd. **258. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorsteinn Jónsson.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefir bankinn takmarkað fje til umráða og getur eigi sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til jarðræktar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að jarðræktarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

(A. XL, 5).

Ed. **259. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

d. Opium, morfín, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:

Í stað 4. gr. a. og b. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 20 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum . . . 40 —
ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum . . 60 —

Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 30 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er . . . . . 10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað »20 aurar« 50 aurar.

Í stað 4. gr. d. og e. komi:

d. Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 30 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 . . . . . 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

Á eftir 4. gr. f. bætist:

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna, nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem póstlög.

(A. XXX, 16).

Nd. **260. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 7. gr.

Aftan við 5. lið bætist nýr liður, þannig:

Til skógræktar (eftirgjöf á láni) ..... kr. 5000,00

(A. I, 5).

Ed. **261. Frumvarp**

til laga um hlutafjelög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafjelag merkir í lögum þessum hvert það fjelag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiftum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiftingar með einhverjum hætti meðal fjelaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.

Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu.

Að því leyti sem sjerákvæði eru í lögum eða verða sett í lög um einstök hlutafjelög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hlutafjelögum einum er rjett og skylt að hafa orðið hlutafjelag í heiti sínu eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.

II. kafli.

Stofnun hlutafjelaga.

3. gr.

Nú vilja menn stofna hlutafjelag, og skulu þeir þá gera um það með sjer skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina:

1. Heiti fjelags og heimilisfang.
2. Í hvaða skyni fjelagið eigi að stofna.
3. Hversu mikið hlutafje sje ákveðið, hversu mikill hluti þess sje þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til.
4. Kostnað af stofnun fjelagsins, ef ætlast er til þess, að fjelagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum.

5. Hvort nokkrum hlutum í fjelaginu skuli sjerrjettindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stjett manna er áskilinn forgangsrjettur til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu.
6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur.
7. Hvort skorður sje reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabrjefa.
8. Hvort hlutabrjef skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa.
9. Hvort fjelagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sje ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í fjelaginu eða með öðrum hætti.
10. Hvort stofnendur áskilji sjer stöðu hjá fjelaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti.

Skjöl öll og samningar, er gerðir kunna að hafa verið vegna fjelagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er fjelagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamningi með framanskráðum hætti, eru fjelaginu óviðkomandi.

Frumvarp til samþykta handa fjelaginu skal fylgja stofnsamningi.

4. gr.

Allir, sem undirskrifa stofnsamning, skulu taldir stofnendur fjelags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um vilst.

Stofnendur mega ekki færri vera en 5. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í fjelaginu fyrir að minsta kosti 2000 kr. alls. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldi hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs fjelags eða til að eiga þær eignir, sem fjelaginu er ætlað að eignast.

5. gr.

Nú leggja stofnendur einir, eða með þeim, er kynni að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram alt hlutafjeð, og má þá stofna fjelagið, enda er því þá rjett að taka til starfa jafnskjótt sem samþyktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafjelag stofnað að eins að því tilskildu, að hlutafjeð táist.

6. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlögum til fjelagsins. Á fundi þessum má setja fjelaginu samþyktir, en ekkert má í þær setja, er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sje jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþyktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim.

7. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í fjelagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbrjefi).

Í boðsbrjefi skal greina:

1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr.
2. Ákvæði samþykta, ef gerðar hafa verið, um atkvæðisrjett hluthafa.
3. Hverjir sje stjórnendur fjelags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr.
4. Hversu mikið af hlutafje sje þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti.
5. Hver upphæð hluta sje og gengi.
6. Hvar og hversu lengi kostur sje að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði sje sett þar um að öðru leyti.
7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fje en ákveðið var að safna.
8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun.
9. Hvar og hvenær stofnsamningur, samþyktir fjelagsins og önnur skjöl sje til sýnis.

8. gr.

Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbrjefs, ganga til að safna því hlutafje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaða frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn.

Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbrjefi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi.

Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður liðinn sje áskriftarfrestur, og er þá rjett að halda áfram hlutafjársöfnun 4 mánuði hina næstu, uns það hlutafje er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi.

9. gr.

Nú hefir hlutafjársöfnun tekist, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða svo fljótt sem unt er áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun fjelagsins til hlítar. Fjelagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rjett áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr.

Nú er fjelag löglega stofnað, og skal þá setja því samþyktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hjer, að því leyti sem þau eiga við.

III. kafli.

Skrásetning hlutafjelaga.

10. gr.

Eigi má hlutafjelag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast rjettindi á hendur öðrum mönnum með samningum nje þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.

Eigi má skrásetja hlutafjelag fyrr en:

1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbrjefi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft.
2. Fjelagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr.
3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur.

Tilkynna skal fjelag til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskyldan hvílir á stjórn þess.

11. gr.

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelags er, sbr. 13. gr. Hlutafjelög skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti fjelagsins.
2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr.
3. Tilgang fjelagsins.
4. Dagsetning samþykta þess.
5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda.
6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
7. Hver eða hverjir hafa heimild til að skuldbinda fjelagið með samningum, þar á meðal ef að eins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sje hagað.
8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti.
9. Hvort hlutafjársöfnun sje lokið eða hvort hún haldi áfram.
10. Hversu mikið sje greitt af hlutafje og hvenær það sje kræft, sem ógreitt er.
11. Hvort hlutabrjef eigi að hljóða á nafn eða handhafa.
12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi.
13. Hvort nokkrir hluthafar skuli skyldir að þola lausn á hlutum sínum.
14. Hvort nokkrar hömlur sje lagðar á meðferð hluthafa á hlutabrjefum sínum.
15. Ákvæði samþykta um atkvæðisrjett hluthafa.
16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum.

b. Eftirrit af boðsbrjefi, ef það hefir verið gefið út.
c. Samþyktir fjelagsins í 2 eintökum.
d. Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum.

Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sje hagað.

13. gr.

Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafjelag setur útibú, skal einnig skrásetja fjelagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða hverjir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibú er í sama lögsagnarumdæmi skal að eins tilkynna, að útibúið sje sett og hver skuldbindi fjelagið vegna útibúsins.

14. gr.

Nú verður samþyktum hlutafjelags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar. Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskifti, nema maður taki sjer bólfestu utanlands. Ef hlutafjelag skiftir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar.

15. gr.

Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu.

Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það.

16. gr.

Nú telur einhver rjetti sínum hallað með skrásetningu hlutafjelags, og er honum þá rjett að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn fjelagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafjelagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr.

17. gr.

Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi.

Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

18. gr.

Um firmu hlutafjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

19. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik sje svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.

Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

20. gr.

Hver, sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr. Ef brestur verður á þessu, ber honum að svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rjett greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn fjelags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru rjettir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi fjelagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12. gr. 2. tölul.

Nú telur áskrifandi rjetti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir.

21. gr.

Stjórn hlutafjelags eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafje. Bráðabirgðaskírteini skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sje, hvað eftir standi og hvenær það megi heimta.

Þess skal enn fremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið:

a. Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forrjettindi.
b. Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum.
c. Að hömlur sje lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabrjefa.

Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á.

22. gr.

Hlutabrjef má ekki gefa út fyrr en fjelag er skrásett og hlutur að fullu greiddur.

Í hlutabrjefi skal greina:
1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hlutar.
3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a—c segir, að því leyti sem við á.
4. Dagsetning samþykta.
5. Tölu (númer) brjefsins.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabrjef. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabrjefi.

23. gr.

Stjórn fjelags skal halda skrá yfir hlutabrjef í framhaldandi töluröð, og skal þar greina:
1. Útgáfudag hvers hlutabrjefs.
2. Til handa hverjum hlutabrjef var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, fjelags eða stofnunar.
3. Nafnverð brjefs.
4. Eigandaskifti, ef þau hafa verið tilkynt.
5. Sýning þess vegna atkvæðagreiðslu, og hver með atkvæði fari, ef hlutabrjef er handhafabrjef.
6. Forrjettindi, er kunna að fylgja brjefi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum.
7. Þær breytingar, er verða kunna á skiftum fjelags og eiganda brjefsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á brjefi, ef fjelagið leysir brjef til sín o. s. frv.

24. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það. Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.

25. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn fjelagsins þá undirrita boðsbrjefið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir, um það, hvort eldri hluthöfum sje áskilinn forgangsrjettur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann.

Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skifti fjelags og áskrifenda gilda eftir því sem við á.

26. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið minkun hlutafjár.

Ef hlutafje á að minka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum fjelags eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sje það ekki skylt eftir löglegri fjelagssamþykt, tilkyntri 12 mánuðum áður hlutafjárminkun sje samþykt, þá skal stjórn fjelagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun með 6 mánaða fyrirvara til lánardrottna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum áður

frestur sá sje liðinn. Eigi má greiða hluthöfum nje leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn nje heldur fyrr en viðurkendar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþyktum kröfum. Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðiljar hlíta því mati.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sje sannað, að fjelagið eigi fyrir skuldum á því bili, sem hlutafjárminkun er lokið.

Fjelagsstjórnin skal kveðja hluthafa, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara, til að gefa sig fram með hlutabrjef sín eða bráðabirgðaskírteini, til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skifta um hlutabrjef. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabrjef og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðun þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini með formrjettri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrests, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu brjefa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða brjef hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabrjef, ef hlutafjárminkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega.

Ef eigandaskifti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu brjefi, eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess að eins rjett til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 4. málsgr., og til að taka við nýju brjefi, ef því er að skifta.

Nú greiðir stjórnin verð hluta, eða leysir menn undan greiðsluskyldu, gagnstætt fyrirmælum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr., og ábyrgjast þá stjórnendur, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir fjelagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða. Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið, og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelagsins. Nú brýtur fjelagsstjórn fyrirmæli 2. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök.

27. gr.

Ákvörðun um minkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt.

28. gr.

Hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskírteini til tryggingar, eða lána út á þau.

Eigi má hlutafjelag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafje sínu, nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign fjelags í hlutabrjefum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sjerstökum lið í efnahagsreikningi þess.

Fjelagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sje um mælt í samþyktum fjelagsins.

29. gr.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelags mæli öðruvísi.

Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum. Enginn hluthafi getur þó átt eða farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.
f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, sem hlutum í fjelaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreiknig svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins útbluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sjerstaka sjóði til tryggingar greiðslu bankavaxta af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sannprófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hluta-

brjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sje lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

VI. kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slíta skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vissvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslit-

um stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfanum hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigandaskifti að hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2—6. málsgr., eftir því sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstakur maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvila samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýs-

ingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

VII. kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar. Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal enn fremur fylgja:

1. Vottorð þar um bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að viðskifti þess hjer fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess. Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta þegar er hann veit um það til hluthafaskrár og skiftarjettar þar sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.*

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.
2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum, alt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þiggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða strika erlent fjelag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglustjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal

þá eigi slíta fjelagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstaða, fer um fjelagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir.

Mál út af þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau, er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður, ... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2 kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skrásetning hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

(B. XXVII, 2).

Nd. **262. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Upphaf 1. gr. orðist svo:

Dr. phil. Alexander Jóhannesson skal skipaður aukadócent við heimspekisdeild Háskóla Íslands. Aukadócentinn kennir o. s. frv. sem frumvarpsgreinin.

(A. XLVI, 4).

Nd

263. Frumvarp

til laga um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi, kalki, tjöru, blackfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum og tunnuhlutum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni, járngirði, stáli, blýi, tini, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum, lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, vírtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni, segldúk, striga, tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, gipsi, hefilspónum, sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol), kokosfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugerðar, 75 au. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;
   b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

   Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.
5. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Krydsfine) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, 10 kr. af hverjum 10 kg.

7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, gull og silfur til tryggingar innlendum bankaseðlum, skip, báta, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara, svo og munir, er opinberar stofnanir og stjórnarvöld senda til annara landa til aðgerðar.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í ríkissjóð gjald af póstbögglum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða nje af prentuðum blöðum eða bókum.

Heimilt er póstafgreiðslumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stíluðri á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru

fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að afhermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrsl-

urnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, og skal hann þá sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Verðjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 6. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5., 6. og 7. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XXX, 17).

Nd. **264. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 9. lið.

Liðurinn orðist þannig:

Til mótorbátsferða frá Hornafirði, með endastöð á Djúpavogi, Fáskrúðsfirði eða Eskifirði, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ..... kr. 8000,00

Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

(A. XLV, 3).

Nd. **265. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (þskj. 45).

Frá minni hluta samvinnunefndar vatnamála.

Jeg hefi ekki getað fylgt hv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu frv. þessa og tel það ófyrirsynju fram komið.

Frv. var að upphafi fram borið af meiri hluta milliþinganefndar fossamála 1919, en er nú af stjórninni flutt.

Ýmsir líta svo á, að með því sje stigið þýðingarmikið fótmál til ríkisvirkjunar á Soginu og járnbrautarsambandi milli Reykjavíkur og sveitanna austan fjalls. Jeg tel fótmálið stutt og misstigið. Kannast jeg þó við, að æskilegt sje hvorttveggja, vatnsvirkjunin og járnbrautarsambandið. En jeg tel engar líkur eða jafnvel tök á að koma stórvirkjum þessum í framkvæmd á næstu árum, vegna óhægrar fjárhagsaðstöðu, og auk þess verður hjer á fleira að líta.

Engum blöðum er um það að fletta, að með samþykt frv. er að nokkru ruddur vegur fyrir fossafjelagið Ísland að virkjun Sogsfossanna. Það telur sig eiga þar ráð á miklum vatnsrjettindum og hefir lagt kapp á að komast að notkun þeirra með hlunnindakjörum, en það hefir til þessa strandað á annari stefnu Alþingis. Afskifti Alþingis af Sogsfossamálinu 1917 og 1919 benda til þess, að annað hafi vakað fyrir því en að leyfa útlendingum virkjun Sogsins. Um þetta sker úr þingsályktun frá 26. sept. 1919, »*um lögnám landina til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi*«. Þingsályktunartillaga þessi felur stjórninni fyrst og fremst að gera ráðstafanir til þess, að ríkið nái sem fljótast eignarumráðum yfir Soginu, en jafnframt »að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna«, og heimilar fje til þess eftir þörfum.

Það verður eigi á því vilst, að Alþingi 1919 vildi láta ríkið komast að vatnsrjettindum í Sogi, vegna fyrirhugaðrar ríkisvirkjunar, og sæta fyrsta færi um eignarumráðin, þótt dráttur yrði á virkjun.

Rjett er að geta þess, að nokkrir af aðstandendum þessa frv. 1919 og nú hafa verið mjög hlyntir fossafjelaginu Íslandi, jafnvel verið því nákomnir eða í stjórn þess. Frv. sjálft gefur líka bendingu um þetta, sbr. orðin í 3. gr.: . . . . »og endurgreiðist (o: rannsóknarkostnaður) landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar«.

Þær umfangsmiklu rannsóknir, mælingar, uppdrættir og áætlanir, sem frv. gerir ráð fyrir, kosta að sjálfsögðu ærið fje, ekki síst ef útlenda sjerfræðinga (sem fjelagið þekti) ætti að nota, eins og 2. gr. frv. bendir til. Þau fjárútlát, sem ríkinu væri þannig bökuð og sem það sín vegna eigi þarf að hafa næstu árin, nema þá að litlu leyti, mundi þá mega tryggja því endurgreidd að einhverju leyti af fossafjelaginu, jafnframt og ósk þess um sjerleyfi til vatnsvirkjunar yrði veitt, en þær krókaleiðir að sjerleyfisveitingu tel jeg óþarfar.

Rannsóknarheimildin til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna er, eins og fyr segir, veitt með þingsályktun frá 1919 og er alls eigi tímabundin, og hún lýtur að ríkisvirkjun. En aðalatriði hennar er þó að gera ráðstafanir til þess, að ríkið nái sem fljótast eignarumráðum yfir Soginu, og þeirri ráðstöfun er enn skamt á veg komið. Kunnugt er þó, að fossafjelag það, sem hjer á hlut að máli og telur sig eiga mikil vatnsrjettindi hjer á landi, gerir þau föl fyrir verð, sem nálgast mun sannvirði, ef miðað er við kostnað þess af kaupum og leigu vatnanna.

Virðist mjer sem nær liggi nú að rannsaka þessi kjör og framfylgja þingsályktuninni, annað hvort með frjálsum samningi, ef kjörin virðast aðgengileg, eða lögnámi, ef það horfir betur.

Þessi vatnsrjettindi munu fremur stíga í verði en falla, og er því eigi eftir betra að bíða, en rannsókn sú, sem frv. ráðgerir, er eigi til þess fallin að útvega betri kjör, og mundi, fremur en hitt, leiða í ljós verðmæti og kosti Sogsins.

Að fengnum rjettindum fjelagsins mundi ríkið ráða yfir ýmsum allra bestu fallvötnum landsins og rjettur þess vera óvefengjanlegur. Gæti það þá haft vatnsvirkjanirnar í hendi sjer, hvort heldur væri eitt eða í fjelagi við aðra, sem það þó aldrei veitti yfirtökin.

Samþykt þessa frumv. nú mundi fremur spilla aðstöðuþægindum til þessara framkvæmda en bæta þau, og er auk þess eigi tímabær fyrir ríkisvirkjun að sinni.

Jeg tel því frv. þetta eiga að bíða þess, að framkvæmdir verði á þingsályktun frá 26. sept. 1919, en koma þá fram í annari og betri mynd. Fyrir því legg jeg til, að frv. verði afgreitt með svo látandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heimild sú fyrir stjórnina til rannsókna og mælinga vegna virkjunar á Sogsfossunum, sem felst í frumvarpi þessu, er þegar gefin með þingsályktunartillögu frá 26. sept. 1919, og með því enn fremur, að engar líkur eru fyrir framkvæmdum af hendi ríkisins að sinni um vatnsvirkjagerð eða járnbrautarlagningu, telur deildin lögfestingu frumvarpsins eigi aðkallandi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Sveinn Ólafsson.

(A. XXXVIII, 7).

Nd. **266. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   Fyrir »500« í fyrstu málsgrein komi:
   200.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir »fóðurbæti« fimm sinnum í greininni, í ýmsum föllum, komi: kjarnfóður (í viðeigandi föllum og með breytingum, sem af því leiða á öðrum orðum).
   b. Aftan við 9. tölul. bætist:
   og enn fremur, hve mikill þungi síldar og salts sje í hverju íláti.
3. Við 2. gr.
   Á eftir byrjunarorðunum »Sje um« í 10. tölul. komi:
   síldarkökur eða.
4. Við 3. gr.
   Fyrir »fóðurbætisefna« í 2. málsgr. komi:
   kjarnfóðurefna.
5. Við 6. gr.
   Við 2. tölulið bætist:
   Seljandi annast tilkynninguna.
6. Við fyrirsögn frv.
   Fyrir »fóðurbæti« komi:
   kjarnfóður.

(A. III, 6).

Ed. **267. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 254 með breytingunni á þskj. 256.

(A. XLVI, 5).

Nd. **268. Breytingartillögur**

við frv. til laga um vörutoll.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. Við 1. gr.
   Fyrir (Krydsfine) í 5. tölul. komi:
   (Finer).
2. Við 1. gr.
   Fyrir orðin í niðurl. næstsíðustu málsgr. »svo og munir, ... til aðgerðar« komi:
   svo og notaðir munir, er hafa verið sendir til annara landa til aðgerðar.
3. Við 2. gr.
   Á eftir orðunum í 1. málsgrein »1 kr. fyrir hvert heilt kg.« komi:
   nema móttakandi sanni, að alt innihald bögguls sje undanþegið vörutolli samkv. 1. gr.
4. Við 2. gr.
   Orðin í niðurl. 2. málsgreinar »nje af prentuðum blöðum eða bókum« falli burt.

(B. VIII, 5).

Ed. **269. Lög**

um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum.

Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

2. gr.

Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviftur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

3. gr.

Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

4. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 11. nóv. 1917.

(B. X, 4).

Ed. **270. Lög**

um biskupskosningu.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðiskennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $^{3}/_{5}$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæðin, sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

(A. XXV, 3).

Ed. **271. Frumvarp**

til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Um mælingar bæja.

1. gr.

Í öllum íslenskum kauptúnum og sjávarþorpum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, skal mæla vandlega höfnina, alt svæðið, sem kauptúnið er bygt á, og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi vexti kauptúnsins í næstu 50 árin. Eftir mælingum þessum skal síðan gera uppdrátt af höfninni, bænum og nágrenni hans. Undanþegnir eru þó þeir bæir, sem áður hafa látið mæla land sitt og gera uppdrætti af því, sem fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í 5. gr. Þá má og undanfella að mæla höfnina, ef sæmilegir uppdrættir eru til af henni, eða hvorki eru líkindi til þess að hún verði endurbætt, henni lokað eða hafskipabryggja gerð, nje útvegur geti eflst í bænum á næstu áratugum.

2. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ annast mælingarnar og lætur gera uppdrættina, en verkið skal unnið af mælingarfróðum mönnum, sem stjórnarráðið samþykkir og telur hæfa til þess. Það getur krafist þess, að verkfræðingur leysi verkið af hendi, sjerstaklega ef bærinn er fjölmennur eða mælingin vandasöm.

3. gr.

Allur kostnaður við mælingar og uppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður, með hæfilegum fyrirvara, hve nær byrjað skuli á mælingum, og um leið hve nær uppdráttum skuli lokið í hverjum bæ og hve nær eftirrit af þeim og lýsingum, sem þeim fylgja, skuli send stjórnarráðinu.

5. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um mælingarnar og hversu uppdrættir skuli gerðir, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi skilyrðum:

a. Mælikvarði sje eigi minni en 1:1000. Rjettar áttir (hánorður) sjeu sýndar.
b. Á uppdrættina skulu markaðar allar byggingar og helstu mannvirki, sem bygð eru þegar uppdráttur er gerður, allar útmældar lóðir, bryggjur, götur

og vegir, vatnsból, vatnsveita og frárenslispípur neðanjarðar, opin ræsi og síma- og rafmagnsleiðslur.

c. Mishæðir á landi skulu sýndar með hæðarlínum frá ákveðnu sjávarmáli, og ákveður stjórnarráðið, hve þjettar þær skulu vera í hverjum bæ.

d. Jarðveg skal merkja með litum eða glöggum merkjum, svo sjá megi. hvað ræktað er og hvernig (tún, garðar), og hversu óræktaða landið er (klappir, sandur, móar, mýrar). Þá skal annaðhvort sýnt á uppdráttum eða í lýsingum, er þeim fylgja, hverjum hlutum svæðisins kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar, snjóflóða og því um líkt.

e. Uppdráttunum skulu fylgja skriflegar skrár eða lýsingar, svo sem mælt verður fyrir í reglugerð (skrá yfir götur, lóðir og því líkt), sem gefi glöggar upplýsingar um öll mikilvæg atriði, er snerta ástand og skipulag bæjarins, að svo miklu leyti sem uppdrættir bera það ekki með sjer.

6. gr.

Vanræki bæjarstjórn eða hreppsnefnd að framkvæma mælingarnar á þeim tíma og á þann hátt, sem stjórnarráðið hefir mælt fyrir um hvern bæ, eða ljúka uppdráttum og lýsingum í tæka tíð, er stjórnarráðinu heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi kauptúns.

II. Um skipulagsuppdrætti.

7. gr.

Skipulagsuppdrætti skal gera yfir öll íslensk kauptún og sjávarþorp, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Uppdrættir þessir skulu sýna skipulagsbreytingar á bygða svæðinu og fyrirhugað skipulag á eigi minna af óbygða bæjarstæðinu en ætla má að nægi 50 ára vexti bæjarins, enn fremur fyrirhugað skipulag á höfn og aðalbryggju, nema undanfelt hafi verið að mæla höfnina samkv. heimild síðast í 1. gr.

8. gr.

Ríkisstjórnin annast alla framkvæmd á skipulagsuppdráttum. Hún lætur sjerfróða menn (húsameistara, verkfræðinga) gera uppdrættina, í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ, helstu atvinnurekendur bæjarins, heilbrigðisnefnd, ef til er, og hjeraðslækni. Hún getur og boðið til samkepni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt, eða líkindi eru til þess að bærinn vaxi hraðfara.

9. gr.

Stjórnarráðið ákveður á ári hverju, hvar gera skuli skipulagsuppdrætti og hve nær þeim skuli lokið.

10. gr.

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

11. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um alla gerð skipulagsuppdrátta, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi atriðum:

a. Markað sje fyrir allri hagnýtingu bæjarstæðisins, fiskreitum utanbæjar og öðru landi, sem nauðsynlegt kann að vera fyrir atvinnurekstur bæjarins.
b. Á bæjarstæðinu skal glögglega sýnd skifting bygðar, hvar hús skuli bygð samstæð, hvar í sundurlausum röðum og hvar dreyfð í smáhýsi. Þá skal og sýnt, hvar byggja megi þrílyft hús eða hærri, ef ráð er fyrir þeim gert. Þá skal og eigi að eins markað fyrir götum, heldur og fremri og aftari húsalínum, torgum, leikvöllum og því líku. Á sjerstökum uppdrætti eða uppdráttum skal sýna skipulag frárenslis og vatnsveitu, að svo miklu leyti, sem gert er ráð fyrir slíkum mannvirkjum.
c. Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu bæjarbúa, heilbrigðis- og þrifnaðarnauðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar bæjarins. Sjerstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helstu byggingum sje smekklega skipað, að götur sjeu ekki með lengdarbungum, hafi hæfilegan halla og lokist á smekklegan hátt. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli lárjettrar línu neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sje eigi meira en 26°, nema skipulag bygða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en ætíð skal miðað við þá húshæð, sem skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. Þá skal og leitast við, að breytingar á bygða svæðinu skerði ekki óþarflega hagsmuni lóðareigenda.
d. Mælikvarði skipulagsuppdráttar skal eigi minni en 1 : 2000.
e. Skipulagsuppdrætti skal fylgja skrifleg lýsing, sem skýri frá öllum helstu atriðum, sem varða skipulagið og eigi eru auðsæ af uppdráttum, eftir því, sem reglugerð um uppdrætti ákveður.

Þar sem um smáþorp er að ræða, og lítil líkindi þykja til að þau taki fljótum framförum, skal þó stjórnarráðinu heimilt að ákveða, að uppdrættirnir sjeu nokkru einfaldari en hjer er gert ráð fyrir.

12. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst, og uppdrátturinn, ásamt lýsingu, hafður almenningi í bænum til sýnis, eigi skemur en 4 vikur. Eigendum þeirra húsa eða lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega, skal auk þess send skrifleg tilkynning um það samtímis. Skulu þeir hafa sent athugasemdir sínar eða mótmæli til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar áður en sýningarfrestur er á enda. Þegar honum er lokið og leitað hefir verið álits byggingar- og veganefnda, þar sem slíkar nefndir eru skipaðar, ræðir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málið og afgreiðir það, með tillögum sínum og athugasemdum, til stjórnarráðsins, ásamt þeim skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, eða eftirrit af þeim.

13. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

14. gr.

Áður en skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, skal það hafa skipað 3 manna skipulagsnefnd í Reykjavík, sem sje stjórninni til aðstoðar, er dæma skal um skipulagsuppdrætti. Í nefndinni skal eiga sæti einn fulllærður húsameistari, sem átt hefir kost á að kynna sjer sjerstaklega skipulag erlendra bæja, einn verkfræðingur og kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann.

Nefndin er skipuð til 5 ára, en heimilt er að skipa sömu menn á ný í nefndina.

Stjórnin ákveður hæfilega þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Þóknun til nefndarmanna og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Jafnóðum og skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, sendir það þá, ásamt fylgiskjölum, skipulagsnefnd þeirri, sem ræðir um í 14. gr. Skal hún athuga vandlega öll atriði skipulagsins og sjerstaklega allar þær breytingartillögur og athugasemdir, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir senda með uppdráttunum, og síðan gera rökstuddar tillögur um, á hvern hátt hún álítur skipulagi hvers bæjar best ráðið til lykta. Tillögunum skulu fylgja uppdrættir, þar sem þess kann að vera þörf.

16. gr.

Hafi skipulagsnefnd gert breytingar á skipulagsuppdrætti einhvers bæjar, skal stjórnarráðið senda þær bæði þeim, sem skipulagsuppdráttinn gerðu, og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til umsagnar. Þá er leitað hefir verið endanlegra tillagna skipulagsnefndar, staðfestir stjórnarráðið skipulagsuppdráttinn, ef það sjer sjer það fært, óbreyttan eða með þeim breytingum, sem það álítur, að til bóta sjeu, og fær hann þá gildi sem lögmæt samþykt fyrir bæinn, þegar er hann hefir verið opinberlega auglýstur.

17. gr.

Heimilt er stjórnarráðinu að láta gera skipulagsuppdrætti samkvæmt 7.—15. gr. af kauptúnum eða sjávarþorpum með færri íbúum en 200, eftir ósk hreppsnefndar eða ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og skipulagsnefnd er því meðmælt.

Eftirrit af uppdráttum yfir kauptún, svo og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

III. Um breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því.

18. gr.

Ef eldur eyðir mörgum húsum samtímis í kauptúni eða sjávarþorpi, skal bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) tafarlaust athuga, hvort ekki sje ástæða til þess að gera skipulagsbreytingar á brunasvæðinu, og tilkynna stjórnarráðinu álit sitt og óskir um það.

Hvort heldur sem bæjarstjórn æskir skipulagsbreytingar eða ekki, skal leita umsagnar skipulagsnefndar um málið.

Síðan úrskurðar stjórnarráðið, hvort breyta skuli skipulaginu eða ekki.

19. gr.

Nú vill bæjarstjórn færa út bæjarstæðið, eða að einhverju leyti breyta því skipulagi, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti, og skal hún þá senda stjórnarráðinu beiðni um það, ásamt uppdráttum og upplýsingum, sem sýni ljóslega, hverrar breytingar er óskað og hver nauðsyn beri til hennar. Stjórnarráðið úrskurðar, hvort breyta skuli skipulaginu eða auka það, eftir að það hefir fengið umsögn skipulagsnefndar um málið.

20. gr.

Nú hefir stjórnarráðið úrskurðað, að breyta skuli skipulagi bæjar eða auka það, og skal þá, er um mikilvægar skipulagsbreytingar er að ræða, haga framkvæmdum svo sem mælt er fyrir í 8. og 10.—15. gr. Smávægilegar breytingar staðfestir stjórnarráðið, ef meiri hluti skipulagsnefndar fellst á tillögur bæjarstjórnar. Allar skipulagsbreytingar skulu auglýstar opinberlega, nema þær sjeu svo lítilfjörlegar, að þær snerti að eins hagsmuni fárra manna. Ef svo er, nægir að bæjarstjórn tilkynni þær brjeflega þeim, sem hlut eiga að máli.

21. gr.

Skylt skal öllum bæjarstjórnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, sem lúta að skipulagi bæjarins, og auka þá eða breyta þeim, jafnóðum og bygðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá, hversu bærinn er bygður og öll veruleg mannvirki, sem gerð hafa verið.

22. gr.

Stjórnarráðið felur húsameistara eða öðrum manni, sem það telur hafa nægilega sjerþekkingu á skipulagi bæja, að hafa eftirlit með byggingu hvers kauptúns, sem skipulagsuppdráttur er samþyktur fyrir, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Hann skal rannsaka vandlega, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega hlýtt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og lagfærðir, svo sem vera ber. Í þeim bæjum, þar sem ekki er völ á hæfum manni til þess starfs, skal það framkvæmt af eftirlitsmanni stjórnarinnar. Á ferðum sínum skal eftirlitsmaður eftir föngum leiðbeina byggingarnefndum og bæjarstjórnum um alt, er að skipulagi lýtur. Að lokinni eftirlitsferð gefur hann stjórnarráðinu skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

Kostnað við eftirlitið skal greiða úr ríkissjóði.

23. gr.

Nú kemur það í ljós við eftirlit eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin, og skal þá stjórnarráðið gera tafarlausa gangskör að því, að mannvirki þau, sem tvímælalaust fara í bága við skipulagið (svo sem bygt fyrir götu eða á svæði, sem ákveðið var, að skyldi vera óbygt), sjeu rifin niður, nema um bráðabirgða-mannvirki sje að ræða, t. d. byggingu eftir bæjarbruna, sem stjórnarráðið hefir fallist á.

Kostnað þann, sem af slíkum breytingum leiðir, og skaðabætur skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

IV. Um eignarnám og skaðabœtur.

24. gr.

Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms.

25. gr.

Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sje tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því að eins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað í verðmæti.

26. gr.

Hafi hús eða lóð rýrst svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til byggingar, getur eigandi krafist, að öll fasteignin sje keypt eftir mati. Þá getur og bærinn krafist þess, að honum sjeu seldar, eftir mati, afklippur af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar.

27. gr.

Nú hefir skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingareitum, að þær verði óhentugar til afnota; þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiftingu á reitum. Ef samkomulag næst ekki, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd krafist þess, að ný lóðaskifting sje gerð, svo framlega sem $^2/_3$ eigenda eru því samþykkir og skipulagsnefnd styður málið.

28. gr.

Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði, nema um yfirmat sje að ræða. Þó verður eigi krafist, að skaðabætur sjeu greiddar fyr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

29. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld málsgrein A. og B. í 6. gr. laga nr. 19, 20. okt. 1905, um byggingarsamþyktir.

(A. XXIII, 6).

Ed. **272. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar (þingskjal 250).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 19. gr.
   Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Sbr. þó 25. gr.
2. Við 26. gr.
   Í stað orðsins »Landssjóður« komi:
   Ríkissjóður.
3. Við 36. gr. 1. málsgr.
   Á eftir orðunum »lög standa til« bætist:
   að gefi saman hjón.
4. Við 39. gr. 1. málsgr.
   Í stað orðanna »8 krónur, og rennur það gjald í landssjóð« komi:
   eftir ákvæðum aukatekjulaganna.
5. Við 48. gr.
   Í stað orðanna »kenna sig við nafn hans« komi:
   kenna sig við hann.
6. Við 55. gr. 2. málsgr.
   Í stað orðsins »ætlaður« komi:
   áskilinn.
7. Við 68. gr.
   Í stað orðsins »afsýking« á tveim stöðum komi:
   sýking.
8. Við 75. gr.
   2. málsgr. orðist svo:
   Giftist sá, sem rjett á til framfærslu, á ný, fellur framfærsluskylda niður.
9. Við 110. gr.
   Í stað orðanna »eða til hjónaskilnaðar eftir gildistöku laga þessara« komi:
   eða hjónaskilnaðar eftir að lög þessi gengu í gildi.

(A. XXX, 18).

Nd. **273. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina skal koma nýr liður:
   Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 . . . . . kr. 2000,00

2. Við 3. gr. a. Á eftir 1. lið skal koma nýr liður:
Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.
b. Á eftir 6. lið skulu koma þessir nýir liðir:
I. Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum . . . . . kr. 18000,00
II. Til Sigvalda Kaldalóns læknis, alt að . . . — 8000,00
III. Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur — 2500,00
IV. Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa . . . . . — 2500,00

3. — 4. — a. Á undan 1. lið skulu koma tveir nýir liðir:
I. Til Jóns Straumfjörðs dyravarðar pósthússins, launabætur árið 1920. . . . . — 500,00
II. Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram $^1/_3$ kostnaðar . . . . . — 7000,00
b. Á eftir 11. lið koma þessir nýir liðir:
I. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp . . . . . — 20000,00
II. Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita . . — 25000,00
III. Til endurbyggingar vitans í Sandgerði . . . — 10000,00
IV. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins . . . . . — 400,00

4. — 5. — a. Á eftir 2. lið skulu koma tveir nýir liðir:
I. Launabætur Ólafs Rósenkranz dyravarðar fyrir 1920. . . . . — 700,00
II. Dýrtíðarbætur til háskólaritara . . . . . — 600,00
b. Á eftir 7. lið skal koma nýr liður:
Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920 . — 4400,00
c. Á eftir 13. lið skulu koma þessir nýir liðir:
I. Til unglingaskólans í Hjarðarholti. . . . . — 3000,00
II. — Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur. . . — 3000,00
III. — Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur . . . — 5450,00
d. Á eftir 14. lið skal koma nýr liður:
Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, . . — 1000,00 gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá.

5. — 6. — a. Á eftir 1. lið skal koma nýr liður:
Til alþýðubókasafns í Reykjavík . . . . . — 2000,00
b. Á eftir 8. lið skal koma nýr liður:
Til Einars Jónssonar, dýrtíðarbót fyrir 1921 . . — 2060,00
c. Á eftir 11. lið skulu koma þessir nýir liðir:
I. Til Kristínar Jónsdóttur málara, til Rómafarar. — 1000,00
II. Til Ríkharðs Jónssonar, til Rómafarar . . . — 1000,00
d. Á eftir 21. lið skal koma nýr liður:

Styrkur til útgáfu Prestatjelagsritsins . . . . . kr. 1000,00

6. Við 7. gr. a. Á eftir 4. lið skulu koma þessir nýir liðir:
I. Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar . . — 20000,00
II. Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920 . . . . . — 440,00
b. Á eftir 6. lið skal koma nýr liður:
Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík . . . . — 2000,00
c. Á eftir 11. lið skal koma nýr liður:
Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921 . . . — 8312,50

7. — 10. — Á eftir greininni skal koma ný grein:
Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í Safnahús ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir því sem þörf þykir.

(A. XXVIII, 2).

Nd. **274. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og hefir, að einum nefndarmanni undanskildum, orðið á eitt sátt um, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í athugasemdum við stjórnarfrv., að ráða háttvirtri deild til að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
Fyrir »15 kr.« í fyrri málsgr. komi:
12 kr.
2. Við 5. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 8. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Þorl. Guðmundsson, framsögum.

Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson. Sveinn Ólafsson.

(A. IV, 2).

Nd. **275. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á einu máli um það, að nauðsyn beri til að það nái fram að ganga, enda lítur hún svo á, að það sje í samræmi við frv. til laga um skatt af fasteignum, er nú liggur fyrir þinginu og sennilegt er, að samþykt muni verða. Aftur á móti telur nefndin, að með frumvarpi stjórnarinnar sje heldur langt gengið hvað skatthæðina snertir.

Þó nefndinni sje það ljóst, að þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur sje svo brýn, að varhugavert sje, eins og nú er ástatt, að draga úr þeirri viðleitni að afla honum sem mestra tekna, þá hefir hún, eins og sjá má af breytingartillögum þeim, er hún leggur til að gerðar verði á frumvarpinu og hjer fara á eftir, horfið að því ráði, að lækka skatt þennan nokkuð, enda þær tillögur hennar í samræmi við áður gerðar tillögur hennar í sambandi við frv. til laga um fasteignaskatt, er nú liggur fyrir þinginu og telja má, sjerstaklega að því leyti, er húsin snertir, hliðstætt þessu frumvarpi.

Til þess að bæta að nokkru leyti upp þann halla, er verður af niðurfærslutillögu nefndarinnar, ef samþykt verður, leggur hún til að taka lestagjald af smærri skipum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hversu miklu sá tekjuauki mundi nema, er ekki gott að segja um, allra síst svo óskeikult væri, því skýrslur þær, sem fyrir hendi eru og helst ætti að mega byggja á í því efni, eru ekki svo áreiðanlegar sem skyldi, enda slíkt mjög á reiki ár frá ári.

Nefndin hefir ekki viljað leggja til að taka lestagjald af þeim skipum, er væru neðan við 5 tonn, og telur hún það í samræmi við það, að samkvæmt fyrirhuguðum lögum um fasteignaskatt, er gert ráð fyrir að sleppa verðlitlum húsum og lóðum við skatt.

Það virðist nefndinni ekki viðeigandi að skattskylda þau skip, er talin væru algerlega ónothæf til sjóferða, eða af einhverjum öðrum ástæðum ekki væru notuð á gjaldárinu.

Tillaga nefndarinnar er að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   Í stað inn fyrir »12« komi:
   5.
2. Við 4. gr.
   Á eftir orðunum »fult gjald« komi:
   Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. Við 5. gr.
Á eftir orðunum »fyrir 1 ár í senn« komi:
Þó sje það samþykt í sameinuðu þingi með ⅔ atkvæða.

Alþingi, 6. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Hákon Kristófersson, framsögumaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
Sveinn Ólafsson.	Þorl. Guðmundsson.	Þórarinn Jónsson.

Jakob Möller.

(B. IV. 2).

Nd. **276. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sóknargjöld (þingskj. 67).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að háttv. deild samþykki það eins og það liggur fyrir frá háttv. efri deild.

Alþingi, 8. apríl 1911.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Hákon J. Kristófersson, framsögum.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
Þórarinn Jónsson.	Sveinn Ólafsson.	Þorl. Guðmundsson.

Jakob Möller.

(B. XXII. 3).

Ed. **277. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturspresta-kalli, til Blönduóshrepps.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

2. gr. frumvarpsins falli burt.

Alþingi, 8. apríl 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður. Guðmundur Ólafsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Jónsson.

(A. VI, 5).

Ed. **278. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað í þessu máli. Vill minni hluti nefndarinnar (háttv. 2. landsk. þingm. og háttv. 2. þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu), að það verði felt, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykt, þó þannig, að úr því sje numin öll ákvæði um áfengissölu. Hefir fjárhagsnefnd um það loforð meiri hluta lyfjasölunefndar, að ákvæði um ríkiseinkasölu áfengis verði tekin inn í frv. það, er fyrir þinginu liggur um einkasölu á lyfjum, sem að ýmsu leyti þykir betur viðeigandi.

Samkvæmt þessu gerir nefndin svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Síðari málsl. 1. málsgr. (»Hið sama . . . . áfengis«) falli niður.
   b. Fyrir orðin: »eða áfengi, ef með hið síðarnefnda er farið samkv. bannlögum og« í síðari málsgr. komi:
      ef.
   c. Fyrir »12. gr.« í sömu málsgr. komi:
      11. gr.
2. Við 2. gr.
   Í stað 2.—4. málsl. (»Áfengi má . . . . áfengissöluna«) komi:
   Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. Við 5. gr.
   Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera o. s. frv.
4. Við 6. gr.
   Síðari málsgr. falli niður.
5. Við 7. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Verslunin skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, og á þann hátt og á þeim tíma, er tolllög mæla fyrir.
6. Við 9. gr.
   a. Fyrir orðin »nefndum vörum« í 1. málsl. komi:
      tóbaki.
   b. Fyrir orðið »varanna« í 2. málsl. komi:
      þess.
7. Við 10. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.
8. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki.

Alþingi, 8. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, ritari.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Guðjón Guðlaugsson.

(A. XLVI, 6).

Nd. **279. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. tölulið 2.
a) Á eftir »sláttuvjelum« komi:
   og öðrum heyvinslutækjum, vögnum, kerrum, hjólum og hjólásum, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar.
b) Á eftir »heilum og í hlutum« komi:
   rafmagnsvjelum og rafmagnstækjum, lóðarvindum, akkerisvindum.

(B. XXXV, 2).

Nd. **280. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið samferða um þetta mál. Tveir nefndarmenn hafa ekki getað fallist á, að rjett sje að skipa þessu með lögum. Meiri hluti nefndarinnar sjer aftur á móti ekkert athugavert við það, þó að frv. þetta yrði samþykt.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það geti verið varhugavert að skella skolleyrunum við kröfu sjómannastjettarinnar í þessu efni. Og það verður að telja sannað, að hjer sje um eindreginn vilja þeirra manna að ræða, sem veiðar stunda á botnvörpuskipum. Meðal annars má vísa til hinna eindregnu áskorana frá mörgum hundruðum sjómanna, sem þinginu hafa borist um þetta, auk þess sem það hlýtur að sýnast eðlilegt, að löggjöfin hlutist til um það, sem að því miðar að vernda heilsu og starfsþol manna. En hjer virðist nokkur hætta á ferðum í því efni, ef ekki er að gert. Eru um hinar miklu vökur og ofþreytu sjómanna á botnvörpuskipunum óvefengdar frásagnir svo margra manna, skýrðar með dæmum og atburðum, að ekki verður á móti mælt.

Þá er á það að líta, hvort lögmæltur hvíldartími, eins og frv. ráðgerir, mundi verða til þess að draga úr fiskveiðum á botnvörpuskipum. Meiri hlutinn fær ekki sjeð, að svo muni verða. Enda hverjum auðsætt, að þegar menn hafa vakað við stranga erfiðisvinnu, jafnvel svo sólarhringum skiftir, þá hlýtur að draga svo úr vinnu þeirra, að gagnið af henni hverfur nær með öllu. Enda hefir það verið upplýst, að skip hafa orðið að hætta veiðum vegna þess, að enginn maður var lengur fær til þess að halda vinnu áfram vegna ofþreytu og svefnleysis. Slíkt þarf ekki að koma fyrir, ef þetta frv. yrði að lögum. Eftir því geta ávalt $^3/_4$ hlutar háseta verið að veiðum, og liggur í augum uppi, að það er hagkvæmara fyrirkomulag en það, sem nú tíðkast, og hvorutveggja betur borgið, fólki og framleiðslu.

Og jafnvel þótt svo væri, að komið gæti fyrir, að drægi úr veiði í eitt og eitt skifti vegna lagasetningar um þetta, þá verður þó meira að líta á hitt, að heilsa og starfsþol heillar stjettar bíði ekki af því þann hnekki, sem þjóðinni gæti komið í koll fyr en varir.

Þá hefir minni hluti í nefndinni viljað láta þetta vera samningsmál sjómanna og útgerðarmanna.

Samningar milli sjómanna og útgerðarmanna eru nú algengast þannig, að fjelög beggja aðilja gera með sjer samning fyrir einhvern ákveðinn tíma, venjulegast eitt ár. Í þeim samningi eru ekki önnur ákvæði en þau, sem snerta kaupið beint eða óbeint. Þykir það vera ærið efni til þess að deilur geti út af því risið, og er skamt á að minnast. En væri farið að semja um þetta, bætist við nýtt atriði, sem sist er fyrir að synja, nema harðar deilur gætu risið út af.

Gæti þá svo farið, að bolmagni yrði beitt, og hefði þá sá betur, sem sterkari væri í þann og þann svipinn. Í ár yrðu t. d. sjómenn sterkari og næðu fram sinni upprunalegu kröfu um 8 stunda hvíld í sólarhringi, næsta ár yrðu það útgerðarmennirnir, sem rjeðu, og þá yrði hvíldartíminn ekki nema t. d. 2 stundir í sólarhringi, sjómenn næðu svo aftur yfirtökunum á þriðja árinu og settu hvíldartímann 10 eða 12 stundir, og enn breyttist svo á fjórða árinu, að útgerðarmenn yrðu ofan á og vildu þá ekkert um þetta semja. Þannig virðist þetta eins og skapað til þess að geta haldið uppi ríg og reipdrætti milli þessara stjetta.

Þá eru fyrir utan fjelög þessara stjetta bæði sjómenn og útgerðarmenn, sem teldu sig ekkert bundna við samninga þessara fjelaga og færu eigi eftir þeim, og getur þá orðið sín reglan um hvíldartíma á hverju skipi, eða jafnvel engin á sumum.

Því hefir verið haldið fram í þessu máli, að sjósókn hjer við land sje svo erfið, veðrátta stirð og stopul veiði, að menn verði mikið á sig að leggja þegar færi gefst, og því megi ekki setja um þetta neinar reglur. Meiri hlutinn vill síst neita því, að menn hafi lagt á sig miklar vökur og erfiði við veiðiskap hjer, bæði fyr og síðar, og þess þurfi enda við. En hitt dylst honum heldur ekki, að í þessu efni muni vera lang-lengst gengið á botnvörpuskipunum. Þau skip eru svo stór og með svo fullkomin veiðitæki, að þau geta verið að veiðum, og gera það líka, dögum og vikum saman, þó að bátar, og það jafnvel hinir stærstu olíuvjelabátar, geti ekki haldist við veiðar vegna veðurs.

Og þegar nú hásetum á botnvörpuskipunum er eftir frv. eigi ætlaður lengri hvíldartími en 6 klst. á sólarhring, þegar skip er að veiðum, verður eigi annað sagt en að hjer sje farið svo hóglega í sakir, sem verða má. Er það og óskiljanlegt, að nokkur geti ímyndað sjer, að menn inni af hendi meiri vinnu með því að vaka hvíldarlaust sólarhring eftir sólarhring heldur en ef þeim er veitt hvíld til að safna nýjum kröftum. Og botnvörpuskipin eru svo stór, að það sýnist auðgert að koma á þeirri vinnuskiftingu, sem frv. fer fram á, og það ætti á engan hátt að geta dregið úr aflabrögðum. Með því er líka komið í veg fyrir, að skipið þurfi að hætta veiðum vegna ofþreytu og svefnleysis skipshafnar, eins og oft mun hafa komið fyrir.

Einn nefndarmanna hreyfði því, að rjett væri að skipstjóri bæri ábyrgð á því, að lögum þessum sje hlýtt, þar sem hann hafi alt framkvæmdavald á skipi sínu; og öðrum nefndarmanni þykja sektarákvæðin í frv. of há.

Eru um þetta gerðar breytingartillögur, sem fylgja hjer með, og ræður meiri hluti sjávarútvegsnefndar hv. deild til samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 5. gr. Í stað »Skipstjóri og . . . . . bera« komi:
   Skipstjóri ber.
2. Við 6. gr. Í stað »2000—20000« komi:
   1000—10000.

Alþingi, 9. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, form.	Jón Baldvinsson, frsm. meiri hluta.	Þorl. Guðmundsson.

(A. XXX. 19).

Nd. **281. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson, Þorl. Guðmundsson og Gunnar Sigurðsson.

Við 4. gr.

Eftir 7. lið bætist nýr liður, er orðist svo:

Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu ... ... kr. 12000,00

Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.

(B. XLII. 3).

Nd. **282. Álit**

um frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Frá minni hluta peningamálanefndar.

Minni hl. nefndarinnar hefir ekki getað orðið samferða hv. meiri hluta í flutningi ofangreinds frv., og bera til þess tvær aðal-ástæður. Í fyrsta lagi sú, að frv. fer ekki í þá átt, sem til var ætlast með þingsályktunartillögunni frá 1919, sem sje að koma á fót »sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«, og í öðru lagi vegna þess, að bankastofnun á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir, kemur ekki að neinum notum um ófyrirsjáanlega langan tíma, og til bankans stofnað, á grundvelli frv., á óheppilegum tíma.

Um fyrra atriðið viljum við taka þetta fram: Með því að samþ. frv. það, er hjer liggur fyrir, er algerlega horfið frá þeim grundvelli, sem lagður var með þingsál.till. 1919 — og meira en það. Frv. gerir ráð fyrir, að sjóðir þeir, Ræktunarsjóðurinn, sem sjerstaklega er stofnaður til þess að veita landbúnaðinum hagkvæm ræktunarlán, og Kirkjujarðasjóðurinn, sem veitt hefir bændum hagkvæm lán til jarðakaupa, eigi að renna inn í hinn fyrirhugaða veðbanka. En með því er landbúnaðurinn sviftur þeim hagfeldu lánum og sjerlega lágu vaxtakjörum, sem þessir sjóðir veita landbúnaðarlánþegum, því það er fullvíst, að veðbankinn getur ekki veitt slík útlánsvaxtakjör, sem Ræktunarsjóðurinn nú veitir og sjálfsagt er að óbreytt verði í framtíðinni. Ef gera má ráð fyrir, að útlánsvextir Ríkisveðbankans yrðu 6½% — og það teljum við sennilegt — þar sem hann eingöngu verður að útvega sjer veltufje með sölu bankavaxtabrjefa sinna, þá yrði árgjald af 10 þús. kr. láni, veittu til 50 ára með jöfnu árgjaldi, hjá Ríkisveðbankanum *kr. 679,14*, en hjá Ræktunarsjóði, með núverandi vaxtakjörum, *kr. 465,50*.

Nú er það öllum vitanlegt, að ræktun landsins er eitthvert mesta þjóðþrifamál vort, því auk þess sem jarðræktin er aukning á hinum arðberandi þjóðarauði, og það þeim þjóðarauði, sem ekki verður í burtu fluttur, þá er og ræktun landsins öflugasta meðalið til viðhalds og þróunar þjóðernisins. Hjer, ekki síður en annarsstaðar — nema fremur sje —, er fyrsta skilyrðið fyrir jarðræktarstarfsemi *hagkvæn ar lánveitingar með lágum vaxtakjörum.*

Af því, sem hjer er sagt, teljum við óverjandi að taka þann litla sjóðstofn, sem ríkið hefir *nú* umráð yfir til ræktunarlána, og verja honum til annara lánveitinga. Þvert á móti álítum við, að efla beri Ræktunarsjóðinn, t. d. með lántöku erlendis, jafnskjótt og vextir lækka. Fje því, sem ríkið tapaði í vaxtamismun, teldum við betur varið á þann hátt en að eyða því til starfrækslukostnaðar bankastofnunar eins og þeirrar, er frv. fer fram á, og sem þó að sárlitlu leyti gæti bætt úr hinni almennu veðlánaþörf.

Þá er annað aðalatriðið. Bankastofnunin bætir ekki að neinum mun úr lánsþörf þjóðarinnar um fyrirsjáanlegan tíma.

Eins og til bankans er stofnað með frv., þá er veltufjáraukning, fram yfir það, sem stofnsjóðirnir (Ræktunarsjóður, Kirkjujarðasjóður og Viðlagasjóður) leggja til, bygð eingöngu á sölu bankavaxtabrjefanna. Háttv. höfundur frumv., svo og flytjendur þess, gera ekki ráð fyrir sölu bankavaxtabrjefanna á erlendum markaði, og erum við þar sömu skoðunar, þar eð vitanlegt er, að erlendis er mjög mikið útboð á allskonar verðbrjefum, og það með hærri vaxtakjörum en umrædd veðbankabrjef munu gefa, og með styttri innlausnarfresti. Þá er að athuga skilyrðin fyrir sölu brjefanna innanlands. Því miður mun sparisjóðsinnstæða landsmanna hafa lækkað að stórum mun síðastliðið ár og fyrirsjáanlegt að hún muni lækka enn þá meira á yfirstandandi ári. En við það minkar kaupgeta þeirra, er helst höfðu fje aflögu til verðbrjefakaupa, og sjerstaklega dregur það úr kauplöngun manna, er þeir sjá, að þeir þurfa að skerða inneignir sínar til þess að greiða með þeim daglegar lífsnauðsynjar. En löngun Íslendinga til vaxtabrjefakaupa hefir aldrei mikil verið, sem sjá má af því, hvað þátttaka almennings í Ríkissjóðsláninu var sáratreg, svo og af því, hversu illa hefir gengið að selja bankavaxtabrjef Landsbankans, og það á þeim árunum, er sparisjóðseign landsmanna jókst um margar miljónir króna árlega. Þess ber líka að gæta, að sparisjóðsfje landsmanna er að langmestu leyti, eða því nær eingöngu, smáupphæðir og eigendurnir hafa í langflestum tilfellum það markmið að safna fje til eignakaupa, í því skyni að geta orðið sjálfstæðir atvinnurekendur. Hjer eru, því miður, sárfáir efnamenn, sem keypt geta verðbrjef, með það fyrir augum að geta lifað að miklu eða öllu leyti af vöxtum þeirra, en erlendis eru það einmitt slíkir menn, — og þó einkum þeir, sem farnir eru að missa starfslöngunina — sem verja fje sínu til verðbrjefakaupa. Af þessu má ráða um sölumöguleika veðbankabrjefanna. Þegar þar við bætist, að til bankans er ráðgert að stofna á þeim tíma, sem vextir af innlánsfje í bönkum og sparisjóðum er alt að 6%, þá er auðsætt, að veðbankinn þyrfti að setja útlánsvexti sína óhæfilega háa, til þess að *einhver von* væri um sölu verðbrjefanna. En það teljum við sáraóheppilegt, að bankinn yrði þegar í byrjun að setja útlánsvexti sína hærri en almenna fasteignalánsvexti. Auk þess er bankastofnunin þá algerlega óþörf, eða jafnvel til hins verra, því þess verður að gæta, að með sölu vaxtabrjefanna á innlendum markaði skapar bankinn ekkert nýtt lánsfje í landinu, heldur tekur hann fje frá öðrum lánsstofnunum landsins.

Af framangreindum ástæðum ráðum við háttv. deild frá að samþykkja frumvarp þetta.

Alþingi, 8. apríl 1921.

Jón A. Jónsson. Pjetur Þórðarson.

(A. XXX, 20).

Nd. **283. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 6. gr. 14. Liðurinn falli burt.
2. — 10. — 1. Í stað »30 ára«, »5%« og »28 árum« komi: 40 ára, 6% og 38 árum.
3. — 10. — 2. Síðasti málsliður orðist svo: Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.

(A. XVIII, 5).

Nd. **284. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909 og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt »Samábyrgðin«, tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.

c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum $4^1/_2\%$ í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

3. gr.

5. gr. laganna:

Í stað orðanna »5000 kr.« komi 10000 kr.

4. gr.

6. grein laganna falli burt.

5. gr.

7. grein laganna:

1. málsgrein og stafliður a orðist þannig:

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fast ákveðin þau atriði, er nú skal greina:

a. Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu, til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eigum, vátrygðum í Samábyrgðinni, greiðist að fullu.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

7. gr.

Inn í 12. grein laganna bætist orðið »gerðardómi«, á undan orðunum »ef þess er heldur óskað.«

8. gr.

Í fyrstu málsgr. 13. greinar laganna falla burt orðin: »til 5 ára í senn«. Sömuleiðis falla burt í niðurlagi greinarinnar þessi orð: »Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5000 kr. á ári í fyrstu 5 árin«.

9. gr.

14. grein laganna falli burt.

10. gr.

16. grein laganna:

Í stað orðanna »1000 kr.« komi: 2000 kr.; og í stað orðanna »yfirdómi landsins« komi: hæstarjetti ríkisins.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 54, 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

(A. IV, 3).

Nd. **285. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »2 krónur« komi:

1,50 kr.

(A. I, 6).

Nd. **286. Frumvarp**

til laga um hlutafjelög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 261.

(A. XXIII, 7).

Nd. **287. Frumvarp**

til laga um stofnun og slit hjúskapar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kap.

Um festar.

1. gr.

Það eru festar, þegar karlmaður og kona hafa heitið hvort öðru eiginorði.

2. gr.

Nú slitna festar, og annað hjónaefna á aðallega sök á því, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa.

3. gr.

Nú verður festarkona þunguð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan, af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

4. gr.

Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns, samkv. 8. og 9. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskylt samkvæmt 2. gr., nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna.

Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 3. gr., nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð þunguð.

5. gr.

Mál samkvæmt 2. og 3. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.

6. gr.

Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap.

Um hjónavígsluskilyrði.

7. gr.

Bannað er að vígja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

8. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið eða svift foreldraráðum, geðveikt eða hálfviti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo, sem hjer greinir, og þarf þá samþykki lögráðamanns.

9. gr.

Nú er maður sviftur lögræði, og má þá eigi vígja hann án samþykkis lögráðamanns.

10. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vígsluna, nema gild ástæða sje til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns).

11. gr.

Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vígja þann mann.

12. gr.

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi), holdsveiki eða smitandi berklaveiki, og má þá eigi vígja það.

13. gr.

Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin.

14. gr.

Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

15. gr.

Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti.

16. gr.

Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir.

17. gr.

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sje af völdum bónda síns eða 10 mánuðir sjeu liðnir frá samvistaslitum.

18. gr.

Nú hefir annað hjónanna verið gift og fjárfjelag með hjónunum þá er

hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiftaráðandi hafi tekið búið til skifta eða einkaskiftum sje lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sjerstaklega á.

III. kap.

Um lýsingu.

19. gr.

Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sje áður með hjónaefnunum, sbr. þó 25. gr.

Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar, er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hjer á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar, er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hjer á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur.

20. gr.

Lýsing má ekki fara fram, nema því að eins, að vígslumaður hafi fengið fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við fyrirmæli 7.—18. gr. Til tryggingar skal hann krefja hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgist, að engin hindrun sje til fyrir hjónabandinu. Stjórnarráðið getur þó leyft vígslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna. Neiti vígslumaður lögmæti framlagðra skilríkja, getur hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeraðsdómara um ágreininginn.

21. gr.

Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst.

Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim.

22. gr.

Lýsing fer fram með auglýsingu á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaust, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera 3 vikur.

Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar.

Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins.

23. gr.

Meinbugum skal lýsa fyrir vígslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar.

24. gr.

Nú er lýsingarfrestur liðinn og engum meinbugum lýst, og fær vígslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um að engum meinbugum hafi verið lýst.

25. gr.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi.

26. gr.

Vígslumanni bera 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vígslumaður lætur öðrum vígslumanni í tje. Ríkissjóður leggur til töflur undir lýsingar.

Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar, og ferðakostnaður að auki, eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur í því skyni.

IV. kap.

Um hjónavígslu.

27. gr.

Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum vígslumanni.

28. gr.

Kirkjuleg vígsla er heimil,

1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til,
2. innan annars löggilts trúfjelags hjer á landi, heyri annað hjónaefna trúfjelaginu til.

Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelisk-lúterskum mönnum sama rjett til kirkjulegrar vígslu, sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

29. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Slíkt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annara hjerlendra trúfjelaga.

Þjóðkirkjuprestur er því að eins skyldur að vígja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sje annað sóknarbarn hans.

Nú þykist prestur eigi mega vígja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vígja þau.

30. gr.

Borgaraleg vígsla er öllum rjettkræf, jafnt þeim, sem eiga heimting á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

31. gr.

Borgaralega vígslu annast sýslumenn og bæjarfógetar, og er þeim skylt að vígja jafnt utanhjeraðsmann sem innanhjeraðs. Heimilt er þeim að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð.

32. gr.

Vígsla má eigi fara fram fyr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 25. gr., enda heimti vígslumaður vottorð um lýsingu samkvæmt 24. gr., nema hann hafi sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vígslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim.

Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsgr. 22. gr.), og má þá eigi vígja hjónaefnin nema lýst sje með þeim aftur.

Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli fara fram erlendis (3. málsgr. 22. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vígja skuli hjónaefnin.

33. gr.

Nú er vígsla heimil án lýsingar, og gætir þá vígslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vígsluskilyrða samkvæmt 20. gr.

34. gr.

Borgaraleg vígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni sjeu á annað sátt, eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri eða einn vígslustaður eigi nægja.

Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavígslubrjef sje fengið eða annaðhvort hjónaefna sje hættulega sjúkt.

Nú þarf vígslumaður að fara til vígslu lengra en 1 kílómetra á landi og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi, eftir því, sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um.

35. gr.

Tveir skulu vera vottar við hjónavígslu.

Vígslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vígslu og kirkjulega, og leggur sektir við vangæslu þeirra reglna.

36. gr.

Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til að gefi saman hjón, og er sú athöfn þá ógild. Slíkt hið sama gildir, ef brúðhjónin hafa eigi játast undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan.

Aftur á móti ógildir það eigi vígslu, þó að eigi hafi verið gætt annara vígslureglna eða lýsingarreglna.

37. gr.

Nú er hjónavígslu lokið, og skal þá vígslumaður þegar í stað geta vígslunnar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vígslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vígslubók sinni, en prestur brúðar getur vígslunnar í ministerialbókinni.

38. gr.

Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilriki brestur fyrir því, að lögmæltrar tryggingar sje aflað fyrir vígslu, og skal þá vígslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti.

39. gr.

Fyrir borgaralega vígslu og útskrift úr vígslubók skal gjalda eftir ákvæðum aukatekjulaganna.

Um borgun fyrir kirkjulega vígslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar að eins borgun fyrir þær hjónavígslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma.

Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók.

Ríkissjóður leggur til vígslubækur og bækur undir hjónaskrár.

40. gr.

Nú vígir löggiltur prestur (forstöðumaður) annars trúfjelags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess fjelags um atriði þau, er ræðir um í 34. gr., í 2. mgr. 35. gr. og í 39. gr., svo og reglur 3. mgr. 29. gr., að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið.

V. kap.

Um ógilding hjónabands.

41. gr.

Nú riður hjónaband í bága við fyrirmæli 13., 15. eða 16. gr., og skal þá ógilda það með dómi.

Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið, ef fyrra hjónabandi er slitið áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákæruvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðruhvoru hjóna og þeim, er annað þeirra hefir áður verið gift.

42. gr.

Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vígsla fór fram, og

getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, sjeu 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði.

Nú var öðru hjóna eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins þá er vígsla fór fram, og getur það þá einnig heimtað hjónabandið ógilt, nema liðnir sjeu 6 mánuðir frá því að það komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vígslu.

43. gr.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjónabands síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígslan fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður, þá er vígsla fór fram, verið, án þess vitundar, haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, alltíðum flogaveikisköstum eða holdsveiki, eða verið óbætanlega ófært til holdlegra samfara.
4. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því vísvitandi að villa á sjer heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjónabandinu, ef vitað hefði.
5. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því er ástandi því var lokið, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung ljetti samkvæmt 5. lið. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækjandi hefir ekki sýkst af hinu hjónanna og að sjúkdómurinn er ekki framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá ekki ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra sjúkdóma, sem ógildingu hjónabands varða, sjeu þeir læknaðir.

44. gr.

Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sje um mælt í lögum þessum.

45. gr.

Nú er sameignarbúi skift vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiftu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita, og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr sjereign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til rjettra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til sjereignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

46. gr.

Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 11. gr., enda hafi annað hjóna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrnefnda heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggja.

Slíkt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsgr. 42. gr. eða samkvæmt 43. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan.

Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skifti fyrir öll eða á tilteknum gjalddögum, enda sje þeirra krafist í ógildingarmálinu.

47. gr.

Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna að framfæra hitt frá hjúskaparslitum.

48. gr.

Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vígsla fór fram, og getur þá maðurinn krafist þess, að af henni verði dæmdur rjettur til að kenna sig við hann.

49. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkv. 41. gr., og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Auk þess getur það hjóna, er lifir, krafist bóta samkv. 46. gr.

Rjettur þessi ber því hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., því að eins, að hitt hjónanna hafi látist áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur ekki liðinn.

Nú deyr það hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., eftir að ógildingarmál er höfðað, og getur þá hver erfingja þess krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Sama gildir, hafi svo verið ástatt til dauðadægurs um það hjóna, er látist hefir, sem segir í fyrri málsgr. 42. gr. eða í 1. lið 43. gr.

Framangreindar kröfur skal gera innan 6 mánaða frá láti þess, er deyr.

Nú deyr það hjóna, sem átt hefir tvær eða fleiri konur eða menn, áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður að lögum, fyrstu eiginkonu eða eiginmanni hins látna, nema annað sje augljóst af kringumstæðum.

50. gr.

Nú er ákvæðum 1. eða 2. mgr. næstu greinar á undan beitt, samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðarjettur þess eftir hið látna.

VI. kap.

Um skilnað að borði og sæng.

51. gr.

Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvors annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (55., 56. og 57. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 53. gr.

52. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sjer mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annara lasta, og getur þá hitt krafist skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn, nema sjerstaklega standi á.

Nú má ætla, að ósamlyndi milli hjóna sje orðið svo magnað, að eigi megi una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sje aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 53. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 55.—57. gr. ræða um.

53. gr.

Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfjelagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfjelags.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hjer á landi og eigi hvorugt 30 kilómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sátt með því.

Nú sækir annað hjóna eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður þess eða bæjarfógeti því þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttasemjari krefst ábyrgðar á hendur því.

54. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng, og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskifti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til.

Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsgr. 52. gr., enda sje búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafist þess, að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því að eins, að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds.

55. gr.

Það skal ákveðið í skilnaðarleyfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annars vegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sjer sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.

Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sjerstaklega standi á.

56. gr.

Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skifta milli

þeirra, verði öðruhvoru eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sátt um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sje fyrir bestu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sje það eigi ólíklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskift hjá sama foreldri.

Leita skal álits næsta venslamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna.

57. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda.

Skiftin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú fullnægir annað foreldra ekki framfærsluskyldu sinni með framfærslu þess eða þeirra barna, sem því fylgir, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu það, sem vanta þykir á rjett meðlag af þess hendi með öllum börnunum.

58. gr.

Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars hjóna með hinu, og verður því þá eigi breytt síðar.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (56. gr.), ef annað foreldri fer fram á það, enda standi öðruvísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta.

59. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það hjóna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði að borði og sæng.

Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum.

60. gr.

Nú er meðlag samkv. 55. eða 57. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá aðili heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við.

Ákvæði 55. og 57. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögunum gagnvart sveitarfjelagi til að framfæra börn eða hitt hjóna.

61. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þegar niður.

VII. kap.

Um lögskilnað.

62. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda sjeu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra málefna, er ræðir um í 55., 56. og 57. gr., og geta hjónin þá krafist skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafist skilnaðar.

Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um, að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 53. gr.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör.

63. gr.

Nú hafa hjón lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafist skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænst skilnaðar, nema sjerstaklega standi á.

64. gr.

Nú hafa hjón lifað aðskilin í 2 ár, án samkomulags um samvistaslitin og lögmætra orsaka, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna heimtað skilnað, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin.

65. gr.

Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurst hefir til þess, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

66. gr.

Nú hefir annað hjóna gifst gegn fyrirmælum 16. gr., og getur þá hitt krafist skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er krefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins.

67. gr.

Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór, eða saurlifnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn, eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn.

68. gr.

Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sóttnæmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt, þann veg að sýking geti af hlotist, og getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafist skilnaðar, nema það hafi þekt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að annað hjóna vissi sig lagt í hættu. Nú hefir sýking eigi hlotist af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósóttnæmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður.

69. gr.

Nú hefir annað hjóna sókst eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafist skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá framkvæmd hans.

70. gr.

Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn.

71. gr.

Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati óliklegur, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

72. gr.

Lögskilnaðar samkvæmt 63.—71. gr. má leita hvort heldur í stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað í stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum, svo sem segir í 53. gr., og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 76. og 77. gr. ræða um.

Nú er stjórnarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með rjettarskýrslu þau atvik, er það telur máli skifta. Nú fæst slík rjettarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður í stjórnarráðinu. Þegar svo stendur á, getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

73. gr.

Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skifti fjelagsbúsins svo sem lög standa til.

74. gr.

Nú krefst annað hjóna skilnaðar af því að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafist bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur allar í einu eða á tilteknum gjalddögum.

Sje skilnaðar krafist fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sje skilnaðar krafist í stjórnarráðinu, skal höfða bótamálið áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómsskilnaðar er úti.

75. gr.

Nú hafa hjón skilið, og verður annað þá eigi skyldað til að framfæra hitt, nema alveg sjerstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins. Það fer eftir ákvæðum 55. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framfærslu hins.

Giftist sá, sem rjett á til framfærslu, á ný, fellur framfærsluskylda niður.

76. gr.

Nú skilja hjón, og skal þá í skilnaðarbrjefinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Sjeu foreldrin sammála, skal ákvörðun ger eftir því, nema í bága komi við þörf eða hag barnanna. Sjeu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem best þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna. Forræði barns skal vera óskift hjá öðruhvoru foreldrinu.

Áður en hjer um rædd ákvörðun er ger, skal leita umsagnar nánustu venslamanna barnanna.

77. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarbrjefi eða dómi, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalds. Um skiftinguna fer þá sem segir í 57. gr. annari málsgr.

78. gr.

Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt.

Breyta má ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer þess á leit og ástæður eru breyttar, svo að líklegt er, að breyting sú, sem farið er

fram á, verði börnunum til bóta. Breytingin heyrir undir sama dómstól eða stjórnarvald, sem gerði hina upprunalegu ákvörðun.

79. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 74. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarinn hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði.

Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef ætla má að breyting verði börnunum til bóta.

80. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 75. og 77. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu mæðra með óskilgetnum börnum sínum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.

Ákvæði 75. og 77. gr. breyta í engu lögmæltri skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, nje rjetti sveitarfjelags gagnvart framfærslumanni, út af lögmætri framfærsluskyldu hans á manni sínum eða konu.

81. gr.

Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda, af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafist dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig við hann.

VIII. kap.

Um rjettarfar í hjúskaparmálum o. fl.

82. gr.

Hjúskaparmál eru hjer nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi, eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því að hjónaband sje gilt eða ógilt.

83. gr.

Sá einn getur, að sleptri heimild 41. gr., höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar því, að hann sje eða sje ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

84. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 88. gr.

85.

Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almanna hagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í hjeraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðri dómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almanna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

86. gr.

Hjón eiga aðild hjúskaparmáls, nema svift sjeu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svift lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviftur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls.

87. gr.

Hjúskaparmál má höfða hjer á landi, ef stefndur á hjer heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenskan fæðingjarjett, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingjarjettur beggja verið íslenskur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingjarjett í öðru og sama landi.

Hjúskaparmál má og höfða hjer á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hjer og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna, eða skift um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hjer nefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki.

88. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima.

Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða.

89. gr.

Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 41. gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafist eða eigi.

Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 16. gr., sjerstaklega ef ætla má að fyrra hjónabandi verði bráðlega slitið.

Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í hjeraði, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

90. gr.

Hjeraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðilar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðilar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 75.—77. gr., áður en mál er dómtekið.

91. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðila eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafje, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

92. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómshjeraðs eða í nágrannahjeraði, og þó eigi fjær en fjærst gæti verið innan hjeraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 93. gr., hverju það varði.

93. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiftir, og kemur játningin þá að eins til álita sem sönnunargagn.

Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

94. gr.

Hvortveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafa.

Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til málatilbúnings af nýju.

95. gr.

Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli nema svo standi á, sem lýst er í 92. gr.

96. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita brjeflegrar yfirlýsingar sjerfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sje eigi kostur sjerfræðings.

97. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðilar sjeu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðila, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—1000 króna sekt til ríkissjóðs.

98. gr.

Nú hefir öðrum aðila eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sje aðili staddur utanlands eða sje ókunnugt um dvalarstað hans, eða sje aðili sviftur lögræði vegna geðveiki.

99. gr.

Áfrýja skal hjeraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri rjettar innan 12 vikna frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því að eins að gagnaðili og stjórnarráð hafi brjeflega fallið frá áfrýjun.

100. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

101. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá hjeraðsdómara eða utanrjettarstefna er birt stefndum innan lögmælts tíma.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál af nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

102. gr.

Nú er beiðst hjónaskilnaðarbrjefs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi fjelagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn.

Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafist fjárskilnaðar að lögum.

Og enn getur stjórnarráðið, ef sjerstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slíta um stund samvistir við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framfæra. Fer þá um meðlagið eftir því sem segir í 55. og 57. gr.

IX. kap.

Ýmisleg ákvæði.

103. gr.

Lög þessi raska eigi sjerreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hjer á landi, nje heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atriði skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun.

104. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

105. gr.

Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum.

Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi sjeu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 17. gr.

106. gr.

Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sjer áður en lög þessi öðlast gildi eða fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sje vígsluskilyrða 20. gr. gætt, áður en vígsla fer fram.

107. gr.

Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þessum og þá gildandi lögum.

Nú er slíkt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum.

108. gr.

Nú hafa hjón skilið að borði og sæng áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 62. gr. laga þessara.

109. gr.

Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðst leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti eftir þá gildandi lögum.

110. gr.

Nú hefir verið beiðst skilnaðar að borði og sæng eða hjónaskilnaðar eftir að lög þessi gengu í gildi, eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögunum, enda þó að skilnaðarástæða sje eldri.

111. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla úr gildi frá og með þeim degi, er lög þessi öðlast gildi. Hjónabandsartikular 2. júní 1587 (16. kap. III. bókar Dönsku laga, að svo miklu leyti sem fylgt hefir verið), 2. gr. XIII. kap. VI. bókar D. L., konungsbrjef 14. júní 1740 (tilskipun 5. mars 1734), tilsk. 29. maí og tilsk. 18. desbr. 1750, konungsbr. 28. mars 1776, tilsk. 1. desbr. 1797 (dómsmálastjórnarbrjef 15. júní 1799), 1. gr. I. kafla tilsk. 23. maí 1800, konungsúrskurður 28. janúar 1818, sbr. kansellibrjef 10. febrúar s. á. (tilsk. 18. október 1811), opið brjef 10. febrúar 1818, 1. liður konungsbr. 7. desember 1827 (tilsk. 30. apríl 1824: 1.—2. gr., nr. 1, nr. 3—9 og nr. 11, 3. gr., 4.—12. gr. og 14.—19. gr.), 164. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, lög 22. september 1899, nr. 19, lög 26. október 1917, nr. 30 (1.—9. gr. laga 19. febrúar 1886, nr. 4, nr. 2, 3. gr. og 13. gr. tilsk. 30. apríl 1824), lög 26. október 1917, nr. 31, (nr. 10, 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 62. gr. laga 10. nóvember 1905, nr. 44).

Og enn eru ógild frá sama degi öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

(B. XVII, 3).

Nd. **288. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps,

sem trygð er í brunabótasjóði, nemi aldrei meiru en 1/3 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Lög þessi takmarka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir 5/6 alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í 2000 kr. húseign og meiri eða lausafje, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir »fari eigi fram úr 6000 kr.« í 4. gr. laganna komi: fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir »þó hærra verði nemi en 6000 kr.« í 5. gr. laganna komi: þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna »Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum,« í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

Í stað orðanna »Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr landssjóði« í niðurlagi 17. gr. komi:

Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

10. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $^5/_6$ hluta allra híbýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

11. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

12. gr.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma þó ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

13. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

(A. XXX, 21).

Nd. **289. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson.

Við 7. gr. Á eftir 11. tölulið komi nýr tölul:
Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að ... ... kr. 19000,00

(B. XLII, 4).

Nd. **290. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
Við bankann skal stofna sjerstaka deild, er nefnist Jarðræktardeild Ríkisveðbanka Íslands. Tilgangur hennar er að veita lán til jarðræktar, er trygð sjeu með veði í þeirri fasteign, sem láninu er varið til ræktunar á, eða trygð á annan hátt samkvæmt 1. gr. Bankinn gefur út og selur sjerstök bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt þessari grein, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs þessarar deildar.
2. Við 3. gr.
Fyrri málsliður fyrri málsgreinar orðist þannig:
Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð alt að 3 miljónir króna, og auk þess Ræktunarsjóð Íslands Jarðræktardeildinni til handa.
3. Við 4. gr.
Greinin orðist þannig:
Landsstjórninni er heimilað að greiða stofnfje bankans sem hjer segir:
1. Til stofnsjóðs fyrir Jarðræktardeild skal verja peningum og skuldabrjefum Ræktunarsjóðs.
2. Að öðru leyti er landsstjórninni heimilað að greiða stofnfje bankans smámsaman, eftir því sem þörf gerist, og verja til þess eignum kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, hvort heldur eru peningar, bankavaxtabrjef eða skuldabrjef. Enn fremur er landsstjórninni heimilað að taka lán í þessu skyni, að því leyti sem eignir kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs hrökkva ekki til að greiða 3 miljónir kr. í stofnsjóð bankans.

Andvirði þeirra þjóðjarða, er hjer eftir verða seldar, rennur inn í stofnsjóð Jarðræktardeildarinnar, og bætist við eign Ræktunarsjóðsins. Jarð-

ræktardeildin skal telja Ræktunarsjóði til tekna árlega vexti þá, sem til falla af skuldabrjefum og bankavaxtabrjefum sjóðsins, og 3% af peningaeign hans.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð stofnsjóðnum út samkvæmt 1. og 2. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðunum eins og tapinu nemur; ef annarhvor sjóðurinn lækkar við það niður fyrir $^1/_8$ af nafnverði bankavaxtabrjefa þeirra, sem trygð eru með þeim stofnsjóði, þá bætir ríkissjóður honum það, er til vantar.

Af stofnfjenu, öðru en Ræktunarsjóði, greiðir bankinn ársvexti þannig: Af skuldabrjefum og bankavaxtabrjefum skal greiða þá vexti, er til falla. Af peningum, sem tilheyra kirkjujarðasjóði og viðlagasjóði, skal bankinn greiða 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári; sömu vexti skal greiða af lánsfje, er ríkissjóður leggur til stofnsjóðsins, að því leyti sem það er notað til þess að stofnsjóðurinn nemi 2 milj. kr., að frátöldum Ræktunarsjóði, en af því lánsfje, sem ríkissjóður leggur til þar fram yfir, skal greiða sömu vexti sem ríkissjóður borgar lánveitanda sínum.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign með vöxtum, þegar hagur bankans leyfir.

4. Við 8. gr.

Á eftir orðinu í enda greinarinnar »Samtímis« komi:
í hvorri deild bankans.

5. Við 12. gr.

Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er og að lána úr Jarðræktardeild, gegn veðrjetti og uppfærslurjetti næst á eftir öðrum þinglesnum veðskuldum, er eigi fari fram úr $^3/_5$ af verðgildi eignarinnar án umbótar þeirrar, sem lánið veitist til. Upphæð hvers slíks láns má nema alt að $^3/_5$ af verðgildi jarðabótarinnar fullgerðrar, og má ákveða í reglugerð, að lánið borgist út árlega með upphæð, er samsvari alt að $^3/_5$ af verðgildi þess hluta jarðabótarinnar, sem þá er fullgerður.

6. Við 13. gr.

Á eftir 2. málsgrein bætist inn ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur má ákveða í reglugerð, að viðbótarlán til jarðræktar megi veita úr Jarðræktardeild án þess að nýtt mat á eigninni í heild fari fram. Þar má og setja ákvæði um sjerstakt mat á jarðabótum þeim, sem lán er veitt til úr Jarðræktardeild.

7. Við 14. gr.

Á eftir orðunum »ekki yfir $^3/_5$ af virðingarverði allrar eignarinnar« komi:
sbr. þó síðustu málsgrein 12. gr.

8. Við 16. gr.

Orðin í 2. málsgrein »Bankinn skal og . . . . . verulegum upphæðum« falli burt.

9. Við 22. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgrein »og má eigi« — til loka málsgreinarinnar komi:
þó eigi hærra en 1%.

10. Við 22. gr.
Fyrir orðin í 3. málsgrein »skal tilkynna« komi:
skal kaupandi tilkynna.

11. Við 25. gr.
Á eftir orðunum í 3. málsgrein »sbr. 1. gr. 3. lið« komi:
og 3. gr.

(A. IX, 3).

Ed. **291. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir háttv. Nd. haft til meðferðar og samþ. það óbreytt.

Breytingar þær, er frumvarpið gerir á lögum um aukatekjur landssjóðs frá 11. júlí 1911, ganga allar í þá átt að hækka tekjurnar.

Nemur hækkunin yfirleitt helmingi, þótt nokkrar undantekningar sjeu frá því, þannig að sumar aukatekjurnar eru hækkaðar meira og aðrar minna.

Þær aukatekjur, sem hækkað hafa af völdum dýrtíðarinnar, svo sem sum gjöld fyrir þinglestur og uppboðsgerðir, eru látin standa óbreytt.

Það er einróma álit nefndarinnar, að full sanngirni mæli með því að hækka þessar tekjur ríkissjóðs, eins og frumvarpið fer fram á, og að taka beri tillit til þess, að ríkið þarf nú að greiða starfsmönnum sínum, er verk þessi framkvæma, miklu hærri laun en áður, og að ríkissjóður hefir af þessum og fleiri ástæðum mjög brýna þörf fyrir auknar tekjur.

Nefndin mælir því eindregið með því, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður. Guðjón Guðlaugsson. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Sigurjón Friðjónsson. Björn Kristjánsson.

(A. VI, 6).

Ed. **292. Álit**

um frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefir ekki getað orðið samferða meiri hlutanum því, að frumvarp þetta verði að lögum, og er það af gildum ástæðum.

Í fyrsta lagi má geta þess, að hin nýja stefna, sem kemur fram í frumvarpi þessu og öðrum sams konar frumvörpum, mun eigi hafa verið gerð þjóðinni nægilega kunn. Það hefir enn eigi unnist tími til þess.

En það telur minni hlutinn rjett, þegar um svo alvarlega stefnubreyting er að ræða, þá gefi stjórn og þing þjóðinni tíma til að átta sig á því, hvað sje verið að gera. Þó máli þessu hafi verið hreyft á nokkrum þingmálafundum, þá gefst vanalega ekki tækifæri til að skýra slík mál til nokkurrar hlítar á slíkum fundum. Skýringin kemur fyrst við opinberar umræður um málin. En það er vitanlegt, að að minsta kosti sum kjördæmi landsins hafa á þingmálafundum lýst sig einokunarstefnunni andvíg, þó ríkið sjálft sje einokunarhafinn, en telja frjálsa verslun og samkepni landinu hollasta til frambúðar. Og þannig hefir skoðun Íslendinga yfirleitt verið frá því, er verslun landsins var gefin frjáls. Og ekkert mundi þeim þingskörungum vorum hafa verið fjær skapi, sem unnu að því að leysa verslun landsins undan einokunarokinu, en að koma versluninni aftur undir einveldi stjórnar landsins. Þeim var alt um að gera, að verslunin yrði frjáls samkepnisverslun og að hún yrði innlend.

Rjett er og að taka fram um þessa einokunarverslun, eins og um allar slíkar einokunarverslanir, að engin trygging er fyrir því, að hæfur maður mundi verða látinn stjórna slíku fyrirtæki. Og þó sá maður fengist í byrjun, þá er engin vissa fyrir því, að svo yrði framvegis. En ef mistök yrðu á vali slíks manns, þá gæti landið beðið af því stórtjón. Hjer yrði, eins og við alla einokun, of mikið vald lagt í eina hönd.

Þá getur minni hlutinn ekki fallist á álagningarmáta fyrirhugaðrar tóbaks- og spíritusverslunar, og skoðar hann slæmt fordæmi. Það mun ekki vera títt, að kaupmenn leggi á þess konar vörur í stórkaupum meira en 20% af *innkaupsverðinu*, og bera þeir þá sjálfir flutningsgjaldið, sjóábyrgð, verslunarkostnað og skatta, aðra en tollinn.

En hjer er gert ráð fyrir, að verslunin leggi á tóbakið 15—50% á innkaupsverðið, og þess utan sömu álagningu á flutningsgjaldið og annan kostnað, þangað til varan er komin í hús. Til jafnaðar ættu tóbakssalar ekki að leggja meira á þessa vöru, þegar venjuleg samkepni fær að njóta sín.

Álagninguna á spíritus, sem nota á til iðnaðar og brenslu, má telja óhæfilega nærgöngula, þegar tekið er tillit til tollsins, sem þegar hvílir á þessari vöru, og sem þingið alt fram að árinu 1919 áleit, að ætti að vera alveg tollfrjáls. Nú er ætlast til, að lagt verði á þessa vöru 75—100%, miðað við verð hennar *kominnar í hús og að viðbættum tolli*, sem er nú 2 kr. af hverjum lítra Sjá allir væntanlega, hve óhæfilega hátt gjald það er, þegar tillit er tekið til þess, að það er mestmegnis fátækara fólk, sem notar þennan spíritus til brenslu, til að hita upp »prímusa«, og svo iðnaður, sem sannarlega bæri fremur að styðja en fella. Það er ekki annað hægt að sjá en að fátækt fólk verði að fara að grípa til þess neyðarúrræðis að nota bensín til þess að hita upp með, ef spíritusinn yrði svo afar dýr, og má nærri geta, hversu andrúmsloftið yrði þá holt hjá fólki, sem verður að búa með fjölskyldu í einu eða tveimur herbergjum. Þá telja margir það mikilsvert atriði, að selja á spíritusinn í sömu verslun og tóbakið, og getur minni hlutinn eigi annað en verið meiri hlutanum sammála um, að greina beri sölu spíritusins frá tóbakssölunni.

Af öllum framangreindum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frumvarp þetta nái ekki samþykki háttvirtrar deildar.

Alþingi, 11. apríl 1921.

Björn Kristjánsson, ritari og framsögum. Sig. Eggerz.

(A. XXX, 22).

Nd. **293. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

Við 4. gr.

Á eftir 8. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Aukafjárveiting til bátsferða milli Reykjavíkur annars vegar og Borgarness og Hvalfjarðar hins vegar árið 1921 ..... kr. 10000,00

Styrkurinn veitist gegn því, að báturinn fari, auk póstferðanna, að minsta kosti 15 áætlunarferðir til Borgarness, með viðkomu í báðum leiðum á Akranesi, og 10 til 12 áætlunarferðir í Hvalfjörð.

Til vara:

Til bátaferða á Hvalfirði ..... kr. 1000,00

(A. XXVII, 8).

Nd. **294. Lög**

um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við vornámsskeiðin, annaðhvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

(A. XLVI, 7).

Ed. **295. Frumvarp**

til laga um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi, kalki, tjöru, blackfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum og tunnuhlutum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni, járngirði, stáli, blýi, tini, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, bjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, vögnum, kerrum, hjólum og hjólásum, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum, rafmagnsvjelum og rafmagnstækjum, lóðarvindum, akkerisvindum, lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, vírtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni, segldúk, striga, tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, gipsi, hefilspónum, sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol), kokosfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugerðar, 75 au. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.

4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;
   b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

   Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.
5. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platinu eða gimsteinum, 10 kr. af hverjum 10 kg.
7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, gull og silfur til tryggingar innlendum bankaseðlum, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara, svo og notaðir munir, er hafa verið sendir til annara landa til aðgerðar.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í ríkissjóð gjald af póstbögglum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg., nema móttakandi sanni, að alt innihald bögguls sje undanþegið vörutolli samkv. 1. gr. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Heimilt er póstafgreiðslumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs

vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stíluðri á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein,

má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, og skal hann þá sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, et hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi

hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 6. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5., 6. og 7. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XXXVIII, 8).

Ed. **296. Frumvarp**

til laga um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 200 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver er. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

   Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.
4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:
   a. Köfnunarefni í saltpjeturssýru.
   b. Köfnunarefni í ammoníaki.
   c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum.
   d. Köfnunarefni í cyanamíði.
   e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
   f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citrónsýru.
   g. Kalí, leysanlegt í vatni.
   h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
   i. Gibs, (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbjefum og auglýsingum má eigi nota önnur

orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Þegar verslað er með kjarnfóður, svo sem korntegundir, olíukökur, sykurúrgang (melasse), síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskírteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skírteini er útgefið. Á tryggingarskírteini sje tekið fram:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar kjarnfóðursins.
3. Nafn kjarnfóðursins og úr hverju það er tilbúið.
4. Sje kjarnfóðrið búið til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort kjarnfóðrið er blandað annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta, að svo sje ekki.
6. Sje um olíukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreint hvers konar lifur; enn fremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrina, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent, og enn fremur, hve mikill þungi síldar og salts sje í hverju íláti.
10. Sje um síldarkökur eða síldarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í kjarnfóðrinu, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
    a. Af köfnunarefniskendum efnum.
    b. Af feiti.
    c. Af sykri.
    d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
    e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fóðrið sje eigi

blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

3. gr.

Stjórnarráðið sjer um, að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða kjarnfóðurefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

a. Nafn vörunnar.
b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau í efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

   Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.
2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynt að varan sje komin. Seljandi annast tilkynninguna.
3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal

hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort áhtast megi, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.

4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemdir á vörunni.

5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða, skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hja seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(A. XLVII, 6).

Ed. **297. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54., 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp. Breytingar þær, sem gerðar eru á núgildandi tollilögum eru þær, sem nú skal greina:

1. *að* tollur af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna er hækkaður úr 2 krónum upp í 3 krónur af lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika úr 3 kr. upp í 4 kr. af lítra, og yfir 12° og alt að 16° styrkleika úr 4 kr. upp í 5 kr. af hverjum lítra.
2. *að* tollur af óbrendu kaffi og kaffibæti er hækkaður úr 30 aurum á hverju kílói upp í 60 aura.
3. *að* tollur af brendu kaffi er hækkaður úr 40 aurum upp í 80 aura á hverju kílói.
4. *að* tollur af tegrasi er hækkaður úr 1 kr. upp í kr. 1,50 á hverju kílói.
5. *að* tollur af súkkulade er hækkaður úr 50 aur. á hverju kílói upp í 75 aura og
6. *að* tollur af kakaódufti er hækkaður úr 30 aurum upp í 50 aura á hverju kílói.

Þó tollar sjeu orðnir afarháir, og jafnvel hærri en góðu hófi gegnir, þá sjer nefndin sjer ekki annað fært, fjárhagsins vegna, en að fallast á frumvarpið, og leggur því til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Sigurjón Friðjónsson.
Björn Kristjánsson, framsögum. og ritari.		Guðjón Guðlaugsson.

(A. IV, 4).

Nd. **298. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 a. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald. Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka gjald þetta fyrir 1 ár í senn. Þó sje það samþykt í sameinuðu þingi með $^2/_3$ atkvæða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(B. XXII, 4).

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, til Blönduóshrepps.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Blönduóshreppi landspildu þá, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, sem er milli lands jarðarinnar Hjaltabakka og lands Blönduóskauptúns. Við land Blönduóskauptúns ræður merkjum svo nefnd Neðribrekka, sem er sunnan við Blönduóskauptún, eins og hún stefnir vestur til sjávar og upp á akbrautina, og þá akbrautin út að Blöndubrú.

(A. XXVIII, 3).

Nd. **300. Álit**

um frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg get ekki fallist á það, að rjett sje að leggja slíkan skatt á bifreiðar, sem frv. þetta fer fram á, og ræð því háttv. deild til þess að fella frumvarpið.

Skattur þessi er rjettlættur meðal annars með því, að bifreiðar spilli vegum meira en aðrir vagnar. Þetta er nú fyrst og fremst mjög vafasamt, og jafnvel því gagnstæða haldið fram af öðrum. En þó að svo væri, þá ber á það að líta, hve mikil samgöngubót er að bifreiðum, þar sem þeim verður komið við hjer á landi.

Samanburður í þessu efni við önnur lönd virðist tæplega geta komið til greina. Það mun rjett vera, að jafnvel talsvert hærri skattur en hjer er um að ræða sje lagður á bifreiðar í öðrum löndum. En þar getur það líka til sanns vegar færst að telja bifreiðar »luxus«. Þar sem járnbrautir hafa verið lagðar um löndin þver og endilöng, og svo að segja heim undir hvert býli, eins og í Danmörku, og þær kostaðar af ríkinu að meira eða minna leyti, og oft og tíðum reknar með tapi, einmitt með það fyrir augum að ljetta undir með flutningum og ferðalögum á landi, þar er vissulega öðru máli að gegna, þó að jafnvel allháir skattar sjeu lagðir á slík farartæki sem bifreiðar. Þar verða bifreiðarnar keppinautar þeirra samgöngutækja, sem almenningur notar mest, og draga frá þeim tekjur, án þess þó að gera flutninga eða ferðalög ódýrari, og jafnvel þvert á móti.

Hjer á landi verður bifreiðaskatturinn beinlínis skattur á framförum, á hinum nauðsynlegustu samgöngubótum. Jeg neita því ekki, að sanngjarnt geti verið að leggja einhvern lítilsháttar skatt á bifreiðar, t. d. sem svaraði lestagjaldi af skipum, eða jafnvel ríflega það. En svo háan skatt, sem hjer er farið fram á, eða alt að 300 kr. á bifreið, verð jeg að telja alveg óhæfilegan, enda mundi hann verða til þess að koma öllum bifreiðaflutningum á fárra manna hendur og ef til vill gera þá margfalt dýrari en vera þyrfti. En vegna þess, að sá skattur, sem jeg teldi hæfilegan, mundi nema svo litlu, að ríkissjóð drægi það lítið, þá hefi jeg ekki fundið ástæðu til þess að gera breytingartillögu um lækkun skattsins.

Alþingi, 10. apríl 1921.

Jakob Möller.

(A. XXX, 23).

Nd. **301. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 7. grein.
Á eftir 11. lið kemur nýr liður:
Til björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum ... ... kr. 25000,00

(B. XI, 3).

Nd. **302. Breytingartillögur**

við frv. til laga um læknaskipun í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

1. Við 1. gr.
Greinin orðist svo:
Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.
2. Við 2. gr.
Fyrri málsgrein orðist svo:
Bæjarlæknir skal hafa á hendi framkvæmd laga um varnir gegn berklaveiki, annast ráðstafanir gegn innlendum næmum sjúkdómum, taka sæti í heilbrigðisnefnd bæjarins í stað hjeraðslæknis og vera ráðunautur bæjarstjórnar um heilbrigðismál.
3. Við 3. gr.
Greinin falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.
4. Við 4. gr.
Greinin orðist svo:
Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.
5. Við 5. gr.
Í stað orðanna »þessara embættismanna« komi:
þessa embættismanns.

(B. XII, 3).

Nd. **303. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

Við 1. gr. 2. málsgrein.

Í stað orðanna »Heilbrigðisstjórinn og sóttvarnalæknirinn í Reykjavík hafa« komi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi.

(B. XXVI, 2).

Nd. **304. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpi þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar, og hefir nefndin orðið á eitt sátt um að styðja að framgangi þess.

Það ber tvímælalaust brýna nauðsyn til, að haft sje eftirlit með því, að þeir menn, sem takast á hendur vjelgæslu á skipum og bátum, fullnægi ákveðnum kröfum um þekking og leikni í meðferð olíuvjela.

Vjelbátaútgerðin hefir vaxið hröðum fetum hin síðari árin, og vjelbátaflotinn er orðinn það stór, og þar af leiðandi er svo mikið í húfi, að það ríður ekki hvað minst á því, að gætt sje alls öryggis í þessu efni.

Það liðu svo þó nokkur ár, eftir að vjelbátarnir komu hjer fyrst til sögunnar, að það var mjög örðugt að fá nokkra tilsögn í meðferð olíuvjela, og urðu menn því að þreifa sig áfram í því efni upp á eigin spýtur, enda var ástandið hið versta, gangur vjelanna mjög ótryggur, og eyðilögðust þær oft á skömmum tíma af illri hirðingu og vankunnáttu í allri meðferð þeirra.

Þetta olli á tímabili miklu eignatjóni og stóð mikil hætta af því fyrir líf manna.

Við það, að Fiskifjelag Íslands setti á stofn námsskeið í meðferð olíuvjela, var mikil bót ráðin á þekkingarskorti manna í undirstöðuatriðum vjelfræðinnar.

Fræðsla sú, sem menn fengu á þessum námsskeiðum, var til mjög mikilla nota; ástandið gerbreyttist og má segja, að nú sje það fram yfir allar vonir, en skortir þó óneitanlega allmikið á, svo vel eða trygt sje. 1915 var vjelstjóraskóli Íslands stofnaður. Í þeim skóla er einungis kend gufuvjelfræði. Þeir, sem þá fræði vildu nema, urðu því, áður en sá skóli kom, að sjálfsögðu að leita náms erlendis.

Samtímis því, sem lögin um stofnun þess skóla voru samþykt, voru og gefin út lög um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Á síðasta þingi voru samþykt lög um stofnun mótorskóla í Reykjavík.

Sá skóli hefir að vísu ekki tekið til starfa enn þá, en þess má vænta, að það líði þó ekki á löngu, að svo verði, svo mikil nauðsyn sem á því er.

En jafnframt því, sem samþ. hafa verið lög um stofnun þessa skóla, og reyndar hvort sem væri, er rjett og sjálfsagt að setja lagaákvæði um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Þó er ekki, að svo stöddu, hægt, sbr. 7. gr., að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir því, að menn öðlist þessi rjettindi, að þeir hafi lokið prófi við mótorskólann í Reykjavík, heldur verða þau jafnframt og einkum að byggjast á því fyrst um sinn, að menn hafi tekið próf á námsskeiðum Fiskifjelags Íslands, eða þá lokið prófi við vjelstjóraskólann, auk þess sem enn minni kröfur eru látnar nægja, þegar um báta er að ræða, sem eru undir 10 smál.

Auk þess eru þau ákvæði sett í frv. þetta, að ætíð sjeu tveir vjelfróðir menn á bati eða skipi, sem er stærra en 10 smál., en þau ákvæði ná þó ekki til drattarbáta og annara báta, sem sigla á höfnum inni, þó stærri sjeu.

Þetta ákvæði er mjög þarft, því oft hafa hlotist vandræði af því, að eigi hefir verið nema einn vjelfróður maður á skipi, þegar hann hefir veikst eða á einhvern hátt fatlast frá og eigi getað sint starfi sínu.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   Á milli orðanna »í Reykjavík« og »eða námsskeiði« komi:
   sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands, eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkv. 7. gr. laga frá 3 nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.
3. Við 6. gr.
   Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. malsgrein 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

4. Við 7. gr.
Milli orðanna »Fiskifjelags Íslands« og »rjettindum sínum« komi: eða fullnægir ákvæðum 5. gr.

Alþingi, 12. apríl 1921.

Magnús J. Kristjánsson, formaður. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögum. Jón Baldvinsson.

Einar Þorgilsson. Þorl. Guðmundsson.

(B. XLVI, 1).

Ed. **305. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

Frá lyfjasölunefnd.

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún að eins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Um sölu áfengis til lyfja fer samkvæmt gildandi bannlögum.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hann

skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjald af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vínanda fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Stjórnin hefir lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um einkasölu á lyfjum og annað frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi. Það munu nú flestir vera sammála um það, að rjettara og eðlilegra hefði verið að láta lyf og áfengi fylgjast að í sama frumvarpi. En þar sem stjórnin hafði aðra skoðun í því efni, hefði hún átt í byrjun að leggja fram bæði þessi frumvörp fyrir sömu deild þingsins; með því móti hefði gangur þessara mála orðið að mun greiðari.

Frumvarp til laga um einkasölu á lyfjum var lagt fram í háttv. efri deild. Til þess að athuga það mál var kosin sjerstök 3 manna nefnd. Þessi nefnd hefir nú vandlega íhugað efni frumvarpsins og borið það undir hjeraðslækna landsins, svo og læknafjelag Reykjavíkur. Skoðanir lækna í þessu máli eru talsvert mismunandi; meiri hluti þeirra er andvígur einkasölu á lyfjum, en hins vegar hefir meira en helmingur þeirra, sem hafa látið álit sitt í ljós, verið hlyntir ríkiseinkasölu á áfengi.

Aðaltilgangur stjórnarfrv. um einkasölu á lyfjum er að koma ettirliti með lyfjabúðum landsins í það horf, að trygging sje fyrir því, að jafnan sjeu til í landinu nægar birgðir af góðum ósviknum lyfjum með hæfilegu verði. Nefndin lítur svo á, að þessum tilgangi sje náð með þessu frumvarpi, sem hjer liggur fyrir. Í 4. gr. frv. er forstöðumanni áfengisverslunarinnar gert að skyldu að útvega læknum, sem hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, samkvæmt beiðni þeirra. Með þessu ákvæði er hjeraðslæknum lagt í sjálfsvald, hvort þeir kaupa lyf sín í stærri lyfjabúðum landsins eða ríkisversluninni. Þetta verður að teljast sjálfsagt og þarf ekki frekari skýringar við.

Nefndin leggur áherslu á, að læknar hafi ekki framvegis, eins og hingað til, á hendi sölu á áfengi til iðnaðar, enda fer það skýlaust í bága við gildandi bannlög.

Þegar nú litið er á það annars vegar, að í þetta frumvarp hafa verið tekin upp meginákvæði úr frv. stjórnarinnar um einkasölu á lyfjum, og hins vegar einkasala á áfengi, að mestu leyti eins og hún var samþykt í háttv. neðri deild, þá verður nefndin að álíta, að frumvarpið sje í samræmi við vilja þings og stjórnar, og ræður háttv. deild til að samþykkja það.

(A. XXXIX, 2).

Nd

306. Nefndarálit

um frv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Á Alþingi 1919 var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að láta fram fara rannsókn og endurskoðun á skólalöggjöf landsins, og var þar sjerstaklega tekið fram ýmislegt í sambandi við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Samkvæmt þessu kvaddi stjórnin sjer til aðstoðar í framkvæmd þessarar endurskoðunar þá prófessorana dr. Guðmund Finnbogason og Sig. P. Sívertsen, og fór fram á það, að þeir hefðu tillögur sínar um Mentaskólann tilbúnar svo tímanlega, að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi 1921, ef svo sýndist. Luku þeir þessu starfi og skiluðu áliti sínu um Mentaskólann með brjefi dags. 20. okt. 1920 og þar með »frumvarpi til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík« og »frumvarpi að reglugerð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík«. Hefir stjórnin nú tekið lagafrumvarp þessara tilkvöddu manna og lagt það fyrir Alþingi, nálega óbreytt.

Mentamálanefnd neðri deildar hefir nú haft þetta mál til meðferðar og rætt það grein fyrir grein á allmörgum fundum.

Þess skal getið, að það kom þegar fram, að nokkur ágreiningur kynni að verða innan nefndarinnar um tvö meginatriði. Var annað það, hvort rjett væri að afgreiða málið nú á þessu þingi eða fresta því, þar til fyrir þinginu gætu legið tillögur um öll þau skólamál, sem stjórninni hafði verið falið að láta rannsaka. En hitt atriðið, sem ágreiningi gat valdið, var það, hvort skólinn skyldi vera óskiftur sex ára lærður skóli, eins og farið er fram á í frv. stjórnarinnar, eða ekki. En þar sem vitanlegt er, að margt í frv. er alveg óháð þessu, en sumir nefndarmanna tjáðu sig ekki albúna að taka þegar afstöðu til þessara meginatriða, var atkvæðagreiðslu um þau frestað, og fylgdust allir nefndarmenn að í því að ræða frv., og stendur nefndin því óskift bak við flestar brtt. þær, sem hjer verða nefndar síðar, þó með þeim fyrirvara af hendi þeirra nefndarmanna, sem ekki gátu átt samleið með meiri hluta nefndarinnar um þau atriði, sem nefnd hafa verið, er leiða hlaut af þeirri sjerstöðu þeirra. Þegar svo kom að því að taka afstöðu til þessara meginatriða, sem nefnd hafa verið, tjáðu tveir nefndarmenn sig mótfallna því að afgreiða málið á þessu þingi. En í því þarf ekki að felast yfirlýsing um hitt atriðið.

Meiri hluti nefndarmanna, þeir þrír, sem hjer eru undirritaðir, eru þeirrar skoðunar, að aðalbreytingin til batnaðar, sem hægt sje að gera á skólanum með lögum, sje sú, að gera hann að samfeldum lærðum skóla, er ekki taki við neinum nemendum nema að undangengnu prófi, inntökuprófi í fyrsta bekk eða venjulegu ársprófi hvers bekkjar, til þess að setjast í næsta bekk fyrir ofan, og telur sex ára námstíma hæfilegan. Fellst meiri hluti nefndarinnar því í þessu fullkomlega á frv. stjórnarinnar, og má nefna þessar ástæður til þess helst:

1. Skifting skólans hlýtur að hafa það í för með sjer, að námið í neðri bekkjunum verður að miða við það, að því verði lokið á fáum árum, t. d. þrem árum. Liggur í augum uppi, að þetta er skaði fyrir þá, sem áfram ætla að halda, tímatöf og tvíverknaður, einkum í sumum námsgreinum. Og þar sem reynslan hefir sýnt, að langflestir þeirra, sem inn í skólann ganga, halda áfram náminu til stúdentsprófs, nær þessi tvíverknaður til alls meginþorrans. Mun ekki fjarri sanni, að nemendur missi við þetta sem svarar eins vetrar námi, móts við það, ef skólinn væri óskiftur og námið alt miðað við það.

2. Gagnfræðamentun er og á að vera alls annars eðlis en undirbúningsmentun manna undir vísindanám í háskóla. Er því óheppilegt að blanda þessu tvennu saman í neðri bekkjum skólans. Annars vegar eru menn, sem vilja afla sjer hagnýtrar mentunar fyrir lífið, en hins vegar menn, sem á þessum sömu árum eiga að leggja sem traustastan grundvöll undir langt vísindanám.

3. Hjer kemur og til talsverður munur á inntöku í skólann. Gagnfræðaskóli á að vera aðgengilegur og laðandi til inngöngu, en alt öðru máli er að gegna um lærðan skóla. Þar er heppilegast, að ekki girnist aðrir inn að ganga en þeir, sem nokkuð treysta sjer.

4. Það, sem allmiklu sýnist ráða hjá mörgum, og hvetja til þess að halda í skiftingu skólans, er samband það, sem með því fæst við gagnfræðaskólann á Akureyri. En við nána íhugun fær þetta ekki staðist gegn þeim ókostum, sem að öðru leyti eru á skiftingunni. Það eru í rauninni að eins þeir, sem heima eiga á Akureyri sjálfri og í næstu sveitum, sem eiga hægara með að sækja skóla þar en í Reykjavík. Þó að nú sje svo háttað, að menn hænist meira að Akureyrarskólanum af Norðurlandi og Austurlandi, þá er það af öðrum ástæðum, sem ekki skifta máli í þessu sambandi. Við Akureyrarskólann eru nú heimavistir, sem gera nemendum vistina í þeim skóla bæði ódýrari, ánægjulegri og að ýmsu leyti betri, og mun það ráða mestu í þessu efni, en vitanlega er sá munur ekki í neinu sambandi við það, sem hjer er um að ræða, og verður að stefna að því marki, að Reykjavíkurskólinn njóti þessara þæginda, og mun þá sannast, að skólavistin þarf ekki að verða dýrari þar nje lakari en á Akureyri. Má telja þetta höfuðatriðið um framtíð skólans og velgengni, að heimavistum verði komið á í sambandi við hann. Ætti þetta og að verða viðráðanlegra, er skólinn væri kominn í þetta form, því að vænta má, að nokkuð færri gengju þann skólaveg eftir breytinguna. — Þá er á það að líta, að hægðarleikur á að vera að gera gagnfræðaskólann á Akureyri svo úr garði, að ástundunarsamir og röskir námsmenn geti staðist próf til 4. bekkjar lærða skólans viðstöðulítið, eða jafnvel viðstöðulaust, að loknu gagnfræðanámi á Akureyri, með því að leggja á sig nokkurt aukanám. Yrði þá þessi mikla umbót á lærða skólanum ekki dýrkeyptari en það, að af þeim, sem einhverra hluta vegna sæktu gagnfræðaskólann á Akureyri, en vildu svo halda áfram, gætu ekki nema duglegir menn komist áfram, án þess að eyða ári umfram. Mundu þá nokkru færri menn koma í lærða skólann frá Akureyrarskólanum en nú, en í stað þess yrðu það mest úrvals menn, og er það breyting í rjetta átt.

Fleiri ástæður mætti telja þessu fyrirkomulagi til gildis, en hjer skal ekki eytt rúmi til þess, en vitna í nefndarálit hinna tilkvöddu ráðunauta stjórnarinnar.

Þegar fengin er sú niðurstaða, að skólinn skuli vera eins og ráð er gert fyrir í frumvarpi stjórnarinnar, er engin frambærileg ástæða fyrir því að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi. Skólanum er þá þar með kipt út úr sambandi

við aðra skóla landsins, og því engin ástæða til þess að bíða eftir því, að endurskoðun á löggjöfinni um þá verði lokið. Hitt er annað mál, að haga má þeim, að því er við verður komið, eftir því, sem hentugt er fyrir þá, sem hafa hug á að ganga lærða veginn. Síðan tillögurnar um Mentaskólann voru birtar, hafa þær verið töluvert ræddar bæði á fundum og í blöðum, og litlar líkur til þess, að málið mundi vinna nokkuð við biðina.

Þá skal minnast nokkrum orðum á breytingar þær, sem nefndin hefir gert á frumvarpinu.

1. Viðkunnanlegast er að kenna hvora deild efstu bekkjanna við það, sem þar á að leggja mesta stund á, en það er málfræði annars vegar en stærðfræði hins vegar. »Bókmentadeild« er of víðtækt heiti, því að það grípur í rauninni yfir allar greinir jafnt, einnig stærðfræði.

2. »Bókmentafræði« í því formi, sem farið er fram á að kenna skuli í skólanum, er að vorum dómi ekki heppileg námsgrein í lærðum skóla, og gæti jafnvel verið skaðleg. Hjá mönnum innan tvítugs aldurs er ekki að vænta þeirrar dómgreindar og sjálfstæðis í hugsun, er þarf til þess að hafa þess not, og hætt við, að það yrðu skoðanir kennarans, rjettar eða vafasamar, hollar eða miður hollar, sem nemendurnir tækju ómeltar.

3. Oss virðist óþarft og jafnvel villandi að nefna »fjelagsfræði« við hlið sögunámsins, en þó í sambandi við það. Teljum fjelagsfræði hins vegar svo sjálfsagðan þátt sögunámsins, að ekki þurfi að nefna hana fremur en aðra þætti almennrar sögu, svo sem t. d. listir, bókmentir o. fl. Þetta er því að eins orðabreyting.

4. Óþarft sýnist að byggja út jafngóðu orði og »leikfimi«, sem komið er inn í málið, og taka upp í staðinn »líkamsæfingar«.

5. »Hannyrðir« hefir svo sjerstaka merkingu í málinu, að varla er fært að nota það eins og gert er í 4. gr.

6. »Skyndiprófin« eru svo ný og óreynd aðferð til þess að fylgjast með ástundun og námi í skólanum, að varhugavert er að lögfesta þau, og bakaði óþarfa fyrirhöfn, ef þau reyndust of tímafrek eða óhentug að öðru leyti. Sýnist það vera beint reglugerðaratriði að ákveða um þetta, og verður þá miklu meira á valdi skólastjóra og kennara að haga því eftir því, sem reynslan kennir þeim.

7. Það sýnist ekki vera óeðlilegt að gera stúdentsprófinu nokkru hærra undir höfði en ársprófum hinna bekkjanna, og láta þar 3 menn dæma um kunnáttu.

8. Ákvæði 8. greinar á fremur heima í reglugerð, því heppilegt er að hafa þar óbundnari hendur. Breytingin er og í samræmi við 5. gr., eins og vjer höfum breytt henni, því að þá er látið ósagt, hvort árseinkunn sje náð með nokkru prófi eða ekki. Sje 8. gr. látin haldast, þarf að samræma orðalag hennar við 4. gr.: leikfimi fyrir »líkamsæfingum« og handiðnum fyrir »hannyrðum«.

9. Það virðist ekki gott að koma auga á nokkra frambærilega ástæðu fyrir því að setja nokkurt efra aldurstakmark fyrir þá, sem ganga inn í skólann. Undarlegt, að skólinn amaðist við rosknari mönnum en alment er tiðkað, ef þeir vilja sjálfir setjast á bekk með yngri mönnum og hafa svo mikinn áhuga, að þeir vilja brjótast í löngu námi. Skólanum mundi nálega ávalt og í ýmsu tilliti vera fengur í slíkum mönnum. En á hinn bóginn hefir þetta svo marga ókosti

og erfiðleika í för með sjer fyrir mennina sjálfa, að þess er ekki að vænta, að það yrði nokkurn tíma nema sjaldgæft.

10. Vjer teljum rjett að kveða svo á í lögunum, að latneska skuli vera meðal þeirra námsgreina, sem prófað er í til inntöku í 1. bekk lærða skólans. Er þetta eina tækifærið, sem lögin gefa til þess að sýna, að áherslu skuli leggja á latínunám í skólanum og tryggja það, að það verði ekki hjegómi einber. Er ekki unt að rekja hjer í löngu máli ástæður þær, er ráða því, að meiri hluti nefndarinnar telur latínunámið eiga að vera eitt aðaluppeldis- og þroskameðal skólans, en benda má þó að eins lauslega á það, að menn hafa nú öldum saman tamið sjer þetta nám, og í engri námsgrein annari hafa menn því fundið jafnfastar og öruggar kensluaðferðir og komið sjer upp jafnhandbærum hjálpargögnum. Í reglugerð skólans er auðvelt að ákveða svo ljett inntökupróf í latnesku, að ekki verði góðum mönnum um megn. Þrjár ástæður má benda á til styrktar því, að hafa latnesku meðal námsgreina undir inntökupróf, auk þeirrar höfuðástæðu, sem nú hefir verið nefnd, að með því tryggja lögin, að latneska sje jafnan ein af aðal-námsgreinum skólans frá upphafi, meðan þau standa óbreytt.

a. Undirstaða hennar verður að jafnaði miklu tryggilegar lögð, þegar hún er kend undir skóla, einum eða fáum saman, heldur en í skólanum, þar sem hafa verður marga saman, nema sjerstakur afburðakennari eigi í hlut.
b. Rjett er að þeir, sem þennan skólaveg ætla að ganga, fái þegar í byrjun vegferðar nokkurn smekk af því, sem jafnríka áherslu á að leggja á í skólanum og latneskuna.
c. Inngangan í skólann verður með þessu ekki gerð árennilegri en vera ber. Það á engar tálsnörur að leggja fyrir menn í upphafi, heldur láta menn þegar finna, að hverju þeir ganga, svo að þeir geti hætt við í tæka tíð, ef þeir kenna sig ekki menn til.

11. Í 16. gr. er »bókmentafræði« feld burt, til þess að vera í samræmi við 4. gr.

12. Fyrsta breytingartillagan við 17. gr. er að eins leiðrjetting á prentvillu.

13. Varhugavert er að gera embættispróf að skilyrði fyrir kennarastöðu og einstrengja það mjög, því að bæði er óvíst, að jafnan sjeu fyrir hendi menn, sem uppfylla þetta skilyrði, og yrði þá hvort sem er að víkja frá þessu og veita embættið einhverjum, er á annan hátt hefði sýnt hæfileika sína, og auk þess sýna dæmin og sanna, að sá getur verið ágætur kennari, prýðilega vel að sjer og skólanum hinn þarfasti maður, er af einhverjum ástæðum hefir farið á mis við embættispróf.

14. Úrfellingin á 4. málsgr. 17. greinar er í samræmi við næstu breytingu á undan.

15. Það sýnist hvorki vera nauðsyn nje heldur fært hjer í fámenninu að gera kennurum skólans skylt að láta af embætti 65 ára að aldri. Mundi líklega reka að því þegar í stað, að nálega hver kennari yrði látinn halda áfram, jafnt eftir sem áður. Meðan ekki eru ákveðin slík aldurstakmörk öðrum embættismönnum, verður ekki sjeð, hví kennarar þessa eina skóla eiga að búa við það.

16. Nefndin fellir sig ekki við ákvæði frumvarpsins um skólaráð; þykir það bæði óþarft og jafnvel skaðlegt. Það gerir stjórn skólans umsvifameiri og ógreiðari, þar sem skólaráðið bæði getur gripið fram fyrir hendur skólastjóra og kemur auk þess inn sem nýr aukaliður milli skólans og yfirstjórnar hans, stjórn-

arráðsins. Einn nefndarmanna, meðundirritaður Magnús Jónsson, er ekki samþykkur þessu atriði, en ræður til þess að halda þessu ákvæði frumvarpsins. Lítur hann svo á, að vel skipað skólaráð ætti að geta orðið skólanum að liði og haft yfirstjórn hans á hendi að mestu leyti, svo að ekki kæmi til kasta stjórnarráðsins, en það er óneitanlegt, að það er mjög undir hælinn lagt, hvort þar eru við völd menn með þekkingu og áhuga á skólanum.

17. Vjer getum ekki fallist á að setja skólagjald í þessum eina skóla ríkisins. Væri ójettara að setja ein lög um skólagjald í öllum skólum ríkisins, svo að samræmi væri, ef það þætti tiltækilegt eða heppilegt. En raunar hyggur nefndin ekki, að svo muni reynast.

18. Síðasta (7.) lið 23. greinar verður að fella burt, í samræmi við það, að 20. gr. er burtu feld.

19. 7. töluliður 24. greinar fellur burt, samkvæmt breytingu á 20. gr.

20. Þarf ekki skýringar.

Með skírskotun til þess, sem hjer hefir sagt verið, ræður meiri hluti nefndarinnar til þess að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   Í stað »bókmentadeild« komi:
   málfræðideild.
2. Við 4. gr.
   a. »bókmentafræði« falli burt.
   b. »og fjelagsfræði« falli burt.
   c. Í stað »líkamsæfingar« komi:
   leikfimi.
   d. Í stað »hannyrðum« komi:
   handiðnum.
3. Við 5. gr.
   Greinin orðist svo:
   Í skólanum eru tvenns konar próf, árspróf og stúdentspróf. Auk þess má ákveða önnur próf í reglugerð.
4. Við 6. gr.
   Greinin orðist svo:
   Við stúdentspróf skulu í hverri prófgrein vera tveir prófdómendur, auk kennarans, sem prófar. Skipar yfirstjórn skólans annan, en hinn velur skólastjóri úr hópi kennara skólans. Við árspróf skal vera einn prófdómandi, auk kennarans, sem prófar, skipaður af yfirstjórn skólans. Við önnur próf, er ákveðin kynnu að verða samkvæmt 5. gr., skal einn af kennurum skólans vera prófdómandi, auk kennarans, sem prófar.
5. Við 8. gr.
   Greinin falli burt og greinatalan á eftir breytist samkvæmt því.

6. Við 9. gr. 1. tölulið.
   a. Orðin »og eigi eldri en rjettra 18 ára« falli burt.
   b. Í stað »ákvæðum þessum« komi:
      ákvæði þessu.
7. Við 10. gr.
   Milli orðanna »skrift« og »dönsku« komi:
   latnesku.
8. Við 16. gr.
   »bókmentafræði« falli burt.
9. Við 17. gr.
   a. Í tölulið 1: Í stað orðanna, »sem aðallega á« komi:
      sem hann á aðallega.
   b. Aftan við tölulið 1. bætist:
      eða sýnt á annan hátt, að hann sje fær til starfans.
   c. 4. málsgrein: »Skilyrði . . . . stundafjölda« falli burt.
   d. Síðasta málsgrein: »Hverjum kennara« og út greinina, falli burt.
10. Í fyrirsögn IX. kafla falli orðin »og skólaráð« burt.
11. Við 20. gr. Greinin falli burt.
    Greinatala frumvarpsins breytist því samkvæmt.
12. Við 21. og 22. gr. (X. kafla).
    Greinarnar falli burt. Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt því.
13. Við 23. gr.
    Töluliður 7 falli burt.
14. Við 24. gr.
    Aftan við greinina bætist:
    1. jan. 1922, en taka ekki til þeirra, sem þá eru komnir í skólann.

Alþingi, 12. apríl 1921.

Bjarni Jónsson frá Vogi, formaður.	Magnús Jónsson, framsögumaður.	Jón Þorláksson.

(C. I, 2).

Nd. **307. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögu þessari var vísað til allsherjarnefndar á öndverðu þingi, og skal nú með nokkrum orðum gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar til hennar.

Fyrsti liður tillögunnar er um það, að einn ráðherranna skuli vera og heita utanríkisráðherra Íslands.

Að sjálfsögðu hefir einn ráðherranna, sennilega forsætisráðherrann, á hendi

yfirumsjón með framkvæmd þeirrar íhlutunar um utanríkismálin, sem vjer höfum í vorum höndum, en Danir annars fara með í umboði Íslands, samkv. 7. gr. sambandslaganna.

Það gerir því hvorki að auka nje skerða rjett vorn og yfirráð á þessu sviði, hvort einn ráðherranna ber þetta heiti eða ekki; rjettinn til þess höfum vjer, og í framkvæmdinni virðist þetta ekki skifta miklu máli fyrir fullveldi Íslands.

Verði sú reyndin á við framkvæmd sambandslaganna, að það geti haft einhverja raunverulega þýðingu fyrir íslenska ríkið, þá er stjórninni jafnan innan handar að taka heitið upp.

Nefndinni er ekki kunnugt um, að sá ráðherranna, sem fer með þessi mál, hafi ekki fullkomlega getað neytt sín á þessu sviði, án þess að hafa þetta heiti, og þykir henni því ekki ástæða til að hlutast til um það, að svo stöddu, við stjórnina, hvort þetta heiti sje upp tekið eða ekki.

Þá er annar liður tillögunnar.

Af honum má ráða, að brytt hafi á einhverjum ágreiningi milli hins íslenska og danska hluta ráðgjafarnefndarinnar um 3. lið 7. gr. sambandslaganna, um það, hvort þeir sendimenn íslenska ríkisins, sem þar ræðir um, og ráðunautur sjeu íslenskir embættismenn eða ekki.

Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að skilningur hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar sje laukrjettur og að málið sje mikilsvert.

En þar sem nefndinni er það kunnugt, að núverandi stjórn leggur sama skilning í þetta atriði og hinn íslenski hluti ráðgjafarnefndarinnar, og þar sem þing og þjóð samþykti sambandslögin með þessum skilningi á 7. gr., þá virðist nefndinni, að hinn íslenski hluti ráðgjafarnefndarinnar hafi þann bakhjarl í þessu máli til að halda fram rjetti vorum, að ekkert bresti á í því efni.

Nefndinni virðist því óþarft að samþykkja nú slíka áskorun til stjórnarinnar, þar sem afstaða hennar til málsins er sú, sem áður var um getið, en aftur á móti gæti atkvæðagreiðsla um þetta atriði litið svo út í augum þeirra, er ekki bera næg kensli á málavöxtu, að einhver sundurþykkja ætti sjer stað hjá Íslendingum innbyrðis um skilning á þessu atriði málsins. En því telur nefndin alls ekki til að dreifa.

Nefndin þykist mega treysta því, að hinn íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar og stjórnina skorti ekki góðan vilja, samheldni og djörfung til þess að halda fram rjetti og sæmd íslenska ríkisins og geri alt, sem í voru valdi stendur, til þess að jafna þennan ágreining á þann hátt, að rjetti Íslands sje vel borgið.

En fari svo ólíklega, að samkomulag náist ekki um þetta atriði, þá er opinn vegur að fá skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er 17. gr. sambandslaganna mælir fyrir um.

Þá eru þriðji og fjórði liður tillögunnar.

Nefndinni virðist það muni ekki skifta neitt verulega miklu máli, hvort þeir sendimenn íslenska ríkisins, er í þriðja lið getur, hafi embættisheitið »sendiherra um stundarsakir« eða ekki.

Nefndinni virðist, að af praktiskum ástæðum muni það vera hyggilegast og rjettast að láta stjórnina hafa nokkurn veginn óbundnar hendur um þau atriði, er ræðir um í þessum liðum. Hjer skiftir það mestu, til þess að íslenska ríkið nái hagkvæmum samningum við erlend ríki um verslunarmál o. fl., að það leggi til hagnýta þekking á íslenskum þörfum og atvinnuvegum; sje þess rækilega gætt,

getur verið álitamál, hvort þau atvik geti ekki stundum legið fyrir, að það geti beinlínis verið búhnykkur fyrir sambandsþjóðirnar, Íslendinga og Dani, að gera í fjelagi slíka samninga við erlend ríki.

Ef það því í einstökum tilfellum virðist hagkvæmara að semja á þennan hátt, þá virðist hyggilegra að binda ekki hendur stjórnarinnar alt um of í þessu efni.

Um tvo síðustu liði tillögunnar þarf ekki að fjölyrða. Það virtist svo, sem flutningsmaður tillögunnar gerði sig ánægðan með svör forsætisráðherra um þessa liði við fyrri umræðu málsins.

Að öllu þessu athuguðu, virðist nefndinni þess ekki þörf, og jafnvel ekki heppilegt, að til atkvæðagreiðslu komi um tillöguna að svo vöxnu máli. En á hinn bóginn ætlast hún til, og leggur mjög mikla áherslu á það, að stjórnin sje jafnan á verði fyrir rjettindum Íslands í allri framkvæmd sambandslaganna og hafi vakandi auga á því, er Íslandi má að gagni verða, og ber hún það traust til stjórnarinnar, að hún láti í því efni ekkert á bresta.

Nefndin leggur því til, að hv. deild afgreiði þetta mál með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í því trausti, að stjórnin haldi fast fram rjetti Íslands samkvæmt sambandslögunum og láti í engu á þann rjett ganga í framkvæmdinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsögum. Pjetur Ottesen. Stefán Stefánsson.

Björn Hallsson, fundaskrifari. Einar Þorgilsson.

(C. IX, 4).

Ed. **308. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir borið tillögu þessa undir þann verkfræðing landsins, er hefir yfirumsjón með hafnargerðum og vitum, og ljet hann í ljós það álit sitt, að

tiltækilegt mundi vera að framkvæma rannsóknina á komandi sumri. Kostnaður við þá rannsókn taldi verkfræðingurinn að ekki mundi fara fram úr 2000 kr.

Að fengnum þessum upplýsingum mælir nefndin með því, að þingsályktunartillagan á þingskjali 238 sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1921.

Jóh. Jóhannesson, formaður. H. Steinsson. Sigurður H. Kvaran, ritari.

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason.

(C. XI, 1).

Ed. **309. Tillaga**

til þingsályktunar um innlendar elli- og líftryggingar o. fl.

Flutningsmaður: Guðm. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að halda áfram rannsóknum um innlendar elli- og líftryggingar o. fl. hjer að lútandi, svo og athuga, hvort ekki sje tímabært að lögleiða almennar skyldutryggingar, einkum ellitryggingar, og leggja síðan fyrir Alþingi, helst næsta Alþingi, frumvarp um þessi efni, ef framkvæmanlegt verður talið af sjerfróðum mönnum.

Nauðsynlegan kostnað, þessu máli til undirbúnings, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hinn síðasta áratug hefir Alþingi talsvert hugsað um það mál, sem hjer um ræðir, eins og sjest af þingsályktunartillögum til þess að hrinda málinu áfram. Á þinginu 1912 var samþykt svo hljóðandi tillaga frá Bjarna Jónssyni, Skúla Thoroddsen og Benedikt Sveinssyni:

> Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að safna nákvæmlega skýrslum um starfsemi lífsábyrgðarfjelaga þeirra, er starfa eða hafa starfað hjer á landi, og rannsaka alt, er lýtur að stofnun innlends lífsábyrgðarfjelags, — og leggja skýrslur þessar og rannsóknir fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ekki er mjer kunnugt um, hvað stjórnin hefir gert í málinu næstu árin, en áhuginn fyrir þessu þjóðþrifamáli hefir að minsta kosti verið vakandi, eins og sjest á því, að á Alþingi 1915 ber meiri hluti brunabótanefndar neðri deildar fram svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

Alþingi skorar á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi lög um landslífsábyrgðarfjelag og, ef fært þykir, slysaábyrgðarfjelag í sambandi við það. Landsstjórninni heimilast að verja alt að 5000 krónum til rannsóknar og undirbúnings málinu.

Tillagan var samþykt í neðri deild, en í efri deild var henni vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, til frekari rannsóknar. Þá varð það þó úr, að stjórnin fól dr. Ól. Dan. Daníelssyni »að rannsaka skilyrði fyrir hvers konar lífsábyrgðarstarfsemi á landi hjer«. Vann hann að þessu starfi alllangan tíma, og má það verk telja mikið og merkilegt, er hann hefir þar af hendi leyst. Eru þar reiknuð út skilyrði fyrir flestum venjulegum tegundum líftrygginga, og mun jeg reyna að skýra frá því helsta, sem hann hefir fundið með reikningum sínum.

1. Almennar líftryggingar og útborgun þegar líftrygður deyr eða eftir vissan árafjölda. Þess konar tryggingar eru nokkru dýrari hjer en hjá ríkisstofnuninni, sem tekin er hjer til samanburðar; stafar þetta af miklum manndauða hjer á landi á aldrinum 20—30 ára, og mun það stafa af slysförum, — druknunum; hækka því dánarlíkurnar talsvert fram yfir það, sem gerist hjá öðrum þjóðum. Af þessum ástæðum álítur höfundurinn, að ríkisstofnunin muni tapa á því að líftryggja Íslendinga fyrir sama iðgjald og útlendinga og ekki sje óliklegt, að við *verðum* sjálfir bráðlega að taka þessar tryggingar í okkar hendur.

   Eftir því, sem jeg hefi komist næst, er munurinn á iðgjöldum ekki svo mikill, að það út af fyrir sig þyrfti að ríða baggamuninn í þessu máli, einkum sje tekið tillit til þess mikla hagræðis, sem innlent lífsábyrgðarfjelag myndi hafa í för með sjer fyrir allan þjóðarbúskapinn, enda geri jeg einnig ráð fyrir, að ríkið myndi taka sjer einkarjett á líftryggingum og jafnvel innleiða skyldutryggingar að meira eða minna leyti. Um tryggingarmagnið gefur höf. þessar upplýsingar:

   Í ríkisstofnuninni voru 1915 almennar innlendar líftryggingar 898 fyrir 1736850 kr. og lífeyristryggingar 165 fyrir 56288 kr. í útborgun á ári.

   Í Carentia voru sama ár almennar tryggingar 82 fyrir 314700 kr.

   Skýrslur lágu ekki fyrir frá fleiri fjelögum, t. d. engar skýrslur frá Danmark.

   Allskonar líftryggingarfje hjá þessum 2 fjelögum verður þá umgetið ár hjer um bil 2 miljónir og iðgjöldin samtals kr. 50415,40, auk lífeyristryggingariðgjalda, 11805 kr., eða um 60 þús. krónur á ári.

   Þetta yfirlit sýnir, að líftryggingar eru alls ekki eins almennar og vera ætti, þar sem af þessum 1150 tryggingum er fjöldi skyldutryggingar embættismanna. Og þó tryggingum muni heldur fara fjölgandi og ekki allir taldir hjer að ofan, er óhætt að álíta okkar þjóð mjög á eftir öðrum þjóðum í þessu efni. Væri því innlent lífsábyrgðarfjelag stofnað, er mjög líklegt, að komið gæti til mála að lögleiða skyldutryggingar að meira eða minna leyti.

   Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni eru hjer á landi rúml. 30 þús. manns (karlar og konur) á aldrinum 15—35 ára; yrðu $^2/_3$ af þessu fólki skyldutrygðir, myndu iðgjöldin nema feiknarupphæð, sem ef til vill yrði erfitt að geta rentað á tryggilegan hátt.

2. Ekkjulífeyrir virðist myndi verða hjer nokkuð dýr, samkvæmt niðurstöðu dr. Ó. D. D., og skal ekki fjölyrt um hann hjer.

3. Ellitryggingar. Dr. Ó. D. D. hefir reiknað þær út eins og þeim er venjulega fyrir komið; hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að þær myndu talsvert ódýrari hjer á landi en utanlands, og byggist það mikið á því, hve vextir af peningum eru hjer háir, og enn frekar á því, að svo margir deyja á aldrinum 20—30 ára, eins og áður er um getið.

Sem dæmi má nefna, að sami maður hefir reiknað út, að 200 kr. ellistyrkur eftir 65 ára aldur kosti hjer á landi 10 kr. í 40 ár (16—55 ára) eða 30 kr. á ári fyrir 600 kr., sem teljast mætti hæfilegur ellistyrkur. Þetta getur alls ekki talist dýrt, og í samanburði við samskonar tryggingar í ríkisstofnuninni meira að segja mjög ódýrt, eins og þessi samanburður sýnir.

Að tryggja sjer 100 kr. ellistyrk (lífeyri) og borgað er iðgjald frá 20 ára aldri þangað til árið áður en fyrsta útborgun fer fram kostar:

Í ríkisst. f. karlm.:	Í ríkisst. f. konur:	Hjer:
9,00.	10,59.	7,27.

Þessar tryggingar eru því mjög álitlegar samkv. niðurstöðum dr. Ó. D. D., sem í alla staði virðast rjettar. Hins vegar er alveg sjálfsagt, að þessar tryggingar yrðu skyldutryggingar, og er þá fróðlegt að athuga, hvað slíkur tryggingarsjóður yrði stór eftir ákveðinn tíma og hvað ört hann myndi vaxa. Dr. Ó. D. D. gerir ráð fyrir, að fyrst yrðu tryggðir allir 16 ára menn og konur í landinu, næsta ár 16 og 17 o. s. frv. Samkvæmt síðasta manntali voru hjer á landi 1725 manns 16 ára, og þó gera megi ráð fyrir, að allt þetta fólk yrði ekki tryggingarskylt, myndi það jafnast með eldra fólki, sem myndi leita sjer tryggingar í sjóðnum, þó ekki væri skyldugt til þess. Á þessum grundvelli hefir dr. Ó. D. D. reiknað út vöxt sjóðsins og hve stór hann yrði á hverju ári frá byrjun. Miðað við 200 kr. ellistyrk, yrði þessi sjóður þá orðinn eftir 20 ár 5 milj., og eftir 84 ár hefir hann náð hámarki og yrði þá 50 milj. Væri miðað við 600 kr. lífeyri, yrði sjóðurinn þrefalt stærri á sama tíma.

Þær tegundir trygginga, sem hjer að framan er getið, virðast mjer svo vel grundvallaðar með reikningum dr. Ó. D. D, að hægt sje fyrir stjórnina og hennar aðstoðarmenn að taka ákvörðun um þær. En á síðustu tímum hafa komið fram raddir um ýmsar nýjar tegundir trygginga, sem virðast þannig farið, að sjálfsagt sje að rannsaka það einnig, að hve miklu leyti þær geti orðið framkvæmanlegar hjer á landi.

Fyrir þinginu liggja nú t. d. tillögur um þessi mál frá fundum á Eyrarbakka og Stokkseyri; þær tillögur eru mjög viðtækar og í rauninni alveg nýmæli í þessu máli, og engin leið að gera sjer grein fyrir rjettmæti þeirra án mikilla rannsókna; samt virðist mjer tillögurnar vel þess verðar, að þær sjeu vel athugaðar, áður en tekin er ákvörðun um þessi mál.

Jeg set hjer yfirlit yfir tillögur þeirra:

1. Ellistyrkur frá 65 ára aldri að upphæð 600 kr.
2. Ókeypis sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, þegar alvarleg veikindi bera að höndum.
3. Öryrkjatrygging.
4. Uppeldisfje barna (lögákveðið meðlag).

Samkvæmt hugmynd tillögumanna skal hver 20 ára gamall maður greiða eða hafa greitt einskonar þegnskyldugjald í eitt skifti fyrir öll, fyrir öll þau rjettindi, er að framan getur.

Jeg skal geta þess, að dr. Ó. D. D. hefir þegar reiknað út, hvað mikið 20 ára gamall maður verður að greiða, í eitt skifti fyrir öll, til þess að fá 600 kr. ellistyrk eftir 65 ára aldur, og mun það nema um 400 kr. Ef gera má ráð fyrir, að á ári hverju sje um 700 tryggingarskyldir karlmenn á landinu, yrðu árleg iðgjöld kr. 700×400 eða 280000 kr. á ári. Eru þá eftir iðgjöld fyrir kvenfólkið og iðgjöld fyrir tryggingar karla og kvenna undir lið 2—4.

Mjer virðist því, að landinu mundi ofvakið að ávaxta þetta feiknafje, þó hugmyndin væri að öðru leyti framkvæmanleg.

Jeg vona nú að mönnum af þessu, sem hjer hefir verið lauslega drepið á, geti skilist, hve mikið alvöru- og bjargráðamál þetta er í raun og veru, hvort sem á það er litið frá sjónarmiði einstaklinganna í þjóðfjelagi voru eða þjóðfjelagsins sjálfs. Og ekki ætti Alþingi síður að skiljast þetta nú, þar sem fjárþröng og fjárskortur, sem fyrirsjáanlega mun lama alt framkvæmdalíf í landinu á næstu árum, er nú aðaláhyggjuefni þingsins. Með líftryggingunum safnast fje í landinu, sem *verður* að ávaxta og á tiltölulega skömmum tíma verður orðið svo mikið, að það getur borið uppi öll okkar þjóðþrifafyrirtæki, fiskveiðar, iðnað, járnbrautir, fasteignabanka o. s. frv.

Má hjer um segja, að sjálfs sje höndin hollust og betra sje að taka þetta fje hjá sjálfum sjer en verða alt af að leita á náðir erlendra þjóða í þessu efni.

Mjer virðist því þetta verða grundvöllurinn undir öllum okkar fjármálum í framtíðinni, hvernig sem landinu verður bjargað nú í bili úr kreppunni; það verður ráðstöfun til bráðabirgða, en þetta verður framtíðarráðstöfun.

Það virðist því einsætt fyrir Alþingi að láta hraða undirbúningi þessa máls sem mest má, og ekki horfa í, þótt slíkt myndi eitthvað kosta, enda býst jeg ekki við, að um neina verulega fjárhæð sje að ræða, og allra síst standi hún í neinu hlutfalli við þýðingu þessa máls fyrir þjóðina.

(A. VI, 7).

Ed. **310. Frumvarp**

til laga um einkasölu á tóbaki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að áliti lögreglustjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 11. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

6. gr.

Verslunin skal leggja frá 25 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

7. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, og á þann hátt og á þeim tíma, er tolllög mæla fyrir.

8. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af tóbaki. Kostnað af sendingu þess innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(C. XII, 1).

Nd. **311. Tillaga**

til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, tillögur um stofnun heimavista við hinn lærða skóla í Reykjavík.

(A. V, 5).

Nd. **312. Breytingartillaga**

við fumvarp til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 10. gr.

a. Töluliður 1 falli burt.

b. Töluliður 2 falli burt.

(A. XXX, 24).

Ed. **313. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1190544 kr. 6 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 11500 kr.

1.	Til Ara sýslumanns Arnalds	kr.	9500,00
2.	Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920	—	2000,00
	Samtals	kr.	11500,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 209000 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	17000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklabjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Sigvalda Kaldalóns læknis, alt að	—	8000,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
	Samtals	kr.	209000,00

4. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 314900 kr.

1.	Til Jóns Straumfjörðs dyravarðar pósthússins, launabætur árið 1920	kr.	500,00
	Flyt	**kr.**	**500,00**

	Fluttar kr.	500,00
2. Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram 1/3 kostnaðar	kr.	7000,00
3. Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
4. — dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
5. — Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
6. — Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
7. Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
8. Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
9. Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
10. Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu		12000,00
Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.		
11. Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
12. Til bátaferða á Hvalfirði	—	1000,00
13. Til mótorbátsferða frá Hornafirði, með endastöð á Djúpavogi, Fáskrúðsfirði eða Eskifirði, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss	—	8000,00
Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.		
14. Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að	—	60000,00
Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.		
15. Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
16. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp	—	20000,00
17. Til breytinga og aðgerða á Ellíðaeyjarvita	—	25000,00
18. Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði	—	10000,00
19. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lifeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins	—	400,00
Samtals	kr.	314900,00

5. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 115253 kr.

24 a.

1. Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum	kr.	8000,00
2. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ...	—	11000,00
Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.		
3. Launabætur Ólafs Rósenkranz dyravarðar fyrir 1920	-	700,00
4. Dýrtíðarbætur til háskólaritara	—	600,00
5. Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
Flyt	**kr.**	**24300,00**

		Fluttar kr.	24300,00
6.	Til utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
7.	Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
8.	Þóknun fyrir starf mentamálanefndar	—	10000,00
9.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
10.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920		4400,00
11.	Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann	—	300,00
12.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
13.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
14.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
15.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
16.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
17.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
18.	— Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
19.	— Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
20.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
21.	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá.	—	1000,00
22.	Dýrtíðaruppbót til Páls Erlingssonar sundkennara fyrir árið 1920	—	1800,00
		Samtals kr.	115253,24

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 110550 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Til alþýðubókasafns í Reykjavík	—	2000,00
3.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
4.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristianiu	—	1200,00
5.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
6.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni	—	400,00
7.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
8.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
9.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
10.	Til Einars Jónssonar, dýrtíðarbót fyrir 1921	—	2060,00
11.	Styrkur til Ásmundar Sveinssonar, til framhaldsnáms við listaháskólann í Stokkhólmi	—	1000,00
12.	Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara	—	1500,00
13.	Styrkur til Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, til suðurgöngu	—	2000,00
14.	Til Ríkarðs Jónssonar, til Rómafarar	—	1000,00
		Flyt kr.	73760,00

	Fluttar kr.	73760,00
15. Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
16. Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
17. Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði...	—	725,33
18. Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)...	—	2000,00
19. Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ...	—	1500,00
20. Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00
21. Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms..	—	2000,00
22. Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00
23. Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits...	—	1000,00
Samtals	kr.	110550,52

7. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 211972 kr. 40 a.

1. Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2. Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3. Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4. Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5. Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6. Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7. Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8. Til skógræktar (eftirgjöf á láni)	—	5000,00
9. Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
10. Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11. Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar	—	29000,00
13. — erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
14. Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... þó ekki yfir helming kostnaðar.	—	5000,00
15. Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar — Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	—	8000,00
16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921.	—	8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að..	—	19000,00
Samtals	kr.	211972,40

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 16867 kr. 90 a.

1.	Eftirlaun handa Sigurði Jónssyni fyrv. atvinnumálaráðherra, 3000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir 3. gr. launalaganna ...	kr.	12619,90
2.	Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur...	—	900,00
3.	Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils	—	500,00
4.	Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 1200 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum	—	2848,00
	Samtals	kr.	16867,90

9. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 200500 kr.

1.	Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2.	Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
	Samtals	kr.	200500,00

10. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til að reisa íbúðarhús í Borgarnesi, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.
2. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
3. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.

11. gr.

Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í Safnahús ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir því sem þörf krefur.

(B. XXI, 6).

Nd. **314. Lög**

um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Háskóli Íslands skal hafa einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi.

2. gr.

Háskólaráðið sjer um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega í Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

3. gr.

Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, í nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sjer þess fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsölumönnum í hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót.

4. gr.

Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskólaráðsins.

5. gr.

Það er brot á einkarjetti Háskólans samkvæmt 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn í landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða dagatöl en þau, er í 1. gr. segir.
2. Selur hjer í landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða dagatöl en þau, sem einkarjettur Háskólans nær til.
3. Gefur út hjer á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða dagatöl eða kafla úr þeim.
4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða dagatöl, eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

6. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagatöl og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn í landið útlend almanök eða dagatöl, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann gefur út eða flytur inn, og sje nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sje rjett tilgreindur og að leyfi verði ekki notað á annan hátt en til er ætlast.

Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki

Háskólans í vísindarit eða kenslubækur og þess konar rit til skýringar, einnig að flytja inn í landið og selja samskonar útlend rit með köflum úr almanökum, enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, að eins óverulegur hluti ritsins eða bókarinnar.

7. gr.

Fyrir brot samkvæmt 5. gr. skal refsa með sektum frá 100—2000 kr., ef það er framið af ásetningi eða gáleysi, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum.

Sektir má taka fjárnámi.

Leggja skal þegar hald á rit þau, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins, gefin hjer út eða seld eða af hendi látin samkvæmt 5. gr., og skal síðan gera þau upptæk með dómi.

Skaðabætur skal hver sá greiða, sem sekur verður eftir 5. gr. Miða skal bætur, ef því verður við komið, við samanlagt söluverð ólöglega seldra eða afhentra eintaka, að frádregnum hæfilegum sölulaunum. Ella skal ákveða bætur eftir atvikum.

8. gr.

Nú ná íslenskir dómstólar ekki til þess manns, sem brotlegur hefir orðið samkvæmt 5. gr., vegna vistar hans erlendis, og skal þá sá svara til sakar, til refsingar eða skaðabóta, sem óheimilt samkvæmt 5. gr. geymir hjer, selur eða afhendir eða prentar eða fjölritar rit, eða kafla úr þeim. Ráðherra kveður á um það, hvern skuli sækja, ef um fleiri er að velja, eða hvort fleiri menn en einn skuli sækja fyrir sama brot.

9. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 5. gr., sbr. 7. og 8. gr., skal eigi höfða, nema Háskólaráðið krefjist þess. Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.

Refsikrafa samkvæmt lögum þessum fyrnist á árs fresti frá því er rektor Háskólans varð kunnugt um, hver brots er valdur, og aldrei skal dæma til refsingar fyrir brot á lögum þessum, ef 2 ár líða svo frá því er brotið er gegn þeim, að mál hefir ekki verið höfðað.

10. gr.

Hreinan arð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkarjettinum, andvirði upptækra rita og gjöld samkvæmt 6. gr. skal leggja í sjerstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi.

11. gr.

Háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir reglur, þar sem nánar verður kveðið á um tilhögun almanaksins, hvað í það skuli taka og hvernig útgáfu þess og útsölu skuli haga. Með sama hætti skal setja reglur um meðferð Almanakssjóðsins og um annað, sem lýtur að framkvæmd laga þessara og eigi er látið um mælt í þeim.

12. gr.

Einkarjettur sá, sem um ræðir í 1. gr., byrjar á útgáfu almanaks fyrir árið 1923.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur VII. kafli tilsk. 3. febr. 1836, svo og önnur fyrirmæli í lögum, sem koma kynnu í bága við lög þessi.

(C. IX. 5).

Ed. **315. Þingsályktun**

um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, svo fljótt sem unt er, og gera áætlun um dýpkun hafnarinnar við Suðureyri í Súgandafirði.

(D. II, 1).

Nd. **316. Fyrirspurn**

til stjórnarinnar um símagerð og póstgöngur í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Hákoni Kristóferssyni.

1. Hvers vegna er eigi hafinn undirbúningur undir lagning marglofaðs síma frá Búðardal til Króksfjarðarness?
2. Hvers vegna hefir aðalpóstleiðin um Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu verið lögð niður?

(B. XLVII, 1).

Nd. **317. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, skal koma ný grein, svo látandi: Með sama hætti mega þeir menn allir greiða atkvæði sín, sem eru

ekki ferðafærir og komast því eigi á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði, ef kostur er, ella með vitni tveggja valinkunnra manna.

Húsráðandi gefur vottorð það, er skipstjóri gefur eftir 4. gr., þegar kosið er eftir þessari grein. Um atkvæðisgreiðslu hans fer sem um atkvæðisgreiðslu skipstjóra, að breyttu breytanda.

2. gr.

1. grein skal sett inn í lögin, og getur konungur þá gefið lögin út með þessari breyting.

Greinargerð.

Þar sem óþolandi er, að menn missi af atkvæðisrjetti sínum sakir sjúkleika, slysfara, ellilasleika eða annara slíkra forfalla, þá tel jeg þessa lagabreytingu eigi mega bíða.

(B. XLVI, 2).

Ed. **318. Breytingartillögur**

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Sigurður H. Kvaran.

1. Við 2. gr.

Á eftir setningunni »Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna« komi:

Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil. Skal það ákveðið í samráði við landlækni.

2. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 50—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, en á lyfjaáfengi 25—35%. Önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, skulu seld án hagnaðar.

(B. XV, 7).

Nd. **319. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Fyrir »25 ára« í fyrstu málsgrein frumvarpsgreinarinnar komi:
21 árs.

(B. XLII, 5).

Nd. **320. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 258 (Ríkisveðbanki).

Frá Stefáni Stefánssyni og Gunnari Sigurðssyni.

Breytingartillagan orðist svo:

Nú hefir bankinn minna fje en svo til umráða, að hann geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til landbúnaðar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að landbúnaðarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

(B. XXIX, 2).

Ed. **321. Nefndarálit**

um frv. til laga um samvinnufjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað og rætt frv. þetta á allmörgum fundum og orðið sammála um að ráða til þess, að það verði gert að lögum með nokkrum breytingum.

Í ástæðum fyrir dómi, kveðnum upp í landsyfirrjetti 22. jan. 1917, er kveðið svo að orði, að íslensk löggjöf þekki ekki samvinnufjelög sem sjerstaka tegund fjelaga. Frá sjónarmiði samvinnumanna er þetta mikill galli á löggjöfinni og auðsæ nauðsyn á að fyrirbyggja til fulls, að svo geti álitist. Samvinnufjelög eru í svo mörgu frábrugðin öðrum almennum fjelagsskap, að nauðsynlegt verður að telja, að sjerstök, skýr ákvæði sjeu til um rjettindi þeirra og skyldur. Þetta

sjereðli samvinnufjelaganna kemur ljósast fram við samanburð þeirra við almenn hlutafjelög. Er þá fyrst á það að líta, að þar sem öll ábyrgð er takmörkuð í venjulegu hlutafjelagi við hið framlagða hlutafje og persónulega starfsemi, þá er ábyrgðin í samvinnufjelögunum almenn og sameiginleg, þannig að hún tekur til allra, sem í fjelögunum eru. Gjaldþrot fjelags, sem er með fullkomnu samvinnufjelagssniði, getur því ekki komið fyrir fyr en allir fjelagsmenn eru gjaldþrota. Þetta er vitanlega kostur gagnvart öllum viðskiftamönnum út á við, mikil trygging fyrir lánstrausti, og að því og fleira leyti mikill styrkur fyrir fjelögin. En að sjálfsögðu fylgir þessari samábyrgð áhætta inn á við, einkum fyrir hina efnaðri fjelagsmenn, sem meira hafa að missa. En við þeirri áhættu taka tryggingarsjóðir fjelaganna, jafnóðum og þeir vaxa, og er áhættan því mest í fyrstu, en fer að öðru leyti mjög mikið eftir stjórn fjelaganna, sem jafnan er nauðsynlegt að vanda til. Annað, sem greinir samvinnufjelög ljóst frá eiginlegum hlutafjelögum, er það, að samvinnufjelög greiða ekki annan arð en almenna vexti af rekstrarfje eða öðru því fje, sem þau hafa handa milli, heldur fer allur útborgaður ágóði eða uppbætur eftir viðskiftaveltu hvers fjelagsmanns, og er þannig girt fyrir fyrirhafnarlausa margföldun fjármuna og peningavald. Í sama anda eru ákvæði samvinnufjelaganna um atkvæðisrjettinn, sem er alveg persónulegur og fer að engu leyti eftir peningavaldi, enda girðir fyrir það, eftir föngum, á þennan hátt. Þessi stefna samvinnufjelaganna kemur og mjög skýrt fram í 10. tölul. 3. gr. í frv. því, sem hjer er um að ræða. Er rjett að benda á, að þar kemur fram algert nýmæli í löggjöf landsins, sem er — þó að finna megi sömu hugsjón í útlendum nútíðarbókmentum — algerlega af innlendum rótum runnið í frv., þ. e. tekið inn í það eftir fyrirmynd úr Húnavatnssýslu. Þetta nýmæli fer með þá hugsjón, að fjármunir einstakra manna og fjelaga geti fallið undan eignarráðum þeirra og gerst almenningsgagn í sjerstökum tilfellum, á líkan hátt og verðmæti, sem leiðir af andlegri iðju (t. d. rithöfundarjettur) fellur undan yfirráðum einstaklinga og verður almenningsgagn, að ákveðnum — eða óákveðnum — tíma liðnum. Af allri þessari stefnu og fyrirkomulagi samvinnufjelaganna leiðir það, að rjett verður að teljast, að um þau gildi sjerstök skattaákvæði. Um þetta hefir öll nefndin orðið sammála. En þegar til þess kemur að finna hinn sanngjarna eða rjetta skattagrundvöll, þá eru á því miklir erfiðleikar, ekki einungis vegna þess, að erfitt er að meta sjerstöðu samvinnufjelaganna, svo að ekki orki tvímælis, heldur einnig vegna þess, að núgildandi ákvæði um gjaldskyldu verslana yfirleitt, einkum til sveitar- og bæjarsjóða, eru mjög óheppileg, og ilt að verja það, að ljetta óheppilegum gjaldakvöðum af einum aðila, en halda þeim á öðrum. Er þetta einkum mælt til þeirra lagaákvæða, að útsvör skuli leggja á verslanir eftir arði og umsetningu. Af tveimur verslunum, sem hafa jafna umsetningu, getur önnur haft mikinn hreinan arð, en önnur skaða, og er auðsætt, að engri átt nær að leggja jafnt á slíkar verslanir. Og þó að vísu eigi að taka tillit til arðs (og skaða) jafnframt, þá mun einatt verða misbrestur á því, enda vandaverk. Þessi umsetningarregla kemur þó sjerstaklega illa niður á sumum samvinnufjelögunum, og einkum Sambandinu hjer í Reykjavík, sem hefir á pappírum sínum mikla umsetningu, sem fer fram aðallega annarsstaðar, og er einnig þar útsvarsskyld. Svo er t. d. um talsvert af vörukaupum frá útlöndum, sem Sambandið að vísu hefir aðalumsjón á, en framkvæmd eru af starfsmönnum þess utanlands og varan síðan send til viðkomandi staða, svo að hún kemur alls ekki til Reykjavíkur nje

leiðir hjer af sjer aðra starfrækslu en nokkra skrifstofuvinnu. Og líkt er háttað um mikið af hinni útfluttu vöru. Það er eðlilegt, að fjelög úti um land geti ekki sætt sig við að borga há útsvör í Reykjavík (gegn um Sambandið) af svona starfsrekstri, og má búast við, að að því reki, að Sambandið verði að flytja aðalskrifstofu sína burt úr bænum, ef leiðrjetting fæst ekki á annan hátt, eða þá því, að hin einstöku fjelög fari sem mest fram hjá Sambandinu með verslun sína, sem að ýmsu leyti getur orðið þeim kostnaðarminna, en mjög er varhugavert fyrir samvinnuhreyfinguna yfirleitt. Með tilliti til þessa og annara ástæðna, sem nefndar hafa verið, telur nefndin rjett, að í frv. þetta sjeu sett bráðabirgðaákvæði um gjaldskyldu samvinnufjelaga til bæjar- og sveitarsjóða, og er þá búist við, að endurskoðun fari bráðlega fram á löggjöfinni um tekjustofna sjóða þessara. Um gjaldskyldu til ríkisins álítur nefndin rjett, að fari eftir almennum lögum. En bráðabirgðaákvæðin um gjöld til sveitar- og bæjarsjóða hefir nefndin aðhylst að sett sjeu eftir enskri fyrirmynd, þannig að gjöldin miðist við fasteignir. Á hinn bóginn hefir ekki náðst fult samkomulag um það, hvað slíkur skattur skuli vera hár, og skrifar því einn nefndarmaður undir álitið með fyrirvara. Að öðru leyti vísast til hinnar upphaflegu greinargerðar frumvarpsins og framsögunnar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir orðið »fjelagsmanna« í 6. tölul. komi:
      hvers fjelagsmanns.
   b. Í stað orðanna »fyrir fjelagsmenn« í 9. tölul. komi:
      yfir fjelagsmenn.
2. Við 8. gr.
   a. Fyrir orðin »brottrekstur fjelagsmanna« í 1. málsl. komi:
      brottrekstur fjelagsmanns.
   b. Í stað orðanna »úr gengur« í 3. málsl. komi:
      fer úr fjelaginu, eða bú þess, er deyr.
3. Við 18. gr.
   Aftan við 2. málsgr. bætist:
   sbr. og 22. gr.
4. Við 25. gr.
   a. Fyrir orðin »nema minna en svarar 3% af verði aðkeyptra vara« í 1. málsgr. komi:
      vera minna en svarar 3% af verði aðkeyptrar vöru.
   b. Fyrir orðin »er skylt að greiða« í upphafi 2. málsgr. komi:
      fellur til útborgunar.
   c. c-liður sömu málsgr. falli niður.
   d. Á eftir b-lið komi nýr liður (sem verður c-liður) svo hljóðandi:
      Við gjaldþrot hans.
   e. Í stað orðsins »fjármunalegar« í 4. málsgr. komi:
      fjárhagslegar.

5. Við 26. gr.
   Á eftir orðunum »til ávöxtunar« í niðurl. 1. málsl. 1. málsgreinar komi: sem rekstrarfje.
6. Við 28. gr.
   Greinin falli niður.
7. Við 34. gr.
   a. Fyrir orðin »afhent fjelagið« í 1. málsl. 1. málsgr. komi: afhent fjelagsbúið.
   b. Í stað orðsins »fjelagsslitinu« í sama málsl. komi: fjelagsslitum.
8. Við 37. gr.
   Fyrir orðið »grundvallarákvörðun« komi: ákvæðum.
9. Í upphafi VIII. kafla (á undan 39. gr.) komi ný gr., svo hljóðandi:
   Þangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufjelög gjöld til þeirra sem hjer segir:
   1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
   2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, bygðri á skýrslu, er hlutaðeigandi fjelag gefur henni. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á því.
   3. Fastan skatt, 2%, af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.
   Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.
10. Við 39. gr.
    a. Á eftir orðinu »fangelsi« í 1. málsgr. komi: samkv. 26. gr. hinna alm. hegningarlaga.
    b. Á eftir orðunum »sektir við« í 2. málsgr. komi: alt að 2000 kr.
    c. Á eftir orðunum »varðar það sektum« í 3. málsgr. komi: alt að 1000 kr.
    d. Á eftir orðinu »tilkynningu« í sömu málsgr. komi: til skrásetningar.
11. Aftan við 42. gr. bætist:
    og eru þá um leið úr gildi fallin öll þau ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Greinatala frv. breytist samkv. þessu.

Í frv. eru þessar villur, sem ber að leiðrjetta við endurprentun:

a. Í 3. gr. 10. tölul. »sjóðseignarinnar« fyrir: sjóðeignarinnar.
b. Í 5. gr. 4. lið »Deildarskipun« fyrir: Deildaskipun.

c. Í 32. gr. niðurl. 1. málsgr. »ársreikninginum« fyrir: ársreikningum.

Alþingi, 14. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson, með fyrirvara.

(B. XLVIII, 1).

Nd. **322. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skulu þær hefjast sama dag um land alt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

2. gr.

27. gr. laganna skal vera svo:

Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt hinir komi síðar.

3. gr.

38. gr. laganna skal hljóða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta í bæjum, fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrír sólarhringar eru liðnir frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum

má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kveldi þess dags, er þeir komu til kjörstaðar.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri heild.

Greinargerð.

Rjettlátur löggjafi veitir eigi mönnum dýrustu rjettindi þeirra með þeim hætti, að þeir eigi engan kost á að neyta þeirra. En svo eru þó lög vor nú. Fyrir því er þessi breyting nú borin fram, í samræmi við ósk, vilja og þörf allra kjósenda í landinu.

(C. I, 3).

Nd. **323. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna (þskj. 48).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

4., 5. og 6. liður tillögunnar skulu felldir niður.

Ástæður.

5. og 6. liður voru upphaflega settir í tillöguna, til þess að fá fram yfirlýsingar stjórnarinnar um þau atriði. Hún hefir lýst yfir því, að 5. sje fullnægt. Nóg mun vera að 6. liður hefir komið til orða, og tel jeg mikla furðu, ef það endist eigi til lagfæringar. Fjórði liður gerir ráð fyrir kostnaði. Og þótt jeg viti, að sá kostnaður mundi margborga sig, þá veit jeg og, að sumir þm. líta öðruvís á, og þykir þeim stofnað til óþarfrar eyðslu. Þar sem þetta lýtur eigi beinlínis að skilningi greinarinnar, þá vil jeg taka þennan stein úr götu þingmanna, í því skyni, að þá verði þrír fyrstu liðirnir samþyktir með öllum atkvæðum.

Öllum skepnum jarðarinnar eru veitt einhver vopn, til þess að vega með og verjast, og allsherjarnefndinni er veitt rökstudd dagskrá að allsherjarvopni. Nú segist hv. nefnd vera mjer sammála um innihald og efni tillögunnar, og reiðir hún því nú hið mikla vopn sitt að sjálfri sjer. Ein ástæðan til þessarar breytingartillögu minnar er því sú, að reyna að koma í veg fyrir, að svo dýrmæt skepna skaparans fremji sjálfsmorð.

(B. XXII, 5).

Nd. **324. Lög**

um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, til Blönduóshrepps.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Blönduóshreppi landspildu þá, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, sem er milli lands jarðarinnar Hjaltabakka og lands Blönduóskauptúns. Við land Blönduóskauptúns ræður merkjum svo nefnd Neðribrekka, sem er sunnan við Blönduóskauptún, eins og hún stefnir vestur til sjávar og upp á akbrautina, og þá akbrautin út að Blöndubrú.

(A. IX, 4).

Ed. **325. Lög**

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. kafli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 2 krónur, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 4 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær, er um getur í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 2 krónur.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 8 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15.

ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 4 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 2 krónur fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 2 krónur.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargerðar eða annara slíkra gerða skal gjalda 1 kr. fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sjerhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 100 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargerðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gerðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 4 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 1 kr., auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Um rjettargjöld í hæstarjetti fer eftir lögum nr. 22, 6. okt. 1919.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða,

en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kafli.

Um gjöld fyrir fógetagerðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargerð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugerð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eig. að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóv. 1887, um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gerðarinnar er beiðst fyrir, eins og hjer segir:

Þegar fjárhæðin er			50 kr.	eða minni	2 kr.
—	—	— frá	50 —	til 100 kr.	4 —
—	—	— —	100 —	— 200 kr.	6 —
—	—	— —	200 —	— 400 kr.	8 —
—	—	— —	400 —	— 600 kr.	10 —
—	—	— —	600 —	— 800 kr.	12 —
—	—	— —	800 —	—1000 kr.	14 —

og síðan tvær krónur í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 20 krónur; sjeu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gerð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sam-

eign, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir 14. gr., þegar fjeð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sje kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni sjerstakra manna, skal gjalda 4 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörð eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 10 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagerðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka, eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 4 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagerðir, skal fara eftir lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, 2. gr., og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrirfram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gerðarbeiðnin sje kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gerðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi greitt verið fyrirfram fyrir gerðina en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

3. kafli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgerð, skiftabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru, svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni . . . . . kr. 1,00
— — - frá kr. 100 til 500 . . . . . — 2,00
— — - — — 500 - 1000 . . . . . — 3,00

og sje fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sje afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sje ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 3 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við hæstarjett, skal gjalda 6 kr.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða um hið áður lesna heftingarbrjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 2 kr., og aldrei meira en 6 kr.; þegar

fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabrjefið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 2 kr., og eigi meira en 12 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 3 kr.

Vottorð þau, er stjórn Landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðsúrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglestur úrskurða um sviftingu sjálfræðis eða fjárræðis, nje fyrir aflýsing slíkra úrskurða.

4. kafli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 2% af öllum eigum búsins, án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:
Þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr. ... 4 kr.
Sjeu þær meiri en 1000 kr. ... ... 8 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til að láta skiftaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir, og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu, á móti betri vitund, landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kafli.

Um gjöld fyrir uppboðsgerðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinar veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar

skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10000 kr.	2½%
- fjárhæð yfir 10000 kr. til 20000 kr.	2 -
- — — 20000 — — 100000 —	1½ -
- — sem er meiri en 100000 —	1 -

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verslunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1000 kr., en af fyrstu 1000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af fjárhæð frá 1000 kr. til fullra 2000 kr.	4%
- — meiri en 2000 kr. til fullra 5000 kr. ...	3 -
- — meiri en 5000 kr. til fullra 10000 kr. ...	2%
- — sem nemur meira en 10000 kr.	1 -

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum er úthýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 4 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 10 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 20 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða,

og eigi heldur, þegar Landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda uppboð, í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 64, 14. nóv. 1917.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbrjef fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 6 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2000 kr., 10 kr. ef það er meira en 2000 kr. og fer þó eigi fram úr 6000 kr., en 15 kr., ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aftur fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 10 kr., eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 10 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 26. gr., lögum 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 24. gr., lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 28. gr., lögum 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 28. gr., og lögum 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 27. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kafli.

Um nótartalgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð ..... 4 kr.
— — — meira en 500 kr., alt að 1000 kr. 6 —
og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund upp í 10000 kr., og er þá gjaldið 15 kr., enda hækkar ekki úr því.

Gjald þetta skal greiða, ef gerðin hefir verið byrjuð, enda þótt gerðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta. Auk þess greiðir gerðarbeiðandi lögboðið gjald fyrir eftirrit af afsagnargerðinni.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargerðir, svarkröfur, stefnubirting, er notarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gerðir, skal gjalda 6 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gerðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 2 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gerðin fer fram á eftir kröfu gerðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það, skal gjalda 1 kr. fyrir hverja örk eða minna, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera.

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þess konar gerningar fyrir notarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það notarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 4 kr.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 20 kr.

7. kafli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 2 kr. fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 8 kr., sje ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir skipstjóraskirteini skal gjalda 20 kr., fyrir stýrimannsskirteini 10 kr. og sveinsbrjef 5 kr.

53. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verslunarbók skal gjalda 10 kr., en fyrir að löggilda viðskiftabók 1 kr., hvort sem hún er stór eða lítil.

54. gr.

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að ½ smálest, eða þar yfir, ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en ½ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á, til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og sem koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. gjald af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

55. gr.

Fyrir að mæla skip, samkvæmt tilskipun 25. júní 1869, skal gjalda:

a) Þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við höndina eldra mælingarbrjef, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrirmælum..... 40 aura
b) ætíð endranær ..... 20 —

fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa, skal gjalda 4 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

56. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum, samkvæmt lögum nr. 3, 14. jan. 1876, skal gjalda 40 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

57. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 8 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 4 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 43. gr. siglingalaga, 30. nóv. 1914, í leiðarbækur skipa.

58. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 25 au. fyrir hvern mann, er lögskráður er eða afskráður.

59. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd, 14. jan. 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 25 kr.

60. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vínfanga, sem ræðir um í tolllögum, skal gjalda 4 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í sömu lögum, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki en á land eru fluttir.

61. gr.

Fyrir að kveðja menn utan rjettar til skoðunar, eða annara slíkra gerða, skal gjalda 1 kr. fyrir hvern þann, er kvaddur er.

62. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamensku eftir lögum nr. 60, 22. nóv. 1907, skal gjalda 4 kr.

63. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband skal greiða 10 kr., og auk þess 1 kr. fyrir eftirrit af athöfninni.

64. gr.

Fyrir vottorð um, hvaðan vörur sjeu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð, og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verslunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættisnafni skal gjalda 2 kr., að svo miklu leyti sem eigi er í þessum lögum ákveðið sjerstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það, eftir öðrum lögum, á að vera ókeypis.

8. kafli.

Almenn fyrirmæli.

65. gr.

Á öll þau skjöl, sem eitthvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgerðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til ríkissjóðs, allt að 100 kr.

66. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir ríkissjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráð-

inu, og skal sá, er af þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sjerstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr.

Lög 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs, og lög nr. 32, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

68. gr.

Lög þess öðlast gildi 1. janúar 1922.

(B. XLIII. 4).

Nd. **326. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir »iðgjald, er nemur 70 aurum fyrir hverja viku« komi:
iðgjald, er nemur 1 krónu fyrir hverja viku.

b. Fyrir »þó skulu útgerðarmenn . . . . . greiðist úr ríkissjóði« komi:
þó skulu útgerðarmenn róðrarbáta aðeins greiða *20 aura* vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem minni eru en 5 lestir, aðeins *30 aura*, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:
Fyrir »*35 aura*« (á tveim stöðum) komi:
50 aura.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir »2000 krónur« komi:
4000 krónur.

b. Fyrir »1500 krónur« komi:
2000 krónur.

c. Fyrir »100 krónur« komi:
200 krónur.

d. Fyrir »200 krónur« komi:
400 krónur.
e. Fyrir »100 krónur« komi:
200 krónur.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr., sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld í slysatryggingarsjóðinn samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og skulu þá sjómenn þeir, sem skylt var að tryggja, jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi útgerðarmaður skal skyldur að endurgreiða sjóðnum tryggingarfje það, sem sjóðurinn kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótrygðu en tryggingarskyldu sjómenn verða fyrir

Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:
Fyrir »Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum« komi:
Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 króna sektum.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um slysatrygging sjómanna.

(B. XLVI, 3).

Ed. **327. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 5. gr.

Á eftir orðunum »allra reikninga verslunarinnar« komi:
og alls rekstrar.

(B. XLVI, 4).

Ed. **328. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 318 (Einkasala á áfengi).

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 1. lið, 2. málsgrein.
Á eftir orðunum »við lækna« komi:
dýralækna.

Við 2. lið.
Fyrir orðin »skulu seld án hagnaðar« komi:
skulu útveguð gegn 5% umboðslaunum.

(B. XXX, 3).

Nd. **329. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal frá 1. jan. 1921 hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

(C. X, 2).

Nd. **330. Þingsályktun**

um mat á aðfluttum kornvörum.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja

fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um skoðun og mat á aðfluttum korn- og mjölvörum til manneldis, eða um aðrar tryggingar gegn því, að þessar vörur seljist skemdar eða ónýtar.

(A. XL. 4).

Ed. **331. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt án breytinga.

Alþingi, 14. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsm. Guðjón Guðlaugsson.

Björn Kristjánsson. Sigurjón Friðjónsson.

(A. V. 6).

Nd. **332. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr.
   Aftan við fyrri málsgr. bætist:
   ef skipaður er í embætti fyrir 1. jan. 1922, ella 8%.
2. Við 5. gr.
   Aftan við síðari málsgr. bætist:
   Þó skulu ekkjur þeirra embættismanna, sem skipaðir eru í embætti eftir 1. jan. 1922, fá $^{5}/_{10}$ byrjunarlauna manna þeirra úr lífeyrissjóði.
3. Við 8. gr.
   a. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Líffje það, sem ræðir um í 1. og 2. málsgrein, greiðist þó að eins ekkjum þeirra embættismanna, er skipaðir voru í embætti fyrir 1. jan. 1922.
   b. Fyrir »100—200 kr.« í 3. málsgr. komi:
      50—100 kr.
4. Við 11. gr.
   Fyrir »200—400 kr.« komi:
   100—200 kr.

(B. XXXV, 3).

Nd. **333. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar ræður til, að frumvarpið nái fram að ganga, en minni hlutinn telur ekki rjett eða hyggilegt að kveða á um það með lögum, hvernig menn eigi að haga vinnubrögðum sínum, og setja fastar reglur um það, hvað þeir á hverjum tíma leggja mikið á sig til eflingar sínum eigin hag og þjóðfjelagsheildarinnar. Og síst af öllu virðist minni hluta nefndarinnar það gerlegt að grípa á þann hátt fram í um athafnir manna við þann atvinnurekstur, sem háður er veðráttufarinu, svo sem er um höfuðatvinnuvegi landsins, fiskveiðar og landbúnað.

Eins og veðráttufarinu er varið á okkar landi, að staðviðri eru mjög sjaldgæf, en veðrabreytingar tíðar og snöggar, þá eiga menn því iðulega að venjast, að stormar og illviðri banni allan veiðiskap, svo dögum og jafnvel vikum skiftir í röð.

Hvað fiskveiðarnar snertir, þá er það óhjákvæmilegt, að menn verða að haga sjer þar eftir kringumstæðum, og verður þá eigi hjá því komist að leggja á sig mikla vinnu og vöku, þegar færi gefst og afli býðst.

Svona hefir þetta alt af verið, og svo hlýtur það að verða, meðan fiskveiðar eru stundaðar sem annar aðalatvinnuvegur landsmanna.

Menn hafa ávalt skilið nauðsynina á því, og eru þess fullkomlega meðvitandi, að til þess að nota gæði lands og sjávar, sækja brauðið í skaut náttúrunnar, útheimtist óbilandi áræði, dugnaður, snarræði og þrautseigja, og að slíkir eiginleikar eru hyrningarsteinar þjóðfjelagsins.

Þennan hugsunarhátt hafa sjómennirnir íslensku fengið í vöggugjöf, og hefir hann, ásamt því uppeldi, er þeir hafa fengið í hinum stranga skóla lífsins, átt sinn verulega þátt í því að skapa okkar dugmiklu sjómannastjett.

Af vörum íslenskra sjómanna hefir aldrei heyrst eitt einasta æðruorð yfir erfiði því og vökum, er þeir hafa fyr og síðar þráfaldlega orðið að leggja á sig, fyr en á allra síðustu árum, að heyrst hafa raddir um það, að sjómönnum á íslenskum botnvörpungum væri ofþjakað með vökum og vinnu.

Það eru forvígismenn verkamanna og háseta hjer í Reykjavík, sem hafa tekið mál þetta upp á sína arma og beitt sjer fyrir því, að fá ákveðið með lögum um vinnu og hvíldartíma háseta á ísl. botnvörpungum. Er þetta í annað sinn, sem þeir leita til þingsins um að fá þetta í lög tekið.

Á þinginu 1919 flutti þáverandi 1. þm. Rvík., Jörundur Brynjólfsson, frv. um að hásetar á íslenskum botnvörpungum skyldu hafa 8 tíma hvíld í sólarhring, en í reglugerð, er Hásetafjelagið og Útgerðarmannafjelagið í Rvík áttu að semja, en stjórnarráðið að staðfesta, átti að kveða á um það, á hvern hátt vinnu og hvíldartíma háseta yrði fyrir komið. Frv. þetta fjell í Nd.

Frv. það, sem hjer um ræðir, gengur skemra í því, að þar er ekki ákveðin nema 6 tíma hvíld í sólarhring, en eftir þessu frv. á sú hvíld að vera óslitin.

En þetta frv. gengur lengra að því leyti, að vinnuskiftingin er ákveðin í frv. sjálfu.

Því er haldið fram af formælendum þessa máls, að menn verði að þola miklu meiri vinnu og vökur á botnvörpungum en á öðrum bátum og skipum, sem fiskveiðar stunda, og að svo langt sje gengið í því efni, að stórskaðlegt sje heilsu og starfsþreki sjómannanna, og því beri sjerstaka nauðsyn til, að löggjöfin grípi hjer fram í.

Því ber alls ekki að neita, að þær framfarir, sem hjer hafa orðið á sviði fiskveiðanna síðari árin, við aukinn og bættan skipakost, hafa leitt til þess, að sjómennirnir hafa getað neytt sín betur við veiðarnar en áður var, og aflað miklum mun meira. Þó að telja megi botnvörpungana fullkomnustu skipin, sem hjer eru stundaðar veiðar á, þá ber einnig á það að líta, að fiskveiðar eru ekki síður reknar af miklu kappi á öðrum haffærum skipum, svo sem skútum og vjelbátum, og er ekki allur munur á því, hvað botnvörpungar geta verið lengur að veiðum í vondu veðri en þessi skip.

Sjái menn þörf á því og þyki það rjett að grípa hjer fram í á þann hátt, er ætlast er til í frumvarpinu, þá getur það verið mikið álitamál, hvort nokkuð sje frekari ástæða til að setja ákvæði um þetta á botnvörpungum en öðrum þilskipum, sem fiskveiðar stunda. Það er vitanlega ekki á færi annara manna en þeirra, sem nokkurn veginn eru hraustir og heilsugóðir, að stunda fiskveiðar, og sist til langframa, og á það jafnt við, hvort veiðarnar eru stundaðar á botnvörpungum eða öðrum þilskipum og opnum bátum, þar sem erfitt er til sóknar og tefla verður á fremsta hlunn.

En það ber sjómönnum saman um, að á botnvörpungum hafi menn mun betri aðbúð og aðhlynning á ýmsan hátt en menn eiga yfirleitt að venjast og hægt er að koma við á öðrum fiskiskipum.

Og það mun ekki vera hægt að benda á það, að heilsufar háseta á botnvörpungum sje neitt lakara, eða að þeir endist ver en sjómenn yfirleitt.

Það er því ekki alveg út í bláinn eða að ástæðulausu, þó það sje nokkuð dregið í efa, hvort heilsufari manna á botnvörpungunum er jafnmikil hætta búin og af er látið, að minsta kosti eins og nú er komið.

Eins og áður er tekið fram, getur minni hluti nefndarinnar engan veginn fallist á, að farið sje að kveða á um þetta með lögum.

Það getur naumast hjá því farið, að ef slík ákvæði eru sett og þeim framfylgt, að sú verði raunin á, að þegar gæftir eru stopular og stuttar, sem venjulegast er, að þá verði ekki hægt að bjarga jafnmiklum afla og ella myndi; aflinn mundi því minka, en af því leiðir atvinnuhnekki og tjón fyrir þjóðfjelagið.

En sje það nú svo, að nauðsynin á því að koma á föstu skipulagi um vinnu og hvíldartíma á botnvörpungum sje svo brýn, að eigi sje horfandi í það, þó aflaföngin verði minni, þá virðist það liggja opið fyrir að gera þetta að samningsatriði milli háseta og útgerðarmanna, og sætir það furðu, ef svo mikil nauðsyn og alvara er hjer á bak við, sem ráða má af ástæðum fyrir frv. þessu og áskorun sjómanna, að eigi skuli hafa verið leitað samninga um þetta atriði. En það hefir hvergi komið fram, að svo hafi verið gert. Og þetta er þeim mun furðu-

legra sem það er rótgróin venja í okkar þjóðlífi, að frjálst samkomulag ríki milli vinnuþiggjanda og vinnuveitanda í þeim greinum.

Það verður áreiðanlega heppilegast að halda þessari grundvallarstefnu, og vísasti vegurinn til þess, að þessir aðilar geti starfað áfram í góðu samkomulagi og með fullum skilningi og hluttekningu hver í annars kjörum.

Af þessum ástæðum ræður minni hlutinn háttv. deild frá því að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 15. apríl 1921.

Pjetur Ottesen, framsm. Einar Þorgilsson.

(A. II, 6).

Ed. **334. Nefndarálit**

um frv. til laga um erfðafjárskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frv. þessu er að eins farið fram á smábreytingar á gildandi erfðafjárskattslögum. Skatturinn er lítið eitt hækkaður af þeim arfi, sem hverfur til niðja, og eins og tekið er fram í ástæðum fyrir stjórnarfrv., kemur hækkunin aðallega fram, þá er arfur fer að nema verulegri fjárhæð. En hins vegar er dregið úr tekjum af erfðafjárskattinum með ákvæðum frv. um að kjörbörn, fósturbörn og þeir sem fá fjárðungsgjöf, greiði sama skatt og niðjar, en samkv. gildandi lögum mundi þessi skattur talinn eftir skyldleikanum við arfleifandann.

Nefndin getur nú eftir atvikum fallist á þessar breytingar, en að því er fósturbörn snertir, þykir rjett að taka fram, að skilningur þess orðs er ekki fastur í lagamálinu, en nokkur vandi að skýra orðið tæmandi. Hjer undir mundu að líkindum, í þessu sambandi, talin börn, sem gjafir tækju samkv. erfðaskrá, hvort sem þau væru skyld eða óskyld arfleifandanum, og enn þau börn, sem skyld eru arfleifandanum og hann hefir tekið að sjer í því skyni að sjá þeim algerlega fyrir framfærslu og uppeldi. Ef vafi ljeki á því, hvort barn væri fósturbarn eða eigi, þá mundi úrskurður um það að sjálfsögðu heyra undir dómstólana.

Enn eru í frv. þessu nokkur ný ákvæði, er fara í þá átt að tryggja innheimtu skattsins, og telur nefndin þau fremur til bóta.

Samkv. þessu ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kemur frá hv. Nd.

Alþingi, 15. apríl 1921.

Sig. Eggerz, form. og ritari. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Sigurj. Friðjónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Björn Kristjánsson.

(A. XXXVIII, 9).

Ed. **335. Lög**

um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 200 kilógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver hann sje. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

   Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.
4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:
   a. Köfnunarefni í saltpjeturssýru.
   b. Köfnunarefni í ammoniaki.
   c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum.
   d. Köfnunarefni í cyanamíði.
   e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
   f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citrónsýru.
   g. Kali, leysanlegt í vatni.
   h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
   i. Gibs, (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum má eigi nota önnur

orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Þegar verslað er með kjarnfóður, svo sem korntegundir, oliukökur, sykurúrgang (melasse), síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskirteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skirteini er útgefið. Á tryggingarskirteini sje tekið fram:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar kjarnfóðursins.
3. Nafn kjarnfóðursins og úr hverju það er tilbúið.
4. Sje kjarnfóðrið búið til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort kjarnfóðrið er blandað annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta, að svo sje ekki.
6. Sje um oliukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætið gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreint hvers konar lifur, enn fremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrina, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent, og enn fremur, hve mikill þungi síldar og salts sje í hverju íláti.
10. Sje um síldarkökur eða síldarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í kjarnfóðrinu, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
    a. Af köfnunarefniskendum efnum.
    b. Af feiti.
    c. Af sykri.
    d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
    e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fóðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

3. gr.

Stjórnarráðið sjer um, að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða kjarnfóðurefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

a. Nafn vörunnar.
b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau í efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

   Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.
2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaup-

anda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynt að varan sje komin. Seljandi annast tilkynninguna.

3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álítast megi, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.

4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemdir á vörunni.

5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða, skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti

verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(B. XV, 8).

Ed. **336. Frumvarp**

til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar hafa allir karlar og konur, ef þau eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í sveitinni eða kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni, hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi.

Gift kona hefir kosningarrjett, þótt hún sje eigi fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins, ef hún uppfyllir að öðru leyti skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

2. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi lög nr. 49, 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga, 5. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, 3. gr. laga nr. 49, 30. nóv. 1914, 3. gr. laga nr. 65, 14. nóv. 1917, 5. gr. laga nr. 67, 14. nóv. 1917, 7. gr. laga nr. 26, 22. nóv. 1918, 5. gr. laga nr. 58, 28. nóv. 1919, 4. gr. laga nr. 61, 28. nóv. 1919, svo og önnur lagaákvæði, þau er fara í bága við þessi lög.

(B. XLII, 6).

Nd. **337. Frumvarp**

til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Banka skal stofna í Reykjavík, er nefnist »Ríkisveðbanki Íslands«. Tilgangur hans er:

1. að veita lán, trygð með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda, er hafa með höndum samvinnumannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í atgjöldum af eignunum með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán eða kaupa skuldabrjef, trygð með veði í fasteign og auk þess með fullri ábyrgð ríkisins.
5. að gefa út og selja bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt ofansögðu, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs bankans.

Öll lán bankans skulu veitt til endurgreiðslu með ákveðnum afborgunum um langt árabil, en afborgunarlaus föst lán má aldrei veita.

2. gr.

Bankinn tekur við allri forsjá og stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, með öllum hennar skyldum og rjettindum. Að öðru leyti skulu lög og reglugerðir þær, er nú gilda um veðdeild Landsbankans, framvegis gilda um þessa deild Ríkisveðbanka Íslands, þar til allir fjórir flokkar bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar eru að fullu innleystir.

3. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð 3 miljónir króna. Stofnfje þetta er eign ríkisins, en endurgreiðslu þess verður ekki krafist fyrri en bankinn hefir fullnægt öllum skuldbindingum sínum.

Stofnsjóð bankans má auka með nýjum fjárframlögum úr ríkissjóði eða með yfirfærslum úr varasjóði bankans. Með yfirfærslum úr varasjóði verður stofnsjóðurinn þó eigi hækkaður um meira en eina miljón kr., nema ný lagaheimild komi til.

4. gr.

Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi þannig:

1. Úr ræktunarsjóði Íslands, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
2. Úr kirkjujarðasjóði, í skuldabrjefum, bankavaxtabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
3. Úr viðlagasjóði, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, rennur andvirði þeirra þjóðjarða og kirkjujarða, er hjer eftir verða seldar, inn í stofnsjóð bankans og bætist við eign ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs í stofnsjóðnum.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðnum eins og tapinu nemur; en ef sjóðurinn við það lækkar niður fyrir 3 miljónir kr., bæti ríkissjóður honum það, er á vantar.

Af stofnfjenu greiðir bankinn 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári. Renna vextirnir til ræktunarsjóðs, kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, að tiltölu við eign hvers þeirra í stofnsjóði bankans.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign, án vaxta, þegar hagur bankans leyfir.

5. gr.

Hreinn ágóði af rekstri bankans skal lagður í varasjóð. Nú verður bankinn fyrir tapi eða árstekjur hans hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

6. gr.

Bankinn gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans, og skal þá jafnframt ritað á brjefin, hver sje eigandi þeirra. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð vaxtabrjefanna, en sá af ráðherrum Íslands, er hefir yfirstjórn bankans, skal hafa samþykt orðalag þeirra og efni. Til þess að vaxtabrjefin sjeu skuldbindandi fyrir bankann, skulu þau vera undirrituð af bankastjórn, og auk þess á þau ritað vottorð ráðherra um, að þau sjeu skrásett í stjórnarráði Íslands. Brjefin skulu kveða á um greiðslu í íslenskri krónumynt. Þó má jafnframt á brjefunum telja upphæðina reiknaða til útlendra peninga.

Eigendur bankavaxtabrjefanna geta fengið bankanum brjef sín til geymslu, gegn viðtökuskírteini, eða fengið þau innrituð og gerð óframseljanleg og óveðhæf um sinn, með áritun bankans á brjefin, hvorttveggja eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Aldrei má vera í umferð meira af bankavaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins, nje meira en nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í skuldabrjefum fyrir lánum, að frádregnum greiddum afborgunum af þeim, en að viðbættu því fje, er afborgað kann að hafa verið af lánunum og bíður þess að verða notað til innlausnar vaxtabrjefum. Eigi mega heldur vaxtabrjef í umferð bera hærri vöxtu en tilsvarandi skuldabrjef fyrir lánum.

Þó má bankinn, með samþykki stjórnarráðsins, gefa út og selja fyrirfram bankavaxtabrjef fyrir alt að einni miljón kr. í einu. Skal þá andvirði þeirra, meðan það bíður þess að verða notað til útlána samkv. 1. gr., ávaxtað í Landsbanka Íslands eða á annan fulltryggan hátt, er stjórnarráð samþykkir.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bankans er:

1. Skuldabrjef þau, er bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans.
2. Varasjóður bankans.
3. Stofnsjóður bankans.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 12½ % af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar.

Ef taka þarf til tryggingganna, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru hjer taldar.

8. gr.

Vaxtabrjef bankans skulu gefin út í flokkum (seríum). Ákveður bankastjórn, hve nær lokið skuli hverjum flokki; þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo flokka opna samtímis.

9. gr.

Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir reglugerð fyrir bankann, er breyta má eða bæta við þegar þörf gerist; þó mega ný reglugerðarákvæði ekki ná til bankavaxtabrjefa þeirra, sem áður eru út gefin.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 55 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um vaxtahæð brjefanna; en hafa má í sama flokki tvær eða fleiri deildir með mismunandi vöxtum, og með happvinningum (sbr. 35. gr.) eða án þeirra.

10. gr.

Vaxtamiðar bankavaxtabrjefanna og útdregin vaxtabrjef skulu innleyst í bankanum sjálfum og í þeim peningastofnunum öðrum eða verslunarhúsum innanlands eða utan, er bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins. Í reglugerð skal fyrirmælt, hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabrjef hans skulu ávalt njóta sama skattfrelsis sem skuldabrjef ríkisins. Svo á bankinn og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er bankinn greiðir, veita honum upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda frá lántakendum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir bankann.

II. Tryggingar fyrir lánum.

12. gr.

Fje bankans má lána gegn veði í hverskonar fasteign, sem vera skal, ef eignin, að áliti bankastjórnar og samkvæmt reglugerðarákvæðum bankans, er tryggilegt veð fyrir láni til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr $^{3}/_{5}$ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar, en innan þeirra takmarka má í reglugerð bankans ákveða, hve mikinn hluta verðs má mest lána út á fasteignir einstakra tegunda eða flokka.

Nú hefir bankinn minna fje en svo til umráða, að hann geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til landbúnaðar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að landbúnaðarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, má því að eins taka gild sem veð, að þau sjeu vátrygð gegn brunahættu í vátryggingarstofnun, er bankastjórn og ráðherra telja góða og gilda.

Hús, sem notuð eru til iðnrekstrar eða eru ætluð til einhverrar sjerstakrar, óvenjulegrar starfrækslu, skulu eigi metin hærra til lántöku en þau mundu verð til almennrar notkunar.

Að jafnaði skal eigi lánað nema gegn fyrsta veðrjetti. En það telst fyrsti veðrjettur, þótt áður hvíli fyrsta veðrjettarskuld á eigninni, ef lánið skal notað til þess að greiða hina eldri skuld og bankinn hefir uppfærslurjett á eftir henni, enda haldi hann þá eftir af láninu nægilegri upphæð til að losa öll eldri veðbönd af eigninni. — Það telst og fyrsti veðrjettur, er bankinn lánar út á eign, sem áður er veðsett honum eða veðdeild Landsbankans, til viðbótar við lán það, er hann eða veðdeildin hefir áður veitt.

Í reglugerð má þó ákveða, að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr $^{3}/_{5}$ af verðgildi hennar. Af slíkum lánum má taka sjerstakt áhættugjald, er greiðist með auknu tillagi til varasjóðs, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðum bankans, og skal þar meðal annars ákveða, hvernig virðingarmenn skuli útnefndir.

Þó má í reglugerð ákveða, að sjerstök virðing vegna lántökunnar þurfi eigi að fara fram, ef lánið fer eigi fram úr ákveðnum hluta af virðingarverði eignarinnar til skatts, alt að hálfri skattvirðingarupphæðinni, og önnur skilríki eru fyrir hendi, er reglugerð nánar tiltekur.

Lántakendur skulu, svo oft sem stjórn bankans krefst, láta honum í tje skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því að veðin hafi eigi rýrnað í verði, svo að bankanum geti eigi verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankastjórn orðið þess

vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, getur bankinn látið fara fram skoðun eða nýja virðingu á kostnað lántakanda.

14. gr.

Í virðingargerðum getur bankinn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða grunnsins, og hins vegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á jörðinni eða grunninum, svo sem jarðbóta allskonar, bygginga og annara umbóta. Má í reglugerð bankans ákveða, að eigi skuli að jafnaði veitt hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því að eins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ af virðingarverði allrar eignarinnar. Skal þá í reglugerðinni kveða nánar á um sundurgreining virðingarverðsins, og má meðal annars ákveða, að jarðabætur skuli eftir nánar tiltekinn árafjölda teljast til jarðarinnar sjálfrar, en eigi lengur til mannvirkja, er ætla má að þær hafi löngu borgað kostnað sinn að fullu.

15. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar eigninni.

Áður en slíkt lán er veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Á undan hverri útborgun fari fram skoðun eða bráðabirgðamat á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi $^3/_5$ af verði eignarinnar eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, þótt eigi yrði meira að henni unnið að sinni.

Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um lántökuskilyrði og útborgun slíkra lána.

16. gr.

Lán til bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því að eins veitt, að stjórnarráðið eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina. Skal bankinn hafa trygt sjer, að bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagi því, er lán tekur eða ábyrgist, sje bæði rjett og skylt að jafna aukagjaldi á gjaldendur innan fjelags síns, ef þess skyldi þurfa með til greiðslu höfuðstóls eða vaxta af láni bankans.

Bankinn getur hve nær sem er krafið bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagið um skýrslu um eignir þess og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lánsins.

Í reglugerð bankans skal nánar ákveðið um lántökuskilyrði og trygging fyrir slíkum lánum.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. lið 1. gr. veitir bankinn að eins þeim fjelögum, er stofnuð kunna að verða samkvæmt sjerstökum lögum og fá lögvarinn rjett til að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir til greiðslu kostnaðar við samvinnufyrirtæki til umbóta á þeim, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Skal taka upp í reglugerðir bankans nánari fyrirmæli um lán þessi og þess sjerstaklega gætt, að afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, geti á engri fasteign orðið hærri en svara mundi til lánsupphæðar þeirrar, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni samkvæmt lögum þessum og öðrum útlánsreglum bankans.

18. gr.

Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landssvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna, og fjelagssamþyktir þeirra öðlast staðfesting stjórnarráðsins, enda telji bankastjórn og ráðherra útlánsreglur fjelaganna jafntryggilegar og ríkisveðbankans; getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins. Skal þá bankinn hafa nákvæmt eftirlit með rekstri hvers fjelags, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, og jafnan hafa í vörslum sínum eða umboðsmanns síns veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna, að minsta kosti fyrir jafnmikilli upphæð og lán bankans til veðlánsfjelagsins nema á hverjum tíma.

Tillög til varasjóðs (sbr. 22. og 25. gr.) af þessum lánum skulu sjerstaklega ákveðin með reglugerð, og mega þau lægri vera en af öðrum lánum bankans.

19. gr.

Bankinn getur veitt lán eða keypt veðskuldabrjef eða vaxtabrjef, sem í sjálfu sjer eru trygð með nægilegu fasteignaveði, þótt veðin sjeu eigi eins tryggileg og krafist er annars í lögum þessum og reglugerðum bankans, ef lánin eða brjefin auk þess eru trygð með fullri ábyrgð ríkissjóðs. Tekur bankinn brjef þessi með því gengi, er stjórn bankans og stjórnarráði Íslands kemur saman um, og skal gengið miðað við, að bankinn verði skaðlaus af kaupunum.

20. gr.

Í reglugerð má ákveða hæstu og lægstu upphæð einstaks láns. Þar skal og ákveða, hvað lánstíminn má vera lengstur fyrir hverja tegund tryggingar. Þó má eigi ákveða lengri útlánstíma fyrir neina tegund lána en 45 ár.

III. Skyldur og rjettindi lántakenda.

21. gr.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða, eftir vali hans sjálfs, í bankavaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir brjefin eða hefir þegar selt þau fyrir, að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

22. gr.

Um leið og lán er tekið skal lántakandi greiða í varasjóð bankans hundraðsgjald af lánsupphæðinni, er reglugerð bankans ákveður, þó eigi hærra en 1%.

Lántakandi er skyldur að tilkynna bankanum þegar í stað, ef hann gerir verulegar breytingar á veðsettri fasteign, svo að eignin við það verði verðminni; sömuleiðis ef eignin rýrnar til muna í verðgildi af honum ósjálfráðum orsökum. Vanræki hann slíkar tilkynningar, getur stjórn bankans krafið hann um gjald til varasjóðs, alt að 1% af veðskuld hans.

Þegar veðsett fasteign er seld, skal kaupandi tilkynna bankanum eigendaskiftin skriflega innan 2 mánaða, að viðlagðri sekt, alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

Öll gjöld og sektir til varasjóðs skulu trygð með veði í eignum þeim, er bankinn hefir að tryggingu, á sama hátt og lánin sjálf og vextir af þeim.

23. gr.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í virðingu til lántöku, eða sje auglýst sala á eigninni vegna veðskuldar með forgangsrjetti fyrir veði bankans, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum bankans, eða sje bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta, eða brjóti lánþegi í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust.

Þegar eigendaskifti verða að veðsettri eign, getur bankinn heimtað lánið endurgreitt að nokkru eða öllu leyti. En vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Ávalt þegar lán er fallið í gjalddaga, getur bankinn til lúkningar höfuðstóli lánsins, vöxtum og rjettkræfum gjöldum til varasjóðs, látið selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða látið leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

Í stað þess að veðsett eign verði seld á uppboði, getur skuldunautur, ef hann kýs það heldur og bankastjórnin samþykkir, afhent bankanum eignina til fullra umráða og gefið honum óafturkallanlegt umboð til að selja hana eða verja henni til greiðslu skuldarinnar á hvern hátt, er bankastjórn telur hentugt. Skal

þá bankinn að síðustu gera eiganda reikningsskil og skila honum því, er hann kann að hafa haft upp úr eigninni umfram veðskuldina og allan kostnað sinn; en að sjálfsögðu greiði skuldunautur það, er á vantar, ef eignin hefir eigi hrokkið fyrir veðskuldinni.

Nú greiðist eigi veðskuld að fullu með söluverði veðsettrar eignar, og getur bankinn þá látið taka fjárnámi aðrar eignir skuldunauts fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, eins og fyrir hendi væri dómur eða sátt, fallin í gjalddaga. En skuldunaut er frjálst að höfða mál gegn bankanum til endurgreiðslu og skaðabóta, ef hann telur kröfur bankans eigi rjettmætar.

24. gr.

Þegar veðsettar eru eignir, er eldur getur grandað og taldar eru með í virðingu til lántöku, skal lántakandi framselja bankanum kröfu sína til brunabótanna, ef þær skyldu brenna. Getur bankinn krafist þess að annast sjálfur greiðslu hinna árlegu vátryggingariðgjalda, gegn því, að árleg ákvæðisgjöld lánþega til bankans hækki að sama skapi, svo að bankinn verði skaðlaus.

Nú verður brunatjón á veðsettri eign, og skal þá bankinn hefja brunabæturnar og greiða lánþega af þeim svo mikið, sem stjórn bankans telur óhætt, svo að lánið sje fulltrygt. Eftirstöðvar brunabótanna getur bankinn, eftir ósk lánþega, geymt og ávaxtað um alt að tveggja ára tíma, og greitt lánþega fjeð er hann hefir endurreist eignina að öllu eða svo miklu leyti, að bankastjórn telji veðið tryggilegt. Ella skal taka fjeð upp í lánið sem auka-afborgun.

25. gr.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, en gjalddagar sjeu einn eða tveir ár hvert, eftir ákvæðum reglugerðar.

Vextir af hverju láni skulu ávalt jafnháir og bankinn greiðir af bankavaxtabrjefum þeim, sem út eru gefin vegna lánsins. Ef brjefin eru happvinningabrjef (sbr. 35. gr.), skal þó í þessu sambandi telja til vaxta af þeim hundraðsgjald það, er bankinn skuldbindur sig til að verja árlega til happvinninga af brjefum þess flokks, er þau tilheyra.

Afborgunargjaldið skal að minsta kosti nema svo miklu hundraðsgjaldi af upprunalegri upphæð lánsins, að því verði lokið innan þess tíma, er reglugerð ákveður lengstan fyrir lán af hverri tegund. Bankastjórn getur þó leyft, að afborgun af lánum til jarðabóta eða til fjelagsmannvirkja (sbr. 1. gr. 3. lið) sje frestað um 1 eða 2 fyrstu ár lánstímans, gegn því að ákvæðisgjöldin verði upp frá því tiltölulega hærri, svo að láninu verði alt að einu lokið á tilskildum tíma.

Upphæð árstillagsins til varasjóðs skal ákveðið í reglugerð bankans; þó skal það eigi minna vera en $^1/_4$% og eigi hærra en $^3/_4$% af eftirstöðvum lánsins eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Má tillagið vera mishátt, eftir því, hverrar tegundar lánið er.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða auka-afborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti með bankavaxtabrjefum sama flokks og flokksdeildar og þau brjef voru, er hafa verið gefin út vegna lánsins, eftir ákvæðis-

verði brjefanna. Útdregin bankavaxtabrjef (sbr. 28. gr.) verða þó eigi notuð til slíkrar endurgreiðslu lána eða auka-afborgana.

Nú vill skuldunautur greiða í peningum auka-afborganir á ákveðnum gjalddögum, eða endurgreiða þannig lán sitt að fullu milli gjalddaga, og skal þá bankinn taka við greiðslunni fyrirvaralaust, ef hann getur það sjer að skaðlausu. Ella má hann krefjast uppsagnar á láninu með svo löngum fyrirvara til næsta innlausnardags bankavaxtabrjefa, að tilsvarandi upphæð brjefa verði þá innleyst, eða krefja skuldunaut um aukagjald, svo hátt, að bankinn geti sjer að skaðlausu geymt fjeð þar til vaxtabrjefin geta orðið innleyst.

26. gr.

Bankinn getur krafist þess, að jafnframt umsókn um lán sje fyrirfram greiddur áætlaður kostnaður við skoðun og virðingu eignar þeirrar, sem boðin er að veði, og annar undirbúningskostnaður, sem ei verður hjá komist, þótt ekki verði úr lántökunni.

Í reglugerð skal ákveða ferðakostnað og þóknun til virðingarmanna, er bankinn kann að útnefna, og þeirra starfsmanna bankans, er framkvæma skoðun veðsettra eigna samkv. 15. gr., eða önnur störf, er lántakendum ber að greiða.

27. gr.

Hver lántakandi er skyldur að hlíta lögum og reglugerðum bankans, með þeim breytingum, sem löglega verða á þeim gerðar, og skal þar að lútandi ákvæði tekið upp í skuldabrjef þau, er lántakendur undirskrifa.

IV. Sjóðir bankans og vaxtabrjef.

28. gr.

Hver flokkur og hver vaxtadeild innan flokks, ef fleiri eru en ein, skal hafa sjerstakan árgjaldasjóð, og skulu í hann lögð öll árgjöld lántakenda, að frádregnum árstillögum til varasjóðs.

Af sjóðum þessum skal fyrst og fremst greiða vexti af bankavaxtabrjefum í umferð, en því, sem þá er eftir í hverjum sjóði, skal árlega varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks eða flokksdeildar, er í hlut á. Skulu vaxtabrjef þau, er á að innleysa, dregin út eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, en hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa, með minst 6 mánaða fyrirvara, númerin á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Í reglugerð bankans skulu sett nánari ákvæði um auglýsingar þessar.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera öll greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef, er skulu dregin út eftir hlutkesti eins og áður segir, eða keypt inn til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, inn-

leysa bankavaxtabrjef sín í stærri stíl, eða innkalla heilan flokk eða flokksdeild vaxtabrjefa til innlausnar í einu, með auglýsingu og sama fyrirvara. Þó getur bankastjórn með samþykki stjórnarráðs afsalað sjer rjetti til að innkalla þannig heilan flokk eða flokksdeild brjefa um ákveðinn árafjölda frá útgáfudegi þeirra.

29. gr.

Í varasjóð renna tekjur samkv. 22. gr., árstillög samkv. 25. gr., vextir af varasjóðnum sjálfum og allar aðrar tekjur bankans, sem eigi eru sjerstaklega ákveðnar til annars. Í varasjóð bankans renna og varasjóðir veðdeildarflokka Landsbanka Íslands jafnóðum og bankavaxtabrjef hvers flokks eru að fullu innleyst.

Sjóðurinn skal í heild sinni vera til tryggingar öllum útgefnum bankavaxtabrjefum, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því, sem ástæða þykir til.

Af fje varasjóðs má veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með. Þó má aðallán og aukalán til samans ekki fara fram yfir $^{8}/_{5}$ hluta virðingarverðs eignar þeirrar, sem að veði er, og skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum.

Fje varasjóðs skal að öðru leyti ávaxtað í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða á annan tryggilegan hátt, er reglugerð ákveður og stjórnarráð samþykkir.

Nú hefir bankinn orðið að taka að sjer veðsetta eign (sbr. 23. gr.), og hafi hún eigi selst innan árs frá því er bankinn tók hana að sjer, og skal þá úr varasjóði greiða veðskuldina, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina, ef uppboð var reynt á henni. Upphæð þeirri, er varasjóður þannig greiðir til lækkunar veðskuldinni eða til lúkningar henni, skal varið til innlausnar bankavaxtabrjefa þess flokks eða flokksdeildar, er lánið tilheyrir. — Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unt er eða sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur þá kaupandi tekið að sjer eftirstöðvar lánsins. Meðan bankinn hefir slíka eign á höndum sjer, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess. Í ársreikningum bankans skal gera sjerstaklega grein fyrir hverri eign, er þannig er ástatt um.

30. gr.

Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður með samkv. 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg. Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráð samþykkir. Má og verja því fje til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans eða öðrum verðbrjefum, er stofnsjóðinn má geyma í samkvæmt þessari grein.

Handveðslán þessi mega eigi hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

31. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal samkvæmt 28. gr., geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

Ef áritun á brjef sýnir, að það sje eða hafi verið eign ákveðins manns, verður andvirði þess því að eins greitt handhafa, að eigi verði annað sjeð en að hann sje rjettur eigandi samkvæmt óslitnum framsölum, rituðum á brjefið, eða það hafi aftur verið framselt til handhafa; en bankinn ber eigi ábyrgð á því, þótt framsölin sjeu fölsuð eða röng að öðru leyti.

Vaxtabrjef bankans og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetning og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda eða löglegra handhafa verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

32. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

33. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í þeim blöðum útlendum, er bankastjórn ákveður með samþykki stjórnarráðs. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt brjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal auðkenna þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu, þar til þau, við næstu reikningslok, verða brend í viðurvist endurskoðenda og notarii publici, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

35. gr.

Bankinn má gefa út sjerstaka deild bankavaxtabrjefa með happvinningum, þann veg, að eigendum eða handhöfum brjefanna sjálfra eða vaxtamiða þeirra verði, auk höfuðstóls brjefanna eða vaxta, greiddir vinningar eftir hlutkesti, er fram fer undir umsjón notarii publici. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar, og má þar meðal annars ákveða, hversu miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð má mest verja árlega til happvinninga. Þar má og ákveða, hversu hár hinn hæsti vinningur má vera.

Bankinn hefir einkarjett til þess að gefa út vaxtabrjef með happvinningum, þó að óskertum rjetti ríkissjóðs til að gefa út slík brjef.

36. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bankans, þó eigi hærra verði en kauphallarverð eða alment gangverð brjefanna er á þeim tíma, er kaupin eru gerð. Allt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum, má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í þess stað geyma í bankavaxtabrjefum Ríkisveðbanka Íslands.

37. gr.

Auk hinnar almennu ábyrgðar ríkisins, samkv. 7. gr. 4. lið, heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir ríkissjóðsins hönd sjerstaklega ábyrgð á greiðslu vaxta og höfuðstóls einstakra deilda af bankavaxtabrjefum bankans, er kunna að verða gefnar út eingöngu til sölu utanlands.

V. Stjórn bankans og reikningsskil.

38. gr.

Í stjórn bankans eru 3 menn, er stjórnarráðið skipar, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórn frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

Nánari fyrirmæli um daglega stjórn bankans og um samband bankastjóranna sín á milli getur ráðherra sett.

39. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fyrst um sinn má þó fresta skipun bókara og fjehirðis, og skal þá Landsbanka Íslands falið að annast út- og innborganir bankans og aðrar dag-

legar afgreiðslur, að svo miklu leyti, sem unt er, gegn þóknun, er stjórnum bankanna kemur saman um eða stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum þeirra.

Aðra starfsmenn bankans ræður bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

40. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

41. gr.

Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa.

Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, gegn 2000 kr. þóknun á ári til hvors þeirra.

Laun bankastjóra og allra starfsmanna greiðist af bankans fje.

Aðalbankastjóri má ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur aðra atvinnu.

42. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við bankann, og kýs hið sameinaða Alþingi annan þeirra til 3 ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir ráðherra til. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign hans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðsins með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til.

Laun endurskoðunarmanna eru 1000 kr. til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þykir þurfa. Ráðherra getur og hve nær sem er látið skoða allan hag bankans.

43. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok full-

kominn ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða ársreikning, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna og enn fremur í nokkrum helstu blöðum landsins.

44. gr.

Bankinn skal koma upp umboðsskrifstofum svo víða úti um land, sem bankastjórn og stjórnarráð telur þörf á og svo fljótt, sem við verður komið. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar viðvíkjandi lántökunni og undirbúningi undir hana, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi á skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar.

(A. XLI, 2).

Nd. 338. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. 3.
   Liðinn skal orða þannig:
   Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis... ... ... kr. 600
   (Athugasemdin við liðinn fellur burt).
2. — 12. — 14. (Styrkur Breiðdalshrepps).
   Athugasemdina aftan við liðinn skal flytja aftur fyrir 15. lið.
3. — 12. — 15. (Læknisstyrkur Jökuldæla o. fl.).
   Á eftir liðnum skal koma nýr liður:
   Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði... — 3000
4. — 12. — 20. (Starfræksla ljóslækningastofu).
   Á eftir liðnum kemur nýr liður:
   Rekstrarstyrkur Radíumstofnunarinnar ... — 3000
5. — 12. — 25. a. (Styrkur til sjúkrahúsa).
   Fyrir »8000« koma ... ... — 10000
6. — 12. — 25. b. (Byggingarstyrkur sjúkrahúsa).
   a. Orðin »þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja 1000 hjeraðsbúa« falla burt.
   b. Fyrir »20000« kemur ... ... — 80000

7. Við 12. gr. 25. h. (Styrkur sjúkrasamlaga).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún ... ... kr. 500

8. — 12. — 25. i. («Líkn«).
Liðinn skal orða þannig:
Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur... ... ... — 3000

9. — 12. — 25. i. (Sami liður).
Á eftir liðnum skulu koma þessir nýir liðir:
a. Til hrákarannsóknarstöðva ... ... — 1500
b. Til væntanlegs berklavarnarfjelags ... ... — 10000

10. — 12. — 25. j. (Sjúkl. með hörundsberkla).
Á eftir liðnum koma þessir nýir liðir:
a. Til Helgu Eggertsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur ... ... — 1000
b. Til Þuríðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur ... ... — 1000
c. Til Jónínu Pálsdóttur, utanfararstyrkur til hjúkrunarnáms ... ... — 1000

11. — 12. — 25. k. (Utanfararkostnaður yfirsetukvenna).
Á eftir liðnum skal koma nýr liður:
Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá .. — 300

12. — 13. — B. III. 3. (Vallavegur).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000) ... ... — 6000

13. — 13. — B. VIII. (Dragferja á Lagarfljóti).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til dragferju á Skjálfandafljóti ... ... — 3000

14. — 14. — A. b. 3. (Húsabætur).
Nýir liðir:
a. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti ... ... — 5000
b. Til húsabóta á Desjarmýri ... ... — 5000
c. Úr athugasemdinni falla orðin:
»að eftirgjald — styrksupphæðinni og«

15. — 14. — A. b. 4. (Viðbót við eftirlaun presta).
Fyrir »8000« koma... ... ... — 11000

16. — 14. — A. b. 7. (Ferðastyrkur presta).
a. Fyrir »synodus« kemur: prestastefnu.
b. Úr athugasemdinni falla orðin: »þó aldrei meira en 100 kr. til hvers«.

c. Nýr liður:
Handa fulltrúa til þess að sækja kirkjuþing í Uppsölum ... ... kr. 2500

17. Við 14. gr. B. I. a.
Nýr liður á eftir:
Styrkur til Magnúsar dócents Jónssonar, til rannsókna á kirkjusögu Íslands ... ... — 1500

18. — 14. — B. I. g. 1. a.-b. (Háskólaritari).
Fyrir »800« kemur .. .. — 1000
»800« ... ... — 1000

19. — 14. — B. II. (Námsstyrkur stúdenta erlendis).
Úr athugasemdinni falla upphafsorðin:
»Þó ekki yfir«.

20. — 14. — B. III. c. 6. (Námsstyrkur mentaskólans).
Liðurinn verður svo:
Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... — 4400

21. — 14. — B. III. c. 10. (Kenslubækur mentaskólans).
Aftan af fellur »alt að 80 kr. fyrir örkina«.

22. — 14. — B. IV. b. 5. (Námsstyrkur Akureyrarsk.).
Kemur aftan við athugasemd:
Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.

23. — 14. — B. V. b. 4. (Námsstyrkur kennaraskólans).
Kemur aftan við athugasemd sama sem í 22. brtt.

24. — 14. — B. VI. b. 3. (Stýrimannaskólinn).
Nýr liður:
Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra.. ... ... — 300

25. — 14. — B. VIII. 3 c. 3. (Eiðaskólinn).
Nýr liður:
Ýmisleg gjöld ... ... — 1500

26. — 14. — B. IX. a. (Iðnskólinn).
Fyrir »6000« kemur: ... ... — 8000

27. — 14. — B. X. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir »7000« kemur .. .. — 9000

28. — 14. — B. XI. 1. Fyrir »laun forstöðumanna« kemur:
Laun forstöðumanns.

29. — 14. — B. XII. (Fyrirsögnin).
»Til kvenna« verður:
Til kvennaskóla.

30. — 14. — B. XII. 1. a. (Kvennaskólinn í Rvík).
»20000« verður ... ... — 25000

31. Við 14. gr. B. XII. 1. c. (Námsstyrkur sveitastúlkna).
Athugasemd:
Stjórninni er heimilt að auka þessa fjárveiting, ef hún hrekkur eigi.

32. — 14. — B. XII. 2. a. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Fyrir »12500« kemur... .. .. kr. 15000

33. — 14. — B. XIII. 1. (Almenn barnafræðsla).
Nýr liður:
Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að.... ... ... — 5000

34. — 14. — B. XIII 7. a. (Fræðslumálastj.).
Nýr liður:
Skrifstofukostnaður hans... ... ... — 1000

35. — 14. — B. XIV a. (Unglingaskólar).
a. Fyrir »28000« kemur ... ... — 40000
b. Í stað orðanna »Af upphæðinni ... 2000 kr. hverjum« kemur:
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.

36. — 14. — B. XIV. b. (Flensborgarsk.).
Fyrir »15000« kemur ... ... — 22000

37. — 14. — B. XIV. Nýr liður með rómverskri tölu:
Til húsmæðrafræðslu:
Til kvenfjelagsins Óskar á Skutilsfjarðareyri, til húsmæðrafræðslu, gegn 800 kr. annarsstaðar að ... ... — 2000

38. — 14. — B. XVIII. b. (Sundkensla).
Fyrir »Páls Erlingssonar« kemur:
Ólafs Pálssonar.

39. — 14. — B. XVIII. d. (Ingib. Guðbr.).
Fyrir »500« kemur ... ... — 800

40. — 14. — B. XIX. (Stefán Eiríksson).
Fyrir »1500« kemur ... ... — 2000

41. — 15. — 1. c. 1—2. Liðurinn verður svo:
Til Hallgríms Hallgrímssonar, aðstoðarmanns við safnið, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... — 4400

42. — 15. — 3. e. (Kaup á listav.).
a. Fyrir »3000« kemur ... ... — 6000
b. Nýr liður:
Til að semja skýrslur um safnið frá 1876 — 300

43. Við 15. gr. 10. (Fornleifafjel.).
Aftan af aths. fellur:
»hvort árið«.

44. — 15. — 12. (Fornbrjefasafn).
a. Fyrir »1600« kemur ... ... kr. 2000
b. Aftan við athugas. kemur:
jafnóðum.

45. — 15. — 16. »Íslendingur« verður:
Íslendings.

46. — 15. — 19. a. (Styrkur til listam.).
a. Fyrir »20000« kemur ... ... — 30000
Til vara ... ... — 27000
b. Í aths. fyrir »háskólaráðinu« kemur:
Listvinafjelaginu.

47. — 15. — 23. (Fiskirannsóknir).
Fyrir »600« kemur ... ... — 1000

48. — 15. — 24. (Gróðurrannsóknir).
Fyrir »2000« kemur . ... — 3000

49. — 15. — 26. (Guðm. G. Bárðars.).
Fyrir »1200« kemur . ... — 1800

50. — 15. — 27. (Frímann).
Fyrir »800« kemur ... ... — 1200

51. — 15. — 30. (Finnur).
Nýr liður:
Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar ... ... — 600

52. — 15. — 36. (Alþýðufr. stúd.).
a. Fyrir »1000« kemur ... ... — 2000
b. Aths. verður:
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.

53. — 15. — 38. (Listvinafjel.).
Fyrir »1000« kemur .. .. — 1500

54. — 15. — 39. (Íþróttasamb.).
a. Fyrir »1000« kemur ... ... — 2000
b. Nýr liður:
Sama fjelagi endurveittar af styrk til Olympíufarar ... ... — 5000
Má fjelagið hafa styrkinn til annara nauðsynja, t. d. til að taka á móti erlendum íþróttamönnum, sem sækja það heim, o. þ. h.

55. — 15. — 40. (Sig. Guðm.).
Fyrir »800« kemur ... ... — 1500

56. Við 15. gr. 42.

Nýir liðir á eftir:

a. Til útgáfu á tímariti prestafjelagsins ... kr. 1000
b. Til Ísafoldarprentsmiðju, til útg. lagasafns — 2000
c. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis ... ... — 600
d. Til Jóns Eyþórssonar, námsstyrkur ... — 2000
e. — Bjarna Jósefssonar, námsstyrkur ... — 2000
f. — Ingu Magnúsdóttur, námsstyrkur ... — 2500
g. — Samúels Eggertssonar, til að gera landslagsuppdrátt af Íslandi ... ... — 2500
h. Til Baldvins Bergvinssonar, fyrir I. bindi af endurminningum hans, enda fái landsbókasafnið handritið... ... ... — 600
i. Til Einars Jónssonar frá Galtafelli, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... — 5500
j. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði ... ... — 1500

57. — 16. — 2. (Sandgræðsla).

a. Fyrir »10000« kemur.. ... ... — 15000
b. Nýr liður næst á eftir:
Til búnaðarfjelaga ... ... — 30000

Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu.

58. — 16. — 3. (Garðyrkja).

Nýr liður, verður b-liður:
Styrkur til fjelagsins ... ... — 1000

59. — 16. — 12. (Fiskifjel.).

Fyrir »50000« kemur ... ... — 60000

60. — 16. — 14. (Gerlarannsóknir).

Nýr liður:
Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, gegn jafnmiklu annarsstaðar að .. .. — 2500

61. — 16 — 15. (Heimilisiðnaðarfjel.).

Kemur aths.:
Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.

62. — 16. 16. (Vörumerkjaskrásetjari).

Fyrir »1000« kemur... ... ... — 1200

63. — 16. — 17. (Ungmennafjel.).

Fella skal úr orðið »líkamlegra«

64. — 16. — 18. (Ábúandi Tvískerja)

Fyrir »500« kemur ... ... — **800**

65. Við 16. gr. 29. (Húsagerðarmeistari).
Nýr liður:
Laun aðstoðarmanns húsagerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... kr. 7700

66. — 16. — 31. (Sendimaður á Spáni).
Nýir liðir:
a. Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting). ... ... — 10000
b. Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðar (3500 endurveiting) ... ... — 10000
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.
c. Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar .. .. — 5000
d. Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar ... ... — 8000
e. Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót) ... — 750
f. Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði .. — 5000
g. Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri ... ... — 1800
h. Til útgáfu Sindra... ... ... — 1000
i. Til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum — 500
j. Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að ... ... — 1500

67. — 18. — II. a. 3. (Viðbótareftirlaun embættismanna).
Fyrir »3000« kemur ... ... — 1200

68. — 18. — II. b. 3. Viðbótareftirlaun embættismannaekkna).
Nýir liðir:
a. Til Sigríðar Hjaltadóttur ... ... — 400
— Ingileifar Snæbjarnardóttur.. ... ... — 400

69. — 18. — II. c. 3. (Uppgjafaprestar).
Nýr liður:
Til Bjarnar Jónssonar ... ... — 475

70. — 18. — II. f. 3. (Póstmenn).
Fyrir »100« kemur... ... ... — 200

71. — 18. — II. 11. Nýir liðir:
a. Til Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum... .. .. — 300
b. Til Jóhannesar Þórðarsonar ... ... — 300

72. — 18. — II, i. 4. (Styrktarfje ýmsra).
Nýir liðir:
a. Til Páls Erlingssonar ... ... — 500
b. — Erlends Zakaríassonar... .. .. — 300

73. — 21. — 4. (Viðlagasjóðslán).
Nýr liður:
Vigfúsi Guðmundssyni, veitingamanni í Borg-

arnesi, gegn tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 20 árum, 10000.

74. Við 22. gr.

Aftan við greinina kemur:

og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 400 kr. í eftirlaun, með sömu uppbót sem fyr segir.

(A. I, 7).

Nd. **339. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hlutafjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Einar Þorgilsson, framsögum.	Björn Hallsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Stefán Stefánsson.

(B. XXIII, 2).

Nd **340. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Með breyting þeirri, sem gerð var á sveitarstjórnarlögunum 1919, var heimilað að leggja sveitarútsvar á slægjuafnot utanhreppsmanna. Reyndar litu sumir svo á, og þar á meðal lögfræðingar þeir, sem um málið fjölluðu í allsherjarnefnd, þeir Einar prófessor Arnórsson, þáverandi 2. þm. Árn., og núverandi fjármálaráðherra Magnús Guðmundsson, að þetta væri áður heimilt. Þeir álitu sem sje, að slægjuafnot heyrðu undir þau ákvæði sveitarstjórnarlaganna, þar sem talað er um »leiguliða-afnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi«, og eftir þeim

skilningi var það í rauninni skýring, en ekki breyting, að bæta orðunum »svo sem slægjuafnot« inn í 36. gr. þessara laga.

Ástæðan til þess, að þörf þótti slíkrar umbótar á sveitarstjórnarlögunum, var einkum sú, að það er algengt nú orðið við sjávarsíðuna, einkum þó í námunda við kaupstaðina, að einstakir menn eða fleiri menn í fjelagi fái lánaðar slægjur hjá bændum; oft afmarkað slægjuland, sem þeir taka á leigu til margra ára í senn, og hafa að þessu leyti í sinni hendi öll not og umráð þess lands, sem um ábúð væri að ræða. Heyaflann selja þessir heyskaparmenn svo kaupstaða- og kauptúnabúum.

Hefir mörgum reynst þetta arðvænleg atvinnugrein.

Þar sem hjer er tvímælalaust um alveg sjálfstæðan atvinnuveg að ræða, þá olli það mikilli óánægju, og víða kvartað yfir því, að slík atvinna væri ekki útsvarsskyld í því sveitarfjelagi sem hún er rekin, og það því fremur sem það er ótvírætt andi sveitarstjórnarlaganna, að sjálfstæður atvinnurekstur sje útsvarsskyldur þar, sem hann er rekinn.

Með frv. því, sem hjer um ræðir, á að girða fyrir það, að sveitarstjórnarlögin verði skilin á þann veg, að slægjuafnot sjeu útsvarsskyld.

Í ástæðunum fyrir frv. er þess getið, að breytingin á sveitarstjórnarlögunum 1919 hafi valdið mikilli óánægju og að með þessu sjeu lögð ný gjöld á atvinnurekendur.

Það mun vera sanni nær, að flest eða öll lög og lagasetningar, er kveða á um gjaldskyldu, hvort heldur er til sveitar- og bæjarfjelaga eða ríkissjóðs, valdi meiri og minni óánægju, og þá einkum fyrst í stað.

Það er því ekkert sjerstakt hvað þessa lagabreytingu snertir, þó einhverstaðar kunni að hafa brytt á óánægju yfir henni.

En hvað hinu atriðinu viðvíkur, að þessi breyting heimili að leggja ný gjöld á menn, þá er það einber misskilningur; munurinn er að eins sá, að gjaldþegninn greiðir nú útsvar af þessari atvinnu í því sveitarfjelagi, sem atvinnan er rekin, en skylt er að taka fult tillit til þess, þegar útsvörum er jafnað niður í því sveitar- eða bæjarfjelagi, sem lögheimili hans er. Hjer er því alls ekki um nein ný gjöld að ræða.

Ef hreppsnefndir eða niðurjöfnunarnefndir misbeita valdi sínu í þessu efni og gjaldþegni þykir traðkað rjetti sínum, þá er opin leið til þess fyrir hann að skjóta máli sínu til yfirúrskurðarvaldsins í þeim málum, sem sje sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

Nefndin getur því ekki fallist á þá breytingu, sem með frv. þessu er farið fram á, að gerð sje á sveitarstjórnarlögunum, og leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 16. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Pjetur Ottesen, framsögumaður.
Stefán Stefánsson.		Einar Þorgilsson.

(B. VI. 3).

Nd. **341. Lög**

um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl).

1. gr.

Í stað orðanna »75 aura« í 7. gr. 1. málsgrein komi:
1 kr. 25 a.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXVI, 3).

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Samanber þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands, eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

A mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

(C. XII, 2).

Nd. **343. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík.

Flm.: Þorsteinn Jónsson.

1. Aftan við tillöguna bætist:
   og við Kennaraskólann.
2. Fyrirsögn tillögunnar breytist þannig, að aftan við »Reykjavík« komi:
   og við Kennaraskólann.

(B. XXIX, 3)

Ed. **344. Frumvarp**

til laga um samvinnufjelög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll fjelög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld fjelagsmanna, í rjettu hlutfalli við þátttöku þeirra í fjelagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufjelaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa fjelagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfjelög, pöntunarfjelög).
2. Að selja afurðir af búum fjelagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sje lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða trygð á annan hátt (sláturfjelög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufjelaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.
2. Sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna í öllum fjárreiðum fjelagsins.
   Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.
3. Atkvæðisrjettur jafn, þannig að hver fjelagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskifta í fjelaginu.
4. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiftum tekjum fjelagsins.
5. Tekjuafgangi í ársreikningi fjelags, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum fjelagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynst neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiftamagni hvors um sig.
6. Í stofnsjóð leggist sem sjereign hvers fjelagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
7. Arður af viðskiftum, er utanfjelagsmenn kunna að hafa við fjelagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sje varið á annan hátt til almenningsþarfa.
8. Vextir af innieignum fjelagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiftareikningi, eigi hærri en $1^1/_2$% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
9. Nafnaskrá skal haldin yfir fjelagsmenn, svo að jafnan sje fyrir hendi óræk skýrsla um fjelagatal.
10. Innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóðum sje ekki útborgað við fjelagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á fjelagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi hjeraðsstjórnar, uns samvinnufjelag eða samvinnufjelög með sama markmiði taka til starfa á fjelagssvæðinu. Fær það fjelag eða þau fjelög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. kafli.

Fjelagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufjelag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem fjelaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sjer saman um fjelagsstofnun og bindast samtökum um að gerast fjelagsmenn, setja þeir fjelaginu samþyktir, í samræmi við lög þessi, og er þá fjelagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþyktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti fjelagsins fullum stöfum og skammstafað heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið fjelagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn fjelagsins og vald hennar í fjelagsmálum.
4. Deildaskipun fjelagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið fjelagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð fjelagsmanna gagnvart skuldbindingum fjelagsins.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþyktum og viðaukar, svo og fjelagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem fjelag er stofnað og samþyktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþyktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra fjelagsmanna. Við inngöngu skrifar hver fjelagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sje háður samþyktum fjelagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiftilegan sameignarsjóð.

8. gr.

Enn fremur skulu í samþyktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr fjelaginu, og ástæður, er heimili brottrekstur fjelagsmanns. Úrsögn sendist fjelagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát fjelagsmanns eða burtflutning af fjelagssvæði. Fjelagsmaður, er fer úr fjelaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

III. kafli.

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufjelag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlast rjettindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í fjelagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða fjelagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir fjelagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem fjelagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að fjelag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti fjelagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur fjelagsins og starfsemi.
3. Dagsetning fjelagssamþykta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda fjelagið með samningum og hvernig undirskrift sje hagað.
6. Hvernig boða skuli fjelagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir fjelagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufjelag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal fjelagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sje komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.

Ef fjelag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skrásetningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi fjelagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþyktum fjelags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskifti þarf þó eigi að tilkynna, nema maður taki sjer bólfestu utanlands, nje heldur breytingu á heimilisfangi fjelags innan sama lögsagnarumdæmis. En sje heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal fjelagið skrásett þar.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu uns úr er bætt. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

17. gr.

Það sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Fjelagsstjórn.

18. gr.

Fjelagsfundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur fjelagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur fjelagsmanna eða þriðjungur fjelagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í fjelagi, sem er óskift heild, hafa atkvæði allir fjelagsmenn. En í fjelagi, sem skiftist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrjett. Hve marga fulltrúa hver fjelagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu fjelagsmanna í deildinni, svo sem samþyktir fjelagsins nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur fjelagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi fjelagsdeilda sækja fundinn, enda sje á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrjett.

Úrslitum mála á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða fjelagssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr fjelaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður kjörtími hans er liðinn. Í samþyktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og sjeu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn, nema hann sje fjelagsmaður.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni fjelagsins milli funda samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en sjeu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók fjelagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera fjelagsmenn, en mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fjelagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hve nær sem er á starfstíma fjelagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu fjelagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta fjelaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í fjelaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. kafli.

Skyldur og rjettindi.

24. gr.

Árgjald í varasjóð fjelags og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. — Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól. Fje má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu fjelagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sjeu tillögunni fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ þeirra fjelagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum.

25. gr.

Í samþyktum skal ákveða árlegt tillag í stofnsjóð fjelagsins, hve mikið það skuli vera frá hverjum fjelagsmanni og hvernig það skuli greitt. Má það eigi vera minna en svarar 3% af verði aðkeyptrar vöru í þeim fjelögum, er hafa vörukaup sem aðalverksvið. Fje stofnsjóðs skal notað sem veltufje í þarfir fjelagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns fellur til útborgunar:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af fjelagssvæði.
c. Við gjaldþrot hans.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign fjelagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, enda hafi hann ekki skift við fjelagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyr en eigandi hefir int af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem fjelagsmanni.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfje óuppsegjanlegt, og verður ekki selt nje af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki fjelagsstjórnar.

26. gr.

Samvinnufjelög með samábyrgð hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá fjelagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfje. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum fjelagssamþykta.

Til tryggingar fyrir fje því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður fjelagsins og aðrar eignir þess, ásamt sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna.

27. gr.

Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabrjef, að hafa verslunarviðskifti við utanfjelagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur.

VI. kafli.

Samvinnusambönd.

28. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufjelög með líku verksviði koma sjer saman um að mynda samband sem sjerstakt fjelag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufjelög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það fjelag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rjett til upptöku.

29. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af fjelögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert fjelag má senda á sambandsfund, eftir tölu fjelagsmanna, svo sem samþyktir sambandsins nánar ákveða.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

30. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og sjeu í henni eigi færri en þrír menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum, og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskifti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

31. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum fjelögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sje á ráðin, ef misfellur eru, og gefur fjelagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í tje skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. kafli.

Fjelagsslit.

32. gr.

Samvinnufjelagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykt á tveim lögmætum fjelagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi málið verið borið undir fjelagsmenn milli funda og samþykt af þeim með meiri hluta atkvæða.

33. gr.

Þegar fundur ákveður fjelagsslit, getur hann annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál fjelagsins, meðan á fjelagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En fjelagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um fjelagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á fjelagsbúi gilda ákvæði skiftalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Fjelagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu fjelagsins.

34. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða fjelagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið fjelagsbúið aftur afhent sjer í hendur og haldið áfram starfsemi fjelagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um fjelagsslitin.

35. gr.

Stjórn samvinnufjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

36. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufjelag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn fjelagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra rjettinda samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Bækur fjelags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annara fjelaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir fjelagsins.

VIII. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

38. gr.

Þangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufjelög gjöld til þeirra sem hjer segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, bygðri á skýrslu, er hlutaðeigandi fjelag gefur henni. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á því.
3. Fastan skatt, 2%, af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.

Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

39. gr.

Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til fjelagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, alt að 2000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af stórfeldu gáleysi rangt eða villandi í öðrum skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um eignir og efnahag fjelags, er þeir stýra.

Enn fremur varðar það sektum, alt að 1000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

40. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

41. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

a. Fyrir skrásetningu fjelags, sem eigi hefir verið skrásett áður . . . kr. 30,00
b. Fyrir skrásetningu útibús . . . . . — 20,00
c. Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu . — 15,00
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922, og eru þá um leið úr gildi fallin öll þau ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

(B. XLII, 7).

Nd. **345. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands (þskj. 337).

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 4. gr. 5. málsgr. falli burt.
2. — 4. — 6. málsgr. orðist svo:
   Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem lögð verða út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar gr., og bætir ríkissjóður honum það, er á vantar.
3. — 4. — 1. málsliður 7. málsgr. orðist svo:
   Af stofnfjenu greiðir bankinn 4% ársvexti.
4. — 16. — 2. málsl. 1. málsgr. falli burt.
5. — 41. — Í stað orðanna »gegn 2000 kr. . . . . hvers þeirra« í niðurlagi 3. málsgr. komi:
   án sjerstakrar þóknunar.
6. — 42. — Aftan við 3. málsgr. bætist:
   Meðan það skipulag er um stjórn bankans, sem í 3. málsgr. 41. gr. segir, skulu endurskoðunarmenn Landsbankans endurskoða reikninga Ríkisveðbankans án sjerstakrar þóknunar.

(A. XXVIII, 1).

Nd. **346. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 12 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða þriðjung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í ríkissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

(A. XLI, 3).

Nd. **347. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndin hefir nú starfað frá þingbyrjun og hefir hún á þeim tíma haldið samtals 44 fundi, og hefir enginn þeirra staðið skemur en 2 klukkustundir og nokkrir fullar 3.

Raddir hafa heyrst um það utan þings og innan, að frv. það, sem hjer um ræðir, væri óvenju síðbúið frá nefndinni, og þykir því hlýða að gera nokkra grein fyrir starfi nefndarinnar.

Eins og áður hefir verið um getið í framsögu við fjáraukalagafrv. 1920—1921, þá hefir það frv. tafið nefndina meira en þetta frv. og miklu meira en dæmi eru til áður, því að af þeim 44 fundum, sem áður um getur, hafa að mestu leyti farið 30 til þess að ræða það frv. og skjöl þau, er að því lutu. Fjárveitinganefndin hefir því haft þetta frv. til meðferðar á 15 til 20 fundum, og borið saman við afrek undanfarandi þinga, mun þetta engu ver unnið. — Enn fremur má geta þess, að stjórnin, þingmenn og aðrir málsaðiljar, hafa komið á fundi nefndarinnar og flutt fyrir henni eða mælt með ýmsum erindum, er frv. snerta. Má því nærri geta, að þess konar heimsóknir tefja fyrir störfum nefndarinnar, en eru þó engu að síður meira og minna nauðsynlegar, ef nefndin á að gæta allrar samviskusemi við afgreiðslu þeirra mála, sem til hennar er vísað.

Skjöl þau og erindi, sem að frv. þessu lúta, og nefndin hefir haft til yfirlestrar, eru að tölu 180, og sum allumfangsmikil.

Áður en nefndin víkur að einstökum breytingartillögum, skal um það getið, að henni virðast tillögur stjórnarinnar, þegar um áætlunarupphæðir er að ræða, mjög svo gætilegar.

Á undanförnum þingum hefir það þótt við brenna, að stjórnin ætlaði þessar upphæðir of lágar, en nú virðist nefndinni þetta fullkomlega lagfært, og gerir hún sjer meira að segja vonir um, að verðgildi íslenskra peninga hækki svo á næsta ári, að sparnaður verði á ýmsum þessum upphæðum.

Um stefnu nefndarinnar skal það eitt sagt, að hún hefir verið sú, að viðhafa hina ítrustu sparsemi, án þess þó að fara út í öfgar í því efni, eða þýðingarlitla smámunasemi.

12. gr.

Ólafsfjarðarbúum í Eyjafjarðarsýslu er í núgildandi fjárlögum veittur læknisstyrkur, með því skilyrði, að læknir setjist þar að. Eins og vænta mátti, hefir það reynst ógerlegt að fá lækni í þennan hjeraðshluta, og kemur styrkurinn því að engum notum, ef framfylgja skal ákvæðum athugasemdarinnar. Fyrir þessar sakir, og eftir tilmælum þingmanns kjördæmisins, vill nefndin setja styrk þennan á borð með öðrum styrkjum, sem veittir eru til læknavitjana.

Í núgildandi fjárlögum er aðstoðarlækninum á Ísafirði veittar kr. 4000,00. Þessum starfsmanni ríkisins hefir stjórnin engin laun ætlað í frv., en þar sem hann er skipaður samkv. lögum nr. 34 1907, þá er ríkissjóði skylt að greiða honum laun í samræmi við aðra starfsmenn ríkisins. Upphæðin er án dýrtíðaruppbótar og ákveðin með hliðsjón af launum hjeraðslæknanna samkv. lögum nr. 71, 28. nóvember 1919.

Fyrir lofsverðan áhuga einstakra manna var stofnaður radíumsjóður Íslands, og varð stofnfje hans 150000 króna. Sjóður þessi hefir komið því til leiðar, að keypt hefir verið radium og notað til lækninga, á líkan hátt og tíðkast í öðrum löndum. Fyrstu lækningarnar hófust um miðbik ársins 1919 og hefir síðan verið haldið áfram með allmiklum árangri, og gefst þingmönnum kostur á að kynna sjer þá starfsemi, eftir skjölum þeim, sem Alþingi hafa borist, enda hafa dagblöðin birt um það skýrslur.

Rekstrarkostnaður við stofnun þessa hefir orðið svo mikill, að ofviða er vöxtun sjóðsins, og eftir skýrslum læknisins er auk þess nauðsyn á að auka efnisforðann. Að vísu er hægt að greiða þetta hvorttveggja af efnum sjóðsins, en ef svo væri framhaldið, þá mundi hann skjótt ganga til þurðar, og hlyti þá til ríkisins kasta að koma að standa straum af þessari stofnun, þar sem ekki gæti komið til mála að leggja niður lækningar þessar hjer á landi. — Nefndin vill því þegar í stað hlaupa undir bagga með fyrirtækinu, og viðurkennir með því nytsemi þess og framtakssemi frumkvöðlanna.

Samkvæmt núgildandi fjárlögum er það fyrirskipað, að ríkissjóður greiði 60 aura fyrir hvern legudag sjúklinga í sjúkrahúsum og sjúkraskýlum, upp í rekstrarkostnað þeirra. Ný og endurbætt sjúkrahús bætast árlega við, svo legudögum sjúklinga hlýtur að fjölga, og álítur nefndin því, að áætlunarupphæð sú,

er stjórnin gerir ráð fyrir, sje of lág, og vill því hækka hana að nokkru, en telur þó alls óvíst, að þessi upphæð muni hrökkva.

Fram að þessum tíma hefir byggingarstyrkur sjúkrahúsa og sjúkraskýla verið bundinn við íbúatölu læknishjeraðanna. Reynslan hefir orðið sú, að styrkurinn hefði alls ekki komið að notum, ef þessu ákvæði hefði verið framfylgt, enda hefir þingið þegar virt þetta ákvæði að vettugi. Fyrir þessar sakir vill nefndin fella þetta niður og miða styrkinn að eins við þriðjung kostnaðar.

Á Eyrarbakka er nú verið að reisa allstórt sjúkrahús, sem áætlað er að kosti alt að 240 þús. kr., og sjer nefndin ekki annað fært en að styrkja þá byggingu eftir uppteknum hætti, og ætlast því til, að styrksupphæð sú, er hún mælir með, renni þangað, en gerir ekki ráð fyrir, að reist verði fleiri sjúkrahús á næsta ári. Þess skal getið, að í sjúkrahúsi þessu á að útbúa 2 stofur fyrir berklaveika sjúklinga; er það gert eftir tilmælum berklaveikisnefndarinnar. Þetta mun valda nokkrum aukakostnaði, og vill fjárveitinganefndin mæla með því, að sá kostnaður skiftist að jöfnu milli ríkissjóðs og hjeraðsins.

Geta má og þess, að Ísfirðingar hafa einnig í hyggju að reisa hjá sjer vandað sjúkrahús í mjög náinni framtíð. Hefir styrks verið óskað einnig þangað. Nefndin sjer ekki fært, af fjárhagslegum ástæðum, að styrkja sama árið nema eitt slíkt fyrirtæki, en telur sjálfsagt, að þetta sjúkrahús fái á sínum tíma sama styrk og önnur.

Í núgildandi fjárlögum er styrktar- og slysasjóði verkamanna veittur styrkur. Nefndin vill mæla með því, að þessu sje áfram haldið, en færir styrksupphæðina niður, þar sem áður hafa verið alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem ekki eru nú lengur.

Um styrkveitinguna til »Líknar« nægir að vísa til álits nefndarinnar um fjáraukalagafrumvarpið.

Milliþinganefndin í berklaveikismálinu leggur til, að settar sjeu á stofn á 4 eða 5 stöðum á landinu stöðvar, er annist um ókeypis rannsókn á hrákum sjúklinga. Fjárveitinganefndin telur þetta þarflegt og vill því taka upp þessa tillögu. Upphæð sú, sem áætluð er, er nokkuð hærri en berklaveikisnefndin tiltekur, af þeim ástæðum, að gera verður ráð fyrir, að fyrsta árið verði dýrast, vegna prentunar eyðublaða, kaupa á umbúðum og öðrum gögnum.

Áðurgreind nefnd leggur einnig mikla áherslu á, að komið sje á fót berklavarnarfjelagi, með líku sniði og annarsstaðar á Norðurlöndum. Til þess að hvetja menn til að beitast fyrir þetta mál, þá vill fjárveitinganefndin heimila stjórninni að hlaupa undir bagga með þessu fjelagi, ef það verður stofnað. En það ræður af líkum, að stjórnin greiðir ekki styrk þennan nema stjórn heilbrigðismálanna fallist á lög fjelagsins og fyrirætlanir. Að öðru leyti skal um þessi tvö síðastnefndu atriði vísað til álits milliþinganefndarinnar í berklaveikismálinu.

Það er engum vafa undirorpið, að eitt af helstu skilyrðunum fyrir því, að heilbrigðismál vor komist í gott horf, er það, að sem flestum lærðum hjúkrunarkonum sje á að skipa í sjúkrahúsum og í sveitum. Enn sem komið er er ekki unt að veita nægilega fræðslu í þessari grein hjer á landi, og hefir það því áður tíðkast og þótt sjálfsagt, að ríkið veitti nokkurn styrk til náms og utanfara í þessu skyni. Þrjár konur hafa nú sótt um slíkan styrk, og þar sem meðmæli þeirra og skilríki benda á, að þær muni verða starfinu vaxnar, þá vill nefndin veita styrkbeiðnum þeirra eindregin meðmæli.

Síðustu 4—5 árin hefir engin lærð ljósmóðir verið í Grímsey og ekkert útlit fyrir, að hún muni fást þangað fyrst um sinn, með þeim kjörum, sem því starfi fylgja. En það liggur í augum uppi, að hvergi mun öllu meiri nauðsyn á vel mentaðri ljósmóður en á svo afskektum stað, þar sem ekki er í annað hús að venda, er hjálpar þarf við. Það virðist því sjálfsagt að rjetta Grímseyingum hjálparhönd með ofurlítilli styrkveitingu, ef ske kynni, að nauðsynin yrði þá bætt. Enn fremur má geta þess, að sú er hugmyndin, að láta þessa konu, ef hún fæst, mentast einnig í hjúkrunarstörfum.

13. gr.

Fjárveitinganefndin sjer ekki fært að hrófla nokkuð verulega við þessari grein, eða gera breytingartillögur um þær framkvæmdir, sem hún ræðir um. Er það einkum fjárhagsútlitið, sem er þessa valdandi, enda jafnvel tvísýnt, hvort unt verði að framkvæma það, sem frumvarpið leggur til. En þrátt fyrir þetta vill nefndin þó ekki, að svo komnu, gefa stjórninni neinar heimildir til frestana; virðist henni rjettara að næsta þing taki ákvarðanir um það, ef þörf þykir þá.

13. gr. B.

Í núgildandi fjárlögum eru veittar 12 þús. krónur til þjóðvegarins frá Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegarins). Unnið hefir verið fyrir um 8000 kr. af þessari upphæð. Gerir vegamálastjóri ráð fyrir að láta ekkert vinna að þessum vegi næsta sumar. Nefndinni þykir því rjett að endurveita það, sem afgangs er, og bæta nokkru við, því að ella mundi tæpast ómaksins vert að hefja þar vinnu. Er þetta samkvæmt tillögum vegamálastjóra.

Í núgildandi og eldri fjárlögum hafa staðið 1000 kr. til dragferju á Skjálfandafljóti. Upphæð þessi hefir aldrei verið notuð, vegna þess að hún, sakir dýrtíðarinnar, hefir reynst alt of lítil. Nú hafa Þingeyingar óskað, að veittar yrðu 3000 kr. í þessu skyni, og þar sem nefndinni virðist skiljanlegt, að lægri fjárveiting komi ekki að notum, en þörfin á hinn bóginn viðurkend á undanförnum þingum, þá vill hún mæla með þessari styrkbeiðni.

14. gr.

A. b. 3. Presturinn í Reykjaholti hefir farið þess á leit, að húsabætur væri þar gerðar á ríkiskostnað. Nefndin teldi best á því fara, að ríkið ætti öll embættismannasetur, en tæki aftur af þeim húsaleigu eða teldi afnot húsa og jarða með í launum þeirra. En jafnvel þótt þetta ráð yrði eigi tekið, telur nefndin þó sjálfsagt að sinna þessari beiðni. Því að engum er betur til þess trúandi en ríkinu, að sjá um, að húsakynni sje sæmileg á garði Snorra Sturlusonar. Nú hefir húsagerðarmeistari gert uppdrátt að miklum og fögrum húsabæ, er þar skuli gera. En með því verðlagi, sem nú er, þykir eigi gerandi að ráðast í fyrirtækið næsta ár. Þó vill nefndin leggja til, að þegar á komanda vetri verði hafinn undirbúningur þeirrar húsagerðar, og leggur því til þessa litlu fjárveiting.

Nefndin leggur til, að prestinum á Desjarmýri verði veittur styrkur til húsabóta, með sama hætti sem stjórnin leggur til um Sandfell og Saurbæ. En þar sem telja má víst, að prestarnir leggi eigi alllítið fram til húsagerðarinnar, og auk þess verða að svara álagi á öll hús staðarins þegar þeir fara, þykir nefndinni eigi rjett að taka 6% af styrksupphæðinni í leigu, og leggur því til, að það skilyrði verði felt úr.

A. b. 4. Nefndin taldi nauðsyn á að veita lítið eitt meira en stjórnin leggur til í viðbót við eftirlaun fátækra presta og prestaekkna.

A. b. 7. Nefndin hefir bætt þar á eftir nýjum lið inn í. Hafði biskup farið fram á nokkru meiri styrk og ætlað hann þrem mönnum, til þess að sækja lúterskt kirkjuþing í Uppsölum, slíkt sem eigi hefir haldið verið síðan siðaskifti urðu. Taldi nefndin ótækt, að Ísland ætti þar engan mann á því þingi, en ekki náðist samkomulag um hærri veiting en 2500 kr.

B. I. a. Hjer hefir nefndin sett aftur inn styrkinn til Magnúsar dócents Jónssonar, er sennilega hefir fallið úr af vangá hjá stjórninni. Því að eins mun styrkur þessi hafa verið veittur til rannsókna á íslenskri kirkjusögu, að ætlast hefir verið til, að hún stæði lengur en tvö ár, og mun því auðsótt að veita styrkinn áfram.

B. I. g. Nefndin taldi eigi sæmilega gert til háskólaritarans, ef hann fengi minna kaup en 2000 kr. Starfið er allmikið, og reikningshald og ábyrgð fylgir því, svo að áreiðanlegan mann þarf til að gegna því. Jón Rósenkranz hefir reynst ágætlega, og má fagna yfir því, að þar er starf til handa þessum lækni, er varð á ungum aldri ófær til atvinnu sinnar, sakir sjúkleika, en því fremur þarf hann að njóta þeirrar vinnu, sem hann er fær um að inna af hendi.

B. II. Þegar fjárveitinganefnd setti inn í síðustu fjárlög 8000 kr. til íslenskra stúdenta í erlendum skólum, þá var svo til ætlað, að þar væri um áætlunarupphæð að ræða, því að nefndin vissi þá eigi, hve margir mundu styrksins þurfa. En það þótti henni sjálfsagt, að stúdentar væri eigi ver haldnir, er þeir ætti að fá styrk af ættjörð sinni, en þeir voru áður, meðan þeir nutu garðstyrks. En það þótti nefndinni hæfilegt, að þeir fengi 100 kr. á mánuði hver. Nú hefir sú raunin á orðið, að stúdentar hafa eigi fengið meira en fjórðung þess, er nefndin hafði ætlað þeim, og er hörmulega farið. Nú leggur nefndin því til, að beinlínis verði fast ákveðið, að hver stúdent fái 100 kr. á mánuði, sem annars á að fá styrk samkvæmt athugasemdinni, og væntir hún þess, að nú verði eigi misskilið.

B. VI. 3. Nefndin vill eigi, að skipstjóraefni fari á mis við þá fræði, er Sveinbjörn er manna færastur að veita.

B. XII. a. Stjórn kvennaskólans í Reykjavík hefir sannað fyrir nefndinni, að skólinn verði að hætta, ef hann fái minni styrk en farið er fram á í brtt. nefndarinnar. Enn hefir hún sýnt, að skólagjald er hvergi svo hátt sem þar, og þó sje skólinn svo fjölsóttur, að þangað koma miklu færri en vilja. Áhugi þess-

arar stjórnar og ósíngirni er og allrar virðingar og þakkar vert, svo að nefndinni þykir ekki áhorfsmál að halda skólanum við. Sama er um kvennaskóla á Blönduósi.

B. XIII. 1. Hjer hefir nefndin sett inn nýjan lið, eftir ósk fræðslumálastjóra og samkvæman beiðni hans.

B. XIV. a. Nefndin hefir gerbreytt þessum lið. Fyrst er sú breytinganna, að upphæð er hækkuð nokkuð, þótt betur þyrfti, ef vel væri. Slíkir gagnfræðaskólar fyrir almenning ætti að vera í hverri sýslu, og ætti allir 16—20 ára að vera skyldir að stunda þar nám 2—3 vetur. Ætti skólar þessir að gera menn almennt færa um að kenna sjálfir börnum sínum síðar, og yrði þá að sönnu að kosta miklu til þessara skóla. En þá mætti aftur spara á barnafræðslunni, er hún hyrfi aftur til heimilanna, þaðan sem hún átti aldrei að fara. Önnur breyting nefndarinnar er sú, að enginn skóli sje nafngreindur, svo að horfið gæti úr þingsölunum það skæklatog milli kjördæma um styrkinn, sem mjög hefir tíðkast og haft illan enda, er skifting styrksins hefir orðið mjög af handahófi. En svo hlýtur að verða, ef þingmenn úthluta honum með atkvæðagreiðslu, því að þá brestur kunnugleik; sinn byggir á hverju, og hver vill sínum »tota fram ota«. Það eitt er eðlilegt, sem nefndin leggur nú til, að kenslumálastjórnin úthluti styrknum eftir föstu lögmáli og hafi alt eftirlit með skólunum, bæði framkvæmd.um þeirra (kenslu- og kenslugreinum), húsnæði og kenslukröftum. Þó vill nefndin tilskilja það, að þeir fái, að öðru jöfnu, meiri styrk, sem ver standa að vígi. En það er augljóst, að fámennar sýslur eiga örðugra en t. d. bæir eins og Ísafjarðarkaupstaður og stór kauptún, þar sem miklu fleiri geta sótt til og borgað skólagjöld. Fyrir því á sveitaskóli að fá meiri styrk en kaupstaðaskóli, ef kenslugreinar eru þær sömu og kenslukraftar jafngóðir. Nefndin væntir þess, að bæði þingmenn og hjeruð fallist á, að svo sje best um búið, sem nú var sagt og hún leggur til.

B. XVIII. d. Nefndin getur eigi fallist á, að rjett sje að krefja fremur Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um aukavinnu fyrir kennaralaun sín við barnaskólann en aðra kennara. Þess vegna leggur nefndin til, að hún fái sama styrk sem áður, til þess að veita utanbæjarstúlkum ókeypis tilsögn í leikfimi, verklega og munnlega.

B. XIX. Stefán Eiríksson er nú orðinn svo þjóðkunnur fyrir áhuga sinn á því að kenna teiknun og listiðnað, að ekki þarf neinna sjerstakra meðmæla með þeirri litlu hækkun, sem þar er farið fram á.

15. gr.

3. e. Nefndin er öll á einu máli um það, að eigi beri að veita fullnuma listamönnum styrk, nema sjerstakar ástæður sjeu til. En þar sem þjóð vor er fámenn og listamenn hafa því lítinn markað fyrir verk sín, en lítilli þjóð þó eigi síður þörf þeirra sólskinsbletta í lífinu, sem listin veitir, þá telur nefndin þjóðinni það heillavænlegast, að ríkið geri sjer að vana að kaupa sem mest af verkum þeirra til safna, er ríkið eigi og hafi alþýðu til sýnis, til lærdóms og gleði og

aukningar andlegs auðs og fegurðargróðrar. Þess vegna leggur nefndin til, að hækkuð verði upphæðin til þess að kaupa íslensk listaverk og listiðnað. Nefndin fer fram á litla hækkun, sakir ótta við óáran, og sparar þó með hálfum huga, því að sú óáran, sem vjer óttumst, mun leggjast einna þyngst á listamenn. En von er um að geta borgað síðar, þótt landssjóður kæmist í skuld, en þau listaverk bætir enginn, sem deyja ófædd.

3. f. Þar vill nefndin setja inn nýjan lið og veita áfram smáupphæð, til þess að haldið verði áfram að semja skýrslu um safnið. Fornmenjavörður er eigi skyldur til að vinna verkið, en nálega einn manna vel fær um það. Mun því nær að hvetja hann til verksins með þessari litlu fjárveitingu en að móðga hann með því að fella hana niður.

19. a. Styrkurinn til skálda og listamanna hafði reynst ónógur, sem von var, því að fyrir heimsstyrjöldina var hann orðinn 12000 kr., og hefði því nú átt að vera 60000 kr., ef hann skyldi vera eigi minni en þá. En hann varð eigi hærri en 20000 kr. í síðustu fjárlögum, og hrökk því eigi, sem sjá má á því, að þingið veitir nú í fjáraukalögum viðbót við hann. Nefndin leggur nú til, að hann verði færður upp í 30000 kr., en hefir til vara lægri upphæð.

Þess var fyr getið, að nefndin vill eigi styrkja fullnuma listamenn, heldur kaupa verk þeirra, nema sjerstaklega víki við. En þær sjerstöku ástæður eru t. d. ferðalög að gullnámum og uppsprettulindum listarinnar. En námsstyrk vill hún veita efnilegum byrjendum. Þá vill hún og veita skáldum einhvern styrk. Telur hún rjettast, að skáldastyrkur sje eigi veittur nema 1—3 bestu skáldunum, og er það þá sama sem að 1—3 ný skáld megi nú bætast við. Hinir eldri eru inn komnir eftir annari grundvallarstefnu, en eiga þó nú rjettmæta von á framhaldi. Þá má því eigi fella niður, en þeir mega eigi heldur sitja hinum í ljósi.

Nefndin vill því, að styrk þessum, 30000 kr., verði skift svo í flokka sem hjer segir:

a.	Ferðastyrkur listamanna	9000 kr.
b.	Skáldastyrkur	9000 —
c.	Námsstyrkur listamanna	9000 —
d.	Verðlaun fyrir snildarverk á sviði listarinnar	3000 —

Færa má milli liða, ef fært þykir.

Þessir hafa sótt til þings eða stjórnar nú:

1. Jón Þorleifsson.
2. Ásmundur Sveinsson.
3. Davíð Stefánsson.
4. Benedikt Árnason.
5. Ingi T. Lárusson.
6. Sigurður Skagfeldt.
7. Stefán Sigurðsson frá Hvítadal.

23. Nefndin vill færa upp styrk Bjarna Sæmundssonar, svo að hann verði 1000 kr. Þessi ágæti vísindamaður hefir nú haft fiskirannsóknir á hendi í 25 ár, í fjórðung aldar, og aldrei fengið hærri styrk en 600 kr., og er þó svo laus við að vera krófufrekur, að hann biður ekki um neina hækkun.

24. Nefndin vill og hækka þennan lið um 1000 kr. Þykir henni sem eigi muni af veita, ef Helgi á að geta lokið rannsóknum sínum og unnið úr því efni margvíslegu, er hann hefir safnað alla sína æfi, frá því er hann kom í skóla. Hann er nú 54 ára, og hefir jafnan verið heilsuveill.

26. Ómaklegt telur nefndin að lækka svo fjárveiting til Guðm. Guðmundssonar Bárðarsonar, sem stjórnin hefir gert. Á ferð sinni til Sviþjóðar vann hann sjer mikla og maklega frægð á fundi jarðfræðinga þar, og þykir nefndinni því eigi nema maklegt, þótt styrkur til hans sje færður í samt lag aftur.

27. Frímann B. Arngrímsson logar enn af áhuga á starfi sínu, þótt roskinn sje, og er auk þess fullur velvildar og umhyggju við unga námsmenn og aðra, sem eiga að verða þessari þjóð til gagns. Þykir hann því vel kominn að 1200 kr. styrk.

36. Alþýðufræðslu stúdenta verður nú alt dýrara en áður var, bæði fyrirlesarar og hús. Er því nauðsynlegt að hækka styrkinn, og leggur nefndin til, að hann verði 2000 kr. Fjelagið í Reykjavík á þá að annast Austfirðingafjórðung, Suðurland og Vesturland fyrir 1500 kr., en fjelagið á Akureyri Norðlingafjórðung fyrir 500 kr.

38. Listvinafjelagsstyrkinn hefir nefndin viljað hækka, og er þó helsti lítil hækkunin. Fjelagið er alveg hliðstætt við Bókmentafjelagið, áhugamikið og framkvæmdasamt, en ungt. Þyrfti því helst meiri styrk en hitt.

39. Nefndin leggur til að hækka styrkinn til Íþróttasambandsins upp í 2000 kr., og auk þess að því sje leyfður fjórðungur af utanfararstyrk þeim, er því var veittur í síðustu fjárlögum, en var ekki notaður. Nefndin leggur áherslu á þessar tillögur, sakir þess, að sá fjelagsskapur og íþróttahreyfingin er vafalaus morgunroði betri tíma með meiri þroska, meiri starfsgleði og fegurðar.

40 Stjórnin segir í athugasemdum sínum, að sá liður sje óbreyttur frá sinni hendi, nema hvað hún hafi sett athugasemd við, sem sjálfsögð er. En í frv. hefir þá upphæðin misprentast, því að þar stendur 800 kr., en var áður 1500. Þessa prentvillu lagar nefndin með tillögu sinni.

42. Nefndin leggur til að auka hjer nokkrum liðum. Eigi þykir þörf að rita um fleiri en tvo af þeim.

Nefndin leggur til, að Einar Jónsson frá Galtafelli fái dálitla upphæð, 2500 kr. með verðstuðulsuppbót, á ári, svo að honum verði líft við það og hann geti unnið að verkum sínum í friði og að því að skreyta húsið og búa vel um safn sitt og auka það. Hann er fæddur þjóðhátíðarárið, og er því nú kominn undir fimtugt, en niðurstöðuna af harðri baráttu, það sem af er aldri hans, hefir hann gefið landinu, sem kunnugt er. Nú hefir þessi maður fengið mikla viðurkenning, bæði vestan hafs og austan, hjá öllum germönskum þjóðum, og mun því nú Íslendingum orðið ljósara en í upphafi, hversu mikils virði gjöfin er.

Nefndin hefir komist að því, að J. C. Poestion er nú kominn á eftirlaun,

sem eru allsendis ónóg honum til lífsviðurhalds, alt sakir neyðar þeirrar, sem ríkir í Austurríki. Öllum munu kunn verk þessa manns um íslenskar bókmentir, bókmentasaga mikil og merkileg, ágætt rit um sögu leiklistar hjer og snildarþýðingar á íslenskum kvæðum. En hann hefir og í smíðum mikið rit um Jón Arason og á í handriti merkar bækur, svo sem bók um Ísland frá því, er hann ferðaðist hjer. Alt þetta mun hann ætla að gefa Íslandi eftir sinn dag. Nefndin leggur til, að þessum ágætismanni verði veittur 1500 kr. styrkur, til þess að halda áfram starfsemi sinni, Íslandi til gagns og heiðurs.

16. gr.

2. Nefndin vill auka nokkru við fjárveiting til sandgræðslu. Þetta er til þess að verja dýrmætt land skemdum, og þyrfti að veita meira. Er þetta mjög í samræmi við vilja þings, er það veitti fje til þess að marka Markarfljóti veg og verja landbroti.

Um styrk til búnaðarfjelaga vísar nefndin til fyrri ummæla.

Gísli Guðmundsson hefir með höndum merkilegar rannsóknir á kjöti. Ætti að sönnu sláturfjelög, búnaðarfjelög og kjötverslun landsins að kosta alla rannsóknina, en þó leggur nefndin til að veita Gísla 2500 kr., gegn því, að þessir aðiljar leggi jafnmikið í móti, að minsta kosti, eða alt sem til vantar.

Mörg atriði eru enn ónefnd, en fyrir þeim verður gerð grein í framsögunni.

Alþingi, 17. apríl 1921.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Magnús Pjetursson, fundaskrifari og frsm. fyrri hlutans.

Ólafur Proppé. Gunnar Sigurðsson. Stefán Stefánsson. Magnús Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi,
frsm. síðari hlutans.

(A. X, 2).

Nd. **348. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Útflutningsgjald af síld hefir á síðari árum verið mun hærra en á öðrum útflutningsvörum hjeðan. Orsökin er auðsæ. Veiðin hefir stundum verið uppgripaveiði og arðsöm mjög, en annars vegar stunduð að miklu leyti af útlendingum, sem notað hafa landhelgi vora og kept við landsmenn. Hins vegar hefir síldar-

útvegurinn komið miklu losi á aðra atvinnuvegi, með því að draga fjölda fólks frá þeim að sumri og lama þá með því. Hefir fólk þetta stundum borið meira úr býtum á stuttum tíma en ella hefði verið, en stundum komið aftur nær tómhent til átthaganna, og yfirleitt virðist síldaratvinnan hafa orðið því og dvalarhjeruðum þess til lítilla þrifa. Þjóðfjelagshagnaður af síldveiðinni hefir þótt tvísýnn, og hefir útvegurinn að nokkru goldið þess í háu útflutningsgjaldi síldar.

Þessu háa útflutningsgjaldi, sem að vísu var lögákveðið 1919, vill stjórnin nú halda, og getur fjárhagsnefnd fallist á, að svo verði að vera, eins og nefndin líka getur fallist á ákvæði stjórnarfrumvarpsins um útflutningsgjald af kjarnfóðri og áburði úr síld. En jafnframt telur nefndin sanngjarnlegt og sjálfsagt að veita innlendum mönnum nokkra ívilnun um útflutningsgjaldið af síld, þegar þeir skaðast á útveginum, svo sem farið hefir næstliðin ár.

Um svo mikla hagsmuni, eða tjón, er að tefla fyrir þá, sem lagt hafa fje í dýran veiðibúnað fyrir síld, að skylt og rjettmætt er að ívilna þeim að einhverju, þegar útvegur þeirra mishepnast. Þetta má verða með þeim hætti að endurgreiða útflytjendum meiri hluta útflutningsgjaldsins, þegar skaði verður á sölunni.

Nefndin telur þessa ívilnun fyrir innlenda síldveiðamenn því sjálfsagðari sem kunnugt er, að aðrar þjóðir styðja þegna sína til samkepni við Íslendinga um síldveiði, en á ívilnunina má líta eins og óbeinan stuðning ríkisins við innlenda menn í þeirri samkepni, og er með honum að engu gengið á hlut útlendra manna.

Með tilliti til þess, hvernig nú horfir við um síldveiði á komanda sumri, telur nefndin einnig rjett að láta lögin ganga þegar í gildi.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Aftan við greinina bætist tvær málsgreinar, þannig:

Endurgreiða má hjerlendum ríkisborgurum $^2/_8$ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár líður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

2. Við 10. gr.

Fyrir »Lög þessi ..... 1. janúar 1922« komi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 16. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Sveinn Ólafsson, framsm.
Þórarinn Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.	Hákon J. Kristófersson.

Jakob Möller.

(B. XLIX, 1).

Nd. **349. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár, um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal jafna því, sem til vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitasjóði og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

2. gr.

74. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 er úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Greinargerð.

Með frv. því um fasteignaskatt, sem nú er til umræðu á Alþingi og líklegt virðist, að samþykt muni verða, er gert ráð fyrir, að ábúðar- og lausafjárskatturinn falli niður og lögin um lausafjártíund falli burt. En með þessu er kipt í burtu þeim grundvelli, sem hið niðurjafnaða gjald til sýslusjóðanna, á hreppana, bygðist á. Til þess að ráða bót á þessu, er frv. þetta fram komið, og flytur nefndin það eftir beiðni fjármálaráðherra, en nánari grein mun verða gerð fyrir frv. í framsögu.

(B. XLV, 2).

Nd. **350. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hlutinn vill samþ. frv. óbreytt, en það getur minni hlutinn ekki fallist á.

Minni hlutinn fellst á það, að nauðsynlegt sje fyrir kaupstaðarbúa að fá land til ræktunar og hagagöngu handa gripum, og getur þess vegna aðhyllst stefnu frumv. að því leyti. Má í því sambandi líka benda á það, að slíkar umsóknir hefir þingið haft til meðferðar nú og ekki mætt mótstöðu þeirri, að líklegt sje, að þeim frv. verði að falli. Væri því mótsögn í því að neita Siglfirðingum um slíka umsókn, þótt nokkuð sjerstaklega standi þar á, þar sem um prestssetur er að ræða. En þar sem undanþiggja á sölunni íbúðarhús prestsins og önnur jarðarhús, heimatún, haglendi fyrir gripi prestsins og rjett til mótaks, virðist þessi sala á landi til ræktunar ekki muni þrengja um of að prestinum.

Hins vegar telur minni hlutinn varhugavert gagnvart ríkissjóði, að seld sje eyri sú, sem kaupstaðurinn stendur á, hin svo kallaða Siglufjarðareyri.

Telur minni hlutinn eyri þessa svo verðmæta, að tvímæli mikil sjeu á, að hún verði metin svo háu verði, að ekki verði skaði fyrir ríkissjóð, ef hún verður seld. Auk þess er líklegt, að verðgildi þessarar kaupstaðarlóðar aukist í framtíðinni, eftir því sem húsum fjölgar og kaupstaðurinn stækkar.

Þó gott sje eflaust fyrir bæinn að fá þessa eyri keypta, þá verður minni hlutinn að halda því fram, að ekki megi eingöngu líta á málið frá þeirri hlið, heldur jafnframt, hvað rjettast er gagnvart hag ríkissjóðs. Og þótt fordæmi sje fyrir því, að seldar hafi verið kaupstaðarlóðir, þá telur minni hlutinn vafasamt, hvort rjett sje að halda þeirri stefnu í framtíðinni.

Því er haldið fram af flutningsmanni, að kaupstaðarbúar geti ekki ráðið fyrirkomulagi kaupstaðarins, gatna- og húsaskipun, ef kaupstaðurinn eigi ekki lóðirnar. Þetta getur minni hl. ekki fallist á, því að að því leyti, sem ekki næðist samkomulag við viðkomandi prest eða ríkissjóð, þá getur bæjarstjórn kveðið á um húsa- og gatnaskipun með byggingarsamþykt. Undanfarin reynsla bendir heldur ekki á, að mikil hætta sje á slíku ósamkomulagi.

Af framantöldum ástæðum ræður minni hl. hv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGU.

Milli orðanna »undanskilið sölunni er« og »íbúðarhús prestssetursins« komi:

kaupstaðarlóðin (Siglufjarðareyri).

Alþingi, 15. apríl 1921.

Þjetur Ottesen,	Björn Hallsson,
framsm.	fundaskrifari.

(B. XXIX, 4).

Ed. **351. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samvinnufjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Við 42. (síðustu) gr.
Á eftir orðunum »úr gildi fallin« komi:
að því er snertir samvinnufjelög.

(A. XXVIII, 5).

Nd. **352. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »til ríkissjóðs 12 kr.« komi:
9 kr.
Til vara:
Orðin »til ríkissjóðs« falli burt.
2. Við 3. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
3. 5. gr. orðist svo:
Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.
Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

(B. XL, 2).

Nd. **353. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. Frumvarpið verði þrjár greinar og orðist svo:

a. 1. gr.

12. gr. laganna breytist þannig:
»Hróarstungu« falli niður á eftir »Norðfjarðar«, en á eftir »Fljótsdals« komi:
Hróarstungu.

b. 2. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:
Á eftir »Akureyri« í þriðju málsgrein komi:
Seyðisfirði.
Fjórða málsgrein sömu greinar falli niður.

c. 3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist:
Skógarvörðurinn í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hefir að árslaunum 1200 krónur.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(B. XLVI, 5).

Ed. **354. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún

að eins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil. Skal það ákveðið í samráði við landlækni. Um sölu áfengis til lyfja fer samkvæmt gildandi bannlögum.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjald af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vinanda fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(B. XXIX, 5).

Ed. 355. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samvinnufjelög,

Flutningsm.: Einar Árnason og Guðm. Guðfinnsson.

1. Við 38. gr.
   Fyrir orðin »Fastan skatt,« í upphafi 3. tölul. komi:
   Skatt, alt að.
2. — 42. gr.
   Fyrir orðin »1. janúar 1922« komi:
   15. júlí 1921.

(B. XLII, 8).

Ed. **356. Frumvarp**

til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Banka skal stofna í Reykjavík, er nefnist »Ríkisveðbanki Íslands«. Tilgangur hans er:

1. að veita lán, trygð með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda, er hafa með höndum samvinnumannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán eða kaupa skuldabrjef, trygð með veði í fasteign og auk þess með fullri ábyrgð ríkisins.
5. að gefa út og selja bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt ofansögðu, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs bankans.

Öll lán bankans skulu veitt til endurgreiðslu með ákveðnum afborgunum um langt árabil, en afborgunarlaus föst lán má aldrei veita.

2. gr.

Bankinn tekur við allri forsjá og stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, með öllum hennar skyldum og rjettindum. Að öðru leyti skulu lög og reglugerðir þær, er nú gilda um veðdeild Landsbankans, framvegis gilda um þessa deild Ríkisveðbanka Íslands, þar til allir fjórir flokkar bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar eru að fullu innleystir.

3. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð 3 miljónir króna. Stofnfje þetta er eign ríkisins, en endurgreiðslu þess verður ekki krafist fyrri en bankinn hefir fullnægt öllum skuldbindingum sínum.

Stofnsjóð bankans má auka með nýjum fjárframlögum úr ríkissjóði eða með yfirfærslum úr varasjóði bankans. Með yfirfærslum úr varasjóði verður stofnsjóðurinn þó eigi hækkaður um meira en eina miljón kr., nema ný lagaheimild komi til.

4. gr.

Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi þannig:

1. Úr ræktunarsjóði Íslands, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
2. Úr kirkjujarðasjóði, í skuldabrjefum, bankavaxtabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
3. Úr viðlagasjóði, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, rennur andvirði þeirra þjóðjarða og kirkjujarða, er hjer eftir verða seldar, inn í stofnsjóð bankans og bætist við eign ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs í stofnsjóðnum.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðnum eins og tapinu nemur; en ef sjóðurinn við það lækkar niður fyrir 3 miljónir kr., bætir ríkissjóður honum það, er á vantar.

Af stofnfjenu greiðir bankinn 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári. Renna vextirnir til ræktunarsjóðs, kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, að tiltölu við eign hvers þeirra í stofnsjóði bankans.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign, án vaxta, þegar hagur bankans leyfir.

5. gr.

Hreinn ágóði af rekstri bankans skal lagður í varasjóð. Nú verður bankinn fyrir tapi, eða árstekjur hans hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

6. gr.

Bankinn gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans, og skal þá jafnframt ritað á brjefin, hver sje eigandi þeirra. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð vaxtabrjefanna, en sá af ráðherrum Íslands, er hefir yfirstjórn bankans, skal hafa samþykt orðalag þeirra og efni. Til þess að vaxtabrjefin sjeu skuldbindandi fyrir bankann, skulu þau vera undirrituð af bankastjórn, og auk þess á þau ritað vottorð ráðherra um, að þau sjeu skrásett í stjórnarráði Íslands. Brjefin skulu kveða á um greiðslu í íslenskri krónumynt. Þó má jafnframt á brjefunum telja upphæðina reiknaða til útlendra peninga.

Eigendur bankavaxtabrjefanna geta fengið bankanum brjef sín til geymslu, gegn viðtökuskírteini, eða fengið það innrituð og gerð óframseljanleg og óveðhæf um sinn, með áritun bankans á brjefin, hvorttveggja eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Aldrei má vera í umferð meira af bankavaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins, nje meira en nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í skuldabrjefum fyrir lánum, að frádregnum greiddum afborgunum af þeim, en að viðbættu því fje, er afborgað kann að hafa verið af lánunum og bíður þess að verða notað til innlausnar vaxtabrjefum. Eigi mega heldur vaxtabrjef í umferð bera hærri vöxtu en tilsvarandi skuldabrjef fyrir lánum.

Þó má bankinn, með samþykki stjórnarráðsins, gefa út og selja fyrirfram bankavaxtabrjef fyrir alt að einni miljón kr. í einu. Skal þá andvirði þeirra, meðan það bíður þess að verða notað til útlána samkv. 1. gr., ávaxtað í Landsbanka Íslands eða á annan fulltryggan hátt, er stjórnarráð samþykkir.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bankans er:

1. Skuldabrjef þau, er bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans.
2. Varasjóður bankans.
3. Stofnsjóður bankans.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir $12^1/_2$ % af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar.

Ef taka þarf til tryggingarinna, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru hjer taldar.

8. gr.

Vaxtabrjef bankans skulu gefin út í flokkum (seríum). Ákveður bankastjórn, hve nær lokið skuli hverjum flokki; þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því, er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo flokka opna samtímis.

9. gr.

Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir reglugerð fyrir bankann, er breyta má eða bæta við þegar þörf gerist; þó mega ný reglugerðarákvæði ekki ná til bankavaxtabrjefa þeirra, sem áður eru út gefin.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 55 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um vaxtahæð brjefanna; en hafa má í sama flokki tvær eða fleiri deildir með mismunandi vöxtum, og með happvinningum (sbr. 35. gr.) eða án þeirra.

10. gr.

Vaxtamiðar bankavaxtabrjefanna og útdregin vaxtabrjef skulu innleyst í bankanum sjálfum og í þeim peningastofnunum öðrum eða verslunarhúsum, innanlands eða utan, er bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins. Í reglugerð skal fyrirmælt, hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabrjef hans skulu ávalt njóta sama skattfrelsis sem skuldabrjef ríkisins. Svo á bankinn og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er bankinn greiðir, veita honum upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda frá lántakendum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir bankann.

II. Tryggingar fyrir lánum.

12. gr.

Fje bankans má lána gegn veði í hverskonar fasteign, sem vera skal, ef eignin, að áliti bankastjórnar og samkvæmt reglugerðarákvæðum bankans, er tryggilegt veð fyrir láni til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr $^{3}/_{5}$ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar, en innan þeirra takmarka má í reglugerð bankans ákveða, hve mikinn hluta verðs má mest lána út á fasteignir einstakra tegunda eða flokka.

Nú hefir bankinn minna fje en svo til umráða, að hann geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til landbúnaðar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að landbúnaðarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, má því að eins taka gild sem veð, að þau sjeu vátrygð gegn brunahættu í vátryggingarstofnun, er bankastjórn og ráðherra telja góða og gilda.

Hús, sem notuð eru til iðnrekstrar eða eru ætluð til einhverrar sjerstakrar, óvenjulegrar starfrækslu, skulu eigi metin hærra til lántöku en þau mundu verð til almennrar notkunar.

Að jafnaði skal eigi lánað nema gegn fyrsta veðrjetti. En það telst fyrsti veðrjettur, þótt áður hvíli fyrsta veðrjettarskuld á eigninni, ef lánið skal notað til þess að greiða hina eldri skuld og bankinn hefir uppfærslurjett á eftir henni, enda haldi hann þá eftir af láninu nægilegri upphæð til að losa öll eldri veðbönd af eigninni. — Það telst og fyrsti veðrjettur, er bankinn lánar út á eign, sem áður er veðsett honum eða veðdeild Landsbankans, til viðbótar við lán það, er hann eða veðdeildin hefir áður veitt.

Í reglugerð má þó ákveða, að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo, að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr $^{4}/_{5}$ af verðgildi hennar. Af slíkum lánum má taka sjerstakt áhættugjald, er greiðist með auknu tillagi til varasjóðs, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðum bankans, og skal þar meðal annars ákveða, hvernig virðingarmenn skuli útnefndir.

Þó má í reglugerð ákveða, að sjerstök virðing vegna lántökunnar þurfi eigi að fara fram, ef lánið fer eigi fram úr ákveðnum hluta af virðingarverði eignarinnar til skatts, alt að hálfri skattvirðingarupphæðinni, og önnur skilríki eru fyrir hendi, er reglugerð nánar tiltekur.

Lántakendur skulu, svo oft sem stjórn bankans krefst, láta honum í tje skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðin hafi eigi rýrnað í verði, svo að bankanum geti eigi verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankastjórn orðið þess

vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, getur bankinn látið fara fram skoðun eða nýja virðingu, á kostnað lántakanda.

14. gr.

Í virðingargerðum getur bankinn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar, eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða grunnsins, og hins vegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á jörðinni eða grunninum, svo sem jarðbóta allskonar, bygginga og annara umbóta. Má í reglugerð bankans ákveða, að eigi skuli að jafnaði veitt hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því að eins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^{3}/_{5}$ af virðingarverði allrar eignarinnar. Skal þá í reglugerðinni kveða nánar á um sundurgreining virðingarverðsins, og má meðal annars ákveða, að jarðabætur skuli, eftir nánar tiltekinn árafjölda, teljast til jarðarinnar sjálfrar, en eigi lengur til mannvirkja, er ætla má, að þær hafi löngu borgað kostnað sinn að fullu.

15. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar eigninni.

Áður en slíkt lán er veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Á undan hverri útborgun fari fram skoðun eða bráðabirgðamat á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi $^{3}/_{5}$ af verði eignarinnar eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, þótt eigi yrði meira að henni unnið að sinni.

Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um lántökuskilyrði og útborgun slíkra lána.

16. gr.

Lán til bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því að eins veitt, að stjórnarráðið eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina.

Bankinn getur hve nær sem er krafið bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagið um skýrslu um eignir þess og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lánsins.

Í reglugerð bankans skal nánar ákveðið um lántökuskilyrði og trygging fyrir slíkum lánum.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. lið 1. gr. veitir bankinn að eins þeim fjelögum, er stofnuð kunna að verða samkvæmt sjerstökum lögum og fá lögvarinn rjett til að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir, til greiðslu kostnaðar við samvinnufyrirtæki, til umbóta á þeim, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Skal taka upp í reglugerðir bankans nánari fyrirmæli um lán þessi og þess sjerstaklega gætt, að afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, geti á engri fasteign orðið hærri en svara mundi til lánsupphæðar þeirrar, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni samkvæmt lögum þessum og öðrum útlánsreglum bankans.

18. gr.

Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landssvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna, og fjelagssamþyktir þeirra öðlast staðfesting stjórnarráðsins, enda telji bankastjórn og ráðherra útlánsreglur fjelaganna jafntryggilegar og Ríkisveðbankans; getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins. Skal þá bankinn hafa nákvæmt eftirlit með rekstri hvers fjelags, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, og jafnan hafa í vörslum sínum eða umboðsmanns síns veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna, að minsta kosti fyrir jafnmikilli upphæð og lán bankans til veðlánsfjelagsins nema á hverjum tíma.

Tillög til varasjóðs (sbr. 22. og 25. gr.) af þessum lánum skulu sjerstaklega ákveðin með reglugerð, og mega þau lægri vera en af öðrum lánum bankans.

19. gr.

Bankinn getur veitt lán eða keypt veðskuldabrjef eða vaxtabrjef, sem í sjálfu sjer eru trygð með nægilegu fasteignaveði, þótt veðin sjeu eigi eins tryggileg og krafist er annars í lögum þessum og reglugerðum bankans, ef lánin eða brjefin auk þess eru trygð með fullri ábyrgð ríkissjóðs. Tekur bankinn brjef þessi með því gengi, er stjórn bankans og stjórnarráði Íslands kemur saman um, og skal gengið miðað við, að bankinn verði skaðlaus af kaupunum.

20. gr.

Í reglugerð má ákveða hæstu og lægstu upphæð einstaks láns. Þar skal og ákveða, hvað lánstíminn má vera lengstur fyrir hverja tegund tryggingar. Þó má eigi ákveða lengri útlánstíma fyrir neina tegund lána en 45 ár.

III. Skyldur og rjettindi lántakenda

21. gr.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða, eftir vali hans sjálfs, í bankavaxtabrjefum, eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum, með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir brjefin eða hefir þegar selt þau fyrir, að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

22. gr.

Um leið og lán er tekið skal lántakandi greiða í varasjóð bankans hundraðsgjald af lánsupphæðinni, er reglugerð bankans ákveður, þó eigi hærra en 1%.

Lántakandi er skyldur að tilkynna bankanum þegar í stað, ef hann gerir verulegar breytingar á veðsettri fasteign, svo að eignin við það verði verðminni; sömuleiðis ef eignin rýrnar til muna í verðgildi af honum ósjálfráðum orsökum. Vanræki hann slíkar tilkynningar, getur stjórn bankans krafið hann um gjald til varasjóðs, alt að 1% af veðskuld hans.

Þegar veðsett fasteign er seld, skal kaupandi tilkynna bankanum eigendaskiftin skriflega innan 2 mánaða, að viðlagðri sekt, alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

Öll gjöld og sektir til varasjóðs skulu trygð með veði í eignum þeim, er bankinn hefir að tryggingu, á sama hátt og lánin sjálf og vextir af þeim.

23. gr.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húseignum, er að veði eru og taldar eru með í virðingu til lántöku, eða sje auglýst sala á eigninni, vegna veðskuldar með forgangsrjetti fyrir veði bankans, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum bankans, eða sje bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta, eða brjóti lánþegi í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust.

Þegar eigendaskifti verða að veðsettri eign, getur bankinn heimtað lánið endurgreitt að nokkru eða öllu leyti. En vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Ávalt þegar lán er fallið í gjalddaga, getur bankinn, til lúkningar höfuðstóli lánsins, vöxtum og rjettkræfum gjöldum til varasjóðs, látið selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða látið leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

Í stað þess að veðsett eign verði seld á uppboði, getur skuldunautur, ef hann kýs það heldur og bankastjórnin samþykkir, afhent bankanum eignina til fullra umráða og gefið honum óafturkallanlegt umboð til að selja hana eða verja henni til greiðslu skuldarinnar á hvern hátt, er bankastjórn telur hentugt. Skal

þá bankinn að síðustu gera eiganda reikningsskil og skila honum því, er hann kann að hafa haft upp úr eigninni umfram veðskuldina og allan kostnað sinn; en að sjálfsögðu greiði skuldunautur það, er á vantar, ef eignin hefir eigi hrokkið fyrir veðskuldinni.

Nú greiðist eigi veðskuld að fullu með söluverði veðsettrar eignar, og getur bankinn þá látið taka fjárnámi aðrar eignir skuldunauts fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, eins og fyrir hendi væri dómur eða sátt, fallin í gjalddaga. En skuldunaut er frjálst að höfða mál gegn bankanum, til endurgreiðslu og skaðabóta, ef hann telur kröfur bankans eigi rjettmætar.

24. gr.

Þegar veðsettar eru eignir, er eldur getur grandað og taldar eru með í virðingu til lántöku, skal lántakandi framselja bankanum kröfu sína til brunabótanna, ef þær skyldu brenna. Getur bankinn krafist þess að annast sjálfur greiðslu hinna árlegu vátryggingariðgjalda, gegn því, að árleg ákvæðisgjöld lánþega til bankans hækki að sama skapi, svo að bankinn verði skaðlaus.

Nú verður brunatjón á veðsettri eign, og skal þá bankinn hefja brunabæturnar og greiða lánþega af þeim svo mikið, sem stjórn bankans telur óhætt, svo að lánið sje fulltrygt. Eftirstöðvar brunabótanna getur bankinn, eftir ósk lánþega, geymt og ávaxtað um alt að tveggja ára tíma, og greitt lánþega fjeð er hann hefir endurreist eignina að öllu eða svo miklu leyti, að bankastjórn telji veðið tryggilegt. Ella skal taka fjeð upp í lánið sem aukaafborgun.

25. gr.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, en gjalddagar sjeu einn eða tveir ár hvert, eftir ákvæðum reglugerðar.

Vextir af hverju láni skulu ávalt jafnháir og bankinn greiðir af bankavaxtabrjefum þeim, sem út eru gefin vegna lánsins. Ef brjefin eru happvinningabrjef (sbr. 35. gr.), skal þó í þessu sambandi telja til vaxta af þeim hundraðsgjald það, er bankinn skuldbindur sig til að verja árlega til happvinninga af brjefum þess flokks, er þau tilheyra.

Afborgunargjaldið skal að minsta kosti nema svo miklu hundraðsgjaldi af upprunalegri upphæð lánsins, að því verði lokið innan þess tíma, er reglugerð ákveður lengstan fyrir lán af hverri tegund. Bankastjórn getur þó leyft, að afborgun af lánum til jarðabóta eða til fjelagsmannvirkja (sbr. 1. gr. 3. lið) sje frestað um 1 eða 2 fyrstu ár lánstímans, gegn því að ákvæðisgjöldin verði upp frá því tiltölulega hærri, svo að láninu verði alt að einu lokið á tilskildum tíma.

Upphæð árstillagsins til varasjóðs skal ákveðið í reglugerð bankans; þó skal það eigi minna ve a en $^1/_4$% og eigi hærra en $^3/_4$% af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Má tillagið vera mishátt, eftir því, hverrar tegundar lánið er.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti með bankavaxtabrjefum sama flokks og flokksdeildar og þau brjef voru, er hafa verið gefin út vegna lánsins, eftir ákvæðis-

verði brjefanna. Útdregin bankavaxtabrjef (sbr. 28. gr.) verða þó eigi notuð til slíkrar endurgreiðslu lána eða aukaafborgana.

Nú vill skuldunautur greiða í peningum aukaafborganir á ákveðnum gjalddögum, eða endurgreiða þannig lán sitt að fullu milli gjalddaga, og skal þá bankinn taka við greiðslunni fyrirvaralaust, ef hann getur það sjer að skaðlausu. Ella má hann krefjast uppsagnar á láninu með svo löngum fyrirvara til næsta innlausnardags bankavaxtabrjefa, að tilsvarandi upphæð brjefa verði þá innleyst, eða krefja skuldunaut um aukagjald, svo hátt, að bankinn geti sjer að skaðlausu geymt fjeð, þar til vaxtabrjefin geta orðið innleyst.

26. gr.

Bankinn getur krafist þess, að jafnframt umsókn um lán sje fyrirfram greiddur áætlaður kostnaður við skoðun og virðingu eignar þeirrar, sem boðin er að veði, og annar undirbúningskostnaður, sem ei verður hjá komist, þótt ekki verði úr lántökunni.

Í reglugerð skal ákveða ferðakostnað og þóknun til virðingarmanna, er bankinn kann að útnefna, og þeirra starfsmanna bankans, er framkvæma skoðun veðsettra eigna samkv. 15. gr., eða önnur störf, er lántakendum ber að greiða.

27. gr.

Hver lántakandi er skyldur að hlíta lögum og reglugerðum bankans, með þeim breytingum, sem löglega verða á þeim gerðar, og skal þar að lútandi ákvæði tekið upp í skuldabrjef þau, er lántakendur undirskrifa.

IV. Sjóðir bankans og vaxtabrjef.

28. gr.

Hver flokkur og hver vaxtadeild innan flokks, ef fleiri eru en ein, skal hafa sjerstakan árgjaldasjóð, og skulu í hann lögð öll árgjöld lántakenda, að frádregnum árstillögum til varasjóðs.

Af sjóðum þessum skal fyrst og fremst greiða vexti af bankavaxtabrjefum í umferð, en því, sem þá er eftir í hverjum sjóði, skal árlega varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks eða flokksdeildar, er í hlut á. Skulu vaxtabrjef þau, er á að innleysa, dregin út eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, en hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa, með minst 6 mánaða fyrirvara, númerin á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Í reglugerð bankans skulu sett nánari ákvæði um auglýsingar þessar.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera öll greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef, er skulu dregin út eftir hlutkesti eins og áður segir, eða keypt inn til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, inn-

leysa bankavaxtabrjef sín í stærri stíl, eða innkalla heilan flokk eða flokksdeild vaxtabrjefa til innlausnar í einu, með auglýsingu og sama fyrirvara. Þó getur bankastjórn, með samþykki stjórnarráðs, afsalað sjer rjetti til að innkalla þannig heilan flokk eða flokksdeild brjefa um ákveðinn árafjölda frá útgáfudegi þeirra.

29. gr.

Í varasjóð renna tekjur samkv. 22. gr., árstillög samkv. 25. gr., vextir af varasjóðnum sjálfum og allar aðrar tekjur bankans, sem eigi eru sjerstaklega ákveðnar til annars. Í varasjóð bankans renna og varasjóðir veðdeildarflokka Landsbanka Íslands, jafnóðum og bankavaxtabrjef hvers flokks eru að fullu innleyst.

Sjóðurinn skal í heild sinni vera til tryggingar öllum útgefnum bankavaxtabrjefum, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því, sem ástæða þykir til.

Af fje varasjóðs má veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með. Þó má aðallán og aukalán til samans ekki fara fram yfir $^{8}/_{5}$ hluta virðingarverðs eignar þeirrar, sem að veði er, og skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum.

Fje varasjóðs skal að öðru leyti ávaxtað í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða á annan tryggilegan hátt, er reglugerð ákveður og stjórnarráð samþykkir.

Nú hefir bankinn orðið að taka að sjer veðsetta eign (sbr. 23. gr.), og hafi hún eigi selst innan árs frá því, er bankinn tók hana að sjer, og skal þá úr varasjóði greiða veðskuldina, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina, ef uppboð var reynt á henni. Upphæð þeirri, er varasjóður þannig greiðir til lækkunar veðskuldinni eða til lúkningar henni, skal varið til innlausnar bankavaxtabrjefa þess flokks eða flokksdeildar, er lánið tilheyrir. — Skal eignin síðan seld, svo fljótt sem unt er eða sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur þá kaupandi tekið að sjer eftirstöðvar lánsins. Meðan bankinn hefir slíka eign á höndum sjer, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess. Í ársreikningum bankans skal gera sjerstaklega grein fyrir hverri eign, er þannig er ástatt um.

30. gr.

Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður með samkv. 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg. Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráð samþykkir. Má og verja því fje til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans eða öðrum verðbrjefum, er stofnsjóðinn má geyma í samkvæmt þessari grein.

Handveðslán þessi mega eigi hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi, og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

31. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal samkvæmt 28. gr., geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

Ef áritun á brjef sýnir, að það sje eða hafi verið eign ákveðins manns, verður andvirði þess því að eins greitt handhafa, að eigi verði annað sjeð en að hann sje rjettur eigandi samkvæmt óslitnum framsölum, rituðum á brjefið, eða það hafi aftur verið framselt til handhafa; en bankinn ber eigi ábyrgð á því, þótt framsölin sjeu fölsuð eða röng að öðru leyti.

Vaxtabrjef bankans og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetning og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda eða löglegra handhafa verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

32. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

33. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í þeim löndum útlendum, er bankastjórn ákveður með samþykki stjórnarráðs. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt brjef, með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal auðkenna þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu, þar til þau, við næstu reikningslok, verða brend í viðurvist endurskoðenda og notarii publici, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

35. gr.

Bankinn má gefa út sjerstaka deild bankavaxtabrjefa með happvinningum, þann veg, að eigendum eða handhöfum brjefanna sjálfrá eða vaxtamiða þeirra verði, auk höfuðstóls brjefanna eða vaxta, greiddir vinningar eftir hlutkesti, er fram fer undir umsjón notarii publici. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutavelltunnar, og má þar meðal annars ákveða, hversu miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð má mest verja árlega til happvinninga. Þar má og ákveða, hversu hár hinn hæsti vinningur má vera.

Bankinn hefir einkarjett til þess að gefa út vaxtabrjef með happvinningum, þó að óskertum rjetti ríkissjóðs til að gefa út slík brjef.

36. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bankans, þó eigi hærra verði en kauphallarverð eða alment gangverð brjefanna er á þeim tíma, er kaupin eru gerð. Alt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum, má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í þess stað geyma í bankavaxtabrjefum Ríkisveðbanka Íslands.

37. gr.

Auk hinnar almennu ábyrgðar ríkisins, samkv. 7. gr. 4. lið, heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir ríkissjóðsins hönd sjerstaklega ábyrgð á greiðslu vaxta og höfuðstóls einstakra deilda af bankavaxtabrjefum bankans, er kunna að verða gefnar út eingöngu til sölu utanlands.

V. Stjórn bankans og reikningsskil.

38. gr.

Í stjórn bankans eru 3 menn, er stjórnarráðið skipar, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórn frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

Nánari fyrirmæli um daglega stjórn bankans og um samband bankastjóranna sín á milli getur ráðherra sett.

39. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fyrst um sinn má þó fresta skipun bókara og fjehirðis, og skal þá Landsbanka Íslands falið að annast út- og innborganir bankans og aðrar dag-

legar afgreiðslur, að svo miklu leyti, sem unt er, gegn þóknun, er stjórnum bankanna kemur saman um eða stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum þeirra.

Aðra starfsmenn bankans ræður bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

40. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

41. gr.

Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa.

Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, án sjerstakrar þóknunar.

Laun bankastjóra og allra starfsmanna greiðist af bankans fje.

Aðalbankastjóri má ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur aðra atvinnu.

42. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við bankann, og kýs hið sameinaða Alþingi annan þeirra til 3 ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir ráðherra til. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign hans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðsins með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til.

Laun endurskoðunarmanna eru 1000 kr. til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins. Meðan það skipulag er um stjórn bankans, sem í 3. málsgr. 41. gr. segir, skulu endurskoðunarmenn Landsbankans endurskoða reikninga Ríkisveðbankans án sjerstakrar þóknunar.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þykir þurfa. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

43. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða ársreikning, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna og enn fremur í nokkrum helstu blöðum landsins.

44. gr.

Bankinn skal koma upp umboðsskrifstofum svo víða úti um land, sem bankastjórn og stjórnarráð telur þörf á, og svo fljótt, sem við verður komið. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar viðvíkjandi lántökunni og undirbúningi undir hana, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi á skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar.

(A. V. 7).

Nd. **357. Frumvarp**

til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum, ef skipaður er í embætti fyrir 1. jan. 1922, ella 8%.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flyst eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur ⅙ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti. Þó skulu ekkjur þeirra embættismanna, sem skipaðir eru í embætti eftir 1. jan. 1922, fá ³/₁₀ byrjunarlauna manna þeirra úr lífeyrissjóði.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög. nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem eldri er en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega 1/10 af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem eftir eldri lögum eiga rjett til hærri eftirlauna en líffjeð nemur, halda þeim rjetti.

Líffje það, sem ræðir um í 1. og 2. málsgrein, greiðist þó að eins ekkjum þeirra embættismanna, er skipaðir voru í embætti fyrir 1. jan. 1922.

Í viðbót við líffjeð getur konungur veitt ekkju 50—100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burt:

1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líffje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er svívirðilegur.

Er ekkja missir líffje, af því hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem rjettur til líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig, að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt, hverju um sig, 100—200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um rjettindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um

stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, og lög nr. 73, 28. nóv. 1919, um ekkjutrygging embættismanna.

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

16. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

(A. I, 8).

Nd. **358. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hlutafjelög.

Flutningsm.: Ólafur Proppé.

1. Við 10. gr.
   a. Fyrir »Fjórðungur« í 3. tölulið komi:
      Einn tíundi.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Tilkynna skal fjelag til skrásetningar áður en það tekur til starfa.
2. Við 23. gr.
   5. töluliður falli burt.
3. Við 24. gr.
   Í stað »Þó má stjórnin . . . . hluthafafundar« komi:
      Nema öðruvísi sje ákveðið í lögum fjelagsins.
4. Við 29. gr.
   Aftan við 1. málsgrein bætist:
      Í lögum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt hlutabrjef, í stað þess er glatast hefir, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að hlutabrjefið sje glatað.
5. Við 31. gr.
   Úr annari málsgrein falli burt orðin »Enginn hluthafi . . . í fjelaginu«.
6. Við 33. gr. 3. málsgrein.
   Fyrir »bankavaxta« komi:
      arðs.

(A. XLI, 4).

Nd. **359. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 12. gr. 25. b. (Byggingarstyrkur sjúkrahúsa).

Nýr liður á eftir:

Styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, þriðjungur kostnaðar, alt að .. .. kr. 120000

II. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 15. gr. 19. b. (Til Bjarna Jónssonar).

Liðurinn falli niður.

III. Frá *sama.*

Við 16. gr. 30. (Sigurður Ólafsson).

Liðurinn orðist svo:

Til hreppstjóranna Sigurðar Ólafssonar á Hellulandi, Einars Jónssonar á Nesi og Jóns P. Hall á Starmýri, í viðurkenningarskyni, 1000 kr. til hvers þeirra ... ... — 3000

IV. Frá *Sigurði Stefánssyni.*

Við brtt. 338, 66.

Á eftir c-lið kemur nýr liður:

Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar .. .. — 10000

Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.

V. Frá *Magnúsi Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. i. 4.

Nýr liður á eftir:

Til Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri ... — 300

VI. Frá *Pjetri Ottesen.*

Við 21. gr. 4.

Nýr liður á eftir:

Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.

VII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 21. gr. 4.

Nýr liður á eftir:

Alt að 100000 kr. til Ísafjarðarkaupstaðar, til sjúkrahúsbyggingar. Lánið veitist með 6% ársvöxtum og endurgreiðist á 30 árum með jöfnum afborgunum.

(B. XLIII, 5).

Ed. **360. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og samþykt að mæla með því, að háttvirt deild láti það ná fram að ganga óbreytt.

Breytingar þær, er lagt er til í frv., að gerðar verði á gildandi lögum, eru þessar:

1. Skaðabætur og bætur til barna eru hækkaðar um helming, en bætur til ekkju, foreldra og systkina um einn fjórða.
2. Skaðabætur og bætur skulu jafnt greiddar, hvort slasaður er trygður eða ekki, ef hann var tryggingarskyldur, en þá ber útgerðarmanni að endurgjalda sjóðnum alt hið útlagða, þar með allan kostnað.
3. Svo sjóðurinn geti staðist hin auknu útgjöld, er vátryggingargjaldið hækkað um $^3/_{10}$ (þrjá tíundu hluta).
4. Sektarákvæðum er komið í betra samræmi við ákvæði laganna og frv., sjerstaklega við 4. gr. frv.

Alþingi, 20. apríl 1921.

Björn Kristjánsson, form.	Karl Einarsson, ritari og framsm.	Einar Árnason.

(A. XXVIII, 6).

Ed. **361. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 12 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða þriðjung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

(A. XI, 7).

Ed. **362. Lög**

um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

1. gr.

Póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

d. Opium, morfín, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:
Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:
Í stað 4. gr. a. og b. komi:
Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:
1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 20 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum . . . 40 —
ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum . . 60 —
Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda, sem er:
Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.
Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —
Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.
2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða sniði, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.
Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.
3. 30 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:
20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.
Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:
Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er . . . . . 10 —
Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað »20 aurar« 50 aurar.
Í stað 4. gr. d. og e. komi:

d. Fyrir póstávísanir:
25 kr. eða minni upphæð . . . . . 30 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 . . . . . 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

Á eftir 4. gr. f. bætist:

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna, nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem póstlög.

(B. XLV. 3).

Nd. **363. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við athugun á frumvarpinu um sölu Hvanneyrar og Leynings höfum vjer nefndarmenn ekki orðið á eitt sáttir um sölu kaupstaðarlóðarinnar.

Öll nefndin er ásátt um, að bæjarfjelagið fái keypt það land af Hvanneyri, sem frumvarpið ræðir um, og enn fremur kirkjujörðina Leyning, með öðrum orðum alt það land, sem kaupstaðurinn óskar kaups á til ræktunar, beitilands og mótaks, en tveir nefndarmenn eru því mótfallnir, að bæjarfjelagið fái keypta byggingarlóðina — Siglufjarðareyri.

Aftur lítum vjer undirritaðir svo á, að bæjarfjelaginu sje engu síður nauðsyn á að fá keypta Siglufjarðareyri, til þess að bæjarstjórn og bæjarfjelag geti ráðið byggingu húsa, hvers konar sem eru, í kaupstaðnum, en sje ekki neytt til að hlíta geðþótta prestsins að Hvanneyri í einstöku tilfelli, hverjum hann vill leigja og hvar hann telur sjer hagkvæmast að leigja, eður þeim skilyrðum, er væru til hömlunar fyrir framgangi ýmiskonar fyrirtækja, sem bæjarfjelaginu gætu orðið til mikils hagræðis. En af því gæti leitt ágreining og óánægju milli umráðamanns Hvanneyrar og bæjarfjelagsins. Enn fremur ræður hann stærð grunna, en það getur hæglega valdið óheppilegu fyrirkomulagi á byggingum í bænum.

Þá ætlar kaupstaðurinn að verja mjög miklu fje til hafnarbóta, en getur naumast farið að brjótast í því, nema hann eignist landið við höfnina. En gætu þær ekki komist í framkvæmd fyrir þessa sök, mundi það bænum mjög bagalegt.

Að vísu er alt það pláss, sem líkindi eru til í nálægri framtíð að verði notað fyrir byggingarlóðir, þegar leigt út, og nýtur presturinn að Hvanneyri, sem nú er, allra tekna sem áður, þótt salan fari fram, en talsvert af þessu svæði er óbygt enn, og það mundi óneitanlega hægra að ráða fyrirkomulagi bygginga þar, væri bærinn eigandi, heldur en ef hann yrði að sækja það undir leigutaka og leigusala lóðanna.

Annars mun engum koma þessi málaleitun ókunnuglega fyrir, eða þykja hún óeðlileg, bæði af framangreindum ástæðum, og þá ekki síður af því, að allir kaupstaðir landsins hafa þegar keypt alt það land, er þeir þurfa nauðsynlega að nota, hvort heldur fyrir byggingarlóðir, til ræktunar, beitilands eður mótaks, að undanskildum Seyðisfjarðarkaupstað, sem ekki hefir enn getað fengið keyptan $^1/_8$ af kaupstaðarlóðinni, vegna þess að hann er í einstaks manns eign.

Þá má geta þess, í sambandi við sölu Siglufjarðareyrar, að hún er í allmikilli hættu af sjávarágangi í brimum. Kveður oft svo ramt að, að sjávarlöðrið flæðir yfir mestan hluta kaupstaðarlóðarinnar og gerir stórtjón á eignum manna. Brýtur brimið árlega norðan af eyrinni, svo skamt er til þess, að lóðir, sem þegar eru leigðar, eyðist að meira eða minna leyti, og því óumflýjanlegt að verja miklu fje — mörgum tugum þúsunda — til þess að landbrotinu haldi ekki áfram lengra en orðið er. Verði því salan ekki samþykt, eða verði frumvarpið felt, er nauðsynleg fjárveiting frá hálfu ríkissjóðs, og hefir ríkisstjórnin þegar sent fjárveitinganefndum Alþingis erindi, þar sem hún leggur til, að veittar verði 52000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á næsta ári.

Til skýringar á því, hvernig núverandi biskup lítur á þetta mál, viljum vjer setja hjer kafla úr brjefi hans, er frumvarpið lá fyrir Alþingi árið 1919:

> »Hins vegar liggur í augum uppi, að það er beint skilyrði fyrir þrifum hins unga kaupstaðar, að hann eignist sjálfur lóðina, sem hann stendur á, og fái auk þess land til ræktunar og beitar, sem þrif bæjarfjelagsins heimta. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að öll sanngirni mæli með því, að hinn ungi kaupstaður fái það land, sem farið er fram á í frumvarpinu, og þar sem prestinum á Hvanneyri eru með sölu landsins ekki gerðar neinar þungar bú-

sifjar, er jeg fyrir mitt leyti meðmæltur, að frumvarpið fyr eða síðar nái fram að ganga«.

Þá má enn fremur geta þess, að hjeraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis hefir mælt með sölunni, að áskildum þeim takmörkunum, sem í frumvarpinu eru teknar fram.

Það er því bert, að ýmsir þeir, sem bæði hafa fyrir augum hag prestsins á Hvanneyri nú og framvegis og, eftir öllum líkum, einnig hag hins opinbera — ríkisins —, líta svo á, að hjer sje alls ekki hættulegt spor stigið fyrir aðilja málsins, en á hina hliðina er salan, að öllum líkindum, mjög mikið hagræði fyrir bæjarfjelagið.

Til nokkurrar glöggvunar á þessu máli skal það tekið fram, að vjer höfum átt kost á að sjá tvo leigusamninga fyrir byggingarlóðir á Siglufjarðareyri. Er annar þeirra bindandi um ófyrirsjáanlega framtíð; hinn samningurinn gildir um 50 ár, og eftir þann tíma getur aðeins orðið breyting á *afgjaldi* lóðarinnar, eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

Líkir þessum samningum eru sagðir aðrir lóðarsamningar kaupstaðarins, og virðist því ekki um hækkun afgjalda af lóðunum að ræða í nálægri framtíð.

Að gera tillögu um verð fyrir þessar lendur og bæjarlóð treystum vjer oss ekki til, en teljum hins vegar rjett og sjálfsagt, að stjórnin annist um söluna samkvæmt ákvæðum laga um sölu kirkjujarða.

En til frekari tryggingar fyrir því, að ekki rísi upp ágreiningur um rjettindi prestsins að Hvanneyri um afnot þess lands, er nefndin leggur til að selt verði, og hins vegar til þess að girða fyrir gálauslega sölu á einstökum lóðum í kaupstaðnum, þá ráðum vjer til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Fyrir »haglendi« komi:
   hagbeit.
2. Á eftir frumvarpsgreininni, sem verður 1. gr., komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 2. gr.

Bæjarstjórninni er óheimilt að afhenda öðrum til eignar eða umráða það land, er hjer um ræðir, nema til leigu um ákveðinn tíma.

b. 3. gr.

Reglur um leigu á landi bæjarins semur bæjarstjórn, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

Alþingi, 19. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Stefán Stefánsson, ritari og framsm.	Einar Þorgilsson.

(B. XI, 4).

Nd. **364. Frumvarp**

til laga um læknaskipun í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. gr.

Bæjarlæknir skal hafa á hendi framkvæmd laga um varnir gegn berklaveiki, annast ráðstafanir gegn innlendum næmum sjúkdómum, taka sæti í heilbrigðisnefnd bæjarins í stað hjeraðslæknis og vera ráðunautur bæjarstjórnar um heilbrigðismál.

Enn fremur skal honum skylt að gegna læknisstörfum í farsóttahúsi Reykjavíkurbæjar, veita læknisnemum tilsögn í farsóttafræði og kenna heilbrigðisfræði við læknadeild háskólans, ef þessa verður krafist af honum.

3. gr.

Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

4. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins setur með erindisbrjefi nánari ákvæði um starfsvið þessa embættismanns.

(B. XII, 4).

Nd. **365. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein 12. greinar laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 4500 krónur á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 500 krónur, upp í 6000 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnsnemma og lög um læknaskipun í Reykjavík komast til framkvæmda.

(A. XXXVII, 5).

Ed.

366. Frumvarp

til laga um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til allra tegunda berklaveikinnar, nema annað sje tekið fram.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika, er læknir rannsakar í hjeruðum þeirra, hvort sem þeir sjálfir rannsaka þá eða aðrir löggiltir læknar.

Hinir síðartöldu eru skyldir að senda hjeraðslækni sínum tafarlaust skýrslu um hvern berklaveikan sjúkling, er þeir sjálfir rannsaka í fyrsta sinni. Ef um utanhjeraðssjúkling er að ræða, þá sendir hann aftur hjeraðslækni sjúklingsins skýrsluna. Skýrslu þessa skal senda á sjerstöku eyðublaði, er þeir fá frá heilbrigðisstjórninni. Fyrir hverja tilkynningu fá þeir 3 krónur úr ríkissjóði, sem viðkomandi hjeraðslæknir greiðir þeim eftir hver áramót.

Um hver áramót skulu hjeraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag á henni, skýrslum hjeraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Hjeraðslæknar skulu hafa eftirlit með og gera frekari ráðstafanir til þess, að nauðsynlegum fyrirskipunum sje framfylgt, ef þeim þurfa þykir.

4. gr.

Nú deyr berklaveikur maður, og skal þá húsráðandi tilkynna það tafarlaust, í kaupstöðum hjeraðslækni, en í sveitum hjeraðslækni eða sótthreinsunarmanni. Sótthreinsunarmaður tilkynnir þá hjeraðslækni. Skal hjeraðslæknir annast um, að tafarlaust sje sótthreinsað á heimilinu herbergi þau, fatnaður og annað, er hann telur hættu geta stafað af. Þessa lausu muni má því ekki láta af hendi, hvorki til eignar nje afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið.

Nú skiftir berklaveikur maður um dvalarstað, og skal þá tilkynna það á sama hátt og fyr var sagt um andlátið. Má ekki fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er hann flutti úr, fyr en þau hafa verið sótthreinsuð, nema hjeraðslæknir telji sótthreinsun óþarfa.

5. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má fást við barnakenslu. Hver sá, er sækir um barnakennarastöðu, skal sýna læknisvottorð um að svo sje ekki. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Sama gildir um kennara þá, er kenna eiga í öðrum skólum, ef þá skóla sækja nemendur yngri en 14 ára. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að því er til þessara skóla kemur, enda sje það í samráði við og eftir tillögum skólalæknis og skólastjórnarinnar.

Enginn má taka börn til kenslu nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi frá yfirvaldi, og skal það leyfi ekki veitt nema hann sýni læknisvottorð um, að hann sje ekki með smitandi berkla, og má vottorð það ekki vera eldra en mánaðargamalt. Nú er maður ráðinn á heimili til að kenna börnum, og skal húsráðandi þá heimta þetta vottorð af honum, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

Nú sýkist barnakennari af smitandi berklum, og skal hann þá tafarlaust láta af starfi sínu.

Nú sýkist maður, er barnakenslu hefir á hendi, og leikur grunur á, að um berklaveiki sje að ræða, skal þá skólanefnd, fræðslunefnd eða húsráðendur þeir, er hlut eiga að máli, tafarlaust skýra hjeraðslækni eða lækni þeim, er eftirlit hefir með skólanum, frá grun sínum. En hann ákveður, eftir rannsókn, hvort ástæða sje til að láta manninn hætta kenslu.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að barnakennari sje sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það eftirlitslækni skólans.

Þeir barnakennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kenslu sakir sjúkleiks þessa, skulu í 2 ár fá sem biðlaun $^2/_3$ hluta launa þeirra, er þeir nutu, þegar þeir ljetu af kenslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem hin fyrri launin.

Engan má ráða starfsmann við heimavistarskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði, sem að framan eru sett um kennara.

6. gr.

Ef kennari við aðra skóla en barnaskóla er sjúkur eða sýkist af smitandi berklum, þá getur heilbrigðisstjórnin í samráði við stjórn skólans fyrirskipað, að hann hætti starfi sínu, enda leiti hún fyrst álits skólalæknis eða hjeraðslæknis, ef enginn annar er læknir skólans. Nú verður kennari að láta af kenslu fyrir þessar sakir, og fer þá um biðlaun hans eins og sagt er í 5. gr.

7. gr.

Engan nemanda má taka í skóla, nema vottorð skólalæknis eða annars læknis sýni, að hann hafi ekki smitandi berklaveiki. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Engan má heldur taka til kenslu inn á heimili, þar sem börn eru fyrir, nema læknisvottorð sýni, að hann hafi ekki smitandi berkla.

Á heimili, þar sem sjúklingur er með smitandi berkla, má ekki taka barn til kenslu.

8. gr.

Nú sýkist barn af smitandi berklum meðan á námstíma stendur, og skal þá tafarlaust taka það úr skólanum. Ef kennari fær grun um slíkt, er hann skyldur til þess að gera eftirlitslækni skólans aðvart og getur til bráðabirgða vísað barninu burtu, ef læknisúrskurður fæst ekki nógu fljótt.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að nemandi, sem gengur í skóla, er sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það tafarlaust eftirlitslækni skólans. Getur þá eftirlitslæknir vísað sjúklingnum burt af kennslustaðnum, ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um, að svo sje ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega. Hjeraðslæknum ber að ganga ríkt eftir, að þessu ákvæði sje framfylgt.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir af smitandi berklum, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fje, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 5. gr.

10. gr.

Enginn má taka barn til fósturs nje dvalar, ef sjúklingur með smitandi berkla er á heimilinu. Gildir þetta ákvæði jafnt um þau börn, sem sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn.

Barn, sem hefir smitandi berkla, má ekki taka á heimili, þar sem börn eru fyrir, hvorki til fósturs nje dvalar, nema börnin, sem fyrir eru, sjeu sjúk af smitandi berklum.

Sveitarstjórnir mega ekki koma fyrir börnum á öðrum heimilum en þeim, sem hjeraðslæknar telja ósýkt af smitandi berklum. Sömu skyldur hafa og forráðamenn munaðarlausra eða ómyndugra barna.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem barn hefir verið tekið til fósturs eða dvalar, og skal þá tafarlaust gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu.

Ef barnið sjálft sýkist af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem ekki eru fullra 14 ára, nema annað sje tekið fram.

11. gr.

Ekki má ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli, nema læknisvottorð sýni, að það hafi ekki smitandi berkla. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt og skal endurnýja það árlega.

Konur, sem hafa smitandi berkla, mega ekki vistast á heimili, þar sem börn eru, nje fást þar við sjúkrahjúkrun.

12. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimilum, ef sjúklingur með smitandi berkla fæst þar við kúahirðingu eða mjaltir eða fer með mjólkurílát.

Enginn sjúklingur með smitandi berkla má vinna að útsölu mjólkur eða brauðs nje starfa á rjóma- eða smjörbúum.

Banna má að sjúklingur með smitandi berkla starfi að brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annarsstaðar, eftir því sem til hagar og hjeraðslækni þykir ástæða til.

13. gr.

Nú sýkist maður af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, og skal þá tafarlaust koma sjúklingnum í burtu, nema hjeraðslæknir eða læknir heimilisins ásamt hjeraðslækni telji ástæður þannig, að börnunum geti engin smitunarhætta staðið af sjúklingnum.

Ef ekki er unt að koma sjúklingnum burt, þá skal taka börnin af heimilinu.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að aðstoða hjeraðslækna og sjá um framkvæmdir á fyrirskipunum þeirra, ef þeir æskja þess.

Nú vilja þeir, sem hlut eiga að máli, ekki hlýða fyrirskipunum hjeraðslæknis, og kveður hann þá sjer til aðstoðar eitthvert ofangreindra stjórnarvalda, er annast um að sjúklingurinn, ef hann er innan 16 ára, sje tafarlaust tekinn af heimilinu, ella börnin, jafnvel þótt það mæti mótspyrnu af hálfu heimilismanna. En ekki skal hjeraðslæknir fyrirskipa þesskonar ráðstafanir, nema hann telji mikla hættu á, að börnin verði fyrir smitun, enda hafi til þess samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og leggur hann ætíð þær ráðstafanir undir úrskurð heilbrigðisstjórnar ríkisins, hvort standa skuli til frambúðar.

Allur ferða- og flutningskostnaður, sem leiða kann af framkvæmdum valdboðs þessa, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum, eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir.

Ef sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi eða heilsuhæli, sem rekið er á opinberan kostnað, annan en ríkissjóðs (t. d. bæjarsjóðs, sýslusjóðs eða læknishjeraðs), en nýtur þó styrks úr ríkissjóði, þá greiðir ríkissjóður upp í meðlagskostnaðinn alt að 3 kr. fyrir hvern legudag, eða 2,25 kr., ef um börn er að ræða innan 12 ára, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins. Hinn hluta meðlagskostnaðarins greiðir dvalarhjerað sjúklingsins.

Dvalarhjerað táknar í lögum þessum bæjar- eða sýslufjelag það, sem sjúklingurinn á heimili í.

Undir meðlagskostnað telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú dvelur sjúklingurinn í sumarhæli barna, sem rekið er á þann hátt, er að framan getur, og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern legudag, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, enda fer þá um hinn hluta hans sem fyr var sagt.

Nú er heilsuhæli, sjúkrahús eða sumarhæli barna ekki rekið á opinberan kostnað með ríkissjóðsstyrk, heldur eign einstakra manna, fjelaga eða stofnana, og getur þá stjórnarráðið ákveðið, að berklaveikir sjúklingar geti einnig þar fengið ókeypis vist, enda greiðist þá meðlagskostnaðurinn sem fyr var sagt.

Ef heilsuhæli eða sjúkrahús er rekið á ríkiskostnað, þá skal dvalarhjerað sjúklingsins greiða 2 kr. fyrir hvern legudag, eða kr. 1,50, ef um börn innan 12 ára er að ræða, þó ekki meira en $^2/_5$ hluta alls rekstrarkostnaðar.

Nú getur sjúklingurinn ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. og 13. gr., og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern dag, þó ekki meira en $^3/_5$ hluta verukostnaðar. Greiðir þá dvalarhjeraðið afganginn, enda sje efnahagur sjúklingsins eins og tilskilið er um ókeypis vist í sjúkrahúsi eða hæli.

Ef heilbrigð börn eru tekin að heiman, samkvæmt fyrirmælum 13. gr., og efnahagurinn er sem fyr segir, þá greiðir ríkissjóður meðgjöf með þeim að hálfu, þó ekki meira en 50 aura fyrir hvern dag, en dvalarhjeraðið greiðir afganginn.

Dvalarhjerað sjúklingsins getur krafist endurgjalds á $^2/_3$ hlutum þess kostnaðar, sem það greiðir samkvæmt þessari grein, af bæjar- eða sýslusjóði framfærslusveitar sjúklingsins.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan getur, í sjúkrahúsum eða hælum, ef ástæða þykir til.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkis- eða sýslusjóði, að hreppsnefnd dvalarhrepps sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur.

15. gr.

Nú er sjúklingurinn fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða þann hluta meðlagskostnaðarins í sjúkrahúsi eða hæli, er annars ætti að greiðast úr sýslu- eða bæjarsjóði samkvæmt 14. gr., þó ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum samlagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga. Þegar greiðslutíma samlagsins er lokið, þá skal dvalarhjeraðið taka við af samlaginu, og greiða sama hluta meðlagsins þangað til sjúklingurinn fer burt úr hælinu eða sjúkrahúsinu, enda hefir þá dvalarhjeraðið sama rjett til endurgreiðslu og sagt er í 14. gr.

Um greiðslu úr ríkissjóði fer eftir ákvæðum 14. gr.

16. gr.

Engan þann styrk, sem berklaveikur sjúklingur nýtur af opinberu fje, ef hann hefir orðið styrkþurfi vegna sjúkdómsins, má telja fátækrastyrk, enda

sje hann ekki afturkræfur, nema sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans sjeu þess megnugir að greiða hann að einhverju eða öllu leyti.

Undanteknir þessum hlunnindum skulu þeir sjúklingar, sem þrjóskast við að verða við áskorun hjeraðslæknis um dvöl í hæli eða sjúkrahúsi. Einnig þeir, sem sýna megnt kæruleysi um smitun annara manna, þrátt fyrir aðvaranir læknis.

17. gr.

Stjórnarráðið setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákailát og ræstingu í vinnustofum, verksmiðjum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, svo sem kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og því um líku, opinberum byggingum og farþegaskipum. Enn fremur reglur um flutning berklaveikra á farþegaskipum.

Heilbrigðisnefndir skulu, undir yfirumsjón hjeraðslæknis, hafa gát á því, að þessum reglum sje fylgt. Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki til, skulu hreppsnefndir gera það.

Eftirlit með farþegaskipum hefir þó landlæknir sjálfur, eða annar, er heilbrigðisstjórnin setur til þess.

18. gr.

Nú þarf hjeraðslæknir að taka sjer ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

Kostnaður við sótthreinsanir, svo og við að útvega bækur þær og eyðublöð, er getur um í 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10 til 500 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 23. okt. 1903, um varnir gegn berklaveiki, og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

(B. L, 1).

Nd. **367. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og

fara á til Spánar og Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, sömuleiðis sá saltfiskur, sem ætlaður er til verkunar innanlands og gengur kaupum og sölum, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

Greinargerð.

Fiskimatslögin frá 9. júlí 1909 ná eingöngu til fullverkaðs fiskjar, sem sendast á til Spánar og Ítalíu. Óverkaður saltfiskur gat þá naumast talist verslunarvara, því venjan var sú, að útgerðarmenn sáu um verkun fiskaflans fyrir háseta, og verðlagið miðað við verkaðan fisk. Meðan svo var háttað, náðu lögin tilgangi. En með aukinni og breyttri útgerð er svo komið, að þau eru ekki fullnægjandi, eins og þau nú eru, til þess að viðhalda hinu góða áliti, er íslenski fiskurinn er búinn að fá. Til þess virðist brýn þörf þeirra breytinga, sem gerðar eru í frumvarpsgreininni. Hve heillavænlegt það er fyrir sjávarútveg vorn og þjóðina í heild sinni að geta verndað það álit, sem lögin eru búin að vinna íslenskum fiski á suðrænum markaði, þarf ekki á að benda; slíkt getur engum dulist, sem nokkra þekkingu hefir á högum atvinnuvegarins, en þeim mun meiri ástæða er til að gæta fenginna hagsmuna og sjá um, að þeir gangi eigi aftur úr höndum vorum.

Nánara við framsögu.

(A. XXX, 25).

Ed. **368. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (þskj. 313).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., er hljóði svo:
   Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.
   Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers ... ... kr. 6000,00
2. Við 2. gr. 1. (Ari Arnalds).
   Liðurinn falli burt.
3. Við 3. gr.
   a. Við 9. lið (Sigvaldi Kaldalóns).
   Liðurinn falli burt.

b. Á undan 10. lið kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920 kr. 460,00
c. Við 10. lið (Gunnl. Claessen).
Fyrir »kr. 2500,00« komi: ... ... — 1800,00
d. 11. liður orðist svo:
Til Jóns Kristjánssonar læknis, utanfararstyrkur ... ... — 1500,00
e. Á eftir 11. lið kemur nýr liður:
Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur. ... — 1500,00

4. Við 4. gr.
a. Við 1. lið (Jón Straumfjörð).
Liðurinn falli burt.
b. Við 2. lið (Endurbygging Holtavegar).
Liðurinn falli burt.
c. 10. liður orðist svo:
Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að 1/3 flutningskostnaðar ... ... — 5000,00
d. 13. liður orðist svo:
Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ... ... — 8000,00
e. Við 16. lið (Arnarnesviti).
Liðurinn falli burt.
f. Við 17. lið (Elliðaeyjarviti).
Liðurinn falli burt.

5. Við 5. gr.
a. Við 2. lið (Staður í Grunnavík).
Fyrir »11000« komi ... ... — 8000,00
b. Við 3. lið (Ólafur Rósenkranz).
Liðurinn falli burt.
c. 8. liður orðist svo:
Kostnaður við starf mentamálanefndar ... ... — 10000,00
d. Við 10. lið (Launabætur Sigurbjörns o. s. frv.)
Fyrir »4400,00« komi... ... ... — 3000,00
e. 19. liður orðist svo:
Til Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur, gegn 1450 kr. tillagi frá Hafnarfjarðarkaupstað ... ... — 4000,00
f. Við 21. lið (Blind stúlka).
Liðurinn falli burt.
g. 22. liður orðist svo:
Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni — 1800,00

6. Við 6. gr.
a. Við 2. lið (Alþýðubókasafn).
Liðurinn falli burt.
b. 10. liður orðist svo:
Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni — 2000,00
c. Við 11. lið (Ásmundur Sveinsson).
Liðurinn falli burt.

d. Við 12. lið (Kjarval).
Liðurinn falli burt.
e. Við 13. lið (Davíð Stefánsson).
Liðurinn falli burt.
f. Við 14. lið (Ríkarður).
Liðurinn falli burt.
g. Á eftir 17. lið (Jóh. L. L. Jóh.) kemur nýr liður svo hljóðandi:
Til sama, dýrtíðaruppbót ... ... kr. 3000,00
h. Á eftir 22. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur ... ... — 1000,00
i. Við 23. lið (Lögfræðil. tímarit).
Liðurinn falli burt.

7. Við 7. gr.
a. Við 15. lið (Bryggja á Akranesi).
Aftan við athugasemdina bætist:
Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.
b. Við 17. lið (Bryggja á Blönduósi).
Á eftir orðinu »kostnaðar« komi:
að því tilskildu, að viðgerð þessi fari fram áður en lagt er út í byggingu nýrrar bryggju á Blönduósi.
c. Aftan við 17. lið komi nýr liður, er hljóði svo:
Til björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum .. .. — 30000,00

8. Við 8. gr.
1. liður orðist svo:
Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra ... ... — 12619,90

9. Við 9. gr.
Á eftir 2. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar ... ... kr. 22500,00

10. Við 10. gr.
Fyrsti málsliður 1. tölulíðs orðist svo:
að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 50000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir 4/5 hluta alls byggingarkostnaðar, gegn ábyrgð sýslunefndanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.

11. Við 11. gr.
Greinin falli niður.

(B. XVII, 4).

Ed. **369. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Nd., og hefir nefndin athugað það í sambandi við gildandi lög um þetta efni.

Samkvæmt frumvarpinu er hámark á matsverði húsa, sem vátryggingarfjelagið tekur til tryggingar, hækkað um helming og heimilað að vátryggja lausafje á sama hátt og hús, er endurtrygging þess fæst í erlendum vátryggingarsjóði.

Nefndinni er það ljóst, að báðar þessar breytingar hafa við full rök að styðjast, og að hámark það, sem sett var í lögunum í fyrstu, sje nú, vegna verðfalls peninga o. fl., mikils til of lágt. Hækkun á því í frumvarpinu telur nefndin hæfilega.

Þá hefir verðmæti lausafjár í sveitum aukist svo mikið á síðustu árum, að full þörf er fyrir, að kostur sje einnig gefinn á að vátryggja það.

Af þessum breytingum leiðir það, að sjálfsögðu, að ekki verður komist hjá að hækka tillag ríkissjóðs til hins sameiginlega brunabótasjóðs sveitarfjelaga. Er það í frumv. hækkað um helming, eða upp í 20000 kr.

Nefndin er sammála um frumvarpið og leggur til, að háttv. deild samþykki það með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin »í brunabótasjóði« á fyrri staðnum í 2. málsgr. falli burt.
   b. Aftan við 2. málsgr. bætist inn í ný málsgr., svo látandi:
   Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.
2. — 2. —
   Í stað »2000 kr. húseign og meiri, eða lausafje« komi:
   í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira.
3. — 12. —
   Greinin falli burt, og 13. gr. verði 12. gr.

Alþingi, 20. apríl 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurður Jónsson.	Guðm. Ólafsson, skrif. og frsm.

(B. LI, 1).

Nd. **370. Frumvarp**

til laga um að sýslumenn og bæjarfógetar megi fela öðrum sjerstök störf.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skal heimilt, á sinn kostnað og ábyrgð, að fela hreppstjórum eða sjerstökum umboðsmönnum sínum að halda manntalsþing og uppboð, hvers konar sem er, svo og stýra fundum sýslunefnda, ef forföll banna þeim sjálfum að framkvæma þessi störf. En skýra skulu þeir stjórnarráðinu frá slíkum ráðstöfunum í hvert skifti.

2. gr.

Á manntalsþingum og uppboðum, er ólöggiltir umboðsmenn dómara halda, má eigi neitt rjettaratriði úrskurða.

3. gr.

Lögákveðnum uppboðslaunum sínum halda hreppstjórar við öll uppboð, er þeir halda fyrir sýslumenn.

Greinargerð.

Störf þau, er hjer um ræðir, eru þannig löguð, að sýslumenn og bæjarfógetar ættu að mega, ef nauðsyn rekur til, fela framkvæmd þeirra áreiðanlegum trúnaðarmönnum sínum, á sína ábyrgð, þótt ekki verði slíkir menn settir fyrir þá eða sjerstaklega löggiltir til þess af stjórnarráðinu, enda gert ráð fyrir, að rjettarúrskurðir komi ávalt undir dómarann sjálfan eða annan reglulega löggiltan mann. Í sýslum, sem erfiðar eru yfirferðar, ekki síst þar, sem tvö sýslufjelög heyra undir sama yfirvald, getur þessarar heimildar verið full þörf, þegar forföll, eða jafnvel miklar annir á öðrum stað, banna eða gera sýslumönnum nærri ókleift að gera öll þessi störf á vissum tímum, störf, sem þó helst ekki mega bíða um skör fram. Sumsstaðar geta einnig ófærur gersamlega hindrað það, að sýslumaður nái að komast til þess að framkvæma störfin, þótt ákvörðuð væru, en hann gæti þó, ef símasamband er milli staðanna, í skyndi falið þau umboðsmanni (enda nokkuð undirbúið það fyrirfram), svo að verkin ekki hindruðust.

Engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð hefir þetta í för með sjer, — því að sýslumenn fela nú orðið hreppstjórum uppboð með litlum takmörkunum (t. d. við strönd o. fl.), ef svo býður við að horfa, og halda hreppstjórar gjaldi sínu.

(B. XXIX, 6).

Nd. **371. Frumvarp**

til laga um samvinnufjelög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 344 með breytingunum á þskj. 351 og 355.

(A. II, 7).

Ed. **372. Lög**

um erfðafjárskatt.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, og sje búið tekið til skifta hjer á landi, skal gjalda skatt í ríkissjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafje, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, svo og af fjórðungshluta, ef ráðstafað hefir verið með arfleiðsluskrá til annara, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $1^1/_4$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^1/_2$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_4$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 10 af hundraði.

B. Af erfðafje, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A., skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $5^1/_2$ af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafje, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A. og B., eða til fjarskyldari erfingja, eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 11 af hundraði
2. — næstu 1000 — ..... 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafje, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, fjelaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og enn fremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Enn fremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða rjettindum, er við andlát manns hverfa til erfingja, eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfje og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hjer á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til ríkissjóðs. Skip, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sjer tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fje því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafje þeirra erfingja, er þá taka arf, í rjettu hlutfalli eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meiru en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafje, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleika þess við hið látna.

Af erfðafje, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðafjeð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni tífaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en ef endurgreiðslan er miðuð við ákveðna áratölu, skal margfalda fjárhæðina með áratölunni, þó aldrei meira en 25 árum, en sje fjárgreiðslan ævarandi, skal hún tuttugu og fimm földuð.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sjerstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er útrunninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafaarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber af búinu, brekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið áður en erfðafjárskattur eftir

þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá aðeins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleika erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslur skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eignum búsins og skuldum þess og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig fjeð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gert og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur sjeu rjett samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sje erfðafjárskýrsla eigi send í rjettan tíma, skal skiftaráðandi setja brjeflega hlutaðeigendum frest til að gera skýrsluna, og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sje rjett og send á rjettum tíma.

12. gr.

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skulu hinir lögskipuðu virðingarmenn sveitar- eða bæjarfjelagsins meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 1000 krónum. Í þeim tilfellum, að málið geti varðað þá að einhverju leyti, eða þeir sjeu ekki til, skal skiftaráðandi útnefna óvilhalla menn eða mann í þeirra stað.

Ef skiftaráðandi álítur, að arfleifandi hafi afhent eða gefið fjármuni í lifanda lífi, sem greiða ætti af erfðafjárskatt samkvæmt 4. gr., getur skiftaráðandi krafist skriflega yfirlýsingar um það af hálfu þeirra, sem honum þykir líklegt, að hlotið hafi þessa fjármuni. Ef einhver skorast undan að gefa slíkar skýrslur, skal skiftaráðandi brjeflega setja hlutaðeiganda frest til þess og leggja við dagsektir.

13. gr.

Allir embættismenn og aðrir, sem opinber störf hafa á hendi, sömuleiðis stjórnendur banka, vátryggingarfjelaga, hlutafjelaga, kaupfjelaga, sparisjóða og annara slíkra stofnana eða fjelaga, eru skyldir að gefa ókeypis, í fyrirskipuðu stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í tje látið og mega verða

skiftaráðanda að liði við starf hans, svo sem skýrslur um hlutabrjef, skuldabrjef, þinglesin eða óþinglesin, innieignir, veðvottorð o. s. frv.

Ef einhver skorast undan að gefa þær skýrslur, sem krafist er, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, uns skýrslurnar eru gefnar.

14. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið visvitandi eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

15. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922, og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt.

(B. XLVI, 6).

Ed. **373. Breytingartillögur**

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Sigurður H. Kvaran og Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr.
   a. Síðasta málsgr. falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:
   Enn fremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.
2. 7. gr. orðist svo:

   Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 50—75%, en á lyfjaáfengi 30%, hvorttveggja miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, án tolls. Önnur lyf, sem verslunin útvegar læknum, seljast með 5% ómakslaunum.

(A. XLI, 5).

Nd. **374. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	
2.	Húsaskattur	40000	
3.	Tekjuskattur	400000	
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	50000	
			590000
5.	Aukatekjur	120000	
6.	Erfðafjárskattur	17000	
7.	Vitagjald	100000	
8.	Leyfisbrjefagjöld	8000	
			245000
9.	Útflutningsgjald		500000
10.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	125000	
11.	Tóbakstollur	400000	
	Flyt ...	525000	1335000

	kr.	kr.
Flutt ...	525000	1335000
12. Kaffi- og sykurtollur...	525000	
13. Vörutollur	750000	
14. Annað aðflutningsgjald	60000	
		1860000
15. Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð		10000
16. Stimpilgjald...	1500000	
17. Pósttekjur	240000	
18. Símatekjur	1000000	
		2740000
Samtals ...	... ...	5945000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2. Tekjur af kirkjum		50
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
4. Tekjur af skipum		350000
Samtals ...	... ...	390050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka		70000
2. — — Landsbankanum:		
a. Árgjald	7500	
b. Ágóðahluti	68000	
		75500
3. Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
Flyt ...	.. ...	165500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	165500
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
7. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
8. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	472500

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 1629470 kr. 95 a.

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr. tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
Flyt ...	83333,34	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	83333,34	700521,92
3.	Af láninu frá 1912	8333,33	
4.	— — — 1912	33333,33	
5.	— — — 1913	12251,19	
6.	— — — 1916	4000	
7.	— ritsímaláni 1917	9297,84	
8.	— skipakaupaláni	200000	
9.	— ritsímaláni Landsbankans	3400	
10.	— Íslandsbankaláni 1918...	100000	
11.	— láni danskra banka 1919	225000	
12.	— innlenda láninu 1920	150000	
			828949,03
III.	Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla		100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til alþingiskostnaðar	270000	
2.	— yfirskoðunar landsreikninga	6000	
			276000
	Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna Stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ..	506320

		kr.	kr.
	Flutt ... 900	... ...	506320
b.	Til pappírs og prentunar 15000		
c.	Til kostnaðar við sending með póstum... 1200		
		17100	
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.. 20000		
b.	Fyrir embættisskeyti 60000		
		80000	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	8000	
4.	Til embættiseftirlitsferða	6000	
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...	500	
6.	Til landhelgisgæslu	40000	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...	1500	
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905	75000	
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.		600
	Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		
	Flyt ...	... ...	288060

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288060
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		200
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis...		400
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis...		200
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis		300
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis...		300
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
16. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	
		3500
18. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
19. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku		
Flyt ...	... ...	302460

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302460
	fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m....			10000
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu			2000
22.	Rekstrarstyrkur Radíumstofnunarinnar			3000
23.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
24.	Geðveikrahælið á Kleppi			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
	7. Þvottur og ræsting	2000		
	8. Skemtanir	1000		
	9. Skattar m. m.	1000		
	10. Óviss útgjöld	1000		
			125980	
		Flyt ...	135480	528730

		kr.	kr.
	Flutt ...	135480	528730
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag ...	43800		
Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag ...	8760		
Tekjur af búinu	2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			112662
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		9500	
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...		2000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32300		
2. Viðurværi	134502		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5380		
4. Ljós og hiti	77000		
5. Þvottur og ræsting	7860		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	8000		
9. Flutningskostnaður	10000		
10. Óviss gjöld	3000		
		288042	
		299542	
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag ...	146000		
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag ...	14600		
Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag	26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
26. Til undirbúnings landsspítala			7500
27. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		10000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aura fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.			
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á			
	Flyt ...	10000	648892

		kr.	kr.
	Flutt ...	10000	648892
	föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c.	Bólusetningarkostnaður..	1500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar... ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis	3000	
h.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.	6500	
i.	Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j.	Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k.	Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l.	Til væntanlegs berklavarnarfjelags	10000	
m.	Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis, alt að ... ... Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.	3000	
n.	Til Helgu Eggertsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur	1000	
o.	Til Þuríðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur	1000	
p.	Til Jónínu Pálsdóttur, utanfararstyrkur til hjúkrunarnáms.	1000	
	Flyt ...	129000	648892

		kr.	kr.
	Flutt ...	129000	648892
q.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristianíu eða Kaupmannahöfn	800	
r.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
			130100
28.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		30000
	Samtals ...	... ...	808992

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
		A. Póstmál.		
1.	Laun:			
	a.	Eftir launalögum	101420	
	b.	Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000	
	c.	Brjefhirðingamenn	20000	
				191420
2.	Póstflutningur.....			200000
3.	Annar kostnaður:			
	a.	Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200	
	b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
	c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000	
	d.	Önnur gjöld	47000	
				89200
				480620
		Flyt ...	... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B. Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
		35940	
II. Flutningabrautir:			
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
		178000	
III. Þjóðvegir:			
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Kjalarnesvegur	10000		
6. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		114000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	406440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	406440	480620
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500	
IX. Til dragferju á Skjálfandafljóti		3000	
			409940
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		175000	
2. — bátaferða.		100000	
			275000
D.			
Hraðskeyta og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		20000	
III. Til lagningar nýrra lína o. fl.:			
1. Norðtunga — Grund	11000		
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500		
3. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík...	32000		
4. Loftskeytastöð á Siðu.	25000		
5. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ...	12000		
		84500	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	330000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	4500		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500		
4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík	7800		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840		
6. Áhaldahúsið.	3000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7700		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	13700		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950		
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
Flyt ...	495940	139500	1165560

		kr.	kr.
Flutt ...	495940	139500	1165560
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Siðu	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		550	
			883490
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra	9500		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti	35000		
3. Papeyjarviti	30000		
Fjárveitingarnar til Strætishorns, og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
			252600
Flyt ...		... ...	2301650

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2301650
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000
VI. Ymislegt...		10000
Samtals ...	... ...	2316650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. 1. Laun biskups..	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
		13000
b. Önnur útgjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..	408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti	5000	
5. Til húsabóta á Desjarmýri	5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 6% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
7. Framlag til prestlaunasjóðs	360000	
8. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
9. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu	1200	
		390008,28
Flyt ...	... ...	403008,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	403008,28
	Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.		
	B. Kenslumál.		
I.	Til háskólans:		
	a. Laun	143000	
	b. Aukakensla:		
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... 1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði 500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ... 7700		
		9700	
	c. Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur. 15000		
	2. Húsaleigustyrkur. 7000		
		22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
	d. Til kensluáhalda læknadeildar	800	
	e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2000	
	f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	11000	
	g. Önnur gjöld:		
	1. a. Laun ritara 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið. ... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	3. Einkalaunabót núverandi dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann 1200		
	Flyt .. 5800	188500	403008,28

		kr.	kr.
Flutt ...	5800	188500	403008,28
4. Ýms gjöld	5000		
		10800	
			199300
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til dyravarðar	1000		
2. a. Til söngkennara	600		
b. Dýrtíðaruppbót	400		
		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ..	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg útgjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
			137800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			
Flyt ...		... ...	748108,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	748108,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara	7400	
	2. Tímakensla	1800	
	3. Til bóka- og kensluáhalda	1000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6000	
	5. Námsstyrkur	800	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.		
	6. a. Til dyravörslu	600	
	b. Dýrtíðaruppbót	400	
	7. Til skólahússins utan og innan ...	2000	
	8. Til ýmislegra gjalda	2000	
		22000	
			52360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla	2500	
	2. Eldiviður og ljós	6000	
	3. Bókakaup og áhöld	500	
	4. Námsstyrkur	3000	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	12000	30000	800468,28

		kr.	kr.
Flutt ...	12000	30000	800468,28
Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.			
5. Til viðhalds..	1000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			45500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		18920	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	7800		
2. — eldiviðar og ljósa	5500		
3. Ymisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra	300		
		16600	
			35520
VII. Til Vjelstjóraskólans:			
a. Laun		17600	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	2300		
2. Ljós og hiti	2200		
3. Ýmiss kostnaður.	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	3700		
		9200	
			26800
VIII. Til bændakenslu:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun		13200	
b. Til smíða-, leiklimi- og dráttlistarkenslu ...		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að	1400		
2. — kensluáhalda	600		
Flyt ...	2000	15200	908288,28

		kr.	kr.
Flutt ...	2000	15200	908288,28
3. Til eldiviðar og ljósa...	8000		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		12500	
			27700

Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun		14080	
b. Til smíða- og leikfimikenslu		1600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að... ...	1400		
2. — kensluáhalda...	500		
3. — eldiviðar og ljósa	7000		
4. Ýmisleg gjöld	2250		
		11150	
			26830

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.

Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.

3. Til skólahalds á Eiðum:			
a. Laun		14500	
b. Til aðstoðarkenslu		600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms	600		
2. — kensluáhalda	500		
3. — eldiviðar og ljósa	4500		
4. Ymisleg gjöld	1500		
		7100	
			22200
Flyt ...		... ...	985018,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	985018,28
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
			18000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	2000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík. 900		
	b. Annar kostnaður, alt að.. 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna ., ...	8000	
	4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	2000	
			13300
XII.	Til kvennaskóla:		
	1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 25000		
	Flyt ... 25000	... ...	1026918,28

		kr.	kr.
	Flutt ... 25000	... ...	1026918,28
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 2000		
c.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... 600		
	Stjórninni er heimilt að auka þessa fjárveiting, ef hún hrekkur eigi.		
		27600	
2. a.	Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 1400		
		16400	
			44000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Til almennrar barnafræðslu:		
1.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	465000	
2.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	5000	
3.	Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	4200	
5.	Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
6.	Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.		
7.	Til Skólablaðsins	800	
8. a.	Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1000		
c.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		11500	
			510500
	Flutt ...	... ...	1581418,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1581418,28
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti	600	
			62600
XV.	Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Óskar á Skutilsfjarðareyri, til húsmæðrafræðslu, gegn 800 kr. annarsstaðar að		2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		15000
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XIX.	Til sundkenslu og leikfimi: a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
	Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
	b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund..	1800	
	Flyt ...	2100	1663618,28

	kr.	kr.
Flutt ...	2100	1663618,28
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	2500	
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1671018,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skrásetjara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til Hallgríms Hallgrímssonar, aðstoðarmanns við safnið, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót.	4400	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
Flyt ...	52420	... ...

	kr.	kr.
Flutt ...	52420	... ...
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	
f. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	
g. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	
		17800
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið		1800
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9. Til Þjóðvinafjelagsins		750
10. Til Fornleifafjelagsins		800
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		
Flyt ...	... ...	125120

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	125120
11.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
12.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu jafnóðum.		2000
13.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
14.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
15.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
16.	Til fjelagsins »Íslendings«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs ...		3000
17.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
19.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
20.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi... ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		28200 1200
21.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum.. ... ... Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		2000
23.	Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna		1000
24.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
	Flyt ...	... ...	184020

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	184020
25.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
26.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
27.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
28.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
29.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
30.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
31.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
32.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
33.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld		1800
34.	Til landskjálftarannsókna .. .. Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550
35.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
36.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
37.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		2000
38.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál... ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		500
39.	Til Listvinafjelags Íslands		1500
40.	Til Íþróttasambands Íslands		2000
41.	Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
42.	Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits		1000
43.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
	Flyt ...	... ...	259570

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	259570
44. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
45. Til Jóns Eyþórssonar, námsstyrkur		2000
46. Til Bjarna Jósefssonar, námsstyrkur		2000
47. Til Ingu Magnúsdóttur, námsstyrkur		2500
48. Til Baldvins Bergvinssonar, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
49. Til Einars Jónssonar frá Galtafelli, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót		5500
50. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
Samtals ...	... ...	274270

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		30000
Styrkurinn skiftist milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu.		
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
b. Styrkur til fjelagsins	1000	
		8000
5. Til skógræktar:		
a. Laun	14080	
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	9000	
		23080
6. Til framhalds landmælinga		40000
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis.	800	
Flyt ...	27040	316080

	kr.	kr.
Flutt ...	27040	316080
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og á tundun.		
		27040
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
b. Til húsaleigu	1200	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	
		8200
10. Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13. Til Fiskifjelagsins		60000
Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		
14. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
b. 4 síldarmatsmanna	14080	
c. 4 ullarmatsmanna	3200	
d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	
		61680
15. Til gerlarannsókna		2400
16. Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, gegn jafnmiklu annarsstaðar að..		2500
17. Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands		5000
Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		
18. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
19. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar íþrótta og skóggræðslu...		2000
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
20. Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
21. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
Flyt ...	... ...	508500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	508500
22.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
23.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
24.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
25.	Til bjargráðasjóðs		22000
26.	Til landhelgisjóðs		20000
27.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7540
28.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
29.	Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
30.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
31.	Laun húsgerðarmeistara		9500
32.	Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
33.	Til Sigurðar hreppstjóra Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
34.	Til sendimanns á Spáni		20000
35.	Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
36.	Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting) ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		10000
37.	Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
38.	Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar ... ... Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		10000
39.	Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
40.	Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)...		750
41.	Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
	Flyt ...	... ...	668190

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	668190
42. Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri		1800
43. Til útgáfu Sindra		1000
44. Til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum		500
45. Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
Samtals ...	... ...	672990

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	28762,09	
b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
c. Uppgjafaprestar	1321,66	
d. Prestsekkjur	4800,40	
		50014,03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndals, læknis	250	
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300	
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra	1200	
		1750
b. Embættismanna ekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	
3. — Ólivu Guðmundsson	175	
Flyt ...	525	51764,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	525	51764,03
4. Til Sigríðar Hjaltadóttur		400	
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur		400	
			1325
c. Uppgjafaprestar.			
1. Til Gísla Kjartanssonar...		800	
2. — Stefáns Stephensens...		147	
3. — Stefáns M. Jónssonar		325	
4. — Bjarnar Jónssonar		475	
			1747
d. Prestsekkjur.			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur		130	
2. — Auðar Gísladóttur		300	
3. — Bjargar Einarsdóttur		500	
4. — Guðrúnar Björnsdóttur...		300	
5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur		300	
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur		100	
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur		300	
8. — Guðrúnar Torfadóttur		300	
9. — Ingunnar Loftsdóttur		300	
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur...		300	
11. — Kirstínar Pjetursdóttur		300	
12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur..		300	
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur		106	
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð		400	
15. Til Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð		700	
16. Til Þórunnar Stefánsdóttur		400	
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur		300	
18. — Steinunnar Pjetursdóttur		300	
			5636
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur		300	
2. — 3 barna hennar		300	
3. — Bjargar Jónsdóttur		300	
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur		360	
5. — Hjartar Snorrasonar		500	
6. — Jónasar Eiríkssonar		500	
7. — Magnúsar Einarssonar		500	
8. — Elínar Briem Jónsson		300	
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur.		300	
	Flyt ...	3360	60472,03

	kr.	kr.
Flutt ...	3360	60472,03
10. Til 3 barna hennar	300	
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar	320	
12. — Pjeturs Guðmundssonar	500	
		4480
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.		
1. Til Árna Gíslasonar	300	
2. — Guðm. Kristjánssonar	300	
3. — Böðvars Jónssonar	200	
4. — Hallgríms Kráksonar	200	
5. — Jóhanns Jónssonar	200	
6. — Þóru Matthíasdóttur	300	
7. — Daníels Jónssonar	200	
8. — Jens Þórðarsonar	100	
9. — Friðriks Möllers	1200	
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200	
11. — Eliesers Eiríkssonar	200	
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum ...	300	
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300	
		4000
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.		
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000	
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500	
3. — Valdimars Briems	1200	
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	
5. — Önnu Thorlacius	300	
		7300
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300	
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	
7. — 3 barna hennar	300	
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	
9. — Ekkju Matthíasar Jochumssonar, Guðrúnar Runólfsdóttur	1200	
		4200
Flyt ...	... ...	80452,03

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	80452,03
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:		
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðuk.	400	
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. reglubóða... ...	500	
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð.	500	
4. — ekkju Guðmundar Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsdóttur	300	
5. — Páls Erlingssonar	500	
6. — Erlends Zakaríassonar	300	
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
		2800
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ingeborg Sigurjónsson...		1000
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i		97669,11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða		40000
Samtals ...	... ...	221921,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	1629470,95
——	8. —	—	60000,00
——	9. —	—	276000,00
——	10. —	—	305400,00
——	11. —	—	734420,00
——	12. —	—	808992,00
——	13. —	—	2316650,00
	Flyt ...	kr.	6130932,95

	Flutt ...	kr. 6130932,95	
Samkvæmt 14. gr.	—	1671018,28	
—— 15. —	—	274270,00	
—— 16. —	—	672990,00	
—— 17. —	—	4000,00	
—— 18. —	—	221921,14	
—— 19. —	—	100000,00	
			kr. 9075132,37
En tekjur eru áætlaðar:			
Samkvæmt 2. gr.	kr.	5945000,00	
—— 3. —	—	390050,00	
—— 4. —	—	472500,00	
—— 5. —	—	22400,00	
			— 6829950,00
		Tekjuhalli	kr. 2245182,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.

22. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna,

og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 400 kr. í eftirlaun, með sömu uppbót sem fyr segir.

23. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. LII, 1).

Nd. **375. Frumvarp**

til laga um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hverrar sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst 2 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki ráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi úr ríkissjóði, ef til þess kemur samkvæmt 7. gr. — Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

3. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið, með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

4. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegareikningsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar 3 af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umfram 3‰, sem hjer segir:

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá 3‰ til 4½‰, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá 4½‰ til 6‰, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem er umfram 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkvæmt 2. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

8. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 2. gr.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, og 6. gr. laga nr. 41, frá 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1922.

Greinargerð.

Vegamálastjóri hefir samið og sent nefndinni frv. til laga um þetta efni, og flytur nefndin það, með nokkrum breytingum. Um ástæður fyrir frv. er vísað til greinargerðar vegamálastjóra, sem hjer fer á eftir. Hinar helstu breytingar, sem nefndin hefir gert á frv. vegamálastjóra, eru þær, að 3. gr. er aukið inn í, til þess að fá nokkurt samræmi við núgildandi lög (11. júlí 1911), sem undanþiggja verslunarstaði, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, sýsluvegagjaldi, með líkum skilyrðum og hjer er farið fram á. Þó hefir ekki þótt fært að fara svo langt að láta allan vegaskattinn ganga til innanhreppsvega í þessum verslunarstöðum, svo sem nú er um sýsluvegagjaldið, enda virðist slíkt tæplega sanngjarnt. Einnig er hjer lagt til, að greiðslur af eldri lánum sýslusjóðanna til vegabóta megi teljast með útgjöldum til vegabóta, þ. e. greiðast úr sýsluvegasjóði, en vegamálastjóri hafði lagt til, að sýslusjóðirnir greiddu eftirstöðvar slíkra lána. Þykir nefndinni, eftir nákvæma athugun, eigi ástæða til að gera í þessu efni greinarmun á þeim lánum, sem tekin eru áður en lögin öðlast gildi, og þeim, er síðar verða tekin, og það því fremur, sem talið er, að ekki muni um slík eldri lán að ræða, svo nokkru nemi, nema hjá Gullbringusýslu, og svo hjá Árnessýslu, sem getur ekki komist af án lántöku, til að standast vegabótakostnað áranna 1920 og 1921, enda eru þau útgjöld miklu hærri en dæmi eru til um vegabótakostnað nokkurrar sýslu. Til nefndarinnar hefir verið vísað frv. á þskj. 154, sem fer fram á, að ljett verði af Gullbringusýslu viðhaldi hins akfæra sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur, vegna þess að Gullbringusýslu veitist örðugt að standast alt í senn, afborgun og vöxtun tekinna vegabótalána, viðhald veganna og nýlagningu þeirra sýsluvega, sem enn eru ógerðir. Telur nefndin, að frv. þetta um sýsluvegasjóði muni ekki ná tilgangi sínum að því er Gullbringusýslu snertir, nema vöxtun og afborgun tekinna vegabótalána megi teljast með þeim útgjöldum til vegabóta, er ríkissjóður geldur tillag til, þegar þau í heild sinni verða of þungbær fyrir sýsluna. Í annan stað hefir sýslunefnd Árnessýslu sent Alþingi erindi um vegabótakostnað þeirrar sýslu, og hinn setti sýslumaður, ásamt sýslunefndarmanni Eyrarbakkahrepps, borið það mál fram á nefndarfundi. Hefir vegabótakostnaður þeirrar sýslu orðið um 35 þús. kr. árið 1920, og er áætlaður kr. 41045,82 yfirstandandi ár, og verður sýslan að taka lán að nokkru leyti til þessara útgjalda. Þætti nefndinni ekki sanngjarnt að meina sýslunni að nota hinn nýja gjaldstofn til þess að standast vöxtun og afborgun þeirra lána.

Nokkrar aðrar smærri breytingar hefir nefndin gert á frv. vegamálastjóra, þar á meðal orðað öðruvísi ákvæði 7. gr. um tillagsskyldu ríkissjóðs en gert er í frv. hans, en efnisbreyting er sama sem engin.

Nefndin lætur hjer fylgja með töflu yfir gjöld sýslusjóða til vegabóta 1908—1919, svo og lauslega áætlun um árlegan vegabótakostnað sýslnanna næstu ár. Hefir vegamálastjóri látið nefndinni þessi gögn í tje. Um síðari skýrsluna er þess að geta, að búast má við, að útgjöldin geti orðið eitthvað hærri en þar

greinir í Árnessýslu og Gullbringusýslu, því að greiðslur af áður teknum lánum hafa ekki verið teknar til greina í þessum útreikningi vegamálastjóra. Einnig geta tölurnar breyst eitthvað dálítið, vegna ákvæðisins um að nokkur hluti vegaskattsins skuli renna í sveitarsjóð verslunarstaða, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig. En áætlunin gerir ráð fyrir talsvert auknum framkvæmdum í vegamálum af hálfu sýslufjelaganna, sem sjá má af sambandi milli hinna áætluðu útgjalda og raunverulegra útgjalda undanfarin ár samkvæmt fyrri töflunni.

Fylgiskjal I.

Greinargerð vegamálastjóra.

Alþingi hefir nú tvívegis, 1915 og 1919, samþykt þingsályktun um að skora á stjórnina að gera tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en þá, sem nú eru. Í 20. gr. vegalaganna er sýslusjóðum ákveðið gjald á hvern verkfæran mann, alt að 3 kr. árlega, til vegabóta, en það var þegar ljóst er þau lög voru sett, enda kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að þetta gjald mundi ekki hrökkva fyrir útgjöldum sýslusjóðanna til vegabóta. Var fyrst gert ráð fyrir að bæta við af öðrum tekjum sýslusjóðanna, en brátt kom í ljós, er ákvæði vegalaganna um viðhaldskostnað flutningabrauta og akfærra þjóðvega komu til framkvæmda, samfara vaxandi kröfum um akfæra sýsluvegi, að tekjustofnar sýslusjóðanna voru ófullnægjandi. Afleiðing þessa hefir orðið sú, að viðhald veganna hefir orðið ver rækt en skyldi, og einnig að lítið hefir yfirleitt verið lagt af akfærum sýsluvegum.

Nú er svo komið, að jeg hefi ekki talið rjett að leggja það til við stjórnarráðið, að nokkrir akvegir verði afhentir hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, samkvæmt ákvæðum vegalaganna, þó skilyrðum öllum sje fullnægt, vegna þess að jeg óttast, að kostnaðurinn verði, eftir ástæðum, hlutaðeigandi sýslusjóðum um megn. Á jeg hjer sjerstaklega við þessa akvegi: Grímsnesbraut, Mosfellssveitarveg, Kræklingahlíðarveg og Hróarstunguveg. Yrði þá afleiðingin sú, að vegirnir gengju úr sjer fyrir ónógt viðhald.

Önnur afleiðingin af þessu ástandi eru mörg frumvörp eða tillögur til breytinga á vegalögunum, sem fram hafa komið á undanförnum þingum og miða að því að ljetta viðhaldi ýmsra akbrauta af sýslusjóðunum og koma því á ríkissjóð. Hafa þessi frumvörp að vísu ekki verið samþykt, en því ber ekki að neita, að ákvæði vegalaganna um vegalagningar og viðhaldskostnað íþyngja sýslusjóðum æði misjafnt.

Því miður verð jeg að láta uppi þá skoðun mína, að viðhald þeirra akvega, sem hvílt hefir á sýslusjóðum, hefir yfirleitt verið vanrækt, en aðstaða um eftirlit og aðhald hefir verið erfið, vegna lítilla fjárráða sýslusjóðanna. Það mætti að vísu halda því fram, að sýslunefndum sjeu ekki skorður settar um að hækka sýslusjóðsgjaldið, en reynslan hefir sýnt það, að til þess þarf röggsamari og ráðnari sýslustjórn en verið hefir víðast.

Til nánara yfirlits hefi jeg gert skýrslu um meðaltal af sýsluvegagjöldum og útgjöldum sýslusjóða 1908—14 og 1915—19 (Tafla I) og um árleg útgjöld sýslusjóðanna til vegabóta 1908—19 (Tafla II).

Jeg hefi í þessu sambandi komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast sje að taka upp aftur sjerstaka sýsluvegasjóði, eins og var, þar til þeir voru afnumdir með vegalögunum 1907, og þykir mjer sjálfsagt að velja þeim sem gjaldstofn fasteignaskatt samkvæmt hinu nýja fasteignamati. Þeir hafa mest þörf veganna, sem afnot hafa fasteignanna, en bættar samgöngur ljetta fyrir og gera ódýrari alla flutninga. Auka einnig verðmæti fasteignanna, og er því mjög rjettmætt, að þær beri kostnaðinn, þar sem þær þannig eru öruggasti mælikvarðinn um vegaþörfina.

Þeim andmælum gegn þessum gjaldstofni kann að verða hreyft, að þannig sleppi lausamenn og aðrir, sem ekki eiga fasteignir, við skatt til veganna, en þess má geta, að hreppunum er innan handar að ná sjer niðri á þessum mönnum.

Þó tel jeg sanngjarnt að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þeim sýslufjelögum, sem fyrir staðhætti eða aðra örðuga aðstöðu verða að leggja á sig þungar byrðar til þess að hafa vegakerfi sitt í viðunandi horfi. Á hinn bóginn tel jeg þá meginreglu vegalaganna heppilega og rjettmæta, að viðhaldskostnaður akveganna hvíli yfirleitt á hlutaðeigandi sýslufjelögum, og kýs því heldur, að beinn fjárstyrkur sje veittur úr ríkissjóði, þar sem mest eru skattþyngsli vegna vegabóta, en að breyta vegalögunum í þá átt, að viðhaldsskylda fleiri brauta verði flutt á ríkissjóð. Samt getur komið til greina breyting á ákvæðum vegalaganna, að einhverju leyti, um Flóaveginn og Holtaveginn, sjerstaklega með tilliti til breyttra ástæðna síðan vegalögin voru sett, fyrir mjög aukið slit á þessum vegum, vegna mikillar bifreiðaumferðar, að heita má milli landsfjórðunga. En með því að endurbygging þessara vega, sem nú er að byrja og stendur nokkur ár, verður kostuð úr ríkissjóði að $^2/_3$ hlutum, þá þykir mjer ekki rjett að hreyfa nú neinum breytingum á gildandi ákvæðum um viðhald þeirra.

Geir G. Zoëga.

Fylgiskjal II. **Gjöld sýslusjóða til vegabóta 1908—1919.**

Nöfn sýslnanna	1908	1909	1910	1911	1912	1913	1914	1915	1916	1917	1918	1919	Meðaltal til vegabóta 1908—14	Meðaltal til vegabóta 1915—19
Gullbringusýsla	9386	8621	7498	16909	8738	972	5510	5407	13890	2334	8081	10145	8233	7972
Kjósarsýsla	»	655	412	88	307	352	358	157	944	1298	308	4141	310	1371
Borgarfjarðarsýsla	352	348	757	277	553	607	2092	1125	1564	605	2918	4496	712	2142
Mýrasýsla	336	532	461	436	1897	3644	1156	2665	1005	586	3660	3645	1209	2312
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	1752	1943	2936	1588	2279	2903	2541	2484	2482	1543	2765	2520	2263	2359
Dalasýsla	1036	1227	1227	1261	1154	683	897	747	807	1268	801	2533	1069	1231
Barðastrandarsýsla	421	687	562	620	709	465	583	740	574	645	870	789	578	724
Ísafjarðarsýsla	516	1579	1286	1454	1711	1794	1226	1269	733	314	773	2005	1352	1019
Strandasýsla	447	413	330	429	417	560	592	431	609	692	706	930	456	674
Húnavatnssýsla	1136	1527	2785	1200	1434	2858	1714	2029	1205	1361	1184	3177	1808	1791
Skagafjarðarsýsla	1181	2193	4420	1254	2586	1214	2148	1154	1182	1002	13809	1526	2142	3735
Eyjafjarðarsýsla	907	1529	2442	1602	1810	2252	1694	2663	3656	4067	10642	8015	1635	5966
Suður-Þingeyjarsýsla	1343	1281	1557	934	1509	1480	1134	1884	986	2580	2821	4579	1320	2570
Norður-Þingeyjarsýsla	538	522	973	296	1106	1000	798	839	408	1163	1076	1163	748	930
Norður-Múlasýsla	653	1610	1205	1093	1817	4122	2470	1450	2313	1477	2311	3369	1853	2184
Suður-Múlasýsla	1711	1000	1893	1224	1284	1271	1235	1010	2263	1112	2431	2378	1360	1839
Austur-Skaftafellssýsla	28	427	710	130	434	172	526	515	392	660	370	1324	347	652
Vestur-Skaftafellssýsla	790	586	1299	1350	932	956	679	1063	733	573	725	1049	956	829
Vestmannaeyjasýsla	227	421	2004	1422	3780	1443	1684	1263	1387	2516	1016	»	1595	1546
Rangárvallasýsla	2715	4835	3913	3843	3633	4220	5003	4248	3528	2942	2701	4060	4023	3496
Árnessýsla	2547	3527	3234	3674	4243	5824	5821	6620	6741	7289	9737	17482	4124	9774
Samtals	28022	35463	41904	41084	42333	38792	39861	39763	47402	36027	69705	79326	38093	55116

Fylgiskjal III.

Lausleg áætlun um árlegan vegabótakostnað einstakra sýslna næstu ár.

Nr.	Nöfn sýslnanna	°/₀₀ af fasteignum	Gjöld sýsluvegasjóða	Styrkur úr ríkissjóði	Samtals
1	Austur-Skaftafellssýsla	3½	1717	245	1962
2	Vestur-Skaftafellssýsla	2	1875	»	1875
3	Rangárvallasýsla	4¾	10046	4231	14277
4	Árnessýsla	4¾	22895	9640	32535
5	Gullbringusýsla	3½	11165	1595	12760
6	Kjósarsýsla	2	3634	»	3634
7	Borgarfjarðarsýsla	4	8670	2167	10837
8	Mýrasýsla	5¾	7544	5248	12792
9	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	2	3531	»	3531
10	Dalasýsla	2	2280	»	2280
11	Austur-Barðastrandarsýsla	2	652	»	652
12	Vestur-Barðastrandarsýsla	2	2540	»	2540
13	Vestur-Ísafjarðarsýsla	2	3239	»	3239
14	Norður-Ísafjarðarsýsla	2	3972	»	3972
15	Strandasýsla	2	1959	»	1959
16	Vestur-Húnavatnssýsla	3½	3604	514	4118
17	Austur-Húnavatnssýsla	4¾	7230	3045	10275
18	Skagafjarðarsýsla	4	10142	2536	12678
19	Eyjafjarðarsýsla	4½	14029	4676	18705
20	Suður-Þingeyjarsýsla	4	9586	2396	11982
21	Norður-Þingeyjarsýsla	2	2304	»	2304
22	Norður-Múlasýsla	3½	7048	1007	8055
23	Suður-Múlasýsla	3	11419	»	11419
	Samtals	—	151081	37300	188381

(B. XII, 5).

Nd. **376. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Á eftir fyrstu málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækki samkvæmt niðurlagi 2. málsgreinar 12. gr. upp í 3500 kr.

(C. XIII, 1).

Nd. **377. Tillaga**

til þingsályktunar um fyrirkomulag hrossasölu innanlands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að beitast fyrir því, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, að stofnuð verði hrossasölufjelög í hrossahjeruðum landsins.
2. Að stjórnin ráði að eins markaðshaldara, en hrossasölufjelögin sjái um aðra aðstoð við markaðshald, rekstur og gæslu á hrossunum til útflutningsstaðar.
3. Meðan hrossasölufjelög komast ekki á fót, sje sýslunefndum falið að kjósa framkvæmdarstjórn, sem annast það, sem hrossasölufjelögin eiga að framkvæma.
4. Að hrossum af Norðurlandi sje skipað út nyrðra, t. d. á Borðeyri.
5. Andvirði hrossanna greiðist, að svo miklu leyti sem fært þykir, í bankaávísun (tjekk).

Ástæður.

Þar sem það er nú orðið að lögum, að landsstjórnin hafi á hendi einkasölu á hrossum til útflutnings, hefir landbúnaðarnefnd þótt nauðsyn til bera að flytja þessa þingsályktunartillögu. Ástæðan til þess er sú, að nefndin hefir komist að því, með því að yfirfara kostnaðarreikninga við hrossasöluna síðastliðið sumar, að ýmislegt hefir orðið þar ærið dýrt og tvímælalaust dýrara en þurft hefði að vera. Telur nefndin rjett, að hrossaeigendur sjálfir annist þetta. Er það skiljanlegt, að þeir hafi á allan hátt betri tök á því að fá haganlegra og ódýrara fyrirkomulag á því en landsstjórnin, og jafnframt verður það þá þeirra eigin sök, ef meira er í kostnaðinn borið en þörf krefur.

Um nánara fyrirkomulag og önnur atriði tillögunnar verður vikið að í framsögu.

(B. XII, 6).

Ed. **378. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækki samkvæmt niðurlagi 2. málsgreinar 12. gr. upp í 3500 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnsnemma og lög um læknaskipun í Reykjavík komast til framkvæmda.

(B. LIII, 1).

Ed. **379. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Flutningsmenn:

Einar Árnason, Sigurður H. Kvaran, Guðjón Guðlaugsson, Guðm. Guðfinnsson, Guðm. Ólafsson, Jóh. Jóhannesson, Sigurður Jónsson, Sigurjón Friðjónsson.

1. gr.

Til 31. des. 1924 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^3/_4$ miljónar, sem Landsbankinn gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

Hinn 31. des. 1924 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 5 miljónir króna í seðlum, nema brýna nauðsyn beri til og ríkisstjórnin leyfi það, að fengnum tillögum endurskoðenda þeirra, sem ræðir um í 7. gr.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 1. janúar 1925 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til

ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1924 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík, og auk þess sem hann er háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt, skulu endurskoðunarmenn þeir, er 7. gr. ræðir um, mánaðarlega rannsaka, hvort málmforðinn er svo sem lög bankans mæla fyrir um.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 1% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b. og c. lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Íslandsbanki skal auka hlutafje sitt um alt að 100%, á þann hátt, að ríkissjóður leggur hlutafjáraukann fram þegar er hann sjer sjer fært. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, er nemur meira en $2^1/_2$ miljón króna, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal bankinn vera háður eftirliti tveggja manna, er hafa skulu á hendi endurskoðun á stjórn og rekstri bankans (kritisk Revision).

Þessir endurskoðendur skulu valdir af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, úr flokki manna utan þings, verslunarfróðra, eða manna, sem vanir eru bankastörfum og ekki starfa við aðra banka.

Endurskoðunarmenn þessir skulu daglega fylgjast með stjórn bankans og rekstri hans og hafa aðgang að öllum skjölum og bókum bankans. Skulu endurskoð-

endur þessir skýra stjórnarráðinu frá, ef þeir álíta, að eitthvað fari verulega aflaga í rekstri bankans, svo að hætta geti stafað af. Ef misfellurnar eru svo miklar, að ríkisstjórnin álíti bankanum hættu búna, eða ef eigi er bætt úr því, sem ábótavant er, er ríkisstjórninni heimilt að víkja bankastjórninni frá og setja aðra bankastjórn til næsta aðalfundar bankans.

Bankinn greiðir laun endurskoðenda, sem eru 4000 krónur til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sama verðstuðli og gildir um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

Greinargerð.

Það er orðið ljóst öllum þorra manna, að viðskifti landsmanna við útlönd eru komin í hið mesta öngþveiti og að bráðnauðsynlegt er orðið að taka til skjótra og róttækra úrræða til að bæta úr því. Það ráð, er tiltækilegast virðist vera, er það, að ríkið rjetti Íslandsbanka þá hjálparhönd, að hann geti hafið starfsemi sína í útlöndum af nýju, og virðist það að eins hægt þannig, að útvega honum aukið rekstrarfje, tekið á einn eða annan hátt að láni utanlands. En mjög er athugavert, að ríkið taki lán eða ábyrgist lántöku handa bankanum, nema það um leið fái tök á, hvernig því fje er varið, sem það leggur fram eða ábyrgist. Það hafa komið fram tillögur um það, að ríkið keypti bankann, og mælir margt með því. En eins og sakir standa, virðist sá vegur auðveldari að sama marki, að ríkið leggi bankanum til hlutafjárauka, í svo stórum stíl, að

það fái á þann hátt miklu um bankann að ráða. Jafnframt því, að slíkur hlutafjárauki yrði starfsfjárauki bankanum til handa, mundi hann, sem þátttaka ríkisins, efla lánstraust bankans út á við og styðja mjög að viðrjettingunni á þann hátt. Frumvarp það, sem hjer kemur fram, leggur til, að sú leið sje farin í bankamálinu, sem hjer er bent á. Er þá ætlast til, að ríkið fái lán utanlands til hlutafjárauka og sjái bankanum jafnframt að öðru leyti fyrir því starfsfje, sem hann nauðsynlega þarf til að rísa á legg af nýju og getur ekki lagt fram sjálfur.

(A. XXX, 26).

Ed. **380. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Það er öllum ljóst, að svo mjög þrengir að fjárhag landsins, að gæta verður hins mesta hófs um fjárveitingar. Vonar nefndin, að tillögur hennar beri þess nokkur merki, að hún hafi haft þetta hugfast.

Hefði betur verið ástatt um fjárhaginn, mundi nefndinni síst hafa verið óljúft að greiða betur fyrir ýmsum fjárbeiðnum en hún nú hefir sjeð sjer fært að gera.

Verður hjer vikið nokkrum orðum að helstu breytingartillögunum.

I.

Nefndin er sammála fjárveitinganefnd hv. neðri deildar um það, að fáum muni víst koma til hugar, að ráðherrar geti lifað af þeim launum, sem lögð eru embættum þeirra, er miðað er við dýrtíð þá, er verið hefir undanfarinn tíma fjárhagsársins 1920—1921 og enn helst við að mestu, og sanngjarnt sje, að þeir þurfi að gefa mikið með sjer. Nefndin ber því fram breytingartillögu, þess efnis, að hverjum ráðherranna sje veitt 2000 kr. dýrtíðaruppbót, og hefir ekki farið hærra, til samkomulags við hv. neðri deild.

II.

Veturinn 1919—20 dvaldi hjeraðslæknir Norðfjarðarhjeraðs, Pjetur Thoroddsen, í Reykjavík, en Árni Vilhjálmsson cand. med. þjónaði Norðfjarðarhjeraði fyrir hann. Seint í aprílmánuði 1920 tilkynti Thoroddsen Árna lækni með símskeyti, að hann segði honum upp starfinu frá 1. maí og segist þá taka við embættinu, en í skeyti 30. apr. tilkynnir hann, að hann taki við læknisstörfum í Borgarfjarðarhjeraði, er þá var læknislaust.

Árni læknir gat ekki þjónað læknishjeraðinu nema til 1. júní, því hann var ráðinn á sjúkrahús í Bergen, en landsstjórnin gat ekki fengið lækni í hjeraðið fyr en í lok maímánaðar, og veitti meira að segja örðugt að fá hann nokkurn.

Nú var svo ástatt í Norðfjarðarhjeraði, þegar læknislaust átti að verða

svona skyndilega, að influenza gekk á Seyðisfirði og í Reyðarfirði, en vörnum gegn henni haldið uppi í Norðfjarðarhjeraði. Hins vegar gekk kighósti í börnum á Norðfirði og þungt kvef, og þóttust þá Neshreppsbúar ekki mega vera læknislausir, ef annars væri kostur. Varð því að samningum milli þeirra og Árna læknis, að hann inti af hendi læknisstörf í hjeraðinu, þangað til hinn nýsetti læknir kæmi. Fyrir læknisstarfið greiddi Neshreppur Árna lækni kr. 460,00, en óskar endurgreiðslu á þessari fjárhæð úr ríkissjóði.

Með því að nefndin verður að líta svo á, að þessi ráðstöfun hreppsnefndar Neshrepps hafi, eftir atvikum, verið hyggileg og nauðsynleg, leggur hún til, að hreppurinn fái þessa umræddu fjárhæð endurgreidda úr ríkissjóði.

III.

Læknarnir Gunnl. Claessen og Jón Kristjánsson og dýralæknir Magnús Einarson hafa allir sótt um fjárstyrk til utanfarar, tveir þeirra til að fara á læknafundi í sjerfræðigrein sinni og hinn þriðji til þess að afla sjer nýrra verkfæra, er honum eru nauðsynleg til þess að reka starfið sem sjerfræðingur í sinni læknisment. Nefndinni er ljúft að verða við ósk þeirra um nokkurn styrk, en af því að fjárhagur landsins er svo þröngur, treystir hún sjer ekki til þess að ákveða styrkveitinguna hærri en gert er í tillögum nefndarinnar.

IV.

Í brtt. nefndarinnar er lagt til, að feld sje tillagan um launabætur til Jóns Straumfjörðs, dyravarðar pósthússins. Nefndin lætur þess getið, að umsókninni um þessar launabætur fylgja engin meðmæli frá aðalpóstmeistaranum, sem þó hefir ráðið hann til starfsins, og getur þess vegna heldur ekki aðhyllst fjárveitinguna.

V.

Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir árið 1922 er gert ráð fyrir 25 þúsund kr. fjárveitingu til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram $^1/_3$ kostnaðar. Hv. neðri deild hefir samþykt að leggja, þegar á þessu ári, fram 7000 kr. til undirbúnings endurbyggingar vegarins, gegn því, að sýslufjelagið leggi til $^1/_3$ kostnaðar. Hins vegar fer umsókn sýslumanns Rangárvallasýslu, fyrir hönd sýslunefndar, fram á 7000 kr. fjárstyrk til viðhalds þessa vegar, en telur sýslunni um megn að leggja nokkuð fram, bæði nú og á næsta ári, til aðgerðar eða endurbyggingar vegarins.

Nefndin getur ekki mælt með því, að ríkið taki að sjer viðhald vegarins, og verður, eftir atvikum, að ráða frá því, að ráðist sje í endurbyggingu á þessu ári.

VI.

Samgöngumálanefnd hefir fellt framkomnar tillögur um styrk til mótorbátsferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Arnessýslu, en til samkomulags við háttvirta neðri deild mælir fjárveitinganefnd með því, að sá styrkur sje veittur, sem tiltekinn er í breytingartillögunni.

VII.

Breytingartillögurnar við 13. lið 4. gr. eru gerðar af því, að sanngjarnt

þykir, að sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu ráði ein um það, hve langt mótorbáturinn frá Hornafirði fari austur og norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að einhverjar ferðir verði farnar alla leið til Seyðisfjarðar, ef þörf þætti vera á því, er til kemur.

VIII.

Fjárveitingar til vitanna á Arnarnesi og Elliðaey leggur nefndin til, að falli niður, af því að hún getur ekki viðurkent, að þörfin á endurbyggingu þessara vita sje fremur aðkallandi en þörfin á þeim vitum, sem þegar hefir verið veitt fje til í fjárlögum og ekki hafa fengist bygðir vegna fjárskorts. Endurbyggingar þessar mundu því sennilegast, af þessum sömu ástæðum, alls ekki verða framkvæmdar.

IX.

Nefndinni þykir líklegt, að hægt sje að reisa prestssetursbúsið á Stað í Grunnavík fyrir 27 þúsund krónur, ef allrar sparsemi er gætt. Upp í það er til brunabótafjeð, 14 þúsund krónur; biskup gerir ráð fyrir 5 þúsund króna prestakallaláni. Ætti þá ekki að þurfa nema 8000 króna fjárveitingu.

X.

Nefndinni hafa ekki borist neinar upplýsingar, er sanni henni það, að rjett sje að veita launabót þá til dyravarðar háskólans, sem samþykt var í neðri deild.

XI.

Ekki verður á það fallist, að þeir kennararnir Sigurbjörn Á. Gíslason og Guðmundur Kristjánsson eigi neina lagakröfu um launabætur fyrir árið 1920, en nefndin tekur þó umsóknir þeirra að miklu leyti til greina.

XII.

Flensborgarskólinn er ekki landsskóli, og því ekki sanngjarnt, að ríkið beri eitt þann halla, sem verður á rekstri hans. En af því nefndin telur hann góðs maklegan, vill hún þó vikjast vel við umsókn hans um viðbótarstyrk, en það er skoðun nefndarmanna, að skólinn verði Hafnarfjarðarkaupstað til meiri nota en öðrum hjeruðum landsins, og vill hún því binda nýja fjárveitingu til hans því skilyrði, að Hafnarfjarðarkaupstaður leggi fram 1450 kr.

XIII.

Umsóknin um styrk til blindrar stúlku er svo ófullnægjandi, að ekki verður sjeð, hver styrkinn eigi að fá. — Það eitt er upplýst, að hún sje ísfirsk. Fái stjórnin fullnægjandi upplýsingar um þörf stúlku þessarar og sjái sjer fært að útvega henni stað erlendis, ætlast nefndin til, að stjórnin veiti henni styrk upp á væntanlega aukafjárveitingu.

XIV.

Til kaupstaðabókasafna er veitt fje í núgildandi fjárlögum, og treystir nefndin sjer ekki til þess nú að bæta við þá fjárveitingu.

XV.

Ekki virðist rjett að koma því á, að styrks sje krafist til handa skáldum og listamönnum, umfram fje það, sem Alþingi veitir í fjárlögum. Þess vegna leggur nefndin til, að styrkveitingar til þeirra falli niður, en vill taka til íhugunar hækkun á skálda- og listamannastyrknum við meðferð fjárlaganna.

XVI.

Nefndin er sammála fjárveitinganefnd neðri deildar um styrkþörf Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, og hefir því tekið upp fjárveitingu til hans.

XVII.

Það var samhuga álit nefndarmanna, að æskilegt væri að fá sem besta tryggingu fyrir því, að viðgerðin á bryggjunni á Akranesi yrði kauptúninu og hjeraðinu að sem bestum notum, og því ber nefndin fram breytingartillögu við athugasemdina um liðinn, þess efnis, að verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.

XVIII.

Að því er snertir 1. lið 8. gr., þá er nefndin sammála um, að fjárhæðin til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra eigi að standa óbreytt. Er það í fullu samræmi við það, sem bókað er í fundarbók fjárveitinganefndar efri deildar á fundi hennar 27. febr. 1920. En með því að þar er ekkert kveðið á um það, að hið útborgaða fje skuli teljast eftirlaun, og endanlega ráðstöfun um fjárveitingu til hans verður að gera í fjárlögum næsta árs, þykir nefndinni orðalag það á útgjaldaliðnum, er hún hefir valið, betur við eigandi.

XIX.

Fjárveitingarnar til sjúkra embættismanna taldi nefndin rjett að færa allar saman undir þá grein fjárlaganna, sem fjallar um óviss útgjöld. Út frá því er gengið, að stjórnin veiti þeim utanfararleyfi og þeir semji við hana um þjónustu á embættum þeirra.

Alþingi, 23. apríl 1921.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	S. H. Kvaran, fundaskrifari og ritari.

Hjörtur Snorrason. H. Steinsson. Einar Árnason.

(A. XLVI, 8).

Ed. **381. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, en þó eigi svo sem þörf væri á. Frumvarpið hefir orðið fyrir allmiklum breytingum í háttv. Nd. frá stjórnarfrv., að því er skipun varanna í flokka snertir, en flestar miða þær í þá átt að fjarlægja það í ýmsum atriðum frá hinum upphaflega grundvelli vörutollslaganna, en hann var:

1. *að* leggja toll á vöruna eftir þunga (eða teningsmáli) með umbúðum.
2. *að* leggja toll á vöruna eins og hún er samkvæmt venju nefnd á farmskrá skipsins, er flytur vöruna.
3. *að* greina vörutegundirnar í flokka, sem næst eftir verðmæti.
4. *að* hafa tollgjaldsmuninn á milli flokka svo lítinn, að eigi borgi sig að búa um vöru, sem þyngri tollur er á, með vörum, sem lægri tollur er á lagður, og
5. *að* skifta vörunni þannig í flokka, að örðugt sje að hafa vöru eins flokks í sömu umbúðum og vörur einhvers annars flokks.

Engu af framangreindum grundvallaratriðum hefir verið fylgt við breytingarnar á frumvarpinu, nema því fyrsta, og hafa þau smám saman verið afmáð úr vörutollslögunum á fyrri þingum, í hvert skifti sem hreyft hefir verið við lögunum.

Þetta gerir innheimtuna, meðal annars, talsvert fyrirhafnarmeiri. Eigi að síður virðist tollstofn þessi enn allábyggilegur.

Þó nefndin bendi á þessar breytingar, sem smámsaman hafa skapast, þá álítur hún, að það sje hverri þingnefnd ofvaxið að kippa slíku í lag. Til þess að fylgja sem næst grundvallaratriðunum upphaflegu, þarf langa og ábyggilega undirbúningsvinnu þeirra manna, sem þekkja vörur, verðmæti þeirra og þunga, og hvernig venja er að gefa þeim heiti á farmskrám nágrannalandanna.

Af þessum ástæðum sjer nefndin sjer ekki fært að gera neinar stórvægilegar breytingar á frumvarpinu frá því, sem háttv. Nd. skildi við það.

Nefndin leggur þó til, að þar sem svo mikið er búið að flytja af vörum úr síðasta flokki upp í 2. flokk, þá sje tollurinn fyrir vörur í 2. flokki færður upp í 1 kr. af hverjum 50 kílógr. Þar af leiðir, að nefndin vill færa fáeinar verðlitlar vörutegundir upp í 1. flokk, og um leið bæta þar einni við, sem háttv. nefnd í neðri deild hefir sennilega ekki vitað um, að farið væri að flytja til landsins.

Þá leggur nefndin til, að 1. málsgrein í 2. gr. sje breytt; þykir henni gjaldið fyrir póstböggla óhæfilega hátt sett, 1 kr. fyrir hvert heilt kg.

Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir breytingartillögunum við framsögu málsins.

Nefndin leggur svo til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. 1. tölulið.
   Á eftir orðunum »eldföstum leir« komi:
   hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf- og veggjaplötum, steyptum eða brendum, tunnuhlutum, járngirði, hefilspónum, sagi.
2. Við 1. gr. 2. tölulið.
   a. Á eftir orðinu »þakjárni« komi:
      blikki.
   b. Orðin »hverfisteinum, kvarnarsteinum, rafmagnsvjelum og rafmagnstækjum« falli burt.
   c. Fyrir »75 au.« í niðurlagi liðsins komi:
      1 kr.
3. Við 1. gr. 6. tölulið.
   Fyrir »10 kr.« og »10 kg« komi:
   1 kr. 1 kg.
4. Við 1. gr., næstsíðustu málsgrein.
   a. Fyrir orðin »gull og silfur, til tryggingar innlendum bankaseðlum« komi:
      ósmíðað gull og silfur.
   b. Orðin »til beitu« falli burt.
   c. Orðin »svo og notaðir . . .« til enda málsgreinarinnar orðist svo:
      Notaðir munir, er hafa verið sendir til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.
5. Við 2. gr. 1. málsgrein.
   a. Fyrir orðin »að alt innihald bögguls sje undanþegið vörutolli samkv. 1. gr.« komi:
      hvert innihald þeirra sje, og skal þá greiða gjald af þeim samkvæmt ákvæðum 1. greinar.
   b. Við 2. málsgrein. Á eftir orðunum »stimpla þau á venjulegan hátt« komi:
      Eru frímerkin úr því, í þessu tilfelli eins og öðrum, eign viðtakanda.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður, með fyrirvara.	Björn Kristjánsson, framsögumaður og ritari.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.
Guðjón Guðlaugsson.		Sigurjón Friðjónsson, með fyrirvara.

(A. XXX, 27).

Ed. **382. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 368 (Fjáraukalög).

Frá Karli Einarssyni.

Við tölul. 7. c.

Liðurinn orðist svo:

Aftan við 17. lið komi nýr liður, er hljóði svo:

Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti bjórgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að ... ... kr. 50000,00

(A. XXX, 28).

Ed. **383. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

I. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 3. gr. 3. lið (Gudmanns Minde).

Fyrir »kr. 17000,00« komi ... ... kr. 27000,00

Til vara ... ... — 20000,00

II. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 3. gr. 11. lið.

Liðurinn orðist svo:

Til Jóns Kristjánssonar læknis, til utanfarar og kaupa á nýjum rafmagnsáhöldum til lækningastofu sinnar ... ... — 3500,00

III. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 8. gr. 4. lið.

Nýr liður á eftir:

Til Kristínar Gísladóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga ... ... — 1000,00

IV. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við 10. gr. 3. lið (Silfurbergsnáma).

Fyrir »og að taka lán« komi:

og að taka alt að 70000 kr. lán.

(A. XLIV, 2).

Nd. **384. Nefndarálit**

um frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl.

Frá meiri hluta samvinnunefndar peningamála.

Nefndir þær, sem á öndverðu þingi voru skipaðar í báðum deildum til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m., hafa í sameiningu rætt frv. þetta og eftir nákvæma rannsókn á öllum málavöxtum komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að láta það verða að lögum eins og það liggur fyrir. Nokkrir nefndarmanna vilja þó ekki hverfa algerlega frá þeim grundvelli, sem frv. er bygt á, og munu bera fram nýtt frv., er fer í svipaða átt að sumu leyti. En mikill meiri hluti nefndarmanna getur þó ekki heldur fallist á það frv.

Þessi meiri hluti nefndarinnar lítur sem sje svo á, að mjög bresti á það, að málið hafi fengið þann undirbúning af hendi stjórnarinnar, sem til þess þurfi, að seðlaútgáfu í ríkinu verði endanlega skipað með lögum.

Þegar stjórnin lagði frv. þetta fyrir þingið, ljet hún þau ummæli fylgja því, að það fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, sem frv. ráðgerir, hafi náð samþykki beggja bankanna í flestum aðalatriðum, og gaf í skyn, að með þessari skipun seðlaútgáfunnar mundi að miklu leyti greitt úr fjárkreppu Íslandsbanka.

Nefndirnar hafa leitað skriflegs álits bankastjóra beggja bankanna um frv. og einnig rætt það við þá á fundum, og þannig komist að því, að mjög verulegur ágreiningur er þeirra á milli um ýms mikilsverðustu atriði þess. Annar þeirra tveggja bankastjóra Íslandsbanka, sem nefndin hefir átt kost á að ræða málið við, hefir lýst sig algerlega mótfallinn frv., en hinn gert ýmsar athugasemdir við það. Bankastjórar Landsbankans telja frv. að ýmsu leyti óaðgengilegt. En aðalágreiningsefnið mun þó mega telja það höfuðatriði, hvor bankinn eigi, meðan afhending seðlaútgáfunnar til Landsbankans fer fram, að hafa á hendi útgáfu þeirra seðla, sem með þarf til að fullnægja mestu viðskiftaþörf hvers árs, þ. e. umfram það, sem telja má að sje fast í umferð alt árið. En á þessu veltur það, hvor bankinn í raun og veru er seðlabanki landsins. Þá hefir bankastjórn Landsbankans ótvírætt látið það uppi, að henni þætti það varhugavert að taka nú að sjer að gefa út 3 milj. kr. í seðlum, nema þá að vissa væri fyrir því fyrirfram, að greiðsluþörfinni til útlanda yrði jafnframt fullnægt, svo að ekki þyrfti að óttast, að seðlar bankans yrðu notaðir í því skyni.

Hjer hefir þá verið sýnt, að því fer mjög fjarri, að það fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, er frv. ráðgerir, hafi náð samþykki beggja bankanna, og er þá eftir að athuga, að hve miklu leyti það gæti orðið til þess að greiða úr fjárkreppu Íslandsbanka.

Það er auðsætt, að ef bankinn ætti nú þegar að fara að »draga inn« seðla sína, og það jafnvel alt að 3 milj. kr. þegar í stað, þá mundi það ekki á nokkurn hátt geta greitt úr fyrir honum, heldur mundi það einmitt auka fjárþröng hans. En því hefir á hinn bóginn verið haldið fram, að það mundi styrkja svo mjög

lánstraust bankans erlendis, ef sú skipun yrði gerð á seðlaútgáfu hans, sem frv. ráðgerir, að honum mundi ekki verða fjárvant úr því. En aðstandendur bankans uni því illa að eiga á hverju ári undir högg að sækja að fá leyfi til aukinnar seðlaútgáfu, enda hafi löggjafarvaldið notað þá aðstöðu sína til þess að leggja kvaðir á bankann, sem hafi bundið hendur hans svo mjög, að það hafi hlotið að spilla lánstrausti hans hjá erlendum viðskiftavinum.

Það skal nú að sinni látið liggja milli hluta, hvort endanleg skipun seðlaútgáfunnar mundi, eins og nú er ástatt, líklegri til að styrkja lánstraust bankans erlendis en bráðabirgðaframlenging seðlaútgáfurjettarins. En allir nefndarmenn, eins þeir, sem ekki skrifa hjer undir, munu hafa komist að þeirri niðurstöðu, að það aukna lánstraust, sem bankanum kynni að hlotnast af þessu, mundi hvergi nærri hrökkva til þess að greiða úr fjárkreppu hans, eða til að fullnægja þörfum viðskiftamanna hans, og telja flestir þeirra því óhjákvæmilegt að rjetta bankanum hjálparhönd á annan hátt, sem þá mundi einnig styrkja lánstraust hans erlendis miklu tryggilegar en sú frambúðarskipun seðlaútgáfunnar, er frv. ráðgerir, og jafnvel gera hana óþarfa.

Skuldir bankans erlendis eru nú 8—9 milj. króna, en starfsfje hans hins vegar svo bundið, að ekki verður annað sjeð en að þessi skuld hans verði að »standa« fyrst um sinn. Ef bankinn ætti að greiða skuldina fljótlega, þá yrði hann að ganga svo hart að hjerlendum skuldunautum sínum, að af mundi leiða stórfelt fjárhagshrun. Í venjulegu árferði hafa íslensku bankarnir verið svo að segja skuldlausir eða jafnvel átt fje inni erlendis um þetta leyti árs, en úr því þurft að fara að neyta lánstraustsins. Það er því auðsætt, að auk þessa, sem bankinn nú skuldar erlendis, þarf hann að fá venjulegt viðskiftalán til ársþarfa sinna. En til þess að geta fengið slíkt viðskiftalán verður hann að öllum líkindum fyrst að greiða að fullu þessa skuld sína. — En það er honum ókleift, nema þá að hlutafje hans verði aukið eða honum útvegað fast lán til að borga með þau skyndilán, sem nú hvíla á honum og standa honum fyrir þrifum. Slíkt fast lán má fullyrða, að bankinn geti ekki fengið nema með aðstoð ríkissjóðs. En ef það yrði nú úr, að ríkissjóður tækist á hendur ábyrgð á slíku láni fyrir bankann, *eða legði honum hlutafje*, þá mundi það styrkja betur lánstraust hans en nokkuð annað, og þyrfti þá varla að óttast það, að bankinn gæti ekki fengið venjulegt árs-viðskiftalán hjá viðskiftabanka sínum.

Ef velja á um það tvent, að taka ábyrgð á láni fyrir bankann eða að auka hlutafje hans, þá hikum vjer ekki við að ráða fremur til þess síðara, og munum vjer bera fram frumvarp þar að lútandi og um heimild til lántöku í því skyni. En sú hlutafjáraukning verður að vera svo mikil, að meiri hluti alls hlutafjár bankans verði innlend eign, þannig, að aðalyfirráðin yfir bankanum og stjórn hans verði þá að sjálfsögðu framvegis í höndum Íslendinga. En af því leiðir aftur, að það getur ekki talist aðkallandi, meðan ekkert er afráðið um þetta, að skipa seðlaútgáfu bankans til frambúðar. Ef ríkissjóður yrði aðaleigandi bankans, kæmi það fyrst og fremst til athugunar, hvort þá væri ástæða til þess að taka seðlaútgáfuna af honum, hvort þá ætti að afhenda Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn, eða ef til vill að stofna sjerstakan seðlabanka, eða að láta Íslandsbanka vera aðalseðlabanka landsins áfram. Væri vafalaust rjett að leita álits erlendra fjármálamanna eða bankafræðinga um alt þetta, áður en nokkuð

yrði endanlega ákveðið um það. Málið er vandasamara og þýðingarmeira en svo, að sæmilegt sje að ráða því til lykta í flaustri.

Nú er það að vísu svo, að því er við kemur Íslandsbanka, að mál þetta alt er samningamál. Án samþykkis aðalfundar bankans verður ekkert afráðið um þá aukning á hlutafje hans, sem hjer hefir verið stungið upp á, nje heldur um þá skipun seðlaútgáfunnar, sem frv. ræðir um. Hitt er auðsætt, að bankanum væri miklu meiri styrkur að því, að fá aukið starfsfje sitt með nýju hlutafje, er ríkissjóður legði fram, enda væri með því trygður friður um bankann, en það teljum vjer mjög verulegt atriði. Það er því full ástæða til að ætla, að samningar geti tekist við bankann um þetta á næsta aðalfundi hans, að minsta kosti ekki síður en um frambúðarskipulag seðlaútgáfunnar, sem vitanlegt er að mikill ágreiningur er um milli allra aðilja, og ekki síst á Alþingi sjálfu. Hins vegar fullyrðum vjer það, að það sje einhuga vilji Alþingis og allrar þjóðarinnar, að þannig verði greitt úr fyrir bankanum, að hann, og um leið viðskiftamenn hans, bíði sem minstan hnekki af fjárkreppunni, sem nú er að lama öll viðskifti og atvinnurekstur landsmanna. Hjer skal ekki út í það farið, af hverju sú fjárkreppa muni stafa, en væntanlega gera nefndirnar sameiginlega grein fyrir skoðun sinni á því máli síðar.

En seðlaútgáfu bankans verður að skipa á einhvern hátt til bráðabirgða, og verður þá jafnframt að gera ráð fyrir því, að svo *geti* farið, að samningar þeir við bankann um hlutakaup ríkissjóðs, sem um er rætt hjer að framan, takist ekki. Hugsanlegt er, að hluthafar kysu heldur að sjá bankanum fyrir nægilegu rekstrarfje á annan hátt, og ætti sú leið þá vitanlega ekki að vera lokuð. Þess vegna viljum vjer ekki fastbinda framlenging seðlaútgáfurjettarins því skilyrði, að hlutafje bankans *skuli* aukið á einn eður annan hátt. En ef ekki skyldu takast samningar um hlutakaup ríkissjóðs, þá ætlumst vjer til þess, að á aðalfundi bankans í sumar verði þannig gengið frá samningum um afhending seðlaútgáfurjettar hans í hendur ríkisins, og það mál síðan að öðru leyti svo undirbúið fyrir næsta þing, að þá verði endanleg skipun um það gerð. En að minsta kosti til þess tíma er þá nauðsynlegt að framlengja seðlaútgáfurjett bankans svo sem viðskiftaþörfin krefur, gegn þeim tryggingum, sem nauðsynlegar verður að telja, en þó þannig, að bankanum sje ekki gert óþarflega erfitt fyrir. Teljum vjer þá vel undir samninga búið, ef Alþingi lætur það að einhverju leyti sjást í framlengingarskilyrðunum, að það vilji fremur greiða úr örðugleikum bankans en auka þá, og í þá átt fer frumv. það um seðlaútgáfu Íslandsbanka og ráðstafanir á gullforða hans, sem borið verður fram að tilhlutun þess hluta samvinnunefndarinnar, sem að þessu nefndaráliti stendur.

Sjerstaklega einn nefndarmanna, er skrifar undir álit þetta (Eiríkur Einarsson), lætur þess getið, að hann telji þær tillögur eða uppástungur, sem gerðar eru hjer að framan, um viðreisn Íslandsbanka með innlendum hlutafjárauka eða á annan hátt, ótímabærar, meðal annars af því, hve hagur bankans er enn lítt rannsakaður. En undir rannsókn, auknum undirbúningi að öðru leyti og samningum við þá, er ráða málum bankans, álítur hann, að allar þær breytingar á kjörum stofnunarinnar, er þingið kynni að vilja koma í framkvæmd, hljóti að verða komnar. — Lánsfje, er landsstjórnin útvegar nú, á fyrst og fremst að ráðstafa eftir þörfum þjóðarinnar, án sjerstaks tillits til bankans. — Vill hann því, að Íslandsbanka verði veitt framlengingarleyfi til bráðabirgða til nauðsynlegrar

seðlaútgáfu, með óbreyttum kjörum og tryggingum frá því, sem nú er ákveðið, en að því sje hins vegar stuðlað, eftir því sem unt er, að flýtt verði undirbúningi til að koma frambúðarskipulagi á seðlamálið. Mun hann þessu viðvíkjandi taka þátt í að bera fram frumv. eða till. með þeim nefndarmönnum, er líkt kynnu að líta á málið.

Alþingi, 23. apríl 1921.

Eiríkur Einarsson, form. samvinnu- og Nd.-nefndar, með fyrirvara.	Jakob Möller, frsm. í Nd.	Þorsteinn Jónsson, skrifari samvinnunefndar, með fyrirvara.

Einar Árnason, með fyrirvara.	Sig. Eggerz.	Pjetur Þórðarson.	H. Steinsson.

(B. LIV, 1).

Nd. **385. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka og um ráðstafanir á gullforða bankans.

Flutningsm.: Jakob Möller og Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Til 1. maí 1922 skal Íslandsbanka heimilt að gefa út seðla, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, alt að 5 miljónum króna, og skulu seðlarnir allir tryggðir með málmforða samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 5. gr., sbr. 6. gr. Ef þörf krefur, er ráðherra heimilt að auka seðlaútgáfu bankans um alt að 2 milj. kr., og skulu þeir viðbótarseðlar tryggðir að hálfu (50%) með málmforða, og greiðir bankinn ríkissjóði 2% ársvexti af þeirri upphæð seðlanna, sem ótrygð er með málmforða.

2. gr.

Nú verður þörf meiri seðlaútgáfu en heimild er veitt til í 1. gr., og má þá ráðherra leyfa bankanum að gefa út það, sem til þarf þar umfram, án málmforðatryggingar, en þá skal bankinn greiða ríkissjóði vexti af þeim hluta seðlaútgáfunnar, sem ótrygður er með málmforða, sem hjer segir: af næstu 2 miljónunum eins og þjóðbankavextir eru lægstir á Norðurlöndum, af næstu 2 miljónunum sömu vexti og bankinn tekur sjálfur af útlánum, og 1% hærri vexti af því, sem þar kynni að vera fram yfir.

3. gr.

Íslandsbanki skal leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkv. lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a

og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Skylt er bankanum þó, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og ríkisstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður. En um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna þannig verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt eru úr gildi felldar 1. og 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920.

Greinargerð.

Í nefndaráliti um frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl. felst að nokkru leyti greinargerð fyrir frv. þessu. En auk þess, sem þar er sagt, þykir hlýða að taka það fram um efni frv. og einstakar greinar þess, sem hjer fer á eftir:

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 66, 5. nóv. 1905, má málmforði bankans, sem honum er skylt að hafa til tryggingar seðlum sínum, vera að $^1/_4$ hluta inneign í erlendum bönkum, en þar sem nú varla getur orðið um neina slíka inneign erlendis að ræða í næstu framtíð, eins og hag bankans nú er komið, þá er auðsætt, að varla verður um aðra tryggingu að ræða en gull. En ætti bankinn að auka gullforða sinn, úr því sem hann nú er, þá hlyti hann að grípa til lánsfjár til að kaupa gullið fyrir, og með því að gulltryggingarákvæði gildandi laga virðast vera óþarflega ströng, og þó á hinn bóginn ætlega geta náð þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir misbeiting seðlaútgáfurjettarins, álíst fært að lina nokkuð á þeim, en láta bankann í þess stað greiða hækkandi vexti af seðlunum, þannig, að alveg verði fyrir það girt, að hann geti haft hagnað af óhæfilega mikilli seðlaútgáfu.

Í 1. gr.

er bankanum heimilað að gefa út 5 miljónir í seðlum, án þess að til þurfi að koma samþykki ráðherra, gegn $37^1/_2$% málmforðatryggingu, eins og lög nr. 66, 5. nóv. 1905, ákveða, en samkvæmt gildandi lögum má bankinn að eins gefa út $2^1/_2$ milj. á þennan hátt. Um næstu 2 milj. eru sett sömu ákvæði og nú gilda um alla »auka-seðla« bankans, þ. e. þann hluta seðlaútgáfunnar, sem er umfram $2^1/_2$ milj. Er þetta bygt á því, að minsta seðlaþörf landsins geti ekki farið niður úr 5 milj. innan þess tímatakmarks, sem sett er í frv., og jafnvel ekki niður úr 7 milj., og má fullyrða, að svo mikillar seðlaútgáfu muni verða þörf mestan hluta ársins, eða jafnvel alt árið, og er því engin ástæða til að hindra þá seðlaútgáfu með strangari ákvæðum.

Í 2. gr.

er heimilað að auka seðlaútgáfu bankans eftir þörfum, án þess að krafa sje gerð

um frekari gulltryggingu. Það þykir þó ekki fært að ákveða vexti af næstu 2 milj. hærri en gert er, vegna þess að telja má víst, samkvæmt fenginni reynslu, að raunveruleg seðlaþörf landsins muni að minsta kosti nokkurn hluta ársins verða svo mikil, eða alt að 9 milj., auk þeirra $^{3}/_{4}$ milj., sem Landsbankinn hefir til umráða. Hins vegar eru engar líkur til þess, að seðlaþörfin verði meiri, að minsta kosti varla svo, að nokkru nemi, því að jafnvel þó að miklu betur rætist úr en áhorfist um öll viðskifti landsmanna og atvinnurekstur, þá hlýtur væntanleg lækkun á vöruverði og kaupgjaldi á ýmsum sviðum að draga úr gjaldmiðilsþörfinni. Það verður því að álítast rjett að setja svo ströng vaxtaskilyrði fyrir hærri seðlaútgáfu, að bankinn geti enga aðra hvöt haft til að gefa meira út en þá, að brýnasta nauðsyn krefji.

3. og 4. gr.

eru teknar upp úr gildandi lögum og fela í sjer nauðsynleg ákvæði, sem ekki virðast þurfa frekari skýringa.

(C. XIV, 1).

Nd. **386. Tillaga**

til þingsályktunar um, að gullforði Íslandsbanka verði fluttur til landsins.

Frá meiri hluta peningamálanefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að koma því til leiðar, að sá hluti gullforða Íslandsbanka, sem nú er erlendis, en lögum samkvæmt á að varðveitast hjer í landi, verði hið bráðasta fluttur heim og fenginn landsstjórninni í hendur.

Ástæður

til að þessi tillaga er borin fram eru þær, að mikill hluti lögboðinnar gulltryggingar Íslandsbanka er nú niður kominn erlendis, þ. e. í Danmörku, þótt hún lögum samkvæmt eigi að geymast á Íslandi, og með því skipulagi, sem nú er, vera afhent landsstjórninni til ráðstöfunar.

Liggur í hlutarins eðli, hve sjálfsagt það er, að landslaga sje gætt og eftir þeim farið um svo þýðingarmikið málefni, sem gulltrygging seðlabankans er.

(A. XXI, 2).

Ed. **387. Nefndarálit**

um frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Það má segja hið sama um þetta frv. og tekið er fram í nefndarálitinu um frv. um stofnun og slit hjúskapar, að nefndin hefir eigi getað varið eins miklum tíma til athugunar þess og hún hefði óskað, en bótin er sú hin sama, að frv. hefir fengið mjög rækilegan undirbúning og nefndin haft mjög lítið við efni þess að athuga.

Frv. þetta hefir fengið sama undirbúninginn og áðurnefnt frv., og höfundur þess er hinn sami og hins. Þegar stjórnin lagði það fyrst fyrir þingið, árið 1919, fylgdu því mjög ítarlegar athugasemdir eftir höfundinn, og eru þær prentaðar í Alþingistíðindunum s. á., A. I, bls. 242—260. Er þar gerð grein fyrir nýmælum þeim í löggjöf vorri, er það hefir inni að halda, og skal það ekki endurtekið hjer, þess að eins getið, að frv. miðar að því einu að bæta kjör mæðra óskilgetinna barna, en þó einkum barnanna sjálfra, og að munur sá, er gerður er nú á svonefndum hórbörnum og öðrum óskilgetnum börnum, hverfur, er frv. þetta gengur í gildi sem lög.

Stjórnin hefir lagt frv. L. H. Bjarnasonar hæstarjettardómara óbreytt fyrir Alþingi, að öðru leyti en því, að hún hefir eigi viljað ganga eins langt í því og hann að veita óskilgetnum börnum erfðarjett eftir föður og föðurfrændur, og einskorðað þann rjett við það, að faðirinn hafi gengist við faðerninu eða beint verið dæmdur faðir þess (36. gr.), þar sem hæstarjettardómarinn vildi láta hið sama gilda um þann, er móðirin hefði svarið föður að barninu og þann, er orðið hefði eiðfall um faðernið. Verður nefndin að vera stjórninni samdóma um það, að nægilega langt sje gengið í frv. í þessu efni, og stingur því ekki upp á breytingu í þá átt að ganga lengra.

Nokkrum orðabreytingum á frv. stingur nefndin upp á, og skal hjer ekki farið út í þær, því hún gerir þær að engu kappsmáli, en hjer skal stuttlega minst á helstu efnisbreytingar þær, er hún leggur til, að gerðar sjeu.

Þar sem óvíst er, að stj.frv. það um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, sem nefndin hefir einnig til meðferðar, geti orðið þessu frv. samferða eða komið jafnsnemma í lög, telur hún nauðsynlegt að skilgreina jákvætt í 1. gr., hver börn sjeu óskilgetin, og stingur upp á breytingu í þá átt. Er skilgreiningin í samræmi við skilgreininguna á því, hver börn sjeu skilgetin í hinu frv.

Nefndinni þykir 14. gr. frv. of ónákvæmlega orðuð, og stingur því upp á, að hún sje orðuð öðruvísi, en þykist þar þó vera í samræmi við höfund frv., sbr. athugasemdir hans við hina tilvitnuðu grein.

Þá þykir nefndinni ekki rjett að einskorða vald stjórnarráðsins til að heimila fósturforeldri að halda þinglýstu fósturbarni áfram meðgjafarlaust, þótt

faðirinn vilji fá umráð yfir því, við það, að fósturforeldri sje móðurforeldri eða móðursystkini barnsins, því vel geta aðrir fósturforeldrar hafa tekið ekki minna ástfóstri við barnið og barnið við þá en þessir móðurfrændur þess, og barninu verið jafnmikill hagur að því að vera áfram hjá þeim sem hinum. Leggur nefndin því til, að orðin »með móðurforeldri eða móðursystkini« í 2. málsgr. 33. gr. verði feld niður.

Í 2. málsgr. 36. gr. frv. er tími sá, er sambúð ósamvígðs karls og konu á að hafa verið óslitinn, til þess að jafngilda faðernisjátningu, er um erfðarjett barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, miðaður bæði við getnað barnsins og fæðingu þess. Þykir nefndinni rjettara að miða hann eingöngu við fæðinguna, sem jafnan er vis, og kemur því fram með brtt. þess efnis.

Með þessum örfáu athugasemdum leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við fyrirsögn I. kap.
   Hún orðist svo:
   Um það, hver börn sjeu óskilgetin.
2. Við 1. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi nje svo skömmum tíma eftir hjúskaparslit, að þau geti verið getin í hjónabandinu. Geti börnin verið getin í hjónabandi, teljast þau þó einnig óskilgetin, ef vefengt er, að þau sjeu skilgetin, á þann hátt, sem lög mæla fyrir.
3. Við 3. gr.
   Fyrir orðin »óskilgetnu barni« komi:
   barni, sem ætla má, að sje óskilgetið.
4. Við 4. gr.
   a. Fyrir orðin »faðerni barnsins« komi:
      faðerni þess.
   b. Fyrir orðið »lögráðir« komi:
      lögráða.
5. Við 5. gr.
   Fyrir orðið »manninum« í niðurl. 3. málsgr. komi:
   hinum lýsta barnsföður.
6. Við 6. gr. Orðin »síðustu málsgrein« í 3. málsgr. falli niður.
7. Við 7. gr.
   Fyrir orðin »Nú er sá maður, sem óskilgetið barn er kent, látinn« í upphafi 1. málsgr. komi:
   Nú er sá maður látinn, sem óskilgetið barn er kent.
8. Í stað »m. m.« í fyrirsögn III. kap. komi:
   o. fl.

9. Við 14. gr.
   Greinin orðist svo:
   Nú sannast, eða er viðurkent, að stefndur hafi haft samfarir við barnsmóður um það leyti, sem barnið (tóstrið) hefir getið verið, og eigi er ástæða til að ætla, að aðrir hafi haft samfarir við hana um þær mundir, og skal þá dæma hann föður þess.
10. Við 17. gr.
    Fyrir orðin »skilfengið foreldri skilgetið barn« komi:
    skilgetið væri.
11. Við 19. gr.
    a. Fyrir orðin »Nú má ætla« í upphafi 1. málsgr. komi:
       Nú er ástæða til að ætla.
    b. Fyrir orðin »óskilfengin móðir« í 2. málsgr. komi:
       móðir óskilgetins barns.
12. Við 21. gr.
    Fyrir orðin »að óvilja eða án vilja móður« í 2. málsgr. komi:
    án vilja móður eða að óvilja hennar.
13. Við 25. gr.
    Fyrir orðið »ákvarði« í 1. málsl. 4. málsgr. komi:
    ákveði.
14. Við 28. gr.
    Fyrir orðin »lögtak fyrir gjaldkræfum greiðslum« í 3. málsgr. komi:
    lögtak á gjaldkræfum greiðslum.
15. Við 29. gr.
    a. Fyrir orðin »ber honum þá að kosta að öllu leyti bæði« í 2. málsgr. komi:
       ber hann þá allan kostnað, bæði við.
    b. Fyrir orðin »út af meðgöngunni« í sömu málsgr. komi:
       er leiðir af meðgöngunni.
    c. Orðið »hjernefnd« í 2. málsl. 4. málsgr. falli niður.
16. Við 30. gr.
    a. Fyrir orðin »þar er hún dvelur, geri manni þeim, er eigna má faðernið (meðlagsskyldum)« í 1. málsgr. komi:
       þar sem hún dvelur, úrskurði, að maður sá, sem eigna má faðernið (meðlagsskyldur), greiði.
    b. Fyrir orðin »Nú hefir óskilfengin móðir sýkst út« í upphafi 2. málsgr. komi:
       Nú hefir móðir óskilgetins barns sýkst.
    c. Fyrir orðin »út af meðgöngunni« í sömu málsgr. komi:
       af meðgöngunni.
    d. Fyrir orðin »hjer um ræddra framlaga« í 3. málsgr. komi:
       framlaga þessara.
17. Fyrirsögn IV. kap. verði:
    Um forráð barna o. fl.
18. Við 32. gr.
    Fyrir »ósjálfráðs barns« í 1. málsgr. komi:
    ósjálfráða barns.

19. Við 33. gr.
    a. Fyrir orðin »ósjálfráðu barni sínu« í upphafi 1. málsgr. komi: ósjálfráða barni sínu.
    b. Orðin »með móðurforeldri eða móðursystkini« í 2. málsgr. falli niður.
20. Fyrirsögn V. kap. verði:
    Um erfðarjett barns og hverjir það erfi.
21. Við 36. gr.
    a. Upphaf 2. málsgr. orðist þannig:
        Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu o. s. frv.
    b. Orðið »skilfengið« í 3. málsgr. falli niður.
22. Í stað »m. m.« í fyrirsögn VI. kap. komi:
    o. fl.
23. Við 37. gr.
    Orðið »þá« í niðurl. gr. falli niður.
24. Við 38. gr.
    Fyrir orðið »ósjáltrátt« í niðurl. gr. komi:
    ósjálfráða.
25. Fyrirsögn VII. kap. verði:
    Ýmisleg ákvæði.
26. Við 41. gr.
    Fyrir orðið »rakni« í 2. málsgr. komi:
    slitni.
27. Við 42. gr.
    a. Í stað orðanna »er konan tilheyrði« í 1. málsgr. komi:
    er konan átti ríkisborgararjett í.
    b. Síðari málsgr. orðist þannig:
        Frekari kröfur en lögmæltar eru hjer á landi verða þó ekki teknar til greina.
28. Við 43. gr.
    a. Fyrir orðið »skilgerðarmaður« á tveim stöðum í gr. komi:
    skilgerandi.
    b. Fyrir orðið »ósjálfrátt« í síðari málsgr. komi:
    ósjálfráða.
29. Við 44. gr.
    a. Í stað orðanna »frá gildistöku laganna« í niðurl. 1. málsgr. komi:
    frá þeim tíma.
    b. Fyrir orðið »(meðlagsskylda)« í annari málsgr. komi:
    (meðlagsskylds).
    c. Fyrir orðið »áðurgildum« í sömu málsgr. komi:
    áður gildandi.
    d. Fyrir orðin »gildistöku laganna« í niðurl. 3. málsgr. komi:
    að lögin gangi í gildi.

30. Við 46. gr.

Fyrir »1921« komi:
1922.

Þessar prentvillur eru í frumv., sem þarf að leiðrjetta við endurprentun:

a. Í 20. gr.: »staði« fyrir stað.
b. - 21. gr.: »valdsmanna« fyrir valdsmanns.
c. - 27. gr.: »móðirinni« fyrir móðurinni.
d. - 25. gr.: »skuldalýsingar« fyrir skuldalýsinga.
e. - 33. gr.: »alfarinn« fyrir alfarin.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson, ritari.

(B. XXVIII, 2).

Nd. 388. Nefndarálit

um frv. til laga um vexti.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og getur ekki sjeð, að það sje eins mikilsvert eins og háttv. flutningsmaður, eftir greinargerðinni að dæma, virðist álíta. Það gæti jafnvel komið til mála að fella úr gildi lög um vexti frá 7. febr. 1890, án þess að nokkuð kæmi í þeirra stað.

Ástæður þær, sem í greinargerðinni eru tilfærðar, þessu máli til stuðnings, eru heldur ekki þess eðlis, að þær geti nægt til að sannfæra nefndina um nauðsyn þeirrar miklu vaxtahækkunar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það kom til orða í nefndinni, að ákvæði hinna almennu viðskiftalaga myndu geta nægt í þessu efni, þótt áðurnefnd lög, nr. 10 frá 7. febr. 1890, yrðu úr gildi numin. Þó varð það ofan á í nefndinni, að láta frv. ganga áfram, með breytingum þeim, er síðar greinir.

Ástæðurnar fyrir því, að nefndin getur ekki fallist á að hækka vextina eins og frv. gerir ráð fyrir, eru þær, að hún lítur svo á, að viðskiftamálaástand það, sem nú ríkir, bæði hjer og víða annarsstaðar, sje ekki eðlilegt og muni því, áður langur tími líður, breytast til batnaðar og vextir þá fara lækkandi.

Í öðru lagi virðist það fremur óeðlilegt, að vextir af fasteignalánum sjeu til muna hærri en af öðrum lánum, því þau lán verða þó að jafnaði að álítast tryggari en önnur algeng viðskiftalán.

Enn fremur má geta þess, að það lítur nokkuð undarlega út, einmitt nú, þegar ríkið er í undirbúningi með að stofna fasteignaveðbanka, sem sjerstaklega er ætlað að starfa að efling landbúnaðarins, að á sama tíma sje lög-

leyfð mikil vaxtahækkun á fasteignaveðlánum; það gæti litið svo út, að með því væri verið að ýta undir þessa stofnun, að hún, þegar hún tæki til starfa, ætti að vera fremur kröfuhörð við viðskiftamenn sína, að því er vaxtakröfurnar snertir.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, leyfir nefndin sjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir »6%« komi:
   5%.
2. Við 2. gr. Fyrir »8%« komi:
   6%.

Alþingi, 23. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður og framsögumaður. Jón A. Jónsson. fundaskrifari.

Þórarinn Jónsson. Þorl. Guðmundsson. Sveinn Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson. Jakob Möller.

(A. I, 9).

Nd. **389. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 358 (Hlutafjelög).

Frá allsherjarnefnd.

Við 4. lið.
Aftan við liðinn bætist:
Þetta ákvæði nær þó eigi til hlutabrjefs, sem er yfir 200 kr.

(B. LV, 1).

Nd. **390. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Frumvarpsgreinina skal orða þannig:

Strandalæknishjeraði skal skift í þessi tvö læknishjeruð:

Reykjarfjarðarhjerað: Árneshreppur og nyrsti hluti Kaldrananeshrepps, að Kallbakskleif. Læknissetur í Trjekyllisvík.

Hólmavíkurhjerað: Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

Ástæður.

Samkvæmt núgildandi lögum er læknissetur Reykjarfjarðarhjeraðs ákveðið á Reykjarfirði. Hjeraðsbúum þykir læknir illa settur þar, eins og rjett er, þar sem hann þá er talsvert sunnan við miðbik hjeraðsins. Trjekyllisvíkin aftur á móti er alveg um miðbikið, og auk þess fjölbygðasta svæðið í þessu hjeraði. Virðist því sjálfsagt að flytja læknissetrið, til hægðarauka hjeraðsbúum og væntanlegum lækni, ekki síst þar sem vetrarferðalög eru erfið mjög. Þess má og geta, að hjeraðsbúar hafa mikinn áhuga á að reisa læknisbústað í Árnesi, ef læknissetrið yrði flutt, og gæti það stuðlað til þess, að læknir kæmi þangað fyr en ella. Þetta er höfuðbreytingin. Hin önnur breyting er sú, að breyta ofurlitið takmörkum hjeraðanna. Til þess þarf að vísu ekki lagabreytingu, heldur er stjórnarráðinu það heimilt, eftir tillögum sýslunefndar. Nú hefir sýslunefnd Strandasýslu óskað þessa, og myndi það því fást án lagabreytinga, en úr því á annað borð varð að breyta lögunum, þykir mjer rjett að láta þetta fylgjast með, svo ekki þurfi frekara um það að hugsa.

(B. XXXII, 2).

Nd. **391. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og getur fallist á stefnu þess, en þykir varhugavert að setja engin takmörk fyrir sjúklingatölu þeirri úr hverju sveitar- og bæjarfjelagi, er ríkissjóður skuli bera kostnað af, en telur þó rjett að rýmka þetta nokkuð frá því, sem nú er.

Hins vegar fellst nefndin á það, að kostnaðinum við dvöl sjúklinga á sjúkrahúsi sje skift milli sveitar- og bæjarfjelaga annars vegar og ríkissjóð hins vegar, eftir þeim hlutföllum, er í frumvarpinu greinir, en telur þó rjett, að sá hluti kostnaðar, er greiðist af sveitar- og bæjarfjelagi, fari ekki fram úr 400 kr. á ári fyrir hvern sjúkling.

Nefndin er samþykk því, að þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, megi ekki skoða sem sveitarstyrk, og telur því þessa breytingu bygða á fylstu sanngirni og rjettlæti. En þar sem nefndin leggur til, að hvert sveitar- eða bæjarfjelag njóti ekki ríkissjóðsstyrks nema fyrir ákveðna sjúklingatölu í hvert sinn, þá verður að breyta þessu ákvæði frv. þannig, að þeir sjúklingar, er sjúkrahúsvistar njóta, missi einskis í við það, þó sveitar- eða bæjarfjelagið beri eitt kostnaðinn.

Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^{2}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. Við 2. gr.

Fyrir »600 kr.« komi:
400 kr.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Einar Þorgilsson, framsögum.	Björn Hallsson, fundaskrifari.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen.

(B. XLI, 2).

Nd. **392. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 (Launalög).

Frá allsherjarnefnd.

Samkvæmt 33. gr. launalaganna á að setja verðlagsskrá einu sinni á ári, í októbermánuði, er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins sje reiknuð eftir. Skal verðlagsskrá sú gilda fyrir næsta ár á eftir.

Með þessu ákvæði átti að tryggja það, að þessi bráðabirgðauppbót á launum starfsmannanna væri í samræmi við verðlag á þeim vörum, sem teknar eru upp í verðlagsskrána samkvæmt launalögunum.

Það má telja víst, að þingið 1919 hafi ætlast til, að dýrtíðaruppbótin og verðlagsskráin stæðu í rjettu hlutfalli, að dýrtíðaruppbótin yrði því ekki mestan hluta ársins hærri eða lægri en sem samsvaraði vísitölu hinnar gildandi verðlagsskrár.

Meðan verðlagsskráin er ekki sett nema einu sinni á ári, getur allmikið út af þessu borið.

Vörurnar geta stórum hækkað eða lækkað í verði, áður en hin nýja verðlagsskrá kemur í gildi, og sú verðhækkun eða lækkun haldið áfram alt næsta ár, sem verðlagsskráin gildir fyrir. Þetta getur leitt til mikils ójafnaðar, bæði fyrir ríkissjóð og starfsmennina.

Hin núgildandi verðlagsskrá var sett, er dýrtíðin, að því er ætla má, hafði náð hámarki sínu. Síðustu mánuði ársins 1920 tóku sumar verðlagsskrárvörurnar þegar að lækka í verði, og síðan hefir verðfallið haldið áfram til þessa dags, og öll líkindi til, að svo verði framvegis.

Nú þegar mun þetta verðfall nema 25—30% frá því vöruverði, sem sett er í hinni gildandi verðlagsskrá, án þess, að dýrtíðaruppbótin lækki nokkuð til næstu áramóta.

Það virðist lítil sanngirni mæla með því, að ríkissjóður sje skyldaður til að greiða starfsmönnum sínum mikinn hluta ársins miklu hærri dýrtíðaruppbót en sem samsvarar hinu raunverulega verði á vörum þeim, sem verðlagsskráin er reiknuð eftir, eins og það líka verður að teljast ósanngjarnt, að starfsmennirnir bíði mikinn halla við snögga verðhækkun á árinu.

Úr þessu má mikið bæta, með því að setja verðlagsskrána tvisvar á ári, eins og frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á.

Hjer er að ræða um fulla sanngirni á báða bóga, og að því leyti um rjetta og eðlilega breytingu á þessum ákvæðum launalaganna.

Eftir því, sem gildi peninga hækkar með áframhaldandi verðfalli á nauðsynjavörum, verða þeir menn betur staddir, sem taka laun sín í reiðupeningum.

Laun starfsmanna ríkisins, ásamt dýrtíðaruppbót, nema samkvæmt gildandi fjárlögum þetta ár alt að 3 miljónum króna. Þessi fúlga nemur 54%, eða rúmum helmingi, af öllum ársútgjöldum ríkisins.

Samkvæmt manntalinu í síðastliðnum desembermánuði var mannfjöldinn á öllu landinu tæpar 95 þúsundir, og nemur launafúlgan því rúmum 30 krónum á hvert mannsbarn á landinu. Mun það vera hærri skattur en í flestum, ef ekki öllum, ríkjum veraldarinnar, og vansjeð, hve lengi þjóðin má undir honum rísa, auk annara síaukinna skatta, til þess að fá nokkurn veginn jöfnuð á tekjum og gjöldum ríkisins.

Með minkandi dýrtíð lækkar þessi skattur að vísu, en það er skylda þingsins að gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess, að hann lækki sem jafnast og hraðast.

Fjárhagshorfurnar hafa aldrei verið jafnillar og einmitt þetta yfirstandandi ár. Allir atvinnuvegir landsins hafa orðið fyrir áföllum, sökum stórkostlegs verðfalls á afurðum landsins, sem er því tilfinnanlegra, sem framleiðsla þeirra var háð hámarki dýrtíðarinnar í öllum atvinnurekstri til lands og sjávar.

Þetta verðfall nemur mörgum miljónum króna á þessu eina ári. Afleiðingarnar eru þegar komnar í ljós í stórkostlegri peningakreppu og ýmsum öðrum vandræðum á öllum sviðum viðskiftalífsins. Hagur þjóðarinnar stendur því mjög höllum fæti og fyrir allmörgum stendur fjárhagslegt hrun fyrir dyrum, og allir atvinnurekendur landsins verða að draga saman seglin í atvinnurekstri sínum um lengri eða skemri tíma. Alt þetta bitnar á ríkissjóðnum. Tekjur hans, sem að mestu leyti koma frá atvinnuvegum landsins, hljóta stórum að minka.

Eftir þeim mikla þurði, sem þegar er kominn í ljós í tekjum ríkisins fyrsta ársfjórðung þ. á., má telja víst, að árið endi með stórkostlegum tekjuhalla.

Þetta hlýtur að vera hið mesta áhyggjuefni öllum þeim, sem láta sig fjárhag ríkisins nokkru skifta, og það því fremur sem sáralítil líkindi eru til þess, að þinginu takist að jafna tekjur og gjöld ríkisins á næsta fjárhagstímabili, auk heldur meira.

Í þessu öngþveiti virðist ekki annað ráð vænna en að spara það, sem sparað verður, til lækkunar útgjöldunum á þessu ári. Stjórnin verður neydd til að grípa til þess óyndisúrræðis, með því að draga úr fjárveitingum til verklegra framkvæmda og framfara, eða jafnvel fresta þeim með öllu. Nauðsyn brýtur hjer lög, og það virðist ekki sanngjarnt, að útgjaldahækkunin komi eingöngu þar niður, sem þjóðfjelaginu er bagalegast. Samkvæmt verðstuðli hinnar gildandi verðlagsskrár (137,5%) er dýrtíðaruppbótin um 1611000 kr. Með áframhaldandi verðfalli má búast við, samkvæmt verðlagsskrá, settri 1. júní þ., á. að verðstuðullinn komist niður í rúmt 100 samkvæmt því, sem að framan er sagt (25—30% verðfalli); mundi sú lækkun á dýrtíðaruppbótinni seinna misseri ársins nema um 205—246 þús. kr., er ríkissjóði sparaðist, verði frv. þetta að lögum.

Nefndin telur frumvarpið nauðsynlega lagfæring á 33. gr. launalaganna; getur sú lagfæring sparað ríkinu á þessu ári mikið fje, og þar sem miklar líkur eru fyrir áframhaldandi verðfalli næstu ár, verður sparnaðurinn meiri en hann getur orðið samkvæmt hinum gildandi lagaákvæðum um dýrtíðaruppbótina.

Fari aftur á móti svo ólíklega, að dýrtíðin vaxi, þá er hag starfsmannanna betur borgið í framtíðinni með þessari breytingu en nú er; getur það fullkomlega vegið upp á móti þeim halla, sem breytingin bakar þeim síðara misseri þessa árs. Sá halli er og næsta lítill hjá þeim fjárhagslegu óhægindum, sem aðrir gjaldþegnar ríkisins eiga nú við að búa.

Nefndin telur því fremur ástæðulítið af starfsmönnum ríkisins að taka þessa breytingu mjög óstint upp, sem gerð er fyrir bráða nauðsyn ríkisins.

Að þessu athuguðu ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsm.	Björn Hallsson, fundaskrifari.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson. Pjetur Ottesen.

(C. XV, 1).

Nd. **393. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar o. fl.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem tök eru á, menn með sjerfræðiþekkingu rannsaka, gera áætlanir og tillögur um það, er nú skal greina:

1. Hvar hentast muni að reisa ullarverksmiðjur og sútaraverksmiðjur hjer á landi, með tilliti til staðhátta og vatnsafls, er nota skal við iðnreksturinn.
2. Hve margar eða stórar verksmiðjur mundi þurfa til þess, annars vegar að fullnægja klæðaþörf landsmanna og hins vegar til þess að vinna til fullnustu úr ull þeirri, sem til er í landinu. — Samskonar rannsókn skal framkvæma að því er snertir skófatnað og skinnavöru.
3. Þar næst skal gerð kostnaðaráætlun og yfirlit um bygging verksmiðjuhúsa, nauðsynlegar vjelar og annað, er að stofnun og rekstri fyrirtækjanna lýtur, þar á meðal hve mannfrekur þessi iðnrekstur mundi verða.
4. Í þessu sambandi verður einnig að rannsaka, hver og hve mikil þau útlendu efni kynnu að vera, sem nauðsynleg þættu til þess að iðnaðurinn nyti sín.
5. Að því er snertir framangreindar rannsóknir, og þá fyrst og fremst þær, er ræðir um í 1. lið, skal þeim einkum flýtt og sjeð um að þær verði glöggar og ítarlegar í stærstu framleiðsluhjeruðum landsins, í vændum þess, að þar verði fyrst reistar verksmiðjur til umrædds iðnaðar. En í hinum smærri eða afskektari framleiðslubygðarlögum skal jafnframt athugað og gerð áætlun um frábreyttari vjelar og verksmiðjur, er eigi nái lengra en til kembingar, sem er nauðsynleg undirstaða heimilisiðnaðar á þessum tímum. — Með tilliti til hins fyrirhugaða ullariðnaðar, og enda hvort sem er, er nauðsynlegt, að einnig sje tekið til athugunar, hvernig sameiginlegum ullarþvotti verði komið á.
6. Einnig skal landsstjórninni falið, fyrir næsta reglulegt Alþingi, ef unt verður, að gera áætlanir og tillögur um, hvernig hún telji vænlegast að hefjast

handa til hins umræddu iðnaðar, að því er snertir fjáröflun, eignarfyrirkomulag og reksturinn að öðru leyti.

Kostnað þann, er fyrgreindar aðgerðir hafa í för með sjer, heimilast stjórninni að greiða úr ríkissjóði, en auk þess má verja þaðan fje til að styrkja alt að 5 efnilega, unga menn til utanfarar, í því skyni að afla sjer þekkingar í umræddum iðnaðargreinum, og í þeirri von, að sú kunnátta megi síðar koma hjer að notum.

Athugasemd.

Á aukaþinginu í fyrra bar jeg fram í Nd. tillögu til þingsályktunar, er stefndi í sömu átt, bending til stjórnarinnar um að gefa þessum nauðsynjamálum gaum; náði sú tillaga samþykki deildarinnar. — Hjer er að eins farið lengra, stjórninni falinn nauðsynlegur undirbúningur, málinu til framkvæmda. Þær aðgerðir þurfa að hefjast sem allra fyrst, ef alt á ekki að lenda við orðin ein. Enginn getur andmælt því, sem hjer er farið fram á, með því að segja, að fjárhagurinn leyfi ekki að leggja í þann kostnað, er undirbúningurinn hefir í för með sjer. Því meir sem kreppir að landsmönnum, verður þeim enn nauðsynlegra að leita bjargráða með bættri afkomu, hvað sem það kostar. Slík tilraun er fólgin í þessari tillögu.

Öllum landsmönnum hlýtur að vera það ljóst, hve miklu það varðar, að þessu máli sje fylgt fast eftir. Hefir margt verið rætt og ritað um ullariðnaðinn, og þykir mjer því ástæðulaust að fara hjer fleiri orðum um þau efni. — Um skinnaverkun og sútaraverksmiðju hefir síður verið rætt, en þar er að sama skapi um hina mestu nauðsyn að ræða, viðleitni til að nota sín eigin skinn og skóefni og vinna úr þeim sjálfir, í stað þess, sem nú viðgengst, að selja þau í óverkun, en kaupa þau, eða samskonar vöru, aftur margföldu verði.

(B. XVII, 5).

Ed. **394. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps,

sem trygt er, nemi aldrei meiru en 1/3 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

Lög þessi takmarka verksvið brunabótasjóðanna, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir 5/6 alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir »fari eigi fram úr 6000 kr.« í 4. gr. laganna komi:
fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir »þó hærra verði nemi en 6000 kr.« í 5. gr. laganna komi:
þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna »Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum,« í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr félaginu.

9. gr.

Í stað orðanna »Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr landssjóði« í niðurlagi 17. gr. komi:

Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

10. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $^{5}/_{6}$ hluta allra hibýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

11. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

12. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

(A. X, 3).

Nd. **395. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu, eða í skipum, sem stunda síldveiðar í landhelgi, þótt síldin sje eigi flutt í land. Enn fremur nær gjaldið til síldar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

Endurgreiða má hjerlendum ríkisborgurum $^2/_3$ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár liður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er $^1/_2$ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra þar, sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi.

Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

(A. IV, 5).

Ed. **396. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykt eins og það kemur

frá Nd., með þeirri einni breytingu, að 5. gr. frumv. falli burt, en í þeirri grein er svo ákveðið, að breyta megi skattinum fyrir eitt ár í senn með ákvæðum í fjárlögum. Telur nefndin, ef ákvæði eins og þetta yrði alment sett inn í skattalöggjöfina, þá yrði minni festa í henni, og hætt við að þing, sem eru um of ör til útgjaldanna, mundu gæta minni sparnaðar, ef hækka mætti tekjuhlið fjárlaganna á svo handhægan hátt, sem hjer er farið fram á. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frumv. með þessari

BREYTINGU.

5. gr. falli burt, en 6. gr. verði 5. gr.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sig. Eggerz,
formaður og framsögum.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari, með fyrirvara.

Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.

(B. XXXV, 4).

Nd. **397. Frumvarp**

til laga um hvildartima háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringn-

um í 4 vökur. Skulu $^3/_4$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_4$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

3. gr.

Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

4. gr.

Skipstjóri og eigendur eða útgerðarmenn skips bera ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(A. XXIII, 8).

Nd. **398. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Stjórnin lagði frumvarp þetta í fyrstu fyrir Alþingi 1919, ásamt ítarlegum athugasemdum við það eftir höfund þess, Lárus H. Bjarnason hæstarjettardómara. Frumvarpið er, eins og hann segir, að mestu leyti þýðing á dönsku frumvarpi um sama efni, er samið var af milliþinganefnd, með hliðsjón af norsku frumvarpi og sænskum lögum. Efri deild vanst ekki tími til að afgreiða málið 1919 og heldur ekki 1920, en nú hefir allsherjarnefnd efri deildar afgreitt málið og deildin samþykt það með aðeins fáum efnisbreytingum, en allmörgum orðabreytingum. Málið hefir fengið allrækilegan undirbúning.

Nefndin telur breytingar efri deildar til bóta, og þar sem hún að öðru

leyti telur frumvarpið mikla rjettarbót, leggur hún til, að hv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsm.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Pjetur Ottesen, með fyrirvara.

Einar Þorgilsson. Stefán Stefánsson.

(A. XXXIX, 3).

Nd. **399. Nefndarálit**

um frumv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað að öllu leyti átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum okkar, eins og þeir hafa tekið fram í nefndaráliti sínu.

Eins og kunnugt er, eru öll skólamál landsins í rannsókn. Milliþinganefnd hefir skilað frá sjer áliti um mentaskólann og kennaraskólann. Áliti um aðra skóla hefir hún ekki lokið. Okkur þykir ekki heppilegt, að þingið afgreiði lög um neinn einstakan skóla, fyr en lagt hefir verið fyrir það álit um alla skóla landsins. Með tilliti til heildaryfirlits skólakerfisins verða lög um hvern einstakan skóla að vera sniðin. Þetta mál er svo merkilegt og mikilsvarðandi, að við teljum að ekki megi setja fyrir sig, þótt eins árs bið verði á afgreiðslu þess, svo að mönnum gefist kostur á að ræða það nánar en orðið er. Hafa og margir, er búast má við að vilji hafa afskifti af málinu, ekki enn látið álit sitt í ljós. Má þar til nefna kennara utan Reykjavíkur. Gæti of fljót afgreiðsla þess orðið því valdandi, að eftir fá ár yrðu gerðar aftur stórbreytingar á skólanum. Tíðar breytingar á skólalöggjöf teljum við mjög óheppilegar. Þegar breytingar eru gerðar í aðalatriðum skólalöggjafar, þá verður að ganga svo frá, að litlar líkur sjeu til, að þær verði aftur numdar úr lögum eftir fá ár. Þegar ný reglugerð síðast var sett fyrir mentaskólann, höfðu staðið umræður um breytinguna í hálfan annan tug ára, utan þings og innan. Ef þetta þing gerði frumv. það, sem hjer er um rætt, að lögum, þá er fyrirsjáanlegt, að sterk alda rís þegar á móti. Þrír kennarar mentaskólans hafa skrifað nefndinni alllangt mál um skólann og þær breytingar, sem þeir vilja gera á honum. Eru þeir mótfallnir flestum þeim aðalbreytingum, sem milliþingamentamálanefndin vill gera á skólanum. Þeir eru meðal annars, sumir, mótfallnir því, að slitið verði sambandi gagnfræðaskólans á Akureyri og mentaskólans, og þar með á móti því, að skólinn verði óskiftur lærður skóli. Nem-

endur lærdómsdeildar mentaskólans hafa einnig skrifað nefndinni og lýst sig andvíga ýmsum aðalbreytingum milliþinganefndarinnar.

Virðist ærin ástæða til að hraða ekki um of afgreiðslu frv., þar sem það mætir svo ákveðinni mótspyrnu nemenda og sumra kennara skólans sjálfs.

Yngri stúdentar virðast flestallir vera mótfallnir auknu latínunámi og aðskilnaði gagnfræðaskólanna og lærða skólans. Háskólaprófessorarnir hafa mjög skiftar skoðanir um aðalbreytingar frumvarpsins.

Það snertir mjög Norðlendinga og Austfirðinga, ef slitið verður sambandi gagnfræðaskólans á Akureyri við mentaskólann, og virðist ekki sanngjarnt að slíta sambandi skólanna, áður en þeim hefir gefist kostur á að leggja nokkuð til málanna.

Þá virðist ekki nægilega athugað, hvaða kostnað leiðir af því, að slíta sambandi gagnfræðaskólanna og mentaskólans. Ef mentaskólinn er gerður að óskiftum lærðum skóla, þá þarf að stofna gagnfræðaskóla í Reykjavík, því að vart mun hugsanlegt, að Reykvíkingar vilji senda sonu sína og dætur, er að eins ætla að fá gagnfræðamentun, til Akureyrar.

En höfuðatriði þessa máls er það, hvort samrýma eigi sem mest í eina heild alt skólakerfi landsins eða ekki. Milliþinganefndin og samnefndarmenn okkar vilja hafa þrjár greinar, aðskildar alla leið neðan frá barnafræðslunni:

1. lærða skólann og háskólann,
2. kennaraskólann og
3. alþýðuskólana.

Annar okkar (Þorsteinn Jónsson) vill láta lærða skólann og kennaraskólann rísa upp af alþýðu- og gagnfræðaskólunum. Hinn (Eiríkur Einarsson) hefir enn ekki tekið afstöðu til þessa atriðis.

Af framangreindum ástæðum virðist okkur rjett að gefa kost á að ræða málið enn um skeið og fresta afgreiðslu þess til næsta þings.

Leggjum við því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem milliþinganefnd, er sett hefir verið til að rannsaka skólamál landsins, hefir enn ekki lokið störfum sínum og skamt er liðið síðan hún skilaði áliti um mentaskólann, og þar sem tillögur hennar um skólann hafa mætt ákveðinni andstöðu úr ýmsum áttum, að svo miklu leyti, sem þær hafa enn verið ræddar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1921.

Þorsteinn Jónsson,
skrifari og framsögumaður minni hlutans.

Eiríkur Einarsson,
með fyrirvara.

(A. XIX, 2).

Nd. **400. Nefndarálit**

um frumv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta samvinnunefndar vatnamála.

Á fundi miðvikudag 30. mars gengu vatnamálanefndir beggja deilda Alþingis í samvinnunefnd, en áður höfðu þær þó unnið saman að athugun þessa frumv. Á fundum nefndarinnar kom það fljótt í ljós, að samkomulag mundi ekki geta orðið um, hver rjettargrundvöllur vatnalaganna skyldi vera, og á fundi 6. apríl klofnaði nefndin til fulls. Hefir meiri hluti nefndarinnar unnið síðan að málinu eftir föngum, með það fyrir augum, að það gæti orðið afgreitt á þessu þingi.

Ágreiningurinn um rjettargrundvöllinn er hinn sami, sem kom fram í milliþinganefndinni í fossamálum, er skipuð var 22. okt. 1917, og er deilan að forminu til um það, hvort vatn alment sje eða eigi að vera að lögum undirorpið eignarrjetti einstakra manna; að efninu til er ágreiningurinn um það, hvort rjettur landeiganda til vatns skuli í lögunum ákveðinn fyrst sem útilokandi umráða- og afnotarjettur, og sá rjettur síðan þrengdur og takmarkaður með hinum einstöku ákvæðum laganna, svo sem þurfa þykir, eða þá að lögin skuli beinlínis tiltaka, hver þessi rjettur landeigandans sje, á þann hátt, að honum sje með beinum ákvæðum heimilaður eða leyfður forgangsrjettur til þeirra afnota og umráða vatnsins á landi hans, sem rjett þykir að hann hafi.

Þar sem minni hlutinn heldur því fram, að vatn sje nú að lögum háð eignarrjetti einstaklinga, og skuli vera það framvegis, álítur meiri hlutinn, að eðlilegra sje, sanngjarnara og þjóðfjelaginu hollara, að vatnið sje undanþegið eignarrjetti í eiginlegum skilningi. Eðlilegra vegna þess, að vatn er að ýmsu leyti óeignarhæft. Sanngjarnara vegna þess, að hjer á landi er miklu meira vatn fyrir hendi en nokkur tiltök eru að landsmenn þurfi á að halda eða geti notað, og þess vegna ekki ástæða til að skifta þessum gæðum náttúrunnar svo misjafnt milli manna, sem verða mundi, ef þeim einum, er land eiga undir vatninu, væri fenginn í hendur eignarrjettur yfir því. Þjóðfjelaginu hollara vegna þess, að á þann hátt verður best girt fyrir það, að einstakir menn nái þeim tökum á fallvötnum landsins, sem þeir eftir atvikum gætu notað sjer, annaðhvort til að leggja fjárkvaðir á notendur orkunnar, ef eitthvert þeirra yrði virkjað til almenningsnota eða handa nytsömum fyrirtækjum, eða þá sem grundvöll fyrir kröfu um virkjunarrjett sjer til handa, jafnvel þótt virkjun þætti koma í bága við almenningshagsmuni. Af þessum ástæðum er meiri hlutinn sammála um, að þau vatnalög, sem nú verða sett, eigi að byggja á þeim grundvelli, að vatnið sje undanþegið eignarrjetti í eiginlegum skilningi. Þar með er ekki sagt, að meiri hl. sje að fullu og öllu sammála um, hver rjettargrundvöllurinn sje samkvæmt núgildandi löggjöf. Þó er hann allur á eitt sáttur um það, að t. d. vatnsveitingalöggjöf landsins hvíli yfirleitt á þeirri rjettarmeðvitund, að vatn sje öllum heimilt endurgjaldslaust

til áveitu, hvar sem það er tekið, þegar það er gert á þann hátt, að meinfangalaust er eiganda landsins, sem að vatninu liggur, og að tilskildum forrjettindum hans til eigin nota. Er af því ljóst, að þar er ekki um eignarrjett að ræða í venjulegum skilningi. Að meira virðist bera á hugmyndum um eignarrjett að vatni á síðustu árum, og jafnvel í einstökum lögum seinni ára, virðist stafa að nokkru af því, að hugmyndir úr norskri löggjöf hafa borist hingað, og meðfram af því, að einstakir menn hafa talið sjer vænlegt til fjárafla að halda fram sem fylstum rjetti til þess verðmætis, sem í vatnorkunni felst. En þetta verðmæti byggist fyrst og fremst á uppgötvunum, sem mannvit og þekking hafa leitt í ljós og nú eru allra eign jafnt, og er þá ekki rjettlátt, að það verðmæti verði sjereign fárra manna.

Þótt meiri hluti þessarar nefndar þannig standi á sama grundvelli og meiri hluti milliþinganefndarinnar, höfum vjer þó viljað gera tilraun til samkomulags um málið, með því að áskilja landeiganda talsvert víðtækari forgangsrjett til umráða og afnota vatnsins á landareign hans en meiri hl. milliþinganefndarinnar gerði. Í stað þess að áskilja landeigendum forgangsrjett til orkunýtingar til heimilis- og búþarfa eingöngu, leggjum vjer til, í samkomulagsskyni, að honum verði áskilinn fullkominn forgangsrjettur til orkunýtingar þeirra fallvatna á landi hans, sem yfir höfuð þykir fært að heimila að virkjuð verði af einstökum mönnum, án sjerstaks leyfis ráðherra eða sjerleyfis, og höfum sett þau takmörk við 500 eðlishestöfl, í samræmi við sjerleyfislagafrv. stjórnarinnar, en vatnalagafrv. hennar setur þessi takmörk við 200 eðlishestöfl. Enn fremur höfum vjer stungið upp á að orða 2. gr. frv. þannig, að þegar í henni komi það bert fram, að landeiganda sjeu áskilin forrjettindi til vatns á landi hans.

Flestar breytingartillögur vorar eru afleiðing þess, er nú hefir verið sagt um mismuninn á rjettargrundvellinum, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögunni.

Þess skal getið, að meiri hl. hefir ekki lesið síðustu gr. frumv. saman við eldri lög, og treystir á, að fulltryggilega sje frá þeim samanburði gengið af stjórninni og starfsmönnum hennar.

Vjer leggjum til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 2. gr. frv. orðist svo:

   Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila.

2. Við 13. gr.

   Fyrir orðin »sem minst« komi:
   eigi.

3. Við 16. gr.

   a. 1. töluliður falli burt. Liðatalan breytist samkv. því.
   b. Á eftir orðinu »landareignar« í 2. tölulið komi:
   er að vatni liggur eða vatn er á.

c. Fyrir »landareignin« í 2. tölulið komi:
sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður.

4. Við 17. gr.
Á eftir orðunum »iðnaðar og iðju« komi:
án orkunýtingar.

5. Við 25. gr.
a. Orðin í 2. tölulið »eftir fyrirmælum 22. gr.« falli burt.
b. Fyrir orðin í 3. tölulið »Ef skaði verður, þá skal hann« komi:
Ef spjöll verða, þá skal þau.

6. Við 33. gr.
Á eftir orðinu »iðju« í 1. málsgr. komi:
án orkunýtingar.

7. Við 39. gr. 2. lið.
Fyrir orðin »skaði að vatnstökunni að öðru leyti« komi:
skaði að missi vatnsins til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í.

8. Við 49. gr.
a. Orðin í 1. lið »svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið« falli burt.
b. Á eftir orðunum í 1. lið »vinna úr því orku« komi:
er samsvari alt að 500 eðlishestöflum.
c. Á eftir orðunum í 2. lið »umráðamaður vatnsrjettinda« komi:
samkvæmt 1. lið.
d. Fyrir »200« í 2. lið komi:
500.
e. 3. liður falli burt.

9. Við 51. gr.
Á eftir orðunum í 2. lið »báðum landareignum« komi:
til orkunýtingar samkvæmt 49. gr.

10. Við 52. gr.
a. Á eftir orðunum í 1. lið »í vatni til orkunýtingar« komi:
samkvæmt 49. gr.
b. 2. liður orðist svo:
Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og fer þá sem segir í 50. gr. 3. lið, sbr. 55. gr.

11. 53. gr. falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt því.

12. Við 54. gr.
a. 1. liður orðist svo:
Ráðherra er rjett að taka sjerhvert fallvatn til þess að vinna úr því orku

til almenningsþarfa, eða handa nytsömum fyrirtækjum, og að veita orku eftir taugum ofanjarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

b. 2. liður orðist svo:
Ef nota þarf í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal greiða endurgjald eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin.

c. 3. liður orðist svo:
Nú þykir ráðherra nauðsynlegt að taka í því skyni, sem í 1. tölulið segir, til afnota virkjað fallvatn, eða fallvatn, sem byrjað er að virkja, eða að taka lögnámi orkuver eða orkuveitu, til þess að fá hagfelda skipun á orkuveitu um eitthvert svæði, og er það þá heimilt, enda komi fult endurgjald fyrir til handa þeim, er tjón bíða af vatnstökunni eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni, og eigi með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um þau efni, er í þessum tölulið segir, skal mat ráða.

d. Við 3. lið gr., sem verði 4. liður.
Í stað »sjálfur« komi:
fyrir ríkið.

e. 4. liður verði 5. liður.

13. Við 57. gr.
Í stað orðanna í 1. lið »láta verin starfa« komi:
halda starfrækslunni.

14. 59. gr. orðist svo:

Þegar hjeraðsstjórn hefir með samþykki ráðherra ákveðið að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, hefir hún rjett til að taka óvirkjað fallvatn til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi hjeraðsstjórn að nota í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

15. 60. gr. orðist svo:

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra selt henni í hendur einkarjett, samkvæmt 56. gr., á svæði því, sem orkuveita hennar nær yfir, um tiltekið árabil, þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Einnig getur ráðherra þá fengið hjeraðsstjórn í hendur rjett til þess að taka lögnámi orkuver eða orkuveitur, sem fyrir eru í takmarkinu, en að öðru leyti fer um slík ver og veitur eftir ákvæðum 57. gr.

16. Við 61. gr. 1. lið.
    a. Á eftir orðunum »notendur yfirleitt« komi:
    Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu, ef nauðsyn þykir vegna staðhátta.
    b. Fyrir »þessum« í næsta málslið komi:
    hjeraðsstjórnar.

17. Við 63. gr.
    Fyrir »raftækjum« komi:
    raforkutækjum.

18. Við 65. gr.
    Greinin orðist svo:
    1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku, er samsvari 500 eðlishestöflum eða minna, og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn á landi annars manns, og er honum það heimilt, ef hann á eigi kost raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki fallvatn til notkunar í því skyni á sínu landi, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að nota það. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Eigi verður heldur tekið í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., nema samkomulag verði eða til komi leyfi ráðherra og endurgjald eftir mati.
    2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 55. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeirri grein segir.
    3. Ef taka þarf til notkunar hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, þarf leyfi ráðherra, er getur sett skilyrði samkvæmt því, er segir í 49. gr. 2. lið og 58. gr.
    4. Í leyfi samkvæmt 3. lið skal kveða svo á, að ráðherra skuli úrskurða ágreining um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, og að báðum aðiljum skuli skylt að hlíta úrskurði ráðherra þar um.

19. Á eftir 65. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
    1. Nú vill maður afla sjer raforku, er samsvari meira en 500 eðlishestöflum, og koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu í því skyni, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum.
    2. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega til að tryggja það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan eru í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gefinn kostur á orku úr henni, með þeim hætti, er í 65. gr. 4. lið segir. Loks má og binda leyfið þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða eða heimiluð í sjerleyfislögum.
    3. Þegar leyfi ráðherra samkvæmt 2. lið er fengið, er heimilt að taka til

notkunar óvirkjað fallvatn, þótt á annars manns landi sje, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi að taka fallvatn eða þann hluta þess, sem áskilinn er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti, sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

20. 66. gr. orðist svo:

Nú er fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar, tekið til notkunar samkvæmt 53., 57., 63., 64. eða 65. gr., enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið skilinn frá landareigninni, og er þá eiganda hennar rjett að krefjast þess, að í stað endurgjalds í peningum verði honum látin í tje raforka frá orkuverinu til heimilis og búþarfa. Hann getur krafist þess, að þessi raforka verði látin sjer í tje með nothæfri spennu á einum stað í landareigninni, sem hann sjálfur tiltekur. Fyrir raforkuna skal hann greiða árlegt gjald, nema öðruvísi um semji, er samsvari beinum tilkostnaði orkuverseiganda til vinslu á þeim hluta orkunnar og til veitunnar frá orkuverinu að neyslustað, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur. Verði ágreiningur um upphæð árgjaldsins, sker ráðherra úr.

21. Við 67. gr.

Aftan við greinina bætist:
og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

22. Við 79. gr.

a. Aftan við 1. lið bætist:
sbr. 80. gr.

b. 2. liður orðist svo:

Nú vill maður veita bagalegu vatni í skurð annars manns, samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði skurðeiganda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum. Og jafnframt skal honum skylt að kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

23. Við 83. gr.

4. liður falli burt.

24. Við 100. gr. 2. lið.

Á eftir »vatnamálastjóra« komi:
ef skipaður verður.

25. Við 126. gr.

Á eftir 2. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenning til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykt eða

reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenning.

26. Við 133. gr.
a. Í stað orðanna í 1. lið »eða samþykki krafist« komi: krafist eða verkið heimilt án ráðherraleyfis.
b. Á eftir orðunum í 3. lið »á mannvirkjum« komi: leyfishafa að kostnaðarlausu.

27. Við 137. gr.
Í stað »með vatnsvirkjum og öðrum verkum« komi: með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum.

28. Við 138. gr.
Greinin falli burt.

29. Við 143. gr. Greinin orðist svo:
Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skifti aðilja, innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

30. Við 145. gr., 1. lið b.
Fyrir orðin »49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið« komi: 64. gr. 4. lið og 66. gr.

31. Við 154. gr. 1. lið F. b).
Fyrir orðin »að framkvæma mat samkvæmt 111. og 112. gr.« komi: 111. gr. 1. lið og 112 gr. 2. lið.

32. Allar tilvísanir í greinar og töluliði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Þessar prentvillur eru í frv., og leiðrjettist við endurprentun:

Í 7. gr., málslið c. Ný lína á að byrja með orðunum: ef tjón eða hætta o. s. frv.

Í 10. gr., fyrstu línu: eftis, f. eftir.

Í 15. gr., málslið c. Ný lína á að byrja með orðunum: má eigi skilja við o. s. frv.

Í 25. gr. 2. málslið, síðustu línu: vatnaveituna f. vatnsveituna.

Í 28. gr. 3. lið, umsókn f. umsögn.

Í 28. gr. 4. lið, gjaldaskrá f. gjaldskrá.

Í 32. gr. 2. lið, 29. f. 27.

Í 34. gr. 1. málsgr., eigenda f. eiganda.

Í 45. gr. síðustu línu, eða f. að.

Í 52. gr. 1. lið, eigenda f. eiganda.

Í 81. gr., á eftir »veita burt« komi: vatni.

Í 83. gr., hættuleg f. hættulegt.
Í 94. gr., 1. lið, orðinn f. orðin.
Í 104. gr. 4. lið, svo hver f. svo og hver.
Í 113. gr. 5. lið, fjelagsskrár f. fjelagaskrár.
Í 114. gr. a-lið, 5. f. 4.
Í 118. gr., 118 f. 117 (tvisvar).
Í 133. gr. 3. lið, breytingu f. breytinga.
Í 143. gr. 5. lið, orkubeiðanda f. orkureiðanda.
(ef greinin verður samþykt, sbr. 29. brtt. nefndarinnar).
Í 150. gr. 2. lið a, 1. lið f. 2. lið.
Í 150. gr. 2. lið b, 2. lið f. 3. lið.

Alþingi, 26. apríl 1921.

Jakob Möller, form. samv.n.	Jón Þorláksson, framsm. í Nd.	Sigurj. Friðjónsson, framsm. í Ed.
Guðjón Guðlaugsson, form. Ed.-nefndar.	Hjörtur Snorrason.	Bjarni Jónsson frá Vogi.

Sþ. **401. Skýrslur**

um gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1919 til 31. des. 1920.

	Tekjur.		Kr. a.
1.	Eign í árslok 1918:		
	a. Bankavaxtabrjef	kr. 12300 00	
	b. Veðskuldabrjef	— 5100 00	
	c. Í Landsbankanum	— 3135 15	
			20535 15
2.	Vextir:		
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr. 1163 25	
	b. - veðskuldabrjefum	— 416 00	
	c. - fje í Landsbankanum	— 174 26	
			1753 51
3.	Ágóði á keyptum bankavaxtabrjefum		110 00
			Kr. 22398 66

Gjöld.			Kr. a.
1. Verðlaun greidd:			
a. Guðbrandi Jónssyni	kr.	500 00	
b. Jóni J. Aðils	—	700 00	
c. Magnúsi Jónssyni	—	300 00	
			1500 00
2. Auglýsingarkostnaður			6 65
3. Eign í árslok 1920:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11800 00	
b. Veðskuldabrjef.	—	5100 00	
c. Í Landsbankanum	—	3992 01	
			20892 01
			Kr. 22398 66

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 26. jan. 1921.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

Sigf. J. Johnsen.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Vjer undirritaðir höfum hjermeð þann heiður að senda hinu háa Alþingi eftirfarandi gerðabókar-útdrátt:

»Ár 1921, sunnudaginn 9. janúar, komu þeir Hannes Þorsteinsson skjalavörður, Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, kosnir af sameinuðu Alþingi 1919, og Einar Arnórsson prófessor, kvaddur af hinum fyrnefndu með brjefi 4. des. f. á., með samþykki kenslumálaráðherra, í stað dr. Jóns Jónssonar Aðils prófessors, er andaðist 5. júlí f. á., saman í herbergi þjóðskjalavarðar í Þjóðskjalasafni til þess að dæma ritgerðir til verðlauna af sjóði Jóns Sigurðssonar, er nefndinni höfðu borist, og ráðstafa vöxtum af sjóðnum að öðru leyti.

Þess er getið, að auglýst var 8. mars f. á. í Ísafold, og síðan í Lögbirtingablaðinu og Lögrjettu, áskorun um að þeir, er vinna vildu til verðlauna fyrir ritgerðir, skyldu senda þær í síðasta lagi 31. des. 1920.

Borist hefir ein ritgerð merkt: »950—1920«, en heiti ritgerðarinnar er: »Grund í Eyjafirði. Eigendur hennar frá 10. öld og til þessa dags og ábúendur á sama tímabili«. 4 ljósmyndir fylgdu.

Samþykt var svo látandi ályktun:

»Enda þótt ytra frágangi og máli á ritgerð þessari sje allábótavant og ýmsar staðhæfingar mjög hæpnar, of langt farið í sum atriði og full skamt í önnur, telur nefndin þó svo mikla vinnu og fróðleik falinn í ritgerðinni, að hún

vill verðlauna hana og ákveður verðlaunin 250 — tvö hundruð og fimmtíu krónur«.

Þá var fylgibrjefið opnað og reyndist höfundur vera Klemens Jónsson fyrv. landritari.

Samþykt var að veita 500 krónur af vöxtum sjóðsins 1919 og 1920 til undirbúnings útgáfu íslenskra annála og 900 krónur til útgáfu Alþingisbóka Íslands, Bókmentafjelaginu til annálaútgáfunnar og Sögufjelagi til Alþingisbókanna.

Fleira ekki gert.

Hannes Þorsteinsson. Jón Þorkelsson. Einar Arnórsson.

Til Alþingis. 22. apríl 1921.

(B. LVI, 1).

Nd. **402. Frumvarp**

til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Sá, er veiða vill síld í landhelgi og verka til útflutnings á landi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Til þess að geta öðlast leyfi samkvæmt 1. gr. þarf leyfisbeiðandi að fullnægja þessum skilyrðum:

Að vera búsettur og hafa verið búsettur í landinu minst eitt ár, og sje um fjelag að ræða, skal stjórn þess öll búsett hjer á landi, og sömuleiðis meiri hluti fjelagsmanna.

3. gr.

Þá er leyfisbeiðandi sendir umsókn sína til stjórnarráðsins, skulu henni fylgja skilríki, er stjórnin tekur gild fyrir því, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er 2. gr. tiltekur. Nú kemur í ljós síðar, að leyfishafi fullnægir eigi nefndum skilyrðum að öllu leyti, eða hann lætur ónotað leyfi sitt um eitt ár, og getur þá landsstjórnin fellt leyfisbrjef hans úr gildi.

4. gr.

Engum leyfishafa er heimilt að veiða eða verka síld til útflutnings nema fyrir sjálfan sig eða innlenda menn.

5. gr.

Allir þeir, er leyfisbrjef hafa fengið samkvæmt 1. gr., ganga í fjelag, er nefnist Síldveiðifjelag Íslands. Fjelagið kýs sjer formann og fjóra meðstjórnendur, og sje formaður búsettur í Reykjavík. Fjelagið heldur einn aðalfund árlega. Fyrsti fundur fjelagsins er stofnfundur, og setur hann nánari lög og reglur fyrir fjelagið. Á þessum fundi hafa allir leyfishafar jafnan atkvæðisrjett. Fái frumvarp til fjelagslaganna, á fundi, atkvæði meiri hluta allra fjelagsmanna, og öðlist síðan staðfesting stjórnarráðsins, gildir það sem lög gagnvart öllum fjelagsmönnum. Leyfishafar geta falið öðrum að fara með atkvæði sitt á stofnfundi og öðrum fundum fjelagsins.

6. gr.

Í lögum fjelagsins skal ákveðið um aukafundi í fjelaginu og um kjörtíma fjelagsstjórnarmanna; þar skal og skipa fyrir um framkvæmdir fjelagsins og skrifstofuhald. Allir fjelagsmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrjett.

7. gr.

Fjelagið getur ákveðið, hve mikla síld megi veiða til útflutnings árlega, og fer um atkvæðisrjett samkv. 6. gr.

8. gr.

Stjórn Síldveiðifjelags Íslands skipar framkvæmdarstjóra eða framkvæmdarnefnd fyrir fjelagið. Hefir framkvæmdarstjórnin á hendi útflutning og sölu á allri síld, sem reynist útflutningshæf, nema framleiðandi breyti henni hjer á landi í aðra vöru. Um verðskiftingu fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum og fundarályktunum fjelagsins, og hefir fjelagsstjórnin fullnaðarskifting síldarverðsins á hendi.

9. gr.

Undanþegnir þeim ákvæðum 1. gr. eru þeir íslenskir ríkisborgarar, sem stunda síldveiði frá heimilum sínum á bátum, er eigi hafa meira lestarrúm en 50 smálestir. En skylt er þeim að framselja síld sína Síldveiðifjelagi Íslands til söluráðstafana, ef hún er ætluð til útflutnings og reynist útflutningshæf, enda sæti hún öllum sömu kjörum um verð og annað sem síld fjelagsins.

10. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 50000 kr. og brot gegn öðrum greinum laganna alt að 10000 krónum.

Greinargerð.

Sjávarútvegsnefnd þótti rjett að flytja frumvarp þetta samkvæmt ósk stjórnar »Síldarsamlags Íslands« (sjá brjef hennar, sem hjer fer á eftir) og gefa þinginu þar með kost á að taka mál þetta til meðferðar.

»Stjórn Síldarsamlags Íslands leyfir sjer að senda hinni háttvirtu sjávarútvegsnefnd Alþingis meðfylgjandi frumvarp til laga um stofnun Síldveiðifjelags Íslands, til flutnings á yfirstandandi Alþingi.

Reynsla undanfarinna ára hefir kent oss, að svo framarlega að síldarútgerð vor ekki gersamlega leggist niður, verður þegar í stað eitthvað að gera til tryggingar þessum atvinnuvegi.

Ein af aðalástæðunum fyrir því, hversu sala á síld hefir gengið illa undanfarin ár, er sú, að framleiðslan hefir oftast orðið of mikil, sem stafar af því, að útlendingar hafa veitt og verkað síld ótakmarkað, án þess vjer höfum getað við það ráðið. En þetta er með öllu óþolandi, þar sem markaðurinn er svo takmarkaður, að vjer sjálfir höfum meira en nægan skipakost og aðrar ástæður til þess að fullnægja honum. Þátttaka útlendinga í síldveiðum hjer hefir verið mjög misjafnlega mikil, og aldrei ákveðin fyr en um síldveiðabyrjun, en fram að þeim tíma hafa þeir oftast látið í veðri vaka, að þeir mundu alls ekki, eða að litlu leyti, gera út til Íslands. Þetta hefir haft í för með sjer, að Íslendingar hafa talið sjer öruggara að salta síld í stærri stíl en annars hefði verið, ef hægt væri að reikna þátttökuna fyrirfram. Þegar svo síldveiðarnar byrja, hafa útlend skip í tugatali komið hjer til þess að veiða hjer síld og salta; þá byrjað að ráða fólk, fyrir hærra kaup en innlendir sáu sjer fært, og notað fastráðið fólk innlendra manna með því að bjóða því hærra kaup. Þannig hafa þeir orðið valdandi þess, að framleiðsla síldarinnar hefir orðið kostnaðarsamari en ella, sem og öll önnur framleiðsla til lands og sjávar.

Það, sem mest hefir eyðilagt síldveiðiútgerð hjer, er hin aukna síldarframleiðsla útlendinga, sem ávalt hefir orsakað mikið verðfall síldarinnar á erlendum markaði. Það má enn fremur benda á aðstöðu þeirra, þar sem þeir taka síldina heim til sín og geta betur sætt lagi að selja, þegar hentugt tækifæri býðst, þar sem þeir eru nær síldarmarkaðinum og allar samgöngur greiðari hjá þeim.

Jafnvel þótt vjer teljum stærsta kost þessa frumvarps bannið gegn veiði útlendra skipa, þá er þó eigi þar með nægileg trygging fengin fyrir því, að síldveiðin verði arðvæn landsmönnum, þar sem markaðurinn, sem stendur, er svo takmarkaður, að innlendir menn geta framleitt meira en markaðurinn þolir, sjerstaklega þegar hver einstakur býður vöruna til kaups með mismunandi verði. Fyrir því er nauðsynlegt að fá lagalegan rjett til þess að sameina síldarsöluna og takmarka framleiðsluna, ef þörf krefur.

Vegna hinnar ótakmörkuðu framleiðslu síldarinnar og hinna mörgu og mismunandi útboða á henni hefir kaupandi sett það sem skilyrði fyrir kaupunum, að síldin væri seld honum komin á ákvörðunarstaðinn, og hann mætti sjálfur dæma um gæði hennar þar. Það er óþarft að skýra nánar þetta atriði, því sú sorglega reynsla, sem menn hafa fengið af þessu sölufyrirkomulagi, mun vera öllum kunn, þar sem mikið af síld, þannig seldri, hefir oft af litlum eða engum ástæðum verið neitað sem samningshæfri og seljandi staðið uppi ráðalaus og orðið að selja síldina fyrir mikið lægra verð eða leggja hana upp með ærnum kostnaði, þegar ekki hefir verið hægt að selja hana. En þetta gerir kaupandann færan um að selja síldina lægra verði á markaðinum, þegar hann fær hana keypta á þennan hátt, og afleiðingin verður sú, að öll óseld síld fellur í verði. Með frumvarpinu ætti að gera það auðveldara, að öll síld verði seld »frítt um borð«, en það

er það sölufyrirkomulag, sem vjer ættum að koma á, svo með þessa vöru sem allar aðrar.

Þótt margt fleira sje um þetta mál að segja, sjáum vjer ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en felum yður í fullu trausti mál þetta til skjótra og góðra úrslita.

Reykjavík, 14. apríl 1921.

Virðingarfyllst.

Í umboði stjórnar Síldarsamlags Íslands:

Ásgeir Pjetursson. C. Proppé.
Aug. Flygenring. Magnús Thorberg.
Richard Thors.

Til
Sjávarútvegsnefndar Alþingis.«

(B. XXXV, 5).

Nd. **403. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá Jóni A. Jónssyni og Hákoni J. Kristóferssyni.

Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. apríl til 15. júní skal á skipum þeim, sem stunda fiskveiðar með botnvörpu, jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur.

(B. XLIII. 6).

Ed. **404. Lög**

um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir »iðgjald, er nemur 70 aurum fyrir hverja viku« komi:
iðgjald, er nemur 1 krónu fyrir hverja viku.

b. Fyrir »þó skulu útgerðarmenn . . . . . greiðist úr ríkissjóði« komi:
þó skulu útgerðarmenn róðrarbáta aðeins greiða *20 aura* vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem minni eru en 5 lestir, aðeins *30 aura*, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:
Fyrir »*35 aura*« (á tveim stöðum) komi:
50 aura.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:
a. Fyrir »2000 krónur« komi:
4000 krónur.
b. Fyrir »1500 krónur« komi:
2000 krónur.
c. Fyrir »100 krónur« komi:
200 krónur.
d. Fyrir »200 krónur« komi:
400 krónur.
e. Fyrir »100 krónur« komi:
200 krónur.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr., sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld í slysatryggingarsjóðinn samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og skulu þá sjómenn þeir, sem skylt var að tryggja, jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi útgerðarmaður skal skyldur að endurgreiða sjóðnum tryggingarfje það, sem sjóðurinn kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótrygðu, en tryggingarskyldu, sjómenn verða fyrir.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:
Fyrir »Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum« komi:
Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 króna sektum.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um slysatrygging sjómanna.

(B. LVII, 1).

Nd. **405. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919 [*Seðlaauki Íslandsbanka*].

Frá peningamálanefnd.

Lög nr. 57, 28. nóv. 1919, um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, skulu vera í gildi til 1. júní 1921.

Greinargerð.

Ofanneínd lög falla úr gildi 1. maí næstkomandi, en með því að ný lög um seðlaútgáfu verða þá tæplega sett og samþykt, virðist nauðsynlegt að framlengja gildandi lög um aukna seðlaútgáfu, þangað til ætla má að ný lög verði sett.

(B. XXXII, 3).

Nd. **406. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., þannig hljóðandi:

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur:

a. *Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleira en 1 barn talið ómegð.

b. *Vegna slysa og vanheilsu.* Styrkur skal talinn veittur vegna slysa og vanheilsu, þegar styrkþurfi sannar með vottorði læknis, eða vottorði tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.

c. *Vegna atvinnuskorts.* Styrkur skal talinn veittur vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu eða vísað honum á atvinnu, sem hann getur stundað sjer og sínum til lífsviðurværis.

d. *Vegna elli.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Engan þann, sem ræðir um í 1. gr. laga þessara, má flytja fátækraflutningi, nema hann hafi veitt til þess skriflegt samþykki sitt.

Nú verður þurfalingur ekki fluttur fátækraflutningi, vegna þess að samþykki hans til þess hefir ekki fengist, og skal þá framfærslusveit endurgreiða allan þann styrk, sem dvalarsveit veitir honum.

b. Skuldir vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnast á 5 árum.

Allar fátækraskuldir frá fyrri árum, sem ekki er veð fyrir og orðnar eru til fyrir 1. jan. 1920, skulu falla í fyrningu, ef ekki hafa verið innheimtar fyrir 1. jan. 1922.

Geinatalan breytist samkvæmt þessu.

A. XXX, 29).

Ed. **407. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1174344 kr. 6 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.

Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers . ... kr. 6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 2000 kr.

Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 ... ... kr. 2000,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1. Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og

	koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	20000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920...	—	460,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
12.	Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur	—	1500,00
		Samtals kr.	205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 262400 kr.

1.	Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram 1/3 kostnaðar	kr.	7000,00
2.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
3.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
4.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
5.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
6.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
7.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
8.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
9.	Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að 1/3 flutningskostnaðar ... ... Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.	—	5000,00
10.	Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
11.	Til bátaferða á Hvalfirði	—	1000,00
12.	Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ... ... Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.	—	8000,00
13.	Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að ... ... Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá	—	60000,00
		Flyt kr.	202000,00

	Fluttar kr.	202000,00
3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.		
14. Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
15. Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði	—	10000,00
16. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins	—	400,00
	Samtals kr.	262400,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 109153 kr. 24 a.

1. Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum	kr.	8000,00
2. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ... Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.	—	8000,00
3. Dýrtíðarbætur til háskólaritara	—	600,00
4. Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
5. Til utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
6. Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
7. Kostnaður við starf mentamálanefndar	—	10000,00
8. Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
9. Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920...	—	3000,00
10. Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann...	—	300,00
11. Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
12. Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
13. Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
14. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
15. Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
16. Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
17. — Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
18. — Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
19. Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
20. Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni ...	—	1800,00
	Samtals kr.	109153,24

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 105990 kr. 52 a.

1. Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2. Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
	Flyt kr.	6100,00

		Fluttar kr.	6100,00
3.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni ...	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni ...	—	2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
11.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
12.	Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði...	—	725,33
13.	Til sama, dýrtíðaruppbót	—	3000,00
14.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)...	—	2000,00
15.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ...	—	1500,00
16.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00
17.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms	—	2000,00
18.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00
19.	Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur	—	1000,00
		Samtals kr.	105990,52

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 241972 kr. 40 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6.	Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8.	Til skógræktar (eftirgjöf á láni)	—	5000,00
9.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
10.	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12.	Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar	—	29000,00
13.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
		Flyt kr.	171659,90

Fluttar kr. 171659,90

14. Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... — 5000,00 þó ekki yfir helming kostnaðar.
15. Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar — 8000,00
Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.
16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921. ... ... — 8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að.. ... ... — 19000,00
18. Til björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum ... ... — 30000,00

Samtals kr. 241972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 17867 kr. 90 a.

1. Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra ... ... kr. 12619,90
2. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur... ... ... — 900,00
3. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils ... ... — 500,00
4. Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 1200 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum .... — 2848,00
5. Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga ... ... — 1000,00

Samtals kr. 17867,90

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar ... ... kr. 200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín ... ... — 500,00
3. Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar ... ... — 22500,00

Samtals kr. 223000,00

11. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 50000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir 4/5 hluta alls byggingarkostnaðar. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.

2. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
3. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.

(C. XVI, 1).

Nd. **408. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt ítrasta til þess að fá undanþágu frá þeim innflutningshömlum, sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.
3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.

Ástæður.

Síðastliðið ár varð, svo sem kunnugt er, stórfelt verðfall á nálega öllum landbúnaðarafurðum, er kom bændum yfirleitt mjög á óvart. Þeir höfðu ráðið til sín verkafólk fyrir afarkaup og margir byrjað á umbótum sjer til þæginda eða hagsbóta, og bundið þannig fje sitt. Verðfall þetta, ásamt harðindum síðastliðins vetrar, hjó það skarð í efnahag bænda, að fæstir þeirra munu telja sjer fært að ráða til sín verkafólk að nokkrum mun, þótt kaupgjald lækki, meðan salan á öllum landbúnaðarafurðum er jafnótrygg og nú er. Bændur munu því alment draga saman seglin að miklum mun og framleiðsla og framkvæmdir landbænda þokast aftur á bak, jafnvel svo árum skiftir.

Fáum mun geta blandast hugur um það, að hjer sje um alvörumál að ræða fyrir okkar þjóðfjelag, og að ekki megi lengur svo búið standa, án þess að reyna eitthvað til bjargar. Að vísu er ekki sennilegt, að mikið verði gert til umbóta í þessu efni á skömmum tíma. Aðalatriðið er, að landbúnaðarkreppan verði sem skammvinnust.

Eins og áður hefir verið drepið á, er ein af höfuðorsökum landbúnaðarkreppunnar verðfall afurðanna, sem stafaði að nokkru leyti af hinu almenna verðfalli, mest á óunnum vörum, svo sem ull og gærum. Hitt mun þó ráða engu minna, að vörur okkar eru yfirleitt ekki taldar 1. flokks vörur, hvorki að því er snertir meðferð varanna, vöruvöndun eða vörugæði, en lakari vörutegundir falla venjulega fyrst og mest í verði, þegar fjárkreppa ríður yfir.

Annað verulegt atriði í þessu máli er það, að markaðurinn hefir reynst þröngur, einkum fyrir hesta og kjöt, svo að lítið rúm virðist leyft fyrir aukna framleiðslu á þeim sviðum. Getur því hæglega svo farið, að markaðurinn offyllist, en þá er kaupendunum greiðari leið að gera samtök sín á milli um að halda verðinu niðri, eftir eigin geðþótta.

Einn meginþátturinn í orsökum þessa verðfalls á landbúnaðarafurðum mun mega teljast óviðráðanlegur; hinir þættirnir eru þannig vaxnir, að á þeim má vafalaust ráða verulega bót, ef bændur, þing og landsstjórn tækju höndum saman í þessu máli. Aðrar þjóðir verja árlega stórfje til þess að leita að nýjum kaupendum, kynna vörur sínar, rannsaka nýjar aðferðir um meðferð þeirra vörutegunda, er þær hafa á boðstólum, grenslast eftir óskum kaupendanna um gæði, flokkun og allan frágang varanna o. m. fl.

Enn þá höfum við Íslendingar gert lítið í þessum efnum. Það mun því tæpast seinna vænna að hefjast handa, ef verða mætti, að það gæti orðið til þess, að landbúnaðarkreppunni ljetti fyr af.

Nánari greinargerð í framsögunni.

(C. XV, 2.)

Nd. **409. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 393 (Ullariðnaður).

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Fyrir »Neðri deild Alþingis« komi:
Alþingi.

(A. XXX, 30).

Ed. **410. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Karli Einarssyni.

1. Við 8. gr. 18.
Liðurinn orðist svo:
Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að ... ... kr. 45000,00

2. Við 11. gr.

Á eftir 2. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

að lána bæjarsjóði Vestmannaeyja 80 þús. krónur, til þess að greiða rekstrarkostnað björgunar- og eftirlitsskipsins »Þórs« árið 1920. Lánið er veitt til 7 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist á þeim tíma með jöfnum afborgunum árlega.

(A. XXXV. 6).

Nd. **411. Lög**

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt annaðhvort fyrir elli sakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25‰ af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn, og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjalds-

laust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, og hefir hann þá rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris, er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lífeyrir ekkju nemur 1/5 af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns síns, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki lífeyri í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Nú missir ekkja lífeyri af því að hún hefir gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hinn sama lífeyri, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Ekkill konu, sem verið hefir í kennarastöðu, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um styrktarsjóð handa barnakennurum, 9. júlí 1909, og lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, 20. okt. 1913.

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

(A. XLVI, 9).

Ed.

412. Frumvarp

til laga um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi, kalki, tjöru, blackfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf- og veggjaplötum, steyptum eða brendum, hefilspónum, sagi, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum og tunnuhlutum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, blikki, smíðajárni, járngirði, stáli, blýi, tini, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, vögnum, kerrum, hjólum og hjólásum, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum, lóðarvindum, akkerisvindum, lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, vírtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni, segldúk, striga, tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, gipsi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol), kokosfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugerðar, 1 kr. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;
   b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

   Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.
5. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.

6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, 1 kr. af hverju kg.
7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í ríkissjóð gjald af póstbögglum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg., nema móttakandi sanni, hvert innihald þeirra sje, og skal þá greiða gjald af þeim samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Eru frímerkin úr því, í þessu tilfelli eins og öðrum, eign viðtakanda. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Heimilt er póstafgreiðslumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum,

hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 6. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar,

án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5., 6. og 7. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. IV, 6).

Ed. **413. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 a. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald. Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(B. LVII, 2).

Ed. **414. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919 [*Seðlaauki Íslandsbanka*].

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl).

Lög nr. 57, 28. nóv. 1919, um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. aga nr. 66, 10. nóv. 1905, skulu vera í gildi til 1. júní 1921.

(A. XXI, 3).

Ed. **415. Frumvarp**

til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kap.

Um það, hver börn sjeu óskilgetin.

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi nje svo skömmum tíma eftir hjúskaparslit, að þau geti verið getin í hjónabandinu. Geti börnin verið getin í hjónabandi, teljast þau þó einnig óskilgetin, ef vefengt er, að þau sjeu skilgetin, á þann hátt, sem lög mæla fyrir.

2. gr.

Það skiftir eigi máli að lögum þessum, þótt foreldri óskilgetins barns sje gift.

II. kap.

Faðerni.

3. gr.

Nú verður kona ljettari að barni, sem ætla má að sje óskilgetið, og skal þá læknir sá eða ljósmóðir, er vitjar hennar í sængurlegunni, athuga nákvæmlega öll atriði, er ráða má af, hvort barnið hafi verið fullburða, eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri, enda sje skýrsla um þetta skrásett þá þegar.

4. gr.

Nú gengst karlmaður sá, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, frjáls og viti sínu vitandi við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni, eða brjeflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins, hvort sem gengist hefir verið við faðerninu fyrir eða eftir barnsburðinn, enda sje faðernisjátningin fyrir presti eða valdsmanni þá þegar bókuð og brjefvottarnir lögráða, valinkunnir menn, og eigi ástæða til að vefengja undirskrift þeirra.

5. gr.

Nú kennir kona karlmanni óskilgetið barn sitt, en hann gengst eigi við faðerninu, og getur hún þá krafist þess, að valdsmaður, þar er hún er heimilisföst eða stödd, hlutist til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum.

Nú er leitað fátækrastyrks til framfærslu barnsins, og hlutast þá oddviti sveitarstjórnar þeirrar, er leitað er, til um höfðun barnsfaðernismáls gegn hinum lýsta barnsföður.

6. gr.

Nú sannar kona, vanfær að óskilgetnu barni, með vottorði þjónandi læknis eða ljósmóður, að liðnir sjeu 6 mánuðir frá getnaði fósturs, og getur hún þá krafist höfðunar barnsfaðernismáls með þeim hætti, sem getur í næstu grein á undan, enda sje maðurinn á lífi.

Nú hefir sá, er konan kennir fóstrið, gengist við faðerni þess á þann hátt, er greinir í 4. gr., eða gengst við því í rjettinum, og er þá skorið úr um faðernið, enda gengur málið þá eigi til dóms.

Gangist hann aftur á móti eigi við faðerninu, fer um úrslit málsins eftir því, sem segir í 14. og 15. gr., sbr. 13. gr., þó svo, að eið samkvæmt 15. gr. skal þá vinna undir rekstri málsins.

7. gr.

Nú er sá maður látinn, sem óskilgetið barn er kent, og má þá höfða barnsfaðernismál gegn búi hans. Fari skiftaráðandi með búið, skal stefna honum fyrir búsins hönd. Standi skiftaforstjórar eða erfingjar fyrir skiftunum, nægir að stefna einum skiftaforstjóra eða erfingja.

Nú er stefndur horfinn eða farinn af landi burt, og má þá höfða mál gegn honum hjer á landi, eftir opinberri stefnu.

8. gr.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi þess, er barn (fóstur) er kent, eða því, er hann síðast átti, eða þar sem farið er með bú hans, sje hann látinn.

Málið skal höfðað innan árs frá fæðingu barnsins, sje móðir þess málshöfðandi, ella innan árs frá því, að framfærsluskyldur tók við barninu til framfærslu. Standi sjerstaklega á, getur stjórnarráðið lengt frestinn, svo sem hæfa þykir.

9. gr.

Um stefnufrest í barnsfaðernismáli og stefnubirtingu fer að lögum, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

10. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls er undanþeginn öllum rjettargjöldum í hjeraði. Um greiðslu annara gjalda hans fer svo, sem málið væri gjafsóknarmál af hans hendi.

Nú telur æðri dómstóll málsstað málshöfðanda eigi ólíklegan, og getur dómurinn þá ákveðið, að svo skuli fara þar um greiðslu rjettargjalda og annara gjalda, sem mælt er um í hjeraði.

11. gr.

Um barnsfaðernismál í hjeraði fer sem einkalögreglumál, að svo miklu leyti, sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

12. gr.

Dómaranum ber af eigin hvötum að afla allra fáanlegra sannana fyrir þeim atriðum, sem bent geta til þess, hver vera muni faðir óskilgetins barns, meðal annars skýrslu læknis eða ljósmóður um það, hvort barnið hafi fæðst fullburða eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri. Hann getur í því skyni kallað bæði barnsmóður og þann, er faðernið er kent, fyrir sig, og krafið þau framburðar, en eið má hann eigi af þeim taka, nema svo standi á, sem greinir í niðurlagi 6. gr.

Nú neitar annað þeirra að koma í rjettinn, og má dómarinn þá láta sækja það, nema barnsmóðir sje sækjandi málsins og neiti að sækja rjettarhaldið; þá frávísar hann málinu.

Nú neitar annað þeirra að svara spurningum dómarans, og getur dómarinn þá gert því þingvíti, nema barnsmóðirin sje sækjandi málsins og neiti að svara; þá frávísar hann málinu.

Barnsmóðir og sá, er barn er kent, skulu spurð í rjetti fyrir lokuðum dyrum, nema bæði sjeu á annað sátt.

13. gr.

Nú koma fram líkur fyrir því, að fleiri hafi haft samfarir við barnsmóður á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og ber þá dómaranum að stefna þeim mönnum, til að svara til sakar, með stefndum.

14. gr.

Nú sannast eða er viðurkent, að stefndur hafi haft samfarir við barnsmóður um það leyti, sem barnið (fóstrið) hefir getið verið, og eigi er ástæða til að ætla, að aðrir hafi haft samfarir við hana um þær mundir, og skal þá dæma hann föður þess.

15. gr.

Nú þykja nokkrar líkur fyrir því, að stefndur hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, að hann geti verið faðir barnsins (fóstursins), og dæmir þá dómari þeim aðilja, er ætla má, að hafi rjettari málsstað og trúverðari þykir, að staðfesta framburð sinn með eiði, konunni með fyllingareiði og karlmanninum með synjunareiði.

Nú er stefndur látinn, þegar málið er tekið til dóms, horfinn eða farinn af landi burt, og verður konunni þá dæmdur eiðurinn, sje hún eiðgeng og framburður hennar líklegur.

16. gr.

Í eiðstaf þeim, sem stílaður er í barnsfaðernismáli, skal einskorða tímabil það, er eiðurinn tekur til.

Móðirin vinnur eið að því, að sá, er hún kennir barnið (fóstrið), hafi haft samfarir við sig á því tímabili, sem tiltekið er í eiðstafnum, en hann synjar fyrir það með eiði, að svo hafi verið.

III. kap.

Framfærsla barns o. fl.

17. gr.

Móðir er skyld að framfæra og uppala óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er framfærsluskylda óskilgetins barns gegn móður þess söm sem framfærsluskylda skilgetins barns gegn foreldri.

18. gr.

Nú hefir maður gengist við faðerni að óskilgetnu barni (fóstri) eða hann hefir verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður hefir fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

Framfærslu og uppeldi óskilgetins barns skal hagað svo, sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt, hafi karlmaðurinn gengist við faðerninu eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall um faðernið eða faðernis-eiður fallið á hann, en ella eftir högum móður þess. Þó má hvorugt vera síður en almennt gerist.

19. gr.

Nú er ástæða til að ætla, að fleiri karlmenn hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, er líklegt er að barnið (fóstrið) sje getið, og verður þá enginn dæmdur faðir barnsins.

Hins vegar skal dæma þá alla í sameiningu til að gefa með barninu þangað til það er 16 ára, og til að inna af hendi þær greiðslur, sem móðir óskilgetins barns getur krafist sjer til handa af barnsföður sínum.

Nú eru fleiri dæmdir til meðgjafar með óskilgetnu barni eða til lögmæltra greiðslna til handa móður barnsins (29. og 30. gr.), og ábyrgjast þeir þær greiðslur þá einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Nú hefir einn greitt fyrir alla umsamið eða úrskurðað framlag, og getur hann þá krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu af hendi hinna.

20. gr.

Heimilt er barnsmóður eða þeim, sem kemur í hennar stað, þar á meðal fátækrastjórn, að semja, jafnvel fyrir barnsburð, við barnsföður eða þann, sem á að greiða meðlag með barni, um greiðslu barnsfúlgunnar. En skriflegur skal sá samningur vera og vottfastur, enda staðfestur af valdsmanni þar, er barnsmóðir er heimilisföst eða dvelur.

Nú er samningurinn eigi í lögmæltum búningi, og má þá krefjast framlaga framvegis, svo sem enginn samningur hefði verið gerður.

Nú er barnsfúlga greidd samkvæmt samningi um lengri tíma eða öll í einu, og skal þá fara með hana sem fje ófjárráða.

21. gr.

Þröngva má barnsföður eða manni, sem lögskylt er að gefa með óskilgetnu barni (fóstri), með úrskurði valdsmanns, þar er hann á heima, til að gefa

með barninu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, sem í raun og veru er greidd með barninu.

Nú má ætla, að barnið sje ávöxtur af samförum án vilja móður eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og er hann þá skyldur að kosta framfærslu og uppeldi barnsins að öllu leyti.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, sem gerir manni að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skal vera skýrt, svo sem kostur er á, frá aldri mannsins, fæðingarstað og framfærslusveit.

22. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og getur móðir þess þá krafist þess, að valdsmaður geri föður þess eða þeim, sem dæmdur hefir verið til meðgjafar með því, að leggja fram aukastyrk til hjúkrunar og lækningar og greftrunar barninu.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að konunni látinni eða vegna annara lögmæltra ástæðna, þar á meðal fátækrastjórn.

23. gr.

Nú er barnið komið úr ómegð, en ófært, vegna andlegra eða líkamlegra bresta eða annara ósjálfráðra orsaka, til þess að hafa sjálft ofan af fyrir sjer, og getur þá sá, sem að lögum er skyldur að annast barnið, krafist þess, að valdsmaður úrskurði föður þess skylt að framfæra barnið af sinni hálfu, að svo miklu leyti, sem hann er aflögufær að dómi sveitarstjórnar í dvalarsveit hans.

Óskilgetnu barni er skylt að framfæra föður sinn með sama skilorði.

24. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrirfram, fyrir hálft ár í senn.

Úrskurðað meðlag má hækka eða lækka, ef hagur aðilja breytist.

Nú hefir manni verið gert að greiða meðlag með barni, áður en barnið fæðist, en það fæðist andvana, og fellur þá meðlagsskyldan niður.

25. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig óskilgetið barn, er honum ber að gefa með, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiftaráðanda, áður en skuldalýsingafrestur er liðinn, eða 12 mánuðum frá láti mannsins, hafi skuldalýsingafrestur eigi verið auglýstur, enda er skiftaráðanda skylt að lýsa slíkri kröfu í búinu, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn, er honum bar að framfæra.

Sje barnsfúlga sú, er hinn látni skyldi lúka, hvorki ákveðin með samningi nje yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára.

Ef ekkja barnsföður er á lífi eða skilgetin börn, þá skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða barnsfúlgu þá, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákveði með rökstuddum úrskurði, að hún skuli greiða minna, eða jafnvel ekkert, um lengri eða skemri tíma vegna breyttra ástæðna. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarráðsins.

Nú er barnsfúlga greidd af hendi í einu eftir lát föður (meðlagsskylds), og fer þá um hana svo sem segir í 3. mgr. 20. gr., enda skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skuli meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fje það, sem óeytt er, koma til skifta meðal erfingja greiðanda. Verði afgangur af fúlgunni af öðrum ástæðum, nýtur barnið hans.

26. gr.

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi nema fyrir eitt ár og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna.

Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

27. gr.

Sama rjett, sem móðir óskilgetins barns hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin framfærslusveit barnsins, hafi hún tekist framfærslu þess á hendur.

28. gr.

Nú er karlmaður skyldur að lögum til að gefa með óskilgetun barni, en ókunnugt er um verustað hans, og getur þá sá, er framfærslu- og uppeldisskyldan hvílir á, krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

Þá getur framfærsluskyldur og, þótt annar sje en framfærslusveit, neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á sem þar er lýst.

Nú fer maður af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur framfærsluskyldur þá heimtað lögtak á gjaldkræfum greiðslum og löghald fyrir ógjaldkræfum, hvorttveggja samkvæmt lögmæltum reglum.

29. gr.

Faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) er skyldur að greiða móður barns-

ins að minsta kosti helming kostnaðar þess, er leitt hefir af barnsförunum, og styrk til framfærslu hennar næstu 6 vikur fyrir og eftir barnsburðinn.

Nú hefir barnsfaðir við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móður barnsins, sem getur í 2. mgr. 21. gr., og ber hann þá allan kostnað, bæði við barnsfarirnar og framfærslu og hjúkrun hennar, er leiðir af meðgöngunni og barnsförunum.

Nú er skorið úr um faðerni barns (meðlagsskyldu) fyrir fæðingu þess, og getur konan þá heimtað framfærslustyrkinn fyrir fyrri 6 vikurnar úrskurðaðan sjer þegar í stað.

Valdsmaður, þar er konan dvelur, ákveður framlög þessi, framfærslustyrkinn, eftir högum beggja. Fyrirfram gerður samningur um framlög er ógildur. Framlögin eru gjaldkræf, þegar er úrskurður hefir gengið um þau.

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) eigi framlög þessi á gjalddaga, og getur þá móðir barnsins heimtað þau greidd af dvalarsveit sinni, hvort sem barnsfaðir er lífs eða liðinn. Um endurgreiðslu framfærslusveitar barnsföður á framlögum dvalarsveitar fer að lögum.

30. gr.

Nú sýkist kona, sem svo er ástatt um, sem segir í 6. gr., vegna meðgöngunnar og er lengur frá verki en 2 vikur, og getur hún þá heimtað, að valdsmaður, þar sem hún dvelur, úrskurði, að maður sá, er eigna má faðernið (meðlagsskyldur), greiði styrk til hjúkrunar hennar mánaðarlega fyrirfram, þangað til hún verður ljettari, og framfærslustyrk jafnlengi, þó að frádregnum tíma þeim, er henni áður kynni að hafa verið úrskurðaður framfærslustyrkur fyrir.

Nú hefir móðir óskilgetins barns sýkst af barnsförunum og er lengur frá verki en venjulegt er um sængurkonur, eða hún sýkist svo eftir sængurleguna af meðgöngunni eða barnsburðinum, að hún er lengur frá verki en 2 vikur, og hefir hún þá sama rjett gegn barnsföður sínum (meðlagsskyldum), sem getur í næstu málsgrein á undan, meðan hún er sjúk, þó eigi lengur en 6 mánuði eftir barnsburð og að frádregnum þeim framfærslukostnaði, er henni kynni að hafa verið úrskurðaður áður.

Um ákvörðun og greiðslu framlaga þessara gilda sömu reglur og um framlög samkvæmt 29. grein.

31. gr.

Nú líða meira en 6 mánuðir frá því, að konan varð heil, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

IV. kap.

Um forráð barna o. fl.

32. gr.

Móðir óskilgetins, ósjálfráða barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til þess að hafa barn sitt hjá sjer og ráða því að öðru leyti.

Nú giftist barnsmóðir öðrum en föður barnsins, og ráða þá hjónin barninu bæði saman, enda fylgi barnið móður sinni.

Nú andast móðirin frá manni sínum, og ræður þá stjúpinn barninu, sje það á framfæri hans, enda hafi barnið eigi verið skilgert.

33. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða fer alfarin af landi burt, eða telst óhæf, að dómi valdsmanns með ráði sóknarprests og hjeraðslæknis, til að ala barnið upp, og á þá faðir þess rjett til að fá umráð yfir barninu, ef hann skilgerir það á þann hátt, er segir í 38. gr., eða þinglýsir því samkvæmt 39. grein.

Nú hefir barn, sem þinglýst hefir verið samkvæmt 39. gr., verið á fóstri um lengri tíma og vel farið um það, og getur þá stjórnarráðið heimilað slíku fósturforeldri að halda barninu áfram, enda kalli fósturforeldri eigi eftir meðgjöf með því af hendi barnsföður.

34. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því, að óskilgetin börn innan umdæma þeirra sjeu vel upp alin.

Nú verður nefnd þess vör, að móður óskilgetins barns eða þeim, sem barnið er hjá, fari uppeldi barnsins eigi svo vel úr hendi sem skyldi, og skal nefndin þá áminna þann, sem í hlut á. Nú skipast hann eigi við áminning nefndarinnar, og skal hún þá skýra valdsmanni frá málavöxtum, en hann leitar álits læknis og prests og gerir síðan þær ráðstafanir, er með þarf; getur meðal annars komið barninu fyrir á öðrum stað.

35. gr.

Um rjett og skyldu óskilgetins barns til annars nafns en eiginnafns fer að lögum, enda jafngildi faðernisdómur, eiðfall barnsföður eða eiður barnsmóður faðernisjátningu.

Um sveitfesti og sóknfesti barnsins fer að lögum.

V. kap.

Um erfðarjett barns og hverjir það erfi.

36. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið barn, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengist við faðerni þess (4. gr.) eða verið dæmdur faðir þess (14. gr.).

Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu, þá er um erfðarjett barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn, svo sem foreldri og foreldra-

frændur erfa skilgetið barn. Slíkt hið sama gildir um föður og föðurfrændur óskilgetins barns, hafi barnið haft erfðarjett eftir þá.

VI. kap.

Um skilgerð barna o. fl.

37. gr.

Nú giftast karl og kona, er átt hafa saman óskilgetið barn, í lifanda lífi barnsins, og er barnið þá skilgert, enda hafi maðurinn annaðhvort gengist við faðerni barnsins eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann.

38. gr.

Nú má telja faðerni óskilgetins barns víst, þótt eigi sje sannað á lögmæltan hátt, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, eftir beiðni barnsföður, að barnið skuli hafa skilgetinna barna rjettindi gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því, enda komi samþykki lögráðamanns barnsins til, sje það ósjálfráða, en ella samþykki þess sjálfs.

39. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefir kent óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu, manntalsþingi eða bæjarþingi, og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá öll rjettindi feðraðs óskilgetins barns gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því.

40. gr.

Nú er óskilgetið barn skilgert samkvæmt 37. og 38. gr., og verður þá afstaða þess til föður og föðurfrænda sem skilgetins barns. Þó getur faðir eigi heimtað sjer fengin forráð barns, er skilgert hefir verið samkvæmt 38. gr., meðan móður þess nýtur.

VII. Kap.

Ýmisleg ákvæði.

41. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi móðirin íslenskan ríkisborgararjett.

Slíkt hið sama gildir, þó að ríkisfesti móður slitni, haldist ríkisfesti barnsins óbreytt.

42. gr.

Framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni og greiðsluskylda hans

gagnvart móður þess fer að lögum lands þess, er konan átti ríkisborgararjett í, þá er hún varð ljettari eða vanfær, sje krafist barnsmeðlags eða framfærslustyrks til konu fyrir fæðing barnsins.

Frekari kröfur en lögmæltar eru hjer í landi verða þó ekki teknar til greina.

43. gr.

Skilgerð óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi skilgerandi verið ríkisfastur hjer, þá er skilgerðin fór fram.

Nú er skilgerandi útlendur, en barnið ríkisfast hjer, og er þá skilgerð ógild, nema til komi samþykki lögráðamanns, sje barnið ósjálfráða, en ella samþykki þess sjálfs.

44. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá þeim tíma.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sje samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áður gildandi lögum.

Enn fremur gilda erfðanýmæli 36. gr. eigi um önnur börn en þau, sem fædd eru 10 mánuðum þrítugnættum eftir að lögin ganga í gildi.

45. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: N. L. 5. 2. 33 og 71—74, sbr. konungsbrjef 17. febr. 1769, og D. L. 5. 2. 33 og 70—73, sbr. 2. gr. tilsk. 25. sept. 1850, N. L. 6. 13. 5, sbr. kbr. 2. maí 1732, 9. gr. í tilsk. 25. sept. 1850, niðurlag 3. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, 6.—8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 10.—13. gr. og síðari setning 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þá ógildast og önnur ákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

46. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

(A. VI, 8).

Nd. **416. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir gerbreytingu í hv. Ed., jafnvel svo, að fyrirsögninni hefir orðið að breyta. Áfengissalan hefir verið feld undan og tekin upp í frumvarp um einkasölu lyfja, frv., sem óvíst er að afgreitt verði að þessu

sinni. Telur meiri hluti fjárhagsnefndar þessa breytingu síður en til bóta og horfurnar á tekjuauka fyrir ríkissjóð miklu minni nú en ella hefði verið.

En með tilliti til þess, hve áliðið er nú þingtímann og hætt við að frumvarpið dagi uppi, ef það yrði fært í sitt fyrra form, þá ráðum vjer hv. deild til að samþykkja það óbreytt, og höfum vjer þá fyrir augum, að ekki verði sjerstök framkvæmdarstjórn fyrir tóbaksverslunina skipuð, heldur verði tóbaksverslunin sameinuð öðrum þeim verslunarfyrirtækjum, er ríkið kann að hafa á hendi.

Alþingi, 26. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Sveinn Ólafsson, framsm.

Þórarinn Jónsson.

(B. XXXI, 2).

Nd. **417. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 6. gr. laga nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.

Frá fjárhagsnefnd.

Það virðist vera svo sanngjörn krafa, sem frv. þetta fer fram á, og misrjettið, sem það á að ráða bót á, svo auðsætt, en á hinn bóginn svo tiltölulega útlátalítið fyrir ríkissjóðinn að bæta úr því, að fjárhagsnefnd hlýtur að mæla með því, að frv. nái fram að ganga. Nefndin verður að telja það óþarft, að færa fyrir þessu frekari rök í nefndaráliti en fram eru tekin í greinargerð þeirri, er frv. fylgir á þskj. 136, og lætur sjer nægja að vísa til hennar.

Alþingi, 25. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, framsm.

Hákon J. Kristófersson.	Þórarinn Jónsson.	Sveinn Ólafsson.

(B. XIV, 2).

Nd. **418. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um húsnæði í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem flutt er af þingmönnum Reykjavíkur og samið og samþykt af bæjarstjórninni, hefir nefndin rætt á allmörgum fundum sínum. Nokkru eftir að frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar, sendi borgarstjóri nefndinni frumvarp til reglugerðar um húsaleigu í Reykjavík, sem bæjarstjórnin hafði í smíðum og koma átti í stað húsaleigulaganna. Frumvarpi þessu fylgdu breytingartillögur, sem fram voru komnar frá nokkrum bæjarfulltrúum. Frumvarpið hafði ekki verið borið undir atkvæði í bæjarstjórninni; en borgarstjóri, sem átti tal við nefndina um málið, taldi víst, að það yrði samþykt með þeim breytingum, sem nefnd sú í bæjarstjórninni, er kosin var til að undirbúa málið, hefði fallist á.

Eftir allnákvæman samanburð á frumvarpinu, með breytingartillögum, og húsaleigulögunum, þá afrjeð nefndin að skrifa borgarstjóra og mæltist til þess, að bæjarstjórnin legði síðustu hönd á reglugerðina áður en nefndin afgreiddi málið.

Nú hefir nefndin fyrir nokkru fengið brjef frá borgarstjóra, þar sem skýrt er frá því, að umrætt frumvarp til reglugerðar hafi verið fellt á bæjarstjórnarfundi með eins atkvæðis mun.

Það er alkunnugt, að húsaleigulögin hafa frá öndverðu verið mjög óvinsæl af meginþorra húseigenda, enda verður því ekki neitað, að sum ákvæði þeirra ganga mjög nærri eignarrjetti manna.

Eins og ástatt var hjer í bæ 1917, þegar lög þessi voru samþykt, þá verður því þó tæplega mælt í gegn, að brýn nauðsyn hafi verið á því að gefa út lög um þetta efni. Um hitt má auðvitað deila, hversu tekist hafi með þessa lagasmíð og framkvæmd laganna. Eftir upplýsingum þeim, sem nefndin hefir fengið hjá borgarstjóra og fleirum, sem nefndin hefir átt tal við um þetta mál, þá virðist víða hjer í bæ vera komið í mjög óvænt efni um sambúð og samkomulag húseigenda og leigjenda, og er svo af því látið, að það horfi sumstaðar beinlínis til vandræða, og sje síst fyrir að synja, hversu fer að lokum, sje engu um þokað.

Þetta ástand er vissulega þess vert, að því sje gaumur gefinn, og bendir ótvírætt til þess, að full þörf sje einhverra breytinga á lögunum.

En þó svo kunni að vera, þá dylst nefndinni það ekki, að tæplega sje gerlegt, enn sem komið er, eða á það hættandi að afnema húsaleigulögin, án þess að nokkuð komi í staðinn, enda munu flestir vera sammála um það.

Fyrir þinginu liggja nú engar tillögur um breytingar á húsaleigulögunum sjálfum, en hins vegar full ástæða til að það mál sje gaumgæfilega athugað, og þykir nefndinni því ekki illa til fallið að veita einmitt bæjarstjórninni heimild til að gefa út reglugerð um húsaleigu.

Bæjarstjórnin ætti að sjálfsögðu að standa best að vígi með það að sníða af verstu annmarkana, sem á húsaleigulögunum kunna að vera, gæta rjettar og

hagsmuna beggja málsaðilja, og yfirleitt skipa þessu máli eftir því, sem hagkvæmast þykir og best á við.

En samkvæmt því, sem áður er sagt, að nefndinni virðist mjög varhugavert, að húsaleigulögin sjeu að svo komnu afnumin, án þess nokkuð komi í þeirra stað, og með hliðsjón af því, hvernig um þetta húsaleigumál fór í bæjarstjórninni fyrir skemstu, þá vill nefndin tryggja það, að húsaleigulögin falli ekki úr gildi fyr en reglugerð um þetta efni hefir verið staðfest, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr.

Orðin »þó eigi síðar en eftir 4 vikur« falli burt.

Alþingi, 26. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Einar Þorgilsson, framsm.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen.

(B. XXVIII, 3).

Nd. 419. Frumvarp

til laga um vexti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5% á ári.

2. gr.

Heimilt er að taka alt að 6% ársvexti af peningaláni með veði í fasteignum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vexti, nr. 10, 7. febr. 1890.

(B. XXXV, 6).

Nd. **420. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 403 (Hvíldartími háseta).

Frá Hákoni J. Kristóferssyni og Jóni A. Jónssyni.

Fyrir »1. apríl« komi:
1. mars.

(B. XLV, 4).

Nd. **421. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. Undanskilið sölunni er kaupstaðarlóðin (Siglufjarðareyri), íbúðarhús prestssetursins og önnur jarðarhús, heimatúnið þar, c. 32400 m², hagbeit fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi, eftir þörfum hans.

2. gr.

Bæjarstjórninni er óheimilt að afhenda öðrum til eignar eða umráða það land, er hjer um ræðir, nema til leigu um ákveðinn tíma.

3. gr.

Reglur um leigu á landi bæjarins semur bæjarstjórn, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

(A. XXVIII, 7).

Ed. **422. Nefndarálit**

um frumv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er borið fram af stjórninni og komið frá háttv. neðri deild. Í stjórnarfrumv. er lagt til, að lagður sje skattur á mannflutningsbifreiðar

og reiðhjól með hreyfivjel, 15 kr. á hverja hestorku, og á flutningabifreiðar $^1/_3$ af því, en háttv. neðri deild hefir fært skattinn á mannflutningabifreiðum niður í 12 krónur.

Ástæður stjórnarinnar fyrir þessum skatti eru einkum þær, að bifreiðar slíti mjög vegum, og að rjettmætt sje að leggja skatt á mannflutningabifreiðar, sem sje »luxus«-skatt, með því þær geti alls eigi talist nauðsynlegar. Hins vegar telur stjórnin flutningabifreiðar nauðsynlegri, og því beri að leggja lægri skatt á þær, enda sje svo gert í öðrum löndum.

Þegar stjórnin þannig leggur sama mælikvarða á notkun bifreiða hjer eins og t. d. í Danmörku, þá er eðlilegt, að hún vilji leggja skatt á þær hjer eins og þar, þar sem ríkissjóðinn vantar fje. En mál þetta hefir of lítið verið rannsakað, og þess vegna mun stjórnin hafa komist að þessari niðurstöðu.

Þegar bifreiðar komu á gang erlendis fyrir nokkrum árum, stóð þar svo á, að búið var að leggja járnbrautarnet um löndin, nálega alstaðar, þar sem almenningsþörf var fyrir. Járnbrautirnar voru því orðnar ódýrt samgöngutæki almennings þar. Í bæjunum stóð enn fremur svo á, að búið var að leggja sporbrautir um alla bæina, þar sem þörf var á, svo almenningur gat innanbæjar farið með þeim, eftir þörfum. Flutningstaxtinn var svo lágur fyrir styrjöldina, að fara mátti með sporvögnum, t. d. í Kaupmannahöfn, eins langan veg fyrir eina *10 aura* eins og frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Járnbrautartaxtarnir hafa verið afarlágir, hjer um bil 6—7 aurar á hvern kílómetra fyrir manninn. Og þessi flutningatæki hafa haldist áfram *fyrir allan almenning*, og eigi hækkað að verulegum mun.

En ríkisfólk notar mikið bifreiðar, að mestu leyti að óþörfu, og má því kalla þær »luxus«-áhöld *þar*, og því eðlilegt, að á þær sje lagður nokkuð hár tollur, með því þau miða að eins að því að rýra tekjur flutningatækja almennings.

Og eins og eðlilegt er, gera Danir ráð fyrir *þörfum* mannflutningabílum, á sama hátt og þeir eru hjer, og leggja skatt á þá, að eins 2 krónur á hvert hestafl um árið. Sennilega er þessi lági tollur á lagður til þess, að slíkar bifreiðar keppi ekki um of við járnbrautirnar og sporbrautirnar.

Hjer hjá oss er alt öðru máli að gegna. Hjer eru engar járnbrautir nje sporbrautir. Almenningssamgöngutækin verða því að vera þau að fara fótgangandi, að nota hesta sem farartæki eða að ferðast með bifreiðum, þar sem vegirnir leyfa það. Og þetta ástand nær jafnt til fátækra sem ríkra.

Bifreiðarnar hjer verða því að skoðast sem *almennings*-flutningatæki, en ekki »luxus«-áhöld; þær koma í staðinn fyrir járnbrautirnar og sporbrautirnar, sem oss vantar, enda ferðast með þeim jafnt fátækir sem efnamenn. Og þar sem þær eru almenningsflutningatæki hjer, þá verður að sjá um, að þær flytji fólk *fyrir sem lægst verð*, enda er það viðurkent af þinginu, þar sem það hefir falið stjórninni að setja bifreiðunum flutningstaxta.

En beri maður nú saman flutningskostnað annara landa t. d. á fólki, við flutningskostnaðinn hjer, þá þolir hann engan samanburð, svo mikið er hann hærri hjer. Vilji maður fara til Hafnarfjarðar t. d., þá kostar það nú með bifreið kr. 3,50. Í Kaupmannahöfn mundi það kosta nokkra aura, eins og áður er bent á, og með járnbraut ekki fulla 1 kr. Og samskonar taxti hjer gildir fyrir

lengri leiðir. Og ekkert vit virðist vera í öðru en að bera saman *almenningsflutn*ingatækin erlendis við almenningsflutningatækin hjer.

Þegar allur almenningur verður að notast við svona dýr flutningatæki, þá er að minsta kosti ekki sanngjarnt að bæta ofan á það umferðaskatti, sem þeir, sem ferðast, hljóta að bera einir, en ekki bifreiðaeigandinn.

Eigi verður annað sjeð en að það sje sönn neyð fyrir fátækan almenning að verða að nota bifreiðarnar, eins dýrar og þær eru í rekstri, sem meðal annars stafar af miklu verri vegum hjer en gerist annarsstaðar, og allri aðstöðu manna hjer til þess að ná nægilega ódýru efni til rekstrar bifreiðanna.

Ef litið er til skoðana manna í þessu efni að undanförnu, þá er auðsætt, að öll meðferð Alþingis á samgöngumálunum miða í þá átt að gera samgöngurnar sem ódýrastar fyrir almenning. Hvað er það annað, sem veldur því, að strandferðaskip og flóabátar eru styrktir með stórfje? Það er vitanlega til þess gert, að fólks- og vöruflutningar verði ekki óhæfilega dýrir, til þess að gera fátækum almenningi sem mögulegast að ferðast, og að flytja að sjer nauðsynjar sínar.

Það virðist því hin mesta ósamkvæmni í því, að fara að skattleggja bifreiðasamgöngur. Meiri samkvæmni væri í því, að veita þeim styrk, svo að flutningstaxti þeirra gæti orðið við hæfi.

Þá er eftir að minnast á slit veganna vegna bifreiðanna.

Allir vegir slitna, og því meir, sem þeir eru meira notaðir.

Langminstu sliti ollu áburðarhestarnir, sem þrömmuðu fót fyrir fót. Þar næst komu mjóhjóluðu kerrurnar. Notkun þeirra hefir mjög vaxið, sem von er. Og notkun þeirra hefir verið þannig, eftir að þeim fór að fjölga, að einn maður hefir farið með marga hesta í lest, hvern hest með kerru í eftirdragi; þessar kerrur hafa því nákvæmlega þrætt sömu förin, svo að aðeins ein slík lest hefir megnað að skera niður úr slitlagi veganna, einkum ef vegirnir eru blautir. Þetta er því langversta slitið á vegunum. Þegar svo bifreiðarnar koma á eftir, sökkva þær ofan í hjólför kerranna og víkka eðlilega förin. En þó kerrurnar þannig skemmi mest vegina, þá kemur engum í hug að leggja skatt á þær.

Þar sem kerruumferðin er lítil, slíta bifreiðarnar vegunum mjög lítið, nema þar sem ofaníburðurinn er afarlaus og ónýtur. Og sumstaðar er ofaníburður veganna svo ljelegur, að þeir mundu árlega spillast, þó engin umferð væri um þá.

Af öllum þessum ástæðum sjer meiri hlutinn sjer ekki fært að mæla með þessu frumvarpi, og leggur til, að það nái ekki fram að ganga.

Alþingi, 28. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður.	Björn Kristjánsson, framsm.	Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson.

(A. III, 7).

Ed. **423. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar, er gera skal hjer grein fyrir.

Það, sem nefndin athugaði fyrst, var 10. gr. frumvarpsins, sem bætt var inn í frumvarp stjórnarinnar í háttv. Nd., um það, að þriðjungur skattsins skyldi renna fyrsta árið í sýslusjóði og bæjarsjóði.

Nefndin var öll sammála um það, að nauðsyn bæri til þess að veita þessum sjóðum fastar tekjur, og sumir nefndarmanna voru þessu ákvæði frumvarpsins hlyntir í byrjun, en þegar nefndin fór að athuga þetta nánar, kom hún sjer saman um að leggja til, að þetta ákvæði væri felt í burtu. Hún sá fyrst og fremst, að ekki gat komið til mála að halda ákvæðinu upp á reikning ríkissjóðs, eins og hv. Nd. virðist gera, og hefði þá þurft að hækka skattinn um alt að helmingi, til þess að ekki rýrnuðu tekjur ríkissjóðsins af fasteignum úti um land, og svo virtist nefndinni, að tekjur til sýslu- og bæjarsjóða þyrfti að leggja á fleiri gjaldstofna en þennan, og það öllu heldur t. d. á tekjurnar, sem lagðar eru til grundvallar fyrir tekjuskattsfrumvarpinu; en þá var vandinn, að vita hvað mikið skyldi leggja á hvern sjerstakan gjaldstofn, nema þeir væru athugaðir allir í einu.

Þá lá næst fyrir nefndinni að athuga um það, hvað skatturinn til ríkissjóðs þyrfti að vera hár, til þess að hann að minsta kosti gæfi ekki minni tekjur en fengist eftir gildandi lögum (fasteignamatslögunum), að viðbættum skatti af lóðum, sem er alveg nýr, og nokkurri hækkun á húsaskatti í kaupstöðum og kauptúnum, vegna þess að veðskuldir, er á þeim hvíla, dragast ekki frá.

Samkvæmt hinu nýafstaðna fasteignamati, ætti ábúðarskatturinn að vera um 107000 kr., lóðaskatturinn samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar um 67000 kr. og húsaskatturinn um 78000 kr., eða samtals 252000 kr., en frumvarp stjórnarinnar gefur ekki alls nema 240000 kr. og það frumvarp, sem hjer liggur fyrir, aðeins 181000 kr., og væri svo þriðjungurinn af því lagður til sýslusjóða og bæjarsjóða, þá fengi ríkissjóður aðeins rúmar 120000 kr., eða um 132000 kr. minna en hann hefði eftir gildandi lögum og fremur lágum lóðaskatti. Nefndin setti sjer því það sem takmark, að skatturinn alls til ríkissjóðs yrði ekki lægri en 250—260 þúsund krónur, og það því fremur, þegar þess er gætt, að lausafjárskatturinn fellur niður og mikill efi er á því, að hann náist upp aftur með hækkuðum tekjuskatti af landbúnaði.

Þá kom til að athuga sambandið milli þessa frumvarps og fasteignamatslaganna. Í þeim er svo ákveðið, að 10 ára umbætur á jörðum skyldu vera skattfríar. Þetta ákvæði er að vísu ekki svo sjálfsagt, að frá því mætti ekki víkja, en samræming matsins er bygð á þessu, og það mundi valda nýju ósamræmi, ef

farið væri að bæta þeim aftur við til skatts. Þess vegna hefir nefndin fallist á að undanskilja þær skatti *að þessu sinni*, eins og gert er í fasteignamatslögunum, og eins er með mannvirki, sem talin eru á lóðum hjer í Reykjavík, enda nemur ekki skatturinn af þessu hvorutveggja nema um 7000 krónum.

Í fasteignamatslögunum eru öll hús leiguliða, húsmanna, þar á meðal þurrabúðir, og loks það af húsum sjálfseignarbænda, sem nemur meiru en hálfu jarðarverðinu, undanskilin skatti, en í þessu frumvarpi er öllum húsum gert jafnhátt undir höfði, öll sköttuð og það jafnt. Þetta er ekki hægt að segja um annað en sje nokkuð mikil breyting, og er hætt við, að sumum komi hún á óvart og þyki hún ekki í alla staði rjettlát. Það hefir þó orðið ofan á í nefndinni að láta við það sitja að gera öll hús, sem eru einstakra manna eignir, skattskyld, mest vegna þess, hvað sundurgreiningin milli húsa leiguliða og húsa sjálfseignarbænda er óljós, og getur aldrei staðið á steini. Á hinn bóginn var meiri hluti nefndarinnar samdóma um það, að ekki væri rjettlátt að setja jafnháan skatt á hús í sveitum sem í kaupstöðum og kauptúnum, og leyfir sjer því að koma með slíka breytingu.

Eins og áður er bent á, taldi nefndin, að tekjurnar af frumvarpinu fyrir ríkissjóð mættu ekki vera lægri en um 260000 kr. Til þess að ná því takmarki, gerði nefndin ýmsar tilraunir, og varð meiri hlutinn að lokum ásáttur um, að skatturinn af landi og lóðum, án umbóta, væri 4 af þúsundi; af húsum í verslunarstöðum 2 af þús. og af öllum öðrum húsum $1^1/_2$ af þús.

Þetta reiknaðist nefndinni þannig:

1. Land og lóðir, án umbóta, kr. 43240732 með $4^0/_{00}$... ... ... = kr. 172963
2. Hús í kaupstöðum og kauptúnum kr. 38910178 með $2^0/_{00}$ ... = — 77820
3. Öll önnur hús kr. 13131200 með $1^1/_2{}^0/_{00}$ ... ... = — 19696

Samtals kr. 270479

Þessar 10—15 þús. krónur, sem þarna verða fram yfir, verða, að áliti nefndarinnar, fráleitt meira en fyrir vanhöldunum, sem verða á lausafjárskattinum við það að breyta honum í tekjuskatt, því fremur, sem tekjuskattur af landbúnaði er í gildandi lögum, en gefur þó furðu lágar tekjur, ekki af því, að tekjurnar hafi verið svo litlar undanfarin ár, heldur af því, að tekjuskattur hefir jafnan reynst að vera óvissar tekjur fyrir það opinbera, nema frá embættismönnum og öðrum, sem hafa haft ákveðin laun.

Þá hefir nefndin ekki getað fallist á ákvæði 9. greinar frumvarpsins, fremur en í frumvarpinu um lestagjald af skipum. Henni virðist, að með því sje gefinn helst til greiður aðgangur til þess að hækka skattinn, þrátt fyrir það, þó háttv. neðri deild setti það ákvæði inn, að þetta yrði að vera samþykt af $^2/_3$ atkvæða í sameinuðu Alþingi. Nefndin leggur því til, að þessi grein falli burt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að háttv. efri deild samþykki frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. **Á eftir orðinu »jarðeignum« í 1. lið komi: að frádregnum 10 ára mannvirkjum.**

b. Í staðinn fyrir »2½« komi:
4.

2. Við 1. gr.
2. liður orðist svo:
af húsum í kaupstöðum og kauptúnum, til hvers sem þau eru notuð, 2 af þúsundi, og af öllum öðrum húsum, sem eru einstakra manna eign, 1½ af þúsundi.

3. Við 9. gr.
Greinin falli burt.

4. Við 10. gr.
Greinin falli burt.

Alþingi, 28. apríl 1921.

Sig. Eggerz, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Guðjón Guðlaugsson, framsm.
Björn Kristjánsson, með fyrirvara.	Sigurjón Friðjónsson, með fyrirvara.	

(A. XXX, 31).

Ed. **424. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 410 (Fjáraukalög).

Frá Sigurði Eggerz.

1. Við 1. tölulið, *til vara:*
Fyrir »kr. 45000,00« komi ... ... kr. 40000,00

2. Við 2. tölulið, *til vara:*
Liðurinn orðist svo:
Á eftir 3. tölulið komi nýr tölulíður, svo hljóðandi:
að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunar- og eftirlitsskipsins »Þórs« árið 1920.

(C. XVII, 1).

Nd. **425. Tillaga**

til þingsályktunar um, að ríkið nái eignarumráðum yfir vatnsrjettindum í Soginu o. fl.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Þorleifur Jónsson og Sveinn Ólafsson.

Alþingi ályktar, með skírskotun til þingsályktunartillögu frá 26. sept. 1919, að skora á ríkisstjórnina:

Að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að ríkið eignist eða nái öllum umráðarjetti á vatnsorku í Soginu, annaðhvort með frjálsum samningi eða eignarnámi.

Þegar ríkið hefir náð eignarráðarjettinum, eins og að framan segir, heimilast stjórninni að láta gera nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings virkjunar Sogsins, með sjerstöku tilliti til almenningsþarfa í nálægum hjeruðum og verslunarstöðum, svo og járnbrautarlagningar frá Reykjavík austur í sveitir á Suðurlandsundirlendinu og að undirbúa fjárhagslegar framkvæmdir í nefndum fyrirtækjum.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr ríkissjóði, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ástæður.

Með þingsályktun 26. sept. 1919 ákvað Alþingi að gera ráðstafanir til þess, að ríkið næði eignarumráðum yfir öllum vatnsrjettindum í Soginu, og fól stjórninni rannsókn á því, sem snerti virkjun þess og hagnýtingu.

Árangurinn af þessu varð sá, að stjórnin leitaði samninga við fossafjelagið Ísland, um afhendingu þeirra vatnsrjettinda, sem það telur sig eiga í vatnsfalli þessu. Svar fjelagsins um þetta, frá 27. nóv. 1919, er á þann veg, að það gerir föl öll vatnsrjettindi, sem það hefir keypt og leigt hjer á landi, í Skjálfandafljóti, Laxá, Hvítá og Sogi, fyrir upphæð, sem svarar útlögðu fje með 5% vöxtum til afhendingardags, og telur þá upphæð í árslok 1919 munu verða 3—4 hundruð þúsundir króna. — Þessu tilboði hefir eigi verið tekið, enda er það sýnilega að eins samningsundirstaða. En fjárhagsnefnd neðri deildar hefir á fundi 27. apríl 1921 fyrir sitt leyti svarað því svo, að hún telur rjett, að stjórnin leiti samninga við fjelagið um kaup á vatnsrjettindum Sogsins einum.

Dráttur á framkvæmd þingsályktunarinnar frá 1919 getur eigi leitt til annars, eftir framansögðu, en að spilla aðstöðunni, hvort heldur yrði um frjálsa afhendingu að ræða eða eignarnám, en hins vegar hefir óvissan um umráð vatnsrjettindanna lamandi áhrif á allan viðbúnað til hagnýtingar vatnsfalli þessu af hendi ríkisins, sem lengi hefir þó vakað fyrir Alþingi, að ætti að verða sem fyrst.

Fyrir því höfum vjer álitið vert að koma fram með framanritaða tillögu, og reyna með því að komast nær aðalmarkinu, að koma á ríkisvirkjun við Sogið, hagnýting þess í landsins þarfir, og í sambandi við það fullnægjandi samgöngutæki milli höfuðstaðarins og framleiðsluhjeraðanna austanfjalls.

(A. XLI, 6).

Nd. **426. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

I. Frá *Jakob Möller.*

Við 10. gr. C, 1. a. (Sendiherra).

Fyrir »12000« komi... ... ... kr. 20000

Til vara:

Fyrir »12000« komi ... ... — 16000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 12. gr. 5. (Læknavitjanastyrkir í Strandasýslu).

Liðinn skal orða þannig:

Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis... ... ... — 900

III. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 12. gr. 27. m. (Sjúklingar með hörundsberkla).

Liðinn skal orða þannig:

Til starfrækslu Finsensljósa ... ... — 3000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 12. gr. 27. r. (Yfirsetukona í Grímsey).

Á eftir liðnum kemur nýr liður:

Til Læknafjelags Reykjavíkur, til þess að kosta umbúðasmið til útlanda ... ... — 8000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 13. gr. B. III. 4. (Krossárdalsvegur).

Á eftir liðnum kemur nýr liður:

Öxnadalsvegur (endurveiting) ... ... — 10000

VI. Frá *Jóni Sigurðssyni.*

Við 13. gr. B. IX.

Nýr liður:

Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að... ... ... — 3000

gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.

VII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*

Við 13. gr. C. 1.

Liðurinn orðist svo:

Til strandferða Sterlings, alt að ... ... — 400000

VIII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*

Við 13. gr. C. 2.

Aftan við orðið »bátaferða« komi:
á flóum, fjörðum og vötnum.

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 13. gr. D. III. 2. (Hábær í Vogum — Keflavík).

Á eftir liðnum koma þessir nýir liðir:

a. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting) ... ... kr. 60000
b. Búðardalur — Króksfjarðarnes (endurveiting) — 75000

X. Frá *Eiriki Einarssyni.*

Við 14. gr. A. b. 4. (Bæjargerð í Reykjaholti).

Liðurinn falli burt.

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 14. gr. A. b. 5. (Húsabætur á prestsetrum).

Fyrir »6%« í athugasemdinni kemur:
3%.

XII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 14. gr. B. X. (Verslunarskólar).

Í stað liðanna a. og b. komi:

Til Kaupmannafjelagsins, Verslunarmannafjelagsins og Sambands ísl. samvinnufjelaga í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ... ... — 12000

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 14. gr. B. XII. 2. a. (Kvennaskóli á Blönduósi).

Fyrir »15000« kemur: .. .. — 15600

XIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 14. gr. XIV. a.

Fyrir »Unglingaskólar í kaupstöðum . . . . . að öðru jöfnu« í athugasemdinni komi:

Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í í Dýrafirði 5000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 5500 kr., Hvammstangaskólanum 4000 kr. og skólum á Ísafirði, Seyðisfirði og Húsavík 3000 kr. hverjum.

XV. Frá *Jakob Möller.*

Við 14. gr. XIV. c. (Skólinn í Bergstaðastr.).

Fyrir »600« ... ... — 1000

XVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 15. gr. 3. e. (Kaup á listaverkum).

Fyrir »3000« kemur ... ... kr. 5000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 15. gr. 8 (Bókmentafjelagið).

Nýr liður:

Til sama, til þess að styrkja útgáfu bókar um norræn viðurnefni ... ... — 1500

XVIII. Frá *Eiríki Einarssyni.*

Við 15. gr. 11.

Nýr liður:

Til útgáfu þjóðsagna Jóns Árnasonar... ... ... — 5000

Styrkurinn greiðist eftir tillögum stjórnenda Bókmentafjelagsins og Sögufjelagsins í sameiningu.

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 15. gr. 47.

Nýr liður:

Til Brynjólfs Stefánssonar, námsstyrkur ... ... — 2000

XX. Frá *Jóni Sigurðssyni, Birni Hallssyni* og *Pjetri Ottesen.*

Við 16. gr. 3.

Athugasemdin við styrkinn til búnaðarfjelaga orðist svo:

Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna, eða lagður í fjelagssjóð.

XXI. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 16 gr. 5. b.

Liðurinn orðist svo:

Til skóggræðslu ... ... — 21000

XXII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 16. gr. 5. b.

Fyrir »Laun skógarvarða og til skóggræðslu« komi:

Til skóggræðslu.

XXIII Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 32.

Nýr liður:

Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:

a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... kr. 7700
enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.
b. Ferðakostnaður, alt að ... ... — 1000
c. Skrifstofukostnaður ... ... — 600 kr. 9300

XXIV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 16. gr. 35.
Nýr liður:
Eftirgjöf á láni til Suðurfjarðarhrepps, vegna raforkustöðvarinnar ... ... — 15000

XXV. Frá *Birni Hallssyni.*

Við 16. gr. 36 (Hafskipabryggja á Búðareyri).
Fyrir »10000« koma ... ... — 12000

XXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 40.
Nýr liður:
Til útgerðar björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum ... ... — 45000

XXVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 16. gr. 41.
Nýr liður:
Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði ... ... — 10000

Til vara ... ... — 5000

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 45.
Nýr liður:
Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli ... ... — 3000

XXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. d. 17. (Ingibjörg Sigurðard.)
Fyrir »300« kemur ... ... — 400

XXX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. i. 5. (Páll Erlingss.)
Fyrir »500« kemur ... ... — 1000

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. i. 7.

Nýr liður:

Til ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar ... ... kr. 400

XXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 19. gr.

Ný málsgrein:

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

XXXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 21. gr. 5.

Nýr liður:

Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

XXXIV. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 21. gr. 5.

Nýr liður:

Vigfúsi Guðmundssyni, veitingamanni í Borgarnesi, gegn tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 16 árum, 8000 kr.

XXXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Á eftir 21. grein kemur ný grein, er svo hljóðar:

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 500000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi sjerstakan mann til eftirlits með öllum rekstri fyrirtækisins, enda greiði verksmiðjan þeim manni kaup, er um semur.

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr.

Fyrir »400 kr.... fyr segir« kemur:

1000 kr. án uppbótar.

XXXVII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 23. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ef fjármálaráðherra telur, að tekjur hrökkvi ekki fyrir gjöldum samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að fresta eða fella niður greiðslu, eftir því sem honum þykir fært, á þeim fjárveitingum, sem eru ekki ákveðnar í öðrum lögum en fjárlögunum.

(A. XXX, 32).

Ed. **427. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

I. Frá *samgöngumálanefnd.*

Við 5. gr.

Á eftir 12. lið komi 2 nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að ... ... kr. 1000,00

Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.

b. Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að ... ... — 250,00

II. Frá *Karli Einarssyni.*

Við 5. gr.

Á eftir 13. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Skaðabætur til fyrv. stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum, A. L. Petersen ... ... — 17000,00

Til vara ... ... — 10000,00

III. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 9. gr. 4. (Ekkja Matthíasar Jochumssonar).

Fyrir »1200 kr. ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum ... ... — 2848,00« komi:

2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum ... ... — 4400,00

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 11. gr.

Á undan 1. lið koma tveir nýir liðir:

a. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.

b. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til rafveitunnar.

V. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 11. gr. 1.

Á eftir orðunum »alls byggingarkostnaðar« kemur: gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

(B. XVII, 6).

Nd. **428. Lög**

um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátryggingu.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygt er, nemi aldrei meiru en $^1/_3$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

Lög þessi takmarka verksvið brunabótasjóðanna, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir $^5/_6$ alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann

óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir »fari eigi fram úr 6000 kr.« í 4. gr. laganna komi: fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir »þó hærra verði nemi en 6000 kr.« í 5. gr. laganna komi: þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna »Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum,« í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

Í stað orðanna »Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr landssjóði« í niðurlagi 17. gr. komi:

Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

10. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $^5/_6$ hluta allra hibýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

11. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

12. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

(A. XLI, 7).

Nd. **429. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 21.

Nýir liðir:

a. Til Jakobs Jóhannessonar, til þess að vinna að orðabók þeirri, er getur í 21. lið, 3000 kr. með verðstuðulsuppbót	kr.	6600
b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að vinna að sömu orðabók..	—	2500

Við 21. gr. 2.

Nýr liður:

Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

(B. LVIII, 1).

Nd. **430. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. launalögin, 11. gr. 3. málsgrein.

Fjórða málsgreinin fellur burt.

2. gr.

Við 15. gr. launalaganna (Póstmenn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

3. gr.

Í 19. gr. (Skógrækt) verður 2. málsgrein þannig:

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað og skógarvörðurinn í Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa að árslaunum 1200 kr.

4. gr.

Við 23. gr. (Háskólinn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1600 kr.

5. gr.

Byrjun 2. málsgreinar í 26. gr. (Eiðaskólinn) orðast svo;

Við skólann skulu vera 2 kennarar, og hafa þeir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári o. s. frv.

6. gr.

Önnur málsgrein í 28. gr. (Stýrimannaskólinn og Vjelstjóraskólinn) orðast svo:

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr.

7. gr.

Launahækkanir þær, er um ræðir í lögum þessum, gilda frá 1. jan. 1921. Þó fá þeir kennarar, sem nú eru settir, ekki launabætur þessar, fyr en þeir verða skipaðir fastir kennarar.

Greinargerð.

Um ástæður viðvíkjandi þessu frumvarpi skal vísað til framsöguræðu í fjáraukalögunum fyrir árin 1920 og 1921.

(C, XVIII, 1).

Nd. **431. Tillaga**

til þingsályktunar um landsverslunina.

Frá meiri hluta viðskiftamálanefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela stjórninni að láta starfsemi landsverslunarinnar til næsta Alþingis beinast aðallega að því, að selja fyrirliggjandi birgðir og innheimta útistandandi skuldir, svo að næsta Alþingi geti tekið ákvörðun um lok fyrirtækisins, ef þá þykir ekki nauðsyn að halda því lengur áfram.

Greinargerð.

Landsverslunin, sem skömmu eftir ófriðarbyrjun var hjer upp tekin sem óhjákvæmileg ófriðarráðstöfun og rekin hefir verið fyrir fje ríkissjóðs, hefir verið eitt af aðalviðfangsefnum viðskiftamálanefndarinnar. Hefir nefndin haft málið til athugunar á mörgum fundum og fengið ítarlegar upplýsingar um starf og rekstur verslunarinnar, og notið þar kunnugleika núverandi forstjóra verslunarinnar, sem sæti á í nefndinni, en hann hefir með alúð og nákvæmni unnið að því að láta nefndinni í tje allar þær upplýsingar og skýringar, sem hún hefir óskað eftir.

Um tildrög landsverslunarinnar og nauðsyn hennar undanfarin ófriðarár þykir ekki ástæða til að fjölyrða hjer, því að þau atriði munu öllum kunn. Viðvíkjandi starfsemi hennar og rekstri höfum vjer til yfirlits gert eftirfarandi samdrátt úr reikningum hennar, sem sýnir aðalniðurstöðu rekstrarins ár frá ári.

Samdráttur

úr reikningum Landsverslunarinnar frá 1914 til ársloka 1920.

	Vörusala		Arður	Útist. skuldir	Vöruleifar	Samanl. varasjóður
1914—30/4 '17 . . .	3131619,00	+	313505,37	703250,70	556306,60	313505,37
1917 30/4—31/12 . .	7764954,00		590000,00	3011917,18	4225237,88	903505,37
1918	16293231,00		418534,40	1568875,87	7325927,55	1322039,77
1919	20865949,00		860932,79	1348558,00	1987772,90	2182972,56.
1920	11506000,00	+	347566,44	1995967,39	2279271,09	1835406,12
	59561753,00					

Til skýringar skal þess getið, að í dálkinum »Vörusala« felast allar seldar vörur, að meðtöldum kostnaði og álagningu; dálkurinn »Arður« sýnir rekstrarafgang hvers árs, þar í talinn arður af vörusölu, gengismismun o. fl.; í næsta dálki felast eingöngu skuldir hjerlendra viðskiftamanna verslunarinnar, eins og þær eru í hver árslok, en í síðasta dálkinum er varasjóðurinn samanlagður frá ári til árs.

Nefndin vill og geta þess, að hún hefir að eins haft til athugunar aðalreikninga verslunarinnar og aðalreikningsbækur, en enga rannsókn gert á einstökum ráðstöfunum eða daglegri bókfærslu.

Frá því verslunin byrjaði 1914 og til 30. apríl 1917 var hún rekin beinlínis undir umsjón atvinnumáladeildar stjórnarráðsins. Eins og samdrátturinn sýnir, var viðskiftaveltan lítil á því tímabili, í samanburði við það, sem síðar varð. Frá þessu tímabili hefir nefndin ekki haft annað til meðferðar en lokareikning tímabilsins. Frá 1. maí 1917 hefir verslunin verið rekin sem sjálfstæð stofnun með sjerstakri stjórn, og eftir það eykst veltan mjög mikið, og stafaði það í fyrstu af því, að ráðstafanir ófriðarþjóðanna gerðu það óhjákvæmilegt, að draga miklu meira af versluninni í hendur ríkisins en áður hafði verið.

Í ófriðarlokin átti verslunin miklar birgðir af kolum og salti, sem hún seldi með miklu tapi. Tapið nam:

á salti	kr.	499936,84
á kolum..	—	1036153,78
Samtals	kr.	1536090,62

Þetta tap er ekki talið versluninni til útgjalda í reikningum þeim, sem ofanritaður samdráttur er tekinn úr. Ákveðið hefir verið, svo sem kunnugt er, að láta ríkissjóð borga þetta tap og vinna það upp með sjerstökum tolli á kolum og salti. Ef landsverslunin hefði átt að bera tapið, væri varasjóður hennar auðvitað þeirri upphæð lægri, en mundi þó hafa numið samkvæmt reikningunum í árslok 1919 kr. 646881,94.

Niðurstaðan af verslunarrekstrinum 1920 er sú, að varasjóðurinn lækkar um kr. 347566,44, og er sú upphæð þá reikningslegur halli á rekstrinum það ár. Orsökin er sú, að verslunin átti miklar birgðir af kolum í árslok 1920, og var ákveðið að færa verð á þeim niður úr 300 kr. í 200 kr. tonnið frá áramótum, en þessi verðlækkun vörubirgðanna er tekin inn á reikninginn fyrir 1920, og nemur hún kr. 818594,56. Þar upp í kemur svo viðskiftahagnaður ársins 1920, sem stafar að töluverðu leyti frá gróða á gengi dollara.

Viðvíkjandi horfum fyrir afkomu verslunarinnar yfirstandandi ár, verður að geta þess, að snemma á árinu var söluverð kolanna enn fært niður úr 200 kr. í 140 kr. fyrir tonnið, og hlýtur það tap, sem af þessu stafar, að rýra mjög útkomuna á þessu ári, jafnvel svo, að rekstrarhalli komi fram á ársreikningnum og varasjóðurinn minki eitthvað þess vegna.

Til frekari glöggvunar um það, hvernig högum verslunarinnar er nú háttað, er hjer birtur útdráttur úr efnahagsreikningi hennar 31. des. 1920.

Eignir.

1.	Fasteignir	kr.	142141,93
2.	Ýms áhöld	—	13219,20
3.	Vörubirgðir	—	2279271,09
4.	Inneignir í bönkum	—	1370684,46
5.	Skuldir innl. viðskiftam.	—	764914,64
6.	Skuldir útbúa verslunarinnar	—	562496,65
7.	Víxlar	—	831585,56
8.	Peningar í sjóði	—	915848,97
	Samtals	kr.	6880162,50

Skuldir.

1.	Inneign innl. viðskiftamanna	kr. 28903,21
2.	Inneign útlendra viðskiftam.	— 1950450,04
3.	Inneign ríkissjóðs	— 2941754,01
4.	Fyrningarsjóður	— 23649,12
5.	Ólokin viðskifti	— 100000,00
6.	Varasjóður	— 1835406,12
	Samtals	kr. 6880162,50

Af vörubirgðunum eru kr. 1463266,44 í kolum og koksi, hitt í öðrum vörum.

Af 6. eignalið, skuldum útbúanna, er nál. 160000 kr. í vöruleifum og nál. 400000 kr. í útistandandi skuldum hjá skiftavinum útbúanna.

Útistandandi skuldir verslunarinnar hafa því verið alls um síðastliðin áramót:

	Samkv. 5. eignalið	kr. 764914,64
	Hjá útbúunum	— 399467,19
	Víxilskuldir...	— 831585,56
	Samtals	kr. 1995967,39

Nefndin hefir haft til athugunar skrár yfir þessar útistandandi skuldir allflestar, og telur meiri hl., að gera verði ráð fyrir einhverri rýrnun á þeim, sem ekki er tiltökumál, þar sem um svo mikla veltu er að ræða og svo þröngt sem nú er í ári, og er ekki unt að segja fyrirfram, hve mikil sú rýrnun kann að verða, en ekki er sjáanlegt, að hún þurfi að verða mjög veruleg.

Að öllu athuguðu telur meiri hlutinn óhætt að áætla, að varasjóður verslunarinnar muni verða um næstu áramót full 1 milj. kr., ef fyrirtækinu verður þá lokið, og er það nokkru minna en sú upphæð, sem ríkissjóður greiðir versluninni til þess að standast hið fyrra tap á kolum og salti.

Því fer mjög fjarri, að nefndin vilji álasa ríkisstjórninni eða stjórn landsverslunarinnar fyrir það, að hafa ekki gert þessa ófriðarráðstöfun að gróðafyrirtæki. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki heldur fara út í neinn samanburð á aðstöðu landsverslunar og frjálsrar verslunar, en einungis benda á, að auk þeirrar aðstoðar, sem ríkissjóður veitir fyrirtækinu með greiðslu kola- og salttapsins, þá hefir verslunin haft mjög hagkvæm afnot af skipastól landsins og stuðst við takmarkanir á innflutningi á vissum vörutegundum til annara, og þetta alt á þeim tímum, er innflutningur á vörum gat tæpast gefið tap.

Þegar gera skal tillögur og taka ákvarðanir um framtíð þessa verslunarrekstrar ríkisins, virðist oss fyrst verða að líta á það, að aldrei mundi hafa verið til hans stofnað, ef ekki hefðu gerst þeir viðburðir í heiminum, sem komu meiri truflun á alt viðskiftalíf en dæmi eru til áður. Er þá einkum átt við það, að allskonar hömlur lögðust á verslun og siglingar, og það svo, að stjórnir ófriðarþjóðanna heimtuðu afskifti viðkomandi ríkisstjórna um út- og innflutning, og varð þetta þess valdandi og beinlínis orsök þess, að til landsverslunar var gripið.

Það hefir þó eflaust vakað jafnt fyrir þingi sem þjóð, að hjer væri að

eins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem afnema bæri, þegar alt kæmist á rjettan kjöl að ófriðnum loknum.

Má í þessu sambandi benda á útflutningsnefndina, sem í raun rjettri eigi var annað en landsverslun með afurðir landsmanna, og að ráði allra aðstandenda var afnumin þegar í ófriðarlokin.

Landsverslunin aftur á móti, sem eingöngu hefir haft með innflutning nauðsynja að gera, hefir nú starfað á þriðja ár eftir ófriðarlok, en ýmsar ástæður hafa verið þess valdandi, að eigi hefir þótt tiltækilegt að leggja hana niður til þessa tíma.

Aðalstarf nefndarinnar í þessu máli hefir því verið að íhuga, hvort eigi væru nú komnir þeir tímar, að ríkissjóður gæti slept fram af sjer þeirri miklu ábyrgð, er óumflýjanlega hlýtur að fylgja svo áhættumiklum verslunarrekstri sem hjer hefir verið um að ræða, og hvort kaupmenn og kaupfjelög mundu nú ekki geta tekið til fulls við innflutningi nauðsynja, sem eðlilegast og sjálfsagðast er, að verslunarstjettin hafi með höndum.

Um þetta aðalatriði hefir meiri hlutinn komist að þeirri niðurstöðu, að áhættulaust muni vera fyrir eðlilega innflutninga til landsins, þótt nú þegar verði ljett af ríkissjóðnum þeirri óeðlilegu ábyrgð, er innflutningur á nauðsynjum landsmanna óumflýjanlega hefir í för með sjer með lækkandi verðlagi, og fer þá aðalinnihald framanritaðrar tillögu í þessa átt.

Á hinn bóginn liggur það í augum uppi, að jafnumsvifamiklu verslunarfyrirtæki og Landsverslunin er, er eigi hægt að loka á einum degi eða tiltölulega skömmum tíma, enda talsverðar vörubirgðir fyrirliggjandi, sem ráðstafa þarf, og skuldir útistandandi, sem eigi verða krafðar með dagsfresti.

Með tilliti til þessa hefir nefndin eigi viljað ákveða nje einskorða niðurlagning verslunarinnar, en meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að yfirstandandi ár verði notað til þess að selja fyrirliggjandi vörubirgðir, sem nú eru að eins: kol, hveiti, rúgmjöl, haframjöl og sykur, og að verslunin ráðist eigi í frekari innkaup á þessum eða öðrum vörum, nema hvað sjálfsagt er, að við núverandi kolabirgðir verði svo bætt, að þær verði seljanlegar án mikillar rýrnunar, og að þeim 150 smálestum af sykri, sem verslunin þegar hefir keypt í Danmörku, en ókomnar eru til landsins enn, verði bætt við og seldar. Þá telur og meiri hluti nefndarinnar rjett og sjálfsagt, að stjórnin hafi vakandi auga á steinoliuversluninni og gripi þar inn í með ríkisrekstri, ef nauðsyn krefur.

Rekstur verslunarinnar á þessum grundvelli leiðir að sjálfsögðu til þess, að sölu birgðanna og innheimtu skulda verði lokið fyrir næstu áramót, svo að stjórn Landsverslunarinnar þá geti haft endanleg reikningsskil tilbúin og að næsta þing taki þá endanlega ákvörðun um slit eða framhald verslunarinnar.

Alþingi, 29. apríl 1921.

Jón Þorláksson.	Pjetur Ottesen.	Ólafur Proppé.
form.		frams. meiri hl.

(A. VII, 2).

Nd. **432. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir á mörgum fundum rætt frumvarp þetta, sett undirnefnd til rannsóknar á því og leitað sjer ýmsra gagna til samanburðar og skýringar, jafnframt og hún hefir orðið að hafa fyrir augum afdrif og örlög margra annara tekjuaukafrumvarpa í þinginu.

Fyrirkomulag það, sem frv. þetta byggir á, er svo mjög frábrugðið eldri skattalöggjöf landsins, að trauðlega verður sjeð, hvernig það á við landshætti eða reynist, fyr en venjan og reglur þær, sem um framkvæmdina verða settar, hafa notið sín um nokkur ár.

Einn aðalvandinn við að setja slík lög sem þessi er það reikula verðgildi peninga og annara verðmæta, ekki síst vinnunnar, og óvissan um það, hvernig þetta skipast, þegar stundir líða og öldugangurinn frá heimsstyrjöldinni lægir. Á því veltur mjög um haldkvæmi eða óhaldkvæmi slíkra laga.

Skattstiga þeim, sem í 6. gr. frv. er, virðist þannig ekki mikil ástæða til að breyta eftir viðhorfinu á þessum tíma, nema þá á þann veg að fjölga þrepum og smækka þau við háar tekjur, 20000 kr. og þaðan af meira, en stórfeld breyting á vinnulaunum og öðrum verðmætum getur auðveldlega haggað öllu samræmi hans.

Þetta á síður við um skattstigana í 7. gr. og 15. gr., en þó taka verðmætibreytingarnar allmjög til stigans í 15. gr., og verður með þessu fyrirkomulagi eigi náð því gjaldþolsmarki, sem hið forna meðalverð landauranna veitti.

Nefndin hefir þó orðið sammála um að láta alla þessa skattstiga óbreytta, enda hafa þeir eigi valdið eins miklum ágreiningi í nefndinni eins og ýms önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem ívilnanir um skattgreiðslu fyrir samvinnufjelög, frádráttur skattþegna á því, sem skattfrjálst virðist eiga að vera, og varnir gegn misrjetti við þá í framkvæmd laganna.

Engar verulega róttækar breytingar hefir nefndin sjeð sjer fært að gera á frv., en til að komast að heildartillögu, og þannig, ef kostur væri, að flýta fyrir afgreiðslu málsins, sem eigi má daga uppi, vegna tekjuþarfarinnar, hafa einstakir nefndarmenn takmarkað kröfur sínar og stilt þeim í hóf. Hefir þannig unnist nær einróma samkomulag um að ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.

   Fyrir »5« í næstsíðustu málsgrein komi:

   3.

2. Við 7. gr.

   Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

   Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

3. Við 9. gr.
Aftan af annari málsgrein falli:
»Að öðru ..... önnur fjelög«.

4. Við 11. gr. c.
a. 2. og 3. málsliður orðist svo:
Enn fremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.
b. Í síðustu málsgrein eftir »til hjúahalds« komi:
nema til atvinnurekstrar sje.

5. Við 13. gr.
Fyrir »sem eru skattfrjálsar .. .. þess almanaksárs« komi:
en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs.

6. Við 18. gr.
Orðið »fatnaður« í 6. línu falli burt.

7. Við 31. gr.
Fyrir »upp á æru og samvisku« komi:
að viðlögðum drengskap.

8. Við 38. gr.
Fyrir »sem tekju ..... hækkað hjá« í niðurlagi annarar málsgreinar komi:
sem tekju eða eignamati heflr verið breytt hjá.

9. Við 43. gr.
Fyrir »til heimilis hjá honum« komi:
heimilisfastir hjá honum á gjalddaga.

Alþingi, 28. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Sveinn Ólafsson, framsm.	Jakob Möller, með fyrirvara.

Hákon J. Kristófersson. Þorl. Guðmundsson. Þórarinn Jónsson.

(B. LIX, 2).

Nd. **433. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema síld,

fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í ríkissjóð 1% gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Et afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar sjeu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri hefir sett á hinar útfluttu óseldu afurðir, er hærra en hann hefir selt þær, og er stjórnarráðinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sje utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða, ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og gilda að eins 1 ár.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frv. eftir beiðni fjármálaráðherra, sem hefir sent henni það eins og það liggur hjer fyrir. Ástæðan fyrir því er vitaskuld sú, að auðsætt er, að bæði verður dregið nokkuð úr tekjufrv. þeim, er stjórnin lagði fyrir þingið, og að hækkuð verða hin áætluðu gjöld 1922. Það virðist mega gera ráð fyrir 250—300 þús. kr. tekjum á ári af þessu frv., ef samþykt verður, en eins og nú stendur er eigi unt að segja, hvort þetta er nægilegt, og mun þetta atriði síðar verða tekið til athugunar.

Nánari greinargerð bíður framsögu.

(B. XXX, 33).

Ed. **434. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskj. 410 (Fjáraukalög).

Frá Einari Árnasyni.

Við 1. lið. *Til vara.*

Liðurinn orðist svo:

Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að ... ... kr. 40000,00

(C. XIX, 1).

Nd. **435. Tillaga**

til þingsályktunar um landsverslun.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að halda landsverslun-inni áfram fyrst um sinn, þangað til næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Starfsemin miðist einkum við að selja fyrirliggjandi vörur og innheimta skuldir. Kaupum á nauðsynjavörum, svo sem steinolíu, kolum, kornvörum og sykri, sje hagað þannig, að á hverjum tíma sjeu ekki fyrirliggjandi meiri vörubirgðir en nauðsyn krefur.

Greinargerð.

Viðskiftmálanefndin, sem Nd. Alþingis kaus í þingbyrjun, hefir nú meðal annars athugað starfsemi Landsverslunarinnar undanfarin ár, og tel jeg því rjett að koma fram með eftirfarandi efnahagsyfirlit og skýrslu viðvíkjandi verslunar-rekstrinum. Auðvitað er ekki tækifæri til að birta hjer mjög ítarlegar skýrslur, enda gerist þess síður þörf, eftir að hin afarnákvæma endurskoðun hefir farið fram, sem fyrirskipuð er, bæði af endurskoðunarmönnum ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Efnahagsreikningar.

I.

30. apríl 1917.

Eignir.

1.	Peningar í sjóði	kr.	2385,30
2.	Inneign í Íslandsbanka	—	246661,90
3.	Inneign hjá Guaranty Trust	—	2149272,19
4.	Skuldir viðskiftamanna	—	703250,70
5.	Hús	—	26723,37
6.	Áhöld	—	3047,19
7.	Vöruleifar	—	556306,60
8.	Fyrirfram greiddar vörur	—	154360,40
		Kr.	3842007,65

Skuldir.

1.	Inneign landssjóðs	kr. 621037,06
2.	Víxlar...	— 2750000,00
3.	Inneignir viðskiftamanna	— 157465,22
4.	Varasjóður	— 313505,37
		Kr. 3842007,65

II.

31. desember 1917.

Eignir.

1.	Hús og áhöld	kr. 104758,12
2.	Vörubirgðir	— 4225237,88
3.	Inneign í bönkum	— 1572033,84
4.	Skuldir innl. viðskiftamanna	— 3011917,18
5.	Skuldir erl. viðskiftamanna	— 268328,09
6.	Fyrirfram greidd skipaleiga	— 352858,07
7.	Fyrirfram greiddir vextir	— 23616,67
8.	Peningar í sjóði	— 377526,02
		Kr. 9936275,87

Skuldir.

1.	Samþyktir víxlar		kr. 2400000,00
2.	Inneignir innl. viðskiftamanna		— 344156,10
3.	Inneignir erl. viðskiftamanna		— 459766,46
4.	Inneign landssjóðs		— 5660659,03
5.	Ólokin viðskifti		— 168188,91
6.	Varasjóður		
	a) frá 1. maí 1917	kr. 313505,37	
	b) frá 31. des. 1917	— 590000,00	
			903505,37
			Kr. 9936275,87

III.

31. desember 1918.

Eignir.

1.	Fasteignir	kr.	110280,11
2.	Ýms áhöld	—	10152,77
3.	Vörubirgðir	—	7325927,55
4.	Inneign í bönkum	—	1080932,58
5.	Skuldir innl. viðskiftamanna	—	1586875,87
6.	Skuldir útl. viðskiftamanna	—	356963,73
7.	Fyrirfram greidd kol og farmgjald með Angelo	—	256859,37
8.	Fyrirfram greiddir vextir	—	12548,62
9.	Fyrirfram greiddur kjötflutningur til útlanda	—	22055,49
10.	Peningar í sjóði	—	1585627,19
		Kr.	12348223,28

Skuldir.

1.	Samþyktir víxlar		kr.	1000000,00
2.	Inneignir innl. viðskiftamanna		—	863797,78
3.	Inneignir útl. viðskiftamanna		—	96055,59
4.	Inneign landssjóðs		—	9010401,18
5.	Fyrningarsjóður		—	11028,01
6.	Ólokin viðskifti		—	44900,95
7.	Varasjóður:			
	a) frá fyrri árum	kr. 903505,37		
	b) — 1918	— 418534,40		
			—	1322039,77
			Kr.	12348223,28

IV.

31. desember 1919.

Eignir.

1.	Fasteignir	kr.	110280,11
2.	Ýms áhöld	—	8027,62
3.	Vörubirgðir	—	1987772,90
4.	Inneign í bönkum	—	2626033,47
	Flyt	...	4732114,10

	Flutt ...	kr.	4732114,10
5.	Skuldir innlendra viðskiftamanna..	—	1348558,00
6.	Skuldir útlendra viðskiftamanna...	—	9045,49
7.	Skuldir útbúa verslunarinnar..	—	309210,05
8.	Verðniðurfærsla á salti, sem greiðist með salttolli	—	499936,84
9.	Verðniðurfærsla á kolum, sem greiðist með kolatolli	—	1036153,78
10.	Peningar í sjóði	—	1661810,10
		Kr.	9596828,36

Skuldir.

1.	Inneignir innlendra viðskiftamanna	kr.	1157283,27
2.	Inneignir útlendra viðskiftamanna	—	125,84
3.	Inneign ríkissjóðs	—	6179904,67
4.	Fyrningarsjóður	—	16542,02
5.	Ólokin viðskifti	—	60000,00
6.	Varasjóður:		
	a. Frá fyrra ári ... ... kr. 1322039,77		
	b. — 1919 ... ... — 860932,79		
		—	2182972,56
		Kr.	9596828,36

V.

31. desember 1920.

Eignir.

1.	Fasteignir	kr.	142141,93
2.	Ýms áhöld	—	13219,20
3.	Vörubirgðir	—	2279271,09
4.	Inneignir í bönkum	—	1370684,46
5.	Skuldir innlendra viðskiftamanna	—	764914,64
6.	Skuldir útbúa verslunarinnar	—	562496,65
7.	Víxlar	—	831585,56
8.	Peningar í sjóði	—	915848,97
		Kr.	6880162,50

Skuldir.

1.	Inneignir innlendra viðskiftamanna	kr.	28903,21
2.	Inneignir útlendra viðskiftamanna	—	1950450,04
3.	Inneign ríkissjóðs	—	2941754,01
		Flyt ...	4921107,26

		Flutt ...	kr.	4921107,26
4.	Fyrningarsjóður		—	23649,12
5.	Ólokin viðskifti		—	100000,00
6.	Varasjóður:			
	Frá fyrra ári ... ... kr. 2182972,56			
	+ ráðstafað af ríkisstjórn — 139620,90			
	kr.	2043351,66		
	Verðniðurfærsla á kolum og koksi $^{31}/_{12}$ 1920 ... ... kr. 818594,56			
	+ viðskiftahagnaður ársins — 610649,02			
	—	207945,54		
			—	1835406,12
			Kr.	6880162,50

Skýrsla um verslunarrekstrinn.

	1914—$^{30}/_{4}$ '17	*$^{30}/_{4}$—$^{31}/_{12}$ '17*	*1918*	*1919*	*1920*
Viðskiftavelta, í þús. kr....	3132	7765	16293	20866	11506
Hagnaður, - — —...	314	590	419	861	611
Rekstrarkostn. - — —...	73	224	405	503	370
Rekstrarkostnaður, % af viðskiftaveltu	2,3	2,9	2,5	2,4	3,2
Vextir, í þús. kr.	145	237	468	533	162
Vextir, % af viðskiftav...	4,6	3,1	2,9	2,6	1,4

Athugasemd:
Niðurfærsla á útsöluverði á kolum 1. jan. 1921 úr kr. 300,00 niður í kr. 200,00 tonnið og á koksi úr kr. 330,00 niður í kr. 250,00 tonnið nam 818½ þús. kr., eða 208 þús. kr. meira en hagnaðurinn á árinu, svo að þessi halli verður að dragast frá varasjóði.

Framanskráðar skýrslur ættu að líkindum að geta orðið til hægðarauka fyrir háttv. þingmenn, þannig að þeir eigi hægra með að mynda sjer ákveðna skoðun um það, hvort fyrirtæki þetta hafi reynst þjóðinni til styrktar á undanfarandi neyðartímum.

Auk þess beina hagnaðar, sem reikningarnir sýna, verður einnig að líta á það, að óhætt má fullyrða, að hefði Landsverslunarinnar ekki notið við undanfarin ár, þá hefði oft orðið algerður vöruskortur. Sjerstaklega má benda á það, að kol, salt og fleiri vörutegundir hefir orðið að kaupa, jafnvel þótt fyrirfram hafi verið sjáanlegt, að óhjákvæmilegt yrði að selja þær með stórtapi, þegar ástandið breyttist, eins og líka kom á daginn haustið 1918, eftir að vopnahljeð var samið. Sömuleiðis síðastliðið haust, þegar kolanámuverkfallinu mikla ljetti af. Því verður ekki neitað, að um þetta fyrirtæki hafa verið nokkuð skiftar skoð-

anir. Þó mun mega fullyrða, eftir því sem ýmsar þingmálafundargerðir bera með sjer, að margir líti svo á, að ekki sje tímabært að leggja verslunina niður að svo komnu. Enda þótt sú skoðun hafi komið fram í nefndinni, að til mála gæti komið að hætta versluninni um næstu áramót, þá hefi jeg þó álitið rjett að halda fast við þá skoðun, sem kemur fram í tillögunni hjer að framan. Samkvæmt henni er ekki ætlast til, að þingið bindi hendur stjórnarinnar um verslunarrekstrinn fyrst um sinn til næsta þings. Það er fyrirsjáanlegt, hvað sem öðru líður, að gjaldeyrisskorturinn hlýtur að hamla því, að verslunin verði rekin í stórum stíl, eins og verið hefir, enda ekki sama nauðsyn nú sem fyr til að hafa miklar vörubirgðir fyrirliggjandi, eins og meðan stríðshættan var mest, og auk þess eru nú talsverðar kornvörubirgðir fyrir í landinu, sem allmikil verðfallshætta hvílir á. Hins vegar verður eigi hjá því komist, að inn verði flutt talsvert af steinolíu og kolum, og gæti þá svo farið, að haganlegt þætti, að Landsverslunin verslaði að meira eða minna leyti með þær vörur, til þess að fyrirbyggja vöruskort, eða að hafa hömlur á útsöluverðinu, ef ástæða þætti til þess.

Eins og reikningarnir hjer að framan bera með sjer, hefir hagnaðurinn af verslunarrekstrinum orðið samtals *kr. 2793621,58 — tvær miljónir, sjö hundruð niutíu og þrjú þúsund, sex hundruð tuttugu og ein króna, fimmtíu og átta aurar* —. Sje þar frá dregið verðniðurfærsla á kolum um síðustu áramót, að upphæð *kr. 818594,56*, og kostnaður við erindreka í Ameríku og kostnaður við matvöruseðlaskrifstofuna 1918—19, að upphæð *kr. 139620,90*, verður eftir *kr. 1835406,12*, sem telst vera hinn eiginlegi varasjóður um síðustu áramót.

Á þessu ári hefir enn nokkur niðurfærsla á kolaverðinu átt sjer stað, og sömuleiðis hefir orðið að færa nokkuð niður verð á fleiri vörutegundum, en hversu miklu þessi verðniðurfærsla muni nema alls, verður ekki enn sagt um með vissu. Yrði verslunarreksturinn ekki mjög takmarkaður á þessu ári, ætti að mega gera sjer von um að ávinna eitthvað talsvert upp í þennan áðurnefnda verðfallshalla.

Vegna hins nána sambands, sem verið hefir milli Landsverslunarinnar og skipaútgerðar ríkissjóðs, verður ekki hjá því komist að minnast lítillega á skipaútgerðina, í sambandi við verslunarreksturinn. Það kom fljótlega í ljós, þegar samgönguerfiðleikarnir fóru að gera vart við sig, að landið væri nauðulega statt, ef það hefði ekki umráð yfir nægum skipum, til þess að flytja vörur að og frá landinu, eftir því sem nauðsyn krefði. Að vísu var það álit sumra manna, að vel mætti komast af með leiguskip, enda var sú leið reynd framan af, en gafst ekki vel. Skipaleigan afarhá og skipin óhentug og ekki vel útbúin, að undanskildu Íslandi, sem raunar er besta skip, en ekki hentugt til vöruflutninga eingöngu. Erfiðleikarnir við að fá skip á leigu fóru og stöðugt vaxandi, eftir því sem siglingahættan ágerðist. Það varð því eigi hjá því komist að reyna að afla landinu þeirra skipa, sem við mætti bjargast. Þess vegna voru skipin Villemoes, Borg og Sterling keypt.

Flestum skynbærum, óhlutdrægum mönnum mun koma saman um, að skipakaupin hafi verið sjálfsögð ráðstöfun, eins og þá var ástatt. En þrátt fyrir það, að nauðsyn skipakaupanna hafi af flestum verið viðurkend, hefir þó nú í seinni tíð orðið vart við ýmsar miður ábyggilegar sögur um þetta fyrirtæki, og svo mikil brögð hafa verið að þeim, að svo lítur út, að á þennan hátt hafi verið gerð tilraun til þess að gera útgerðina tortryggilega í augum almennings; hið

sama hefir vitanlega átt sjer stað um Landsverslunina, en mun, sem betur fer, lítinn árangur hafa borið, nema ef vera skyldi að einhverju leyti hjer í Reykjavík. Til þess að háttv. þingmönnum gefist kostur á að kynnast hinu rjetta í þessum efnum, eru hjer að framan birtir reikningar verslunarinnar, en hjer fara á eftir skýrslur um árangur skipaútgerðarinnar frá byrjun.

Það hefir jafnan þótt mikilsvert, að geta látið tölurnar tala, og ekki síst er þær hafa staðist nákvæma endurskoðun, eins og hjer hefir átt sjer stað.

Yfirlit yfir ágóða og tap á Borg og Villemoes.

1917.			
Ágóði af rekstri e.s. Villemoes		kr.	113720,63
Tap á rekstri Borg (vegna hárrar stríðsvátryggingar, viðgerða og tafa í útlöndum) ...	kr. 335148,13		
1918.			
Ágóði á rekstri Villemoes		—	315452,79
Ágóði af rekstri e.s. Borg		—	414668,21
1919.			
Ágóði af rekstri e.s. Villemoes		—	502829,08
Ágóði af rekstri e.s. Borg (þetta ár var skipið lengi í viðgerð og tafðist vegna verkfalls) ...		—	123178,26
1920.			
Ágóði af rekstri e.s. Villemoes		—	27057,20
Tap á rekstri e.s. Borg	— 66166,34		
	401314,47		1496906,17
Samanlagður ágóði e.s. Villemoes	— 959059,70		
Samanlagður ágóði + tap	— 136532,00		
	Kr. 1496906,17		1496906,17

Yfirlit yfir tap á e.s. Sterling.

1917.			
Tap á rekstri e.s. Sterling		kr.	17186,75
1918.			
Tap á rekstri e.s. Sterling		—	301209,07
		Flyt ... kr.	318395,82

Flutt ...	kr. 318395,82
1919.	
Tap á rekstri e.s. Sterling	— 336427,89
1920.	
Tap á rekstri e.s. Sterling	— 294300,66
	Kr. 949124,37

Eins og sjá má af skýrslunni hjer að framan, hefir árangurinn af rekstri Villemoes orðið góður; hagnaðurinn samkvæmt reikningunum kr. 959059,70. Hefði þessari upphæð verið varið til afborgunar, hefði skipið sjálft nú verið búið að greiða mikinn hluta af kaupverðinu. Um Borg er aftur nokkuð öðruvísi ástatt, vegna ýmissa óhappa, sem fyrir hana hafa komið. Það kom brátt í ljós skömmu eftir að skipið var keypt, haustið 1917, að vjelin þarfnaðist talsverðrar aðgerðar. Skipið var því sent til Englands til viðgerðar, en þar tafðist það í 6 mánuði, og má nærri geta, að þetta hafði ærinn kostnað í för með sjer. Enn fremur varð skipið seinna fyrir svipaðri töf í Danmörku, vegna verkfalls og annara óviðráðanlegra orsaka. Rekstrarhagnaðurinn hefir því orðið fremur lítill, eða ekki meiri en kr. 136532,00, en þess ber jafnframt að gæta, að skipið hefir fengið miklar aðgerðir, og mun nú vera í góðu ásigkomulagi.

Sterling hefir, eins og kunnugt er, nær eingöngu annast strandferðir hjer við land. Þær ferðir hafa aldrei reynst arðvænlegar, og er þess heldur ekki að vænta, að svo hafi verið nú síðustu árin, þegar allur rekstrarkostnaður, og þó einkum kolin, hefir margfaldast að krónutali. Það er því ekki undarlegt, þótt rekstrarhalli á þessu skipi sje æði mikill, nefnilega kr. 949124,37, yfir fjögur síðastliðin ár.

Landið hefir um mörg undanfarin ár orðið að leggja stórfje til strandferðanna, og þessi útkoma því ekki nema eðlileg, og jafnvel betri en við hefði mátt búast, þegar litið er á hinar afarerfiðu kringumstæður, sem að undanförnu hafa átt sjer stað. Það hefði því verið eðlilegast, að tekjuhalli skipsins hefði jafnóðum árlega verið færður á landsreikninginn. Þá reglu ætti að taka upp nú og fylgja henni framvegis.

Með því að nokkrar raddir hafa heyrst um það, að hyggilegast myndi að selja skip ríkisins sem allra fyrst, verður varla hjá því komist að minnast lítillega á það efni hjer. Það má óhætt fullyrða, ef skipin yrðu boðin út nú, að þá fengist ekkert viðunanlegt boð í þau, líklega ekki hærra en sem svaraði einum fjórða hins upphaflega kaupverðs, en hins vegar ekki ólíklegt, að þetta gæti aftur breyst til batnaðar áður mjög langt líður. Þessi skoðun, að rjett sje að selja skipin nú þegar, getur því varla skoðast öðruvísi en sem hrein og bein fjarstæða. Hitt virðist liggja nær að reyna að benda á það, á hvern hátt þau verði rekin með hagnaði, bæði fyrir ríkissjóðinn og eins fyrir almenning. Líklegasta leiðin til þess er auðvitað sú, að nota þau til þeirra vöruflutninga, sem landið þarfnast. Þessu verður svo best við komið, að Landsverslunin haldi áfram störfum fyrst um sinn. Það myndi nægilegt verkefni fyrir Borg og Villemoes að flytja

hingað það af kolum og steinolíu, sem landið þarfnast, og auk þess vörur til útlanda, eftir því sem tækifæri byðist og ástæður leyfðu. Mætti í þessu sambandi benda á, að það er beinlínis skylda landsstjórnarinnar að sjá um, að hross þau, sem kunna að verða send til útlanda á þessu ári, verði flutt á nefndum skipum.

Af því, sem að framan greinir, ætti það að vera öllum augljóst, að það væri mjög misráðið að taka fasta ákvörðun um að leggja Landsverslunina niður nú, og eins væri það mjög varhugavert að selja skipin nú fyrir lítið verð. Þetta tvent, skipin og verslunina, verður að reka áfram fyrst um sinn með hyggilegu samstarfi; á þann hátt verður óefað hagsmunum ríkisins best borgið. Að endingu skal þess getið, að þess er vænst og því treyst af mörgum, að háttv. Alþingi sje svo vel skipað, að það sjái hið rjetta í þessu máli og meti meira hag almennings en örfárra einstaklinga, sem kynnu að álíta þetta fyrirkomulag koma í bága við sína hagsmuni.

Alþingi, 30. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson.

(A. XLI, 8).

Nd. **436. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskj. 426 (Fjárlög).

Frá fjárveitinganefnd.

Við XX.

Aftan af athugasemdinni skulu falla orðin: »eða lagður í fjelagssjóð«.

(B. XXIX, 7).

Nd. **437. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um samvinnufjelög.

Flutningsm.: Jakob Möller.

Við 38. gr. tölul. 3.

Fyrir »2%« komi:

3%.

(A. XX, 2).

Ed. **438. Nefndarálit**

um frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur nú loks lagt þetta frv., sem vísað var til hennar í þingbyrjun, fyrir háttv. deild, ásamt tillögum sínum um það, og leyfir sjer að vænta þess, að hún verði eigi talin hafa legið á málinu að óþörfu, þegar þess er gætt, að hún hefir afgreitt frá sjer frv. um stofnun og slit hjúskapar, frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, hlutafjelagafrv., samvinnufjelagafrv., frumvörpin um lífeyrissjóði fyrir embættismenn og kennara, auk ýmsra annara smærri mála, og þar sem nefndarmennirnir sitja einnig í öðrum stórnefndum, sem hafa haft til meðferðar hin vandasömustu og flóknustu mál, er eigi hafa tekið upp skemri tíma fyrir þeim en mál þau, er allsherjarnefndin hefir fjallað um.

Um frv. þetta er það að segja, að það hefir fengið sama undirbúninginn og hin sifjafrumvörpin, er samið af sama manni og hefir verið lagt óbreytt af stjórninni fyrir þingin 1919—1921, og eru hinar fróðlegu og ítarlegu athugasemdir höfundarins, sem hjer skal skírskotað til, prentaðar í Alþingistíðindunum 1919, A. I. bls. 337—346. Við samningu þess hafa gildandi lagaákvæði um sama efni í Danmörku, Noregi og Svíaríki verið höfð til hliðsjónar, hjer gildandi lagaákvæðum verið safnað á einn stað og nýjum verið bætt við, eftir því, sem við hefir þótt eiga. Frv. gerir engar stórvægilegar breytingar á núgildandi löggjöf um sama efni. Þó má benda á það, að í því eru nýjar reglur um það, hverjir og hversu megi vefengja, að börn sjeu skilgetin, og eru um þær tekin til fyrirmyndar sænsk lög frá 14. júní 1917. Þá er í 17. gr. þess ákvæði um það, að valdsmaður geti, eftir kröfu konu, sem skilin er samvistum við eiginmann sinn, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða algerðs hjónaskilnaðar sje fengið, bannað eiginmanninum að raska sameigninni, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Þá hefir 20. gr. þess og inni að halda ákvæði um það, hvort foreldra skuli ráða ráðstöfun viðvíkjandi barni, er fjárframlagi veldur, sem ekki hefir áður verið hjer í lögum.

Loks er í 24. gr. algert nýmæli, þess efnis, að foreldrar geti ákveðið með erfðaskrá, að fara skuli með arf barns eftir þau sem fje þeirra, sem ófjárráða eru.

Ákvæði frv. ná að eins til afstöðu foreldra og barna meðan foreldrarnir eru eigi skilin að borði og sæng, eftir leyfisbrjefi eða að lögum. Sjeu foreldrarnir aðskildir, eru ákvæðin um afstöðu þeirra til barnanna að finna í frv. um stofnun og slit hjúskapar.

Við efni frv. hefir nefndin eigi fundið annað að athuga, er teljandi sje, en að henni virðist ekki áhorfsmál, að lengja tíma þann, sem heimta má greitt meðlag fyrir fyrirfram af hálfu þess hjóna, sem yfirgefið hefir hitt, án leyfis til aðskilnaðar að borði og sæng, eða valdið samvistaslitum, til hins, frá einum mánuði upp í hálft ár, svo samræmi komist á, að því er meðlag með börnun-

um snertir, þegar eins er ástatt, og kemur því fram með brtt. í þá átt við 3. málsgr. 15. gr. Mismunurinn á tímalengdinni myndi, að áliti nefndarinnar, valda of tíðum og óþörfum málarekstri.

Hinar aðrar breytingartillögur, sem nefndin leyfir sjer að stinga upp á, eru orðabreytingar, sem ekki skal fjölyrt um.

Nefndin leyfir sjer að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrirsögn 1. kap. verði:
   Um það, hver börn sjeu skilgetin.
2. Við 1. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sje ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau sjeu skilgetin.
3. Við 2. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Faðerni verður aðeins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann.
4. Við 3. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sje skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum varð kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.
   Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi hjeraðsdómara, ekki fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.
   Nú er eiginmaður sviftur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.
5. Við 4. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fjekk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmanns, enda hafi eiginmaður ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.
6. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsgr. orðist þannig:
      Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann.
   b. Fyrir orðið »ólögrátt« í síðari málsgr. komi:
      ólögráða.

7. Við 6. gr.
   Fyrir »að« í upphafi gr. komi:
   af.
8. Við 7. gr.
   a. Fyrir »bónda« í fyrri málsgr. komi:
   eiginmanni.
   b. Fyrir »bóndi« í síðari málsgr. komi:
   eiginmaður.
9. Við 9. gr.
   Fyrir »skilfengins foreldris gagnvart barninu« í niðurlagi gr. komi:
   foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.
10. Við 10. gr.
   a. Fyrir »hvoru fyrir sig« komi:
   hvoru um sig.
   b. Fyrir »börnin« komi:
   þau.
11. Við 11. gr.
   a. Fyrir »hvoru fyrir sig« í 1. málsgr. komi:
   hvoru um sig.
   b. Fyrir »temja« í 2. málsgr. komi:
   innræta.
12. Við 12. gr.
   Fyrir »maka sinn« komi:
   eiginkonu sína eða eiginmann.
13. Við 13. gr.
   a. Fyrir »Nú eru foreldrin vegna efnaskorts eigi fær« í 1. málsgr. komi:
   Nú eru foreldrar vegna efnaskorts eigi færir.
   b. Fyrir »foreldrin« í sömu málsgr. komi:
   foreldrana.
14. Við 14. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru.
   b. Á eftir »foreldris« í 2. málsgr. komi:
   eða lögráðamanns.
15. Við 15. gr.
   a. Fyrir »án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað« í 1. málsgr. komi:
   án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið.
   b. Fyrir »fyrir meðlagi« í sömu málsgr. komi:
   um meðlag.
   c. Fyrir »einn mánuð« í 3. málsgr. komi:
   1/2 ár.

16. Við 17. gr.
    a. Á undan orðinu »skilnaðar« í 1. málsgr. bætist:
    leyfi til.
    b. Fyrir »aflað« í sömu málsgr. komi:
    fengið.
    c. Fyrir »bónda« í sömu málsgr. komi:
    eiginmanni.
    d. Fyrir »bóndi« í 2. málsgr. komi:
    eiginmaður.
    e. Fyrir »drengskaparskýrslu« í sömu málsgr. komi:
    skýrslu að viðlögðum drengskap.
    f. Þriðja málsgr. orðist þannig:
    Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það hann þá o. s. frv.
    g. Fyrir »tefla« í 4. málsgr. komi:
    ræða.
17. Við 18. gr.
    a. Fyrir »lögtak fyrir« í 3. málsgr. komi:
    lögtak á.
    b. Fyrir »í hjerlendum eignum foreldris« í niðurl. gr. komi:
    í eignum foreldris hjer á landi.
18. Við 19. gr.
    Fyrri málsgr. orðist svo:
    Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau.
19. Við 20. gr.
    a. Fyrir »Foreldri ráða bæði saman, sjeu þau« í 1. málsgr. komi:
    Foreldrar ráða báðir saman, sjeu þeir.
    b. Önnur málsgr. orðist þannig:
    Nú greinir foreldra, sem eru samvistum, á um einhverja ráðstöfun viðvíkjandi börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni, eða framfærir aðallega heimilið og gætir rjettar barnanna, að því leyti, er þá ráðstöfun snertir.
    c. Fyrir »Foreldrin« í upphafi 4. málsgr. komi:
    Foreldrar.
20. Við 21. gr.
    Fyrir »að leyfis hafi verið aflað« komi:
    leyfi hafi verið fengið.
21. Við 22. gr.
    Fyrir »þeim manni til að hann« í 2. málsgr. komi:
    þeim manni til þess að hann.
22. Við 24. gr.
    a. Fyrri málsgr. orðist þannig:
    Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að

ætla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fje að fara, og geta foreldrar þá báðir saman, eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fje þeirra, sem ófjárráða eru.

b. Fyrir »þá valdsmaður« í 2. málsgr. komi:
skiftaráðandi þá.

c. Fyrir »enda fer upp þaðan um meðferð fjárins sem um fje ófjárráðra« í sömu málsgr. komi:
enda fer upp frá því um meðferð fjárins eins og fje þeirra, sem ófjárráða eru.

23. Við 25. gr.
Fyrir »að fela þykir mega honum« komi:
að óhætt þykir að fela honum.

24. Við 30. gr.
Fyrir »1. jan. 19...« komi:
1. janúar 1922.

Alþingi, 29. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson, formaður.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson, ritari.

(B. LX, 1).

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Ríkisborgararjettur veitist útvegsmanni Ole Andreas Olsen Tynes á Siglufirði, sem fæddur er 7. febrúar 1877, í Sökkelven-hreppi á Sunnmæri í Noregi.

Greinargerð.

Ole Andreas Olsen Tynes á Siglufirði hefir verið búsettur á Siglufirði síðan 1907. Árið 1911 giftist hann íslenskri konu, Indíönu Pjetursdóttur. Borgarabrjef til verslunar á Siglufirði fjekk hann 1907, enda tekið þátt í stjórn bæjarmála þar, t. d. verið í hafnarnefnd frá því hún var stofnuð 1915, og yfirleitt sýnt sig sem áhugasaman og mætan borgara á Siglufirði. Síðustu 9 ár hefir hann haft kosningarrjett til Alþingis og bæjarstjórnar (hreppsnefndar). Þau hjón eiga eitt barn, sem alið er upp sem Íslendingur, og á heimilinu er töluð íslenska. Eignir á hann miklar á Siglufirði og hefir rekið atvinnu þar í stórum stíl síðan 1909.

(A. XXXVII, 6).

Ed. **440. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varnir gegn berklaveiki.

Frá lyfjasölunefnd.

Frumvarp þetta hefir gengið breytingalaust gegn um hv. neðri deild og lyfjasölunefndin hefir heldur ekki sjeð sjer fært að gera breytingar á því.

Nefndinni virðast þó ákvæði 6. gr., um eftirlit með heilbrigði kennara við skóla fyrir eldri nemendur en 14 ára, tæplega nógu ströng, af þeirri ástæðu, að telja má víst, að í þeim skólum geti einnig verið um smitunarhættu að ræða af berklaveikum kennurum, og hins vegar ekki næg ástæða til þess að losa þessa menn við samskonar eftirlit og barnakennarar eru háðir.

Nefndinni dylst heldur ekki, að erfitt muni að framkvæma í bráð ýms ákvæði frumvarpsins, þar sem framkvæmdin byggist á því, að til sjeu næg sjúkraskýli og barnahæli.

Sama má segja um valdboð 13. gr. Ákvæði þeirrar greinar munu áreiðanlega reynast læknum og yfirvöldum erfið í framkvæmd, og þarf ekki annað en minna á framkvæmd samskonar ákvæða í holdsveikislöggjöf vorri; þar að auki myndu ákvæði þessarar greinar gera lögin óvinsæl, ef hart er að gengið.

Þrátt fyrir þessa agnúa á frumvarpinu, hefir nefndin ekki viljað koma fram með breytingartillögur, einkum vegna þess, að nú er áliðið þings og breytingar myndu geta valdið því, að frv. dagaði uppi. En það álítur nefndin illa farið, þar sem frumvarpið leggur heppilegan framtíðargrundvöll undir berklavarnir landsins, og rjettast þykir að leggja hann sem fyrst.

Nefndin leggur því eindregið til, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1921.

Karl Einarsson, form.	Halldór Steinsson, fundaskrifari.	Guðm. Guðfinnsson, ritari.

(B. XLVI. 7).

Ed. **441. Breytingartillögur**

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Frá lyfjasölunefnd.

1. Við 2. grein:
   2 síðustu málsliðirnir falli niður.
2. Við 4. grein:
   Í stað orðanna »eftir beiðni, fyrir lækna« komi:
   eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna.

(B. XXIX, 8).

Nd. **442. Lög**

um samvinnufjelög.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll fjelög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld fjelagsmanna, í rjettu hlutfalli við þátttöku þeirra í fjelagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufjelaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa fjelagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfjelög, pöntunarfjelög).
2. Að selja afurðir af búum fjelagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sje lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða trygð á annan hátt (sláturfjelög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufjelaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.
2. Sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna í öllum fjárreiðum fjelagsins.
   Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.
3. Atkvæðisrjettur jafn, þannig að hver fjelagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskifta í fjelaginu.
4. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiftum tekjum fjelagsins.
5. Tekjuafgangi í ársreikningi fjelags, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum fjelagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynst neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiftamagni hvors um sig.
6. Í stofnsjóð leggist sem sjereign hvers fjelagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.

7. Arður af viðskiftum, er utanfjelagsmenn kunna að hafa við fjelagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sje varið á annan hátt til almenningsþarfa.
8. Vextir af innieignum fjelagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiftareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
9. Nafnaskrá skal haldin yfir fjelagsmenn, svo að jafnan sje fyrir hendi óræk skýrsla um fjelagatal.
10. Innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóðum sje ekki útborgað við fjelagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á fjelagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi hjeraðsstjórnar, uns samvinnufjelag eða samvinnufjelög með sama markmiði taka til starfa á fjelagssvæðinu. Fær það fjelag eða þau fjelög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. kafli.

Fjelagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufjelag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem fjelaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sjer saman um fjelagsstofnun og bindast samtökum um að gerast fjelagsmenn, setja þeir fjelaginu samþyktir, í samræmi við lög þessi, og er þá fjelagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþyktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti fjelagsins fullum stöfum og skammstafað heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið fjelagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn fjelagsins og vald hennar í fjelagsmálum.
4. Deildaskipun fjelagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið fjelagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð fjelagsmanna gagnvart skuldbindingum fjelagsins.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþyktum og viðaukar, svo og fjelagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem fjelag er stofnað og samþyktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþyktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra fjelagsmanna. Við inngöngu skrifar hver fjelagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sje háður samþyktum fjelagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiftilegan sameignarsjóð.

8. gr.

Enn fremur skulu í samþyktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr fjelaginu, og ástæður, er heimili brottrekstur fjelagsmanns. Úrsögn sendist fjelagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát fjelagsmanns eða burtflutning af fjelagssvæði. Fjelagsmaður, er fer úr fjelaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

III. kafli.

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufjelag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlast rjettindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í fjelagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða fjelagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir fjelagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem fjelagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að fjelag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti fjelagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur fjelagsins og starfsemi.
3. Dagsetning fjelagssamþykta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda fjelagið með samningum og hvernig undirskrift sje hagað.

6. Hvernig boða skuli fjelagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir fjelagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufjelag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal fjelagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sje komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.

Ef fjelag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skrásetningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi fjelagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþyktum fjelags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskifti þarf þó eigi að tilkynna, nema maður taki sjer bólfestu utanlands, nje heldur breytingu á heimilisfangi fjelags innan sama lögsagnarumdæmis. En sje heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal fjelagið skrásett þar.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu uns úr er bætt. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

17. gr.

Það sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal

telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Fjelagsstjórn.

18. gr.

Fjelagsfundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur fjelagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur fjelagsmanna eða þriðjungur fjelagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í fjelagi, sem er óskift heild, hafa atkvæði allir fjelagsmenn. En í fjelagi, sem skiftist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrjett. Hve marga fulltrúa hver fjelagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu fjelagsmanna í deildinni, svo sem samþyktir fjelagsins nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur fjelagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi fjelagsdeilda sækja fundinn, enda sje á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrjett.

Úrslitum mála á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða fjelagssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr fjelaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður kjörtími hans er liðinn. Í samþyktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og sjeu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn, nema hann sje fjelagsmaður.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á

fundi. Stjórnin fer með málefni fjelagsins milli funda samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en sjeu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók fjelagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera fjelagsmenn, en mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fjelagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hve nær sem er á starfstíma fjelagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu fjelagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta fjelaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í fjelaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. kafli.

Skyldur og rjettindi.

24. gr.

Árgjald í varasjóð fjelags og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. — Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól. Fje má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu fjelagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sjeu tillögunni fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ þeirra fjelagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum.

25. gr.

Í samþyktum skal ákveða árlegt tillag í stofnsjóð fjelagsins, hve mikið það skuli vera frá hverjum fjelagsmanni og hvernig það skuli greitt. Má það eigi vera minna en svarar 3 % af verði aðkeyptrar vöru í þeim fjelögum, er hafa vörukaup sem aðalverksvið. Fje stofnsjóðs skal notað sem veltufje í þarfir fjelagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns fellur til útborgunar:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af fjelagssvæði.
c. Við gjaldþrot hans.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign fjelagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, enda hafi hann ekki skift við fjelagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyr en eigandi hefir int af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem fjelagsmanni.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfje óuppsegjanlegt, og verður ekki selt nje af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki fjelagsstjórnar.

26. gr.

Samvinnufjelög með samábyrgð hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá fjelagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfje. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum fjelagssamþykta.

Til tryggingar fyrir fje því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður fjelagsins og aðrar eignir þess, ásamt sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna.

27. gr.

Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabrjef, að hafa verslunarviðskifti við utanfjelagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur.

VI. kafli.

Samvinnusambönd.

28. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufjelög með líku verksviði koma sjer saman um að mynda samband sem sjerstakt fjelag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufjelög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það fjelag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rjett til upptöku.

29. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af fjelögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert fjelag má senda á sambandsfund, eftir tölu fjelagsmanna, svo sem samþyktir sambandsins nánar ákveða.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

30. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og sjeu í henni eigi færri en þrír menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum, og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskifti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

31. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum fjelögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sje á ráðin, ef misfellur eru, og gefur fjelagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í tje skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. kafli.

Fjelagsslit.

32. gr.

Samvinnufjelagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykt á tveim lögmætum fjelagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $^{2}/_{3}$ atkvæð-

isbærra fundarmanna, enda hafi málið verið borið undir fjelagsmenn milli funda og samþykt af þeim með meiri hluta atkvæða.

33. gr.

Þegar fundur ákveður fjelagsslit, getur hann annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál fjelagsins, meðan á fjelagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En fjelagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um fjelagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á fjelagsbúi gilda ákvæði skiftalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Fjelagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu fjelagsins.

34. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða fjelagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið fjelagsbúið aftur afhent sjer í hendur og haldið áfram starfsemi fjelagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um fjelagsslitin.

35. gr.

Stjórn samvinnufjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

36. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufjelag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn fjelagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra rjettinda samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Bækur fjelags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annara fjelaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir fjelagsins.

VIII. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

38. gr.

Þangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufjelög gjöld til þeirra sem hjer segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, bygðri á skýrslu, er hlutaðeigandi fjelag gefur henni. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á því.
3. Skatt, alt að 2%, af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.

Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

39. gr.

Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til fjelagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, alt að 2000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af stórfeldu gáleysi rangt eða villandi í öðrum skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um eignir og efnahag fjelags, er þeir stýra.

Enn fremur varðar það sektum, alt að 1000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

40. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

41. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

a. Fyrir skrásetningu fjelags, sem eigi hefir verið skrásett áður . . . kr. 30,00
b. Fyrir skrásetningu útibús . . . . . — 20,00
c. Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu . — 15,00
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júlí 1921, og eru þá um leið úr gildi fallin, að því er snertir samvinnufjelög, öll þau ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

(B. XLIX, 2).

Ed. **443. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1921.

Sig. Eggerz,	Guðm. Ólafsson,	Sigurjón Friðjónsson,
formaður.	fundaskrifari.	ritari.

Björn Kristjánsson. Guðjón Guðlaugsson.

(A. XXX, 34).

Ed. **444. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 424 [*Fjáraukalög*].

Frá fjárveitinganefnd.

Fyrir »björgunar- og eftirlitsskipsins Þórs« í 2. lið komi:

björgunarskipsins Þórs.

(A. XXX, 35).

Nd. **445. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1189742 kr. 73 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.

Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers	kr.	6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 2000 kr.

Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920	kr.	2000,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	20000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920...	—	460,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
12.	Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur	—	1500,00
		Samtals kr.	205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 265900 kr.

1.	Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram 1/3 kostnaðar	kr.	7000,00
2.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
3.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
4.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
5.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
6.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
7.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
8.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
9.	Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	5000,00
	Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.		
10.	Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
11.	Til bátaferða á Hvalfirði	—	1000,00
12.	Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss	—	8000,00
	Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.		
13.	Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að	—	1000,00
	Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.		
14.	Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að	—	2500,00
15.	Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að	—	60000,00
	Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.		
16.	Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
17.	Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði	—	10000,00
18.	Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins	—	400,00
		Samtals kr.	265900,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 109153 kr. 21 a.

1.	Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum	kr.	8000,00
2.	Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ...	—	8000,00
		Flyt kr.	16000,00

		Fluttar kr.	16000,00
	Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.		
3.	Dýrtíðarbætur til háskólaritara	—	600,00
4.	Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
5.	Til utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
6.	Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
7.	Kostnaður við starf mentamálanefndar	—	10000,00
8.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
9.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920	—	3000,00
10.	Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann	—	300,00
11.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
12.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
13.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
14.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
15.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
16.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
17.	— Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
18.	— Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
19.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
20.	Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni	—	1800,00
		Samtals kr.	109153,24

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 105990 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristianiu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni	—	2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
11.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
12.	Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði	—	725,33
		Flyt kr.	92490,52

		Fluttar kr.	92490,52
13.	Til sama, dýrtíðaruppbót	—	3000,00
14.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)...	—	2000,00
15.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar iþróttanema (lokaveiting) ...	—	1500,00
16.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00
17.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms	—	2000,00
18.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00
19.	Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur	—	1000,00
		Samtals kr.	105990,52

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 251972 kr. 40 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6.	Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8.	Til skógræktar (eftirgjöf á láni)	—	5000,00
9.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
10.	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12.	Til Skeiðaáveitunnar, ¼ kostnaðar	—	29000,00
13.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
14.	Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... þó ekki yfir helming kostnaðar.	—	5000,00
15.	Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.	—	8000,00
16.	Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921.	—	8312,50
17.	Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að..	—	19000,00
18.	Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að...	—	40000,00
		Samtals kr.	251972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 19766 kr. 57 a.

1.	Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra	kr.	12619,90
2.	Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur...	—	900,00
3.	Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils	—	500,00
4.	Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum	—	4746,67
5.	Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga	—	1000,00
	Samtals	kr.	19766,57

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1.	Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2.	Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
3.	Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar	—	22500,00
	Samtals	kr.	223000,00

11. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
2. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til rafveitunnar.
3. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 50000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.
4. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
5. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.
6. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunarskipsins »Þórs« árið 1920.

(A. XLI, 9).

Ed. **446. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Arið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	
2.	Húsaskattur	40000	
3.	Tekjuskattur	400000	
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	50000	
			590000
5.	Aukatekjur	120000	
6.	Erfðafjárskattur	17000	
7.	Vitagjald	100000	
8.	Leyfisbrjefagjöld	8000	
			245000
9.	Útflutningsgjald		500000
10.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	125000	
11.	Tóbakstollur	400000	
	Flyt ...	525000	1335000

		kr.	kr.
	Flutt ...	525000	1335000
12.	Kaffi- og sykurtollur...	525000	
13.	Vörutollur	750000	
14.	Annað aðflutningsgjald	60000	
			1860000
15.	Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð		10000
16.	Stimpilgjald...	1500000	
17.	Pósttekjur	240000	
18.	Símatekjur	1000000	
			2740000
	Samtals ...	... ...	5945000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2.	Tekjur af kirkjum		50
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
4.	Tekjur af skipum		350000
	Samtals ...	... ...	390050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af Íslandsbanka		70000
2.	— — Landsbankanum:		
	a. Árgjald	7500	
	b. Ágóðahluti	68000	
			75500
3.	Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
	Flyt ...	... ...	165500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	165500
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
7. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
8. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	472500

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 1629470 kr. 95 a.

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr. tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
Flyt ...	83333,34	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	83333,34	700521,92
3. Af láninu frá 1912		8333,33	
4. — — — 1912		33333,33	
5. — — — 1913		12251,19	
6. — — — 1916		4000	
7. — ritsímaláni 1917		9297,84	
8. — skipakaupaláni		200000	
9. — ritsímaláni Landsbankans		3400	
10. — Íslandsbankaláni 1918...		100000	
11. — láni danskra banka 1919		225000	
12. — innlenda láninu 1920		150000	
			828949,03
III. Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla			100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	270000	
2. — yfirskoðunar landsreikninga	6000	
		276000
Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			kr.	kr.
	A.			
1.	Til ráðherra:			
	a. Laun	30000		
	b. Til risnu	4000		
			34000	
2.	Til utanferða ráðherra		9000	
3.	Laun starfsmanna Stjórnarráðsins		105000	
4.	Annar kostnaður		30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
				201700
	B.			
	Hagstofa Íslands.			
1.	Laun hagstofustjóra		9500	
2.	— aðstoðarmanns		7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
4.	Prentun eyðublaða		2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000	
				55700
	C.			
	Gjöld í Kaupmannahöfn.			
1.	Til sendiherra:			
	a. Laun...	12000		
	b. Til húsaleigu	2000		
	c. — risnu	2000		
	d. — skrifstofuhalds...	16000		
			32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3.	Ríkisráðskostnaður		4000	
				48000
		Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	506320

		kr.	kr.
	Flutt ... 900	... ...	506320
b.	Til pappírs og prentunar 15000		
c.	Til kostnaðar við sending með póstum... 1200		
		17100	
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef... 20000		
b.	Fyrir embættisskeyti 60000		
		80000	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	8000	
4.	Til embættiseftirlitsferða	6000	
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...	500	
6.	Til landhelgisgæslu	40000	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...	1500	
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905	75000	
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis ... ... Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		900
	Flyt ...	... ...	288360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288360
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		200
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis...		400
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis...		200
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis		300
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...		300
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
16. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	
		3500
18. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
19. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku		
Flyt ...	... ...	302760

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302760
	fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m....			10000
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu			2000
22.	Rekstrarstyrkur Radíumstofnunarinnar			3000
23.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
24.	Geðveikrahælið á Kleppi...			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
	7. Þvottur og ræsting	2000		
	8. Skemtanir	1000		
	9. Skattar m. m.	1000		
	10. Óviss útgjöld	1000		
			125980	
		Flyt ...	135480	529030

		kr.	kr.
	Flutt ...	135480	529030
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag 43800		
	Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag 8760		
	Tekjur af búinu 2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
25.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		112662
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	9500	
	B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...	2000	
	C. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna.. 32300		
	2. Viðurværi 134502		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 5380		
	4. Ljós og hiti 77000		
	5. Þvottur og ræsting 7860		
	6. Viðhald húsa 5000		
	7. Viðhald vjela 5000		
	8. Húsbúnaður og áhöld 8000		
	9. Flutningskostnaður 10000		
	10. Óviss gjöld 3000		
		288042	
		299542	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag 146000		
	Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag. 14600		
	Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag .. 26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
26.	Til undirbúnings landsspítala...		7500
27.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	10000	
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		
	b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á		
	Flyt ...	10000	649192

		kr.	kr.
	Flutt ...	10000	649192
	föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c.	Bólusetningarkostnaður..	1500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar...	3000	
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis		
h.	Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
	Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
i.	Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j.	Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k.	Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l.	Til væntanlegs berklavarnarfjelags	10000	
m.	Til starfrækslu Finsensljósa	3000	
	Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.		
n.	Til Helgu Eggertsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur	1000	
o.	Til Þuríðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu, utanfararstyrkur	1000	
p.	Til Jónínu Pálsdóttur, utanfararstyrkur til hjúkrunarnáms.	1000	
	Flyt ...	129000	649192

		kr.	kr.
	Flutt ...	129000	649192
q.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristianíu eða Kaupmannahöfn.. ...	800	
r.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
			130100
28.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		30000
	Samtals ...	... ...	809292

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
		A. Póstmál.		
1.	Laun:			
	a.	Eftir launalögum	101420	
	b.	Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000	
	c.	Brjefhirðingamenn	20000	
				191420
2.	Póstflutningur.....			200000
3.	Annar kostnaður:			
	a.	Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200	
	b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
	c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000	
	d.	Önnur gjöld	47000	
				89200
				480620
		Flyt ...	... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
		35940	
II. Flutningabrautir:			
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
		178000	
III. Þjóðvegir:			
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Öxnadalsvegur (endurveiting)...	10000		
6. Kjalarnesvegur	10000		
7. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		124000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	416440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	416440	480620
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500	
IX. Til dragferju á Skjálfandafljóti		3000	
X. Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að...		3000	
gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.			422940
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		175000	
2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		100000	
			275000
D.			
Hraðskeyta og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		20000	
III. Til lagningar nýrra lína o. fl.:			
1. Norðtunga — Grund	11000		
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500		
3. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting)	60000		
4. Búðardalur—Króksfjarðarnes(endurveit.)	75000		
5. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík...	32000		
6. Loftskeytastöð á Siðu.	25000		
7. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ...	12000		
		219500	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	330000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	4500		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500		
4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík	7800		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840		
6. Áhaldahúsið.	3000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7700		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	13700		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950		
	Flyt ... 465990	274500	1178560

		kr.	kr.
Flutt ...	465990	274500	1178560
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu...	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að.		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern..		550	
			1018490
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra.	9500		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti..	35000		
3. Papeyjarviti	30000		
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem			
Flyt ...	100000	102600	2197050

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	102600	2197050
þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
			252600
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			5000
VI. Ymislegt...			10000
Samtals ...		... ...	2464650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. 1. Laun biskups..	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
		13000
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..	408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti	5000	
5. Til húsabóta á Desjarmýri	5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 4% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.			
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000		
7. Framlag til prestlaunasjóðs	360000		
8. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400		
9. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu	1200		
			390008,28
Flyt ...		... ...	403008,28

		kr.	kr.
Flutt ...		... ..	403008,28
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.			
B. Kenslumál.			
I. Háskólinn:			
a. Laun		143000	
b. Aukakensla:			
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ...	1500		
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði	500		
3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ...	7700		
		9700	
c. Styrktarfje:			
1. Námsstyrkur.	15000		
2. Húsaleigustyrkur.	7000		
		22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.			
d. Til kensluáhalda læknadeildar		800	
e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2000	
f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		11000	
g. Önnur gjöld:			
1. a. Laun ritara	1000		
b. Dýrtíðaruppbót	1000		
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600		
b. Dýrtíðaruppbót	1000		
3. Einkalaunabót núverandi dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200		
Flyt ...	5800	188500	403008,28

		kr.	kr.
Flutt ...	5800	188500	403008,28
3. Ýms gjöld	5000		
		10800	
			199300
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til dyravarðar	1000		
2. a. Til söngkennara	600		
a. Dýrtíðaruppbót	400		
		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar...	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg útgjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
			137800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			
Flyt ...		... ...	748108,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	748108,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara...	7400	
	2. Tímakensla	1800	
	3. Til bóka og kensluáhalda	1000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6000	
	5. Námsstyrkur	800	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.		
	6. a. Til dyravörslu	600	
	b. Dýrtíðaruppbót	400	
	7. Til skólahússins utan og innan ...	2000	
	8. Til ýmislegra gjalda...	2000	
		22000	
			52360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla	2500	
	2. Eldiviður og ljós	6000	
	3. Bókakaup og áhöld	500	
	4. Námsstyrkur	3000	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	12000	30000	800468,28

		kr.	kr.
Flutt ...	12000	30000	800468,28
Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.			
5. Til viðhalds..	1000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			45500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		18920	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	7800		
2. — eldiviðar og ljósa	5500		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra	300		
		16600	
			35520
VII. Til Vjelstjóraskólans:			
a. Laun		17600	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	2300		
2. Ljós og hiti	2200		
3. Ýmiss kostnaður.	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	3700		
		9200	
			26800
VIII. Til bændakenslu:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun		13200	
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu ...		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að	1400		
2. — kensluáhalda	600		
Flyt ...	2000	15200	908288,28

		kr.	kr.
Flutt ...	2000	15200	908288,28
3. Til eldiviðar og ljósa	8000		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		12500	
			27700

Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun		14080	
b. Til smíða- og leikfimikenslu		1600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að	1400		
2. — kensluáhalda	500		
3. — eldiviðar og ljósa	7000		
4. Ýmisleg gjöld	2250		
		11150	
			26830

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.

Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.

3. Til skólahalds á Eiðum:			
a. Laun		14500	
b. Til aðstoðarkenslu		600	
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms	600		
2. — kensluáhalda	500		
3. — eldiviðar og ljósa	4500		
4. Ýmisleg gjöld	1500		
		7100	
			22200
Flyt ...		... ...	985018,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	985018,28
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
			18000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	2000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að... 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna ., ...	8000	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	2000	
			13300
XII.	Til kvennaskóla:		
	1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 25000		
	Flyt ... 25000	... ...	1026918,28

		kr.	kr.
	Flutt ... 25000	... ...	1026918,28
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 2000		
c.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... 600		
	Stjórninni er heimilt að auka þessa fjárveiting, ef hún hrekkur eigi.		
		27600	
2. a.	Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15600		
b	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 1400		
		17000	
			44600
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Til almennrar barnafræðslu:		
1.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	465000	
2.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	5000	
3.	Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	4200	
5.	Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
6.	Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.		
7.	Til Skólablaðsins	800	
8. a.	Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1000		
c.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		11500	
			510500
	Flutt ...	... ...	1582018,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1582018,28
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti	1000	
			63000
XV.	Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Óskar á Skutilsfjarðareyri, til húsmæðrafræðslu, gegn 800 kr. annarsstaðar að		2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		15000
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XIX.	Til sundkenslu og leikfimi: a. Til sundkenslu í Reykjavík .. .. Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	
	b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund..	1800	
	Flyt ...	2100	1664618,28

	kr.	kr.
Flutt ...	2100	1664618,28
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	2500	
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1672018,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skrásetjara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til Hallgríms Hallgrímssonar, aðstoðarmanns við safnið, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót.	4400	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
Flyt ...	52420	... ...

	kr.	kr.
Flutt ...	52420	... ...
g. Húsaleiga..	500	
h. Ýmisleg gjöld..	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	5000	
f. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	
g. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	
		19800
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið		1800
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9. Til Þjóðvinafjelagsins		750
10. Til Fornleifafjelagsins..		800
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		
Flyt ...	... ...	127120

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	127120
11.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
12.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu jafnóðum.		2000
13.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
14.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
15.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
16.	Til fjelagsins »Íslendings«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs ...		3000
17.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
18.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
19.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
20.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi... ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		28200 1200
21.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum.. ... ... Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		2000
23.	Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna		1000
24.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
	Flyt ...	... ...	186020

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	186020
25.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
26.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
27.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
28.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
29.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
30.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
31.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
32.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
33.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út síðskiftaöld		1800
34.	Til landskjálftarannsókna .. .. Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550
35.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
36.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
37.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		2000
38.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál... ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		500
39.	Til Listvinafjelags Íslands		1500
40.	Til Íþróttasambands Íslands		2000
41.	Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
42.	Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits		1000
43.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
	Flyt ...	... ...	261570

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	261570
44. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
45. Til Jóns Eyþórssonar, námsstyrkur		2000
46. Til Bjarna Jósefssonar, námsstyrkur		2000
47. Til Ingu Magnúsdóttur, námsstyrkur		2500
48. Til Brynjólfs Stefánssonar, námsstyrkur		2000
49. Til Baldvins Bergvinssonar, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
50. Til Einars Jónssonar frá Galtafelli, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót		5500
51. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
Samtals ...	... ...	278270

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		30000
Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu, og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.		
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
b. Styrkur til fjelagsins	1000	
		8000
5. Til skógræktar:		
a. Laun	14080	
b. Til skóggræðslu	21000	
		35080
6. Til framhalds landmælinga		40000
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis.	800	
Flyt ...	27040	328080

	kr.	kr.
Flutt ...	27040	328080
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og á-tundun.		
		27040
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
b. Til húsaleigu	1200	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	
		8200
10. Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13. Til Fiskifjelagsins		60000
Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		
14. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
b. 4 síldarmatsmanna	14080	
c. 4 ullarmatsmanna	3200	
d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	
		61680
15. Til gerlarannsókna		2400
16. Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, gegn jafnmiklu annarsstaðar að..		2500
17. Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands		5000
Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		
18. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
19. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar íþrótta og skóggræðslu...		2000
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
20. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
21. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
Flyt ...	... ...	520500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	520500
22.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
23.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
24.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
25.	Til bjargráðasjóðs		22000
26.	Til landhelgisjóðs		20000
27.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7510
28.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
29.	Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
30.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
31.	Laun húsgerðarmeistara		9500
32.	Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
33.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.	7700	
	b. Ferðakostnaður, alt að	1000	
	c. Skrifstofukostnaður	600	
			9300
34.	Til Sigurðar hreppstjóra Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
35.	Til sendimanns á Spáni		20000
36.	Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
37.	Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting) ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		12000
	Flyt ...	... ...	691490

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	691490
38.	Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
39.	Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar		10000
	Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		
40.	Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
41.	Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)...		750
42.	Til útgerðar björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum		45000
43.	Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
44.	Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
45.	Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri		1800
46.	Til útgáfu Sindra		1000
47.	Til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum..		500
48.	Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
49.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000
	Samtals ...	... ...	749290

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	28762,09	
	b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
	c. Uppgjafaprestar	1321,66	
	d. Prestsekkjur	4800,40	
			50014,03
	Flyt ...	... ...	50014,03

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	50014,03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndals, læknis	250	
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300	
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra.	1200	
		1750
b. Embættismanna ekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	
3. — Ólivu Guðmundsson	175	
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400	
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400	
		1325
c. Uppgjafaprestar.		
1. Til Gísla Kjartanssonar...	800	
2. — Stefáns Stephensens...	147	
3. — Stefáns M. Jónssonar	325	
4. — Bjarnar Jónssonar	475	
		1747
d. Prestsekkjur.		
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130	
2. — Auðar Gísladóttur	300	
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	
4. — Guðrúnar Björnsdóttur...	300	
5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur	300	
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300	
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur...	300	
11. — Kirstínar Pjetursdóttur	300	
12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur..	300	
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur	106	
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	
15. Til Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	
16. Til Þórunnar Stefánsdóttur	400	
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400	
18. — Steinunnar Pjetursdóttur	300	
		5736
Flyt ...	... ...	60572,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	60572,03
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur		300	
2. — 3 barna hennar		300	
3. — Bjargar Jónsdóttur		300	
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur		360	
5. — Hjartar Snorrasonar		500	
6. — Jónasar Eiríkssonar		500	
7. — Magnúsar Einarssonar		500	
8. — Elínar Briem Jónsson		300	
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur.		300	
10. — 3 barna hennar		300	
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar		320	
12. — Pjeturs Guðmundssonar..		500	
			4480
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar		300	
2. — Guðm. Kristjánssonar		300	
3. — Böðvars Jónssonar		200	
4. — Hallgríms Krákssonar		200	
5. — Jóhanns Jónssonar		200	
6. — Þóru Matthíasdóttur		300	
7. — Daníels Jónssonar...		200	
8. — Jens Þórðarsonar		100	
9. — Friðriks Möllers		1200	
10. — Kristínar Jóelsdóttur		200	
11. — Eliesers Eiríkssonar		200	
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum ...		300	
13. — Jóhannesar Þórðarsonar		300	
			4000
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.			
1. Til Þorvalds Thoroddsens		2000	
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar		3500	
3. — Valdimars Briems		1200	
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum		300	
5. — Önnu Thorlacius		300	
			7300
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson...		300	
2. — Jakobínu Pjetursdóttur		200	
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar		600	
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess			
	Flyt ...	1100	76352,03

	kr.	kr.
Flutt ...	1100	76352,03
100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	
5. Til Guðrúnar Sigurðardóttur	300	
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	
7. — 3 barna hennar	300	
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	
9. — Ekkju Matthíasar Jochumssonar, Guðrúnar Runólfsdóttur	1200	
		4200
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:		
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðuk.	400	
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða... ...	500	
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð.	500	
4. — ekkju Guðmundar Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsdóttur	300	
5. — Páls Erlingssonar	1000	
6. — Erlends Zakaríassonar	300	
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
8. — ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar, Kristínar Gestsdóttur	400	
		3700
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ingeborg Sigurjónsson...		1000
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i		98869,11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða		40000
Samtals ...	... ...	224121,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr. 1629470,95	
— 8. —	... .	— 60000,00	
— 9. —	... ...	— 276000,00	
— 10. —	... ...	— 305400,00	
— 11. —	... .	— 734420,00	
— 12. —	... ...	— 809292,00	
— 13. —	... ...	— 2464650,00	
— 14. —	... ...	— 1672018,28	
— 15. —	... ...	— 278270,00	
— 16. —	... ...	— 749290,00	
— 17. —	... ...	— 4000,00	
— 18. —	... ...	— 224121,14	
— 19. —	... ...	— 100000,00	
			kr. 9306932,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr. 5945000,00	
— 3. —	... ...	— 390050,00	
— 4. —	... ...	— 472500,00	
— 5. —	... ...	— 22400,00	
			— 6829950,00
		Tekjuhalli	kr. 2476982,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.
4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira

en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
7. Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 500000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi sjerstakan mann til eftirlits með öllum rekstri fyrirtækisins, enda greiði verksmiðjan þeim manni kaup, er um semur.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(A. XXVIII, 8).

Ed. **447. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um frumvarp þetta og legg til, að það verði samþykt.

Það er orðið mjög alment álit, síðan farið var að nota bifreiðar hjer á landi, að þær spilli vegum meira en önnur farartæki; og þótt nokkrir sjeu, er halda hinu gagnstæða fram, býst jeg ekki við, að því verði mótmælt með rökum, að vegir fyrir bifreiðaumferð þurfi að vera betur gerðir og því dýrari en vegir fyrir hesta og hestvagna. Og ef menn geta fallist á þetta, er þá ekki með því viðurkent, að bifreiðar slíti vegum meira en önnur flutningatæki?

Þá er á það að líta, að eins og skatturinn er nú ákveðinn í frumvarpinu, verður ekki sjeð, að hann þurfi að hækka, nema þá að örlitlu leyti, fargjöld og farmgjöld með bifreiðum, þar sem beint á að verja honum »til að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða«.

Skatturinn á, með öðrum orðum, beinlínis að koma sömu farartækjum að notum og hann er goldinn af.

Taka má einnig fram í þessu sambandi, að þótt orð leiki á, að eigendur bifreiða setji fargjöld með þeim fullhá, sem afkoma þeirra yfirleitt virðist sanna, er því haldið fram af ýmsum, sem til þekkja og notað hafa bifreiðar, að ódýrara sje að ferðast á þeim en hestum, og það fyrir hestaeigendur, hvað þá aðra.

Dálítið þykir mjer það undarlegt, að mótstöðumenn þessa frumvarps kalla það óhæfilegt af því, að það leggi skatt á framfarir, en hafa ekkert við það að athuga, þótt hátt útflutningsgjald sje lagt á allar framleiðsluvörur landsmanna, sem fluttar eru til útlanda, og halda því jafnvel fram sem mjög rjettlátum tekjustofni. En skyldi ekki með eins miklum rjetti, og vafaminni, mega telja það skatt á framförum eins og bifreiðaskattinn?

Þessi aðalástæða eða eina ástæða, sem borin er fram gegn frumvarpinu, er því einskis verð.

Jeg legg lítið upp úr Danmerkurför háttv. meiri hluta nefndarinnar, til að bera saman samgöngur þar og annað ástand við það, sem er hjer hjá oss; hygg að sá samanburður kynni að leiða það í ljós, að vjer þyrftum að breyta nokkuð mörgu, og fleiru en efnahagurinn leyfir, bæði um skattaálögur og annað, ef alt á, í einni svipan, að verða hjá oss alveg eins og hjá Dönum.

Virðist því alt tal háttv. meiri hluta um samgöngur hjá Dönum meira til gamans en gagns.

Alþingi, 30. apríl 1921.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

(B. XXXIII, 3).

Ed. **448. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun lunda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni virðist rjett að veita sýslunefndum heimild til að ákveða friðun lunda, innan þeirra takmarka, sem sett eru í frv., og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, formaður.	Sig. Eggerz, fundaskrifari og ritari.	Jóh. Jóhannesson.

(A. XXV, 4).

Nd. **449. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og vill, eftir atvikum, mæla með því, að það nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Pjetur Ottesen, framsögum.

Einar Þorgilsson. Stefán Stefánsson.

(A. V. 8).

Ed. **450. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 3. gr.
   Orðin í fyrri málsgr. »ef skipaður ..... ella 8%« falli burt.
2. Við 5. gr.
   Orðin í síðari málsgr. »þó skulu ..... úr lífeyrissjóði« falli burt.
3. Við 8. gr.
   3. málsgr. falli burt.

(B. LIII, 2).

Ed. **451. Breytingartillögur**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá Sigurði Eggerz og Halldóri Steinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »31. des. 1924« í fyrstu málsgr. komi:
      1. maí 1922.
   b. Síðari málsgrein falli burt.
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr. — —
4. 6. gr. — —
5. 7. gr. — —
6. 8. gr. — —
7. 10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinatala breytist samkv. atkvgr.

(B. LIII, 3).

Ed. **452. Breytingartillaga**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá Sigurði Eggerz.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Hlutafje Íslandsbanka má auka, þó eigi um minna en 100%, þannig að ríkissjóður leggur hlutafjáraukann fram, ef samningar takast um hlutafjárkaupin, en annars fellur heimildin til aukningar niður. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, 2 kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, 2 útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir. Mat þetta skal fara fram eins fljótt og unt er, og ákveður landsstjórnin $^1/_2$ mánuði eftir að matinu er lokið, hvort hlutafjáraukinn skuli fram lagður af hálfu ríkissjóðs, enda hafi áður farið fram nákvæm athugun á öllum hag bankans.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

(B. LIII, 4).

Ed. **453. Breytingartillaga**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

(A. IV, 7).

Nd. **454. Lög**

um lestagjald af skipum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 a. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald. Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XLVI, 10).

Nd.

455. Lög

um vörutoll.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi, kalki, tjöru, blackfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf- og veggjaplötum, steyptum eða brendum, hefilspónum, sagi, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum og tunnuhlutum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, blikki, smíðajárni, járngirði, stáli, blýi, tini, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, vögnum, kerrum, hjólum og hjólásum, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum, lóðarvindum, akkerisvindum, lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, vírtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni, segldúk, striga, tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, gipsi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol), kokosfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugerðar, 1 kr. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;
   b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

   Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.
5. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.

6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platinu eða gimsteinum, 1 kr. af hverju kg.
7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í ríkissjóð gjald af póstbögglum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg., nema móttakandi sanni, hvert innihald þeirra sje, og skal þá greiða gjald af þeim samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Eru frímerkin úr því, í þessu tilfelli eins og öðrum, eign viðtakanda. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Heimilt er póstafgreiðslumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stíluðri á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hve nær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir

vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að afhermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

9. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, et hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða

gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 6. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum.

12. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5., 6. og 7. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XXIII, 9).

Nd. **456. Lög**

um stofnun og slit hjúskapar.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

I. kap.

Um festar.

1. gr.

Það eru festar, þegar karlmaður og kona hafa heitið hvort öðru eiginorði.

2. gr.

Nú slitna festar, og annað hjónaefna á aðallega sök á því, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa.

3. gr.

Nú verður festarkona þunguð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan, af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

4. gr.

Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns, samkv. 8. og 9. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskylt samkvæmt 2. gr., nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna.

Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 3. gr., nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð þunguð.

5. gr.

Mál samkvæmt 2. og 3. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.

6. gr.

Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap.

Um hjónavígsluskilyrði.

7. gr.

Bannað er að vígja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

8. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið eða svift foreldraráðum, geðveikt eða hálfviti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo, sem hjer greinir, og þarf þá samþykki lögráðamanns.

9. gr.

Nú er maður sviftur lögræði, og má þá eigi vígja hann án samþykkis lögráðamanns.

10. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vígsluna, nema gild ástæða sje til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns).

11. gr.

Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vígja þann mann.

12. gr.

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi), holdsveiki eða smitandi berklaveiki, og má þá eigi vígja það.

13. gr.

Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin.

14. gr.

Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

15. gr.

Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti.

16. gr.

Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir.

17. gr.

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sje af völdum bónda síns eða 10 mánuðir sjeu liðnir frá samvistaslitum.

18. gr.

Nú hefir annað hjónanna verið gift og fjárfjelag með hjónunum þá er

hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiftaráðandi hafi tekið búið til skifta eða einkaskiftum sje lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sjerstaklega á.

III. kap.

Um lýsingu.

19. gr.

Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sje áður með hjónaefnunum, sbr. þó 25. gr.

Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar, er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hjer á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar, er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hjer á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur.

20. gr.

Lýsing má ekki fara fram, nema því að eins, að vígslumaður hafi fengið fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við fyrirmæli 7.—18. gr. Til tryggingar skal hann krefja hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgist, að engin hindrun sje til fyrir hjónabandinu. Stjórnarráðið getur þó leyft vígslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna. Neiti vígslumaður lögmæti framlagðra skilríkja, getur hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeraðsdómara um ágreininginn.

21. gr.

Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst.

Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim.

22. gr.

Lýsing fer fram með auglýsingu á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaust, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera 3 vikur.

Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar.

Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins.

23. gr.

Meinbugum skal lýsa fyrir vígslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar.

24. gr.

Nú er lýsingarfrestur liðinn og engum meinbugum lýst, og fær vígslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um að engum meinbugum hafi verið lýst.

25. gr.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi.

26. gr.

Vígslumanni bera 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vígslumaður lætur öðrum vígslumanni í tje. Ríkissjóður leggur til töflur undir lýsingar.

Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar, og ferðakostnaður að auki, eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur í því skyni.

IV. kap.

Um hjónavígslu.

27. gr.

Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum vígslumanni.

28. gr.

Kirkjuleg vígsla er heimil,

1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til,
2. innan annars löggilts trúfjelags hjer á landi, heyri annað hjónaefna trúfjelaginu til.

Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelisk-lúterskum mönnum sama rjett til kirkjulegrar vígslu, sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

29. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Slíkt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annara hjerlendra trúfjelaga.

Þjóðkirkjuprestur er því að eins skyldur að vígja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sje annað sóknarbarn hans.

Nú þykist prestur eigi mega vígja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vígja þau.

30. gr.

Borgaraleg vígsla er öllum rjettkræf, jafnt þeim, sem eiga heimting á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

31. gr.

Borgaralega vígslu annast sýslumenn og bæjarfógetar, og er þeim skylt að vígja jafnt utanhjeraðsmann sem innanhjeraðs. Heimilt er þeim að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð.

32. gr.

Vígsla má eigi fara fram fyr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 25. gr., enda heimti vígslumaður vottorð um lýsingu samkvæmt 24. gr., nema hann hafi sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vígslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim.

Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsgr. 22. gr.), og má þá eigi vígja hjónaefnin nema lýst sje með þeim aftur.

Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli fara fram erlendis (3. málsgr. 22. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vígja skuli hjónaefnin.

33. gr.

Nú er vígsla heimil án lýsingar, og gætir þá vígslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vígsluskilyrða samkvæmt 20. gr.

34. gr.

Borgaraleg vígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni sjeu á annað sátt, eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri eða einn vígslustaður eigi nægja.

Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavígslubrjef sje fengið eða annaðhvort hjónaefna sje hættulega sjúkt.

Nú þarf vígslumaður að fara til vígslu lengra en 1 kílómetra á landi og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi, eftir því, sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um.

35. gr.

Tveir skulu vera vottar við hjónavígslu.

Vígslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vígslu og kirkjulega, og leggur sektir við vangæslu þeirra reglna.

36. gr.

Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til að gefi saman hjón, og er sú athöfn þá ógild. Slíkt hið sama gildir, ef brúðhjónin hafa eigi játast undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan.

Aftur á móti ógildir það eigi vígslu, þó að eigi hafi verið gætt annara vígslureglna eða lýsingarreglna.

37. gr.

Nú er hjónavígslu lokið, og skal þá vígslumaður þegar í stað geta vígslunnar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vígslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vígslubók sinni, en prestur brúðar getur vígslunnar í ministerialbókinni.

38. gr.

Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilríki brestur fyrir því, að lögmæltrar tryggingar sje aflað fyrir vígslu, og skal þá vígslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti.

39. gr.

Fyrir borgaralega vígslu og útskrift úr vígslubók skal gjalda eftir ákvæðum aukatekjulaganna.

Um borgun fyrir kirkjulega vígslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar að eins borgun fyrir þær hjónavígslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma.

Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók.

Ríkissjóður leggur til vígslubækur og bækur undir hjónaskrár.

40. gr.

Nú vígir löggiltur prestur (forstöðumaður) annars trúfjelags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess fjelags um atriði þau, er ræðir um í 34. gr., í 2. mgr. 35. gr. og í 39. gr., svo og reglur 3. mgr. 29. gr., að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið.

V. kap.

Um ógilding hjónabands.

41. gr.

Nú ríður hjónaband í bága við fyrirmæli 13., 15. eða 16. gr., og skal þá ógilda það með dómi.

Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið, ef fyrra hjónabandi er slitið áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákæruvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðruhvoru hjóna og þeim, er annað þeirra hefir áður verið gift.

42. gr.

Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vígsla fór fram, og

getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, sjeu 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði.

Nú var öðru hjóna eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins þá er vígsla fór fram, og getur það þá einnig heimtað hjónabandið ógilt, nema liðnir sjeu 6 mánuðir frá því að það komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vígslu.

43. gr.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjónabands síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígslan fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður, þá er vígsla fór fram, verið, án þess vitundar, haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, alltíðum flogaveikisköstum eða holdsveiki, eða verið óbætanlega ófært til holdlegra samfara.
4. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því vísvitandi að villa á sjer heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjónabandinu, ef vitað hefði.
5. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því er ástandi því var lokið, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung ljetti samkvæmt 5. lið. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækjandi hefir ekki sýkst af hinu hjónanna og að sjúkdómurinn er ekki framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá ekki ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra sjúkdóma, sem ógildingu hjónabands varða, sjeu þeir læknaðir.

44. gr.

Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sje um mælt í lögum þessum.

45. gr.

Nú er sameignarbúi skift vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiftu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita, og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr sjereign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til rjettra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til sjereignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

46. gr.

Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 41. gr., enda hafi annað hjóna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrnefnda heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggja.

Slíkt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsgr. 42. gr. eða samkvæmt 43. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan.

Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skifti fyrir öll eða á tilteknum gjalddögum, enda sje þeirra krafist í ógildingarmálinu.

47. gr.

Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna að framfæra hitt frá hjúskaparslitum.

48. gr.

Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vígsla fór fram, og getur þá maðurinn krafist þess, að af henni verði dæmdur rjettur til að kenna sig við hann.

49. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkv. 41. gr., og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Auk þess getur það hjóna, er lifir, krafist bóta samkv. 46. gr.

Rjettur þessi ber því hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., því að eins, að hitt hjónanna hafi látist áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur ekki liðinn.

Nú deyr það hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., eftir að ógildingarmál er höfðað, og getur þá hver erfingja þess krafist þess, að fyrirmælum 45. gr. sje beitt. Sama gildir, hafi svo verið ástatt til dauðadægurs um það hjóna, er látist hefir, sem segir í fyrri málsgr. 42. gr. eða í 1. lið 43. gr.

Framangreindar kröfur skal gera innan 6 mánaða frá láti þess, er deyr.

Nú deyr það hjóna, sem átt hefir tvær eða fleiri konur eða menn, áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður að lögum, fyrstu eiginkonu eða eiginmanni hins látna, nema annað sje augljóst af kringumstæðum.

50. gr.

Nú er ákvæðum 1. eða 2. mgr. næstu greinar á undan beitt, samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðarjettur þess eftir hið látna.

VI. kap.

Um skilnað að borði og sæng.

51. gr.

Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvors annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (55., 56. og 57. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 53. gr.

52. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sjer mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annara lasta, og getur þá hitt krafist skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn, nema sjerstaklega standi á.

Nú má ætla, að ósamlyndi milli hjóna sje orðið svo magnað, að eigi megi una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sje aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 53. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 55.—57. gr. ræða um.

53. gr.

Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfjelagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfjelags.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hjer á landi og eigi hvorugt 30 kilómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sátt með því.

Nú sækir annað hjóna eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður þess eða bæjarfógeti því þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttasemjari krefst ábyrgðar á hendur því.

54. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng, og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskifti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til.

Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsgr. 52. gr., enda sje búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafist þess, að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því að eins, að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds.

55. gr.

Það skal ákveðið í skilnaðarleyfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annars vegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sjer sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.

Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sjerstaklega standi á.

56. gr.

Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skifta milli

þeirra, verði öðruhvoru eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sátt um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sje fyrir bestu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sje það eigi óliklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskift hjá sama foreldri.

Leita skal álits næsta venslamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna.

57. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda.

Skiftin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú fullnægir annað foreldra ekki framfærsluskyldu sinni með framfærslu þess eða þeirra barna, sem því fylgir, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu það, sem vanta þykir á rjett meðlag af þess hendi með öllum börnunum.

58. gr.

Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars hjóna með hinu, og verður því þá eigi breytt síðar.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (56. gr.), ef annað foreldri fer fram á það, enda standi öðruvísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta.

59. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það hjóna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði að borði og sæng.

Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum.

60. gr.

Nú er meðlag samkv. 55. eða 57. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá aðili heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við.

Ákvæði 55. og 57. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögunum gagnvart sveitarfjelagi til að framfæra börn eða hitt hjóna.

61. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þegar niður.

VII. kap.

Um lögskilnað.

62. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda sjeu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra málefna, er ræðir um í 55., 56. og 57. gr., og geta hjónin þá krafist skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafist skilnaðar.

Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um, að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 53. gr.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör.

63. gr.

Nú hafa hjón lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafist skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænst skilnaðar, nema sjerstaklega standi á.

64. gr.

Nú hafa hjón lifað aðskilin í 2 ár, án samkomulags um samvistaslitin og lögmætra orsaka, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna heimtað skilnað, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin.

65. gr.

Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurst hefir til þess, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

66. gr.

Nú hefir annað hjóna gifst gegn fyrirmælum 16. gr., og getur þá hitt krafist skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er krefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins.

67. gr.

Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór, eða saurlifnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn, eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn.

68. gr.

Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sóttnæmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt, þann veg að sýking geti af hlotist, og getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafist skilnaðar, nema það hafi þekt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að annað hjóna vissi sig lagt í hættu. Nú hefir sýking eigi hlotist af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósóttnæmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður.

69. gr.

Nú hefir annað hjóna sókst eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafist skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá framkvæmd hans.

70. gr.

Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn.

71. gr.

Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati óliklegur, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

72. gr.

Lögskilnaðar samkvæmt 63.—71. gr. má leita hvort heldur í stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað í stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum, svo sem segir í 53. gr., og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 76. og 77. gr. ræða um.

Nú er stjórnarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með rjettarskýrslu þau atvik, er það telur máli skifta. Nú fæst slík rjettarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður í stjórnarráðinu. Þegar svo stendur á, getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

73. gr.

Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skifti fjelagsbúsins svo sem lög standa til.

74. gr.

Nú krefst annað hjóna skilnaðar af því að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafist bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur allar í einu eða á tilteknum gjalddögum.

Sje skilnaðar krafist fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sje skilnaðar krafist í stjórnarráðinu, skal höfða bótamálið áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómsskilnaðar er úti.

75. gr.

Nú hafa hjón skilið, og verður annað þá eigi skyldað til að framfæra hitt, nema alveg sjerstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins. Það fer eftir ákvæðum 55. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framfærslu hins.

Giftist sá, sem rjett á til framfærslu, á ný, fellur framfærsluskylda niður.

76. gr.

Nú skilja hjón, og skal þá í skilnaðarbrjefinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Sjeu foreldrin sammála, skal ákvörðun ger eftir því, nema í bága komi við þörf eða hag barnanna. Sjeu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem best þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna. Forræði barns skal vera óskift hjá öðruhvoru foreldrinu.

Áður en hjer um rædd ákvörðun er ger, skal leita umsagnar nánustu venslamanna barnanna.

77. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarbrjefi eða dómi, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalds. Um skiftinguna fer þá sem segir í 57. gr. annari málsgr.

78. gr.

Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt.

Breyta má ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer þess á leit og ástæður eru breyttar, svo að líklegt er, að breyting sú, sem farið er

fram á, verði börnunum til bóta. Breytingin heyrir undir sama dómstól eða stjórnarvald, sem gerði hina upprunalegu ákvörðun.

79. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 74. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarinn hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði.

Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef ætla má að breyting verði börnunum til bóta.

80. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 75. og 77. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu mæðra með óskilgetnum börnum sínum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.

Ákvæði 75. og 77. gr. breyta í engu lögmæltri skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, nje rjetti sveitarfjelags gagnvart framfærslumanni, út af lögmætri framfærsluskyldu hans á manni sínum eða konu.

81. gr.

Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda, af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafist dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig við hann.

VIII. kap.

Um rjettarfar í hjúskaparmálum o. fl.

82. gr.

Hjúskaparmál eru hjer nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi, eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því að hjónaband sje gilt eða ógilt.

83. gr.

Sá einn getur, að sleptri heimild 11. gr., höfðað hjúskaparmál, sem ödlast vill dóm til viðurkenningar því, að hann sje eða sje ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

84. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 88. gr.

85.

Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almanna hagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í hjeraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðri dómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almanna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

86. gr.

Hjón eiga aðild hjúskaparmáls, nema svift sjeu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svift lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviftur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls.

87. gr.

Hjúskaparmál má höfða hjer á landi, ef stefndur á hjer heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenskan fæðingjarjett, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingjarjettur beggja verið íslenskur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingjarjett í öðru og sama landi.

Hjúskaparmál má og höfða hjer á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hjer og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna, eða skift um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hjer nefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki.

88. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima.

Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða.

89. gr.

Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 41. gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafist eða eigi.

Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 16. gr., sjerstaklega ef ætla má að fyrra hjónabandi verði bráðlega slitið.

Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í hjeraði, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

90. gr.

Hjeraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðilar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðilar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 75.—77. gr., áður en mál er dómtekið.

91. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðila eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafje, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

92. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómshjeraðs eða í nágrannahjeraði, og þó eigi fjær en fjærst gæti verið innan hjeraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 93. gr., hverju það varði.

93. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiftir, og kemur játningin þá að eins til álita sem sönnunargagn.

Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

94. gr.

Hvortveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafa.

Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til málatilbúnings af nýju.

95. gr.

Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli nema svo standi á, sem lýst er í 92. gr.

96. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita brjeflegrar yfirlýsingar sjerfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sje eigi kostur sjerfræðings.

97. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðilar sjeu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðila, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100--1000 króna sekt til ríkissjóðs.

98. gr.

Nú hefir öðrum aðila eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sje aðili staddur utanlands eða sje ókunnugt um dvalarstað hans, eða sje aðili sviftur lögræði vegna geðveiki.

99. gr.

Áfrýja skal hjeraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri rjettar innan 12 vikna frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því að eins að gagnaðili og stjórnarráð hafi brjeflega fallið frá áfrýjun.

100. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

101. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá hjeraðsdómara eða utanrjettarstefna er birt stefndum innan lögmælts tíma.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál af nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

102. gr.

Nú er beiðst hjónaskilnaðarbrjefs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi fjelagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn.

Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafist fjárskilnaðar að lögum.

Og enn getur stjórnarráðið, ef sjerstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slíta um stund samvistir við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framfæra. Fer þá um meðlagið eftir því sem segir í 55. og 57. gr.

IX. kap.

Ýmisleg ákvæði.

103. gr.

Lög þessi raska eigi sjerreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hjer á landi, nje heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atriði skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun.

104. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

105. gr.

Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum.

Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi sjeu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 17. gr.

106. gr.

Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sjer áður en lög þessi öðlast gildi eða fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sje vígsluskilyrða 20. gr. gætt, áður en vígsla fer fram.

107. gr.

Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þessum og þá gildandi lögum.

Nú er slíkt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum.

108. gr.

Nú hafa hjón skilið að borði og sæng áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 62. gr. laga þessara.

109. gr.

Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðst leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti eftir þá gildandi lögum.

110. gr.

Nú hefir verið beiðst skilnaðar að borði og sæng eða hjónaskilnaðar eftir að lög þessi gengu í gildi, eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögunum, enda þó að skilnaðarástæða sje eldri.

111. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla úr gildi frá og með þeim degi, er lög þessi öðlast gildi. Hjónabandsartikular 2. júní 1587 (16. kap. III. bókar Dönsku laga, að svo miklu leyti sem fylgt hefir verið), 2. gr. XIII. kap. VI. bókar D. L., konungsbrjef 14. júní 1740 (tilskipun 5. mars 1734), tilsk. 29. maí og tilsk. 18. des. 1750, konungs. 28. mars 1776, tilsk. 1. des. 1797 (dómsmálastjórnarbrjef 15. júní 1799), 1. gr. I. kafla tilsk. 23. maí 1800, konungsúrskurður 28. janúar 1818, sbr. kansellíbrjef 10. febrúar s. á. (tilsk. 18. október 1811), opið brjef 10. febrúar 1818, 1. liður konungsbr. 7. desember 1827 (tilsk. 30. apríl 1824: 1.—2. gr., nr. 1, nr 3—9 og nr. 11, 3. gr., 4.—12. gr. og 14.—19. gr.), 164. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, lög 22. september 1899, nr. 19, lög 26. október 1917, nr. 30 (1.—9. gr. laga 19. febrúar 1886, nr. 4, nr. 2, 3. gr. og 13. gr. tilsk. 30. apríl 1824), lög 26. október 1917, nr. 31, (nr. 10, 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 62. gr. laga 10. nóvember 1905, nr. 44).

Og enn eru ógild frá sama degi öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

(B. XIV, 3).

Nd. **457. Frumvarp**

til laga um húsnæði í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

Með reglugerðinni má óheimila að leigja íbúðir eða einstök herbergi í bænum, án leyfis þar til settrar nefndar, öðrum en þeim, sem löglega dvöl hafa átt í bænum næsta ár á undan eða verið fluttir til bæjarins áður en reglugerðin öðlaðist gildi.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

(A. III, 8).

Ed. **458. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum, að frádregnum 10 ára mannvirkjum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, 4 af þúsundi hverju.
2. af húsum í kaupstöðum og kauptúnum, til hvers sem þau eru notuð, 2 af þúsundi, og af öllum öðrum húsum $1^1/_2$ af þúsundi.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 11. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

(B. XXXII, 4).

Nd. **459. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. Nd.).

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin »200 kr. um árið« skal koma:
   400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. VI, 9).

Nd. **460. Lög**

um einkasölu á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að áliti lögreglustjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer

um það, sem umfram er, eftir 11. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

6. gr.

Verslunin skal leggja frá 25 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

7. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, og á þann hátt og á þeim tíma, er tolllög mæla fyrir.

8. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af tóbaki. Kostnað af sendingu þess innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

(B. XIV, 4).

Nd. **461. Breytingartillaga**

við frv. til laga um húsnæði í Reykjavík.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Síðari málsgreinin falli burt.

Til vara:
Orðin í síðari málsgrein: »eða einstök herbergi« falli burt.

(C. XX, 1).

Nd. **462. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á stjórnina að leita umsagnar Alþingis um það, hvort hún njóti trausts þess eða ekki.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson, Jakob Möller, Þorsteinn Jónsson og Pjetur Þórðarson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leita þegar í stað umsagnar þingsins um það, hvort hún njóti trausts þess til að fara með stjórn landsins.

Ástæður.

Fyrir þinginu liggja nú stórmál, er heimta úrlausn hið allra bráðasta. Það er óumflýjanleg nauðsyn, að stjórnin beitist fyrir þau mál og fái þar

heimilaðar framkvæmdir. Eru þar efst á baugi peningamálin. Vjer, sem flytjum þessa tillögu og eigum sæti í peningamálanefnd þingsins, teljum það mjög aðkallandi, að sjeð verði á hverju má byggja af stjórnarinnar hálfu, og hver aðstaða hennar er, áður en vjer leggjum til að heimila henni framkvæmdir, sem hún, ef til vill, alls ekki eða ófúslega vildi hafa á hendi.

(A. XXI, 4).

Nd. **463. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Um undirbúning þessa máls er alt hið sama að segja og um stofnun og slit hjúskapar (þskj. 398). Frumvarpið er samsteypa af gildandi lögum um þetta efni, sem nú eru á víð og dreif í löggjöf vorri. En auk þess eru allmörg nýmæli og breytingar í frumvarpinu, sem nefndin telur mikilsverðar rjettarbætur; telur hún óþarft að rekja það mál nánar.

Efri deild hefir gert allmargar orðabreytingar á frumvarpinu; telur nefndin þær til bóta. Um hinar fáu efnisbreytingar hennar er líkt að segja.

Nefndin ræður hv. deild því til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsm.	Björn Hallsson, fundaskrifari.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen. Einar Þorgilsson.

(B. XI, 5).

Ed. **464. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um læknaskipun í Reykjavík.

Frá lyfjasölunefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið sammála um, að heppilegra muni verða, að heilbrigðisstjórnin ákveði með tilskipun, hvernig störfum skuli skift milli bæjarlæknis og hjeraðslæknisins, þar sem hjer er í raun og veru um skiftingu að ræða á ákveðnu embætti og þeim aukastörfum, sem því fylgja, og eru allmargvísleg.

Nefndinni virðist skifting sú, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, ekki heppileg að öllu leyti, og á sama máli mun hjeraðslæknirinn vera.

Þar að auki gæti vel hugsast, að skiftingin gæti breyst eftir því, hverjir gegndu þessum umræddu embættum, og þá væri rjettast, að heilbrigðisstjórnin gæti skift með þeim störfum, eftir því, hver þeim væru geðfeldust eða þeir best fallnir til, hvor í sínu lagi.

Nefndin leggur því til, að hv. deild samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM.

1. 2. gr. falli burt.
2. 4. gr. orðist svo:

Heilbrigðisstjórn ríkisins skiftir störfum milli þessa embættismanns og hjeraðslæknis með tilskipun.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 30. apríl 1921.

Karl Einarsson, formaður.	Halldór Steinsson, fundaskrifari.	Guðm. Guðfinnsson, ritari.

(B. XII, 7).

Ed. **465. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 71, 28. nóv. 1919.

Frá lyfjasölunefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1921.

Karl Einarsson, form.	Halldór Steinsson, fundaskrifari.	Guðm. Guðfinnsson, ritari.

(B. XXVI, 4).

Ed. **466. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að hv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1921.

Björn Kristjánsson, form.	Karl Einarsson, ritari og framsm.	Einar Árnason.

(B. XXXII, 5).

Nd. **467. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (þskj. 459).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við 3. gr.

Greinina skal orða þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. VII, 3).

Nd. **468. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson og Þorsteinn Jónsson.

Við 18. gr.

Orðin »bóka- og listasöfn« falli burt.

(B. XIV, 5).

Nd. **469. Breytingartillaga**

við frv. til laga um húsnæði í Reykjavík.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

4. gr. frv. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sett reglugerð samkvæmt þeim, er hún skal hafa lokið 1. jan. 1922, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við þau lög.

(B. XLVI, 8).

Nd. **470. Frumvarp**

til laga um einkasölu á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún að eins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil.

Enn fremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjald af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vínanda fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 20000 kr., ef eigi liggur

þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(A. XX, 3).

Ed. **471. Frumvarp**

til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kap.

Um það, hver börn sjeu skilgetin.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sje ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau sjeu skilgetin.

2. gr.

Faðerni verður aðeins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann.

3. gr.

Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sje skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum var kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi hjeraðsdómara, ekki fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.

Nú er eiginmaður sviftur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

4. gr.

Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fjekk vitneskju um fæðingu

barnsins og dauða eiginmanns, enda hafi eiginmaður ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

5. gr.

Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann.

Nú er barnið ólögráða vegna æsku, eða svift lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið.

6. gr.

Dómara ber af sjálfsdáðum að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur að eins til greina sem sönnunargagn. Aðildareiður er óheimill.

Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar sjeu á annað sáttir.

7. gr.

Dómkrafa stefnanda verður því að eins tekin til greina, að telja megi víst, að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess.

Nú hefir eiginmaður höfðað málið, og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman, eða eftir að hjónin skildu að borði og sæng, enda sjeu líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið.

8. gr.

Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37. eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.

9. gr.

Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið þá öll rjettindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.

Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll rjettindi foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.

II.

Framfærsla og uppeldi.

10. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

11. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

Sjerstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að innræta þeim iðjusemi og siðgæði.

12. gr.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við eiginkonu sína eða eiginmann að lögum og barnið fylgt foreldri sínu.

13. gr.

Nú eru foreldrar, vegna efnaskorts, eigi færir um að inna lögmælta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrana.

Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fje þess laust, því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn.

14.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru.

Sje það foreldri, sem krafið er meðlags, heimilisfast eða statt hjer á landi, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris eða lögráðamanns, er meðlagskröfuna gerir.

Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir $^1/_2$ ár í senn.

Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun.

15. gr.

Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með sjer af hendi þess, er samvistaslitunum olli.

Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagur aðilja breytist að mun.

Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð í senn.

16. gr.

Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans gengið eftir meðlaginu, með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni.

Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri, eða krafið framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastyrkur honum til handa.

17. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, og getur konan þá krafist þess, að valdsmaður banni eiginmanni hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum allt að 10 kr. dagsektum, að eiginmaður láti sjer í tje innan tiltekins tíma sundurliðaða skýrslu, að viðlögðum drengskap, um allan hag fjelagsbúsins.

Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það hann þá alt að tveggja mánaða refsingu við venjulegt fangaviðurværi, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lögreglumála, enda sje eigi um sviksamlegt athæfi að ræða.

18. gr.

Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris.

Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer framfærsluskylt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak á gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í eignum foreldris hjer á landi.

19. gr.

Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau.

Sömu er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap.

Foreldravald.

20. gr.

Foreldrar ráða báðir saman, sjeu þeir samvista, verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra. Slíkt hið sama gildir um stjúpforeldri, meðan stjúpbarnið er á framfæri þess.

Nú greinir foreldra, sem eru samvistum, á um einhverja ráðstöfun viðvíkjandi börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni, eða framfærir aðallega heimilið og gætir rjettar barnanna, að því leyti, er þá ráðstöfun snertir.

Umráðarjettur foreldra yfir börnunum helst þangað til börnin verða 16 ára gömul og nefnist foreldravald, enda er foreldrunum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi.

Foreldrar mega fela öðrum að fara með þetta vald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma, en eigi til fullnaðar. Hins vegar getur almannavaldið svift foreldri valdi yfir börnum þess, að svo miklu leyti sem lög leyfa.

21. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi hafi verið fengið til skilnaðar að borði og sæng, og ræður þá hvort foreldri þeim börnum, sem á vegum þess eru.

22. gr.

Nú fer barn í leyfisleysi af heimili foreldris eða húsbónda, og getur þá heimilisráðandi sótt barnið með valdi og, þurfi á að halda, krafist fulltingis lögreglustjórnar til að ná barninu á sitt vald.

Nú heldur maður barni fyrir foreldri, og getur foreldrið þá höfðað mál gegn þeim manni, til þess að hann láti barnið laust, eða, eftir atvikum, krafist fulltingis fógeta til að ná barninu.

23. gr.

Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum.

24. gr.

Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fje að fara, og geta foreldrar þá, báðir saman eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fje þeirra, sem ófjárráða eru.

Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal skiftaráðandi þá þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafjenu fyrir hönd eiganda, enda fer upp frá því um meðferð fjárins eins og fje þeirra, sem ófjárráða eru.

25. gr.

Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að óhætt þykir að fela honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fjenu við hann.

IV. kap.

Ýmisleg ákvæði.

26. gr.

Fullkomin sjereign er með foreldri og barni, enda varða fjárskyldur annars eigi hitt, umfram það, sem getur í 13. og 19. gr.

27. gr.

Um nafn barns, ríkisfesti, þingfesti, sveitfesti og sóknfesti fer að lögum.

28. gr.

Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastjórn, til að framfæra og uppala börn sín.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin D. og N. L. 5. 2. 32, og orðin »skilgetin eða óskilgetin« í 1. málsgr. 4. gr. fátækralaganna, nr. 44, 1905, og orðið »skilgetin« í 2. málsgr. sömu lagagreinar, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lögin.

30. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1922.

(A. VII, 4).

Nd. **472. Breytingartillögur**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 13. gr.
   3. málsgrein orðist svo:
   Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, er um ræðir í 3. gr. a, skal draga þann arð af innborguðu hlutafje eða stofnfje, sem greiddur hefir verið til innlendra hluthafa.
2. Við 23. gr.
   Greinin falli burt.
3. Við 24. gr.
   Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins er ákveðinn.
4. Við 29. gr.
   a. 1. töluliður falli burt.
   b. Orðið »öðrum« í 2. tölulið falli burt.
   c. 5. töluliður orðist svo:
   Þóknun til yfirskattanefnda og skattanefnda greiðist úr ríkissjóði, og úrskurðar stjórnarráðið reikninga þeirra.

(A. VII, 5).

Nd. **473. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sje sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafje í innlendu hlutafjelagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Tekjuskatt greiða enn fremur:

a. Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
c. Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 fjelagar í verslunarfjelagi eða öðru atvinnufjelagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slík fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er um konsúla annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, svo og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Frá	1000	kr.	til	2000	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2% af afgangi.
—	2000	—	—	3000	—	30	—	—	2000	—	—	3— — —
—	3000	—	—	4000	—	60	—	—	3000	—	—	4— — —
—	4000	—	—	5000	—	100	—	—	4000	—	—	5— — —
—	5000	—	—	6000	—	150	—	—	5000	—	—	6— — —
—	6000	—	—	8000	—	210	—	—	6000	—	—	7— — —
—	8000	—	—	10000	—	350	—	—	8000	—	—	8— — —
—	10000	—	—	15000	—	510	—	—	10000	—	—	9— — —
—	15000	—	—	20000	—	960	—	—	15000	—	—	10— — —
—	20000	—	—	30000	—	1460	—	—	20000	—	—	11— — —

Frá	30000	kr.	til	40000	greiðist	2560	kr.	af	30000	kr.	og	12%	af	afgangi.
—	40000	—	—	50000	—	3760	—	—	40000	—	—	13	—	—
—	50000	—	—	75000	—	5060	—	—	50000	—	—	14	—	—
—	75000	—	—	100000	—	8560	—	—	75000	—	—	15	—	—
—	100000	—	—	150000	—	12310	—	—	100000	—	—	16	—	—
—	150000	—	—	200000	—	20310	—	—	150000	—	—	17	—	—
—	200000	—	—	300000	—	28810	—	—	200000	—	—	18	—	—
—	300000	—	—	400000	—	46810	—	—	300000	—	—	19	—	—
—	400000	—	—	500000	—	65810	—	—	400000	—	—	20	—	—
—	500000	—	—	600000	—	85810	—	—	500000	—	—	21	—	—
—	600000	—	—	700000	—	106810	—	—	600000	—	—	22	—	—
—	700000	—	—	800000	—	128810	—	—	700000	—	—	23	—	—
—	800000	—	—	900000	—	151810	—	—	800000	—	—	24	—	—
—	900000	—	og	þar yfir	—	175810	—	—	900000	—	—	25	—	—

7. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%,	greiðist	5%	af	fyrstu	2%	og	10% af afg.
5—	10%,	—	8%	—	—	5%	—	15% — —
10—	20%,	—	$11\frac{1}{2}$%	—	—	10%	—	20% — —
20—	50%,	—	$15\frac{3}{10}$%	—	—	20%	—	25% — —
50%	og þar yfir	—	$21\frac{3}{10}$%	—	—	50%	—	30% — —

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaðir og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. b.). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skip-

um, er eigandi notar sjálfur. Enn fremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.

e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þar með þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem tryggðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelagsmönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það, sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrekstur af atvinnu þeirra.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu talinn skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjelagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldar tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbrjefum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverslun, eða hún falli undir ákvæðin í 8. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Þegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.
c. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.
d. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem um ræðir í stafl. a.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má að eins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til bjúahalds, nema til atvinnurekstrar sje, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foreldrahúsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds, ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa eigi sjálf efni á að kosta framfæri sitt. Sama er um aðra skylduómaga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafje eða innborguðu stofnfje, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hana miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar, eftir allan lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanksárið. Þegar svo er ástatt, getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

II.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000—	15000	kr.	greiðist	1‰	(af þús.)	af því, sem er umfram	5000 kr.
—	15000—	20000	—	—	10 kr.	af	15000 kr. og	1,2‰ af afganginum.
—	20000—	30000	—	—	16 —	-	20000 — —	1,5— - —
—	30000—	50000	—	—	31 —	-	30000 — —	2 — - —
—	50000—	100000	—	—	71 —	-	50000 — —	3 — - —

100000— 200000 kr.	greiðist	221 kr. af	100000 kr.	og 4‰ af afganginum.
200000— 500000 —	——	621 — -	200000 —	— 5— - ——
500000—1000000 —	——	2121 — -	500000 —	— 6— - ——
1000000— og þar yfir	——	5121 — -	1000000 —	— 7— - ——

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum slept.

16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarrjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutafje sitt eða stofnfje frá eignaupphæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða aðeins eignaskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, enn fremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgunar.
b. Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátrygðar.
c. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.
e. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurjöfnuninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem fram yfir er, skal slept.

III.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun, eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurjöfnunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu, og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Utan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum, þar sem ekki er sjerstakur bæjarstjóri annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanefnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætið skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur til að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gerðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir bestu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanefndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanefnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum eins og hann verður í kaupstaðnum eða kauptúninu samkvæmt úrskurði yfir-

skattanefndar, þó þannig, að borgunin fari eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattanefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til yfirskattanefnda greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði og úrskurðar stjórnarráðið reikninga þeirra. Þóknunin til skattanefnda greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sveitar- eða bæjarsjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefndar og greiðir á manntalsþingum það, er ríkissjóður skal greiða. Hann skal einnig láta hreppsnefnd eða bæjarstjórn vita nægilega snemma ár hvert, hversu mikið hún skal greiða skattanefnd, enda sje gjald þetta eigi greitt síðar en á manntalsþingi.

IV.

Um framtal tekna, frest, úrskurð, innheimtu o. fl.

30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar, sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda, og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2

reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilriki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund. Dvelji hann utanlands eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð, skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattanefndin að vísu ekki veitt honum neina linun þess vegna, en hún má taka við umsókn til skattanefndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, og enn fremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt.

35. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingsstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

36. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

37. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn, og er því máli þar með lokið.

Einnig úrskurðar hún, hvort og að hve miklu leyti taka skuli til greina umsóknir þær, sem henni hafa borist frá skattanefndum, um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, sem getið er í 34. gr.

38. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni, að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignaframtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, til birtingar fyrir þeim gjaldendum, sem tekju- eða eignamati hefir verið breytt hjá.

Störfum yfirskattanefndar skal lokið fyrir maímánaðarlok.

39. gr.

Skattanefndir halda gerðabók og rita í hana skattskrár og úrskurði. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað ríkissjóðs, og skulu þær löggiltar af lögreglustjóra.

Yfirskattanefndir hafa einnig gerðabók og rita í hana úrskurði sína og ákvarðanir. Þessar gerðabækur löggildir stjórnarráðið.

40. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda. Svo skulu og formenn skattanefnda gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

41. gr.

Stjórnarráðið hefir vakandi auga á því, að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir það rjett til að fá sendar framtalsskýrslur gjaldenda, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

42. gr.

Lögreglustjórar innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

43. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal hver heimilisráðandi inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

V.

Refsiákvæði.

44. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, missir hann rjettinn til að kæra yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, nema hann geti sannað, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlaðar af skattanefnd meira en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje mismunurinn 1/4 eða meira, skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð, að viðbættum 1/4.

Ákvæðum laga þessara um viðurlög fyrir vanrækslu á framtali þarf þó eigi að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sjer til afsökunar.

45. gr.

Nú skýrir maður vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um alt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri tíma en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiftarjettur eða skiftaforstjóri eru skyldir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum bús, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni þá, er hinn framliðni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en 6000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir, uns henni er fullnægt.

46. gr.

Sá sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 45. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt heldur en honum bar skylda til.

47. gr.

Skattanefndarmönnum og yfirskattanefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að, sökum starfa síns, um efnahag skattþegna.

Sama gildir um þá, er veita kynnu nefndunum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

48. gr.

Nú skorast einhver undan því að láta af hendi skýrslur þær, er í 32. gr. segir, og sker stjórnarráðið þá úr ágreiningi um það efni, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir uns skyldunni er fullnægt.

Nú hefir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum áður lögmæltur tími sje liðinn, þá varðar það sektum, alt að 100 kr., og getur stjórnarráðið auk þess skyldað þær til þess að ljúka við þau, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann í nefndinni, er eigi getur borið fyrir sig lögmætar afsakanir.

49. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 45. gr. 1. málsgr. og 47. gr. laga þessara skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 44. gr., 45. gr. 3. málsgr. og 48. gr. segir, skulu sæta meðferð sem opinber lögreglumál. Refsimál, er fara skal með sem opinbert lögreglumál, skal eigi höfða nema sá, er hlut á að máli, skattanefnd, yfirskattanefnd eða stjórnarráð krefjist þess.

50. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má gera aðför til innheimtu þeirra.

V.

Almenn ákvæði.

51. gr.

Stjórnarráðið gefur út leiðbeiningar um skilning á lögum þessum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf skattanefnda. Enn fremur gerir það fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

52. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka tekjuskatt um eitt ár í senn, með því að margfalda allar skattupphæðir með sömu tölu.

53. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877, um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903, um viðauka við tjed lög, og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.

(A. VII, 6.)

Nd. **474. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Við 10. gr. d.

»Dagpeningar og« í upphafi málsgreinar falli burt.

(A. VIII, 2).

Nd. **475. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á einu máli um það, að ráða háttvirtri deild til að láta það ná fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Hákon J. Kristófersson, framsm.

Þórarinn Jónsson. Sveinn Ólafsson. Þorl. Guðmundsson. Jakob Möller.

(A. XIII, 2).

Nd. **476. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hreppskilaþing.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á einu máli um það, að þó lög þau, er nú liggja fyrir þinginu og afnema framtal til lausafjártíundar, verði samþykt, þá sje engu að síður nauðsyn á því, að hin venjulegu vor- og haustþreppskilaþing verði haldin, og ræður því til, að háttv. deild láti frv. þetta ná fram að ganga.

Með því nefndin lítur svo á, að það geti í mörgum tilfellum skift verulegu máli fyrir viðkomandi sveitarfjelög, að hreppskilaþingin sjeu sem best sótt, telur hún sektarákvæði þau, er felast í frumvarpinu, svo lítil, að þau engan veginn geti orðið til þess, að menn þar fyrir vanræki ekki að mæta á hreppskilunum. Þeirri vanrækslu hefir mjög borið á, sjerstaklega nú í seinni tíð. Til þess að reyna að koma í veg fyrir slíkt, virðist nefndinni sektir þessar tæplega mega vera lægri en svo, að svari til dagkaups í minna lagi. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »2 kr.« komi:
5 krónur.

Alþingi, 3. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Hákon J. Kristófersson, framsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Þórarinn Jónsson. Þorl. Guðmundsson. Jakob Möller.

(A. VII, 7).

Nd. **477. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Við 13. gr.

Í fyrstu málsgrein, á eftir fyrsta málslið, sem endar með orðunum »er sú upphæð skattfrjáls«, komi:

Upphæðir þessar skal á ári hverju hækka eftir sama hlutfalli, sem gildir um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

(B. LVI, 2).

Nd. **478. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. grein orðist svo:

Hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings, eða verka útflutningssíld á landi eða í landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim takmörkunum, er lög þessi ákveða.

(A. III, 9).

Ed. **479. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fasteignaskatt.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

Við 1. gr. 1. tölulið. Ný málsgrein á eftir:

Mannvirki síðustu 10 ára skulu þó vera skattskyld eftir 1930.

(A. III, 10).

Ed. **480. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um fasteignaskatt.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Eigandi greiðir skatt þennan. En að því er tekur til jarða, sem eru í leiguábúð þegar lög þessi öðlast gildi, getur eigandi, þangað til nýr samningur er gerður, krafist endurgjalds hjá leiguliða á því, sem ábúðarskatturinn hefir numið eftir meðaltali verðlagsskráa árin 1912—1921, að báðum árum meðtöldum.

2. Við 3. gr.

a. Orðin »aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir« í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.

b. Á eftir orðunum »slíkum húsum« í niðurl. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó ná ákvæði 2. gr. um skattgreiðslu leiguliða einnig til þeirra, sem hafa jarðeignir ríkissjóðs á leigu, er lög þessi öðlast gildi.

(A. XI, 2).

Nd. **481. Nefndarálit**

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Það var upphaflega svo ráð fyrir gert, að ef samþykt yrðu skattafrumvörp þau, sem stjórnin lagði fyrir þingið, þá skyldu afnumin öll útflutningsgjöld af útfluttum vörum, öðrum en síld, fóðurmjöli og fóðurkökum, bæði útflutningsgjaldið gamla og stimpilgjaldið samkv. stimpilgjaldslögunum frá 1918, sem falla sjálfkrafa úr gildi um næstu áramót. Fjárhagsnefndin fellst fullkomlega á það, að hjer sje rjett stefna upp tekin, að því leyti sem stefnt er að afnámi allra útflutningsgjalda, og á það ekki síst við nú, eftir því sem við horfir um sölu afurðanna erlendis. En á hinn bóginn varð nefndinni það brátt ljóst, að þörfum ríkissjóðsins mundi hvergi nærri borgið, ef þannig yrði farið að. Annars vegar augljóst, að útgjöldin muni verða nokkru hærri en ráðgert var, og hins vegar tekjur af tekjuaukafrumvörpunum rýrari en til var ætlast. Þess vegna var því snemma hreyft innan nefndarinnar, að tæplega mundi fært að ljetta af öllum útflutningsgjöldum að svo komnu, og að varlegra mundi þá að framlengja gildandi stimpilgjaldslög óbreytt um eitt ár, og halda þannig stimpilgjaldinu af útfluttum vörum, en leggja þá að sinni til hliðar stimpilgjaldsfrv. það, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Að vísu er stimpilskyldan miklu víðtækari samkv. því frv. en samkv. gildandi lögum, en nefndin hyggur, að þess muni ekki gæta svo mjög á tekjunum fyrst í stað, og vitanlega mundi það ekki komast neitt í námunda við það, sem tapaðist við að fella niður stimpilgjaldið af farmskírteinum um útfluttar vörur, ef ekkert ætti að koma í þess stað.

Af þessum ástæðum var það sama sem afráðið í nefndinni að leggja það til, að við það væri látið sitja að þessu sinni að framlengja stimpilgjaldslögin frá 1918. Því var líka hreyft, að með því að þau lög hefðu aðeins verið sett til bráðabirgða, og stimpilgjaldið væri misjafnlega þokkað af almenningi, þá væri þegar af þeirri ástæðu varhugavert að lögleiða gjald þetta til frambúðar að svo stöddu. En þegar hjer var komið, fór fjármálaráðherra þess á leit við nefndina, að hún tæki að sjer til flutnings nýtt frv. um bráðabirgðaútflutningsgjald (verðgjald) af útfluttum vörum, er koma skyldi í stað stimpilgjaldsins af farmskírteinum, og lagði hann mikla áherslu á það, að jafnframt yrði þá stimpilgjaldsfrv. stjórnarinnar líka látið ganga fram. Fullyrðir hann, að stimpilgjaldið hafi gefist vel, það sem af er, að því fari fjarri, að það sje óvinsælt af gjaldendum alment, en hins vegar gerir hann sjer vonir um stórum auknar tekjur af gjaldinu, ef

stimpilskyldan yrði gerð eins víðtæk og farið er fram á í stjórnarfrumvarpinu. En þó að nefndin hefði fyrir sitt leyti felt sig betur við að framlengja gömlu stimpilgjaldslögin heldur en að lögleiða nú nýtt útflutningsgjald, þó að aðeins til bráðabirgða sje, þá vildi hún ekki gera það að kappsmáli. Nefndin er líka þeirrar skoðunar, að rjett sje að fara að dæmi annara þjóða í því að lögleiða stimpilgjald hjer á landi til frambúðar, og getur því ekki lagst á móti því, að það verði gert nú þegar.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið svo vandlega sem föng voru á, og í samráði við fjármálaráðherra leggur hún til, að á því verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 15. gr.
   Aftan af 2. málsgrein falli »þó eigi ..... 5 kr.«
2. Við 17. gr.
   a. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þegar fasteign er afsöluð hlutafjelagi greiðist gjald þetta tvöfalt.
   b. Aftan við greinina bætist:
   enda sje slíkt skjal eigi áður útgefið og stimplað.
3. Við 18. gr.
   Á eftir »eignina í brjefinu« komi:
   Þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sje um fasteign að ræða.
4. Við 39. gr.
   Greinin falli burt.
5. Við 41. gr.
   Greinin falli burt.
6. Við 42. gr.
   Greinin falli burt.
7. Við 44. gr.
   Aftan við greinina komi:
   Heimilt er ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er um ræðir undir staflið n. og o.

Alþingi, 2. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Jakob Möller, framsögum.

Þórarinn Jónsson. Sveinn Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

Þorl. Guðmundsson.

(B. L, 2).

Nd. **482. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21, 9. júní 1909, um fiskimat (þskj. 367).

Frá Sveini Ólafssyni.

Fyrsti málsliður frumvarpsgreinarinnar orðist svo:

Allur fiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar og Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum, undir umsjón yfirmatsmanna; sömu meðferð skal hafa á öðrum fiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður til útflutnings.

(C. XII, 3).

Nd. **483. Þingsályktun**

um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, tillögur um stofnun heimavista við hinn lærða skóla í Reykjavík.

(C. XXI, 1).

Nd. **484. Tillaga**

til þingsályktunar um að hraða endurskoðun fátækralaganna frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hraða endurskoðun fátækralaganna frá 10. nóv. 1905, sem um getur í þingsályktunartill. er samþykt var um þetta efni 23. ág. 1917.

Greinargerð.

Það mun orðin talsvert almenn skoðun, að fátækralögin frá 1905 sjeu að ýmsu leyti orðin á eftir tímanum, og að þörf sje á gagngerðri breytingu á þeim.

Var á Alþingi 1917 samþykt þingsályktunartill. um að skora á stjórnina að undirbúa þá þegar fyrir næsta þing frumvarp til nýrra fátækralaga, og er þingsályktunartill. þessa að finna í Alþt. 1917, A. bls. 923, þskj. 614.

(C. XXII, 1).

Nd. **485. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning slysa- og ellitrygginga.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um almenna slysa- og ellitryggingu, sem bygð sje á þessum grundvelli:

1. Komið skal á fót tryggingarstofnun, er ríkið á og rekur á sinn kostnað. Leggi ríkissjóður stofnuninni ákveðna fjárhæð sem stofnfje.

2. Hver sá, sem lætur aðra vinna fyrir sig um lengri eða skemri tíma, skal skyldur að tryggja þá í tryggingarstofnun ríkisins fyrir slysum, sem kunna að verða við vinnuna eða eru óbeinar afleiðingar hennar, þeim að kostnaðarlausu. Þeim, sem stunda sjálfstæða atvinnu, skal gefinn kostur á að tryggja sig sjálfa í sömu stofnun.

3. Allir, sem náð hafa 15 ára aldri, skulu skyldir að kaupa sjer ellitryggingu í tryggingarstofnun ríkisins. Ríkissjóður, ásamt bæjar- og sveitarsjóðum, tekur þátt í iðgjaldagreiðslu, í hlutfalli við iðgjöld einstaklinga. Skal hver maður sextugur eða eldri eiga rjett á endurgreiðslu, eftir ákveðnum reglum, sem settar verða, svo og kona hans og börn, að honum látnum.

4. Endurgreiðsla úr tryggingarstofnun ríkisins miðist við iðgjöldin, og sjeu settar vafalausar reglur um rjett til endurgreiðslu.

Greinargerð.

Hvað eftir annað hefir á Alþingi verið rætt um tryggingarmálin og stjórninni falið að rannsaka þau. Nú sem stendur eru þau skamt á veg komin. — Ellitrygging er engin, en aftur á móti lítilfjörlegur ellistyrkur, sem er svipaðastur fátækrastyrk. Heilsuleysistrygging er engin. Sjúkratrygging byggist eingöngu á frjálsum fjelagsskap, sem lítill vöxtur er í og lítils styrks nýtur frá hinu opinbera.

Mæðra- og barnatrygging er engin. Slysatrygging er engin, nema fyrir sjómenn og þeir latnir greiða mikinn hluta iðgjaldsins sjálfir. Stjórnin hefir látið rannsaka eitthvað um þessi mál, en lítið hefir komið fyrir almenningssjónir af því og engin frumvörp verið lögð fyrir þingið um almennar alþýðutryggingar. Þingsályktunartillaga um frekari rannsóknir þessara mála, frá 2. þm. Rangæinga, liggur nú fyrir þinginu, en þingsályktunartillagan hjer að ofan kemur fram til þess, að þingið sýni ákveðinn vilja, ekki að eins um það, að rannsókn fari fram, heldur einnig að frumvarp verði lagt fram um þessi mál þegar fyrir næsta þing, og mörkuð ákveðin stefna um tryggingar þær, sem fyrst geti komist á, en það eru almennar slysa- og ellitryggingar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls. Tryggingar þykja alstaðar erlendis óhjákvæmilegar fyrir allar menningarþjóðir. Elli og slys er eitthvert mesta þjóðfjelagsböl, og besta ráðið við efnalegum afleiðingum þeirra eru tryggingarnar, að minsta kosti með núríkjandi þjóðskipulagi.

Það, sem felst í tillögunni, er fyrst og fremst, að þær tryggingar, sem þar eru nefndar, verði *almennar, lögboðnar alþýðutryggingar*. Slysatryggingin nái yfir alla þá, sem vinna í annara þjónustu, og auk þess sje sjálfstæðum atvinnurekendum gefinn kostur á að tryggja sig. Ellitryggingin nái yfir alla, sem eru 15 ára að aldri. Það hefir alstaðar sýnt sig, að tryggingar af frjálsum vilja, án lagaskyldu, ná aldrei nema litlum hluta þeirra, sem þyrfti að tryggja.

Til þess er ætlast, að það sje *ríkisstofnun*, sem annast tryggingarnar.

Þá er til þess ætlast, að þetta sjeu fullkomnar *tryggingar*, en ekki styrkur, þ. e. a. s. endurgreiðslan miðist við iðgjöldin, og að þeir, sem trygðir eru, hafi lagalegan rjett til ákveðinna fjárhæða, því ef svo væri ekki, mundi þetta líkjast fátækrastyrk, sem annars ætti einmitt að hverfa, þegar tryggingarmálunum er komið í viðunanlegt horf.

Iðgjöldin greiðist slysatryggingarstofnuninni af *atvinnurekendum*, enda er það viðurkent um allan heim, nema hjer, að þeir eigi að bera efnalega áhættu við slys verkafólks, eins og hverja aðra áhættu við atvinnureksturinn. Ellitryggingariðgjaldið er aftur á móti gert ráð fyrir, að hver maður greiði sjálfur, en þó þykir hlýða, hjer eins og annarsstaðar, þar sem slíkar tryggingar eru, að hið opinbera beri einhvern hluta kostnaðarins.

Endurgreiðslur eigi sjer stað, er *slys* kemur fyrir eða *afleiðingar* þess, eða maður verður fullra 60 ára að aldri (ellitrygging). Jafnframt sje með ellitryggingunni einnig sjeð fyrir greiðslu til eftirlifandi konu og barna.

Ríkissjóður leggi fram í upphafi stofnfje og greiði rekstrarkostnað.

Sú einasta ástæða, sem hugsanleg er gegn því að hraða þessum málum, er sú, að ríkissjóði sje um megn að færast slíkt í fang, þar sem þetta verði einhver kostnaðarauki fyrir hann. En þetta er hinn mesti misskilningur. Fyrst og fremst er þjóðinni það ekki um megn nú að vernda sig sem best gegn afleiðingum slysa og elli, og svo verður það ódýrara þegar það er gert þannig fyrir alla, heldur en að hver bauki í sínu horni. En svo má búast við, að þessar tryggingar spari saman fje, sem annars yrði að engu, og ljetti þar að auki töluvert á sveitar- og bæjarsjóðum, þar sem tryggingarnar koma oft í stað fátækrastyrks. Það er líka ólíkt ánægjulegra fyrirkomulag fyrir hvern einstakling heldur en það ömurlega ástand, sem nú ríkir.

(B. LXI, 1).

Ed. **486. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26. 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Aukaniðurjöfnun sú, er bæjarstjórn má ákveða, samkvæmt 23. gr. laga nr. 26, 22. nóv. 1918, að fram skuli fara síðari hluta júnímánaðar, skal fara fram fyrri hluta aprílmánaðar.

Greinargerð.

Nú sem stendur hafa um 550 utansveitarmenn atvinnu í Vestmannaeyjum og fara þaðan með um hálfa miljón krónur í kaup. Þeir eru svo að segja undantekningarlaust fæddir af húsbændum sínum, og má þá reikna fæði þeirra yfir 300 þús. krónur. Þar sem ekki er hægt að leggja aukaútsvar á fólk þetta að haustinu og það er of seint í júnímánuði, þá virðist sanngjarnt, að hægt sje að ákveða, að niðurjöfnun þessi fari fram fyrir lokin.

(A. XXX, 36).

Nd. **487. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

I. Frá *Þorleifi Guðmundssyni* og *Eiriki Einarssyni*.
Við 5. gr. 9 (Bátaferðir milli Rvíkur og Árnessýslu).
Fyrir »5000,00« koma ... ... kr. 12000,00

II. Frá *fjárveitinganefnd*.
Við 5. gr. 17.
Á eftir liðnum koma þessir nýir liðir:
a. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp ... ... — 20000,00
b. Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita ... ... — 25000,00

III. Frá *fjárveitinganefnd*.
a. Við 6. gr. 2. (Staður í Grunnavík).
Fyrir »8000,00« koma: ... ... — 11000,00

b. Við 6. gr. 3.
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Launabætur Ólafs Rósenkranz ... ... kr. 700,00

c. Við 6. gr. 9. (Launabætur kennara).
Fyrir »3000,00« koma: ... ... — 4400,00

d. Við 6. gr. 19.
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá ... . — 1000,00

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 7. gr. 19.
Á eftir liðnum koma þessir nýir liðir:
a. Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara ... ... — 1500,00
b. Styrkur til Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, til suðurgöngu ... ... — 2000,00

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 8. gr. 3.
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðardóttur ... ... — 240,00

VI. Frá *Bjarna Jónssyni.*
Við 8. gr. 18. (Björgunarskipið Þór).
Fyrir »40000,00« koma ... ... — 50000,00

Til vara... ... ... — 45000,00

VII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 8. gr. 18.
Liðurinn orðist svo:
Til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipi árið 1921, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar. ... ... — 30000,00

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
a. Við 11. gr. 2.
Fyrir »rafveitunnar« kemur:
raforkuveitunnar.

b. Við 11. gr. 3. (Lán Guðm. Björnssonar).
Fyrir »50000,00« koma ... ... — 60000,00

c. Við 11. gr. 7.
Á eftir liðnum kemur nýr niður:
Að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í safnahúsi ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir því sem þörf krefur.

(C. XI, 2).

Nd. **488. Álit**

fjárveitinganefndar um fjárhagsatriðið í till. til þingsályktunar um innlendar elli- og líftryggingar o. fl.

Fjárveitinganefnd neðri deildar hefir haft til meðferðar fjárhagsatriðið í tillögu til þingsályktunar um innlendar elli- og líftryggingar o. fl., sbr. þingskjal 309, og ekkert fundið við það að athuga.

Alþingi, 4. maí 1921.

Þorleifur Jónsson.

Magnús Pjetursson.

(A. III, 11).

Nd. **489. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum, að frádregnum 10 ára mannvirkjum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, 4 af þúsundi hverju.
   Mannvirki síðustu 10 ára skulu þó vera skattskyld eftir 1930.
2. af húsum í kaupstöðum og kauptúnum, til hvers sem þau eru notuð, 2 af þúsundi, og af öllum öðrum húsum 1½ af þúsundi.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og

hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

(A. V. 9).

Nd. **490. Frumvarp**

til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flyst eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög. nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem eldri er en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem eftir eldri lögum eiga rjett til hærri eftirlauna en líffjeð nemur, halda þeim rjetti.

Í viðbót við líffjeð getur konungur veitt ekkju 50—100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burt:

1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líffje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er svívirðilegur.

Er ekkja missir líffje, af því hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem rjettur til

líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig, að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt, hverju um sig, 100—200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um rjettindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, og lög nr. 73, 28. nóv. 1919, um ekkjutrygging embættismanna.

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

16. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

(B. XIV, 6).

Ed. **491. Frumvarp**

til laga um húsnæði í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

(B. XXXII, 6).

Ed. **492. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. Nd.).

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin »200 kr. um árið« skal koma:
   400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XXVIII, 9).

Ed. **493. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá Halldóri Steinssyui.

1. Við 1. gr.
   Í staðinn fyrir »12 kr.« komi:
   8 kr.
2. Við 2. gr.
   Fyrir »þriðjung« komi:
   fjórðung.

(A. XXVIII, 10).

Ed. **494. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Guðm. Guðfinnsson.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »til ríkissjóðs« komi:
      (sbr. 5. gr.).
   b. Fyrir »12 kr.« komi:
      7 kr.

2. Við 2. gr.
   Greinin falli burt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

(A. XXX, 37).

Nd. **495. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Jakob Möller.

Við 2. gr.
Aftan við greinina bætist:
Launauppbót handa Sveini Björnssyni sendiherra fyrir árið 1921 kr. 4000,00

Til vara: ... ... — 3000,00

(A. XXV, 5).

Nd. **496. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir »200« komi:
   500.
2. — 7. — Fyrir »200« komi:
   500.
3. — 17. — Fyrri málsgreinin orðist svo:
   Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar sjeu þar færri en 500, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögu um það og stjórnarráðinu þykir sjerstök ástæða til.

(A. VII. 8).

Nd. **497. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Þorgilssyni, Pjetri Ottesen, Jóni Sigurðssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, sem verður 16. gr., svo hljóðandi:

Af vaxtaberandi inneign í bönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, er svara vöxtum, skal greiða skattinn með 6% af ársvöxtunum, og svarar hver stofnun skattinum í ríkissjóð, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Enginn annar skattur greiðist til ríkissjóðs af inneignum þessum.

Greinatalan breytist eftir því.

(B. LII, 2).

Nd. **498. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að hjer eftir sem hingað til verði veitt í fjárlögum fje úr ríkissjóði til að gera nýja akfæra sýslu-

vegi, gegn tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. jan. 1916. Slík framlög úr ríkissjóði skal ekki láta koma til frádráttar frá tillagi því, er ríkissjóði kann að bera að greiða samkvæmt 7. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

(B. I, 3).

Ed. **499. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sölu á prestsmötu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta mun hafa komið fyrst fram í Nd. Alþingis 1917, og er þá færð sú aðalástæða fyrir því, að síðan fráfærur lögðust niður víðast hvar, sje eigendum jarða, sem prestsmata hvílir á, orðið mjög erfitt að inna þá kvöð af hendi. Frumv. komst í nefnd, en álit kom ekki nema frá minni hl. nefndarinnar. Það álit ber þó með sjer, að nefndin hafi öll orðið á það sátt að mæla ekki með því, að frumv. yrði gert að lögum, af þeirri ástæðu, að því er virðist, að sæmilega greiður vegur væri til þess að fá prestsmötukvaðirnar afleystar. Árið 1918 kom málið aftur fram í Nd. og fór í nefnd, en nefndarálit kom ekki. Árið 1919 kom það enn fram í Nd. og var þá afgreitt til Ed. En allsherjarnefnd Ed. lagðist á móti því, af þeirri ástæðu, að það skaðaði prestlaunasjóð um kr. 15203,00, að minsta kosti, og dagaði málið þar uppi, enda var þá komið að þinglokum. —

Eftir því, sem upplýst er í málinu, hefir aflausn eða sala prestsmötu farið þannig fram, að meðalverð verðlagsskrár á smjöri síðustu 5 árin áður en kaupin eru gerð, í sýslu þeirri er kaupbeiðandi á heima í, er lagt til grundvallar fyrir verðinu og upphæðin krafin og greidd öll í einu lagi. Þetta virðast vera nokkuð þungir kostir og ekki ástæða til að setja kaupendum prestsmötu harðari söluskilmála en t. d. kaupendum kirkjujarða og þjóðjarða. Nefndin hefir því hallast að því að mæla með frumv. með tveimur breytingum, sem stefna að því að verja prestlaunasjóðinn fyrir tapi. Er önnur breytingartillagan um að stytta tímann, sem verðhæðin er miðuð við, og færa frumv. að því leyti í samræmi við lög um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Þetta leiðir til nokkurrar verðhækkunar á prestsmötunum, eins og nú standa sakir, vegna þess að áhrif dýrtíðarinnar á matið verða meiri. Um hina brtt., þá að fella niður 5. gr., hefir nefndin enn fremur það að segja, að hún lítur svo á, að prestsmötukvöðin sje ekki í neinu beinu sambandi hvorki við kúgildi nje jarðargæði, heldur sje hún nokkurskonar skattur á jörð þeirri, sem hún hvílir á, er eðlilega hafi felt hana (þ. e. jörðina) í verði að sama skapi, og eigi og hljóti aflausnin því að koma aftur fram sem verðhækkun jarðarinnar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
   Fyrir »12 ár« í 2. málsl. komi:
   10 ár.
2. 5. gr. falli niður.

Greinatala breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 5. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

(B. XXXV, 7).

Ed. **500. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (þskj. 397)

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir á tveim fundum athugað mál þetta og orðið á eitt sátt að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, ef viðaukatillaga við 2. grein, sem prentuð er í nefndaráliti þessu, verður samþykt. Nefndin lítur svo á, að sumpart sje það óeðlilegt, að háseti megi ekki vinna lengur í senn í einstakt skifti, ef það er hans eiginn vilji, og sumpart komi ákvæði greinarinnar ekki að haldi, nema samningar gegn ákvæðum hennar um hvíldar- og vinnutímann sjeu ógildir, ef þeir eru gerðir fyrirfram og máske fyrir allan útgerðartímann. Það virðist sem sje liggja í augum uppi, að samkvæmt almennu athafnafrelsi manna væri leyfilegt að gera slíkan samning, þrátt fyrir ákvæðin í 2. gr., eins og þau eru í frumvarpinu.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti eftir eigin ósk í einstök skifti vinni lengur í senn en þar er um mælt.

Alþingi, 5. maí 1921.

Björn Kristjánsson, form.	Einar Árnason.	Karl Einarsson, ritari og framsm.

(B. LIII, 5).

Ed. **501. Breytingartillaga**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Flutningsmenn: Einar Árnason og Sigurjón Friðjónsson.

Við 2. gr.
a. Fyrir »1. jan. 1925« komi:
1. maí 1922.
b. Fyrir »1. júní 1924« komi:
1. júní 1922.

(A. XLI, 10).

Ed. **502. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. 20. (Röntgen).
Liðurinn orðast þannig:
Til geislalækningastofu ríkisins ... ... kr. 15000
2. — 12. — 21. (Ljóslækning).
Liðurinn fellur niður.
3. — 12. — 23.
Liðurinn orðast svo:
Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar ... ... — 3000
4. — 12. — 27. a. (Sjúkrahús).
a. Fyrir »10000« kemur... ... ... — 15000
b. Fyrir »60 aurar« í athugasemdinni kemur:
90 aurar.
5. — 12. — 27. l. (Berklavarnarfjel.).
Liðurinn fellur niður.
6. — 12. — 27. m. (Finsensljós).
Liðurinn fellur niður.
7. — 12. — 27. n, o, p.
a. Þessir þrír stafliðir sameinast í einn svo hljóðandi:
Utanfararstyrkur hjúkrunarkvenna:
α. Til Helgu Eggertsdóttur 1000
β. — Þuríðar Jónsdóttur 1000
γ. — Jónínu Pálsdóttur 1000 3000

b. Athugasemd á eftir:
Styrkþegar skulu setjast að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer.

8. Við 12. gr. 27. r.
Nýr liður aftast:
Til Læknafjelags Reykjavíkur, til að styrkja utanför umbúðasmiðs ... ... kr. 6000

9. — 13. — C. 1. (Strandferðir).
Fyrir »175000« kemur ... ... — 300000

10. — 13. — D. III. 3. (Reykjarfjarðarsími).
Liðurinn fellur niður.

11. — 13. — D. III. 4. (Króksfjarðarnessími).
Liðurinn fellur niður.

12. — 14. — A. b. 4. (Reykjaholt).
Fyrir »5000« koma ... ... kr. 2500

13. — 14. — B. I. g. 3. (Einkalaunabót dyravarðar).
Liðurinn fellur burt.

14. — 14. — B. II. (Námsstyrkur stúdenta erlendis).
Framhald athugasemdarinnar á eftir orðunum »helstu menningarlöndum öðrum« orðast svo:
en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.

15. — 14. — B. III. (Mentaskólinn).
Aftan af aths. við námsstyrkinn falla orðin »Finni stjórnin ..... að því skapi«.

16. — 14. — B. IV. 5. (Námsstyrkur Gagnfr.sk.).
Síðari liður aths.: »Finni stjórnin . . . að því skapi« fellur niður.

17. — 14. — B. V. 4 (Námsstyrkur Kennarask.).
Síðari hluti aths.: »Finni stjórnin . . . að því skapi« fellur niður.

18. — 14. — B. XII. 1. c. (Kvennaskólinn í Rvík).
Athugasemdin: »Stjórninni er heimilt . . . . hrekkur eigi« fellur niður.

19. — 14. — B. XIII. 3. (Byggingarst. barnaskóla).
Orðin »í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum« falla niður.

20. — 14. — B. XIII. 7. (Skólablaðið).
Liðurinn fellur niður.

21. — 14. — B. XIV. a. (Unglingaskólar).
Úr athugasemdinni skulu falla orðin »Unglingaskólar í kauptúnum . . . að öðru jöfnu«.

22. Við 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla).
Fyrir orðin »gegn 800 kr.« kemur:
gegn 1000 kr.

23. — 14. — B. XIX. d.
Fyrir »Guðbrandsdóttur« kemur:
Brands.

24. — 15. — 1. c. (Hallgr. Hallgrímsson).
Liðurinn orðist svo:
Til aðstoðarmanns við safnið, er sje fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót .. .. kr. 4400

25. — 15. — 3. e. (Listaverkakaup).
Fyrir »5000« kemur ... ... — 3000

26. — 15. — 3. f. (Skýrslur þjóðmenjasafns).
Liðurinn fellur niður.

27. — 15. — 4. (Náttúrufræðisfjel.).
Fyrir »1800« kemur . ... — 2500

28. — 15. — 8. (Bókmentafjel.).
Nýr liður:
Til sama fjelags, til útgáfu registurs við íslenskt fornbrjefasafn ... ... — 2000

29. — 15. — 21.
Nýr liður:
Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, enda er orðasafnið eign landsins — 2000

30. — 15. — 23. (Bj. Sæm.).
Fyrir »1000« kemur... ... . — 2000

31. — 15. — 24. (Helgi Jónsson).
Fyrir »3000« kemur... ... ... — 2000

32. — 15. — 42. (Lögfr. tímarit).
Liðurinn fellur niður.

33. — 15. — 45. (Jón Eyþórss.).
Fyrir »námsstyrkur« kemur:
lokastyrkur.

34. — 15. — 46. (Bjarni Jósefsson).
Fyrir »námsstyrkur« kemur:
lokastyrkur.

35. — 15. — 47. (Inga Magnúsd.).
Fyrir námsstyrkur kemur:
utanfararstyrkur.

36. — 15. — 48. (Brynjólfur Stefánsson):
Fyrir »námsstyrkur« kemur:
lokastyrkur.

37. — 15. — 49.
Fyrir »Bergvinssonar« kemur:
B. Bárðdals.

38. Við 15. gr. 50.
Liðurinn orðist svo:
Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... kr. 5500
enda hafi hann forstöðu og umsjón Listasafnsins.

39. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög).
Síðari hluti athugasemdarinnar: »og varið til verkfærakaupa ..... innan fjelaganna« fellur burt.

40. — 16. — 10. (Raforkunotkun).
Liðurinn fellur niður.

41. — 16. — 34. (Sig. á Hellulandi).
Orðið »hreppstjóra« fellur niður.

42. — 16. — 42. (»Þór«).
Fyrir »45000« kemur ... ... — 30000

43. — 16. — 45. (Miklavatnsmýri).
Liðurinn fellur niður.

44. — 16. — 46. (»Sindri«).
Liðurinn fellur niður.

45. — 16. — 47. (Þórdís Ólafsd.).
Liðurinn fellur niður.

46. — 16. — 49. (Hjónin á Staðarfelli).
Við liðinn bætist aths.:
Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.

47. — 18. — II. e. 11. (Janus Jónsson).
Fyrir »320« kemur ... ... — 500

48. — 18. — II. e. (Kennarar, kennaraekkjur).
Nýr liður aftast:
Til ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara, Steinunnar Frímannsdóttur ... ... — 450

49. — 18. — II. f. 7. (Daníel Jónsson).
Liðurinn fellur niður.

50. — 18. — II. j. (Ingeborg Sigurjónsson).
Fyrur »1000« kemur ... ... — 1800

51. — 18. — II. j.
Nýr staflíður:
Til Ólafs Rósenkranz fyrv. leikfimikennara ... — 1200

52. — 21. — 5.
Nýr liður:
Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri fjárhæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.

53. — 22. — (Álafoss).
Þriðji liður skilyrðanna orðast svo:
Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit

með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

(A. VII, 9).

Nd. **503. Breytingartillögur**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Pjetur Ottesen og Jón Sigurðsson.

1. Við 11. gr.
   Í síðari málsgrein falli í burtu orðin »nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi«.
2. Við 13. gr.
   Fyrir »um hjón er að ræða, sem samvistum eru« komi:
   fjelagsbú hjóna er að ræða, eða manns og konu, er saman búa ógift.
3. Við 29. gr.
   5. liður orðist þannig:
   Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist hann á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.
4. Við 43. gr.
   Greinin falli burt.
5. Við 52. gr.
   Greinin falli burt.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

(B. LX, 2).

Nd. **504. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að hafa athugað þau skjöl, er lögð hafa verið fram snertandi ósk útvegsmanns Ole Andreas Olsen Tynes, um veitingu íslensks ríkisborgararjettar, sjer nefndin ekkert sjerstakt við það að athuga, að umsækjanda verði veittur þessi rjettur, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

En jafnframt vill nefndin ráða til, að ríkisstjórnin gefi út auglýsingu, þar sem ákveðið sje, fyrir hvaða tíma á árinu skuli sótt til ráðuneytisins um veitingu ríkisborgararjettar. Mætti þetta verða til þess, að sæki fleiri en einn maður sama árið um þá rjettarveitingu, þá verði að eins flutt eitt frumvarp af stjórnarinnar hálfu um slík mál.

Alþingi, 6. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Hallsson, fundaskrifari. Pjetur Ottesen.

Einar Þorgilsson. Stefán Stefánsson, framsögumaður.

(A. XLI, 11).

Ed. **505. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Vegna þess hvað stuttur tími er á milli 1. og 2. umræðu fjárlaganna, gefst ekki tími til að rita langt eða ítarlegt nefndarálit.

Vegna erfiðs fjárhags hefir nefndin einkum orðið að hafa sparnað fyrir augum, og því felt ýmsar fjárveitingar, sem í sjálfu sjer má telja gagnlegar, en væntanlega geta beðið betri tíma. Hækkanir hefir hún þá ekki heldur leyft sjer að gera margar og varla svo neinu nemi.

Skal nú farið nokkrum orðum um helstu breytingartillögur, er nefndin hefir gert.

Við 12. gr.

Eðlilegast finst oss að sameina í einn lið og undir eitt nafn Röntgenstofnunina og ljóslækningar þær, er reknar hafa verið í sambandi við hana. Er það gert í samráði við lækninn G. Claessen. Undir sama lið virðist einnig eiga heima rekstur hinna fyrirhuguðu Finsens-ljóstækja, sem stóð undir 27. lið, stafl. m. Úr þessum 3 liðum viljum vjer því gera einn. Fjárhæðunum hefir ekki verið raskað, heldur hafa þær að eins verið lagðar saman. Sundurliðun var eigi gerð á launum læknisins og öðrum kostnaði, heldur ætlast til, að stjórnin semji um þau við hann og að þeim verði hagað á líkan hátt og var við Röntgenstofnunina, þannig að læknirinn hafi bæði föst laun og hluta af því, sem kemur inn fyrir lækningar.

Nefndin vill hækka styrkinn til sjúkrahúsa og sjúkraskýla nokkuð, því eins og kunnugt er, reynist rekstur þeirra mjög örðugur á þessum tímum.

Styrkinn til væntanlegs berklavarnarfjelags vill nefndin fella niður að

þessu sinni. Ef eitthvað verður úr stofnun fjelagsins og sæmilegur áhugi fylgir henni, mun nægur tími til að veita fje til styrktar því í fjáraukalögum eða í næstu fjárlögum.

Neðri deild hafði felt tillögu um styrk til Læknafjelags Reykjavíkur, til að senda út mann til að læra umbúðasmíði. Nefndinni finst mikil nauðsyn á að fá slíkan mann og tekur upp styrkinn, en nokkru lægri.

Við 13. gr.

Neðri deild feldi 400 þús. króna styrk til ferða Sterlings. En af því að strandferðir munu vart verða látnar niður falla, vill nefndin færa upp strandferðastyrkinn, svo að hann láti nokkru nær sanni.

Endurveitingar til símalagninga til Reykjarfjarðar og Króksfjarðarness hefir Nd. tekið upp. En með því að sýnt er, að þessir símar hljóti að bíða betri tíma, vegna fjárskorts, er rjett að girða fyrir allan reipdrátt um þá, og hefir því nefndin felt þá niður.

Við 14. gr.

Einkalaunabót þá, er Ólafur Rósenkranz hefir síðan hann ljet af leikfimikenslu, teljum vjer háskólanum óviðkomandi, og setjum vjer hana í 18. gr., án dýrtíðarbótar.

Sá styrkur, er stúdentum er ætlaður í 14. gr. B. II, til háskólanáms erlendis, kemur í stað »Garðsstyrksins«, er ísl. stúdentar nutu við Kaupmannahafnarháskóla. Teljum vjer rjett, að tilhögun þessa nýja styrks verði þá lík, þannig að hann verði veittur að eins fyrstu 4 árin og að ríkt sje gengið eftir skilríkjum fyrir því, að námið sje stundað með alúð. Fela mætti stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn að greiða styrkinn mánaðarlega og ganga eftir iðnivottorðum, eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Nefndin í heildinni er því í sjálfu sjer ekki mótfallin, að skólagjöld væru sett við Mentaskólann. En þá tilhögun, að skólagjöld hinna efnaðri pilta gangi beinlínis til að ljetta af ríkissjóði styrk til hinna fátæku, telur hún óviðkunnanlega, og hefir hún því felt burt athugasemdirnar um skólagjöldin, þar sem þau koma fyrir.

Viðvíkjandi byggingarstyrk til barnaskóla utan kaupstaða, þá vill nefndin ekki binda hann við heimavistarskóla eina, þar eð heimangönguskólar geta orðið að notum á einstöku stöðum, enda er fræðslumálastjóri því samþykkur.

Sú stefna hefir orðið ofan á, að veita ekki styrk til útgáfu tímarita, og sætir því Skólablaðið hjer sömu örlögum og hin ritin, þótt nefndin sje ekki öll sammála um, að svo þurfi að vera.

Ákvæðið um, að unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum skuli fá minni styrk en aðrir skólar, er nýtt í þeim búningi, er kemur fram hjá Nd., og getur nefndin ekki fallist á orðalagið, sem er óákveðið, en kemur væntanlega fram með brtt. til 3. umræðu.

Við 15. gr.

Nefndin vill gera sem minst að því, að veita nafngreindum mönnum embætti eða störf í fjárlögum, og því hefir hún numið burt nafn Hallgríms Hallgrímssonar frá fjárveitingunni til aðstoðarmannsins við Landsbókasafnið, en ekki

af því, að hún hafi neitt á móti því, að þessi maður gegni starfinu. Hins vegar vill hún binda hækkun launanna við það, að hann sje fastur ársmaður.

Styrkinn til skýrslusamninga Þjóðmenjasafnsins frá 1876 hefir nefndin felt, og telur sig samþ. aths. í stjórnarfrv. fjárlaganna um þennan lið.

Náttúrufræðifjelagið hefir jafnan notið styrks af skornum skamti, og finst nefndinni maklegt að hækka hann lítið eitt.

Nefndin álítur Ísl. fornbrjefasafn ekki nothæft nema registur fylgi hverju bindi. Þess vegna vill hún veita Bókmentafjelaginu 2000 kr. til útgáfu slíks registurs og telur, að með því sje meira til gagns unnið en með því að gefa út safnið registurslaust.

Þórbergur Þórðarson hefir styrk í núgildandi fjárlögum til orðasöfnunar úr alþýðumáli. Nefndin vill ekki láta starfið falla niður, þar sem verkið er enn skamt á veg komið, og tekur því styrkinn upp með lítilfjörlegri hækkun.

Nefndin felst á hækkun þá, er Nd. hefir gert á styrkveitingu til skálda og listamanna, en er ósamþykk skiftingu þeirri, er fjárveitinganefnd Nd. stingur upp á í nefndaráliti sínu. Annað tveggja sýnist henni rjett, að úthlutunarnefndin hafi óbundnar hendur, eða þá að þingið taki þessar fjárveitingar aftur í sínar hendur, á einn eða annan hátt.

Bjarni Sæmundsson hefir nú í 25 ár starfað að fiskirannsóknum með dugnaði, þótt styrkur væri jafnan af skornum skamti. Vill nefndin sýna vísindastarfsemi hans nokkra viðurkenningu, með því að hækka styrk hans upp í 2000 kr.

Vísindastarfsemi dr. Helga Jónssonar finst nefndinni líka verð allrar viðurkenningar, en af því að hún treystir sjer ekki til að gera upp á milli þessara tveggja manna, þá vill hún, að þeir hafi jafnan styrk, og lækkar styrk Helga aftur niður í 2000 kr., eins og stóð í stjórnarfrv.

Meiri hluta nefndarinnar fanst rjettara að binda styrk Einars myndhöggvara við eitthvert ákveðið verk við Listasafnið, og því kemur viðbótin um, að hann hafi forstöðu þess og umsjá.

Við 16. gr.

Nefndin vill ekki leggja búnaðarfjelögum neinar skyldur á herðar um meðferð styrks þess, er þau fá; telur nægilegt, að ákvæðið um skiftingu styrksins eftir dagsverkatölu standi óbreytt frá því, sem er í núgildandi fjárlögum, en fellir niður viðbótina.

Nefndin telur varhugavert að hafa sjerstaka fjárveitingu í fjárlögum til leiðbeiningar um raforkunotkun. Allur fjöldi þeirra bæja og kauptúna, sem þegar hafa látið rannsaka og undirbúa raforkunotkun, hefir kostað það af eigin fje, og virðist eigi rjett, að gera breytingu á því. Hins vegar getur altaf komið til mála, að ríkissjóður taki eftir á þátt í rannsókn og undirbúningi fyrirtækja til almenningsheilla, eins og gert hefir verið við Andakílsfossana.

Nefndin álítur, að það fje, sem þingið hefir áður veitt sem uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri, hafi verið lokaveiting, og vill því ekki við það bæta.

Nefndinni hefir enn eigi unnist tími til að athuga öll gögn um Staðarfellsgjöf, og lætur því fjárveitinguna til Staðarfellsbjónanna standa, en hefir bætt við athugasemd, er hún telur við eiga.

Við 18. gr.

Eftirlaun til ekkju Stefáns skólameistara hefir nefndin hækkað og hyggur, að slíkt verði ekki eftir talið, svo þjóðkunnur og þjóðnýtur maður sem Stefán heitinn var.

Daníel Jónsson póstur er andaður fyrir nokkru, og því eru eftirlaun hans numin brott.

Styrkurinn til ekkju Jóh. Sigurjónssonar er hækkaður, af því að hann er ákveðinn án verðstuðulsuppbótar.

Við 21. gr.

Seyðfirðingar hafa rafstöð, sem hefir orðið kaupstaðnum mikil bót í búi á styrjaldarárunum. Vatnsleiðsla þessarar stöðvar var í upphafi höfð svo víð, að ekki þyrfti annað en að bæta við nýrri vjelasamstæðu, til þess að fá aukinn kraft, er nægði að miklu leyti til rafsuðu og rafhitunar fyrir bæinn. Hefir nefndin samþykt tillögu um heimild til lánveitingar eða ábyrgðar fyrir láni handa bænum, svo að hann fari ekki lengur á mis þessara hlunninda.

Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi ábyrgðarheimild þeirri, er Nd. samþykti fyrir klæðaverksmiðjuna »Álafoss«. Að sjálfsögðu er hjer um áhættu að gera fyrir ríkissjóð, ef stjórn verksmiðjunnar verður ófullkomin, en hins vegar um mikinn þjóðarhagnað að ræða, ef alt fer vel úr hendi. Fyrir því álítur meiri hl., að leggja beri mikla áherslu á alt eftirlit með þessu fyrirtæki af hálfu ríkisins. Í samræmi við þetta vill hann breyta orðalagi síðasta skilyrðisins fyrir ábyrgðinni. Í fyrsta lagi vill hann kveða ríkara á um eftirlitið. Í öðru lagi vill hann ekki eingöngu binda þetta eftirlit við umsjón eins einasta manns, sem varla gæti haft sjerþekkingu á öllum þeim gögnum og tækjum, sem þarf til slíkrar stofnunar, og í þriðja lagi vill meiri hlutinn, að trúnaðarmenn ríkisins, hvort sem verða einn eða fleiri, taki laun sín úr ríkissjóði, en ekki frá verksmiðjunni sjálfri, sem þó að sjálfsögðu á að endurgjalda ríkissjóði kostnaðinn.

Alþingi, 6. maí 1921.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	S. H. Kvaran, fundaskrifari og ritari.	H. Steinsson.
Hjörtur Snorrason.		Einar Árnason.

(B. LI, 2).

Nd.

506. Nefndarálit

um frumvarp til laga um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi fela öðrum sjerstök störf.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir því, sem fram kom við fyrstu umræðu þessa máls, er frumvarp þetta flutt eftir tilmælum þingmanns Vestur-Skaftfellinga, Gísla Sveinssonar sýslumanns, sem ekki hefir getað komið til þings að þessu sinni, sökum veikinda.

Nefndin getur ekki fallist á, að þess sje brýn þörf að veita sýslumönnum og bæjarfógetum alment þá heimild, sem frumvarpið ræðir um.

Þegar svo sjerstaklega stendur á, að torfærur eða forföll, svo sem veikindi, gera sýslumanni ókleift að sinna þessum störfum, þá mun honum í flestum tilfellum auðsótt að fá samþykki og leyfi stjórnarráðs í hvert skifti til að skipa annan mann í sinn stað til að framkvæma þessi störf.

En aftur á móti gæti slík heimild, sem í frumvarpi þessu felst, ef til vill gefið þessum embættismönnum undir fótinn með það, að fela öðrum að halda t. d. manntalsþing og stýra sýslufundum, og það jafnvel í fleiri tilfellum en þeim, er eigi yrði beinlínis hjá því komist.

En það teldi nefndin miður farið, því þess getur verið full þörf við slík tækifæri, að mönnum gefist kostur á að njóta lögfræðilegrar aðstoðar sýslumanns.

Eins og að framan getur, mun frumvarp þetta einkum og sjer í lagi eiga rót sína að rekja til þess, hvernig hagar til í Skaftafellssýslum.

Nefndin getur fallist á, að eins og þar hagar til, þar sem hvorttveggja fer saman, mjög miklar vegalengdir og fádæma torfærur, þá geti þess verið ærin þörf fyrir sýslumanninn, að hafa slíka heimild.

Það hefir því orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja það til, að sýslumanninum í Skaftafellssýslu sje veitt þessi heimild, og ræður nefndin því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sýslumanninum í Skaftafellssýslu skal heimilt, á sinn kostnað og ábyrgð, að fela hreppstjóra eða sjerstökum umboðsmanni sínum að halda manntalsþing og uppboð, hvers konar sem er, svo og stýra fundum sýslunefnda, ef torfærur eða önnur forföll banna honum sjálfum að framkvæma þessi störf. En skýra skal hann stjórnarráðinu frá slíkum ráðstöfunum í hvert skifti.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á manntalsþingum og uppboðum, er ólöggiltur umboðsmaður sýslumanns heldur, má eigi neitt rjettaratriði úrskurða.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lögákveðnum uppboðslaunum sínum heldur hreppstjóri við öll uppboð, er hann heldur fyrir sýslumann.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

FRUMVARP

til laga um, að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu megi fela öðrum sjerstök störf.

Alþingi, 6. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, form.	Björn Hallsson, fundaskrifari.	Pjetur Ottesen, framsögum.

Einar Þorgilsson. Stefán Stefánsson.

(A. XIII. 3).

Nd. **507. Frumvarp**

til laga um hreppskilaþing.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skulu menn eiga með sjer tvö hreppskilaþing ár hvert, vorþing 1. til 20. júnídag og haustþing 1. til 20. októberdag. Skyldur er hver búandi og aðrir, sem lögskil eiga að gera á hreppskilaþingi, að sækja það, eða setja gildan mann í sinn stað, nema forföll banni. Hver sem ekki sækir nje lætur sækja hreppskilaþing og hefir eigi lögmæt forföll, verður sekur um 5 kr.

2. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti skal kveðja til hreppskilaþings með hæfilegum fyrirvara með þingboði, sem berist boðleið um allan hreppinn. Hver sem tefur þingboð um skör fram eða glatar því, er sekur um 5 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, eða gildar afsakanir sjeu fyrir hendi.

3. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(B. LXII, 1).

Nd. **508. Frumvarp**

til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Með lögum þessum er stjórninni veitt heimild til þess að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, er nemi alt að 15000000 kr., til þess að ráða fram úr viðskiftakreppu þeirri, sem nú er í landi.

2. gr.

Af láni þessu er stjórninni heimilt að lána bönkum í landinu, ef nauðsyn krefur og svo mikið sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Nú hefir það dregist alt of lengi að veita stjórninni slíka heimild, og hefir lántaka þessi nú frestast fram úr hófi. Þar sem nú hefir komið í ljós, að stjórnin hefir stuðning 14 manna í neðri deild, og því víst, að hún fer með þessi mál framvegis, þá er nú rjett að bæta úr þessum skorti á heimildum.

(C. XV, 3).

Nd. **509. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir rætt og athugað tillögu þessa allmikið á þeim stutta tíma, sem liðinn er frá því að hún barst henni í hendur. En þar sem nefndin vill eindregið styðja að framgangi helstu atriða hennar á þessu þingi, þá vill hún ekki tefja hana um skör fram.

Hins vegar hafði nefndin samskonar tillögu til meðferðar þegar þessi kom fram, og var því búin að hugsa málið nokkuð. Getur hún þess vegna afgreitt þessa tillögu á styttri tíma en annars myndi hafa orðið.

Eins og þegar er bent á, þá er nefndin samþykk þeirri aðalstefnu tillögunnar, að nauðsyn sje mikil á því, að lagt sje alt kapp á að efla og auka innlendan ullariðnað, svo sem framast er kostur á. Þess vegna telur nefndin mestu varða, að í tillögunni felist þau aðalatriði, sem líklegt verður að telja, að fyrst gætu og ættu að koma til framkvæmda. Af því leiðir aftur, að lagt er til að fella þá liði úr, sem ekki eru eins aðkallandi.

En það vill nefndin jafnframt taka fram, að hún er sammála flutningsmanni till. um það, að mjög sje þýðingarmikið fyrir landið, að innlendur iðnaður aukist á öllum sviðum. En af því fjárskortur er, verður að velja þau atriði úr, sem brýnust nauðsyn virðist á, en fresta hinum á þessu þingi.

Aðalbreytingarnar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á tillögunni, eru þær, að henni virðist ekki full ástæða til að láta rannsaka nú þegar skilyrði fyrir stofnun sútunarverksmiðju til skinnasútunar, eða svo fullkominna klæðaverksmiðja, að hægt sje að vinna dúka úr allri íslenskri ull.

Nefndin er að vísu á einu máli um það, að slíkt sje að líkindum framtíðar og framfaramál, en þar sem svo víðtækur iðnaður hlýtur óhjákvæmilega að kosta mikið fje, býst hún ekki við framkvæmdum í þá átt næstu ár. Hins vegar munu slíkar rannsóknir verða allkostnaðarsamar, og verður að álíta, að þá peninga megi spara nú, með því að fresta ákvörðun um þær á þessu þingi.

Nefndin telur aftur á móti þýðingarmest, að hafist verði handa sem allra fyrst í því að auka svo klæða- og dúkagerð í landinu, að fullnægi landsmönnum til klæðnaðar, svo ekki þurfi að kaupa erlenda dúka.

Til þess að ná því takmarki virðist nefndinni auðveldust leið að ljetta og flýta vinnu á heimilum með kembingar- og lopavjelum á hentugum stöðum í hjeruðunum, og svo sje unnið með spuna- og prjónavjelum sem mest heima.

Enn fremur að komið sje á fót svo mörgum og fullkomnum klæðaverksmiðjum, sem ætla megi, að fullnægi dúkaþörfinni.

Nefndin telur rjettara, að óskir um rannsókn á minni háttar vjelum og vjelastæðum komi frá hlutaðeigendum sjálfum til stjórnarinnar, þar sem ætla má, að meiri áhugi sje þá fyrir málinu heldur en ef stjórnin sendir menn til rannsóknanna óbeðið.

Einnig virðist nefndinni eðlilegra, að hlutaðeigandi hjeruð hugsi fyrir fjáröflun til fyrirtækjanna, þó ef til vill með aðstoð þings og stjórnar, þegar þar að kemur, heldur en að stjórnin hafi þar aðalfrumkvæði í byrjun. Þess vegna telur nefndin ekki nauðsynlegt, að skorað sje á stjórnina, að svo komnu, að rannsaka það atriði.

Nefndinni kom saman um, að rjettara sje, að tóvinnufjelög, eða þau hjeruð, sem mynda kunna fjelagsskap í þessu efni, fái utanfararstyrkinn til umráða heldur en stjórnin veiti hann einstökum mönnum.

Má gera ráð fyrir, að fjelögin þekki betur en stjórnin, hverjir sjeu hæfastir til slíkra ferða, og að þeir fái jafnframt styrk af fjelagsfje.

Með þessum formála leggur nefndin til, að tillagan verði samþ. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Tölul. 1. til 6. falli í burtu, en í þeirra stað komi:

   1. Hvar álitlegast sje að koma á fót kembingar- og lopavjelum, til eflingar heimilisiðnaði innanlands, í þeim sýslufjelögum, er óska rannsókna í því efni.

2. Hvar hentast muni að reisa klæðaverksmiðjur, eftir aðstöðu við notkun vatnsafls og annara staðhátta, sem fullnægt geti klæðaþörf landsmanna.

3. Gera svo nákvæmar kostnaðaráætlanir, sem hægt er, yfir aflstöðvar, bygging verksmiðjuhúsa, nauðsynlegra vjela og annars, er að stofnun og rekstri fyrirtækjanna lýtur.

4. Stjórninni heimilast að veita tóvinnufjelögum styrk úr ríkissjóði, til þess að senda efnilega unga menn utan, í þeim tilgangi, að þeir afli sjer þekkingar í meðferð tóvinnuvjela og annars, er að iðnaði lýtur. Jafnframt sje það trygt, að styrkþegar starfi við verksmiðjurnar, að loknu námi.

2. Seinni partur síðustu málsgreinar: »en auk þess má verja .....« til enda greinarinnar, falli í burtu.

3. Aftan af fyrirsögn tillögunnar falli »o. fl.«.

Alþingi, 6. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Hallsson, skrifari og framsm.

Þórarinn Jónsson. Jón Sigurðsson. Hákon J. Kristófersson.

Fjárveitinganefnd hefir ekkert að athuga við fjárhagsatriði málsins.

Alþingi, 6. maí 1921.

Þorleifur Jónsson. Gunnar Sigurðsson. Magnús Jónsson.

Magnús Pjetursson. Bjarni Jónsson frá Vogi.

(A. XI, 3).

Nd. **510. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hversu haga skuli sölu á þeim. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2% af andvirði merkjanna.

Stjórnarráðinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki eða stimpilmerkjum, og má nota hann í stað merkjanna.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið er eigi deilanlegt með 5, færist það niður í næstu tölu, sem deila má á þennan hátt, þó þannig, að gjaldið má aldrei minna vera en 10 au.
b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.
c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er ákveðin um æfitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu tíföldu.

Ef árgjald er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld, sem út eru gefin í hinu íslenska konungsríki, þegar annaðhvort að minsta

kosti einn aðilja á þar heimili, eða skjalið hljóðar um verðmæti hjer í ríkinu, rjettindi yfir þeim, eða rjettindi eða skyldur fyrir einstaklinga, fjelög eða stofnanir, sem eiga heimili hjer á landi.

Skjal telst gefið út hjer í ríkinu, ef annar eða einhver aðilja hefir undirritað það hjer.

5. gr.

Þau skjöl, sem hjer greinir, eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hjer eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja rjettindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sje, að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hjer.
3. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur verðbrjef, sem ætluð eru til að ganga manna í milli, ef þau eru gefin út af fjelögum eða stofnunum, sem eiga heimili hjer á landi.
4. Útlend hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík skjöl, sem flutt eru hingað, annaðhvort sem eign manna eða fjelaga, sem hjer eiga heimili, eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Víxlar og ávísanir, ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir rjettindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og nótarialgerðum, er skapa rjettindi eða skyldur, sem eigi hefir áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og rjettinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt, nema öðruvísi sje ákveðið sjerstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breyting á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrunina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10. gr.

Ef skjal stofnar til rjettinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II.

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist annaðhvort með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorttveggja.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hjer á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir sjeu liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sje fyr, og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hve nær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þennan, ef sjerstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn eru skyldir til að stimpla, án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Auk þess eru lögreglustjórar og hreppstjórar skyldir til að stimpla skjöl fyrir almenning gegn 25 au. þóknun fyrir hvert skjal. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla án sjerstaks gjalds skjöl þau, er um þeirra hendur fara. Nánari reglur í þessu efni getur stjórnarráðið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt fjelögum, stofnunum og einstökum mönnum, er þar til teljast sjerstaklega hæfir, rjett til þess, gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Enn fremur getur stjórnarráðið ákveðið, ef nauðsynlegt þykir, að einstakar tegundir skjala megi hver einstakur stimpla.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef hann er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem límd hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en stjórnarráðið hefir heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það rjettarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefir af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því að eins fram fara, að beiðni um þær hafi borist stjórnarráðinu áður en 2 ár sjeu

liðin frá útgáfu þess eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf, eða staðfest eftirrit af þeim, skulu jafnan send stjórnarráðinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sje ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Enn fremur fellur krafa til stimpilgjalds burt, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 53. gr. þessara laga, hefir orðið áskynja um brotið, áður sá tími sje liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III.

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiftabrjef, gjafabrjef og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita rjett til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign er afsöluð hlutafjelagi greiðist gjald þetta tvöfalt.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annara, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr skiftabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, fjelaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskifti að fasteign eða skipi, eða eru til sönnunar eignarheimild, stimplast sem afsöl.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbrjef fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu, þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sje um fasteign að ræða, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbrjef til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbrjef er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetning hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbrjef fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, þá heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum verða stimpilskyld við þinglestur eða skrásetningu, þótt þau sjeu gefin út áður en lög þessi öðlast gildi, ef þau eru eigi áður stimpluð.

23. gr.

Heimildarskjöl um veðirjettindi, skjöl, sem leggja ítök, ískyldur og kvaðir á annara eign, stimplast með 1%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara rjettinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

24. gr.

Hlutabrjef, sem gefin eru út af fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, stimplast með 1%, ef þau hljóða á handhafa, en með $^2/_8$%, ef þau hljóða á nafn. Framsöl á handhafabrjefum eru stimpilfrjáls, en framsöl hlutabrjefa, sem hljóða á nafn, stimplast með 1‰ af upphæð brjefsins, og má eigi framselja þau til handhafa, nema þau sjeu stimpluð sem handhafabrjef.

Ef hlutabrjef, sem hljóða á nafn, eru í byrjun stimpluð sem handhafabrjef, eru framsöl þeirra stimpilfrjáls.

Framsöl hlutabrjefa, sem gefin hafa verið út áður en lög þessi öðlast gildi, stimplast með 3‰, ef þau hljóða á handhafa eða eru framseld til handhafa, en ella með 1‰. Ef slík hlutabrjef eru í eitt skifti stimpluð með 5‰, eru þau eftir það stimpilfrjáls, þótt framseld sjeu.

25. gr.

Ef hlutabrjef hljóðar eigi um ákveðna fjárhæð, heldur um hluta af stofnfjenu, skal í brjefinu getið þeirrar fjárhæðar, sem telja verður að hlutabrjefið sje vert, og ákveða stimpilgjaldið eftir því.

26. gr.

Hlutabrjef í fjelögum með breytilegri fjelagatölu, eða breytilegum höfuðstól, stimplast eins og segir í 24. gr., þótt fjelagsmenn sjeu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutabrjef persónulega óábyrgra manna í fjelagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

27. gr.

Fjelagssamningar stimplast með $^1/_2$% af því fje, sem í fjelagið er lagt, ef persónuleg ábyrgð er fyrir fjenu, ella er samningurinn stimpilfrjáls, með þeirri undantekningu, sem í 26. gr. segir.

28. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað fjelagi, skal jafnan greiða gjald það, er ræðir um í 17. gr., hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum fjelagsins eða eigi, og hvort sem afsalið er sjerstakt eða í fjelagssamningi eða öðrum samningi.

29. gr.

Nú hljóðar fjelagssamningur eigi um nein fjárframlög, og skal þá stimpla hann með 10 kr.

Nú leggur fjelagi fram persónulega vinnu, en annar peninga, og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu, og því lægsta, ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur fjelagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu, og skal þá stimpla samninginn með 10 kr., auk gjalds af fjárframlaginu, eftir fyrirkomulagi fjelagsskaparins.

30. gr.

Framsöl einstakra meðlima á rjettindum sínum í fjelaginu eru stimpilskyld, ef fjelagssamningurinn var stimpilskyldur, en ella eigi.

31. gr.

Skuldabrjef og tryggingarbrjef stimplast með 3‰, ef skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð, en annars með 1‰, og telst brot úr þúsundi heilt þúsund, ef brjefið er yfir 1000 kr.

Skuldabrjef, sem ekki nema meiru en 200 kr., eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engin trygging er sett.

32. gr.

Ef veðrjettur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

33. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju brjefi (novatio) eða skuld er færð yfir á annars manns nafn (delegatio), greiðist helmingur gjalds þess, er í 31. gr. segir.

34. gr.

Framsal á skuld stimplast eftir reglunum í 31. gr.

35. gr.

Víxlar og allar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir:

200 kr. eða minna með	20 au.
Frá 200— 400 kr. með	40 —
— 400— 600 — —	60 —
— 600— 800 — —	80 —
— 800—1000 — —	1 kr.

Ef fjárhæðin er hærri, skal stimpla skjöl þessi með 1 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill. Tjekkávísanir, sem greiddar eru eftir að rjettur til greiðslu þeirra hjá útgefanda og framseljendum er horfinn, eru stimpilskyldar sem aðrar ávísanir.

36. gr.

Nú hljóðar víxill eða ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

37. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í víxli, stimplast hann eins og veðtrygt skuldabrjef.

Framsöl á víxlum og ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabrjef.

38. gr.

Lífsábyrgðarskírteini stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni. Iðgjaldakvittanir stimplast með $^1/_2$% af iðgjaldinu.

Brunaábyrgðarskírteini stimplast með 25 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Sjóvátryggingarskírteini stimplast með 10 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein, greiðist hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sjerstakt skírteini sje gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er, ef tryggingarsamningur er gerður með brjefaskiftum, innritun í viðskiftabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein, stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans. Iðgjaldskvittanir stimplast um leið og þær eru afhentar hinum tryggða eða umboðsmönnum þeirra, og skiftir ekki máli, hvort vátryggingin er yngri eða eldri en lög þessi.

Stjórnarráðið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefir og heimild til að gera samninga við vátryggingarfjelög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum, t. d. við áramót, gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er stjórnarráðið telur nægja.

Stjórnarráðið hefir enn fremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sjerstök ástæða þykir til.

39. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 25 au. af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri, og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubrjef, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkv. þessari gr.

40. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 5 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með $^1/_{20}$% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera sjereign annars hjónanna.

41. gr.

Eftirnefnd skjöl skal stimpla með föstu gjaldi:

a. Yfirlýsingar, sem eru þinglesnar eða skrásettar, með 1 kr., ef þær falla eigi undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
b. Útdrættir, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum, með 50 au.
c. Nótarialvottorð og afrit eða útdrættir af nótarialgerðum með 50 au.
d. Dómsgerðir eða rjettargerðir in forma frá undirrjetti með 2 kr., en frá hæstarjetti með 5 kr. Þingsvitni með 1 kr., að undanteknum þingsvitnum um slys eða verðlaun fyrir björgun frá druknun.
e. Kvaðning utan rjettar með 1 kr.
f. Tilkynning til innritunar í verslunarskrá með 20 kr. Tilkynning um prókúru stimplast þó aðeins með 5 kr., ef sjerstök er. Tilkynning um að firma sje hætt stimplast með 5 kr., en afturköllun prókúru með 2 kr. Breytingar á skrásettum tilkynningum stimplast annars með 5 kr.
g. Beiðni um skrásetning vörumerkis með 20 kr., en beiðni um endurnýjun með 10 kr.
h. Borgarabrjef til heildsöluverslunar með 500 kr., en borgarabrjef til smásöluverslunar með 100 kr.
i. Leyfisbrjef farandsala og umboðssala með 300 kr.
j. Skipstjóraskírteini með 10 kr.
k. Stýrimannsskírteini með 5 kr.
l. Vjelstjóraskírteini með 5 kr.
m. Sveinsbrjef með 4 kr.
n. Einkaleyfisbrjef með 100 kr., og undanþágur frá skilyrðum í slíkum brjefum með 50 kr.
o. Önnur leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa, út með 10 kr.
p. Veitingabrjef fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins:
   1) ef árslaun eru undir 1000 kr., með 2 kr.
   2) - — — frá 1000—2000 kr., með 4 —
   3) - — — — 2000—3000 — — 8 —
   4) - — — — 3000—4000 — — 12 —
   5) - — — 4000 kr. eða meira 20 —
q. Skírteini um embættispróf við háskólann með 20 kr.
r. Önnur prófskírteini með 10 kr., ef út eru gefin af skólum ríkisins, skólum, er ríkissjóður styrkir, eða prófnefndum, er stjórnarvöld tilnefna að nokkru eða öllu leyti.

s. Löggiltar verslunarbækur með 5 kr.
t. Erfðaskrár, skjöl um dánargjafir og gjafarfa með 5 kr.
u. Skoðunargerðir og virðingargerðir, sem ekki eru um neina ákveðna fjárhæð, með 2 kr.
v. Mælingarbrjef skipa frá 12—30 smál. með 1 kr., frá 30—100 smál. með 2 kr., en stærri skipa með 5 kr.
x. Sparisjóðsbækur (innlánsbækur) stofnana, er ávaxta fje, svo og innlánsskírteini, með 1 kr. Bækur, sem áður hafa verið gefnar út, stimplast í fyrsta skifti, er þær eru sýndar til innfærslu vaxta eða innlags eða til úttektar, eftir að lög þessi öðlast gildi.

Heimilt er ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er um ræðir undir staflið n. og o.

V.
Ýms ákvæði.

42. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það er stimpilfrelsinu veldur, sje löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 5 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sje stimpilfrjálst.

43. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 5 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef staðfest eftirrit er, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

44. gr.

Skjöl, sem framsöl á eru stimpilskyld, má eigi gefa út til handhafa, eða framselja handhafa, og varðar sektum, ef út af er brugðið, eigi undir 10 kr. fyrir hvert skjal.

45. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantanda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

46. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annara, ábyrgð á rjettri

stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektaábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektaábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefir sjer stað á lögum þessum.

47. gr.

Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skifta, við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

48. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

49. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 47. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

50. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem stjórnarráðið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 266. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkisjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

52. gr.

Fyrstu 10 árin eftir að lög þessi öðlast gildi, er stjórnarráðinu heimilt að lækka sektir allar, samkvæmt lögum þessum, og jafnvel láta þær falla alveg burt, ef sjerstakar kringumstæður mæla með.

53. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiftaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi sjeu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annara en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn vetti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rjetti, eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

54. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga, um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sje eða álíta verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

55. gr.

Íslandsbanki heldur stimpilfrelsi því, er hann hefir að lögum, og Landsbanki Íslands öðlast sömu ívilnanir. Bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans eru stimpilfrjáls.

Þar sem ekki er annað ákveðið sjerstaklega, sker stjórnarráðið úr, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum, er snerta hann.

56. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. VII, 10).

Nd. **511. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

Við 3. gr. b.

Á eftir orðinu »samvinnufjelög« komi:

þó að eins af þeim arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn.

(B. LII, 3).

Nd. **512. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sýsluvegasjóði.

Frá Þorleifi Guðmundssyni.

Við 5. gr.

Á eftir orðinu »eyjajarðir« komi:
og aðrar jarðir, sem svo er í sveit komið, að lítil eða engin not hafa af sýsluvegum.

(B. LIII, 6).

Ed. **513. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til 1. maí 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^3/_4$ miljónar, sem Landsbankinn gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 1. maí 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík, og auk þess sem hann er háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa

gilt, skulu endurskoðunarmenn þeir, er 7. gr. ræðir um, mánaðarlega rannsaka, hvort málmforðinn er svo sem lög bankans mæla fyrir um.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 1% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b. og c. lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, er nemur meira en 2½ miljón króna, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal bankinn vera háður eftirliti tveggja manna, er hafa skulu á hendi endurskoðun á stjórn og rekstri bankans (kritisk Revision).

Þessir endurskoðendur skulu valdir af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, úr flokki manna utan þings, verslunarfróðra, eða manna, sem vanir eru bankastörfum og ekki starfa við aðra banka.

Endurskoðunarmenn þessir skulu daglega fylgjast með stjórn bankans og rekstri hans og hafa aðgang að öllum skjölum og bókum bankans. Skulu endurskoðendur þessir skýra stjórnarráðinu frá, ef þeir álíta, að eitthvað fari verulega aflaga í rekstri bankans, svo að hætta geti stafað af. Ef misfellurnar eru svo miklar, að ríkisstjórnin álíti bankanum hættu búna, eða ef eigi er bætt úr því, sem ábótavant er, er ríkisstjórninni heimilt að víkja bankastjórninni frá og setja aðra bankastjórn til næsta aðalfundar bankans.

Bankinn greiðir laun endurskoðenda, sem eru 4000 krónur til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sama verðstuðli og gildir um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

(B. XI, 6).

Ed. **514. Frumvarp**

til laga um læknaskipun í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. gr.

Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

3. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins skiftir störfum milli þessa embættismanns og hjeraðslæknis með tilskipun.

(A. XLVII, 7).

Ed. **515. Lög**

um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, orðist þannig:

Þegar fluttar eru til landsins vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs, þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
3. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 5,00 af hverjum lítra.

   Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 4,00.
4. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum áfengum eða óáfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
5. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

   Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3., 4. og 5., eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra sem af lítra í stærri ílátum,
6. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, neftóbaki, munntóbaki og óunnu tóbaki, kr. 4,00 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.

   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 60 aura af hverju kg.
9. Af allskonar brendu kaffi 80 aura af hverju kg.
10. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
11. Af tegrasi 150 aura af hverju kg.
12. Af súkkulade 75 aura af hverju kg.
13. Af kakaodufti 50 aura af hverju kg.
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 6.—14. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu, þannig að $^3/_4$ og þar yfir telst heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ hálf, en minna broti skal slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri eða löggiltur umboðsmaður hans rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn í skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Ef skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir eru meiri en svo, að ætla megi, að það nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði

lögreglustjóra, Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 12, 12. ágúst 1919, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXXIII. 4).

Ed. **516. Lög**

um friðun lunda.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartíma fyrir lunda, hverri í sínu hjeraði. Þó má friðunartíminn ekki styttri vera en 6 vikur, á tímabilinu frá 10. maí til 10. ágúst ár hvert.

2. gr.

Um sektir og málarekstur út af brotum gegn ákvæðum sýslunefndar samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein c-liðs 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913.

(A. VII, 11).

Nd. **517. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka tekju- og eignarskatt þann, sem ákveðinn er í lögum þessum, um alt að 35% árið 1922. Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. des. 1922.

(A. XXX, 38).

Ed. **518. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1237482 kr. 73 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.

Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers . ... kr. 6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 2000 kr.

Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 ... ... kr. 2000,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	20000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920...	—	460,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
12.	Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur	—	1500,00
		Samtals kr.	205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 310900 kr.

1.	Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram 1/3 kostnaðar	kr.	7000,00
2.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
3.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
4.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
5.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
6.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
7.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
8.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
9.	Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að 1/3 flutningskostnaðar ... ... Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.	—	5000,00
10.	Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
11.	Til bátaferða á Hvalfirði	—	1000,00
12.	Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ... ... Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.	—	8000,00
13.	Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.	—	1000,00
14.	Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að	—	2500,00
15.	Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að ... ... Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.	—	60000,00
16.	Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
17.	Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði	—	10000,00
18.	Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp	—	20000,00
19.	Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita	—	25000,00
20.	Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins	—	400,00
	Samtals	kr.	310900,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 110153 kr. 24 a.

1.	Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum	kr.	8000,00
2.	Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ... Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.	—	8000,00
3.	Dýrtíðarbætur til háskólaritara	—	600,00
4.	Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
5.	Til utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
6.	Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
7.	Kostnaður við starf mentamálanefndar	—	10000,00
8.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
9.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920...	—	3000,00
10.	Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann...	—	300,00
11.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
12.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
13.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
14.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
15.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
16.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
17.	— Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
18.	— Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
19.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
20.	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá	—	1000,00
21.	Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni ...	—	1800,00
	Samtals	kr.	110153,24

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 107490 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni ...	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
	Flyt	kr.	64200,00

	Fluttar	kr.	64200,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni ...	—	2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
11.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00
12.	Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði...	—	725,33
13.	Til sama, dýrtíðaruppbót	—	3000,00
14.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)...	—	2000,00
15.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ...	—	1500,00
16.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00
17.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms	—	2000,00
18.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00
19.	Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur	—	1000,00
20.	Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara	—	1500,00
	Samtals	kr.	107490,52

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 251972 kr. 40 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6.	Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8.	Til skógræktar (eftirgjöf á láni)	—	5000,00
9.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
10.	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12.	Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar	—	29000,00
13.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
14.	Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... þó ekki yfir helming kostnaðar.	—	5000,00
15.	Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.	—	8000,00
	Flyt	kr.	184659,90

	Fluttar kr.	184659,90
16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921.	—	8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að..	—	19000,00
18. Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að...	—	40000,00
Samtals	kr.	251972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 20006 kr. 57 a.

1. Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra	kr.	12619,90
2. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur...	—	900,00
3. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils	—	500,00
4. Uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðardóttur	—	240,00
5. Eftirlaun handa frú Guðrúnu Runólfsdóttur, ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum	—	4746,67
6. Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga	—	1000,00
Samtals	kr.	20006,57

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
3. Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar	—	22500,00
Samtals	kr.	223000,00

11. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
2. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til raforkuveitunnar.
3. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára

og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.

4. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
5. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.
6. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunarskipsins »Þórs« árið 1920.
7. Að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í safnahúsi ríkisins og öðrum opinberum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

(B. XV, 9).

Ed. **519. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. 2. landsk. er ósamþykkur 1. brtt. a. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist:
   enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.
   b. Önnur málsgr. orðist þannig:
   Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.
2. Við 2. gr.
   Orðin »5. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907« falli niður.

Alþingi, 7. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Jóh. Jóhannesson.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.

(B. LXIII, 1).

Nd.

520. Frumvarp

til laga um seðlaútgáfurjett o. fl.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson, Jón A. Jónsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Til 31. mars 1923 skal seðlaútgáfu í ríkinu hagað þannig:

Ríkissjóður gefur út og lánar Landsbankanum 3 milj. kr. í seðlum. Það sem umfram er 3 miljónir króna í seðlum í umferð, þá er lög þessi öðlast gildi, má Íslandsbanki gefa út, en þó aldrei hærri upphæð en 5 miljónir króna. Ríkisstjórnin gefur út þá seðla, sem hún álítur þurfa til að fullnægja viðskiftaþörfinni, umfram 8 miljónir.

2. gr.

Seðlar ríkissjóðs, sem í 1. gr. getur, skulu fyrst um sinn trygðir á sama hátt og seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og lögum nr. 2, 12. jan. 1900, og hafa sama rjett að öllu leyti. Þó skulu viðbótarseðlar þeir, er um getur í 1. gr., sem ríkissjóður kann að gefa út umfram 3 miljónir króna, trygðir af Landsbankanum samkvæmt fyrirmælum þeim, er gilda um tryggingu fyrir seðlum Íslandsbanka, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905. Landsbankinn greiðir ríkissjóði eftir á við hver áramót 2 % af þeim 3 milj. kr., er um getur í 1. gr., að telja frá þeim degi, er lög þessi ganga í gildi, en ekkert gjald greiðist af viðbótarseðlunum. Gjald til byggingarsjóðs fellur burt. Um gerð seðlanna, prentunarkostnað þeirra og annað, sem að þeim lýtur, fer eftir gildandi fyrirmælum.

3. gr.

Ef þörf er á, getur stjórnarráðið gefið nánari fyrirmæli um seðlaskifti þau, er ræðir um í 1. gr., og eru báðir bankarnir skyldir að hlíta þeim fyrirmælum.

4. gr.

Leyfistími Íslandsbanka er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. mars 1923 og til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu. Ef ágreiningur rís um þetta milli bankanna, sker stjórnarráðið úr, svo að bindandi er fyrir þá.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkisins, er þá gefur út seðla eins og viðskiftaþörfin krefur, eftir lagafyrirmælum, er sett skulu fyrir 31. mars 1923, og skal í þeim lögum meðal annars skipað fyrir um tryggingu fyrir þeim seðlum, er ríkissjóður gefur út, svo og um gjald til ríkissjóðs af þeim seðlum, er hann lánar Landsbankanum.

5. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja Landsbankanum, með nafnverði, það af gullforða sínum, er losnar við það, að hann afhendir ríkissjóði seðlaútgáfurjett sinn samkvæmt ákvæðum 1. og 4. gr., í hlutfalli við gulltryggingarákvæði laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið Landsbankanum hann til kaups, með fyrnefndu verði, og Landsbankinn neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn hátt binda þennan forða þannig, að Landsbankinn geti eigi fengið hann, ef hann þarf hans til tryggingar seðlum sínum.

6. gr.

Ákvæðin í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um gjald Íslandsbanka til ríkissjóðs, haldist óbreytt, en önnur gjaldaákvæði falli niður.

7. gr.

Allir þeir seðlar Íslandsbanka, sem eru í umferð á hverjum tíma, skulu tryggðir með málmforða samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að lána Íslandsbanka, til bráðabirgða, alt að 5 miljónum króna, gegn þeim tryggingum, er hún telur hæfilegar.

9. gr.

Íslandsbanka er heimilt að auka hlutafje sitt um 100% eða meira, á þann veg, að ríkissjóður leggi fram hlutafjáraukann.

Vilji ríkið nota sjer þennan rjett til hlutakaupa í bankanum, skal verð hinna nýju hlutabrjefa ákveðið af 5 mönnum, 2 kosnum af sameinuðu Alþingi, með óhlutbundnum kosningum, 2 af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, er hæstirjettur tilnefnir. Nefndarmenn þessir hafa óskoraðan rjett til að rannsaka skjöl og bækur bankans og útbúa hans, og meta þeir verð hinna nýju hlutabrjefa eftir þeirri rannsókn.

10. gr.

Nú hefir matsgerð farið fram eftir 9. gr., og ákveður Alþingi þá, hvort hlutakaup skuli gerð og hve mikil. Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er snertir hlutaeign ríkissjóðs.

11. gr.

Meðan Íslandsbanki hefir með höndum seðlaútgáfu í ríkinu, skuldar því eða það er í ábyrgð hans vegna, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans; sama gildir og, ef ríkissjóður gerist hluthafi í bankanum samkvæmt 9. og 10. gr.

12. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir. Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

13. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

14. gr.

Þegar Landsbankinn fær í sínar hendur seðlaútgáfurjettinn, samkvæmt lögum þessum, skal stofnað bankaráð við bankann, er skipað sje 5 mönnum. Ríkisstjórnin skipar bankaráðið eftir tillögum frá Búnaðarfjelagi Íslands, Fiskifjelagi Íslands, Sambandi ísl. samvinnufjelaga og Verslunarráði Íslands, þannig að hver af þessum stofnunum bendir á 2 menn, sem ríkisstjórnin velur á milli, en 5. maðurinn skal vera atvinnumálaráðherrann, og skal hann jafnframt vera formaður bankaráðsins. Bankaráðsmennirnir skulu allir vera búsettir í Reykjavík og skipaðir til 5 ára í senn, og hafa 2000 kr. í árslaun hver, er bankinn greiðir.

Stjórnarráðið ákveður með reglugerð verksvið bankaráðsins, að fengnum tillögum Landsbankans.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

16. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar hluthafar Íslandsbanka hafa á lögformlegan hátt samþykt skipulag það, er að framan greinir, en falla úr gildi 30. sept. 1921, ef slíkt samþykki hefir þá eigi náðst.

Greinargerð.

Óhjákvæmilegt virðist að koma bráðabirgðaskipun á starfshátt Íslandsbanka, eða styðja hann til að koma á aftur viðskiftum utan lands og innan. Þetta verður tæplega gert án fjárframlaga frá hendi ríkisins, eftir viðhorfinu á þessari stundu, og eru fjárframlögin eftir frumvarpi þessu hugsuð í lánsformi, gegn tryggu veði frá hendi bankans.

En jafnknýjandi og bráðabirgðaskipunin virðist einnig sú ráðstöfun á seðlaútgáfurjettinum, sem varnað geti ríkinu eftirleiðis frá því, að eiga mest sitt traust í viðskiftamálum undir seðlabanka, sem bygður er upp af útlendu hlutafje.

Fyrir því er ráðstöfun seðlaútgáfurjettarins sett hjer í samband við bráðabirgðaráðstöfunina, svo að hvorttveggja geti unnist í senn, ef mögulegt er. Hjer þarf ekki frekar að gera grein fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af framkvæmdaleysi um þetta mál og skipulagsleysi seðlaútgáfurjettarins, bæði fyrir

viðskiftin alment og Landsbankann, sem nú er í hættu hafður um þau útlendu viðskifti vegna vanmættis Íslandsbanka, starfandi með Íslandsbanka-seðlum, en sjálfur sneyddur rjettinum til seðlaútgáfu; ákvæðin um hlutakaup ríkisins í Íslandsbanka eru sett vegna þess möguleika, að ástæðurnar kynnu að gera það nauðsynlegt, er tryggileg rannsókn hefði leitt í ljós, að það væri hættulaust öllum hagsmunum ríkisins. En ákvörðun um þetta virðist rjettast að liggi undir Alþingi.

Vjer lítum svo á, að hver sú skipun, sem gerð er á málum Íslandsbanka af hálfu ríkisins, verði jafnframt að leiða til þess, að stjórn hans hverfi undir ríkisvaldið, og þess vegna höfum vjer tekið ákvæði um það inn í frumvarpið.

Vjer höfum reynt að sameina í frumvarpi þessu allar þær tillögur, sem fram hafa komið á þinginu um úrslit málsins og annars virðast geta leitt til sæmilegrar úrlausnar á því, en bætt þar við og breytt, er oss virtist nauðsyn til bera.

Vjer teljum þá meðferð á bankamálunum, sem felst í frv. þessu, líklegasta til að koma þeim í sæmilegt horf og Íslandsbanka í starfhæft ástand, en án einhvers slíks atbeina frá ríkinu virðast líkurnur litlar um að hann taki upp erlend viðskifti og vinni ætlunarverk sitt.

(B. LVI, 3).

Nd. **521. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

1. 1. grein orðist svo:
   Hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings, eða verka útflutningssíld í landi eða landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni.
2. 2., 3. og 4. gr. falli burt.
3. 2. málsgrein 5. greinar orðist svo:
   Í fjelagsstjórn eiga sæti 5 menn; af þeim skipar ríkisstjórnin formann, en fjelagið kýs 4 meðstjórnendur.
4. Við 9. gr.
   Í stað orðanna »50 smálestir« komi:
   10 smálestir.
5. Aftan við 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi skulu endurskoðuð á næsta reglulegu Alþingi.

(B. XLI. 3).

Ed. **522. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [*Launalög*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Verðlagsskrá sú, sem ræðir um í 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, skal sett tvisvar á ári, 1. júní og 1. desember, í fyrsta sinni 1. júní 1921, og gildir hún fyrir næsta misseri á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXVIII, 11)

Nd. **523. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 8 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

(B. XXXV, 8).

Ed. **524. Frumvarp**

til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur. Skulu $^3/_4$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_4$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutima í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti, eftir eigin ósk í einstök skifti, vinni lengur í senn en þar er um mælt.

3. gr.

Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

4. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(A. VII, 12).

Nd. **525. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þskj. 477 (Tekjuskattur).

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Brtt. orðist svo:

Við 13. gr. Fyrir »upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyri« í 1. málsgr., komi:

upphæð skattfrjáls. Upphæðir þessar skal á ári hverju hækka eftir sama hlutfalli sem gildir um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, ef tekjur skattþegns nema 10000 kr. eða minnu. Enn fremur skal frá draga.

(A. XLI, 12).

Ed. **526. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	
2.	Húsaskattur	40000	
3.	Tekjuskattur	400000	
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	50000	
			590000
5.	Aukatekjur	120000	
6.	Erfðafjárskattur	17000	
7.	Vitagjald	100000	
8.	Leyfisbrjefagjöld	8000	
			245000
9.	Útflutningsgjald		500000
10.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	125000	
11.	Tóbakstollur	400000	
	Flyt ...	525000	1335000

		kr.	kr.
	Flutt ...	525000	1335000
12. Kaffi- og sykurtollur...		525000	
13. Vörutollur		750000	
14. Annað aðflutningsgjald		60000	
			1860000
15. Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð			10000
16. Stimpilgjald...		1500000	
17. Pósttekjur		240000	
18. Símatekjur		1000000	
			2740000
	Samtals ...	... ...	5945000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2. Tekjur af kirkjum		50
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
4. Tekjur af skipum		350000
Samtals ...	... ...	390050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka		70000
2. — — Landsbankanum:		
a. Árgjald	7500	
b. Ágóðahluti	68000	
		75500
3. Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
Flyt ...	.. ...	165500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	165500
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
7. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
8. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	472500

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 1629470 kr. 95 a.

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr. tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
Flyt ...	83333,34	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	83333,34	700521,92
3.	Af láninu frá 1912	8333,33	
4.	— — — 1912	33333,33	
5.	— — — 1913	12251,19	
6.	— — — 1916	4000	
7.	— ritsímaláni 1917	9297,84	
8.	— skipakaupaláni	200000	
9.	— ritsímaláni Landsbankans	3400	
10.	— Íslandsbankaláni 1918...	100000	
11.	— láni danskra banka 1919	225000	
12.	— innlenda láninu 1920	150000	
			828949,03
III.	Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla		100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til alþingiskostnaðar	270000	
2.	— yfirskoðunar landsreikninga	6000	
			276000
	Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra..	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun.. 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða... 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	506320

		kr.	kr.
	Flutt ...	900	 506320
b.	Til pappírs og prentunar	15000	
c.	Til kostnaðar við sending með póstum...	1200	
			17100
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	20000	
b.	Fyrir embættisskeyti	60000	
			80000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		8000
4.	Til embættiseftirlitsferða		6000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...		500
6.	Til landhelgisgæslu		40000
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...		1500
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		75000
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis ... ... Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		900
	Flyt ...	... ...	288360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288360
6. Styrkur til Öræfinga, til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		200
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa, til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu, til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga, til að vitja læknis		400
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði, til að vitja læknis...		200
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa, til að vitja læknis		300
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps, til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis...		300
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
16. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að...	500	
		3500
18. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
19. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku		
Flyt ...	... ...	302760

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302760
	fólki ókeypis læknisbjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
20.	Til geislalækningastofu ríkisins.			15000
21.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			3000
22.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
23.	Geðveikrahælið á Kleppi			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis..		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
	7. Þvottur og ræsting	2000		
	8. Skemtanir	1000		
	9. Skattar m. m.	1000		
	10. Óviss útgjöld	1000		
			125980	
		Flyt ...	135480	532030

		kr.	kr.
	Flutt ...	135480	532030
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag 43800		
	Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag 8760		
	Tekjur af búinu 2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
24.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		112662
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	9500	
	B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...	2000	
	C. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna.. 32300		
	2. Viðurværi 134502		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 5380		
	4. Ljós og hiti 77000		
	5. Þvottur og ræsting 7860		
	6. Viðhald húsa 5000		
	7. Viðhald vjela 5000		
	8. Húsbúnaður og áhöld 8000		
	9. Flutningskostnaður 10000		
	10. Óviss gjöld 3000		
		288042	
		299542	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag 146000		
	Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag. 14600		
	Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag .. 26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
25.	Til undirbúnings landsspítala...		7500
26.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	15000	
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 90 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		
	b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á		
	Flyt ...	15000	652192

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	652192
	föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýsluljelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c.	Bólusetningarkostnaður..	1500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar... ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis	3000	
h.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.	6500	
i.	Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k.	Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l.	Utanfararstyrkur hjúkrunarkvenna: *a.* Til Helgu Eggertsdóttur ... ... 1000 *β.* — Þuríðar Jónsdóttur ... ... 1000 *γ.* — Jóninu Pálsdóttur... 1000	3000	
	Styrkþegar skulu setjast að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer.		
	Flyt ...	121000	652192

		kr.	kr.
	Flutt ...	121000	652192
m.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristíaníu eða Kaupmannahöfn	800	
n.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
o.	Til Læknafjelags Reykjavíkur, til að styrkja utanför umbúðasmiðs	6000	
			128100
27.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		30000
	Samtals ...	... ...	810292

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Póstmál.		
1.	Laun:		
a.	Eftir launalögum	101420	
b.	Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000	
c.	Brjefhirðingamenn	20000	
			191420
2.	Póstflutningur.....		200000
3.	Annar kostnaður:		
a.	Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200	
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000	
d.	Önnur gjöld	47000	
			89200
			480620
	Flyt ...	... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
		35940	
II. Flutningabrautir:			
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
		178000	
III. Þjóðvegir:			
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Öxnadalsvegur (endurveiting)...	10000		
6. Kjalarnesvegur	10000		
7. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		124000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	416440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	416440	480620
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500	
IX. Til dragferju á Skjálfandafljóti		3000	
X. Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að...		3000	
gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.			422940
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		300000	
2. — báta ferða á flóum, fjörðum og vötnum		100000	
			400000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		20000	
III. Til lagningar nýrra lína o. fl.:			
1. Norðtunga — Grund	11000		
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500		
3. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting)	60000		
4. Búðardalur—Króksfjarðarnes (endurveit.)	75000		
5. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík...	32000		
6. Loftskeytastöð á Siðu.	25000		
7. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ...	12000		
		219500	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	330000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	4500		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500		
4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík	7800		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840		
6. Áhaldahúsið.	3000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	7700		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13700		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950		
Flyt ...	465990	274500	1303560

		kr.	kr.
Flutt ...	465990	274500	1303560
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Siðu	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		550	
			1018490
E. Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra . .. . Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	9500		
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti	35000		
3. Papeyjarviti ... ... Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem	30000		
Flyt ...	100000	102600	2322050

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	102600	2322050
þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000	
VI. Ýmislegt...		10000	
			267600
Samtals ...		... ...	2589650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. 1. Laun biskups..	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
		13000
b. Önnur útgjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..	408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti	2500	
5. Til húsabóta á Desjarmýri	5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 6% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
Flyt ...	25908,28	13000

		kr.	kr.
	Flutt ...	25908,28	13000
7.	Framlag til prestlaunasjóðs	360000	
8.	Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
9.	Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu. Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.	1200	
			387508,28
			400508,28
	B. Kenslumál.		
I.	Til háskólans:		
	a. Laun	143000	
	b. Aukakensla:		
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... 1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði 500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ... 7700		
		9700	
	c. Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur. 15000		
	2. Húsaleigustyrkur 7000		
		22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
	d. Til kensluáhalda læknadeildar	800	
	e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2000	
	f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	11000	
	g. Önnur gjöld:		
	1. a. Laun ritara 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	2000		
	2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	2600		
	Flyt ... 4600	188500	400508,28

		kr.	kr.
Flutt ...	4600	188500	400508,28
3. Ýms gjöld	5000		
		9600	
			198100
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að eins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til dyravarðar	1000		
2. a. Til söngkennara	600		
b. Dýrtíðaruppbót	400		
	1000		
		2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ..	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg gjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			137800
Flyt ...		... ...	744408,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	744408,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara	7400	
	2. Tímakensla	1800	
	3. Til bóka- og kensluáhalda	1000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6000	
	5. Námsstyrkur	800	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. a. Til dyravörslu 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 400		
		1000	
	7. Til skólahússins utan og innan ...	2000	
	8. Til ýmislegra gjalda	2000	
		22000	
			52360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla	2500	
	2. Eldiviður og ljós	6000	
	3. Bókakaup og áhöld	500	
	4. Námsstyrkur	3000	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til viðhalds	1000	
	6. Ýmisleg gjöld	2500	
		15500	
			45500
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	18920	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til tímakenslu	7800	
	2. — eldiviðar og ljósa	5500	
	3. Ýmisleg gjöld	3000	
	Flyt ...	16300	18920	842268,28

			kr.	kr.
	Flutt ...	16300	18920	842268,28
4. Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra		300		
			16600	
VII. Til Vjelstjóraskólans:				35520
a. Laun			17600	
b. Önnur gjöld:				
1. Húsnæði m. m.		2300		
2. Ljós og hiti		2200		
3. Ýmiss kostnaður		1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...		3700		
			9200	
VIII. Til bændakenslu:				26800
1. Til bændaskólans á Hólum:				
a. Laun		13200		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu		2000		
c. Önnur gjöld:				
1. Til verklegs náms, alt að	1400			
2. — kensluáhalda	600			
3. Til eldiviðar og ljósa ...	8000			
4. Ýmisleg gjöld	2500			
		12500		
			27700	
Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.				
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:				
a. Laun		14080		
b. Til smíða- og leikfimikenslu		1600		
c. Önnur gjöld:				
1. Til verklegs náms, alt að	1400			
2. — kensluáhalda	500			
3. — eldiviðar og ljósa ...	7000			
4. Ýmisleg gjöld	2250			
		11150		
			26830	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi				
	Flyt ...		54530	904588,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	54530	904588,28
	skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
	3. Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun 14500		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms 600		
	2. — kensluáhalda 500		
	3. — eldiviðar og ljósa ... 4500		
	4. Ýmisleg gjöld 1500		
	7100		
		22200	
			76730
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	Flyt ...	9000	991918,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	9000	991918,28
b.	Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	18000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	2000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík. 900		
b.	Annar kostnaður, alt að.. 400		
		1300	
3.	Styrkur til námskvenna ., ...	8000	
4.	Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	2000	13300
XII.	Til kvennaskóla:		
1. a.	Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 25000		
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 2000		
c.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... 600		
		27600	
2. a.	Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15600		
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 1400		
		17000	44600
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Til almennrar barnafræðslu:		
1.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	465000	
2.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	5000	
3.	Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	
	Flyt ...	490000	1067818,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	490000	1067818,28
4.	Til prófdómara við barnapróf	4200	
5.	Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
6.	Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína, ásamt vottorðum.		
7.	Til Skólablaðsins	800	
8.	a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1000		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		11500	
			510500
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti	1000	
			63000
XV.	Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Óskar á Skutilsfjarðareyri, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		15000
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
	Flyt ...	... ...	1660918,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1660918,28
XIX. Til sundkenslu og leikfimi:		
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1800	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
d. Styrkur til Ingibjargar Brands leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1668318,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skrásetjara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400	
Flyt ...	37660	... ...

	kr.	kr.
Flutt ...	37660	... ...
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga..	500	
h. Ýmisleg gjöld..	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	
		17500
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		2500
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
Flyt ...	... ...	120470

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	120470
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9.	Til sama fjelags, til útgáfu registurs við íslenskt fornbrjefasafn		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		750
11.	Til Fornleifafjelagsins .. .. Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		800
12.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu jafnóðum.		2000
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
16.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
17.	Til fjelagsins Íslendings, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs		3000
18.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
20.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust. .:.	1200	
21.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngbekkingar hjer á landi... ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		28200 1200
22.	Til sira Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
	Flyt ...	... ...	180420

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	180420
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, enda sje orðasafnið eign landsins.		2000
24.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum.. ... ... Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		2000
25.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna		2000
26.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
27.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
28.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
29.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
30.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
31.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
32.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
33.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
34.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
35.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út síðskiftaöld		1800
36.	Til landskjálftarannsókna .. .. Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550
37.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
38.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		2000
40.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál... ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og		500
	Flyt ...	... ...	250970

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	250970
að fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		
41. Til Listvinafjelags Íslands		1500
42. Til Íþróttasambands Íslands		2000
43. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
44. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
45. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
46. Til Jóns Eyþórssonar, lokastyrkur		2000
47. Til Bjarna Jósefssonar, lokastyrkur		2000
48. Til Ingu Magnúsdóttur, utanfararstyrkur		2500
49. Til Brynjólfs Stefánssonar, lokastyrkur		2000
50. Til Baldvins B. Bárðdals, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
51. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón Listasafnsins.		5500
52. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði...		1500
Samtals ...	... ...	280670

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu .. .. Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		15000
3. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu.		30000
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
b. Styrkur til fjelagsins	1000	8000
Flyt ...	... ...	253000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	253000
5.	Til skógræktar:		
	a. Laun	14080	
	b. Til skóggræðslu	21000	
			35080
6.	Til framhalds landmælinga		40000
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og á-tundun.	800	
			27040
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
	b. Til húsaleigu	1200	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	
			8200
10.	Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins ... ... Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		60000
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
	b. 4 síldarmatsmanna	14080	
	c. 4 ullarmatsmanna	3200	
	d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	
			61680
15.	Til gerlarannsókna		2400
16.	Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, gegn jafnmiklu annarsstaðar að..		2500
17.	Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands ... ... Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		5000
18.	Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
	Flyt ...	... ...	516700

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	516700
19.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu... ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		2000
20.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
21.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
22.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
23.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
24.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
25.	Til bjargráðasjóðs		22000
26.	Til landhelgisjóðs		20000
27.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7540
28.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
29.	Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
30.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
31.	Laun húsgerðarmeistara		9500
32.	Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
33.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.	7700	
	b. Ferðakostnaður, alt að.	1000	
	c. Skrifstofukostnaður	600	
			9300
	Flyt ...	... ...	619740

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	619740
34. Til Sigurðar Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
35. Til sendimanns á Spáni		20000
36. Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
37. Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting) ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		12000
38. Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
39. Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar ... ... Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		10000
40. Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
41. Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)...		750
42. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
43. Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
44. Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
45. Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
46. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli ... ... Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.		3000
Samtals ...	... ...	730990

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	28762,09	
b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
c. Uppgjafaprestar	1321,66	
d. Prestsekkjur	4800,40	
		50014,03
Flyt ...	... ...	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	50014,03
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a.	Embættismenn.		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis 300		
	3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1200		
		1750	
b.	Embættismanna ekkjur og börn.		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju... ... 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur... 400		
		1325	
c.	Uppgjafaprestar.		
	1. Til Gísla Kjartanssonar 800		
	2. — Stefáns Stephensens 147		
	3. — Stefáns M. Jónssonar 325		
	4. — Bjarnar Jónssonar... 475		
		1747	
d.	Prestsekkjur.		
	1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130		
	2. — Auðar Gísladóttur 300		
	3. — Bjargar Einarsdóttur 500		
	4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300		
	5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur 300		
	6. — Guðrúnar Ólafsdóttur 100		
	7. — Guðrúnar Pjetursdóttur 300		
	8. — Guðrúnar Torfadóttur... 300		
	9. — Ingunnar Loftsdóttur 300		
	10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur 300		
	11. — Kirstínar Pjetursdóttur 300		
	12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur 300		
	13. — Ragnheiðar Jónsdóttur 106		
	14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 400		
	15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð... ... 700		
	16. — Þórunnar Stefánsdóttur 400		
	17. — Ingibjargar Sigurðardóttur... 400		
	18. — Steinunnar Pjetursdóttur 300		
		5736	
	Flyt ...	10558	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	10558	50014,03
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10. — 3 barna hennar	300		
11. — Janusar Jónssonar præp. hon. ...	500		
12. — Pjeturs Guðmundssonar	500		
13. — Steinunnar Frímannsdóttur, ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara	450		
		5110	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Krákssonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Jens Þórðarsonar	100		
8. — Friðriks Möllers	1200		
9. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
10. — Eliesers Eiríkssonar	200		
11. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
12. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
		3800	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.			
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000		
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
3. — Valdimars Briems	1200		
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
5. — Önnu Thorlacius	300		
		7300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
Flyt ...	**500**	**26768**	**50014,03**

		kr.	kr.
Flutt ...	500	26768	50014,03
3. Til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar.	1200		
		4200	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðmundar Hjaltasonar...	300		
5. — Páls Erlingssonar	1000		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri...	300		
8. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar ...	400		
		3700	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ingeborg Sigurjónsson...		1800	
k. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara... ...		1200	
			37668
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i			99385,11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000
Samtals ...		... ...	227067,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir

kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr.	1629470,95
—— 8. —	... ...	—	60000,00
—— 9. —	... ...	—	276000,00
—— 10. —	... ...	—	305400,00
—— 11. —	... ...	—	734420,00
—— 12. —	... ...	—	810292,00
—— 13. —	... ...	—	2589650,00
—— 14. —	... ...	—	1668318,28
—— 15. —	... ...	—	280670,00
—— 16. —	... ...	—	730990,00
—— 17. —	... ...	—	4000,00
—— 18. —	... ...	—	227067,14
—— 19. —	... ...	—	100000,00
			kr. 9416278,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr.	5945000,00
—— 3. —	... ...	—	390050,00
—— 4. —	... ...	—	472500,00
—— 5. —	... ...	—	22400,00
		—	6829950,00
	Tekjuhalli	kr.	2586328,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar

á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.
7. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hvert í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
8. Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 500000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(C. XXIII, 1).

Nd. **527. Tillaga**

til þingsályktunar um að auka og efla landsverslunina.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að auka og efla landsverslunina sem mest, svo að hún versli framvegis ekki einungis með steinolíu, kol, kornvörur og sykur, heldur einnig með salt, veiðarfæri, byggingarefni og aðrar nauðsynjavörur.

Greinargerð.

Jeg tel þá reynslu hafa orðið af landsversluninni, að sjálfsagt sje að auka hana og efla.

Eins og reikningar hennar sýna, sem nú eru birtir í framkomnum þingskjölum, hefir stöðugt verið sæmilegur hagnaður af rekstri hennar, og varasjóður hennar aukist jafnt og þjett.

Á árunum 1914 til 30. apríl 1917 hefir hagnaðurinn af versluninni verið kr. ... ... kr. 313505,37

1. maí til 31. des. 1917 .. — 590000,00

31. des. 1918 ... ... — 418534,40

31. des. 1919 ... ... — 860932,79

31. des. 1920 ... ... — 610649,02

kr. 2793621,58

En á reikningi landsverslunar 1920 hefir verið dregin frá varasjóði niðurfærsla á verði á kolum og koksi um áramótin. En fyrst og fremst voru hin miklu kolakaup landsins á síðastliðnu sumri tryggingarráðstöfun, vegna yfirvofandi kolaverkfalls í Bretlandi, er allir bjuggust við, að lengi mundi standa, og landið mundi hafa orðið að greiða tap vegna þessara öryggisráðstafana beint úr ríkissjóði, ef engin landsverslun hefði verið til. En þessi niðurfærsla var talin að vera um áramót ... ... kr. 818594,56

Auk þessa hefir varasjóður landsverslunar verið látinn greiða kostnað við skömtunarráðstafanir 1918—1919, og enn fremur hálfan

Flyt kr. 818594,56 kr. 2793621,58

Fluttar	kr. 818594,56	kr. 2793621,58
kostnað erindreka landsins í Vesturheimi, en þetta hvorttveggja er fært til útgjalda á árinu 1920, og hefir það numið	— 139620,90	— 958215,46

En samt verður eftir af varasjóði landsverslunar um síðustu áramót ... ... kr. 1835406,12

Innieign landssjóðs hjá landsversluninni hefir verið sem hjer segir:

30. apr. 1917	... ...	kr. 621037,06
31. des. 1917	... ...	— 5660659,03
31. des. 1918	... ...	— 9010401,18
31. des. 1919	... ..	— 6179904,67
31. des. 1920 er innieign landsins aðeins		— 2941754,01

Auðvitað hefir ríkissjóður ávalt fengið fulla vexti af fjenu.

Verður ekki annað sagt en að efnahagur landsverslunarinnar standi með miklum blóma, þar sem skuldlaus eign hennar um síðustu áramót er hartnær 2 milj. króna, þegar dregið hefir verið frá tap landsins á kolum. Að vísu hefir verð á kolum verið fært niður frá því um áramót. En jafnvel þótt ákveðið yrði að láta varasjóð landsverslunar greiða það tap, er óhætt að fullyrða, að eftir yrði í varasjóði nokkuð á 2. milj. kr.

Það þarf því engan að fæla frá að efla þetta fyrirtæki, að það sje fjárhagslegur baggi á ríkissjóði. Það hefir einmitt sýnt sig, að landsverslunin hefir borið uppi stórmikil útgjöld, sem annars hefðu orðið að greiðast beint úr ríkissjóði.

Þá er hin hlið málsins, og hún skiftir ef til vill mestu, hvort verslunin hafi verið mönnum hagstæð í verðlagi á vörum eða eigi. Verður því ekki neitað, að tvennum sögum fer um þetta. En *reynslan* virðist samt vera á einn veg. Kaupmenn hafa fullyrt og fullyrða enn, að þeir geti og hafi ávalt getað útvegað landsmönnum ódýrari vörur en landsverslunin, en fáir hafa orðið varir við þetta lága verð hjá þeim. Stundum hefir að vísu verið hampað tilboðum, sem sögð hafa verið lægri en verð landsverslunar, en þegar til hefir átt að taka, hefir reyndin oftast orðið sú, að þessi lágu tilboð voru ekki annað en tylliboð, og mætti færa til ýms dæmi, ef þörf gerist.

Landsverslunin hefir aðallega flutt inn kornvörur, sykur og kol; auk þess lítilsháttar steinolíu, meðal annars einn farm á þessu ári, og er það kunnara en frá þurfi að segja, að landsmenn hafa á þeim eina farmi grætt marga tugi þúsunda króna, bæði beint og óbeint. Sykur hefir ávalt verið ódýrari hjá landsverslun en öðrum innflytjendum, en hún mun í þeim kaupum hafa notið sjerstakra kjara, sem landsmenn hefðu þó ekki notið, ef engin landsverslun hefði verið til.

Kornvörur, sjerstaklega hveiti og rúgmjöl, hafa jafnan verið með lægsta verði í landsversluninni. Er það alkunnugt, að nær því í hvert skifti sem þessar vörur hafa þrotið hjá landsverslun, hafa þær hækkað að mun í verði hjá heildsölum, og sá verðmunur hefir t. d. stundum orðið um 18 kr. á rúgmjölstunnunni.

Og þegar heildsalar hafa flutt inn kornvörur samtímis landsversluninni, hafa heyrst frá þeim kvartanir yfir því, hvað verðið hafi verið sett lágt hjá landsverslun, og að þeir hafi ekki þann hagnað af vörum sínum, sem þeir þyrftu að hafa. En þetta þýðir, að ef landsverslunin hefði ekki verið, mundi heildsöluverð á innfluttu vörunni hafa verið mun hærra, og landsmenn þar af leiðandi þurft að greiða meira fyrir nauðsynjar sínar. Er það vafalaust, að almenningur hefir beinlínis sparað við lægra verð verslunarinnar svo skiftir hundruðum þúsunda árlega. Og hagnaðurinn af henni þannig orðið bæði beint og óbeint: auknar eignir ríkissjóðs og landsmönnum spöruð útgjöld.

Vörur landsverslunar hafa að jafnaði þótt betri og vandaðri en hjá öðrum. Má benda á það, að í byrjun stríðsins voru með versluninni tekin upp bein viðskifti við Bandaríkin í Norður-Ameríku, en þaðan höfðu áður komið hingað, eftir krókaleiðum, ýmsar kornvörur. Og á síðasta ári náði landsverslunin beinu sambandi við hveitiútflytjendur í Canada, og hefir síðan fengið þaðan hveiti með tveim skipsferðum, en sú hveititegund, sem verslunin hefir keypt þaðan, er talin vera best að gæðum þeirra hveititegunda, sem á heimsmarkaðinum eru.

Þar sem þannig fer saman vörugæði og lágt verð hjá landsversluninni, sýnist mjer einsætt að halda henni áfram, og ekki einungis með þær vörur, sem hún hefir flutt inn undanfarið, heldur taki hún upp heildverslun með fleiri nauðsynjavörur, svo sem salt, veiðarfæri og byggingarefni, sem landsmenn nota mikið af og mikils er um vert, að landsmenn fái með sanngjörnu verði. En það tel jeg best trygt á þann hátt, að landsverslunin hefði á hendi verslun með þessar vörur og aðrar, sem landsmönnum eru nauðsynlegar.

Alþingi, 7. maí 1921.

Jón Baldvinsson.

(A. VII. 13).

Ed. **528. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 473 með breytingunni í tölul. 3 á þskj. 503.

(C. XI, 3).

Nd. **529. Þingsályktun**

um innlendar elli- og líftryggingar o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að halda áfram rannsóknum um innlendar elli- og líftryggingar o. fl. hjer að lútandi, svo og athuga, hvort ekki sje tímabært að lögleiða almennar skyldutryggingar, einkum ellitryggingar, og leggja síðan fyrir Alþingi, helst næsta Alþingi, frumvarp um þessi efni, ef framkvæmanlegt verður talið af sjerfróðum mönnum.

Nauðsynlegan kostnað, þessu máli til undirbúnings, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

(C. XV, 4).

Nd. **530. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem tök eru á, menn með sjerfræðiþekkingu rannsaka, gera áætlanir og tillögur um það, er nú skal greina:

1. Hvar álitlegast sje að koma á fót kembingar- og lopavjelum, til eflingar heimilisiðnaði innanlands, í þeim sýslufjelögum, er óska rannsókna í því efni.
2. Hvar hentast muni að reisa klæðaverksmiðjur, eftir aðstöðu við notkun vatnsafls og annara staðhátta, sem fullnægt geti klæðaþörf landsmanna.
3. Gera svo nákvæmar kostnaðaráætlanir, sem hægt er, yfir aflstöðvar, bygging verksmiðjuhúsa, nauðsynlegra vjela og annars, er að stofnun og rekstri fyrirtækjanna lýtur.
4. Stjórninni heimilast að veita tóvinnufjelögum styrk úr ríkissjóði, til þess að senda efnilega unga menn utan, í þeim tilgangi, að þeir afli sjer þekkingar í meðferð tóvinnuvjela og annars, er að iðnaði lýtur. Jafnframt sje það trygt, að styrkþegar starfi við verksmiðjurnar, að loknu námi.

Kostnað þann, er fyrgreindar aðgerðir hafa í för með sjer, heimilast stjórninni að greiða úr ríkissjóði.

(A. XIX, 3).

Nd. **531. Nefndarálit**

um frumvarp til vatnalaga.

Frá minni hluta samvinnunefndar vatnamála.

Engum mun á óvart hafa komið klofningur í vatnamálanefnd þessa þings, eftir skipun hennar, er mönnum úr meiri og minni hluta milliþinganefndar fossamála frá 1919 var skipað þar saman. Hitt er í fljótu bili furðanlegra, að svo margir úr samvinnunefnd þessa þings virðast nú hallast að stefnu meiri hluta milliþinganefndarinnar frá 1919, stefnu, sem þá var af neðri deild Alþingis hafnað, — og neita eignarumráðum landeiganda á vatni, sem á landi hans er.

Ágreiningurinn um þetta sagði til sín við nefndarstörfin á öndverðu þingi, en ýms atvik urðu til þess að tefja ákvörðun um hann til loka marsmánaðar, enda kom meirihlutastefnan frá 1919 nú óljóslegar fram en undanfarin ár, og vildu fylgismenn hennar nú viðurkenna öllu rýmri rjett til handa landeiganda yfir vatninu en áður.

Klofningurinn varð um 2. gr. frumvarpsins, og hurfu 6 af 11 nefndarmönnum, sem fund sóttu 30. mars, að breytingu á greininni í þá átt, að viðurkenna ekki eignarumráð landeiganda að vatni á landi hans, en að eins takmarkaðan notarjett, sem miðaðist við heimilisþörf hans, og hefir búningur frv. síðan af meiri hlutanum verið samræmdur stefnu þessari.

Af áliti meiri hlutans á þingskjali 400 má að vísu sjá, að einhver veila er í honum út af þessu rjettaratriði, en hann virðist líta svo á, að rjettarspurningin, eða úrlausn hennar, sje eigi svo mikilsverð, að hún eigi að ráða úrslitum, og ber hann fyrir sig um þetta vatnsveitulöggjöf landsins, sem honum virðist heimila öllum afnot vatns til áveitu af annara löndum, *þegar það er meinfangalaust eiganda þess lands, sem að vatninu liggur.* Hins vegar vill meiri hlutinn nú halda því fram, til rjettlætingar stefnu sinni, að hugmyndin um eignarumráð landeiganda á vatni hjer í landi sje nýgervingur og runnin frá norskri löggjöf nú á síðari árum, en að orkunot vatnsins eigi ekki að fylgja öðrum notarjetti landeiganda af vatninu, af því að þau byggist á *uppgötvunum, sem mannvit og þekking hafi skapað og sjeu almenningseign.*

Allar eru þessar ástæður meiri hlutans mjög einkennilegar, þótt ekki sjeu þær sannfærandi. Tilvitnunin til áveitulaganna laukrjett, en *að eins* ályktunin, sem af henni er dregin, röng. Einnig er það rjett, að hugmyndin um eignarrjett á vatni er frá Noregi komin, en *að eins* svo sem 1040 árum fyr en meiri hlutinn telur. Rjett er það einnig, að *uppgötvanir* og *mannvit* hafa kent nútíðarmönnum að hagnýta orku vatnsins, og að þær uppgötvanir eru að miklu almenningseign, en þetta breytir engu um eignarrjettinn, þar sem hann var fyrir. Vatnsorkunotin við kornmylnu, sögunarmylnu og margvísleg önnur störf eru líka ávöxtur hugvits og þekkingar, þekt um margar aldir, en hafa engu breytt um eignarum-

ráð orkugjafans, vatnsins, fremur en hugvitsleg notkun kola hefir breytt eignarrjetti að kolum.

Meiri hlutinn virðist álíta, að sterkustu rökin fyrir stefnu hans liggi í því, *að sanngjarnlegra sje og þjóðfjelaginu hollara*, að ríkið eigi vatnsrjettindin en einstakir menn. Hann gengur þannig fram hjá því, eins og marklitlu atriði, að þessi rjettindi eru og hafa frá landnámstíð verið í höndum landeiganda, að þau eru löghelguð jafnt öðrum eignarrjetti og falla beint undir 63. gr. stjórnarskrárinnar; verða þess vegna af engum tekin, nema eftir reglum þeirrar greinar. Að meiri hlutinn blandar löglegum og eðlilegum takmörkunum þessa rjettar, þegar um vatn er að ræða (áveitur), saman við afnám rjettarins, ber að eins vott um lauslega athugun.

Um *sanngirnina* og *hollustuna*, sem meiri hlutinn byggir svo mjög á, má auðvitað margt segja, með og móti, en slíkt liggur þó að mestu utan við efnið, því að vatnalögin verða, eins og önnur lög, að byggjast á gildandi landsrjetti, og hann er í þessu efni skýlaus.

Um *sanngirni* gagnvart ríkinu þarf ekki að tala í þessu sambandi. Það hefir drottinvald yfir þegnunum og getur takmarkað þennan rjett eftir þörf sinni, án þess að ræna honum; en auk þess á ríkið á löndum sínum margfalt meiri vatnsrjettindi en það getur hagnýtt sjer um marga mannsaldra. Sanngirniskrafan er því eingöngu vegna þeirra einstaklinga, sem ekkert land eiga eða þá land án vatnsrjettinda. Í sjálfu sjer er hún ekki óeðlileg, en nær óviðráðanleg í framkvæmd. Framkvæmd hennar og skifti vatnsrjettinda einstakra manna milli þjóðfjelagsborgaranna ætti að leiða til samskonar skifta á öðrum verðmætum, svo sem landi, lausum aurum, húsum, skipum og hverskonar rjettindum, sem verðmæti hafa og eru umfram þarfir eiganda á þeirri stundu, er skifti gerast. Er þetta að sjálfsögðu í anda róttækustu jafnaðarstefnu, en trauðla samrýmanlegt þjóðfjelagsskipun og menningarástandi nútímans.

Svipað má segja um *hollustu* fyrir þjóðfjelagið af breytingum þeim á gildandi landsrjetti, er meiri hlutinn virðist aðbyllast, og þarf eigi að tala um *hollustu* þá í sambandi við brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, sem enginn mun vilja ráða til, heldur þá breytingu, sem af því gæti leitt, ef vatnsrjettindi öll væru horfin til ríkisins, t. d. eftir frjálsu framlagi eða gjöf frá landeigendum. Vatnsrjettindin mundu falla að mestu eða öllu undir umráð eins manns, vatnamálastjóra eða vatnamálaráðherra, sem þá yrði að vissu leyti landsdrottinn allra þeirra landeigenda, sem ættu lönd með vatnsrjettindum. Slíkur vatnamálastjóri myndi geta haft í hendi sjer ráð þessara landeigenda að miklu leyti, skapað þeim kjör og kosti eftir vild og velþóknun, og notað aðstöðuna á marga vegu til hagsmuna vildarmönnum sínum, en óþurftar öðrum, og er ekki ólíklegt, að pólitískra áhrifa mundi þar gæta. Það mundi í hvert sinn fara eftir innræti og mannkostum þess, sem með þetta einveldi færi, hversu það gæfist, en það væri jafnlíklegt til að verða að tjóni í höndum óhlutvandra manna sem að liði hjá vönduðum manni og samviskusömum, og hvernig sem á það er litið, þá mun ætíð orka tvímælis um *hollustuhætti* fyrir þjóðfjelagið af stefnu meiri hlutans í þessu efni.

Að nokkru leyti mun meirihlutastefnan í vatnamálinu frá 1919 hafa eflst við þá ódjarflegu aðferð, sem stjórnin hafði í undirbúningi málsins að þessu sinni. Hún hefir að vísu bygt á stefnu minni hlutans frá 1919 um eignarumráð landeiganda yfir vatninu, en jafnframt blandað hana í hinum ýmsu frumvarpsgreinum

andstæðu stefnunni, svo að ýmist lítur svo út sem ríkið sje að úthluta landeigenda einskorðuðum afnotarjetti af vatninu, en ýmist svo sem verið sje að takmarka — eins og vera ber — umráðarjett hans, vegna öryggis fjelagsheildarinnar. Þetta hefir auðsæilega vilt mörgum sýn, og þeim þess vegna virst báðar leiðir jafneðlilegar.

Vjer, sem undirritum álit þetta, lítum svo á, að skipa beri vatnamálunum eindregið eftir stefnu minni hlutans frá 1919 og að engin önnur leið sje lögleg eða leyfileg, nje heldur samrýmanleg rjettarmeðvitund almennings. Vjer teljum einnig þá stefnu með öllu þjóðfjelaginu hættulausa og hollari en röskun á hinum forna rjetti, þegar skynsamlegar takmarkanir eru gerðar á eignarrjetti einstaklinganna.

Skipun þessa máls hefir dregist ótilhlýðilega lengi og einmitt vegna þessa einkennilega ágreinings um eignarumráð landeiganda yfir vatninu, sem engin af grannþjóðum vorum hefir hnotið við, þótt allar hafi þær skipað vatnamálum sínum á þann veg, sem minni hlutinn vill skipa þeim hjer, og allar hafa þær virt hinn forna rjett.

Vjer teljum nauðsyn bera til að hraða úrslitum þessara mála allra, eða að minsta kosti undirbyggingu þeirra, vatnsrjettindalöggjöfinni, en álítum tvísýnt mjög, að það takist á þessu þingi. Verði dráttur á því til næsta þings, teljum vjer skylt og sjálfsagt að sýna því þann sóma að láta viðurkendan og óhlutdrægan lögfræðing utan þings athuga það, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, og búa það, ásamt stjórninni, undir endanleg úrslit.

Vjer teljum að vísu eigi frágangssök að nota frumvarpið í dálítið breyttum búningi og fært nær stefnu minni hlutans, þótt efnisskipun þess sje nokkuð tyrfin og óþjál, en fyrir sakir annríkis við önnur störf og tímaskorts höfum vjer eigi sjeð oss fært að umsteypa það.

Eftir framansögðu leyfum vjer oss því að ráða til lögfestingar á frumvarpinu, ef tími vinst til á þessu þingi, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr.
   6. töluliður orðist svo:
   Ef breyting verður á vatnsbotni eða vatnsbakka, fer um netlög sem áður segir.

2. Við 8. gr.
   Upphaf 2. töluliðs, út að orðunum »og skal þá«, orðist svo:
   Nú líða svo 5 ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að verk það, er í 1. lið greinir, er eigi framkvæmt.

3. 9. gr. falli burt.

4. Við 10. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Um hverfi, laugar og ölkeldur skal svo fara.
   b. Í stað orðanna í b-lið sömu gr. »til afnota fjelaga eða almennings« komi: til afnota í almenningsþarfir.

5. Við 16. gr.
Á eftir orðinu »landareignar« í 2. lið komi:
sem að vatni liggur.

6. Við 17. gr.
a. Á eftir orðunum »iðnaðar og iðju« komi:
án orkunýtingar.
b. Á eftir orðunum »enda sje ekki« komi:
svo að öðrum sje mein að.
c. Í stað orðsins »eða« í 4. línu komi:
og.

7. Við 21. gr.
Í stað orðanna »hefir hún einkasölu« komi:
hefir hún rjett til einkasölu.

8. Við 25. gr.
Orðin í 2. tölulið »eftir fyrirmælnm 22. gr.« falli burt.

9. Við 33. gr.
a. Á eftir orðunum »eða annarar iðju« komi:
án orkunýtingar.
b. Á undan síðari málsgreininni komi:
2.

10. Við 39. gr.
Orðið »fullar« í endi 2. töluliðs falli burt.

11. Við 49. gr.
Í stað »200 eðlishestöfl« í 2. og 3. lið komi:
500 eðlishestöfl.

12. Við 54. gr.
a. Orðin »eða handa nytsömum fyrirtækjum« í 1. tölulið falli burt.
b. Í stað orðsins »sjálfur« í 3. tölulið komi:
í ríkisþarfir.

13. Við 65. gr.
Í stað »200 eðlishestöflum« í 3. tölulið komi:
500 eðlishestöflum.

14. Við 81. gr.
Á eftir orðunum »veita burt« komi:
vatni.

15. 84. gr. falli burt.

16. Við 91. gr.
Orðin »á kostnað hreppssjóðs« falli burt.

17. Við 100. gr.
2. tölulíður falli burt.

18. Við 126. gr.
1. tölulíður orðist svo:
Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.

19. Á eftir 129. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú vilja landeigendur við veiðivatn eða aðrir, sem rjett eiga til veiði, hafa þar fiskiklak, og geta þeir þá stofnað fjelag í því skyni, er nefnist fiskiklaksfjelag. Fer um slík fjelög eftir XI. kafla laga þessara.

20. Við 133. gr.
Á eftir orðinu »mannvirkjum« í 3. tölulið komi:
leyfishafa að kostnaðarlausu.

21. Við 150. gr.
2. tölulíður a), út að orðunum »skal yfirmatsnefnd« orðist svo:
Sá, sem beiðist yfirmats eftir 149. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt.

22. Aftan við 152. gr. bætist:
Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri, þar til önnur skipun verður á gerð eftir 153. gr.

23. Við 153. gr.
Á eftir orðinu »vatnamálastjóra« komi:
með sjerþekkingu.

24. Allar greinatölur og tilvísanir í greinar og tölulíði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Prentvillur í frv. leiðrjettist samkvæmt greinargerð þar um í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 6. maí 1921.

Sveinn Ólafsson,
form. Nd.-n. og samvinnun., framsm. í Nd.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari og framsm. í Ed.

Eiríkur Einarsson,
fundaskrifari Nd.-n.

Þorleifur Jónsson.

Guðm. Ólafsson.

(B. LIII, 7).

Ed. **532. Breytingartillögur**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá Halldóri Steinssyni og Sigurjóni Friðjónssyni.

1. Við 3. gr.
   2. málsgr. orðist þannig:
   Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.
2. Við 6. gr.
   Greinin orðist svo:
   Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans.

(B. L. 3).

Ed. **533. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat (þingskjal 367).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og fallist á það, að nauðsynlegt sje að gera ákvæði laganna frá 1909 viðtækari, eins og nú er komið sölu á íslenskum saltfiski.

Það, sem vakti fyrir sjávarútvegsnefnd háttv. Nd. í þessu efni, var það, að meta og flokka skyldi allan saltfisk, sem verkaður er í landinu og fluttur á erlendan markað, hvar sem er, og einnig saltaðan óverkaðan fisk, sem fluttur er til Miðjarðarhafslandanna. Einnig var það ætlun nefndarinnar, að saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, yrði metinn, ef hann ætti að verkast í landinu og flytjast á erlendan markað. Þetta mat var ætlast til, að færi fram bæði þegar fiskurinn er keyptur óverkaður, en saltaður, og svo auðvitað aftur þegar hann er fluttur út. Hins vegar er ekki ætlast til, að sá saltfiskur sje metinn, sem fluttur er út óverkaður til annara landa en Miðjarðarhafslandanna, og er það af því, að ekki er álitið ráðlegt, að sá fiskur hafi vottorð matsmanna.

Alt þetta getur nefndin fallist á, að sje rjett og nauðsynlegt, en henni þykir þetta ekki koma nógu skýrt fram í frumvarpsgreininni, og ber því fram breytingartillögu, sem hún ætlar, að sje nægilega skýr í þessu efni.

Nefndin vill því ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðanna »Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður ... undir umsjón yfirmatsmanna« komi:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er héðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Alþingi, 8. maí 1921.

Björn Kristjánsson, formaður. Karl Einarsson, ritari og framsögumaður.

Einar Árnason.

(A. XX, 4).

Nd. **534. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Með skírskotun til nefndarálita allsherjarnefndar á þskj. 398 og 463 ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, form. og framsm. Björn Hallsson, fundaskrifari.

Stefán Stefánsson. Pjetur Ottesen. Einar Þorgilsson.

(B. XLV, 5).

Ed. **535. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að þetta frv. verði samþykt með þeirri breytingu, að kaupstaðarlóðin, Siglufjarðareyri, fylgi með í kaupunum. Nefndin lítur svo á, að bæjarfjelaginu sje nauðsynlegt að geta ráðið sem mestu um leigu lóða og byggingu húsa í kaupstaðnum, og að sanngjarnt sje, að það fái ríflegan hluta af þeirri verðhækkun á landi, sem þar verður við stækkun bæjarins. Á það er og að líta, að allir hlutaðeigendur hafa mælt með því, að kaupstaðarlóðin væri með í sölunni, og vísast um það til álits meiri hl. allsherjarnefndar Nd. á þskj. 363 og annara fylgiskjala málsins.

BREYTINGARTILLAGA.

Orðin »kaupstaðarlóðin (Siglufjarðareyri)« í 2. málsl. 1. gr. falli niður.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurj. Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

(B. XVI, 2).

Ed. **536. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari.	Sig. Eggerz, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

(B. XIV, 7).

Ed. **537. Nefndarálit**

um frv. til laga um húsnæði í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. og ritari. Sig. Eggerz, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.

(B. XXX, 4).

Ed. **538. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurj. Friðjónsson, form. og ritari. Sig. Eggerz, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.

(A. V, 10).

Nd. **539. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er nú aftur komið frá háttv. Ed., eftir eina umr. þar. Hefir það tekið þar nokkrum breytingum frá því, er það var samþykt við 3. umr. í háttv. Nd.

Breytingarnar eru þær, að úr 3. gr. er feld hækkun hundraðsgjalds embættismanna í lífeyrissjóð, þeirra, sem skipaðir eru eftir 1. jan. 1922.

Jafnframt er hluti ekkna sömu embættismanna úr lífeyrissjóði færður aftur úr $^3/_{10}$ í $^1/_5$.

Loks er aftur sett inn í 8. gr. frv., að allar ekkjur embættismanna fái $^1/_{10}$ byrjunarlauna manna þeirra úr landssjóði.

Nefndin getur ekki fallist á þessar breytingar, og vill því færa frv. í sama horf og það var í, þegar þessi háttv. deild afgreiddi það til háttv. Ed.

Ræður því nefndin háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.

Aftan við fyrri málsgr. bætist:

ef skipaður er í embætti fyrir 1. jan. 1922, ella 8%.

2. Við 5. gr.

Aftan við 2. málsgr. bætist:

Þó skulu ekkjur þeirra embættismanna, sem skipaðir eru í embætti eftir 1. jan. 1922, fá $^3/_{10}$ byrjunarlauna manna þeirra úr lífeyrissjóði.

3. Við 8. gr.

Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Lífíje það, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., greiðist þó að eins ekkjum þeirra embættismanna, sem skipaðir voru í embætti fyrir 1. jan. 1922.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, form.	Björn Hallsson, skrifari og framsm.	Einar Þorgilsson.
Pjetur Ottesen.	Stefán Stefánsson.	

(B. XXXII, 7).

Ed. **540. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurjón Friðjónsson, form. Sig. Eggerz, fundaskrifari og ritari.

Jóh. Jóhannesson.

(B. LIII, 8).

Nd. **541. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til 1. maí 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^3/_4$ miljónar, sem Landsbankinn gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 1. maí 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki

heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 1% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b. og c. lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

(B. LII, 4).

Ed. **542. Frumvarp**

til laga um sýsluvegasjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hverrar sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst 2 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki ráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi úr ríkissjóði, ef til þess kemur samkvæmt 7. gr. — Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

3. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið, með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

4. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegareikningsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar 3 af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umfram 3‰, sem hjer segir:

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá 3‰ til 4½‰, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá 4½‰ til 6‰, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem er umfram 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkvæmt 2. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

8. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 2. gr.

9. gr.

Ákvæði þessara laga skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að hjer eftir sem hingað til verði veitt í fjárlögum fje úr ríkissjóði til að gera nýja akfæra sýsluvegi, gegn tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í

reglugerð nr. 3, 3. jan. 1916. Slík framlög úr ríkissjóði skal ekki láta koma til frádráttar frá tillagi því, er ríkissjóði kann að bera að greiða samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, og 6. gr. laga nr. 11, frá 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum.

11. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1922.

(B. I, 4).

Ed. **543. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin, þannig að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti 1/10 hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XXV, 6).

Ed. **544. Frumvarp**

til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 271 með breytingunum á þskj. 496.

(A. XXVIII, 12).

Nd. **545. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 3. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig eru undanþegnar skattinum bifreiðar, er sannað er um fyrir lögreglustjóra, að notaðar eru aðallega til aðdrátta og flutningaþarfa sveitabænda.

(A. XXXVII, 7).

Ed. **546. Lög**

um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til allra tegunda berklaveikinnar, nema annað sje tekið fram.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika, er læknir rannsakar í hjeruðum þeirra, hvort sem þeir sjálfir rannsaka þá eða aðrir löggiltir læknar.

Hinir síðartöldu eru skyldir að senda hjeraðslækni sínum tafarlaust skýrslu um hvern berklaveikan sjúkling, er þeir sjálfir rannsaka í fyrsta sinni. Ef um utanhjeraðssjúkling er að ræða, þá sendir hann aftur hjeraðslækni sjúklingsins skýrsluna. Skýrslu þessa skal senda á sjerstöku eyðublaði, er þeir fá frá heilbrigðisstjórninni. Fyrir hverja tilkynningu fá þeir 3 krónur úr ríkissjóði, sem viðkomandi hjeraðslæknir greiðir þeim eftir hver áramót.

Um hver áramót skulu hjeraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag á henni, skýrslum hjeraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim, hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Hjeraðslæknar skulu hafa eftirlit með og gera frekari ráðstafanir til þess, að nauðsynlegum fyrirskipunum sje framfylgt, ef þeim þurfa þykir.

4. gr.

Nú deyr berklaveikur maður, og skal þá húsráðandi tilkynna það tafarlaust, í kaupstöðum hjeraðslækni, en í sveitum hjeraðslækni eða sótthreinsunarmanni. Sótthreinsunarmaður tilkynnir þá hjeraðslækni. Skal hjeraðslæknir annast um, að tafarlaust sje sótthreinsað á heimilinu herbergi þau, fatnaður og annað, er hann telur hættu geta stafað af. Þessa lausu muni má því ekki láta af hendi, hvorki til eignar nje afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið.

Nú skiftir berklaveikur maður um dvalarstað, og skal þá tilkynna það á sama hátt og fyr var sagt um andlátið. Má ekki fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er hann flutti úr, fyr en þau hafa verið sótthreinsuð, nema hjeraðslæknir telji sótthreinsun óþarfa.

5. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má fást við barnakenslu. Hver sá, er sækir um barnakennarastöðu, skal sýna læknisvottorð um að svo sje ekki. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Sama gildir um kennara þá, er kenna eiga í öðrum skólum, ef þá skóla sækja nemendur yngri en 14 ára. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að því er til þessara skóla kemur, enda sje það í samráði við og eftir tillögum skólalæknis og skólastjórnarinnar.

Enginn má taka börn til kenslu nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi frá yfirvaldi, og skal það leyfi ekki veitt nema hann sýni læknisvottorð um, að hann sje ekki með smitandi berkla, og má vottorð það ekki vera eldra en mánaðargamalt. Nú er maður ráðinn á heimili til að kenna börnum, og skal húsráðandi þá heimta þetta vottorð af honum, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

Nú sýkist barnakennari af smitandi berklum, og skal hann þá tafarlaust láta af starfi sínu.

Nú sýkist maður, er barnakenslu hefir á hendi, og leikur grunur á, að um berklaveiki sje að ræða, skal þá skólanefnd, fræðslunefnd eða húsráðendur þeir, er hlut eiga að máli, tafarlaust skýra hjeraðslækni eða lækni þeim, er eftirlit hefir með skólanum, frá grun sínum. En hann ákveður, eftir rannsókn, hvort ástæða sje til að láta manninn hætta kenslu.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að barnakennari sje sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það eftirlitslækni skólans.

Þeir barnakennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kenslu sakir sjúkleiks þessa, skulu í 2 ár fá sem biðlaun $^2/_3$ hluta launa þeirra, er þeir nutu, þegar þeir ljetu af kenslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem hin fyrri launin.

Engan má ráða starfsmann við heimavistarskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði, sem að framan eru sett um kennara.

6. gr.

Ef kennari við aðra skóla en barnaskóla er sjúkur eða sýkist af smitandi berklum, þá getur heilbrigðisstjórnin, í samráði við stjórn skólans, fyrirskipað, að hann hætti starfi sínu, enda leiti hún fyrst álits skólalæknis eða hjeraðslæknis, ef enginn annar er læknir skólans. Nú verður kennari að láta af kenslu fyrir þessar sakir, og fer þá um biðlaun hans eins og sagt er í 5. gr.

7. gr.

Engan nemanda má taka í skóla, nema vottorð skólalæknis eða annars læknis sýni, að hann hafi ekki smitandi berklaveiki. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Engan má heldur taka til kenslu inn á heimili, þar sem börn eru fyrir, nema læknisvottorð sýni, að hann hafi ekki smitandi berkla.

Á heimili, þar sem sjúklingur er með smitandi berkla, má ekki taka barn til kenslu.

8. gr.

Nú sýkist barn af smitandi berklum meðan á námstíma stendur, og skal þá tafarlaust taka það úr skólanum. Ef kennari fær grun um slíkt, er hann skyldur til þess að gera eftirlitslækni skólans aðvart og getur til bráðabirgða vísað barninu burt, ef læknisúrskurður fæst ekki nógu fljótt.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að nemandi, sem gengur í skóla, er sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það tafarlaust eftirlitslækni skólans. Getur þá eftirlitslæknir vísað sjúklingnum burt af kennslustaðnum, ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um, að svo sje ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega. Hjeraðslæknum ber að ganga ríkt eftir, að þessu ákvæði sje framfylgt.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir af smitandi berklum, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fje, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 5. gr.

10. gr.

Enginn má taka barn til fósturs nje dvalar, ef sjúklingur með smitandi berkla er á heimilinu. Gildir þetta ákvæði jafnt um þau börn, sem sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn.

Barn, sem hefir smitandi berkla, má ekki taka á heimili, þar sem börn eru fyrir, hvorki til fósturs nje dvalar, nema börnin, sem fyrir eru, sjeu sjúk af smitandi berklum.

Sveitarstjórnir mega ekki koma fyrir börnum á öðrum heimilum en þeim, sem hjeraðslæknar telja ósýkt af smitandi berklum. Sömu skyldur hafa og forráðamenn munaðarlausra eða ómyndugra barna.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem barn hefir verið tekið til fósturs eða dvalar, og skal þá tafarlaust gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu.

Ef barnið sjálft sýkist af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem ekki eru fullra 14 ára, nema annað sje tekið fram.

11. gr.

Ekki má ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli, nema læknisvottorð sýni, að það hafi ekki smitandi berkla. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Konur, sem hafa smitandi berkla, mega ekki vistast á heimili, þar sem börn eru, nje fást þar við sjúkrahjúkrun.

12. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimilum, ef sjúklingur með smitandi berkla fæst þar við kúahirðingu eða mjaltir eða fer með mjólkurílát.

Enginn sjúklingur með smitandi berkla má vinna að útsölu mjólkur eða brauðs nje starfa á rjóma- eða smjörbúum.

Banna má, að sjúklingur með smitandi berkla starfi að brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annarsstaðar, eftir því sem til hagar og hjeraðslækni þykir ástæða til.

13. gr.

Nú sýkist maður af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, og skal þá tafarlaust koma sjúklingnum í burtu, nema hjeraðslæknir eða læknir heimilisins ásamt hjeraðslækni telji ástæður þannig, að börnunum geti engin smitunarhætta staðið af sjúklingnum.

Ef ekki er unt að koma sjúklingnum burt, þá skal taka börnin af heimilinu.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að aðstoða hjeraðslækna og sjá um framkvæmdir á fyrirskipunum þeirra, ef þeir æskja þess.

Nú vilja þeir, sem hlut eiga að máli, ekki hlýða fyrirskipunum hjeraðslæknis, og kveður hann þá sjer til aðstoðar eitthvert ofangreindra stjórnarvalda, er annast um að sjúklingurinn, ef hann er innan 16 ára, sje tafarlaust tekinn af heimilinu, ella börnin, jafnvel þótt það mæti mótspyrnu af hálfu heimilismanna. En ekki skal hjeraðslæknir fyrirskipa þesskonar ráðstafanir, nema hann telji mikla hættu á, að börnin verði fyrir smitun, enda hafi til þess samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og leggur hann ætíð þær ráðstafanir undir úrskurð heilbrigðisstjórnar ríkisins, hvort standa skuli til frambúðar.

Allur ferða- og flutningskostnaður, sem leiða kann af framkvæmdum valdboðs þessa, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum, eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir.

Ef sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi eða heilsuhæli, sem rekið er á opinberan kostnað, annan en ríkissjóðs (t. d. bæjarsjóðs, sýslusjóðs eða læknishjeraðs), en nýtur þó styrks úr ríkissjóði, þá greiðir ríkissjóður upp í meðlagskostnaðinn alt að 3 kr. fyrir hvern legudag, eða 2,25 kr., ef um börn er að ræða innan 12 ára, þó ekki meira en $^3/_5$ hluta meðlagskostnaðarins. Hinn hluta meðlagskostnaðarins greiðir dvalarhjerað sjúklingsins.

Dvalarhjerað táknar í lögum þessum bæjar- eða sýslufjelag það, sem sjúklingurinn á heimili í.

Undir meðlagskostnað telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú dvelur sjúklingurinn í sumarhæli barna, sem rekið er á þann hátt, er að framan getur, og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern legudag, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, enda fer þá um hinn hluta hans sem fyr var sagt.

Nú er heilsuhæli, sjúkrahús eða sumarhæli barna ekki rekið á opinberan kostnað með ríkissjóðsstyrk, heldur eign einstakra manna, fjelaga eða stofnana, og getur þá stjórnarráðið ákveðið, að berklaveikir sjúklingar geti einnig þar fengið ókeypis vist, enda greiðist þá meðlagskostnaðurinn sem fyr var sagt.

Ef heilsuhæli eða sjúkrahús er rekið á ríkiskostnað, þá skal dvalarhjerað sjúklingsins greiða 2 kr. fyrir hvern legudag, eða kr. 1,50, ef um börn innan 12 ára er að ræða, þó ekki meira en $^{2}/_{5}$ hluta alls rekstrarkostnaðar.

Nú getur sjúklingurinn ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. og 13. gr., og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,50 fyrir hvern dag, þó ekki meira en $^{3}/_{5}$ hluta verukostnaðar. Greiðir þá dvalarhjeraðið afganginn, enda sje efnahagur sjúklingsins eins og tilskilið er um ókeypis vist í sjúkrahúsi eða hæli.

Ef heilbrigð börn eru tekin að heiman, samkvæmt fyrirmælum 13. gr., og efnahagurinn er sem fyr segir, þá greiðir ríkissjóður meðgjöf með þeim að hálfu, þó ekki meira en 50 aura fyrir hvern dag, en dvalarhjeraðið greiðir afganginn.

Dvalarhjerað sjúklingsins getur krafist endurgjalds á $^{2}/_{3}$ hlutum þess kostnaðar, sem það greiðir samkvæmt þessari grein, af bæjar- eða sýslusjóði framfærslusveitar sjúklingsins.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan getur, í sjúkrahúsum eða hælum, ef ástæða þykir til.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkis- eða sýslusjóði, að hreppsnefnd dvalarhrepps sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur.

15. gr.

Nú er sjúklingurinn fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða þann hluta meðlagskostnaðarins í sjúkrahúsi eða hæli, er annars ætti að greiðast úr sýslu- eða bæjarsjóði samkvæmt 14. gr., þó ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum samlagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga. Þegar greiðslutíma samlagsins er lokið, þá skal dvalarhjeraðið taka við af samlaginu, og greiða sama hluta meðlagsins þangað til sjúklingurinn fer burt úr hælinu eða sjúkrahúsinu, enda hefir þá dvalarhjeraðið sama rjett til endurgreiðslu og sagt er í 14. gr.

Um greiðslu úr ríkissjóði fer eftir ákvæðum 14. gr.

16. gr.

Engan þann styrk, sem berklaveikur sjúklingur nýtur af opinberu fje, ef hann hefir orðið styrkþurfi vegna sjúkdómsins, má telja fátækrastyrk, enda sje hann ekki afturkræfur, nema sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans sjeu þess megnugir að greiða hann að einhverju eða öllu leyti.

Undanteknir þessum hlunnindum skulu þeir sjúklingar, sem þrjóskast við að verða við áskorun hjeraðslæknis um dvöl í hæli eða sjúkrahúsi. Einnig þeir, sem sýna megnt kæruleysi um smitun annara manna, þrátt fyrir aðvaranir læknis.

17. gr.

Stjórnarráðið setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og ræstingu í vinnustofum, verksmiðjum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, svo sem kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og því um líku, opinberum byggingum og farþegaskipum. Enn fremur reglur um flutning berklaveikra á farþegaskipum.

Heilbrigðisnefndir skulu, undir yfirumsjón hjeraðslæknis, hafa gát á því, að þessum reglum sje fylgt. Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki til, skulu hreppsnefndir gera það.

Eftirlit með farþegaskipum hefir þó landlæknir sjálfur, eða annar, er heilbrigðisstjórnin setur til þess.

18. gr.

Nú þarf hjeraðslæknir að taka sjer ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

Kostnaður við sótthreinsanir, svo og við að útvega bækur þær og eyðublöð, er getur um í 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10 til 500 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 23. okt. 1903, um varnir gegn berklaveiki, og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

(B. XII, 8).

Ed. **547. Lög**

um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækki samkvæmt niðurlagi 2. málsgreinar 12. gr. upp í 3500 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnsnemma og lög um læknaskipun í Reykjavík komast til framkvæmda.

(B. LV, 2),

Ed. **548. Lög**

um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

Frumvarpsgreinina skal orða þannig:

Strandalæknishjeraði skal skift í þessi tvö læknishjeruð:

Reykjarfjarðarhjerað: Árneshreppur og nyrsti hluti Kaldrananeshrepps, að Kallbakskleif. Læknissetur í Trjekyllisvík.

Hólmavíkurhjerað: Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

(A. XXI, 5).

Nd. **549. Lög**

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

I. kap.

Um það, hver börn sjeu óskilgetin.

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi nje svo skömmum tíma eftir hjúskaparslit, að þau geti verið getin í hjónabandinu. Geti börnin verið getin í hjónabandi, teljast þau þó einnig óskilgetin, ef vefengt er, að þau sjeu skilgetin, á þann hátt, sem lög mæla fyrir.

2. gr.

Það skiftir eigi máli að lögum þessum, þótt foreldri óskilgetins barns sje gift.

II. kap.

Faðerni.

3. gr.

Nú verður kona ljettari að barni, sem ætla má að sje óskilgetið, og skal þá læknir sá eða ljósmóðir, er vitjar hennar í sængurlegunni, athuga nákvæmlega öll atriði, er ráða má af, hvort barnið hafi verið fullburða, eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri, enda sje skýrsla um þetta skrásett þá þegar.

4. gr.

Nú gengst karlmaður sá, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, frjáls og viti sínu vitandi við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni, eða brjeflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins, hvort sem gengist hefir verið við faðerninu fyrir eða eftir barnsburðinn, enda sje faðernisjátningin fyrir presti eða valdsmanni þá þegar bókuð og brjefvottarnir lögráða, valinkunnir menn, og eigi ástæða til að vefengja undirskrift þeirra.

5. gr.

Nú kennir kona karlmanni óskilgetið barn sitt, en hann gengst eigi við faðerninu, og getur hún þá krafist þess, að valdsmaður, þar er hún er heimilisföst eða stödd, hlutist til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum.

Nú er leitað fátækrastyrks til framfærslu barnsins, og hlutast þá oddviti

sveitarstjórnar þeirrar, er leitað er, til um höfðun barnsfaðernismáls gegn hinum lýsta barnsföður.

6. gr.

Nú sannar kona, vanfær að óskilgetnu barni, með vottorði þjónandi læknis eða ljósmóður, að liðnir sjeu 6 mánuðir frá getnaði fósturs, og getur hún þá krafist höfðunar barnsfaðernismáls með þeim hætti, sem getur í næstu grein á undan, enda sje maðurinn á lífi.

Nú hefir sá, er konan kennir fóstrið, gengist við faðerni þess á þann hátt, er greinir í 4. gr., eða gengst við því í rjettinum, og er þá skorið úr um faðernið, enda gengur málið þá eigi til dóms.

Gangist hann aftur á móti eigi við faðerninu, fer um úrslit málsins eftir því, sem segir í 14. og 15. gr., sbr. 13. gr., þó svo, að eið samkvæmt 15. gr. skal þá vinna undir rekstri málsins.

7. gr.

Nú er sá maður látinn, sem óskilgetið barn er kent, og má þá höfða barnsfaðernismál gegn búi hans. Fari skiftaráðandi með búið, skal stefna honum fyrir búsins hönd. Standi skiftaforstjórar eða erfingjar fyrir skiftunum, nægir að stefna einum skiftaforstjóra eða erfingja.

Nú er stefndur horfinn eða farinn af landi burt, og má þá höfða mál gegn honum hjer á landi, eftir opinberri stefnu.

8. gr.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi þess, er barn (fóstur) er kent, eða því, er hann síðast átti, eða þar sem farið er með bú hans, sje hann látinn.

Málið skal höfðað innan árs frá fæðingu barnsins, sje móðir þess málshöfðandi, ella innan árs frá því, að framfærsluskyldur tók við barninu til framfærslu. Standi sjerstaklega á, getur stjórnarráðið lengt frestinn, svo sem hæfa þykir.

9. gr.

Um stefnufrest í barnsfaðernismáli og stefnubirtingu fer að lögum, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

10. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls er undanþeginn öllum rjettargjöldum í hjeraði. Um greiðslu annara gjalda hans fer svo, sem málið væri gjafsóknarmál af hans hendi.

Nú telur æðri dómstóll málsstað málshöfðanda eigi ólíklegan, og getur dómurinn þá ákveðið, að svo skuli fara þar um greiðslu rjettargjalda og annara gjalda, sem mælt er um í hjeraði.

11. gr.

Um barnsfaðernismál í hjeraði fer sem einkalögreglumál, að svo miklu leyti, sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

12. gr.

Dómaranum ber af eigin hvötum að afla allra fáanlegra sannana fyrir þeim atriðum, sem bent geta til þess, hver vera muni faðir óskilgetins barns, meðal annars skýrslu læknis eða ljósmóður um það, hvort barnið hafi fæðst fullburða eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri. Hann getur í því skyni kallað bæði barnsmóður og þann, er faðernið er kent, fyrir sig, og krafið þau framburðar, en eið má hann eigi af þeim taka, nema svo standi á, sem greinir í niðurlagi 6. gr.

Nú neitar annað þeirra að koma í rjettinn, og má dómarinn þá láta sækja það, nema barnsmóðir sje sækjandi málsins og neiti að sækja rjettarhaldið; þá frávísar hann málinu.

Nú neitar annað þeirra að svara spurningum dómarans, og getur dómarinn þá gert því þingviti, nema barnsmóðirin sje sækjandi málsins og neiti að svara; þá frávísar hann málinu.

Barnsmóðir og sá, er barn er kent, skulu spurð í rjetti fyrir lokuðum dyrum, nema bæði sjeu á annað sátt.

13. gr.

Nú koma fram líkur fyrir því, að fleiri hafi haft samfarir við barnsmóður á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og ber þá dómaranum að stefna þeim mönnum, til að svara til sakar, með stefndum.

14. gr.

Nú sannast eða er viðurkent, að stefndur hafi haft samfarir við barnsmóður um það leyti, sem barnið (fóstrið) hefir getið verið, og eigi er ástæða til að ætla, að aðrir hafi haft samfarir við hana um þær mundir, og skal þá dæma hann föður þess.

15. gr.

Nú þykja nokkrar líkur fyrir því, að stefndur hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, að hann geti verið faðir barnsins (fóstursins), og dæmir þá dómari þeim aðilja, er ætla má, að hafi rjettari málsstað og trúverðari þykir, að staðfesta framburð sinn með eiði, konunni með fyllingareiði og karlmanninum með synjunareiði.

Nú er stefndur látinn, þegar málið er tekið til dóms, horfinn eða farinn af landi burt, og verður konunni þá dæmdur eiðurinn, sje hún eiðgeng og framburður hennar líklegur.

16. gr.

Í eiðstaf þeim, sem stílaður er í barnsfaðernismáli, skal einskorða tímabil það, er eiðurinn tekur til.

Móðirin vinnur eið að því, að sá, er hún kennir barnið (fóstrið), hafi haft samfarir við sig á því tímabili, sem tiltekið er í eiðstafnum, en hann synjar fyrir það með eiði, að svo hafi verið.

III. kap.

Framfærsla barns o. fl.

17. gr.

Móðir er skyld að framfæra og uppala óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er framfærsluskylda óskilgetins barns gegn móður þess söm sem framfærsluskylda skilgetins barns gegn foreldri.

18. gr.

Nú hefir maður gengist við faðerni að óskilgetnu barni (fóstri) eða hann hefir verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður hefir fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

Framfærslu og uppeldi óskilgetins barns skal hagað svo, sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt, hafi karlmaðurinn gengist við faðerninu eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall um faðernið eða faðernis-eiður fallið á hann, en ella eftir högum móður þess. Þó má hvorugt vera síður en alment gerist.

19. gr.

Nú er ástæða til að ætla, að fleiri karlmenn hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, er líklegt er að barnið (fóstrið) sje getið, og verður þá enginn dæmdur faðir barnsins.

Hins vegar skal dæma þá alla í sameiningu til að gefa með barninu þangað til það er 16 ára, og til að inna af hendi þær greiðslur, sem móðir óskilgetins barns getur krafist sjer til handa af barnsföður sínum.

Nú eru fleiri dæmdir til meðgjafar með óskilgetnu barni eða til lögmæltra greiðslna til handa móður barnsins (29. og 30. gr.), og ábyrgjast þeir þær greiðslur þá einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Nú hefir einn greitt fyrir alla umsamið eða úrskurðað framlag, og getur hann þá krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu af hendi hinna.

20. gr.

Heimilt er barnsmóður eða þeim, sem kemur í hennar stað, þar á meðal fátækrastjórn, að semja, jafnvel fyrir barnsburð, við barnsföður eða þann, sem á að greiða meðlag með barni, um greiðslu barnsfúlgunnar. En skriflegur skal sá samningur vera og vottfastur, enda staðfestur af valdsmanni þar, er barnsmóðir er heimilisföst eða dvelur.

Nú er samningurinn eigi í lögmæltum búningi, og má þá krefjast framlaga framvegis, svo sem enginn samningur hefði verið gerður.

Nú er barnsfúlga greidd samkvæmt samningi um lengri tíma eða öll í einu, og skal þá fara með hana sem fje ófjárráðra.

21. gr.

Þröngva má barnsföður eða manni, sem lögskylt er að gefa með óskilgetnu barni (fóstri), með úrskurði valdsmanns, þar er hann á heima, til að gefa

með barninu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, sem í raun og veru er greidd með barninu.

Nú má ætla, að barnið sje ávöxtur af samförum án vilja móður eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og er hann þá skyldur að kosta framfærslu og uppeldi barnsins að öllu leyti.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, sem gerir manni að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skal vera skýrt, svo sem kostur er á, frá aldri mannsins, fæðingarstað og framfærslusveit.

22. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og getur móðir þess þá krafist þess, að valdsmaður geri föður þess eða þeim, sem dæmdur hefir verið til meðgjafar með því, að leggja fram aukastyrk til hjúkrunar og lækningar og greftrunar barninu.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að konunni látinni eða vegna annara lögmæltra ástæðna, þar á meðal fátækrastjórn.

23. gr.

Nú er barnið komið úr ómegð, en ófært, vegna andlegra eða líkamlegra bresta eða annara ósjálfráðra orsaka, til þess að hafa sjálft ofan af fyrir sjer, og getur þá sá, sem að lögum er skyldur að annast barnið, krafist þess, að valdsmaður úrskurði föður þess skylt að framfæra barnið af sinni hálfu, að svo miklu leyti, sem hann er aflögufær að dómi sveitarstjórnar í dvalarsveit hans.

Óskilgetnu barni er skylt að framfæra föður sinn með sama skilorði.

24. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrirfram, fyrir hálft ár í senn.

Úrskurðað meðlag má hækka eða lækka, ef hagur aðilja breytist.

Nú hefir manni verið gert að greiða meðlag með barni, áður en barnið fæðist, en það fæðist andvana, og fellur þá meðlagsskyldan niður.

25. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig óskilgetið barn, er honum ber að gefa með, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiftaráðanda, áður en skuldalýsingafrestur er liðinn, eða 12 mánuðum frá láti mannsins, hafi skuldalýsingafrestur eigi verið auglýstur, enda er skiftaráðanda skylt að lýsa slíkri kröfu í búinu, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn, er honum bar að framfæra.

Sje barnsfúlga sú, er hinn látni skyldi lúka, hvorki ákveðin með samningi nje yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára.

Ef ekkja barnsföður er á lífi eða skilgetin börn, þá skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða barnsfúlgu þá, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákveði með rökstuddum úrskurði, að hún skuli greiða minna, eða jafnvel ekkert, um lengri eða skemr tíma vegna breyttra ástæðna. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarráðsins.

Nú er barnsfúlga greidd af hendi í einu eftir lát föður (meðlagsskylds), og fer þá um hana svo sem segir í 3. mgr. 20. gr., enda skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skuli meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fje það, sem óeytt er, koma til skifta meðal erfingja greiðanda. Verði afgangur af fúlgunni af öðrum ástæðum, nýtur barnið hans.

26. gr.

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi nema fyrir eitt ár og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna.

Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

27. gr.

Sama rjett, sem móðir óskilgetins barns hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin framfærslusveit barnsins, hafi hún tekist framfærslu þess á hendur.

28. gr.

Nú er karlmaður skyldur að lögum til að gefa með óskilgetun barni, en ókunnugt er um verustað hans, og getur þá sá, er framfærslu- og uppeldisskyldan hvílir á, krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

Þá getur framfærsluskyldur og, þótt annar sje en framfærslusveit, neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á sem þar er lýst.

Nú fer maður af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur framfærsluskyldur þá heimtað lögtak á gjaldkræfum greiðslum og löghald fyrir ógjaldkræfum, hvorttveggja samkvæmt lögmæltum reglum.

29. gr.

Faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) er skyldur að greiða móður barns-

ins að minsta kosti helming kostnaðar þess, er leitt hefir af barnsförunum, og styrk til framfærslu hennar næstu 6 vikur fyrir og eftir barnsburðinn.

Nú hefir barnsfaðir við rjettarrannsókn orðið sannur að sliku tilræði við móður barnsins, sem getur í 2. mgr. 21. gr., og ber hann þá allan kostnað, bæði við barnsfarirnar og framfærslu og hjúkrun hennar, er leiðir af meðgöngunni og barnsförunum.

Nú er skorið úr um faðerni barns (meðlagsskyldu) fyrir fæðingu þess, og getur konan þá heimtað framfærslustyrkinn fyrir fyrri 6 vikurnar úrskurðaðan sjer þegar í stað.

Valdsmaður, þar er konan dvelur, ákveður framlög þessi, framfærslustyrkinn, eftir högum beggja. Fyrirfram gerður samningur um framlög er ógildur. Framlögin eru gjaldkræf, þegar er úrskurður hefir gengið um þau.

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) eigi framlög þessi á gjalddaga, og getur þá móðir barnsins heimtað þau greidd af dvalarsveit sinni, hvort sem barnsfaðir er lifs eða liðinn. Um endurgreiðslu framfærslusveitar barnsföður á framlögum dvalarsveitar fer að lögum.

30. gr.

Nú sýkist kona, sem svo er ástatt um, sem segir í 6. gr., vegna meðgöngunnar og er lengur frá verki en 2 vikur, og getur hún þá heimtað, að valdsmaður, þar sem hún dvelur, úrskurði, að maður sá, er eigna má faðernið (meðlagsskyldur), greiði styrk til hjúkrunar hennar mánaðarlega fyrirfram, þangað til hún verður ljettari, og framfærslustyrk jafnlengi, þó að frádregnum tíma þeim, er henni áður kynni að hafa verið úrskurðaður framfærslustyrkur fyrir.

Nú hefir móðir óskilgetins barns sýkst af barnsförunum og er lengur frá verki en venjulegt er um sængurkonur, eða hún sýkist svo eftir sængurleguna af meðgöngunni eða barnsburðinum, að hún er lengur frá verki en 2 vikur, og hefir hún þá sama rjett gegn barnsföður sínum (meðlagsskyldum), sem getur í næstu málsgrein á undan, meðan hún er sjúk, þó eigi lengur en 6 mánuði eftir barnsburð og að frádregnum þeim framfærslukostnaði, er henni kynni að hafa verið úrskurðaður áður.

Um ákvörðun og greiðslu framlaga þessara gilda sömu reglur og um framlög samkvæmt 29. grein.

31. gr.

Nú líða meira en 6 mánuðir frá því, að konan varð heil, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

IV. kap.

Um forráð barna o. fl.

32. gr.

Móðir óskilgetins, ósjálfráða barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til þess að hafa barn sitt hjá sjer og ráða því að öðru leyti.

Nú giftist barnsmóðir öðrum en föður barnsins, og ráða þá hjónin barninu bæði saman, enda fylgi barnið móður sinni.

Nú andast móðirin frá manni sínum, og ræður þá stjúpinn barninu, sje það á framfæri hans, enda hafi barnið eigi verið skilgert.

33. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða fer alfarin af landi burt, eða telst óhæf, að dómi valdsmanns með ráði sóknarprests og hjeraðslæknis, til að ala barnið upp, og á þá faðir þess rjett til að fá umráð yfir barninu, ef hann skilgerir það á þann hátt, er segir í 38. gr., eða þinglýsir því samkvæmt 39. grein.

Nú hefir barn, sem þinglýst hefir verið samkvæmt 39. gr., verið á fóstri um lengri tíma og vel farið um það, og getur þá stjórnarráðið heimilað slíku fósturforeldri að halda barninu áfram, enda kalli fósturforeldri eigi eftir meðgjöf með því af hendi barnsföður.

34. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því, að óskilgetin börn innan umdæma þeirra sjeu vel upp alin.

Nú verður nefnd þess vör, að móður óskilgetins barns eða þeim, sem barnið er hjá, fari uppeldi barnsins eigi svo vel úr hendi sem skyldi, og skal nefndin þá áminna þann, sem í hlut á. Nú skipast hann eigi við áminning nefndarinnar, og skal hún þá skýra valdsmanni frá málavöxtum, en hann leitar álits læknis og prests og gerir síðan þær ráðstafanir, er með þarf; getur meðal annars komið barninu fyrir á öðrum stað.

35. gr.

Um rjett og skyldu óskilgetins barns til annars nafns en eiginnafns fer að lögum, enda jafngildi faðernisdómur, eiðfall barnsföður eða eiður barnsmóður faðernisjátningu.

Um sveitfesti og sóknfesti barnsins fer að lögum.

V. kap.

Um erfðarjett barns og hverjir það erfi.

36. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið barn, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengist við faðerni þess (4. gr.) eða verið dæmdur faðir þess (14. gr.).

Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu, þá er um erfðarjett barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn, svo sem foreldri og foreldrafrændur erfa skilgetið barn. Slíkt hið sama gildir um föður og föðurfrændur óskilgetins barns, hafi barnið haft erfðarjett eftir þá.

VI. kap.

Um skilgerð barna o. fl.

37. gr.

Nú giftast karl og kona, er átt hafa saman óskilgetið barn, í lifanda lífi barnsins, og er barnið þá skilgert, enda hafi maðurinn annaðhvort gengist við faðerni barnsins eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann.

38. gr.

Nú má telja faðerni óskilgetins barns víst, þótt eigi sje sannað á lögmæltan hátt, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, eftir beiðni barnsföður, að barnið skuli hafa skilgetinna barna rjettindi gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því, enda komi samþykki lögráðamanns barnsins til, sje það ósjálfráða, en ella samþykki þess sjálfs.

39. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefir kent óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu, manntalsþingi eða bæjarþingi, og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá öll rjettindi feðraðs óskilgetins barns gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því.

40. gr.

Nú er óskilgetið barn skilgert samkvæmt 37. og 38. gr., og verður þá afstaða þess til föður og föðurfrænda sem skilgetins barns. Þó getur faðir eigi heimtað sjer fengin forráð barns, er skilgert hefir verið samkvæmt 38. gr., meðan móður þess nýtur.

VII. Kap.

Ymisleg ákvæði.

41. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi móðirin íslenskan ríkisborgararjett.

Slíkt hið sama gildir, þó að ríkisfesti móður slitni, haldist ríkisfesti barnsins óbreytt.

42. gr.

Framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni og greiðsluskylda hans gagnvart móður þess fer að lögum lands þess, er konan átti ríkisborgararjett í, þá er hún varð ljettari eða vanfær, sje krafist barnsmeðlags eða framfærslustyrks til konu fyrir fæðing barnsins.

Frekari kröfur en lögmæltar eru hjer í landi verða þó ekki teknar til greina.

43. gr.

Skilgerð óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi skilgerandi verið ríkisfastur hjer, þá er skilgerðin fór fram.

Nú er skilgerandi útlendur, en barnið ríkisfast hjer, og er þá skilgerð ógild, nema til komi samþykki lögráðamanns, sje barnið ósjálfráða, en ella samþykki þess sjálfs.

44. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá þeim tíma.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sje samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áður gildandi lögum.

Enn fremur gilda erfðanýmæli 36. gr. eigi um önnur börn en þau, sem fædd eru 10 mánuðum þrítugnættum eftir að lögin ganga í gildi.

45. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: N. L. 5. 2. 33 og 71—74, sbr. konungsbrjef 17. febr. 1769, og D. L. 5. 2. 33 og 70—73, sbr. 2. gr. tilsk. 25. sept. 1850, N. L. 6. 13. 5, sbr. kbr. 2. maí 1732, 9. gr. í tilsk. 25. sept. 1850, niðurlag 3. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, 6.—8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 10.—13. gr. og síðari setning 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þá ógildast og önnur ákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

46. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

Sþ. **550. Nefndarálit**

um kosningakæru frá Ísafirði 1920.

Frá kjörbrjefanefnd.

Nefndin hefir kynt sjer kosningakæruna, þingbók þá, sem hefir inni að halda rannsókn hennar, og önnur skjöl henni viðvíkjandi.

Nefndin er sammála um það, að rannsóknin hafi ekki leitt neitt það í ljós, er áhrif geti haft á gildi kosningarinnar á Ísafirði 1919, þar sem ekki er

upplýst, að áheit eða mútuboð þau, er ræðir um í kærunni, hafi haft áhrif á kosninguna, og því síður, að frambjóðandi sá, er hlaut kosningu, hafi haft vitneskju um, að slíku var reynt að beita.

Hins vegar er það upplýst við rannsóknina, að Bjarni Bjarnason ökumaður hefir heitið á menn fje, til þess að kjósa Jón A. Jónsson, og greitt það að einhverju leyti að kosningunni lokinni; enn fremur er það upplýst með eiðsvörnum framburði eins vitnisins, að nefndur Bjarni hafi beint boðið fje í sama tilgangi. Nefndin telur, að hjer sje svo nærri höggvið síðari málsgrein 114. gr. hinna almennu hegningarlaga, að ástæða sje til að þetta verði rannsakað til hlítar.

Nefndin telur það óheppilegt, að kærandinn í þessu máli, hr. Guðmundur Guðmundsson past. emerit., var kallaður fyrir rjett í Reykjavík, en ekki á Ísafirði.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 9. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, með fyrirvara.	Gunnar Sigurðsson, ritari og framsm.	M. J. Kristjánsson, með fyrirvara.
Björn Hallsson, með fyrirvara.	Bjarni Jónsson frá Vogi.	

(A. XXVIII, 13).

Nd. **551. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykt eins og það kemur frá háttv. efri deild, með brtt. II. á þskj. 552.

Alþingi, 9. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Sveinn Ólafsson.
Þorl. Guðmundsson, framsögum.	Þórarinn Jónsson.	Hákon J. Kristófersson.

(A. XXVIII, 14).

Nd. **552. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

I. Frá *Jakob Möller.*

Við 1. gr.

a. Orðin »til ríkissjóðs« í fyrri málsgr. falli niður.

b. Fyrir »8 kr.« komi:

5 kr.

II. Frá *meiri hluta fjárhagsnefndar.*

Við 5. gr.

Síðari málsgrein falli burt.

(A. III, 12).

Nd. **553. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt með breytingartillögum þeim, er hann flytur á þskj. 554 (töluliðir I. og III.).

Alþingi, 9. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður og framsögumaður. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Sveinn Ólafsson.

Þorl. Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson. Þórarinn Jónsson.

(A. III, 13).

Nd. **554. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fasteignaskatt.

I. Frá *meiri hl. fjárhagsnefndar.*

Við 1. gr. tölul. 1.

Setningin »að frádregnum 10 ára mannvirkjum« standi í svigum.

II. Frá *Jakob Möller.*

Við 1. gr. tölul. 1.

Fyrir »4« komi:

$2^1/_2$.

III. Frá *meiri hl. fjárhagsnefndar.*

Við 1. gr. tölul. 1.

Fyrir »4« komi:

3.

IV. Frá *Jakob Möller.*

Við 1. gr. tölul. 2.

Liðurinn orðist svo:

2. af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, $1^1/_2$ af þús. hverju.

(B. XXVI, 5).

Ed. **555. Breytingartillögur**

við frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 7. gr. 2. málsgrein.
Fyrir orðin »Þeir yfirvjelstjórar á mótorskipum« komi:
Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum og mótorbátum.

2. — 10. — Á eftir greininni komi ný grein, sem verði 11. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi koma til framkvæmda þegar mótorskólinn í Reykjavík tekur til starfa og fast árlegt námsskeið er haldið í Vestmannaeyjum, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

(C. XXIV, 1).

Ed. **556. Tillaga**

til þingsályktunar um ábúð jarða.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi endurskoðaða ábúðarlöggjöf, og í sambandi við það athuga, hvort ekki sje tiltækilegt að lögleiða erfðaábúð á jörðum, sem eru ríkiseign.

Ástæður.

Gildandi lög um ábúð jarða eru nú hartnær 40 ára gömul og lítt viðunandi. Er auðsætt, að brýn þörf er á því að endurbæta þau. Slík endurskoðun verður að framkvæmast af stjórninni. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Sú skoðun hefir komið fram, að rjett sje að lögleiða erfðaábúð á þjóðjörðum, og virðist sjálfsagt, að slíkt sje athugað í sambandi við endurskoðun ábúðarlaganna.

(C. XV, 5).

Nd. **557. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við 2. lið.
   Aftan við liðinn bætist:
   Skal þeim rannsóknum einkum flýtt og vandað til þeirra í hinum stærstu framleiðsluhjeruðum, er óska undirbúningsins og hafa áhuga fyrir málinu.

2. Við 3. lið.
   Aftan við liðinn bætist:
   Þar á meðal hvernig fjáröflun til fyrirtækjanna og eignarfyrirkomulagi þeirra verður best hagað.

(B. LI, 3).

Nd. **558. Frumvarp**

til laga um að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu megi fela öðrum sjerstök störf.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslumanninum í Skaftafellssýslu skal heimilt, á sinn kostnað og ábyrgð, að fela hreppstjóra eða sjerstökum umboðsmanni sínum að halda manntalsþing og uppboð, hvers konar sem er, svo og stýra fundum sýslunefnda, ef torfærur eða önnur forföll banna honum sjálfum að framkvæma þessi störf. En skýra skal hann stjórnarráðinu frá slíkum ráðstöfunum í hvert skifti.

2. gr.

Á manntalsþingum og uppboðum, er ólöggiltur umboðsmaður sýslumanns heldur, má eigi neitt rjettaratriði úrskurða.

3. gr.

Lögákveðnum uppboðslaunum sínum heldur hreppstjóri við öll uppboð, er hann heldur fyrir sýslumann.

(B. L, 1).

Ed. **559. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

(B. XLV, 6).

Ed. **560. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. Undanskilið söl-

unni er íbúðarhús prestssetursins og önnur jarðarhús, heimatúnið þar, c. 32400 m², hagbeit fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi, eftir þörfum hans.

2. gr.

Bæjarstjórninni er óheimilt að afhenda öðrum til eignar eða umráða það land, er hjer um ræðir, nema til leigu um ákveðinn tíma.

3. gr.

Reglur um leigu á landi bæjarins semur bæjarstjórn, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

(B. XVI, 3).

Ed. **561. Lög**

um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í síðari hluta júnímánaðar og skattur þá lagður á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því er áður segir.

Enn fremur getur bæjarstjórn ákveðið niðurjöfnun samkv. 19. gr. 2. málsgr., og skal sá skattur á fallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XLI, 13).

Ed. **562. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1922.

I. Frá *fjárhagsnefnd*:

Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

1.	Fasteignaskattur	kr.	270000	
2.	Tekjuskattur	—	650000	
				kr. 920000
3.	Aukatekjur	kr.	150000	
4.	Erfðafjárskattur	—	20000	
5.	Vitagjald	—	100000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	—	10000	
				— 280000
7.	Útflutningsgjald			— 600000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	kr.	200000	
9.	Tóbakstollur	—	500000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	—	800000	
11.	Vörutollur	—	1000000	
12.	Annað aðflutningsgjald	—	60000	
				— 2560000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð			— 10000
14.	Stimpilgjald			— 500000
15.	Lestagjald af skipum			— 40000
16.	Pósttekjur	kr.	300000	
17.	Símatekjur	—	800000	
				— 1100000
			Samtals	kr. 6010000

II. Frá *Birni Kristjánssyni*.

Við 12. gr. 7. (Kjósarhreppur).

Fyrir »200« komi: kr. 400

Til vara: — 300

III. Frá *Sigurjóni Friðjónssyni* og *Guðmundi Guðfinnssyni*.

Við 12. gr.

28. tölul. orðist þannig:

Laun yfirsetukvenna

a. Laun úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 30000
b. Dýrtíðaruppbót á þau, eftir sömu reglum og gilda um dýrtíðaruppbót presta ... ... 20000 kr. 50000

Til vara:

b. Dýrtíðaruppbót 10000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 14. gr. B. III. b. 1. (Dyrav. Mentaskóla).
Liðurinn fellur niður.

V. Frá *Einari Árnasyni, Sigurði Jónssyni* og *Sigurjóni Friðjónssyni.*

Við 14. gr. B. IV. b. 2. (Gagnfræðaskólinn á Akureyri).
Fyrir »1800« komi: ... ... — 4800

VI. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 14. gr. B. XIII. 3. (Bygging barnaskóla).
a. Fyrir »alt að þriðjungi kostnaðar« komi: alt að helmingi kostnaðar.
b. Fyrir »20000« komi: ... ... — 25000

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla).
Fyrir »Skutilsfjarðareyri« kemur:
Ísafjarðarkaupstað.

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

a. Við 16. gr. 16. (Kjötrannsókn).
Liðurinn orðast svo:
Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna .. .. — 4000
b. Við 16. gr. 17.
Liðurinn orðast þannig:
Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga — o. s. frv.

IX. Frá *Karli Einarssyni.*

Við 16. gr. 42. (Þór).
Fyrir »kr. 30000« komi: ... ... — 40000

X. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. a. 3. (Sig. Jónss.).

Fyrir »1200« kemur: ... ... kr. 1500

XI. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 18. gr. II. h. 9. (Ekkja Matth. Joch.).

Fyrir »1200« koma: ... ... — 2000

XII. Frá *Karli Einarssyni.*

Við 18. gr. II. i. 5. (Páll Erlingsson).

Fyrir »1000« koma: ... ... — 1500

XIII. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 21. gr. 3. Nýr liður.

Ábúandanum á Hliðarenda í Fljótshlíð 5000 krónur, til húsabóta, með þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

XIV. Frá *Karli Einarssyni.*

Við 21. gr. 6.

Nýr liður:

Til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 80 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% vöxtum. Verði fje ekki fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er bæjarstjórnin kann að taka í þessu skyni fyrir hönd bæjarsjóðs.

(B. LVIII, 2).

Nd. **563. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 3. gr.

Greinin falli burt.

(A. XXX, 39).

Ed. **564. Fjáraukalög**

fyrir árin 1920 og 1921.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1237482 kr. 73 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.

Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers . ... kr. 6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 2000 kr.

Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 ... ... kr. 2000,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	20000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ...	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920...	—	460,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
12.	Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur	—	1500,00
		Samtals kr.	205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 310900 kr.

1.	Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram 1/3 kostnaðar	kr.	7000,00
2.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
3.	— dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
4.	— Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
5.	— Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
6.	Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
7.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
8.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
9.	Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að 1/3 flutningskostnaðar ... ... Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.	—	5000,00
10.	Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að 1/3 flutningskostnaðar	—	8000,00
11.	Til bátaferða á Hvalfirði	—	1000,00
12.	Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ... ... Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.	—	8000,00
13.	Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.	—	1000,00
14.	Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að	—	2500,00
15.	Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að ... ... Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.	—	60000,00
16.	Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum	—	50000,00
17.	Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði	—	10000,00
18.	Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp	—	20000,00
19.	Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita	—	25000,00
20.	Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins	—	400,00
	Samtals	kr.	310900,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 110153 kr. 24 a.

1.	Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum	kr.	8000,00
2.	Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ...	—	8000,00
	Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.		
3.	Dýrtíðarbætur til háskólaritara	—	600,00
4.	Til líkhúss handa háskólanum	—	4000,00
5.	Til utanfarar rektors mentaskólans	—	2500,00
6.	Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921	—	3000,00
7.	Kostnaður við starf mentamálanefndar	—	10000,00
8.	Aðgerð og málning mentaskólans	—	25500,00
9.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920...	—	3000,00
10.	Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann...	—	300,00
11.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
12.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
13.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
14.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
15.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
16.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
17.	— Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
18.	— Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
19.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
20.	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá	—	1000,00
21.	Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni ...	—	1800,00
	Samtals	kr.	110153,24

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 107490 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni ...	—	400,00
6.	Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
	Flyt	kr.	64200,00

	Fluttar kr.	64200,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni ... —	2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann ... ... —	23065,19
11.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust ... ... —	2500,00
12.	Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði... —	725,33
13.	Til sama, dýrtíðaruppbót ... ... —	3000,00
14.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)... ... ... —	2000,00
15.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ... —	1500,00
16.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms —	2000,00
17.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms ... ... —	2000,00
18.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi ..... —	2000,00
19.	Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur ... ... —	1000,00
20.	Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara ... ... —	1500,00
	Samtals kr.	107490,52

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 251972 kr. 40 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum ... ... kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði ... ... —	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar ... ... —	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921 ... ... —	7719,90
5.	Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar ... ... —	20000,00
6.	Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920 —	440,00
7.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands ... ... —	56000,00
8.	Til skógræktar (eftirgjöf á láni) ... ... —	5000,00
9.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting) ... ... —	1000,00
10.	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík ... ... —	2000,00
11.	Fyrir mulningsvjel ... ... —	1000,00
12.	Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar ... ... —	29000,00
13.	— erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári ... ... —	40000,00
14.	Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... ... — þó ekki yfir helming kostnaðar.	5000,00
15.	Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar — Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.	8000,00
	Flyt kr.	184659,90

	Fluttar kr.	184659,90
16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921.	—	8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að..	—	19000,00
18. Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að...	—	40000,00
Samtals	kr.	251972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 20006 kr. 57 a.

1. Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra	kr.	12619,90
2. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur...	—	900,00
3. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils	—	500,00
4. Uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðardóttur	—	240,00
5. Eftirlaun handa frú Guðrúnu Runólfsdóttur, ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum	—	4746,67
6. Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga	—	1000,00
Samtals	kr.	20006,57

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
3. Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar	—	22500,00
Samtals	kr.	223000,00

11. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
2. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til raforkuveitunnar.
3. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir $^4/_5$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára

og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.

4. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
5. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.
6. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunarskipsins »Þórs« árið 1920.
7. Að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í safnahúsi ríkisins og öðrum opinberum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

(B. LVI, 4).

Nd. **565. Frumvarp**

til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings, eða verka útflutningssíld á landi eða í landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim takmörkunum, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Til þess að geta öðlast leyfi samkvæmt 1. gr. þarf leyfisbeiðandi að fullnægja þessum skilyrðum:

Að vera búsettur og hafa verið búsettur í landinu minst eitt ár, og sje um fjelag að ræða, skal stjórn þess öll búsett hjer á landi, og sömuleiðis meiri hluti fjelagsmanna.

3. gr.

Þá er leyfisbeiðandi sendir umsókn sína til stjórnarráðsins, skulu henni fylgja skilríki, er stjórnin tekur gild, fyrir því, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er 2. gr. tiltekur. Nú kemur í ljós síðar, að leyfishafi fullnægir eigi nefndum skilyrðum að öllu leyti, eða hann lætur ónotað leyfi sitt um eitt ár, og getur þá landsstjórnin fellt leyfisbrjef hans úr gildi.

4. gr.

Engum leyfishafa er heimilt að veiða eða verka síld til útflutnings nema fyrir sjálfan sig eða innlenda menn.

5. gr.

Allir þeir, er leyfisbrjef hafa fengið samkvæmt 1. gr., ganga í fjelag, er nefnist Síldveiðifjelag Íslands. Fjelagið kýs sjer formann og fjóra meðstjórnendur, og sje formaður búsettur í Reykjavík. Fjelagið heldur einn aðalfund árlega. Fyrsti fundur fjelagsins er stofnfundur, og setur hann nánari lög og reglur fyrir fjelagið. Á þessum fundi hafa allir leyfishafar jafnan atkvæðisrjett. Fái frumvarp til fjelagslaganna, á fundi, atkvæði meiri hluta allra fjelagsmanna, og öðlist síðan staðfesting stjórnarráðsins, gildir það sem lög gagnvart öllum fjelagsmönnum. Leyfishafar geta falið öðrum að fara með atkvæði sitt á stofnfundi og öðrum fundum fjelagsins.

6. gr.

Í lögum fjelagsins skal ákveðið um aukafundi í fjelaginu og um kjörtíma fjelagsstjórnarmanna; þar skal og skipa fyrir um framkvæmdir fjelagsins og skrifstofuhald. Allir fjelagsmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrjett.

7. gr.

Fjelagið getur ákveðið, hve mikla síld megi veiða til útflutnings árlega, og fer um atkvæðisrjett samkv. 6. gr.

8. gr.

Stjórn Síldveiðifjelags Íslands skipar framkvæmdarstjóra eða framkvæmdarnefnd fyrir fjelagið. Hefir framkvæmdarstjórnin á hendi útflutning og sölu á allri síld, sem reynist útflutningshæf, nema framleiðandi breyti henni hjer á landi í aðra vöru. Um verðskiftingu fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum og fundarályktunum fjelagsins, og hefir fjelagsstjórnin fullnaðarskifting síldarverðsins á hendi.

9. gr.

Undanþegnir ákvæðum 1. gr. eru þeir íslenskir ríkisborgarar, sem stunda síldveiði frá heimilum sínum á bátum, er eigi hafa meira lestarrúm en 50 smálestir. En skylt er þeim að framselja síld sína Síldveiðifjelagi Íslands til söluráðstafana, ef hún er ætluð til útflutnings og reynist útflutningshæf, enda sæti hún öllum sömu kjörum um verð og annað sem síld fjelagsins.

10. gr.

Brot gegn 4. gr. laga þessara varða sektum, alt að 50000 kr. og brot gegn öðrum greinum laganna alt að 10000 krónum.

(B. XLII, 9).

Ed. **566. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Frá minni hluta peningamálanefndar.

Við höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, er aðallega mun vilja fresta því, eða aðeins láta það ganga fram með allmiklum breytingum. Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kemur frá hv. Nd. Samkvæmt þingsályktunartillögu frá 1919 fól landsstjórnin árið 1920 yfirrjettarmálaflutningsmanni Böðvari Bjarkan að fara utan í því skyni að kynnast fyrirkomulagi fasteignalánsstofnana. Frv. þetta hefir hann samið, en peningamálanefnd Nd. flutti það inn í þingið. Frumvarpinu fylgdi mjög nákvæm og óvenjulega skýr greinargerð, er legið hefir frammi á lestrarsal Alþingis um þingtímann, og minnumst við ekki að hafa sjeð nokkurt frv. jafnvel undirbúið og þetta hjer á Alþingi. Við leyfum oss því að vísa til þessarar greinargerðar, og getum því látið oss nægja að fara aðeins örfáum orðum um málið.

Nálega öllum mun nú bera saman um, að brýn þörf sje á ríkisveðbanka. Veðdeildirnar mega nú skoðast nálega lokaðar, því veðdeildabrjefin eru í svo lágu verði og svo erfið sala á þeim, að menn sjá sjer ekki fært að taka lán úr þeim. Aðalatriðið er nú það, hvort banki með því fyrirkomulagi, sem hjer er að ræða um, geti selt brjef sín og fengið með því nægilegt veltufje. Bankavaxtabrjefin eru samkvæmt frumvarpinu mjög vel trygð, svo ekki ætti sú hliðin að verða sölunni til fyrirstöðu, en sama má auðvitað segja um brjef veðdeildanna, og hafa þó verið miklir örðugleikar á sölu þeirra. En ein af aðalástæðunum fyrir því, að veðdeildabrjefin seljast ekki, er væntanlega að of lítið er gert til þess að vinna fyrir sölunni, og þá eigi síður hitt, að vextirnir, sem af þeim eru greiddir, eru svo lágir eins og nú stendur. Vextirnir verða auðvitað að vera ákveðnir með hliðsjón af peningamarkaðinum. Við það verða auðvitað lánin, sem veitt eru, dýrari. En hjá því verður ekki komist. Peningarnir hreyfa sig eftir ákveðnu lögmáli. Og ef það lögmál er rofið, þá er aðstreymi peninganna lokið. Fyrst um sinn hlyti það að verða aðalverkefni ríkisveðbankans, ef stofnaður yrði, að vinna upp markað fyrir brjefin, og er vonandi, að það mætti takast.

Því hefir verið hreyft sem andmælum gegn stofnun bankans, að svo er til ætlast í frumv., að ræktunarsjóður, kirkjujarðasjóður og viðlagasjóður verði lagðir bankanum til sem stofnsjóðir, og þá jafnframt bent á hið mikla gagn, sem sjóðir þessir hafa unnið þjóðinni. Því verður nú á engan hátt neitað, að mikið gagn hafi orðið að lánum úr þessum sjóðum, enda þau verið mjög ódýr. En aftur er þá að athuga, hvort gagn þessara sjóða sem seglfesta í ríkisveðbankanum muni ekki verða enn meira en nú. Lánin úr þessum sjóðum hafa náð til svo fárra, og hafa þá að litlu leyti getað fullnægt lánsþörfinni. Með ríkisveðbankanum er tilætlunin að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem er á löngum fast-

eignalánum. Og lítur minni hlutinn svo á, að sú þörf sje svo brýn, að ekki megi lengur draga að gera alvarlega tilraun til þess að bæta úr henni.

Það er ofverk þingnefndar að rannsaka ítarlega ýms »teknisk« fyrirkomulagsatriði bankans, og verður í því efni að reiða sig á hinn rækilega undirbúning, sem málið hefir fengið.

Þó málinu yrði nú frestað, þá er engin ástæða til að ætla, að það kæmi rækilegar undirbúið fyrir næsta þing. Og ekki heldur mundi þá verða hægt að segja með meiri vissu en nú, hvort takast mætti að skapa markað fyrir bankavaxtabrjefin, en á því veltur auðvitað þetta mál að miklu leyti. Það verður því ekki sjeð, að nokkuð mæli með því að fresta málinu. Og þó skipuð yrði nefnd til þess að íhuga öll bankamálin, eins og hreyft hefir verið hjer í þinginu, þá mundi niðurstaðan af þeirri nefndarskipun varla geta orðið önnur en sú, að nauðsyn væri á þessum banka. Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að mæla með því, að frv. verði samþykt í háttv. deild.

Alþingi, 10. maí 1921.

Sig. Eggerz, ritari og framsm. Einar Árnason.

(B. XLVI, 9).

Nd. **567. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um einkasölu á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, form., með fyrirvara. Björn Hallsson, fundaskrifari, með fyrirvara.

Stefán Stefánsson. Einar Þorgilsson.

Pjetur Ottesen, framsögum.

(C. XXV, 1).

Nd. **568. Tillaga**

til þingsályktunar um vaxtakjör landbúnaðarlána.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um það, að bankarnir veiti lán til landbúnaðarþarfa, og þá sjerstaklega fasteignatryggingarlán, með lægri vöxtum og þjálli kjörum að öðru leyti en unt er til annara aðgerða, svo sem kaupstaðabygginga, sjávarútvegs í stærri stíl, verslunar, annara áhættufyrirtækja og »spekulationa«.

Jafnframt sje þess gætt, að bændum verði engan veginn gert erfiðara fyrir um lánsútvegun, þótt vaxtakjör þeirra og önnur lántökuskilyrði verði bætt.

Ástæður

fyrir tillögunni eru í rauninni óþarfar. Með henni er reynt að fá bætt úr bersýnilegri ósanngirni, er nú á sjer stað, að láta bændur, er að mestu leyti bjóða öruggar og góðar tryggingar fyrir lánum sínum, sæta sömu kjörum og t. d. »síldarspekulanta« og trollaraútgerðarfjelög, er festa fje bankanna með vafasömum tryggingum, og meira en það, sumir hverjir.

Þá verður og að gæta þess, að bændastjett landsins á nú við þá erfiðleika að búa, að síst veitir af, að hún njóti sanngjarnrar aðhlynningar, jafnframt því er hún verður nú fyrir margskonar íþyngingum. Það verður því fljótt að færast til leiðrjettingar, þegar þeim atvinnuvegi, sem hamingja þjóðarinnar er mest komin undir, er misboðið.

Í þessum tilgangi hefi jeg samið tillöguna, en alls ekki til þess að skaða aðra atvinnuvegi, er einnig kunna að eiga rjett á sjer.

(B. XXVI, 6).

Nd. **569. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skráseiningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skirteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Samanber þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands, eða skirteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar mótorskólinn í Reykjavík tekur til starfa og fast árlegt námsskeið er haldið í Vestmannaeyjum, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

(A. XLI, 14).

Ed. **570. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá Halldóri Steinssyni og Einari Árnasyni.

Við 22. gr. (Álafoss).

Fyrir »500000« komi 200000

(A. XLI, 15).

Ed. **571. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 562 (Fjárlög).

Frá Sigurði Eggerz og Birni Kristjánssyni.

Við VIII. a. (Kjötrannsóknir).

Fyrir »4000« koma 5000

(B. XXX. 5).

Ed. **572. Lög**

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal frá 1. jan. 1921 hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

(B. XIV, 8).

Ed. **573. Lög**

um húsnæði í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

(A. X, 4).

Ed. **574. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

Við 2. gr.

Upphaf 2. málsgr. orðist þannig:

Endurgreiða má hjer búsettum ríkisborgurum og öðrum hjer búsettum mönnum, er sama rjett hafa að lögum o. s. frv.

Alþingi, 10. maí 1921.

Sig. Eggerz, form.	Guðmundur Ólafsson, skrifari og framsm.	Sigurjón Friðjónsson.
Björn Kristjánsson.	Guðjón Guðlaugsson.	

(A. III, 15).

Ed. **575. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum (að frádregnum 10 ára mannvirkjum), þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, 3 af þúsundi hverju.
   Mannvirki síðustu 10 ára skulu þó vera skattskyld eftir 1930.
2. af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, 1½ af þúsundi hverju.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

(A. V. 11).

Nd. **576. Lög**

um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flyst eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyris-

sjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög. nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem eldri er en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem eftir eldri lögum eiga rjett til hærri eftirlauna en lífeyrir nemur, halda þeim rjetti.

Í viðbót við lífeyrir getur konungur veitt ekkju 50—100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje lífeyrir úr ríkissjóði, et hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burt:

1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líflje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er svívirðilegur.

Er ekkja missir líflje, af því hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líflje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem rjettur til líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig, að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt, hverju um sig, 100—200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um rjettindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, og lög nr. 73, 28. nóv. 1919, um ekkjutrygging embættismanna.

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

16. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

(B. XI, 7).

Nd. **577. Lög**

um læknaskipun í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. gr.

Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

3. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins skiftir störfum milli þessa embættismanns og hjeraðslæknis með tilskipun.

(C. XV, 6).

Ed. **578. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem tök eru á, menn með sjerfræðiþekkingu rannsaka, gera áætlanir og tillögur um það, er nú skal greina:

1. Hvar álitlegast sje að koma á fót kembingar- og lopavjelum, til eflingar heimilisiðnaði innanlands, í þeim sýslufjelögum, er óska rannsókna í því efni.
2. Hvar hentast muni að reisa klæðaverksmiðjur, eftir aðstöðu við notkun vatnsafls og annara staðhátta, sem fullnægt geti klæðaþörf landsmanna.
3. Gera svo nákvæmar kostnaðaráætlanir, sem hægt er, yfir aflstöðvar, bygging verksmiðjuhúsa, nauðsynlegra vjela og annars, er að stofnun og rekstri fyrirtækjanna lýtur, þar á meðal hvernig fjáröflun til fyrirtækjanna og eignarfyrirkomulagi þeirra verður best hagað.
4. Stjórninni heimilast að veita tóvinnufjelögum styrk úr ríkissjóði, til þess að senda efnilega unga menn utan, í þeim tilgangi, að þeir afli sjer þekkingar í meðferð tóvinnuvjela og annars, er að iðnaði lýtur. Jafnframt sje það tryggt, að styrkþegar starfi við verksmiðjurnar, að loknu námi.

Kostnað þann, er fyrgreindar aðgerðir hafa í för með sjer, heimilast stjórninni að greiða úr ríkissjóði.

(A. XLI, 16).

Nd. **579. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	270000	
2.	Tekjuskattur	650000	
			920000
3.	Aukatekjur	150000	
4.	Erfðafjárskattur	20000	
5.	Vitagjald	100000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			280000
7.	Útflutningsgjald		600000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	200000	
9.	Tóbakstollur	500000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
	Flyt ...	1500000	1800000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	1800000
11.	Vörutollur	1000000	
12.	Annað aðflutningsgjald	60000	
			2560000
13.	Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð		10000
14.	Stimpilgjald...		500000
15.	Lestagjald af skipum		40000
16.	Póstlekjur	300000	
17.	Símatekjur	800000	
			1100000
	Samtals ...	... ...	6010000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2.	Tekjur af kirkjum		50
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
4.	Tekjur af skipum		350000
	Samtals ...	... ...	390050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af Íslandsbanka		70000
2.	— — Landsbankanum:		
	a. Árgjald	7500	
	b. Ágóðahluti	68000	
			75500
3.	Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
	Flyt ...	.. ...	165500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	165500
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
7. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
8. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	472500

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum,		
Flyt ...	3333,34	... ..

		kr.	kr.
	Flutt ...	3333,34	.. ...
	1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3.	4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4.	4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5.	Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6.	Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7.	5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8.	Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9.	Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10.	Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11.	Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12.	Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13.	Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14.	Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
			700521,92
II.	Afborganir:		
1.	Af láninu frá 1908	33333,34	
2.	— — — 1909	50000	
3.	— — — 1912	8333 33	
4.	— — — 1912	33333.33	
	Flyt ...	125000,00	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	125000,00	700521,92
5. Af láninu frá 1913		12251,19	
6. — — — 1916		4000	
7. — ritsímaláni 1917		9297,84	
8. — skipakaupaláni		200000	
9. — ritsímaláni Landsbankans		3400	
10. — Íslandsbankaláni 1918...		100000	
11. — láni danskra banka 1919		225000	
12. — innlenda láninu 1920		150000	
			828949,03
III. Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla			100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	270000	
2. — yfirskoðunar landsreikninga	6000	
		276000
Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B.		
	Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	506320

		kr.	kr.
	Flutt ...	900	 506320
b.	Til pappírs og prentunar	15000	
c.	Til kostnaðar við sending með póstum...	1200	
			17100
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	20000	
b.	Fyrir embættisskeyti	60000	
			80000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		8000
4.	Til embættiseftirlitsferða		6000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...		500
6.	Til landhelgisgæslu		40000
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...		1500
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		75000
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis		900
	Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		
	Flyt ...	... ...	288360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288360
6. Styrkur til Öræfinga, til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		300
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa, til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu, til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga, til að vitja læknis		400
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði, til að vitja læknis...		200
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa, til að vitja læknis		300
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps, til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis...		300
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
16. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að...	500	
		3500
18. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
19. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku		
Flyt ...	... ...	302860

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302860
	fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
20.	Til geislalækningastofu ríkisins.			15000
21.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			3000
22.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
23.	Geðveikrahælið á Kleppi			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
	7. Þvottur og ræsting	2000		
	8. Skemtanir	1000		
	9. Skattar m. m.	1000		
	10. Óviss útgjöld	1000		
			125980	
		Flyt ...	135480	532130

		kr.	kr.
	Flutt ...	135480	532130
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag	43800		
Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag	8760		
Tekjur af búinu	2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
24. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			112662
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		9500	
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...		2000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna..	32300		
2. Viðurværi	134502		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5380		
4. Ljós og hiti	77000		
5. Þvottur og ræsting	7860		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	8000		
9. Flutningskostnaður	10000		
10. Óviss gjöld	3000		
		288042	
		299542	
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag	146000		
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag.	14600		
Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag ..	26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
25. Til undirbúnings landsspítala...			7500
26. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		15000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 90 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.			
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á			
	Flyt ...	15000	652292

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	652292
	föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c.	Bólusetningarkostnaður..	1500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar... ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis	3000	
h.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.	6500	
i.	Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k.	Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l.	Utanfararstyrkur hjúkrunarkvenna: α. Til Helgu Eggertsdóttur ... ... 1000 β. — Þuríðar Jónsdóttur ... ... 1000 γ. — Jónínu Pálsdóttur... 1000	3000	
	Styrkþegar skulu setjast að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer.		
	Flyt ...	121000	652292

		kr.	kr.
	Flutt ...	121000	652292
m.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristíaníu eða Kaupmannahöfn.. ...	800	
n.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
o.	Til Læknafjelags Reykjavíkur, til að styrkja utanför umbúðasmiðs	6000	
			128100
27.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		30000
	Samtals ...	... ...	810392

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
	A. Póstmál.			
1.	Laun:			
	a. Eftir launalögum...	101420		
	b. Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000		
	c. Brjefhirðingamenn..	20000		
			191420	
2.	Póstflutningur.....		200000	
3.	Annar kostnaður:			
	a. Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200		
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000		
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000		
	d. Önnur gjöld	47000		
			89200	
				480620
	Flyt ...		... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B. Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
		35940	
II. Flutningabrautir:			
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
		178000	
III. Þjóðvegir:			
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Öxnadalsvegur (endurveiting)...	10000		
6. Kjalarnesvegur	10000		
7. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		124000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	416440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	416440	480620
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500	
IX. Til dragferju á Skjálfandafljóti		3000	
X. Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að...		3000	
gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.			422940
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		300000	
2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		100000	
			400000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		20000	
III. Til lagningar nýrra lína o. fl.:			
1. Norðtunga — Grund	11000		
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500		
3. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting)	60000		
4. Búðardalur—Króksfjarðarnes(endurveit.)	75000		
5. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík...	32000		
6. Loftskeytastöð á Siðu.	25000		
7. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ...	12000		
		219500	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	330000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	4500		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500		
4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík	7800		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840		
6. Áhaldahúsið.	3000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	7700		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13700		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950		
	Flyt ... 465990	274500	1303560

		kr.	kr.
Flutt ...	465990	274500	1303560
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu...	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að.		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern..		550	
			1018490
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra.	9500		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti..	35000		
3. Papeyjarviti	30000		
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem			
Flyt ...	100000	102600	2322050

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	102600	2322050
þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000	
VI. Ýmislegt...		10000	
			267600
Samtals ...		... ...	2589650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. 1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
		13000
b. Önnur útgjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..	408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti	2500	
5. Til húsabóta á Desjarmýri	5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 6% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.			
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000		
Flyt ...	25908,28	13000	

			kr.	kr.
		Flutt ...	25908,28	13000
7.	Framlag til prestlaunasjóðs		360000	
8.	Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju		400	
9.	Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu. Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.		1200	387508,28
				400508,28
	B. Kenslumál.			
I.	Til háskólans:			
	a. Laun		143000	
	b. Aukakensla:			
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ...	1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði	500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ...	7700		
			9700	
	c. Styrktarfje:			
	1. Námsstyrkur.	15000		
	2. Húsaleigustyrkur.	7000		
			22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.			
	d. Til kensluáhalda læknadeildar		800	
	e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2000	
	f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		11000	
	g. Önnur gjöld:			
	1. a. Laun ritara	1000		
	b. Dýrtíðaruppbót	1000		
		2000		
	2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600		
	b. Dýrtíðaruppbót	1000		
		2600		
		Flyt ...	4600	188500	400508,28

		kr.	kr.
Flutt ...	4600	188500	400508,28
3. Ýms gjöld	5000		
		9600	
			198100
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að eins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til söngkennara	600		
2. Dýrtíðaruppbót	400		
		1000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar...	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg gjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
			136800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			
Flyt ...		... ...	743408,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	743408,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara 7400		
	2. Tímakensla 4800		
	3. Til bóka- og kensluáhalda 1000		
	4. Til eldiviðar og ljósa 6000		
	5. Námsstyrkur 800		
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. a. Til dyravörslu 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 400		
	1000		
	7. Til skólahússins utan og innan ... 2000		
	8. Til ýmislegra gjalda 2000		
		25000	
			55360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla 2500		
	2. Eldiviður og ljós 6000		
	3. Bókakaup og áhöld 500		
	4. Námsstyrkur 3000		
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til viðhalds 1000		
	6. Ýmisleg gjöld 2500		
		15500	
			45500
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	18920	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til tímakenslu 7800		
	2. — eldiviðar og ljósa 5500		
	3. Ýmisleg gjöld 3000		
	Flyt ... 16300	18920	844268,28

		kr.	kr.
Flutt ...	16300	18920	844268,28
4. Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra	300		
		16600	
VII. Til Vjelstjóraskólans:			35520
a. Laun		17600	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	2300		
2. Ljós og hiti	2200		
3. Ýmiss kostnaður.	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	3700		
		9200	
VIII. Til bændakenslu:			26800
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	13200		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	2000		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1400			
2. — kensluáhalda 600			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 8000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	12500		
		27700	
Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega byggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.			
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	14080		
b. Til smíða- og leikfimikenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1400			
2. — kensluáhalda 500			
3. — eldiviðar og ljósa ... 7000			
4. Ýmisleg gjöld 2250			
	11150		
		26830	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi			
Flyt ...		54530	906588,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	54530	906588,28
	skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun 14500		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms 600		
	2. — kensluáhalda 500		
	3. — eldiviðar og ljósa ... 4500		
	4. Ýmisleg gjöld 1500		
	7100		
		22200	
			76730
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	Flyt ...	9000	993918,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	9000	993918,28
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...		9000	18000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		2000	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík.	900		
b. Annar kostnaður, alt að...	400		
		1300	
3. Styrkur til námskvenna ., ...		8000	
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting		2000	13300
XII. Til kvennaskóla:			
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	25000		
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að ..	2000		
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla...	600		
		27600	
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	15600		
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að ..	1400		
		17000	44600
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
XIII. Til almennrar barnafræðslu:			
1. Laun kennara og dýrtíðaruppbót		465000	
2. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		5000	
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum		20000	
	Flyt ...	490000	1069818,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	490000	1069818,28
4.	Til prófdómara við barnapróf	4200	
5.	Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
6.	Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína, ásamt vottorðum.		
7.	Til Skólablaðsins	800	
8.	a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1000		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		11500	
			510500
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti	1000	
			63000
XV.	Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		15000
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
	Flyt ...	... ...	1662918,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1662918,28
XIX. Til sundkenslu og leikfimi:		
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1800	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
d. Styrkur til Ingibjargar Brands leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eirikssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1670318,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skrásetjara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400	
Flyt ...	37660	... ...

	kr.	kr.
Flutt ...	37660	... ...
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar báskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið..	360	
g. Húsaleiga..	500	
h. Ýmisleg gjöld..	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða..	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	
		17500
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		2500
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
Flyt ...	... ...	120470

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	120470
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9.	Til sama fjelags, til útgáfu registurs við íslenskt fornbrjefasafn		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		750
11.	Til Fornleifafjelagsins .. .. Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		800
12.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu jafnóðum.		2000
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
16.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
17.	Til fjelagsins Íslendings, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs		3000
18.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
20.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
			28200
21.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi... ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		1200
22.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
	Flyt ...	... ...	180420

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	180420
23. Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, enda sje orðasafnið eign landsins.		2000
24. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum..		2000
Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		
25. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna		2000
26. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
27. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
28. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
29. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
30. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
31. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum..		600
32. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
33. Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
34. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
35. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út síðskiftaöld		1800
36. Til landskjálftarannsókna		550
Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		
37. Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
38. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
39. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri		2000
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		
40. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál...		500
Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn,		
að $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður,		
að ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og		
Flyt ...	... ...	250970

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	250970
	að fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		
41.	Til Listvinafjelags Íslands		1500
42.	Til Íþróttasambands Íslands		2000
43.	Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
44.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
45.	Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
46.	Til Jóns Eyþórssonar, lokastyrkur		2000
47.	Til Bjarna Jósefssonar, lokastyrkur		2000
48.	Til Ingu Magnúsdóttur, utanfararstyrkur		2500
49.	Til Brynjólfs Stefánssonar, lokastyrkur		2000
50.	Til Baldvins B. Bárðdals, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
51.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón Listasafnsins.		5500
52.	Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
	Samtals ...	... ...	280670

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2.	Til sandgræðslu .. .. Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		15000
3.	Til búnaðarfjelaga ... ... Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu.		30000
4.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
	b. Styrkur til fjelagsins	1000	
			8000
	Flyt ...	... ...	**253000**

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	253000
5.	Til skógræktar:		
	a. Laun	14080	
	b. Til skóggræðslu	21000	
			35080
6.	Til framhalds landmælinga		40000
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	
			27040
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
	b. Til húsaleigu	1200	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	
			8200
10.	Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins ... ... Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		60000
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
	b. 4 síldarmatsmanna	14080	
	c. 4 ullarmatsmanna	3200	
	d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	
			61680
15.	Til gerlarannsókna		2400
16.	Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, ...		5000
17.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		5000
18.	Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
	Flyt ...	... ...	519200

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	519200
19.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		2000
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
20.	Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
21.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
22.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
23.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
24.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
25.	Til bjargráðasjóðs		22000
26.	Til landhelgisjóðs		20000
27.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7510
28.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
29.	Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir		6000
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		
30.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
31.	Laun húsgerðarmeistara		9500
32.	Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
33.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót	7700	
	enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.		
	b. Ferðakostnaður, alt að	1000	
	c. Skrifstofukostnaður	600	
			9300
	Flyt ...	... ...	622240

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	622240
34.	Til Sigurðar Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
35.	Til sendimanns á Spáni		20000
36.	Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
37.	Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting)		12000
	Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		
38.	Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
39.	Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar		10000
	Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		
40.	Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
41.	Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)		750
42.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
43.	Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
44.	Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
45.	Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
46.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000
	Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.		
	Samtals ...	... ...	733490

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	28762,09	
	b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
	c. Uppgjafaprestar	1321,66	
	d. Prestsekkjur	4800,40	
			50014,03
	Flyt ...	... ...	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	50014,03
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a.	Embættismenn.		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis 300		
	3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra ... 1500		
		2050	
b.	Embættismanna ekkjur og börn.		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju... ... 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
		1325	
c.	Uppgjafaprestar.		
	1. Til Gísla Kjartanssonar 800		
	2. — Stefáns Stephensens 147		
	3. — Stefáns M. Jónssonar 325		
	4. — Bjarnar Jónssonar... 475		
		1747	
d.	Prestsekkjur.		
	1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130		
	2. — Auðar Gísladóttur 300		
	3. — Bjargar Einarsdóttur 500		
	4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300		
	5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur 300		
	6. — Guðrúnar Ólafsdóttur 100		
	7. — Guðrúnar Pjetursdóttur 300		
	8. — Guðrúnar Torfadóttur... 300		
	9. — Ingunnar Loftsdóttur 300		
	10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur 300		
	11. — Kirstínar Pjetursdóttur 300		
	12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur 300		
	13. — Ragnheiðar Jónsdóttur 106		
	14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 400		
	15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð... ... 700		
	16. — Þórunnar Stefánsdóttur 400		
	17. — Ingibjargar Sigurðardóttur... 400		
	18. — Steinunnar Pjetursdóttur 300		
		5736	
	Flyt ...	10858	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	10858	50014,03
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur.	300		
10. — 3 barna hennar	300		
11. — Janusar Jónssonar præp. hon. ...	500		
12. — Pjeturs Guðmundssonar..	500		
13. — Steinunnar Frímannsdóttur, ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara	450		
		5110	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Kráksonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Jens Þórðarsonar	100		
8. — Friðriks Möllers	1200		
9. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
10. — Eliesers Eiríkssonar	200		
11. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
12. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
		3800	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.			
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000		
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
3. — Valdimars Briems	1200		
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
5. — Önnu Thorlacius	300		
		7300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson... ...	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
Flyt ...	500	27068	50014,03

		kr.	kr.
Flutt ...	500	27068	50014,03
3. Til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar.	1200		
		4200	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðmundar Hjaltasonar...	300		
5. — Páls Erlingssonar	1000		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri...	300		
8. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar ...	400		
		3700	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ingeborg Sigurjónsson...		1800	
k. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara... ...		1200	
			37968
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i			99745,11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000
Samtals ...		... ...	227727,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir

kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr. 1629470,95	
—— 8. —	... .	— 60000,00	
—— 9. —	... ...	— 276000,00	
—— 10. —	... ...	— 305400,00	
—— 11. —	... ...	— 734420,00	
—— 12. —	... ...	— 810392,00	
—— 13. —	... ...	— 2589650,00	
—— 14. —	... ...	— 1670318,28	
—— 15. —	... ...	— 280670,00	
—— 16. —	... ...	— 733490,00	
—— 17. —	... ...	— 4000,00	
—— 18. —	... ...	— 227727,14	
—— 19. —	... ...	— 100000,00	
			kr. 9421538,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr. 6010000,00	
—— 3. —	... ...	— 390050,00	
—— 4. —	... ...	— 472500,00	
—— 5. —	... ...	— 22400,00	
			— 6894950,00
			Tekjuhalli kr. 2526588,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar

á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.
7. Til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 80 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% vöxtum. Verði fje ekki fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er bæjarstjórnin kann að taka í þessu skyni fyrir hönd bæjarsjóðs.
8. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hverí í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
9. Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 200000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. XLII, 10).

Ed. **580. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Ríkisveðbanka.

Frá meiri hluta peningamálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á einu máli um þetta frumvarp. Er minni hlutinn með því, að frumvarpið nái nú fram að ganga óbreytt, en meiri hlutanum þykir það varhugavert.

Tildrög til þessa máls eru þau, að samþykt var á Alþingi 1919 svo hljóðandi tillaga:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«.

Það mun þó hafa verið á það bent af þeim, sem kunnugastir voru bankamálunum í neðri deild þetta ár, að veðdeild Landsbankans hefði alt fram að árinu 1919 verið langódýrasti fasteignabankinn, sem landið gat átt kost á, en það var vegna þeirrar stefnu Landsbankans, frá því er veðdeildin var stofnuð árið 1900, að miða verð bankavaxtabrjefanna við innlánsvexti *(sparisjóðsvexti) bankans*, en ekki *útlánsvexti*, eins og gerist erlendis. Og það gat Landsbankinn gert, sjer að skaðlitlu, á meðan sparisjóðsvextirnir yfirstigu ekki vextina af bankavaxtabrjefunum, 4½%, auk verðfalls, og að salan á bankavaxtabrjefunum var aðallega bygð á hinum innlenda markaði. Verðinu á bankavaxtabrjefunum var því haldið uppi alt fram að síðari hluta ársins 1918 í lægst 94%. Þannig var farið að, í því skyni að gera hin tryggu fasteignalán ódýrari fyrir almenning en hin áhættumeiri víxillán og sjálfskuldarábyrgðarlán.

Eftir því sem meiri hluta nefndarinnar er kunnugt, hefir Landsbankinn tekið upp þá stefnu á árinu 1919 að miða verð bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar við *útlánsvexti* bankans, og er þá eðlilegt, að menn kveinki sjer við að nota veðdeildina eins og áður, sjerstaklega er landbúnaðurinn á í hlut, sem eigi þolir að greiða háa vexti eða verðfall.

En vitaskuld græðir bankinn meira á þennan hátt, því að nú fer hann ekki á mis við neinn gróða af sparisjóðsfjenu.

Á meðan verði bankavaxtabrjefanna var haldið í 94% eða í hærra verði, munu allir, sem láns leituðu til veðdeildarinnar, hafa fengið og tekið lán til jarðakaupa og út á jarðir sínar í veðdeildinni fyrir 5% vexti með kostnaði, auk verðfallsins, alt að 6%.

Nú mun vera eftir óútlánað af 4. veðdeild hjer um bil helmingur deildarinnar, og ef Landsbankinn vildi vel gera, er honum hefir aukist svo mikið spari-

sjóðsfje síðustu árin, að breyta aftur til í gamla horfið og miða verð bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar við *innlánsvextina*, eins og áður var gert, gæti almenningur enn fengið tiltölulega ódýr fasteignalán, og ódýrari en nýr fasteignaveðbanki gæti veitt. Og Landsbankinn á því fremur að geta gert þetta, þar sem hann ávaxtar fje það, sem greitt er upp í lán veðdeildarinnar á haustin og þangað til brjefin eru innleyst, með lágum vöxtum, að mun lægri en sparisjóðsvöxtum. Og á þann hátt hagnast bankinn nokkuð á veðdeildinni.

Það, sem eftir er ólánað af 4. veðdeild, ætti að endast nokkur ár, þó Landsbankinn breytti lánskjörunum í fyrra horfið. Veðdeild Landsbankans hefir nú starfað í um 20 ár, og hefir þar af leiðandi unnið sjer það traust, sem ný stofnun hefir ekki í byrjun, og á hverju veðdeildarbrjefi stendur, að veðdeildinni sje stjórnað af Landsbankanum, sem líka er gömul stofnun.

Eigi skal um það dæmt, hvort eigendur bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar muni hefja nokkur mótmæli gegn því, að veðdeildin sje sett undir aðra stofnun en þá, er stjórnaði veðdeildinni, er brjef hennar voru sett í umferð. En áreiðanlega er það breyting á veðdeildarlögunum, sem óvíst sýnist um, að leyfileg sje. Eins og sjest af þingsályktunartillögunni, er ætlast til, að stofnuð verði sjerstök lánsstofnun »fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«.

Þessum góða tilgangi verður tæplega náð með frumvarpi þessu, því þó það sje sem frumvarp yfirleitt vel samið, þá er eftir aðalatriðið, að geta sjeð fram á möguleikana til að útvega bankanum ódýra peninga, eða góða sölu bankavaxtabrjefa hans, en hvorttveggja má telja örðugt eins og stendur, og sennilega í náinni framtíð.

Ætlast er til í frumvarpinu, að Ríkisveðbankinn sje stofnaður á þann hátt að afhenda honum 1 miljón króna úr hverjum af þessum sjóðum, ræktunarsjóði, kirkjujarðasjóði og viðlagasjóði. Samkvæmt síðasta ársreikningi kirkjujarðasjóðs, nam hann í árslok 1919 kr. 959250,82.

Og samkvæmt síðasta reikningi ræktunarsjóðsins fyrir árið 1919, nam hann kr. 977808,69. Þessir sjóðir tæmast því alveg eins og stendur.

Samkvæmt 15. gr. laganna um sölu kirkjujarða, nr. 50, 16. nóv. 1907, á að stofna sjóð fyrir andvirði seldra kirkjujarða, sem stendur beint undir landsstjórninni. »Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla« segir í sömu grein. Í 16. gr. segir: »Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar«.

Svo er í 17. grein sagt fyrir um, hvernig eigi að ávaxta sjóðinn.

Ræktunarsjóðurinn er stofnaður með lögum nr. 13, 2. nóv. 1900, og lögum nr. 72, 14. nóv. 1917.

Ætlunarverk hans er

að efla sjerstaklega ræktun landsins,

að lána til jarðabóta og hverskyns atvinnubóta við jarðyrkju,

að lána með 2. veðrjetti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir eða grasbýli og þurrabúðir utan verslunarstaða,

að veita alt að $^2/_3$ af vöxtum til það styrkja búnaðarfjelög Íslands til kaupa, tilrauna og útbreiðslu búnaðarverkfæra og verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eftirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

Fæst af þessu getur Ríkisveðbankinn gert, samkvæmt frumvarpinu, sem eðlilegt er. Er því með þessu frumvarpi fótunum kipt undan tilgangi ræktunarsjóðsins, sem þingið 1917 hafði ákveðið hann.

Þá er eftir að minnast á viðlagasjóðinn. Eins og nafnið bendir til, er hann stofnaður sem *varasjóður* landsins, sem grípa megi til í viðlögum. Hefir alt af verið litið svo á, að hann mætti aldrei skerða, nema landssjóður sjálfur biði halla vegna fjárlaga, eða ef hallæri bæri að höndum. Þessi sjóður hefir mjög stutt lánstraust landsins erlendis. Með viðlagasjóðinn hefir þó aldrei verið farið eins og venjulega varasjóði, því hann hefir verið notaður sem nokkurs konar banki, í staðinn fyrir að geyma hann í peningum í bönkum eða í verðbrjefum.

Í viðlagasjóðinn er oft flúið, til þess að fá lán til ýmsra fyrirtækja, sem bankarnir hafa verið tregir til að lána, og það oft mjög nauðsynlegra fyrirtækja, en sem bankarnir einir hefðu þurft að geta styrkt. Mest hefir eftirspurnin úr þessum sjóði stafað af því, að láns- og vaxtakjör viðlagasjóðs voru aðgengilegri en bankanna.

Fjárhagur ríkisins hefir að undanförnu verið í allgóðu lagi, en nú virðist hann svo þröngur, að tæplega virðist forsvaranlegt að veikja hann að miklum mun.

Viðlagasjóðurinn nam í árslok 1919 kr. 1716332,76.

Þar sem fjárhagurinn er svo þröngur, og að hlaðið er á ríkissjóð í fjárlögum, eins og áður, einni lánveitingunni eftir aðra, og ábyrgðum í ofanálag, ofan á mikinn fjárhalla og tekjuþurð, þá er ekki annað líklegra en að ríkissjóður þurfi á öllu sínu fje og lánstrausti að halda, og að óráðlegt sje að binda eða stórskerða viðlagasjóðinn eða arðinn af honum um óákveðinn tíma.

Af þessum ástæðum telur meiri hlutinn eigi tiltækilegt að stofna veðbanka á þessum grundvelli, og ekki á annan hátt en að ríkissjóður, þegar hann hefir efni á eða lánstraust hans leyfir, stofni bankann með útlögðu veltufje, eigi minna en t. d. 2—3 miljónum króna.

Og mjög mikið vafamál mun það vera, hvort slíkur banki getur komið að eins miklu haldi eins og núverandi veðdeild, ef henni er stjórnað á sama grundvelli eins og áður var gert. En það er undir bankastjórnunum komið, á hinum ýmsu tímum, hversu mikið þær vilja leggja fram til að geta sint þeirri hlið bankastarfseminnar.

Telja má það stoð fyrir Landsbankann að hafa veðdeildina áfram, og stoð fyrir veðdeildina að standa í beinu sambandi við bankann, sem hefir svo mikil fjárumráð.

Þegar litið er á frumvarp þetta, þá dylst það ekki, að það er sniðið mjög við vöxt. Þar er gert ráð fyrir, að lánað sje út á hverskonar fasteignir í landinu, og að lánuð sjeu *hærri* lán út á þær en veðdeildin getur veitt. Þá er og gert ráð fyrir í frumvarpinu, að lánuð sjeu lán á ýmsan hátt, sem veðdeildin hefir ekki enn sjeð sjer fært að sinna.

Yfir höfuð er frumvarpið sniðið með það fyrir augum að finna sem flest tækifæri til að geta rjett hjálparhönd. Þetta getur í sjálfa sjer ekki skoðast sem neinn galli á frumvarpinu, en það getur bakað stjórn bankans óþægindi og lántakendum vonbrigði, ef það skyldi sýna sig við reynsluna, að bankinn gæti alls ekki sint svo víðtækum lánveitingum vegna fjárskorts.

Og ákvæðin um lánhæðina »$^{3}/_{5}$« af virðingarverði virðast vera bygð á fullmikilli bjartsýni. Regla veðdeildarinnar mun hafa verið að lána út á jarðir

hálft virðingarverð þeirra, út á íbúðarhús á jörðum 1/4, út á hús í Reykjavík 2/5, út á hús í öðrum kaupstöðum 1/3, og út á hús í minni kauptúnum 1/4.

Þrátt fyrir þessa varúð hefir veðdeildin, eftir því sem ritari nefndarinnar upplýsir, oft orðið að vera hæstbjóðandi í eignirnar, og stundum orðið að selja þær aftur sjer í skaða.

Þetta liggur mest í því, hvað virðingarnar eru óábyggilegar í landinu og hve ábyrgðartilfinningu virðingarmanna er áfátt.

Ef byggja á sölu brjefa Ríkisveðbankans á sölu erlendis að einhverju leyti, sem til er ætlast í frumvarpinu, þá virðist sjálfsagt að binda hámark lánanna við 1/2 virðingarverðið.

Ef frumvarpi þessu verður vísað til stjórnarinnar til frekari íhugunar og umbóta, sem meiri hlutinn leggur til, þá virðist liggja nærri að íhuga, hvort eigi væri tiltækilegra að stofna sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, eins og þingsályktunartillagan virðist ætlast til, og aðra stofnun fyrir húseignamenn í kaupstöðum og verslunarstöðum, í líkingu við dönsku og þýsku lánsfjelögin (Kreditforeninger). Þessar stofnanir stofna stjettirnar sjálfar með sameiginlegri ábyrgð, og af því hver stjett fyrir sig á þessa stofnun, er hægara fyrir þær að koma veðbrjefum sínum út innan stjettarinnar, þó þau sjeu með lágum vöxtum. Brjefin verða þess vegna seljanlegri. Á þennan hátt ætti landbúnaðurinn að geta útvegað sjer ódýrari lán en þótt veðbanki væri stofnaður.

Þetta ætti að vera því tiltækilegra nú orðið, sem bændur hafa mjög almennt bundist ýmsum fjelagsskap, sem mundi gera samvinnu þeirra í þessu efni greiðari. Og slík lánsfjelög, t. d. Dana, eru hvarvetna skoðuð fyrirmynd í þessu efni.

Vel gæti þá komið til mála, að ríkissjóður legði fram einhverja fúlgu, til byrjunar varasjóðs fyrir slíkar stofnanir.

Þó það verði aðaltillaga meiri hlutans að vísa máli þessu til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, þá á hann ekki víst, að það verði samþykt.

Þess vegna leyfir meiri hlutinn sjer að koma fram með nokkrar breytingartillögur um atriði, sem við fljótan yfirlestur frumvarpsins virðast eftir kringumstæðunum betur fara. En vegna naumleika tímans getur vel verið, að meiri hlutanum hafi yfirsjest og að fleiru þyrfti að breyta. En áríðandi er að ganga vel frá veðbankalögum í *upphafi*, því örðugt er að breyta þeim síðar; það gera skyldur stofnunarinnar við þá, sem bankavaxtabrjefin kaupa. Þess vegna getur löggjöf eins og þessi ekki verið neitt flaustursverk.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, er það tillaga meiri hlutans, að málið sje afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin lítur svo á, að ekki sje tiltækilegt að stofna ríkisveðbanka af sjóðum þeim, er frumvarpið ráðgerir, og með því að ýmsar breytingar virðast vera æskilegar, en tími hins vegar alt of naumur til þess að gagnrýna það til hlítar, þykir deildinni rjett að vísa málinu til stjórnarinnar, til athugunar og framkvæmda, eftir því, sem hún sjer sjer fært vera, og tekur því fyrir næsta mál í dagskrá.

Ef háttv. efri deild sjer sjer eigi fært að samþykkja framanritaða dagskrá, leggur meiri hlutinn til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu, sem gerð verður grein fyrir í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr.
   Greinin orðist svo:
   Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi, þegar ríkisstjórnin sjer það fært.
2. Við 7. gr.
   a. Fyrstu 4 málsgreinarnar orðist svo:
   Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans, skal trygging fyrir bankanum vera:
   1. Varasjóður bankans.
   2. Stofnsjóður bankans.
   b. Fyrir »4« komi:
   3.
   c. Á eftir orðunum »Ef taka þarf til tryggingarinnar« komi:
   1—3.
3. Við 12. grein.
   a. Fyrir »$^3/_5$ hlutum« í 1. málsgrein komi:
   helmingi.
   b. Síðasta málsgrein falli burt.
4. Við 13. gr.
   2. málsgrein falli burt.
5. Við 14. gr.
   Fyrir »$^3/_5$« komi:
   helming.
6. Við 15. gr.
   Fyrir »$^3/_5$« í 2. málsgr. komi:
   helmingi.
7. Við 18. gr.
   a. Orðin í 6. línu að ofan »auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins« falli burt.
   b. Á eftir orðunum »veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna« komi:
   til veðlánsfjelagsins.
8. Við 22. gr.
   Á eftir orðunum »1% af veðskuldinni« í 3. málsgr. komi:
   eins og hún er á þeim tíma.
9. Við 25. gr. 4. málsgr.
   a. Orðin »$^1/_4$ og eigi hærra en« falli burt.
   b. Á eftir tölunni »$^3/_4$« komi:
   og eigi hærra en 1%.
   c. Síðasti málsliðurinn »Má tillagið« o. s. frv. falli burt.

10. Við 28. gr.
    a. 3. málsgr. falli burt.
    b. Orðið »og« á eftir orðunum »Bankinn má« í upphafi 4. málsgr. falli burt.
11. Við 29. gr.
    a. 3. málsgr. falli burt.
    b. Á eftir orðunum »ávaxtað í« í 4. málsgr. komi:
    innlendum ríkisskuldábrjefum.
12. Við 30. gr.
    Greinin falli burt.
13. Við 38. gr.
    a. 1. málsgr. orðist svo:
    Í stjórn bankans eru 2 bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Verði ágreiningur meðal bankastjóranna um eitthvert málefni bankans, sker sá endurskoðunarmaður bankans úr, er tilnefndur er af ráðherra.
    b. Við 2. málsgr.
    Fyrir orðin »einum eða fleirum« komi:
    öðrum eða báðum.
14. Við 39. gr.
    a. 1. málsgr. orðist svo:
    Bankastjórarnir ráða alla starfsmenn bankans og víkja þeim frá.
    b. 2. og 3. málsgr. falli burt.
15. Við 40. gr.
    a. 1. málsgr. orðist svo:
    Báðir bankastjórarnir skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skuldbindingar, sbr. þó 38. gr.
    b. Síðari málsgr. falli burt.
16. Við 41. gr.
    a. 1., 2. og 3. málsgr. orðist svo:
    Bankastjórar hafa að árslauuum 6000 kr. hvor, með verðstuðulsuppbót samkvæmt launalögum ríkisins.
    b. Fyrir orðin »Aðalbankastjóri má« í 5. málsgr. komi:
    Bankastjórarnir mega.
17. Við 42. gr.
    Á eftir orðunum »Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með« í 1. málsgr. komi:
    stjórn og.
18. Á eftir 44. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
    Með lögum þessum eru úr lögum numin öll lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Alþingi, 11. maí 1921.

Sigurður H. Kvaran, form.	Björn Kristjánsson, framsm.	Halldór Steinsson.

(A. I, 10).

Nd. **581. Frumvarp**

til laga um hlutafjelög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafjelag merkir í lögum þessum hvert það fjelag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiftum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiftingar með einhverjum hætti meðal fjelaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.

Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu.

Að því leyti sem sjerákvæði eru í lögum eða verða sett í lög um einstök hlutafjelög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hlutafjelögum einum er rjett og skylt að hafa orðið »hlutafjelag« í heiti sínu eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.

II. kafli.

Stofnun hlutafjelaga.

3. gr.

Nú vilja menn stofna hlutafjelag, og skulu þeir þá gera um það með sjer skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina:

1. Heiti fjelags og heimilisfang.
2. Í hvaða skyni fjelagið eigi að stofna.
3. Hversu mikið hlutafje sje ákveðið, hversu mikill hluti þess sje þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til.
4. Kostnað af stofnun fjelagsins, ef ætlast er til þess, að fjelagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum.

5. Hvort nokkrum hlutum í fjelaginu skuli sjerrjettindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stjett manna er áskilinn forgangsrjettur til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu.
6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur.
7. Hvort skorður sjeu reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabrjefa.
8. Hvort hlutabrjef skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa.
9. Hvort fjelagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sje ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í fjelaginu eða með öðrum hætti.
10. Hvort stofnendur áskilji sjer stöðu hjá fjelaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti.

Skjöl öll og samningar, er gerðir kunna að hafa verið vegna fjelagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi, annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er fjelagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamningi með framanskráðum hætti, eru fjelaginu óviðkomandi.

Frumvarp til samþykta handa fjelaginu skal fylgja stofnsamningi.

4. gr.

Allir, sem undirskrifa stofnsamning, skulu taldir stofnendur fjelags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um vilst.

Stofnendur mega ekki færri vera en 5. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í fjelaginu fyrir að minsta kosti 2000 kr. alls. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldu hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs fjelags eða til að eiga þær eignir, sem fjelaginu er ætlað að eignast.

5. gr.

Nú leggja stofnendur einir, eða með þeim, er kynni að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram alt hlutafjeð, og má þá stofna fjelagið, enda er því þá rjett að taka til starfa jafnskjótt sem samþyktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafjelag stofnað að eins að því tilskildu, að hlutafjeð fáist.

6. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlögum til fjelagsins. Á fundi þessum má setja fjelaginu samþyktir, en ekkert má í þær setja, er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sje jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþyktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim.

7. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í fjelagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbrjefi).

Í boðsbrjefi skal greina:

1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr.
2. Ákvæði samþykta, ef gerðar hafa verið, um atkvæðisrjett hluthafa.
3. Hverjir sjeu stjórnendur fjelags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr.
4. Hversu mikið af hlutafje sje þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti.
5. Hver upphæð hluta sje og gengi.
6. Hvar og hversu lengi kostur sje að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði sje sett þar um að öðru leyti.
7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fje en ákveðið var að safna.
8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun.
9. Hvar og hve nær stofnsamningur, samþyktir fjelagsins og önnur skjöl sjeu til sýnis.

8. gr.

Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbrjefs, ganga til að safna því hlutafje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaða frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn.

Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbrjefi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi.

Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður liðinn sje áskriftarfrestur, og er þá rjett að halda áfram hlutafjársöfnun í mánuði hina næstu, uns það hlutafje er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi.

9. gr.

Nú hefir hlutafjársöfnun tekist, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða, svo fljótt sem unt er, áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun fjelagsins til hlítar. Fjelagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rjett áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr.

Nú er fjelag löglega stofnað, og skal þá setja því samþyktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hjer, að því leyti sem þau eiga við.

III. kafli.

Skrásetning hlutafjelaga.

10. gr.

Eigi má hlutafjelag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast rjettindi á hendur öðrum mönnum með samningum, nje þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.

Eigi má skrásetja hlutafjelag fyrr en:

1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbrjefi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft.
2. Fjelagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr.
3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur.

Tilkynna skal fjelag til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskyldan hvílir á stjórn þess.

11. gr.

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelags er, sbr. 13. gr. Hlutafjelög skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti fjelagsins.
2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr.
3. Tilgang fjelagsins.
4. Dagsetning samþykta þess.
5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda.
6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
7. Hver eða hverjir hafa heimild til að skuldbinda fjelagið með samningum, þar á meðal ef að eins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sje hagað.
8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti.
9. Hvort hlutafjársöfnun sje lokið eða hvort hún haldi áfram.
10. Hversu mikið sje greitt af hlutafje og hve nær það sje kræft, sem ógreitt er.
11. Hvort hlutabrjef eigi að hljóða á nafn eða handhafa.
12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi.
13. Hvort nokkrir hluthafar skuli skyldir að þola lausn á hlutum sínum.
14. Hvort nokkrar hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á hlutabrjefum sínum.
15. Ákvæði samþykta um atkvæðisrjett hluthafa.
16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum.

b. Eftirrit af boðsbrjefi, ef það hefir verið gefið út.
c. Samþyktir fjelagsins í 2 eintökum.
d. Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum.

Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sje hagað.

13. gr.

Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafjelag setur útibú, skal einnig skrásetja fjelagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða hverjir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibú er í sama lögsagnarumdæmi skal að eins tilkynna, að útibúið sje sett og hver skuldbindi fjelagið vegna útibúsins.

14. gr.

Nú verður samþyktum hlutafjelags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar. Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskifti, nema maður taki sjer bólfestu utanlands. Ef hlutafjelag skiftir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar.

15. gr.

Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu.

Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það.

16. gr.

Nú telur einhver rjetti sínum hallað með skrásetningu hlutafjelags, og er honum þá rjett að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn fjelagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafjelagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr.

17. gr.

Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi.

Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

18. gr.

Um firmu hlutafjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

19. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.

Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

20. gr.

Hver, sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr. Ef brestur verður á þessu, ber honum að svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rjett greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn fjelags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru rjettir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi fjelagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12. gr. 2. tölul.

Nú telur áskrifandi rjetti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir.

21. gr.

Stjórn hlutafjelags, eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafje. Bráðabirgðaskírteini skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sje, hvað eftir standi og hve nær það megi heimta.

Þess skal enn fremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið:

a. Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forrjettindi.
b. Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum.
c. Að hömlur sjeu lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabrjefa.

Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á.

22. gr.

Hlutabrjef má ekki gefa út fyrr en fjelag er skrásett og hlutur að fullu greiddur.

Í hlutabrjefi skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hlutar.
3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a—c segir, að því leyti sem við á.
4. Dagsetning samþykta.
5. Tölu (númer) brjefsins.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabrjef. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabrjefi.

23. gr.

Stjórn fjelags skal halda skrá yfir hlutabrjef í framhaldandi töluröð, og skal þar greina:

1. Útgáfudag hvers hlutabrjefs.
2. Til handa hverjum hlutabrjef var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, fjelags eða stofnunar.
3. Nafnverð brjefs.
4. Eigandaskifti, ef þau hafa verið tilkynt.
5. Forrjettindi, er kunna að fylgja brjefi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum.
6. Þær breytingar, er verða kunna á skiftum fjelags og eiganda brjefsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á brjefi, ef fjelagið leysir brjef til sín o. s. frv.

24. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum fjelagsins.

25. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn fjelagsins þá undirrita boðsbrjefið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir, um það, hvort eldri hluthöfum sje áskilinn forgangsrjettur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann.

Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skifti fjelags og áskrifenda gilda eftir því sem við á.

26. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið minkun hlutafjár.

Ef hlutafje á að minka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum fjelags eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sje það ekki skylt eftir löglegri fjelagssamþykt, tilkyntri 12 mánuðum áður hlutafjárminkun sje samþykt, þá skal stjórn fjelagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun, með 6 mánaða fyrirvara, til lánardrottna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum áður

frestur sá sje liðinn. Eigi má greiða hluthöfum nje leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn nje heldur fyrr en viðurkendar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþyktum kröfum. Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðiljar hlíta því mati.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sje sannað, að fjelagið eigi fyrir skuldum á því bili, sem hlutafjárminkun er lokið.

Fjelagsstjórnin skal kveðja hluthafa, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara, til að gefa sig fram með hlutabrjef sín eða bráðabirgðaskírteini, til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skifta um hlutabrjef. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabrjef og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðun þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabrjef eða bráðabirgðaskirteini með formrjettri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrests, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu brjefa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða brjef hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabrjef, ef hlutafjárminkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega.

Ef eigandaskifti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu brjefi, eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess að eins rjett til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 1. málsgr., og til að taka við nýju brjefi, ef því er að skifta.

Nú greiðir stjórnin verð hluta, eða leysir menn undan greiðsluskyldu, gagnstætt fyrirmælum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr., og ábyrgjast þá stjórnendur, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir fjelagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða. Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið, og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelagsins. Nú brýtur fjelagsstjórn fyrirmæli 2. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök.

27. gr.

Ákvörðun um minkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt.

28. gr.

Hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskirteini til tryggingar, eða lána út á þau.

Eigi má hlutafjelag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafje sínu, nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign fjelags í hlutabrjefum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sjerstökum lið í efnahagsreikningi þess.

Fjelagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sje um mælt í samþyktum fjelagsins.

29. gr.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelags mæli öðruvísi.

Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum. Enginn hluthafi getur þó átt eða farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.
f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, sem hlutum í fjelaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreiknig svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sjerstaka sjóði til tryggingar greiðslu arðs af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sannprófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hluta-

brjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

VI. kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slita skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslit-

um stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfanum hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigandaskifti að hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2.—6. málsgr., eftir því sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstakur maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýs-

ingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

VII. kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar. Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal enn fremur fylgja:

1. Vottorð þar um bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að viðskifti þess hjer fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess. Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta, þegar er hann veit um það, til hluthafaskrár og skiftarjettar þar, sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.
2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskirteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum, alt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þiggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða strika erlent fjelag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglustjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal

þá eigi slita fjelagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstaða, fer um fjelagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir.

Mál út af þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau, er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður, ... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2 kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skrásetning hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

(A. I, 11).

Nd. **582. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hlutafjelög.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 29. gr.

Aftan við fyrri málsgrein bætist:

Í samþyktum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr.

2. Við 31. gr.

Í stað orðanna »Enginn hluthafi ..... í fjelaginu« komi:

Í samþyktum má ákveða, að enginn hluthafi geti farið með meira en 1/5 samanlagðra atkvæða í fjelaginu.

(B. XXXV, 9).

Nd. **583. Lög**

um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur. Skulu 3/4 hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en 1/4 hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti, eftir eigin ósk í einstök skifti, vinni lengur í senn en þar er um mælt.

3. gr.

Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

4. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(B. XXXII, 8).

Ed. **584. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

Fyrir »í einu« í 2. málsl. 2. málsgr. komi:
á ári.

(B. XXIII, 3).

Nd. **585. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Björn Hallsson.

Fyrir orðin »leiguliðaafnot ... ... styttri tíma« komi:

leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, svo sem slægjuafnot og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Eigi má þó útsvar leggja á slægjuafnot þeirra utanhreppsbúa, er heima eiga í sama lögsagnarumdæmi, ef þeir nota heyaflann eingöngu til framfærslu eigin búpeningi.

(B. I, 5).

Nd. **586. Lög**

um sölu á prestsmötu.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin, þannig að 5% af verðhæð-

inni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti $^1/_{10}$ hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. X, 5)

Ed. **587. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu, eða í skipum, sem stunda síldveiðar í landhelgi, þótt síldin sje eigi flutt í land. Enn fremur nær gjaldið til síldar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

Endurgreiða má hjer búsettum ríkisborgurum og öðrum hjer búsettum mönnum, er sama rjett hafa að lögum, $^2/_3$ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár líður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs

miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er $^1/_2$ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra þar, sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum bleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin bleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

(A. XXV, 7).

Ed. **588. Lög**

um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

I. Um mælingar bæja.

1. gr.

Í öllum íslenskum kauptúnum og sjávarþorpum, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, skal mæla vandlega höfnina, alt svæðið, sem kauptúnið er bygt á, og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi vexti kauptúnsins í næstu 50 árin. Eftir mælingum þessum skal síðan gera uppdrátt af höfninni, bænum og nágrenni hans. Undanþegnir eru þó þeir bæir, sem áður hafa látið mæla land sitt og gera uppdrætti af því, sem fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í 5. gr. Þá má og undanfella að mæla höfnina, ef sæmilegir uppdrættir eru til af henni, eða hvorki eru líkindi til þess að hún verði endurbætt, henni lokað eða hafskipabryggja gerð, nje útvegur geti eflst í bænum á næstu áratugum.

2. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ annast mælingarnar og lætur gera uppdrættina, en verkið skal unnið af mælingarfróðum mönnum, sem stjórnarráðið samþykkir og telur hæfa til þess. Það getur krafist þess, að verkfræðingur leysi verkið af hendi, sjerstaklega ef bærinn er fjölmennur eða mælingin vandasöm.

3. gr.

Allur kostnaður við mælingar og uppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður, með hæfilegum fyrirvara, hve nær byrjað skuli á mælingum, og um leið hve nær uppdráttum skuli lokið í hverjum bæ og hve nær eftirrit af þeim og lýsingum, sem þeim fylgja, skuli send stjórnarráðinu.

5. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um mælingarnar og hversu uppdrættir skuli gerðir, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi skilyrðum:

a. Mælikvarði sje eigi minni en 1:1000. Rjettar áttir (hánorður) sjeu sýndar.
b. Á uppdrættina skulu markaðar allar byggingar og helstu mannvirki, sem bygð eru þegar uppdráttur er gerður, allar útmældar lóðir, bryggjur, götur og vegir, vatnsból, vatnsveita og frárenslispípur neðanjarðar, opin ræsi og síma- og rafmagnsleiðslur.
c. Mishæðir á landi skulu sýndar með hæðarlínum frá ákveðnu sjávarmáli, og ákveður stjórnarráðið, hve þjettar þær skulu vera í hverjum bæ.
d. Jarðveg skal merkja með litum eða glöggum merkjum, svo sjá megi, hvað ræktað er og hvernig (tún, garðar), og hversu óræktaða landið er (klappir, sandur, móar, mýrar). Þá skal annaðhvort sýnt á uppdráttum eða í lýsingum, er þeim fylgja, hverjum hlutum svæðisins kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar, snjóflóða og því um líkt.
e. Uppdráttunum skulu fylgja skriflegar skrár eða lýsingar, svo sem mælt verður fyrir í reglugerð (skrá yfir götur, lóðir og því líkt), sem gefi glöggar upplýsingar um öll mikilvæg atriði, er snerta ástand og skipulag bæjarins, að svo miklu leyti sem uppdrættir bera það ekki með sjer.

6. gr.

Vanræki bæjarstjórn eða hreppsnefnd að framkvæma mælingarnar á þeim tíma og á þann hátt, sem stjórnarráðið hefir mælt fyrir um hvern bæ, eða ljúka uppdráttum og lýsingum í tæka tíð, er stjórnarráðinu heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi kauptúns.

II. Um skipulagsuppdrætti.

7. gr.

Skipulagsuppdrætti skal gera yfir öll íslensk kauptún og sjávarþorp, sem hafa 500 íbúa eða fleiri. Uppdrættir þessir skulu sýna skipulagsbreytingar á bygða svæðinu og fyrirhugað skipulag á eigi minna af óbygða bæjarstæðinu en ætla má að nægi 50 ára vexti bæjarins, enn fremur fyrirhugað skipulag á höfn og aðalbryggju, nema undanfelt hafi verið að mæla höfnina samkv. heimild síðast í 1. gr.

8. gr.

Ríkisstjórnin annast alla framkvæmd á skipulagsuppdráttum. Hún lætur sjerfróða menn (húsameistara, verkfræðinga) gera uppdrættina, í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ, helstu atvinnurekendur bæjarins, heil-

brigðisnefnd, ef til er, og hjeraðslækni. Hún getur og boðið til samkepni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt, eða líkindi eru til þess að bærinn vaxi hraðfara.

9. gr.

Stjórnarráðið ákveður á ári hverju, hvar gera skuli skipulagsuppdrætti og hve nær þeim skuli lokið.

10. gr.

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

11. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um alla gerð skipulagsuppdrátta, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi atriðum:

a. Markað sje fyrir allri hagnýtingu bæjarstæðisins, fiskreitum utanbæjar og öðru landi, sem nauðsynlegt kann að vera fyrir atvinnurekstur bæjarins.
b. Á bæjarstæðinu skal glögglega sýnd skifting bygðar, hvar hús skuli bygð samstæð, hvar í sundurlausum röðum og hvar dreyfð í smáhýsi. Þá skal og sýnt, hvar byggja megi þrílyft hús eða hærri, ef ráð er fyrir þeim gert. Þá skal og eigi að eins markað fyrir götum, heldur og fremri og aftari húsalínum, torgum, leikvöllum og því líku. Á sjerstökum uppdrætti eða uppdráttum skal sýna skipulag frárenslis og vatnsveitu, að svo miklu leyti, sem gert er ráð fyrir slíkum mannvirkjum.
c. Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu bæjarbúa, heilbrigðis- og þrifnaðarnauðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar bæjarins. Sjerstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helstu byggingum sje smekklega skipað, að götur sjeu ekki með lengdarbungum, hafi hæfilegan halla og lokist á smekklegan hátt. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli lárjettrar línu neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sje eigi meira en 26°, nema skipulag bygða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en ætíð skal miðað við þá húshæð, sem skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. Þá skal og leitast við, að breytingar á bygða svæðinu skerði ekki óþarflega hagsmuni lóðareigenda.
d. Mælikvarði skipulagsuppdráttar skal eigi minni en 1 : 2000.
e. Skipulagsuppdrætti skal fylgja skrifleg lýsing, sem skýri frá öllum helstu atriðum, sem varða skipulagið og eigi eru auðsæ af uppdráttum, eftir því, sem reglugerð um uppdrætti ákveður.

Þar sem um smáþorp er að ræða, og lítil líkindi þykja til að þau taki fljótum framförum, skal þó stjórnarráðinu heimilt að ákveða, að uppdrættirnir sjeu nokkru einfaldari en hjer er gert ráð fyrir.

12. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst, og uppdrátturinn, ásamt lýsingu, hafður almenningi í bænum til sýnis, eigi skemur en 1

vikur. Eigendum þeirra húsa eða lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega, skal auk þess send skrifleg tilkynning um það samtímis. Skulu þeir hafa sent athugasemdir sínar eða mótmæli til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar áður en sýningarfrestur er á enda. Þegar honum er lokið og leitað hefir verið álits byggingar- og veganefnda, þar sem slíkar nefndir eru skipaðar, ræðir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málið og afgreiðir það, með tillögum sínum og athugasemdum, til stjórnarráðsins, ásamt þeim skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, eða eftirrit af þeim.

13. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

14. gr.

Áður en skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, skal það hafa skipað 3 manna skipulagsnefnd í Reykjavík, sem sje stjórninni til aðstoðar, er dæma skal um skipulagsuppdrætti. Í nefndinni skal eiga sæti einn fulllærður húsameistari, sem átt hefir kost á að kynna sjer sjerstaklega skipulag erlendra bæja, einn verkfræðingur og kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann.

Nefndin er skipuð til 5 ára, en heimilt er að skipa sömu menn á ný í nefndina.

Stjórnin ákveður hæfilega þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Þóknun til nefndarmanna og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Jafnóðum og skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, sendir það þá, ásamt fylgiskjölum, skipulagsnefnd þeirri, sem ræðir um í 14. gr. Skal hún athuga vandlega öll atriði skipulagsins og sjerstaklega allar þær breytingartillögur og athugasemdir, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir senda með uppdráttunum, og síðan gera rökstuddar tillögur um, á hvern hátt hún álítur skipulagi hvers bæjar best ráðið til lykta. Tillögunum skulu fylgja uppdrættir, þar sem þess kann að vera þörf.

16. gr.

Hafi skipulagsnefnd gert breytingar á skipulagsuppdrætti einhvers bæjar, skal stjórnarráðið senda þær bæði þeim, sem skipulagsuppdráttinn gerðu, og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til umsagnar. Þá er leitað hefir verið endanlegra tillagna skipulagsnefndar, staðfestir stjórnarráðið skipulagsuppdráttinn, ef það sjer sjer það fært, óbreyttan eða með þeim breytingum, sem það álítur, að til bóta sjeu, og fær hann þá gildi sem lögmæt samþykt fyrir bæinn, þegar er hann hefir verið opinberlega auglýstur.

17. gr.

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar sjeu þar færri en 500, ef hreppsnefnd

óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögu um það og stjórnarráðinu þykir sjerstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum yfir kauptún, svo og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

III. Um breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því.

18. gr.

Ef eldur eyðir mörgum húsum samtímis í kauptúni eða sjávarþorpi, skal bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) tafarlaust athuga, hvort ekki sje ástæða til þess að gera skipulagsbreytingar á brunasvæðinu, og tilkynna stjórnarráðinu álit sitt og óskir um það.

Hvort heldur sem bæjarstjórn æskir skipulagsbreytingar eða ekki, skal leita umsagnar skipulagsnefndar um málið.

Síðan úrskurðar stjórnarráðið, hvort breyta skuli skipulaginu eða ekki.

19. gr.

Nú vill bæjarstjórn færa út bæjarstæðið, eða að einhverju leyti breyta því skipulagi, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti, og skal hún þá senda stjórnarráðinu beiðni um það, ásamt uppdráttum og upplýsingum, sem sýni ljóslega, hverrar breytingar er óskað og hver nauðsyn beri til hennar. Stjórnarráðið úrskurðar, hvort breyta skuli skipulaginu eða auka það, eftir að það hefir fengið umsögn skipulagsnefndar um málið.

20. gr.

Nú hefir stjórnarráðið úrskurðað, að breyta skuli skipulagi bæjar eða auka það, og skal þá, er um mikilvægar skipulagsbreytingar er að ræða, haga framkvæmdum svo sem mælt er fyrir í 8. og 10.—15. gr. Smávægilegar breytingar staðfestir stjórnarráðið, ef meiri hluti skipulagsnefndar fellst á tillögur bæjarstjórnar. Allar skipulagsbreytingar skulu auglýstar opinberlega, nema þær sjeu svo lítilfjörlegar, að þær snerti að eins hagsmuni fárra manna. Ef svo er, nægir að bæjarstjórn tilkynni þær brjeflega þeim, sem hlut eiga að máli.

21. gr.

Skylt skal öllum bæjarstjórnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, sem lúta að skipulagi bæjarins, og auka þá eða breyta þeim, jafnóðum og bygðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá, hversu bærinn er bygður og öll veruleg mannvirki, sem gerð hafa verið.

22. gr.

Stjórnarráðið felur húsameistara eða öðrum manni, sem það telur hafa nægilega sjerþekkingu á skipulagi bæja, að hafa eftirlit með byggingu hvers kauptúns, sem skipulagsuppdráttur er samþyktur fyrir, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Hann skal rannsaka vandlega, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega hlýtt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og lagfærðir, svo sem vera ber. Í

þeim bæjum, þar sem ekki er völ á hæfum manni til þess starfs, skal það framkvæmt af eftirlitsmanni stjórnarinnar. Á ferðum sínum skal eftirlitsmaður eftir föngum leiðbeina byggingarnefndum og bæjarstjórnum um allt, er að skipulagi lýtur. Að lokinni eftirlitsferð gefur hann stjórnarráðinu skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

Kostnað við eftirlitið skal greiða úr ríkissjóði.

23. gr.

Nú kemur það í ljós við eftirlit eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin, og skal þá stjórnarráðið gera tafarlausa gangskör að því, að mannvirki þau, sem tvímælalaust fara í bága við skipulagið (svo sem bygt fyrir götu eða á svæði, sem ákveðið var, að skyldi vera óbygt), sjeu rifin niður, nema um bráðabirgða-mannvirki sje að ræða, t. d. byggingu eftir bæjarbruna, sem stjórnarráðið hefir fallist á.

Kostnað þann, sem af slíkum breytingum leiðir, og skaðabætur skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

IV. Um eignarnám og skaðabœtur.

24. gr.

Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms.

25. gr.

Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sje tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því að eins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað í verðmæti.

26. gr.

Hafi hús eða lóð rýrst svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til byggingar, getur eigandi krafist, að öll fasteignin sje keypt eftir mati. Þá getur og bærinn krafist þess, að honum sjeu seldar, eftir mati, afklippur af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar.

27. gr.

Nú hefir skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingareitum, að þær verða óhentugar til afnota; þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiftingu á reitum. Ef samkomulag næst ekki, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd krafist þess, að ný lóðaskifting sje gerð, svo framlega sem $^2/_3$ eigenda eru því samþykkir og skipulagsnefnd styður málið.

28. gr.

Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði, nema um yfirmat sje að ræða. Þó verður eigi krafist, að skaðabætur sjeu greiddar fyr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

29. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld málsgrein A. og B. í 6. gr. laga nr. 19, 20. okt. 1905, um byggingarsamþyktir.

(A. I, 12).

Nd. **589. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 582 (Hlutafjelög).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við 2. Fyrir »1/5« skal koma:
1/3.

(A. XXVIII, 5).

Nd. **590. Lög**

um bifreiðaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 8 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

(C. XXIV, 2).

Ed. **591. Þingsályktun**

um ábúð jarða.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi endurskoðaða ábúðarlöggjöf, og í sambandi við það athuga, hvort ekki sje tiltækilegt að lögleiða erfðaábúð á jörðum, sem eru ríkiseign.

(A. XLV, 4).

Nd. **592. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Við 2. gr.
Greinin falli burt.
2. — 3. —
Greinin orðist svo:
Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. gr., úr ríkissjóði, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra.

(B. LVIII, 3).

Nd. **593. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (þingskjal 430).

Frá fjárveitinganefnd.

Við 7. gr.
Síðari málsliður orðast svo:
Þó fá þeir kennarar við Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann, er settir voru haustið 1920, ekki launabætur þessar fyr en þeir verða skipaðir fastir kennarar.

(B. III, 7).

Nd. **594. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, hefir nefndin athugað og komist að þeirri niðurstöðu að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Að vísu voru innan nefndarinnar nokkuð skiftar skoðanir um frumvarpið, en meiri hlutinn leit svo á, að hugsun sú, er frumvarpið grundvallast á, væri þess verð, að hennar vegna væri ekki ótyrirsynju að láta það ná fram að ganga, þrátt fyrir það, þó það hafi allmikinn útgjaldaauka fyrir ríkissjóð í för með sjer.

Alþingi, 12. maí 1921.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Hákon J. Kristófersson, framsögumaður.
Sveinn Ólafsson.	Jakob Möller.	Þorl. Guðmundsson.

Þórarinn Jónsson.

(B. LVI, 5).

Nd. **595. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 10. gr.

Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50000 krónum.

(B. XVIII, 5).

Ed. **596. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og heimilar hreppsnefndinni í Hólshreppi að láta taka eignarnámi landspildu á Bolungarvíkurmölum. Frv. þetta er flutt af hv. þm. Norður-Ísafjarðarsýslu, eftir beiðni hreppsnefndar Hólshrepps. En meðan málið hefir verið á ferðinni í þinginu, hafa komið óskir frá ýmsum mönnum í Bolungarvík um, að málinu yrði frestað, og virðast óskir þessar bygðar á því:

1. Að eigendaskifti á landspildu þessari muni á allmörgum næstu árum ekki geta orðið til hagsmuna fyrir Hólshrepp, heldur muni þau leiða til óhagfeldari kjara fyrir sjómenn og útgerðarmenn í Bolungarvík, þar sem lóðir og malartaka muni hækka við eignarnámið.

2. Að eignarnám þetta mundi leiða til stóraukinna fjárframlaga og útgjalda fyrir Hólshrepp.

Í annan stað liggur fyrir í málinu brjef frá biskupi, þar sem hann mælist til, að rjettindi Vatnsfjarðarkirkju verði undanskilin eignarnámi, en frv. er orðað þannig, að einnig er heimild til þess. Þessi tilmæli biskups eru rökstudd við ítarlegt álit frá prófastinum í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann skýrir svo frá, að Vatnsfjarðarkirkja, sem á helming vertolla af ofangreindum mölum, hafi nú um 600 kr. í tekjur af þeim, og gerir prófastur ráð fyrir, að tekjur þessar muni í framtíðinni vaxa að stórum mun. Það er því auðsætt, að prófastur, sem hefir hag landssjóðs fyrir augum, telur, að hjer sje um verðmæta framtíðareign að ræða.

Þrátt fyrir mótmæli þau, sem komin eru frá ýmsum íbúum Bolungarvíkur, telur nefndin, að miklar líkur sjeu fyrir því, að hyggilegt sje fyrir Hólshrepp að kaupa umrædda landspildu, sem nú mun að mestu eign erlendrar verslunar, og er auðsætt, að verðmæti hennar og von um aukið verðmæti hennar byggist á því, að hún liggur við brimbrjótinn, sem landssjóður hefir lagt mikið fje í og mikil lendingarbót er að. Nefndin getur fallist á það, að líkur sjeu fyrir því, að landssjóði væri meiri hagur að því að halda rjettindum sínum en selja þau nú, en nefndin vill þó ekki ráða hv. deild til að undanskilja þau frá sölunni, þar sem sveitarfjelag á hjer hlut að máli, sem mun leika mikill hugur á því að halda áfram lendingarbótum hjá brimbrjótnum, en það mundi hafa mikil fjárframlög í för með sjer, og því sanngjarnt, að hreppurinn njóti einn ágóðans af þeim lendingarbótum, er hann kann að gera framvegis á þessum stað, en hins vegar gerir nefndin ráð fyrir, að rjettindi landssjóðs verði sanngjarnlega metin, ef eignarnám fer fram. Rjett er og að taka fram, að allar bætur, sem hreppurinn kynni að gera á lendingunni, koma landssjóði óbeinlínis til tekna, þar sem hjer er um mjög fiskisælt kauptún að ræða. Samkvæmt þessu mælum vjer með því, að frv. verði samþykt óbreytt, enda auðvitað, að það er á valdi hreppsnefndar, hvort hún vill nota heimildina eða ei.

Alþingi, 12. maí 1921.

Sigurj. Friðjónsson, formaður.	Sig. Eggerz, fundaskrifari og ritari.	Jóh. Jóhannesson.

(B. LIII, 9).

Nd. **597. Breytingartillögur**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. Við 1. gr.
Fyrir »Landsbankinn« í annari línu komi:
ríkissjóður.

2. Við 2. gr.
   Greinin falli niður.
3. Við 3. gr.
   Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
4. Við 4. gr.
   a. Fyrir »1%« í b-lið komi:
   2%.
   b. c-liðurinn orðist svo:
   Ef seðlaútgáfan er yfir 7 og alt að 8 milj. kr., skal af þeim hluta 8. miljónarinnar, sem ómálmtrygður er samkvæmt fyrirmælum 1. gr., greiða 1% lægri vexti en bankinn tekur sjálfur af útlánum, af 9. miljóninni, eða þeim hluta hennar, sem ómálmtrygður er, og því, sem þar er fram yfir, greiðast fullir forvextir bankans.
5. Við 5. gr.
   Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Má enn fremur áskilja, að endanlegt mat hlutabrjefanna skuli fram fara eftir 2 ár, frá því er ríkissjóður leggur fram hlutafjáraukann.
6. Við 6. gr.
   Aftan við greinina komi ný grein (er verður 5. gr.), svo hljóðandi:
   Takist ekki samningar um hlutafjáraukningu bankans, samkv. 4. gr., skal bankinn draga inn alla seðla sína á tímabilinu frá 1. maí 1922 til enda leyfistíma síns, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð seðlanna sje tekin úr viðskiftaveltu á ári hverju, og hverfur seðlaútgáfurjettur sá, sem þannig losnar, jafnóðum til ríkissjóðs.

(A. XLI, 17).

Nd. **598. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

I. Frá *fjárhagsnefnd.*

1. Við 2. gr.

a. tölul.	1.	Fyrir »270000« (Fasteignask.) komi	kr.	210000
b.	—	2.	Fyrir »650000« (Tekju- og eignarsk.) komi ...	—	700000
c.	—	5.	Fyrir »100000« (Vitagjald) komi	—	140000
d.	—	8.	Fyrir »200000« (Áfengistollur) komi	—	250000
e.	—	9.	Fyrir »500000« (Tóbakstollur) komi	—	600000
f.	—	11.	Fyrir »1000000« (Vörutollur) komi	—	1200000
g.	—	17.	Fyrir »800000« (Símatekjur) komi	—	1000000

Aftan við greinina bætist nýr liður:

Tóbakseinkasala	150000

2. Við 3. gr.
   4. tölul. (Tekjur af skipum) falli burt.
3. Við 4. gr.
   1. og 2. tölul. falli burt, en í staðinn komi:
      1. Tekjur af bönkum ... ... kr. 250000

II. Frá *fjáveitinganefnd.*

1. Við 12. gr. 10.
   Nýr liður:
   Styrkur til Axarfjarðar-, Fjalla- og Presthólahreppa, til að vitja læknis ... ... — 600
   Styrknum skal skift milli hreppanna eftir tillögum sýslunefndar. Þegar læknir sest að í Axarfjarðarhjeraði, fellur styrkurinn niður.
2. Við 12. gr. 26. k.
   Nýr liður:
   Til væntanlegs berklavarnarfjelags ... ... — 5000
3. Við 12. gr. 27.
   Liðurinn verður þannig:
   a. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna kr. 30000
   b. Dýrtíðaruppbót ... ... — 10000
   ——————— — 40000

III. Frá *Birni Hallssyni.*

Við 13. gr. B. III. 6.
Nýr liður:
Hróarstunguvegur ... ... — 15000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 13. gr. C. 1. (Strandferðir).
   Fyrir »300000« kemur ... ... — 200000
2. Við 14. gr. A. b. 5. (Húsabætur prestak.).
   »6%« í aths. verður 4%.
3. Við 14. gr. A. b. 6. (Viðbót við eftirlaun).
   Fyrir »8000« kemur ... ... — 10000
4. Við 14. gr. B. XII. 1. c. (Námsstyrkur sveitastúlkna).
   Fyrir »600« kemur ... ... — 1000
5. Við 14. gr. B. XIII. 3. (Byggingarstyrkur barnaskóla).
   Liðurinn orðast svo:
   Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, í kauptúnum og sjávarþorpum og heimavistarskóla í sveitum o. s. frv.

V. Frá *Stefáni Stefánssyni.*

Við 14. gr. XIII. 3.
Athugasemd aftan við liðinn:
Af þessari upphæð má veita Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu styrk til farskólabyggingar.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 14. gr. B. XIV. a. (Lýðskólar).
Á eftir »ríkissjóðsstyrksins« kemur:
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu.
2. Við 14. gr. B. XIX. d.
Fyrir »Brands« kemur:
Guðbrandsdóttur.
3. Við 15. gr. 3. e. (Kaup á listaverkum).
Fyrir »3000« kemur ... ... kr. 4000
4. Við 15. gr. 3. e.
Nýr liður:
Til að semja skýrslur um safnið frá 1876 ... ... — 300
5. Við 15. gr. 4. (Náttúrufræðifjel.).
Fyrir »2500« kemur ... ... — 2000
6. Við 15. gr. 13. (Fornbrjefasafn).
»jafnóðum« fellur aftan af aths.
7. Við 15. gr. 23. (Þórb. Þórðarson).
Liðurinn fellur niður.
8. Við 15. gr. 25. (Bj. Sæm.).
Fyrir »2000« kemur... ... ... — 1500
9. Við 15. gr. 51. (Einar Jónsson).
Fyrir »Listasafnsins« kemur:
listasafns síns.
10. Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Aftan við aths. kemur:
og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.
11. Við 16. gr. 17.
Nýr liður:
Til Þórdísar Ólafsdóttur frá Fellsenda, til þess að halda uppi í Dalasýslu kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum ... ... — 500
12. Við 16. gr. 42. (Þór).
Fyrir »30000« kemur ... ... — 40000

VII. Frá *Eiríki Einarssyni.*

Við 16. gr. 44.
Nýr liður.
Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri ... ... - 1800

VIII. Frá *Einari Þorgilssyni.*

Við 18. gr. II. e. 11. (Janus Jónsson).
Í stað »500« komi ... ... — 720

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. f. 6.

Nýr liður.

Til Daníels Jónssonar ... . kr. 200

X. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 22. gr.

Greinin falli burt.

(B. LVI, 6).

Nd. **599. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Aftan við 9. grein bætast tvær nýjar greinar, sem verða 10. og 11. grein:

a. 10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmd þessara laga að nokkru leyti eða öllu, ef hún telur það nauðsynlegt.

b. 11. gr.

Ákvæði þessara laga taka eigi til þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

Greinatalan breytist eftir þessu.

(B. XXVI, 7).

Nd. **600. Breytingartillaga**

við frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

11. gr. falli burt.

(B. LXIV, 1).

Nd. **601. Frumvarp**

til laga um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Áður en liðinn er mánuður frá staðfestingu laga þessara skal sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gefa út áskorun til allra þeirra, er telja sig eiga hlutbundin rjettindi yfir fasteignum í þeirri sýslu, þar á meðal rjettindi yfir húsum, sem standa kunna á landi annars manns eða lóð, um að tilkynna þau innan 18 mánaða frá útkomudegi þess eintaks Lögbirtingablaðsins, sem flytur áskorunina fyrsta skifti, á skrifstofu sýslumanns og skila þangað skjölum þeim, sem í 3. og 4. gr., sbr. 7. gr., segir, enda hafi þau skjöl ekki verið afhent á skrifstofu sýslunnar eftir 12. nóv. 1920.

2. gr.

Áskorun samkvæmt 1. gr. skal birta í Lögbirtingablaðinu, og auk þess í 2 blöðum, sem gefin eru út í Reykjavík, og í 1 blaði í hverjum hinna kaupstaðanna, þar sem blað eða blöð eru gefin út, þegar birta á áskorun. Birta skal áskorun þrisvar sinnum í hverju blaða þessara, með 3 mánaða bili milli hverrar birtingar. Enn fremur skal festa áskorun upp í þinghúsi hvers hrepps í sýslunni.

3. gr.

Jafnskjótt sem skjöl þau, sem í 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., segir, berast á skrifstofu sýslunnar, skal sýslumaður rita á þau vottorð um móttöku þeirra. Svo skal hann og rita hjá sjer athugasemd um tilkynningar um rjettindi, sem engin skjöl fylgja. Að liðnum 18 mánaða frestinum, samkvæmt 1. gr., skal sýslumaður gera afsals- og veðmálabækur af nýju, eftir gögnum þeim, sem honum hafa borist og þinglýst hefir verið fyrir 12. nóv. 1920 eða þinglýst verður eftir þann tíma, sbr. 10. gr., samkvæmt gildandi lögum, og geta þess við hvert skjal og tilkynningu, bæði í afsals- og veðmálabók og registrum, með skírskotun til laga þessara, hve nær því eða henni var veitt móttaka.

4. gr.

Sönnun fyrir eignarrjetti að fasteign skal færa með afsalsbrjefi eða öðrum skjölum, sem í þess stað koma, ef þess er kostur. Nú er það ekki unt, og getur þá vottorð sýslumanns um það, að eignin sje vitanlega eign aðilja, komið í stað heimildarskjals, enda skal skrá vottorðið í afsals- og veðmálabækur og geta þess í registrum. Nú er hvorugra þessara gagna kostur, og er aðilja þá rjett að leita eignardóms að eigninni, og skal mál í því skyni fara eftir fyrirmælum 9. og 10. gr. laga nr. 46, 10. nóv. 1905, að undanteknum sjerstöku ákvæðunum í greinum þessum um hefð.

5. gr.

Nú telur maður sig hafa takmörkuð hlutbundin rjettindi yfir fasteign, og skal hann þá sanna þau með frumriti skjals þess, sem rjettindin hafa verið skráð á, ef grundvallarreglur tilsk. 9. febr. 1798 og laga nr. 18, 4. nóv. 1887, 7. gr., taka til þess. Ef rjettindin hafa verið skráð á skjal annars eðlis, má sanna þau með eftirriti, staðfestu af þar til hæfum embættismanni. Ef skjal telst glatað, er rjett að leita ógildingardóms, svo sem lög mæla, og verður þá sá dómur heimildarskjal. Nú verður ekki svo með farið, og er aðilja þá rjett að höfða mál gegn eiganda fasteignar eða öðrum, sem vefengir rjett hans, til viðurkenningar rjettindum sínum, og kemur viðurkenningardómur þá í stað heimildarskjals.

6. gr.

Rjettindi þau, er þinglýsa þarf að lögum og aðili hefir ekki haldið við lögum þessum samkvæmt, með því að tilkynna eignarrjett sinn eða fá vottorð sýslumanns um hann samkvæmt 4. gr., með því að skila skjali samkvæmt 4. og 5. gr. eða taka út stefnu til ógildingardóms, eignardóms eða viðurkenningardóms, samkvæmt sömu greinum, áður en liðinn er 18 mánaða fresturinn eftir 1. gr., skulu víkja fyrir rjettindum, sem stofnuð voru fyrir 12. nóv. 1920 og haldið hefir verið við lögum þessum samkvæmt, nema sannað verði, að eigendur rjettindanna hafi vitað um rjettindi þau, er ekki hefir verið haldið við með ofannefndum hætti. Um innbyrðis afstöðu rjettinda, sem ekki hefir verið haldið við samkvæmt lögum þessum og þinglýsa þarf, og um afstöðu þeirra gagnvart slíkum rjettindum, stofnuðum eftir 12. nóvember 1920, fer samkvæmt tilsk. 24. apríl 1833 og opnu brjefi 28. apríl 1841, þannig að framvísun skjals, vottorð sýslumanns samkvæmt 4. gr. og afhending ógildingardóms eða viðurkenningardóms, sbr. 4. og 5. gr., skifta sama máli sem innritun skjals eða þinglýsing (sbr. 10. gr.), svo sem við á.

7. gr.

Ákvæði undanfarandi greina taka og til rjettinda yfir skipum, samkvæmt II. kap. siglingalaga, nr. 56, 30. nóv. 1914, sjálfsvörsluveðs í lausafje og annara rjettinda, sem þinglýsa þarf og bókuð eru í afsals- og veðmálabækur.

8. gr.

Í áskorun samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., skal einnig skorað á alla þá, sem hafa í vörslum sínum gildandi skrár eða önnur gildandi gögn, þar sem ákveðin eru landamerki milli jarða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að skila þeim á skrifstofu sýslunnar innan loka 18 mánaða frestsins samkvæmt 1. gr. Skal sýslumaður síðan gera landamerkjabækur sýslunnar eftir framkomnum gögnum. Nú koma gögn ekki fram áður en frestur er liðinn, og skal þá ákveða merki samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af birtingum áskorunar samkvæmt 2. gr. og endurnýjun afsals- og veðmálabóka og landamerkjabóka.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að veita þeim, sem mál kunna að höfða

til ógildingar eða viðurkenningar samkvæmt 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., undanþágu frá greiðslu rjettargjalda í hjeraði.

10. gr.

Ekki skal þinglýsa skjölum (sbr. 4., 5. og 7. gr.) af nýju, sem bera það með sjer, að þeim hafi verið þinglýst fyrir 12. nóv. 1920. Önnur skjöl skal innrita og þinglýsa þeim á kostnað aðilja, ef hann óskar þess, gildandi lögum samkvæmt.

Greinargerð.

12. nóvember f. á. brann íbúðarhús sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Brunnu þar meðal annars afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins, nema registur við afsals- og veðmálabækur Borgarfjarðarsýslu. Um eignir í Mýrasýslu er því alls ekki hægt að láta af hendi veðbókarvottorð, og er mönnum því ómögulegt að fá lán út á fasteignir sínar eða að hagnýta sjer þær í viðskiftum, svo sem venja er til. Í Borgarfjarðarsýslu munu að vísu verða veitt veðbókarvottorð eftir registrinu, en eftirrit úr bókunum er auðvitað ekki unt að gefa. Er það oft stórbagalegt, og registrið yfirleitt ekki fullnægjandi til þess að staðreyna, hvernig rjettindum yfir fasteignum er varið. Það er því alveg óumflýjanleg nauðsyn, að bækur þessar verði endurnýjaðar svo fljótt, sem kostur er á.

Um 1.—3. gr.

Til þess að koma upp nýjum veðmálabókum er fyrsta skilyrðið, að sannprófa, hverjir eigi rjettindi yfir eignum þeim, sem bækurnar eiga að greina, hvort sem þau rjettindi eru eignarrjettur eða takmörkuð hlutarjettindi. En þetta verður varla sannreynt með öðru móti en að skora á alla, sem slík rjettindi telja sig eiga, að gefa sig fram innan ákveðins tíma. Enda þótt menn hafi ekki fyrirgert rjettindum sínum, þótt þeir gefi sig ekki fram, eins og t. d. kröfuhafar í búum, er ekki gefa sig fram áður en frestur er liðinn, þá virðist rjett að hafa alla varúð, svo að sem minst hætta verði á því, að menn lýsi ekki rjettindum sínum, og ákvæði 6. gr. komi því niður á þeim. Birtingaraðferð sú, sem hjer er stungið upp á, ætti að veita tryggingu fyrir því, að áskorunin fari ekki framhjá þeim, sem þurfa að sjá hana. Auðvitað er þó aldrei unt að ábyrgjast, að slíkt geti ekki komið fyrir.

Tilkynningar geta komið um rjettindi, en engin skjöl fylgt, einkum um eignarrjett, því að enn mun vera svo, að allmargir jarðeigendur hjer á landi — og þá líklega líka í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu — hafa ekki neina skriflega eignarheimild.

Um 4. og 5. gr.

Það er auðvitað aðalatriðið að ná í heimildarskjöl þau, sem þinglýst hefir verið áður en bruninn varð. En vera má, að þau skjöl sjeu nú ekki öll til í frumriti, og ekki einu sinni til í eftirriti, meðal annars af því, að menn hafa treyst því, að þeir gætu, ef þörf gerðist, fengið eftirrit úr veðmálabókum. En ef

frumrit er glatað og eftirrit er ekki til eða stoðar ekki, eins og á sjer stað um viðskiftabrjef, eða sýslumaður treystist ekki að votta eignarrjett manns, ef eignarrjettur er, þá verður venjulega ekki annars kostur en að leita ógildingardóms á skjalið, svo sem ef veðskuldabrjef er, eða viðurkenningardóms, svo sem ef ítak er eða leigurjettur, sem þinglýsa þarf lögum samkvæmt.

Um 6. gr.

Eins og fyrr er tekið fram, er áskorun samkvæmt 1. gr. ekki »præklusiv«. Sá, er ekki kemur fram með skjöl sín eða tilkynnir ekki rjettindi sín, hefir ekki þar með mist þau. En ef þau fá ekki samrýmst öðrum rjettindum, sem haldið hefir verið við samkvæmt ákvæðum 4., 5. og 7. gr., þá verða þau að víkja, t. d. 1. veðrjettur fyrir 2. veðrjetti með uppfærslurjetti, veðrjettur fellur niður gagnvart kaupanda, sem ekki veit um veðrjettinn og haldið hefir sínum rjetti við, o. s. frv. Ef þar á móti t. d. 2 veðrjettir hvíla á jörð og hvorugum er haldið við samkvæmt lögum þessum, þá er undir því komið, hvor verður fyrri til að gera hann gildandi síðar, því að sá gengur fyrir, sem fyrri verður, samkvæmt gildandi lögum. Samskonar verður um rjettindi, sem stofnuð eru eftir 12. nóv. 1920 og síðasttöldu rjettindin, sem fyrir þann tíma voru stofnuð, en ekki hefir verið við haldið. Rjettindi, sem lögum samkvæmt hefir ekki þurft að þinglýsa, t. d. sumar tegundir lögveðs, standa vitanlega alveg óhögguð, þrátt fyrir ákvæði þessa frumvarps.

Það virðist ómögulegt að koma upp áreiðanlegum afsals- og veðmálabókum, nema farið sje svo að sem lagt er til í þessari grein. Að öðrum kosti mundi aldrei verða unt að gefa út veðbókarvottorð, sem treystandi væri, að minsta kosti ekki í Mýrasýslu, því að sjaldan eða aldrei væri örugt, að enginn kæmi síðar, sem kallaði sjer rjett yfir fasteign þeirri, sem t. d. selja ætti eða veðsetja. En með því skipulagi, sem hjer er stungið upp á, geta veðbókarvottorðin orðið svo trygg sem þau eru alment, því að þau rjettindi, sem ekki eru trygð samkvæmt lögum þessum, þegar vottorð er gefið, verða þá þeim, er fá rjett yfir eigninni síðar, ekki fremur til baga en önnur óþinglesin rjettindi verða alment.

Ákvæði þessarar greinar virðast alls ekki brjóta bág við 63. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir fyrirmælin um friðhelgi eignarrjettarins hefir aldrei verið vafi um það, að lögmætt væri að gefa út innköllun til skuldheimtumanna í búum, að viðlögðum kröfumissi, ef þeim væri ekki lýst innan ákveðins tíma. Sama er að segja um vogrek og fundið fje. Eignarrjettur og önnur rjettindi yfir því tapast, ef eigandi gefur sig ekki fram innan ákveðins tíma. Og hjer er jafnmikil nauðsyn fyrir hendi og í dæmum þeim, sem nefnd voru, og rjettarskerðingin ekki *meiri*, heldur *minni*.

Um 7. gr.

Um rjettindi yfir skipum, sem þinglýsa skal eftir II. kap. siglingalaganna, sjálfsvörsluveð í lausafje og önnur rjettindi, sem þinglýsa skal og bóka, virðist sama regla verða að gilda sem um önnur rjettindi, þau er nefnd hafa verið. Ef gera þarf nýjar skipaskrár, þá verður að fara þar um eftir svipuðum reglum sem gert er ráð fyrir um registur við afsals- og veðmálabækur.

Um 8. gr.

Það er líka nauðsynlegt, að landamerkjabækurnar verði endurnýjaðar sem fyrst. En til þess þarf að fá þau gögn, sem til eru um það efni. Afleiðing af því, ef menn skila ekki þeim gögnum, verður sú, að þá kveður sýslumaður aðilja fyrir dóm, og landamerkjamál verður byrjað á kostnað aðilja, nema samkomulag verði um landamerki. Með því að menn vita, að þessi verður afleiðingin, ef landamerkjagögnin koma ekki fram, þá má vænta þess, að þau komi, sem til eru.

Um 9. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um 10. gr.

Þau skjöl, sem sýna það, að þau hafa verið þinglesin, virðist alls engin ástæða til að þinglýsa af nýju. Þar á móti er jafnsjálfsagt, að skjöl, eldri en 12. nóv. 1920 og óþinglesin, verði þinglesin, ef aðili óskar þess, enda verður annars ekkert tillit tekið til þeirra, þegar veðmálabækurnar verða gerðar af nýju.

(B. LVIII, 4).

Ed. **602. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. launalögin, 11. gr. 3. málsgrein.

Fjórða málsgreinin fellur burt.

2. gr.

Við 15. gr. launalaganna (Póstmenn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi, Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

3. gr.

Í 19. gr. (Skógrækt) verður 2. málsgrein þannig:

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað og skógarvörðurinn í Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa að árslaunum 1200 kr.

4. gr.

Við 23. gr. (Háskólinn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1600 kr.

5. gr.

Byrjun 2. málsgreinar í 26. gr. (Eiðaskólinn) orðast svo;

Við skólann skulu vera 2 kennarar, og hafa þeir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári o. s. frv.

6. gr.

Önnur málsgrein í 28. gr. (Stýrimannaskólinn og Vjelstjóraskólinn) orðast svo:

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr.

7. gr.

Launahækkanir þær, er um ræðir í lögum þessum, gilda frá 1. jan. 1921. Þó fá þeir kennarar við Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann, er settir voru haustið 1920, ekki launabætur þessar fyr en þeir verða skipaðir fastir kennarar.

(B. XXXII, 9).

Nd. **603. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin »200 kr. um árið« skal koma:
   400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(A. XX, 5).

Nd. **604. Lög**

um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

I. kap.

Um það, hver börn sjeu skilgetin.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sje ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau sjeu skilgetin.

2. gr.

Faðerni verður aðeins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann.

3. gr.

Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sje skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum var kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi hjeraðsdómara, ekki fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.

Nú er eiginmaður sviftur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

4. gr.

Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fjekk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmanns, enda hafi eiginmaður ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

5. gr.

Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann.

Nú er barnið ólögráða vegna æsku, eða svift lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið.

6. gr.

Dómara ber af sjálfsdáðum að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur að eins til greina sem sönnunargagn. Aðildareiður er óheimill.

Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar sjeu á annað sáttir.

7. gr.

Dómkrafa stefnanda verður því að eins tekin til greina, að telja megi víst, að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess.

Nú hefir eiginmaður höfðað málið, og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman, eða eftir að hjónin skildu að borði og sæng, enda sjeu líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið.

8. gr.

Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37. eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.

9. gr.

Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið þá öll rjettindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.

Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll rjettindi foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.

II.

Framfærsla og uppeldi.

10. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

11. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

Sjerstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að innræta þeim iðjusemi og siðgæði.

12. gr.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem

barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við eiginkonu sína eða eiginmann að lögum og barnið fylgt foreldri sínu.

13. gr.

Nú eru foreldrar, vegna efnaskorts, eigi færir um að inna lögmælta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrana.

Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fje þess laust, því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn.

14.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru.

Sje það foreldri, sem krafið er meðlags, heimilisfast eða statt hjer á landi, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris eða lögráðamanns, er meðlagskröfuna gerir.

Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir $^1/_2$ ár í senn.

Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun.

15. gr.

Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með sjer af hendi þess, er samvistaslitunum olli.

Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagur aðilja breytist að mun.

Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð í senn.

16. gr.

Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans gengið eftir meðlaginu, með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni.

Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri, eða krafið framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastyrkur honum til handa.

17. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, og getur konan þá krafist þess, að valdsmaður banni

eiginmanni hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum allt að 10 kr. dagsektum, að eiginmaður láti sjer í tje innan tiltekins tíma sundurliðaða skýrslu, að viðlögðum drengskap, um allan hag fjelagsbúsins.

Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það hann þá alt að tveggja mánaða refsingu við venjulegt fangaviðurværi, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lögreglumála, enda sje eigi um sviksamlegt athæfi að ræða.

18. gr.

Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris.

Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer framfærsluskylt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak á gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í eignum foreldris hjer á landi.

19. gr.

Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau.

Söm er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap.

Foreldravald.

20. gr.

Foreldrar ráða báðir saman, sjeu þeir samvista, verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra. Slíkt hið sama gildir um stjúpforeldri, meðan stjúpbarnið er á framfæri þess.

Nú greinir foreldra, sem eru samvistum, á um einhverja ráðstöfun viðvíkjandi börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni, eða framfærir aðallega heimilið og gætir rjettar barnanna, að því leyti, er þá ráðstöfun snertir.

Umráðarjettur foreldra yfir börnunum helst þangað til börnin verða 16 ára gömul og nefnist foreldravald, enda er foreldrunum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi.

Foreldrar mega fela öðrum að fara með þetta vald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma, en eigi til fullnaðar. Hins vegar getur almannavaldið svift foreldri valdi yfir börnum þess, að svo miklu leyti sem lög leyfa.

21. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi hafi verið fengið til skilnaðar að borði og sæng, og ræður þá hvort foreldri þeim börnum, sem á vegum þess eru.

22. gr.

Nú fer barn í leyfisleysi af heimili foreldris eða húsbónda, og getur þá heimilisráðandi sótt barnið með valdi og, þurfi á að halda, krafist fulltingis lögreglustjórnar til að ná barninu á sitt vald.

Nú heldur maður barni fyrir foreldri, og getur foreldrið þá höfðað mál gegn þeim manni, til þess að hann láti barnið laust, eða, eftir atvikum, krafist fulltingis fógeta til að ná barninu.

23. gr.

Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum.

24. gr.

Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fje að fara, og geta foreldrar þá, báðir saman eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fje þeirra, sem ófjárráða eru.

Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal skiftaráðandi þá þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafjenu fyrir hönd eiganda, enda fer upp frá því um meðferð fjárins eins og fje þeirra, sem ófjárráða eru.

25. gr.

Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að óhætt þykir að fela honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fjenu við hann.

IV. kap.

Ýmisleg ákvæði.

26. gr.

Fullkomin sjereign er með foreldri og barni, enda varða fjárskyldur annars eigi hitt, umfram það, sem getur í 13. og 19. gr.

27. gr.

Um nafn barns, ríkisfesti, þingfesti, sveitfesti og sóknfesti fer að lögum.

28. gr.

Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastjórn, til að framfæra og uppala börn sín.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin D. og N. L. 5. 2. 32, og orðin »skilgetin eða óskilgetin« í 1. málsgr. 4. gr. fátækralaganna, nr. 44, 1905, og orðið »skilgetin« í 2. málsgr. sömu lagagreinar, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lögin.

30. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1922.

(A. I, 13).

Ed. **605. Frumvarp**

til laga um hlutafjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 581 með breytingunum á þskj. 582 og 589.

(B. LIX, 2).

Ed. **606. Nefndarálit**

um frv. til laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerð fyrir frv. mun ekki tiltækilegt, vegna þarfa ríkissjóðs, að fella niður útflutningsgjald að þessu sinni, þótt sú muni hafa verið tilætlun stjórnarinnar í þingbyrjun, og að skoða verði útflutningsgjald, nema þá mjög lágt, óheppilegan tekjustofn.

Tekjur af frv. eru áætlaðar 250—300 þús. kr., og er nefndin í engum vafa um, að þeirra er brýn þörf; hún litur einnig svo á, að gjaldi þessu sje svo

í hóf stilt í frv., að ekki geti talist varhugavert að láta það ganga fram, enda samskonar gjald, og jafnhátt, nú í stimpilgjaldslögunum, sem þar á að falla niður.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1921.

Sig. Eggerz, form.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.	Guðjón Guðlaugsson.
Björn Kristjánsson.		Sigurjón Friðjónsson, með fyrirvara.

(B. LVI, 7.)

Nd. **607. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

1. 1. gr. orðist svo:
   Hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings, eða verka útflutningssíld í landi eða landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi ákveða. Ríkisstjórnin ákveður árlega og auglýsir, hve nær umsóknir um slík leyfi skuli vera komnar í hennar hendur.
2. 2., 3. og 4. gr. falli burt.
3. 7. gr. orðist svo:
   Fjelagið getur, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið, hve mikla síld megi veiða til útflutnings árlega. Nánari fyrirmæli um takmörkun síldveiðinnar heyra og undir samþykki ríkisstjórnarinnar.
4. 8. gr. falli burt.
5. Á eftir 9. gr. komi 5 nýjar gr.:
   a. Ríkisstjórnin hefir á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem Síldveiðifjelag Íslands hefir umráð yfir samkvæmt lögum þessum og reynist útflutningshæf eða er ekki breytt í aðra vöru innanlands.
   b. Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.
   c. Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, skal skipa af fjelagsins hendi 3 menn til þess að vera til aðstoðar og ráðuneytis ríkisstjórninni um útflutning og sölu síldarinnar. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir fjelagið.
   d. Ríkisstjórnin afhendir stjórn Síldveiðifjelags Íslands söluverð síldar, jafn-

óðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

e. Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, hefir á hendi skiftingu á söluverði milli eigenda síldarinnar, og fer um þá skiftingu eftir því, sem fyrir er mælt í lögum fjelagsins og fundarályktunum þess.

6. 10. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50000 kr.

7. Ákvæði til bráðabirgða:
Nú verður svo lengi dráttur á því, að stofnað verði fjelag meðal síldareigenda, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að ákvæðum laganna í því efni verður ekki við komið sumarið 1921, og hefir ríkisstjórnin þá eigi að síður á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem útflutt verður, og fer um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hjer að lútandi að öðru leyti sem fyrir er mælt í 6. og 7. gr. laga þessara og þeim nánari ákvæðum, er ríkisstjórnin setur til bráðabirgða.

(B. XLV, 7).

Nd. **608. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Björn Hallsson.

Við 1. gr.
Milli orðanna »undanskilið sölunni er« og» íbúðarhús prestssetursins« komi: kaupstaðarlóðin (Siglufjarðareyri).

(C. XXVI, 1).

Nd. **609. Tillaga**

til þingsályktunar um löggildingu baðlyfs.

Flutningsmenn: Pjetur Þórðarson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Hákon J. Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að löggilda Coopers baðduft til fjárbaðana hjer á landi og stuðla að því, að menn geti átt kost á að fá þetta baðefni til sauðfjárbaðana næsta vetur.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir áskorun í símskeyti til fyrsta flutningsmanns, frá sýslunefnd Mýrasýslu á fundi 12. þ. m.

Það er orðin mjög almenn skoðun bænda, að flestar þær baðtegundir, sem nú eru löggiltar til fjárbaðana, sjeu ófullnægjandi til þess að útrýma kláðamaur. Aftur á móti hefir baðtegund sú, sem nefnd er í tillögunni, þótt gefast mjög vel til kláðaútrýmingar, að minsta kosti blönduð öðrum baðefnum.

Þetta er ástæða fyrir áskorun sýslunefndarinnar, og eru flutningsmenn henni samdóma um þetta, og telja því nauðsyn til bera, að tillaga þessi nái fram að ganga á þessu þingi.

Nánari greinargerð í framsögu.

(A. XLI, 18).

Nd. **610. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

I. Frá *Magnúsi Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. h. 9. (Ekkja Matthíasar Jochumssonar).

Fyrir »1200« komi... ... ... kr. 2000

II. Frá *samvinnunefnd peningamála.*

Við 22. gr.

Aftan við greinina bætist:

Enn fremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi, vegna skipakaupanna, alt að 200000 kr. fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábyrgð á, og með þeim skilmálum og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

(B. XXVI, 8).

Ed. **611. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skráseiningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Samanber þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands, eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

(A. XLI, 19).

Nd. **612. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. XV.

Í stað »Ísafjarðarkaupstað« kemur:
Skutilsfjarðareyri.

(B. L, 5).

Nd. **613. Lög**

um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er

þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

(B. LX, 3).

Ed. **614. Lög**

um veiting ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

Ríkisborgararjettur veitist útvegsmanni Ole Andreas Olsen Tynes á Siglufirði, sem fæddur er 7. febrúar 1877, í Sökkelven-hreppi á Sunnmæri í Noregi.

(B. LVI, 8).

Nd. **615. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi og Jakob Möller.

Aftan við frv. kemur ný grein:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LVI, 9).

Nd. **616. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 607 (Síldveiðifjelag).

Frá Jakob Möller og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1.
Aftan við greinina bætist:
og skal leyfið ávalt veitt þeim umsækjendum, sem fullnægja þeim almennu skilyrðum, sem lögum samkvæmt þarf til þess að reka atvinnu hjer á landi.

(B. LIII, 10).

Nd. **617. Breytingartillögur**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (þskj. 541).

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson, Jón A. Jónsson og Sveinn Ólafsson.

1. Við 2. gr. a. Fyrir »seðla sína ..... viðskiftaveltu« í fyrri málsgr. komi: seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2^1/_2$ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans 31. des. 1933.

   Stjórnarráðið setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

   b. Fyrir »ríkissjóðs« í síðari málsgr. komi: Landsbankans,
   og fyrir »þessari« komi: hans.

2. Við 5. gr. Greinin falli burt. Í hennar stað komi tvær greinar, þannig:

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast alt að 6 miljón króna lán fyrir Íslandsbanka, eða að lána honum alt að 5 miljónum króna, alt gegn þeim tryggingum, er hún telur hæfilegar.

6. gr.

Íslandsbanka er heimilt að auka hlutafje sitt um 100% á þann veg, að ríkissjóður leggi fram hlutafjáraukann.

Vilji ríkið nota þennan rjett til hlutakaupa í bankanum, skal verð hinna nýju hlutabrjefa ákveðið af 5 mönnum, 2 kosnum af sameinuðu Alþingi, 2 af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, er hæstirjettur tilnefnir. Nefndarmenn þessir skulu hafa óskoraðan rjett til að rannsaka skjöl og bækur bankans og útibúa hans, og meta þeir verð hinna nýju hluta eftir þeirri rannsókn.

Nú hefir matsgerð farið fram, eftir því sem að framan greinir, og ákveður Alþingi þá, hvort hlutakaup skuli gerð og hve mikil.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er snertir hlutaeign ríkissjóðs í bankanum.

3. Við 6. gr. 6. gr. verður 7. gr.
   Greinatalan breytist eftir þessu.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um seðlaútgáfu o. fl.

(B. LVI, 10).

Ed. **618. Frumvarp**

til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings, eða verka útflutningssíld í landi eða landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi ákveða. Ríkisstjórnin ákveður árlega og auglýsir, hvæ nær umsóknir um slík leyfi skuli vera komnar í hennar hendur, og skal leyfið ávalt veitt þeim umsækjendum, sem fullnægja þeim almennu skilyrðum, sem lögum samkvæmt þarf til þess að reka atvinnu hjer á landi.

2. gr.

Allir þeir, er leyfisbrjef hafa fengið samkvæmt 1. gr., ganga í fjelag, er nefnist Síldveiðifjelag Íslands. Fjelagið kýs sjer formann og fjóra meðstjórnendur, og sje formaður búsettur í Reykjavík. Fjelagið heldur einn aðalfund árlega. Fyrsti fundur fjelagsins er stofnfundur, og setur hann nánari lög og reglur fyrir fjelagið. Á þessum fundi hafa allir leyfishafar jafnan atkvæðisrjett. Fái frumvarp til fjelagslaganna, á fundi, atkvæði meiri hluta allra fjelagsmanna, og öðlist síðan staðfesting stjórnarráðsins, gildir það sem lög gagnvart öllum fjelagsmönnum. Leyfishafar geta falið öðrum að fara með atkvæði sitt á stofnfundi og öðrum fundum fjelagsins.

3. gr.

Í lögum fjelagsins skal ákveðið um aukafundi í fjelaginu og um kjörtíma fjelagsstjórnarmanna; þar skal og skipa fyrir um framkvæmdir fjelagsins og skrifstofuhald. Allir fjelagsmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrjett.

4. gr.

Fjelagið getur, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið, hve mikla síld megi veiða til útflutnings árlega. Nánari fyrirmæli um takmörkun síldveiðinnar heyra og undir samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Undanþegnir ákvæðum 1. gr. eru þeir íslenskir ríkisborgarar, sem stunda síldveiði frá heimilum sínum á bátum, er eigi hafa meira lestarrúm en 50 smálestir. En skylt er þeim að framselja síld sína Síldveiðifjelagi Íslands til söluráðstafana, ef hún er ætluð til útflutnings og reynist útflutningshæf, enda sæti hún öllum sömu kjörum um verð og annað sem síld fjelagsins.

6. gr.

Ríkisstjórnin hefir á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem Síldveiðifjelag Íslands hefir umráð yfir samkvæmt lögum þessum og reynist útflutningshæf eða er ekki breytt í aðra vöru innanlands.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

8. gr.

Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, skal skipa af fjelagsins hendi 3 menn til þess að vera til aðstoðar og ráðuneytis ríkisstjórninni um útflutning og sölu síldarinnar. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir fjelagið.

9. gr.

Ríkisstjórnin afhendir stjórn Síldveiðifjelags Íslands söluverð síldar, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

10. gr.

Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, hefir á hendi skiftingu á söluverði milli eigenda síldarinnar, og fer um þá skiftingu eftir því, sem fyrir er mælt í lögum fjelagsins og fundarályktunum þess.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50000 kr.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú verður svo lengi dráttur á því, að stofnað verði fjelag meðal síldareigenda, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að ákvæðum laganna í því efni verður ekki við komið sumarið 1921, og hefir ríkisstjórnin þá eigi að síður á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem útflutt verður, og fer um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hjer að lútandi að öðru leyti sem fyrir er mælt í 6. og 7. gr. laga þessara og þeim nánari ákvæðum, er ríkisstjórnin setur til bráðabirgða.

(A. XLI, 20).

Ed. **619. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1922.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	210000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	700000	
			910000
3.	Aukatekjur	150000	
4.	Erfðafjárskattur	20000	
5.	Vitagjald	140000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			320000
7.	Útflutningsgjald		600000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	250000	
9.	Tóbakstollur	600000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
	Flyt ...	1650000	1830000

	kr.	kr.
Flutt ...	1650000	1830000
11. Vörutollur	1200000	
12. Annað aðflutningsgjald	60000	
		2910000
13. Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð		10000
14. Stimpilgjald		500000
15. Lestagjald af skipum		40000
16. Póstlekjur	300000	
17. Símatekjur	1000000	
		1300000
18. Tóbakseinkasala		150000
Samtals ...	... ...	6740000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2. Tekjur af kirkjum		50
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
Samtals ...	... ...	40050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum..		250000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
Flyt ...	.. ...	270000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	270000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
7. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	577000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum,		
Flyt ...	3333,34	... ..

	kr.	kr.
Flutt ...	3333,34	.. ...
1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
3. — — — 1912	8333,33	
4. — — — 1912	33333,33	
Flyt ...	125000,00	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	125000,00	700521,92
5.	Af láninu frá 1913	12251,19	
6.	— — — 1916	4000	
7.	— ritsímaláni 1917	9297,84	
8.	— skipakaupaláni	200000	
9.	— ritsímaláni Landsbankans	3400	
10.	— Íslandsbankaláni 1918...	100000	
11.	— láni danskra banka 1919	225000	
12.	— innlenda láninu 1920	150000	
			828949,03
III.	Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla		100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til alþingiskostnaðar	270000	
2.	— yfirskoðunar landsreikninga	6000	
			276000
	Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	506320

		kr.	kr.
	Flutt ...	900	 506320
b.	Til pappírs og prentunar	15000	
c.	Til kostnaðar við sending með póstum...	1200	
			17100
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	20000	
b.	Fyrir embættisskeyti	60000	
			80000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		8000
4.	Til embættiseftirlitsferða		6000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...		500
6.	Til landhelgisgæslu		40000
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...		1500
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		75000
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbua í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis ... ... Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		900
	Flyt ...	... ...	288360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288360
6. Styrkur til Öræfinga, til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		300
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa, til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu, til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga, til að vitja læknis		400
11. Styrkur til Axarfjarðar-, Fjalla- og Presthólahreppa, til að vitja læknis		600
Styrknum skal skift milli hreppanna eftir tillögum sýslunefndar. Þegar læknir sest að í Axarfjarðarhjeraði, fellur styrkurinn niður.		
12. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði, til að vitja læknis...		200
13. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa, til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps, til að vitja læknis		300
15. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis...		300
16. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
17. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
18. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að...	500	
		3500
19. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
20. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Flyt ...	... ...	303460

			kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	303460
	Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
21.	Til geislalækningastofu ríkisins.			15000
22.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			3000
23.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
24.	Geðveikrahælið á Kleppi			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
	Flyt ...	120980	135480	532730

		kr.	kr.
	Flutt ... 120980	135480	532730
7.	Þvottur og ræsting 2000		
8.	Skemtanir 1000		
9.	Skattar m. m. 1000		
10.	Óviss útgjöld 1000		
		125980	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag 43800		
	Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag 8760		
	Tekjur af búinu 2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	112662
25.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	9500	
	B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...	2000	
	C. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 32300		
	2. Viðurværi 134502		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 5380		
	4. Ljós og hiti 77000		
	5. Þvottur og ræsting 7860		
	6. Viðhald húsa 5000		
	7. Viðhald vjela 5000		
	8. Húsbúnaður og áhöld 8000		
	9. Flutningskostnaður 10000		
	10. Óviss gjöld 3000		
		288042	
		299542	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag 146000		
	Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag. 14600		
	Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag .. 26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
26.	Til undirbúnings landsspítala		7500
27.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	15000	
	Flyt ...	15000	652892

	kr.	kr.
Flutt ...	15000	652892
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 90 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c. Bólusetningarkostnaður..	1500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar...	3000	
Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
h. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
i. Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k. Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l. Til væntanlegs berklavarnarfjelags	5000	
m. Utanfararstyrkur hjúkrunarkvenna:		
α. Til Helgu Eggertsdóttur 1000		
β. — Þuríðar Jónsdóttur 1000		
γ. — Jónínu Pálsdóttur... 1000		
	3000	
Styrkþegar skulu setjast að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer.		
Flyt ...	126000	652892

		kr.	kr.
	Flutt ...	126000	652892
n.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristíaníu eða Kaupmannahöfn.. ...	800	
o.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
p.	Til Læknafjelags Reykjavíkur, til að styrkja utanför umbúðasmiðs	6000	
28.	Laun yfirsetukvenna:		133100
a.	Hluti ríkisssjóðs af launununm	30000	
b.	Dýrtíðaruppbót	10000	
			40000
	Samtals ...	... ...	825992

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
	A. Póstmál.			
1.	Laun:			
a.	Eftir launalögum...	101420		
b.	Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000		
c.	Brjefhirðingamenn..	20000		
			191420	
2.	Póstflutningur.....		200000	
3.	Annar kostnaður:			
a.	Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200		
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000		
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000		
d.	Önnur gjöld	47000		
			89200	
				480620
	Flyt ...		... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
		35940	
II. Flutningabrautir:			
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
		178000	
III. Þjóðvegir:			
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Öxnadalsvegur (endurveiting)...	10000		
6. Kjalarnesvegur	10000		
7. Hróarstunguvegur (endurveiting)	15000		
8. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		139000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	431440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	431440	480620
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		500	
IX. Til dragferju á Skjálfandafljóti		3000	
X. Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að...		3000	
gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.			437940
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		200000	
2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		100000	
			300000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		20000	
III. Til lagningar nýrra lína o. fl.:			
1. Norðtunga — Grund	11000		
2. Hábær í Vogum — Keflavík	4500		
3. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting)	60000		
4. Búðardalur—Króksfjarðarnes(endurveit.)	75000		
5. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík...	32000		
6. Loftskeytastöð á Siðu.	25000		
7. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ...	12000		
		219500	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum..	330000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	4500		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24500		
4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík	7800		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	68840		
6. Áhaldahúsið.	3000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	7700		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13700		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	5950		
Flyt ...	465990	274500	1218560

		kr.	kr.
Flutt ...	465990	274500	1218560
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu...	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að.		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern..		550	
			1018490
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra.	9500		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti..	35000		
3. Papeyjarviti	30000		
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem			
Flyt ...	100000	102600	2237050

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	102600	2237050
þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000	
VI. Ymislegt...		10000	
			267600
Samtals ...		... ...	2504650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

		kr.	kr.
A.			
Andlega stjettin.			
a. 1. Laun biskups..		9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi		3500	
			13000
b. Önnur útgjöld:			
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..		408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum		6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði		4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti		2500	
5. Til húsabóta á Desjarmýri		5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 4% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.			
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum		10000	
Flyt ...		27908,28	13000

		kr.	kr.
	Flutt ...	27908,28	13000
7.	Framlag til prestlaunasjóðs	360000	
8.	Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
9.	Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu. Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.	1200	389508,28
			402508,28
	B. Kenslumál.		
I.	Til háskólans:		
	a. Laun	143000	
	b. Aukakensla:		
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... 1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði 500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ... 7700		
		9700	
	c. Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur. 15000		
	2. Húsaleigustyrkur. 7000		
		22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
	d. Til kensluáhalda læknadeildar	800	
	e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	2000	
	f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	11000	
	g. Önnur gjöld:		
	1. a. Laun ritara 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	2000		
	2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	2600		
	Flyt .. 4600	188500	402508,28

		kr.	kr.
Flutt ...	4600	188500	402508,28
3. Ýms gjöld	5000		
		9600	
			198100
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að eins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til söngkennara	600		
2. Dýrtíðaruppbót	400		
		1000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar..	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300		
9. Ýmisleg gjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
			136800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			
Flyt ...		... ...	745408,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	745408,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara 7400		
	2. Tímakensla 4800		
	3. Til bóka- og kensluáhalda 1000		
	4. Til eldiviðar og ljósa 6000		
	5. Námsstyrkur 800		
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. a. Til dyravörslu 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 400		
	1000		
	7. Til skólahússins utan og innan ... 2000		
	8. Til ýmislegra gjalda 2000		
		25000	
			55360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla 2500		
	2. Eldiviður og ljós 6000		
	3. Bókakaup og áhöld 500		
	4. Námsstyrkur 3000		
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til viðhalds.. 1000		
	6. Ýmisleg gjöld 2500		
		15500	
			45500
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	18920	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til tímakenslu 7800		
	2. — eldiviðar og ljósa 5500		
	3. Ýmisleg gjöld 3000		
	Flyt ... 16300	18920	846268,28

		kr.	kr.
	Flutt ... 16300	18920	846268,28
4.	Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra 300		
		16600	
VII.	Til Vjelstjóraskólans:		35520
a.	Laun	17600	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Húsnæði m. m. 2300		
2.	Ljós og hiti 2200		
3.	Ýmiss kostnaður. 1000		
4.	Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ... 3700		
		9200	
VIII.	Til bændakenslu:		26800
1.	Til bændaskólans á Hólum:		
a.	Laun 13200		
b.	Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu 2000		
c.	Önnur gjöld:		
1.	Til verklegs náms, alt að 1400		
2.	— kensluáhalda 600		
3.	Til eldiviðar og ljósa ... 8000		
4.	Ýmisleg gjöld 2500		
	12500		
		27700	
	Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.		
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:		
a.	Laun 14080		
b.	Til smíða- og leikfimikenslu 1600		
c.	Önnur gjöld:		
1.	Til verklegs náms, alt að 1400		
2.	— kensluáhalda 500		
3.	— eldiviðar og ljósa ... 7000		
4.	Ýmisleg gjöld 2250		
	11150		
		26830	
	Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi		
	Flyt ...	54530	908588,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	54530	908588,28
	skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun 14500		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms 600		
	2. — kensluáhalda 500		
	3. — eldiviðar og ljósa ... 4500		
	4. Ýmisleg gjöld 1500		
	7100		
		22200	
			76730
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar...	9000	
	Flyt ...	9000	995918,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	9000	995918,28
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar...		9000	18000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		2000	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík.	900		
b. Annar kostnaður, alt að..	400		
		1300	
3. Styrkur til námskvenna ., ...		8000	
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting		2000	13300
XII. Til kvennaskóla:			
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	25000		
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að ..	2000		
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla...	1000		
		28000	
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	15600		
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að ..	1400		
		17000	45000
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
XIII. Til almennrar barnafræðslu:			
1. Laun kennara og dýrtíðaruppbót		465000	
2. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		5000	
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum		20000	
	Flyt ...	490000	1072218,28

			kr.	kr.
		Flutt ...	490000	1072218,28
	4. Til prófdómara við barnapróf		4200	
	5. Til framhaldskenslu handa kennurum		1500	
	6. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...		2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína, ásamt vottorðum.			
	7. Til Skólablaðsins		800	
	8. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	9500		
	b. Skrifstofukostnaður hans	1000		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
			11500	
				510500
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...		40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...		22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti		1000	
				63000
XV.	Til húsmæðrafræðslu.			
	Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að			2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...			1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.... ...			15000
	Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.			
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá			1000
		Flyt ...	... ...	1665318,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1665318,28
XIX. Til sundkenslu og leikfimi:		
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1800	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1672718,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skrásetjara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400	
Flyt ...	37660	... .

	kr.	kr.
Flutt ...	37660	... ...
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	4000	
f. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	
g. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornminja, alt að	1200	
		18800
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið		2000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með þvi skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
Flyt ...	... ...	121270

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	121270
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9.	Til sama fjelags, til útgáfu registurs við íslenskt fornbrjefasafn		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		750
11.	Til Fornleifafjelagsins .. .. Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		800
12.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.		2000
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
16.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
17.	Til fjelagsins Íslendings, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs		3000
18.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
20.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
21.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi... ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		28200 1200
22.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
	Flyt ...	... ...	181220

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	181220
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, enda sje orðasafnið eign landsins.		2000
24.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum.. ... ... Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		2000
25.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna		1500
26.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
27.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
28.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
29.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
30.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
31.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
32.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
33.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
34.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
35.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út síðskiftaöld		1800
36.	Til landskjálftarannsókna .. .. Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550
37.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
38.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		2000
40.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál... ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* 3/4 hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og		500
	Flyt ...	... ...	251270

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251270
að fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		
41. Til Listvinafjelags Íslands		1500
42. Til Íþróttasambands Íslands		2000
43. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
44. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
45. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
46. Til Jóns Eyþórssonar, lokastyrkur		2000
47. Til Bjarna Jósefssonar, lokastyrkur		2000
48. Til Ingu Magnúsdóttur, utanfararstyrkur		2500
49. Til Brynjólfs Stefánssonar, lokastyrkur		2000
50. Til Baldvins B. Bárðdals, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
51. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr, með verðstuðulsuppbót ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		5500
52. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
Samtals ...	... ...	280970

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu .. .. Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		15000
3. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu, og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.		30000
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
b. Styrkur til fjelagsins	1000	8000
Flyt ...	... ...	253000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	253000
5.	Til skógræktar:		
	a. Laun	14080	
	b. Til skóggræðslu	21000	35080
6.	Til framhalds landmælinga		40000
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	
			27040
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
	b. Til húsaleigu	1200	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	8200
10.	Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins ... ... Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		60000
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
	b. 4 síldarmatsmanna	14080	
	c. 4 ullarmatsmanna	3200	
	d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	61680
15.	Til gerlarannsókna		2400
16.	Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, ...		5000
17.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		5000
18.	Til Þórdísar Ólafsdóttur frá Fellsenda, til þess að halda uppi í Dalasýslu kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum...		500
19.	Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
	Flyt ...	... ...	519700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	519700
20. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu... ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		2000
21. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
22. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
23. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
24. Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
25. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
26. Til bjargráðasjóðs		22000
27. Til landhelgisjóðs		20000
28. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
a. Laun forstöðumanns	7040	
b. Ferðakostnaður	500	
		7510
29. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
30. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
31. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
32. Laun húsgerðarmeistara		9500
33. Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
34. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.	7700	
b. Ferðakostnaður, alt að.	1000	
c. Skrifstofukostnaður	600	
		9300
Flyt ...	... ...	622740

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	622740
35.	Til Sigurðar Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
36.	Til sendimanns á Spáni		20000
37.	Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
38.	Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting)		12000
	Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		
39.	Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
40.	Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar		10000
	Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		
41.	Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
42.	Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)...		750
43.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		10000
44.	Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
45.	Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
46.	Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri		1800
47.	Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
48.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000
	Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.		
	Samtals ...	... ...	745790

17. gr.

Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	28762,09	
	b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
	c. Uppgjafaprestar	1321,66	
	d. Prestsekkjur	4800,40	
			50014,03
	Flyt ...	... ...	50014,03

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	50014,03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis 300		
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500		
	2050	
b. Embættismanna ekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju... ... 200		
3. — Ólivu Guðmundsson 175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	1325	
c. Uppgjafaprestar.		
1. Til Gísla Kjartanssonar 800		
2. — Stefáns Stephensens 147		
3. — Stefáns M. Jónssonar 325		
4. — Bjarnar Jónssonar... 475		
	1747	
d. Prestsekkjur.		
1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130		
2. — Auðar Gísladóttur 300		
3. — Bjargar Einarsdóttur 500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300		
5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur 300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur 100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur 300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur... 300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur 300		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur 300		
11. — Kirstínar Pjetursdóttur 300		
12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur 300		
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur 106		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 400		
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð... ... 700		
16. — Þórunnar Stefánsdóttur 400		
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur... 400		
18. — Steinunnar Pjetursdóttur 300		
	5736	
Flyt ...	10858	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	10858	50014,03
e. **Kennarar**, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur.	300		
10. — 3 barna hennar	300		
11. — Janusar Jónssonar præp. hon. ...	720		
12. — Pjeturs Guðmundssonar..	500		
13. — Steinunnar Frímannsdóttur, ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara	450	5330	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Kráksonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Daniels Jónssonar	200		
8. — Jens Þórðarsonar	100		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300	4000	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.			
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000		
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
3. — Valdimars Briems	1200		
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
5. — Önnu Thorlacius	300	7300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
Flyt ...	500	27488	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	500	27488	50014,03
3.	Til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600		
4.	— Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	700		
5.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7.	— 3 barna hennar	300		
8.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9.	— Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar.	2000		
			5000	
i.	Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2.	— Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. reglubóða	500		
3.	— Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	500		
4.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðmundar Hjaltasonar...	300		
5.	— Páls Erlingssonar	1000		
6.	— Erlends Zakaríassonar	300		
7.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri...	300		
8.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar ...	400		
			3700	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j.	Til Ingeborg Sigurjónsson...		1800	
k.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara... ...		1200	
				39188
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i			101209,11
IV.	Tillag til ellistyrktarsjóða...			40000
	Samtals ...		... ...	230411,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir

kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr.	1629470,95
— 8. —	... ...	—	60000,00
— 9. —	... ...	—	276000,00
— 10. —	... ...	—	305400,00
— 11. —	... ...	—	734420,00
— 12. —	... ...	—	825992,00
— 13. —	... ...	—	2504650,00
— 14. —	... ...	—	1672718,28
— 15. —	... ...	—	280970,00
— 16. —	... ...	—	745790,00
— 17. —	... ...	—	4000,00
— 18. —	... ...	—	230411,14
— 19. —	... ...	—	100000,00
			kr. 9369822,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr.	6740000,00
— 3. —	... ...	—	40050,00
— 4. —	... ...	—	577000,00
— 5. —	... ...	—	22400,00
			— 7379450,00
		Tekjuhalli	kr. 1990372,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar

á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.
7. Til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 80 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% vöxtum. Verði fje ekki fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er bæjarstjórnin kann að taka í þessu skyni fyrir hönd bæjarsjóðs.
8. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hverí í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
9. Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 200000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

Enn fremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi, vegna skipakaupanna, alt að 200000 kr. fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábyrgð á, og með þeim skilmálum og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og

Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(A. XI, 4).

Ed. **620. Nefndarálit**

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Aðalbreytingarnar frá núgildandi stimpilgjaldslögum eru þær, að 1% gjaldið af útfluttum vörum er ekki tekið upp í þetta frumvarp, en aftur er sjerstakt frv. um 1% útflutningsgjald á leiðinni í þinginu.

Að öðru leyti er nú stimpilgjaldið lagt á ýmislegt fleira en áður, og mun allmikið sniðið eftir dönsku stimpilgjaldslögunum. Þetta mál og tvö önnur af aðalskattafrumvörpum stjórnarinnar eru nú nýlega komin til nefndarinnar, og hefir verið mjög lítill tími til að athuga þau, sjerstaklega þar sem annríki hefir verið óvenju mikið, eins og jafnan er í Ed. síðustu daga þingsins. Eru því engin tök að láta ítarleg nefndarálit fylgja málunum.

Nefndin leggur til, að þetta frumvarp verði samþykt með breytingum þeim, sem fara hjer á eftir, og verður gerð grein fyrir breytingunum í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 5. gr.
   5. liður orðist svo:
   Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer, og ávísanir, ef samþyktar eru.

2. Við 17. gr.
   Fyrir orðin »til sönnunar eignarheimild« í 4. málsgr. komi:
   nótuð sem afsöl.

3. Við 35. gr.
   a. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Víxlar og samþyktar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir.

b. Orðin »Tjekkávísanir .....« í 3. málsgrein til enda málsgreinarinnar falli burt.

4. Við 36. gr.
Fyrir orðin »Nú hljóðar víxill eða ávísun« komi:
Nú hljóðar víxill eða samþykt ávísun.

5. Við 37. gr.
2. málsgrein orðist svo:
Framsöl á víxlum og samþyktum ávísunum eru eigi stimpilskyld.

6. Við 38. gr.
a. Orðin í 1. málsgrein »Iðgjaldskvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
b. Orðin í 2. málsgrein »Endurnýjunarkvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
c. Orðin í 3. málsgrein »Endurnýjunarkvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
d. 2. málsliður 5. málsgr. falli burt.

7. Við 41. gr.
a. r-liðurinn falli burt.
b. x-liðurinn falli burt.

Alþingi, 16. maí 1921.

Sig. Eggerz, formaður. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Björn Kristjánsson.

Sigurjón Friðjónsson, með fyrirvara. Guðjón Guðlaugsson.

(C. XXVII, 1).

Ed. **621 Tillaga**

til þingsályktunar um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, ákvæðin um skattstofna sveitarsjóða, sýslusjóða og bæjarsjóða, og að því búnu leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

(B. XLII, 2).

Nd. **622. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Af láni þessu er ríkisstjórninni heimilt að verja alt að 5 miljónum kr. til að auka hlutafje Íslandsbanka, þannig, að trygð verði umráð ríkisins yfir fullum helmingi hlutafjár bankans, og þó því að eins, að fram hafi farið áður nákvæm athugun á hag bankans og hlutafjárframlög þessi dæmd tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið til bráðabirgða af matsnefnd, sem hluthafar bankans og ríkisstjórnin nefna jafnmarga menn í, en hæstirjettur oddamann. Endanlegt mat skal fram fara tveim árum síðar.

Heimilt er stjórninni að lána Íslandsbanka þessa upphæð, eða meira, þegar í stað, gegn tryggingum, þar til afráðið er um hlutakaupin. Enn fremur er henni heimilt að lána Landsbankanum fje eftir þörfum.

(C. XXVIII, 1).

Sþ. **623. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun fjármálanefndar.

Flutningsmenn: Einar Árnason, Sveinn Ólafsson, Stefán Stefánsson, Gunnar Sigurðsson, Guðm. Ólafsson, Eiríkur Einarsson, Þorleifur Jónsson, Sigurður Jónsson, Þorsteinn Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að kjósa 3 manna nefnd með hlutbundnum kosningum til að íhuga og gera tillögur um framtíðarskipulag bankamála ríkisins. Nefndin skal enn fremur vera í ráðum með stjórninni um væntanlega lántöku erlendis til að bæta úr viðskiftakreppunni. Skal láninu síðan ráðstafað eftir tillögum nefndarinnar.

Ef gerðar verða ráðstafanir á þessu ári til að landið eignist hluti í Íslandsbanka, skal nefndin rannsaka allan hag bankans og vera í ráðum með landsstjórninni, ef kaup verða framkvæmd. Nefndin skal leggja fyrir næsta þing skýrslu um rannsóknina.

(A. I, 14).

Ed. **624. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hlutafjelög.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 24. gr.
   Fyrir orðin »nema öðruvísi sje ákveðið í lögum fjelagsins« komi:
   þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.
2. Við 31. gr.
   2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Enginn hluthafi getur þó farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu.

(A. III, 15).

Ed. **625. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir tekið þeim breytingum í hv. Nd., að skattur af löndum og lóðum er færður úr 4‰ niður í 3‰ og af húsum í löggiltum verslunarstöðum úr 2‰ í $1^1/_2$‰.

Þetta þýðir það, að tekjur ríkissjóðs af frv. hafa verið lýrðar um tæpar 63 þús. króna og um leið ljettur að drjúgum mun skattur, sem á jarðeignum hvílir eftir gildandi lögum (fasteignaskattslögunum) og einnig á húsum í verslunarstöðum, þeim sem ekki hvíla á því hærri þinglesnar skuldir.

Nefndinni virðist þetta alls ekki viðeigandi breyting, þegar athugaður er fjárhagur ríkissjóðs og framkvæmdir þingsins í öðrum skattamálum, en leggur þó til, að við svo búið verði látið sitja, með því að hún vill ekki tefla málinu í tvísýnu og þar sem þingtíminn er alveg á förum. Það hefir líka nokkur áhrif á nefndina, að þó hún álíti skattinn á jarðeignum til ríkissjóðs helst til lágan, þá muni sú stefna vera að ryðja sjer til rúms í þinginu, að leggja aðra skatta, miklu hærri, ofan á þennan, einmitt á fasteignirnar; um það ber frv. það um sýsluvegasjóði, sem hv. Nd. hefir sent hingað í deildina, ljósastan vott. En það telur nefndin ærið athugavert, að leggja svo þungar byrðar á *notendur* fasteigna, eins og fátæka leiguliða.

Nefndin hefir svo ekki meira um málið að segja, en leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1921.

Sig. Eggerz, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður.

Sigurjón Friðjónsson. Björn Kristjánsson.

(A. VII, 14).

Ed.

626. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum, og kom það fljótt í ljós, að ágreiningur var um málið að ýmsu leyti. Einn nefndarmanna (B. Kr.) er á móti mikilli stighækkun beinna skatta og háum beinum sköttum yfirleitt. Annar (S. Fr.) vill helst hafa alla skatta beina og á þann hátt fyrir komið, að tekjuskattur sje aðalskattur og þungamiðja í skattakerfi ríkisins. Og þrír nefndarmenn virðast hallast að því að auka beina skatta, en vilja ekki gera það bráðlega, eða í stórum stíl. Um nokkur aðalatriði málsins voru nefndarmenn þó samþykkir, og eru þau þessi:

1. *Að* lágmark skattskyldra tekna sje sett of lágt í frv., einkum hjá fjölskyldufólki.
2. *Að* of hár skattur sje þar lagður á lægri tekjur.
3. *Að* tekjuskattur hækki eftir því, frá því sem nú er (þegar dýrtíðar og gróðaskattur er talinn með), á lágum tekjum, en lækki á hinum hærri, og að það sje ekki rjett.
4. *Að* ósanngjarnt sje að leggja tvöfaldan skatt á hlutafjelagsgróða, svo sem þar er gert.

Lágmark skattskyldra tekna hefir háttv. neðri deild fært nokkuð til betri vegar, en stigið þar of skamt að dómi nefndarinnar. Hinn skattfrjálsi tekjufrádráttur (500 kr.) mun ætlaður fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, og er samkvæmni í þeirri breytingu neðri deildar, að hann skuli tvöfaldaður (þ. e. vera 1000 kr.), þar sem um hjón er að ræða. En full samkvæmni fæst þó ekki með því. Frá samtöldum tekjum hjóna og 3 barna þeirra, sem orðin eru 21 árs og eldri, dragast t. d. 2500 kr., sem eru skattfrjálsar eftir frumv., en frá tekjum 5 manna fjölskyldu, þar sem eru hjón með 3 börn á aldrinum 14—21 árs, dragast að eins 1000 kr. Bóndi í sveit, sem á 3 börn upp komin, getur talið til frádráttar tekjum búsins kaup þeirra og fæði, er þau síðan greiða skatt af, að frádregnum 500 kr. hjá hverju þeirra. En bóndi, sem á 3 börn á aldrinum frá 14–21 árs, verður að gjalda skatt af fæði þeirra og kaupi, frádráttarlaust. Fellur því skatt-

urinn þyngra á þá fjölskylduna en hina, og telur nefndin það órjettlátt. Frádrátt fyrir ómögum telur nefndin sömuleiðis of lágan, og álítur rjettast, að jöfn upphæð sje skattfrjáls fyrir hvern einstakling, en eigi aðeins fyrir hvern skattgreiðanda og hvorttveggja hjóna.

Við 6. gr. frv. kom fram breytingartillaga, svo hljóðandi:

Greinin orðist svo:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum $^1/_2$ %.

Frá	1000 kr. til	2000 kr. greiðist	5 kr. af	1000 kr. og	1 % af afg.
—	2000 — —	3000 — —	15 — —	2000 — —	$1^1/_2$ - — —
—	3000 — —	4000 — —	30 — —	3000 — —	2 - — —
—	4000 — —	5000 — —	50 — —	4000 — —	$2^1/_2$ - — —
—	5000 — —	6000 — —	75 — —	5000 — —	3 - — —
—	6000 — —	7000 — —	105 — —	6000 — —	$3^1/_2$ - — —
—	7000 — —	8000 — —	140 — —	7000 — —	4 - — —
—	8000 — —	9000 — —	180 — —	8000 — —	$4^1/_2$ - — —
—	9000 — —	10000 — —	225 — —	9000 — —	5 - — —
—	10000 — —	11000 — —	275 — —	10000 — —	6 - — —
—	11000 — —	12000 — —	335 — —	11000 — —	7 - — —
—	12000 — —	13000 — —	405 — —	12000 — —	8 - — —
—	13000 — —	14000 — —	485 — —	13000 — —	9 - — —
—	14000 — —	15000 — —	575 — —	14000 — —	10 - — —
—	15000 — —	16000 — —	675 — —	15000 — —	11 - — —
—	16000 — —	17000 — —	785 — —	16000 — —	12 - — —
—	17000 — —	18000 — —	905 — —	17000 — —	13 - — —
—	18000 — —	19000 — —	1035 — —	18000 — —	14 - — —
—	19000 — —	20000 — —	1175 — —	19000 — —	15 - — —
—	20000 — —	25000 — —	1325 — —	20000 — —	16 - — —
—	25000 — —	30000 — —	2125 — —	25000 — —	17 - — —
—	30000 — —	40000 — —	2975 — —	30000 — —	18 - — —
—	40000 — —	50000 — —	4775 — —	40000 — —	19 - — —
—	50000 — —	60000 — —	6675 — —	50000 — —	20 - — —
—	60000 — —	70000 — —	8675 — —	60000 — —	21 - — —
—	70000 — —	80000 — —	10775 — —	70000 — —	22 - — —
—	80000 — —	90000 — —	12975 — —	80000 — —	23 - — —
—	90000 — —	100000 — —	15275 — —	90000 — —	24 - — —
—	100000 — og þar yfir		17675 — —	100000 — —	25 - — —

Nefndarmenn töldu allir þessa brtt. til bóta á frumv., og þó hún kynni óbreytt að leiða til minni tekna ríkissjóði til handa en skattregla frumv., einkum í tekjuþurðarárum, mætti úr því bæta með jafnri hækkun á öllum skattstiganum, annaðhvort í skattalögunum sjálfum eða í fjárlögum, samkv. 52. gr. Brtt. kom og fram um það að telja til frádráttar skattskyldum tekjum einstakra manna tekjur af fjelagseign, sem skattaðar eru í óskiftum arði, og nokkrar brtt. fl. En þar sem nú er komið mjög að þinglokum, þótti nefndinni ekki tími til vandlegrar athugunar og umbóta á frumv., enda hætt við, að meiribáttar brtt.

mundu hefta framgang málsins á þessu þingi, en nauðsyn mikil á þeim tekjuauka, sem af frumv. er vænst. Ræður því nefndin til, að það sje samþykt og gert að lögum, eins og það kemur frá háttv. Nd., til bráðabirgða, þ. e. til 31. des. 1923, með þeim viðauka, sem til þeirrar ráðstöfunar er nauðsynlegur og tryggir endurskoðun á lögunum fyrir þann tíma.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 53. gr.
Aftan við gr. bætist:
Lög þessi gilda til 31. des. 1923.

Alþingi, 17. maí 1921.

Sig. Eggerz, form., með fyrirvara. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Sigurjón Friðjónsson, ritari.

Björn Kristjánsson, með fyrirvara. Guðjón Guðlaugsson.

(A. VII, 15).

Ed. **627. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsmenn: Sig. Eggerz og Björn Kristjánsson.

Við 52. gr.
Greinin falli burt.

(B. LIII, 11).

Nd. **628. Breytingartillögur**

við frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá Eiríki Einarssyni og Þorsteini Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkissjóður gefur út og lánar Landsbankanum 3 milj. kr. í seðlum. Um útgáfu annara seðla, er verður að gefa út til þess að full-

nægja viðskiftaþörfinni, haldast ákvæði þeirra laga, er nú gilda, óbreytt þangað til annað skipulag kann að komast á samkv. fyrirmælum þessara laga, þó ekki lengur en til 1. maí 1922.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs 3 manna nefnd hlutbundnum kosningum, er meðal annars hafi það starf með höndum að athuga og gera tillögur fyrir næsta þing um það, hvort ekki muni gerlegt að styrkja Íslandsbanka með íhlutun ríkisins, svo sem með hlutafjárauka eða ábyrgð með tryggingu. Í þessu skyni skulu nefndarmenn þessir hafa óskoraðan rjett til að rannsaka skjöl og bækur bankans og útbúa hans.

3. Við 6. gr. Greinin falli burt.

Greinatalan breytist í samræmi við þetta.

4. Við 9. gr. Orðin »2. gr. ... svo og önnur« falli burt.

(A. X, 6).

Nd. **629. Lög**

um útflutningsgjald af síld o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af þar tölduum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu, eða í skipum, sem stunda síldveiðar í landhelgi, þótt síldin sje eigi flutt í land. Enn fremur nær gjaldið til síldar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

Endurgreiða má hjer búsettum ríkisborgurum og öðrum hjer búsettum mönnum, er sama rjett hafa að lögum, $^3/_8$ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár líður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er $^1/_2$ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra þar, sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

(B. XXXII, 10).

Nd. 630. Lög

um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin »200 kr. um árið« skal koma:
   400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(B. XLVI, 10).

Nd. **631. Lög**

um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún að eins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil.

Enn fremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjald af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vínanda fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(B. XVIII, 6).

Ed. **632. Lög**

um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolung-

arvikurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt leigurjettindum og kvöðum, er á spildunni hvíla, og öllum mannvirkjum og byggingum, er á henni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 4000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Árna E. Árnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917

(B. XLII, 11).

Ed. **633. Lög**

um stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Banka skal stofna í Reykjavík, er nefnist »Ríkisveðbanki Íslands«. Tilgangur hans er:

1. að veita lán, trygð með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda, er hafa með höndum samvinnumannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán eða kaupa skuldabrjef, trygð með veði í fasteign og auk þess með fullri ábyrgð ríkisins.
5. að gefa út og selja bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt ofansögðu, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs bankans.

Öll lán bankans skulu veitt til endurgreiðslu með ákveðnum afborgunum um langt árabil, en afborgunarlaus föst lán má aldrei veita.

2. gr.

Bankinn tekur við allri forsjá og stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, með öllum hennar skyldum og rjettindum. Að öðru leyti skulu lög og reglugerðir þær, er nú gilda um veðdeild Landsbankans, framvegis gilda um þessa deild

Ríkisveðbanka Íslands, þar til allir fjórir flokkar bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar eru að fullu innleystir.

3. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð 3 miljónir króna. Stofnfje þetta er eign ríkisins, en endurgreiðslu þess verður ekki krafist fyrri en bankinn hefir fullnægt öllum skuldbindingum sínum.

Stofnsjóð bankans má auka með nýjum fjárframlögum úr ríkissjóði eða með yfirfærslum úr varasjóði bankans. Með yfirfærslum úr varasjóði verður stofnsjóðurinn þó eigi hækkaður um meira en eina miljón kr., nema ný lagaheimild komi til.

4. gr.

Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi þannig:

1. Úr ræktunarsjóði Íslands, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
2. Úr kirkjujarðasjóði, í skuldabrjefum, bankavaxtabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
3. Úr viðlagasjóði, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, renna andvirði þeirra þjóðjarða og kirkjujarða, er hjer eftir verða seldar, inn í stofnsjóð bankans og bætist við eign ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs í stofnsjóðnum.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðnum eins og tapinu nemur; en ef sjóðurinn við það lækkar niður fyrir 3 miljónir kr., bætir ríkissjóður honum það, er á vantar.

Af stofnfjenu greiðir bankinn 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári. Renna vextirnir til ræktunarsjóðs, kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, að tiltölu við eign hvers þeirra í stofnsjóði bankans.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign, án vaxta, þegar hagur bankans leyfir.

5. gr.

Hreinn ágóði af rekstri bankans skal lagður í varasjóð. Nú verður bankinn fyrir tapi, eða árstekjur hans hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

6. gr.

Bankinn gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans, og skal þá jafnframt ritað á brjefin, hver sje eigandi þeirra. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð vaxtabrjefanna, en sá af ráðherrum Íslands, er hefir yfirstjórn bankans, skal hafa samþykt orðalag þeirra og efni. Til þess að vaxtabrjefin sjeu skuldbindandi fyrir bankann, skulu þau vera undirrituð af bankastjórn, og auk þess á þau ritað vottorð ráðherra um, að þau sjeu skrásett í stjórnarráði Íslands. Brjefin skulu kveða á um greiðslu í íslenskri krónumynt. Þó má jafnframt á brjefunum telja upphæðina reiknaða til útlendra peninga.

Eigendur bankavaxtabrjefanna geta fengið bankanum brjef sín til geymslu, gegn viðlökuskirteini, eða fengið þau innrituð og gerð óframseljanleg og óveðhæf um sinn, með áritun bankans á brjefin, hvorttveggja eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Aldrei má vera í umferð meira af bankavaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins, nje meira en nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í skuldabrjefum fyrir lánum, að frádregnum greiddum afborgunum af þeim, en að viðbættu því fje, er afborgað kann að hafa verið af lánunum og bíður þess að verða notað til innlausnar vaxtabrjefum. Eigi mega heldur vaxtabrjef í umferð bera hærri vöxtu en tilsvarandi skuldabrjef fyrir lánum.

Þó má bankinn, með samþykki stjórnarráðsins, gefa út og selja fyrirfram bankavaxtabrjef fyrir alt að einni miljón kr. í einu. Skal þá andvirði þeirra, meðan það bíður þess að verða notað til útlána samkv. 1. gr., ávaxtað í Landsbanka Íslands eða á annan fulltryggan hátt, er stjórnarráð samþykkir.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bankans er:

1. Skuldabrjef þau, er bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans.
2. Varasjóður bankans.
3. Stofnsjóður bankans.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 12½ % af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru hjer taldar.

8. gr.

Vaxtabrjef bankans skulu gefin út í flokkum (serium). Ákveður bankastjórn, hve nær lokið skuli hverjum flokki; þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því, er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo flokka opna samtímis.

9. gr.

Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir reglugerð fyrir bankann, er breyta má eða bæta við þegar þörf gerist; þó mega ný reglugerðarákvæði ekki ná til bankavaxtabrjefa þeirra, sem áður eru út gefin.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 55 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um vaxtahæð brjefanna; en hafa má í sama flokki tvær eða fleiri deildir með misháum vöxtum, og með happvinningum (sbr. 35. gr.) eða án þeirra.

10. gr.

Vaxtamiðar bankavaxtabrjefanna og útdregin vaxtabrjef skulu innleyst í bankanum sjálfum og í þeim peningastofnunum öðrum eða verslunarhúsum, innanlands eða utan, er bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins. Í reglugerð skal fyrirmælt, hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar

sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabrjef hans skulu ávalt njóta sama skattfrelsis sem skuldabrjef ríkisins. Svo á bankinn og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er bankinn greiðir, veita honum upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda frá lántakendum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir bankann.

II. Tryggingar fyrir lánum.

12. gr.

Fje bankans má lána gegn veði í hverskonar fasteign, sem vera skal, ef eignin, að áliti bankastjórnar og samkvæmt reglugerðarákvæðum bankans, er tryggilegt veð fyrir láni til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr $^{5}/_{6}$ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar, en innan þeirra takmarka má í reglugerð bankans ákveða, hve mikinn hluta verðs má mest lána út á fasteignir einstakra tegunda eða flokka.

Nú hefir bankinn minna fje en svo til umráða, að hann geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til landbúnaðar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að landbúnaðarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, má því að eins taka gild sem veð, að þau sjeu vátrygð gegn brunahættu í vátryggingarstofnun, er bankastjórn og ráðherra telja góða og gilda.

Hús, sem notuð eru til iðnrekstrar eða eru ætluð til einhverrar sjerstakrar, óvenjulegrar starfrækslu, skulu eigi metin hærra til lántöku en þau mundu verð til almennrar notkunar.

Að jafnaði skal eigi lánað nema gegn fyrsta veðrjetti. En það telst fyrsti veðrjettur, þótt áður hvíli fyrsta veðrjettarskuld á eigninni, ef lánið skal notað til þess að greiða hina eldri skuld og bankinn hefir uppfærslurjett á eftir henni, enda haldi hann þá eftir af láninu nægilegri upphæð til að losa öll eldri veðbönd af eigninni. — Það telst og fyrsti veðrjettur, er bankinn lánar út á eign, sem áður er veðsett honum eða veðdeild Landsbankans, til viðbótar við lán það, er hann eða veðdeildin hefir áður veitt.

Í reglugerð má þó ákveða, að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo, að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr $^{3}/_{5}$ af verðgildi hennar. Af slíkum lánum má taka sjerstakt

áhættugjald, er greiðist með auknu tillagi til varasjóðs, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðum bankans, og skal þar meðal annars ákveða, hvernig virðingarmenn skuli útnefndir.

Þó má í reglugerð ákveða, að sjerstök virðing vegna lántökunnar þurfi eigi að fara fram, ef lánið fer eigi fram úr ákveðnum hluta af virðingarverði eignarinnar til skatts, alt að hálfri skattvirðingarupphæðinni, og önnur skilríki eru fyrir hendi, er reglugerð nánar tiltekur.

Lántakendur skulu, svo oft sem stjórn bankans krefst, láta honum í tje skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðin hafi eigi rýrnað í verði, svo að bankanum geti eigi verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, getur bankinn látið fara fram skoðun eða nýja virðingu, á kostnað lántakanda.

14. gr.

Í virðingargerðum getur bankinn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar, eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða grunnsins, og hins vegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á jörðinni eða grunninum, svo sem jarðbóta allskonar, bygginga og annara umbóta. Má í reglugerð bankans ákveða, að eigi skuli að jafnaði veitt hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því að eins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^{3}/_{5}$ af virðingarverði allrar eignarinnar. Skal þá í reglugerðinni kveða nánar á um sundurgreining virðingarverðsins, og má meðal annars ákveða, að jarðabætur skuli, eftir nánar tiltekinn árafjölda, teljast til jarðarinnar sjálfrar, en eigi lengur til mannvirkja, er ætla má, að þær hafi löngu borgað kostnað sinn að fullu.

15. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar eigninni.

Áður en slíkt lán er veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Á undan hverri útborgun fari fram skoðun eða bráðabirgðamat á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi $^{8}/_{5}$ af verði eignarinnar eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, þótt eigi yrði meira að henni unnið að sinni.

Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um lántökuskilyrði og útborgun slíkra lána.

16. gr.

Lán til bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því að eins veitt, að stjórnarráðið eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina.

Bankinn getur hve nær sem er krafið bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagið um skýrslu um eignir þess og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lánsins.

Í reglugerð bankans skal nánar ákveðið um lántökuskilyrði og trygging fyrir slíkum lánum.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. lið 1. gr. veitir bankinn að eins þeim fjelögum, er stofnuð kunna að verða samkvæmt sjerstökum lögum og fá lögvarinn rjett til að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir, til greiðslu kostnaðar við samvinnufyrirtæki, til umbóta á þeim, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Skal taka upp í reglugerðir bankans nánari fyrirmæli um lán þessi og þess sjerstaklega gætt, að afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, geti á engri fasteign orðið hærri en svara mundi til lánsupphæðar þeirrar, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni samkvæmt lögum þessum og öðrum útlánsreglum bankans.

18. gr.

Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landssvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna, og fjelagssamþyktir þeirra öðlast staðfesting stjórnarráðsins, enda telji bankastjórn og ráðherra útlánsreglur fjelaganna jafntryggilegar og Ríkisveðbankans; getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lantakenda fjelagsins. Skal þá bankinn hafa nákvæmt eftirlit með rekstri hvers fjelags, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, og jafnan hafa í vörslum sínum eða umboðsmanns síns veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna, að minsta kosti fyrir jafnmikilli upphæð og lán bankans til veðlánsfjelagsins nema á hverjum tíma.

Tillög til varasjóðs (sbr. 22. og 25. gr.) af þessum lánum skulu sjerstaklega ákveðin með reglugerð, og mega þau lægri vera en af öðrum lánum bankans.

19. gr.

Bankinn getur veitt lán eða keypt veðskuldabrjef eða vaxtabrjef, sem í sjálfu sjer eru trygð með nægilegu fasteignaveði, þótt veðin sjeu eigi eins tryggileg og krafist er annars í lögum þessum og reglugerðum bankans, ef lánin eða brjefin auk þess eru trygð með fullri ábyrgð ríkissjóðs. Tekur bankinn brjef þessi með því gengi, er stjórn bankans og stjórnarráði Íslands kemur saman um, og skal gengið miðað við, að bankinn verði skaðlaus af kaupunum.

20. gr.

Í reglugerð má ákveða hæstu og lægstu upphæð einstaks láns. Þar skal og ákveða, hvað lánstíminn má vera lengstur fyrir hverja tegund tryggingar. Þó má eigi ákveða lengri útlánstíma fyrir neina tegund lána en 45 ár.

III. Skyldur og rjettindi lántakenda.

21. gr.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða, eftir vali hans sjálfs, í bankavaxtabrjefum, eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum, með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir brjefin eða hefir þegar selt þau fyrir, að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

22. gr.

Um leið og lán er tekið skal lántakandi greiða í varasjóð bankans hundraðsgjald af lánsupphæðinni, er reglugerð bankans ákveður, þó eigi hærra en 1%.

Lántakandi er skyldur að tilkynna bankanum þegar í stað, ef hann gerir verulegar breytingar á veðsettri fasteign, svo að eignin við það verði verðminni; sömuleiðis ef eignin rýrnar til muna í verðgildi af honum ósjálfráðum orsökum. Vanræki hann slíkar tilkynningar, getur stjórn bankans krafið hann um gjald til varasjóðs, alt að 1% af veðskuld hans.

Þegar veðsett fasteign er seld, skal kaupandi tilkynna bankanum eigendaskiftin skriflega innan 2 mánaða, að viðlagðri sekt, alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

Öll gjöld og sektir til varasjóðs skulu trygð með veði í eignum þeim, er bankinn hefir að tryggingu, á sama hátt og lánin sjálf og vextir af þeim.

23. gr.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húseignum, er að veði eru og taldar eru með í virðingu til lántöku, eða sje auglýst sala á eigninni, vegna veðskuldar með forgangsrjetti fyrir veði bankans, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum bankans, eða sje bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta, eða brjóti lánþegi í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust.

Þegar eigendaskifti verða að veðsettri eign, getur bankinn heimtað lánið endurgreitt að nokkru eða öllu leyti. En vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Ávalt þegar lán er fallið í gjalddaga, getur bankinn, til lúkningar höfuðstóli lánsins, vöxtum og rjettkræfum gjöldum til varasjóðs, látið selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða látið leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

Í stað þess að veðsett eign verði seld á uppboði, getur skuldunautur, ef hann kýs það heldur og bankastjórnin samþykkir, afhent bankanum eignina til fullra umráða og gefið honum óafturkallanlegt umboð til að selja hana eða verja henni til greiðslu skuldarinnar á hvern hátt, er bankastjórn telur hentugt. Skal þá bankinn að síðustu gera eiganda reikningsskil og skila honum því, er hann kann að hafa haft upp úr eigninni umfram veðskuldina og allan kostnað sinn; en að sjálfsögðu greiði skuldunautur það, er á vantar, ef eignin hefir eigi hrokkið fyrir veðskuldinni.

Nú greiðist eigi veðskuld að fullu með söluverði veðsettrar eignar, og getur bankinn þá látið taka fjárnámi aðrar eignir skuldunauts fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, eins og fyrir hendi væri dómur eða sátt, fallin í gjalddaga. En skuldunaut er frjálst að höfða mál gegn bankanum, til endurgreiðslu og skaðabóta, ef hann telur kröfur bankans eigi rjettmætar.

24. gr.

Þegar veðsettar eru eignir, er eldur getur grandað og taldar eru með í virðingu til lántöku, skal lántakandi framselja bankanum kröfu sína til brunabótanna, ef þær skyldu brenna. Getur bankinn krafist þess að annast sjálfur greiðslu hinna árlegu vátryggingariðgjalda, gegn því, að árleg ákvæðisgjöld lánþega til bankans hækki að sama skapi, svo að bankinn verði skaðlaus.

Nú verður brunatjón á veðsettri eign, og skal þá bankinn hefja brunabæturnar og greiða lánþega af þeim svo mikið, sem stjórn bankans telur óhætt, svo að lánið sje fulltrygt. Eftirstöðvar brunabótanna getur bankinn, eftir ósk lánþega, geymt og ávaxtað um alt að tveggja ára tíma, og greitt lánþega fjeð er hann hefir endurreist eignina að öllu eða svo miklu leyti, að bankastjórn telji veðið tryggilegt. Ella skal taka fjeð upp í lánið sem aukaafborgun.

25. gr.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, en gjalddagar sjeu einn eða tveir ár hvert, eftir ákvæðum reglugerðar.

Vextir af hverju láni skulu ávalt jafnháir og bankinn greiðir af bankavaxtabrjefum þeim, sem út eru gefin vegna lánsins. Ef brjefin eru happvinningabrjef (sbr. 35. gr.), skal þó í þessu sambandi telja til vaxta af þeim hundraðsgjald það, er bankinn skuldbindur sig til að verja árlega til happvinninga af brjefum þess flokks, er þau tilheyra.

Afborgunargjaldið skal að minsta kosti nema svo miklu hundraðsgjaldi af upprunalegri upphæð lánsins, að því verði lokið innan þess tíma, er reglugerð ákveður lengstan fyrir lán af hverri tegund. Bankastjórn getur þó leyft, að afborgun af lánum til jarðabóta eða til fjelagsmannvirkja (sbr. 1. gr. 3. lið) sje frestað um 1 eða 2 fyrstu ár lánstímans, gegn því að ákvæðisgjöldin verði upp frá því tiltölulega hærri, svo að láninu verði alt að einu lokið á tilskildum tíma.

Upphæð árstillagsins til varasjóðs skal ákveðið í reglugerð bankans; þó skal það eigi minna vera en $^1/_4$% og eigi hærra en $^3/_4$% af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Má tillagið vera mishátt, ettir því, hverrar tegundar lánið er.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti með bankavaxtabrjefum sama flokks og flokksdeildar og þau brjef voru, er hafa verið gefin út vegna lánsins, eftir ákvæðisverði b jefanna. Útdregin bankavaxtabrjef (sbr. 28. gr.) verða þó eigi notuð til slíkrar endurgreiðslu lána eða aukaafborgana.

Nú vill skuldunautur greiða í peningum aukaafborganir á ákveðnum gjalddögum, eða endurgreiða þannig lán sitt að fullu milli gjalddaga, og skal þá bankinn taka við greiðslunni fyrirvaralaust, ef hann getur það sjer að skaðlausu. Ella má hann krefjast uppsagnar á láninu með svo löngum fyrirvara til næsta innlausnardags bankavaxtabrjefa, að tilsvarandi upphæð brjefa verði þá innleyst, eða krefja skuldunaut um aukagjald, svo hátt, að bankinn geti sjer að skaðlausu geymt fjeð, þar til vaxtabrjefin geta orðið innleyst.

26. gr.

Bankinn getur krafist þess, að jafnframt umsókn um lán sje fyrirfram greiddur áætlaður kostnaður við skoðun og virðingu eignar þeirrar, sem boðin er að veði, og annar undirbúningskostnaður, sem ei verður hjá komist, þótt ekki verði úr lántökunni.

Í reglugerð skal ákveða ferðakostnað og þóknun til virðingarmanna, er bankinn kann að útnefna, og þeirra starfsmanna bankans, er framkvæma skoðun veðsettra eigna samkv. 15. gr., eða önnur störf, er lántakendum ber að greiða.

27. gr.

Hver lántakandi er skyldur að hlíta lögum og reglugerðum bankans, með þeim breytingum, sem löglega verða á þeim gerðar, og skal þar að lútandi ákvæði tekið upp í skuldabrjef þau, er lántakendur undirskrifa.

IV. Sjóðir bankans og vaxtabrjef.

28. gr.

Hver flokkur og hver vaxtadeild innan flokks, ef fleiri eru en ein, skal hafa sjerstakan árgjaldasjóð, og skulu í hann lögð öll árgjöld lántakenda, að frádregnum árstillögum til varasjóðs.

Af sjóðum þessum skal fyrst og fremst greiða vexti af bankavaxtabrjefum í umferð, en því, sem þá er eftir í hverjum sjóði, skal árlega varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks eða flokksdeildar, er í hlut á. Skulu vaxtabrjef þau, er á að innleysa, dregin út eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, en hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa, með minst 6 mánaða fyrirvara, númerin á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til inn-

lausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Í reglugerð bankans skulu sett nánari ákvæði um auglýsingar þessar.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera öll greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef, er skulu dregin út eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða keypt inn til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef sín í stærri stíl, eða innkalla heilan flokk eða flokksdeild vaxtabrjefa til innlausnar í einu, með auglýsingu og sama fyrirvara. Þó getur bankastjórn, með samþykki stjórnarráðs, afsalað sjer rjetti til að innkalla þannig heilan flokk eða flokksdeild brjefa um ákveðinn árafjölda frá útgáfudegi þeirra.

29. gr.

Í varasjóð renna tekjur samkv. 22. gr., árstillög samkv. 25. gr., vextir af varasjóðnum sjálfum og allar aðrar tekjur bankans, sem eigi eru sjerstaklega ákveðnar til annars. Í varasjóð bankans renna og varasjóðir veðdeildarflokka Landsbanka Íslands, jafnóðum og bankavaxtabrjef hvers flokks eru að fullu innleyst.

Sjóðurinn skal í heild sinni vera til tryggingar öllum útgefnum bankavaxtabrjefum, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því, sem ástæða þykir til.

Af fje varasjóðs má veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með. Þó má aðallán og aukalán til samans ekki fara fram yfir $^{8}/_{5}$ hluta virðingarverðs eignar þeirrar, sem að veði er, og skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum.

Fje varasjóðs skal að öðru leyti ávaxtað í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða á annan tryggilegan hátt, er reglugerð ákveður og stjórnarráð samþykkir.

Nú hefir bankinn orðið að taka að sjer veðsetta eign (sbr. 23. gr.), og hafi hún eigi selst innan árs frá því, er bankinn tók hana að sjer, og skal þá úr varasjóði greiða veðskuldina, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina, ef uppboð var reynt á henni. Upphæð þeirri, er varasjóður þannig greiðir til lækkunar veðskuldinni eða til lúkningar henni, skal varið til innlausnar bankavaxtabrjefa þess flokks eða flokksdeildar, er lánið tilheyrir. — Skal eignin síðan seld, svo fljótt sem unt er eða sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur þá kaupandi tekið að sjer eftirstöðvar lánsins. Meðan bankinn hefir slíka eign á höndum sjer, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess. Í ársreikningum bankans skal gera sjerstaklega grein fyrir hverri eign, er þannig er ástatt um.

30. gr.

Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður

með samkv. 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg. Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráð samþykkir. Má og verja því fje til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans eða öðrum verðbrjefum, er stofnsjóðinn má geyma í samkvæmt þessari grein. Handveðslán þessi mega eigi hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi, og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

31. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal samkvæmt 28. gr., geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

Ef áritun á brjef sýnir, að það sje eða hafi verið eign ákveðins manns, verður andvirði þess því að eins greitt handhafa, að eigi verði annað sjeð en að hann sje rjettur eigandi samkvæmt óslitnum framsölum, rituðum á brjefið, eða það hafi aftur verið framselt til handhafa; en bankinn ber eigi ábyrgð á því, þótt framsölin sjeu fölsuð eða röng að öðru leyti.

Vaxtabrjef bankans og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetning og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda eða löglegra handhafa verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

32. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

33. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í þeim blöðum útlendum, er bankastjórn ákveður með samþykki stjórnarráðs. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt brjef, með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal auðkenna þau

undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu, þar til þau, við næstu reikningslok, verða brend í viðurvist endurskoðenda og notarii publici, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

35. gr.

Bankinn má gefa út sjerstaka deild bankavaxtabrjefa með happvinningum, þann veg, að eigendum eða handhöfum brjefanna sjálfra eða vaxtamiða þeirra verði, auk höfuðstóls brjefanna eða vaxta, greiddir vinningar eftir hlutkesti, er fram fer undir umsjón notarii publici. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar, og má þar meðal annars ákveða, hversu miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð má mest verja árlega til happvinninga. Þar má og ákveða, hversu hár hinn hæsti vinningur má vera.

Bankinn hefir einkarjett til þess að gefa út vaxtabrjef með happvinningum, þó að óskertum rjetti ríkissjóðs til að gefa út slík brjef.

36. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bankans, þó eigi hærra verði en kauphallarverð eða alment gangverð brjefanna er á þeim tíma, er kaupin eru gerð. Allt það geymslufje, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í þess stað geyma í bankavaxtabrjefum Ríkisveðbanka Íslands.

37. gr.

Auk hinnar almennu ábyrgðar ríkisins, samkv. 7. gr. 4. lið, heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir ríkissjóðsins hönd sjerstaklega ábyrgð á greiðslu vaxta og höfuðstóls einstakra deilda af bankavaxtabrjefum bankans, er kunna að verða gefnar út eingöngu til sölu utanlands.

V. Stjórn bankans og reikningsskil.

38. gr.

Í stjórn bankans eru 3 menn, er stjórnarráðið skipar, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórn frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

Nánari fyrirmæli um daglega stjórn bankans og um samband bankastjóranna sín á milli getur ráðherra sett.

39. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fyrst um sinn má þó fresta skipun bókara og fjehirðis, og skal þá Landsbanka Íslands falið að annast út- og innborganir bankans og aðrar daglegar afgreiðslur, að svo miklu leyti, sem unt er, gegn þóknun, er stjórnum bankanna kemur saman um eða stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum þeirra.

Aðra starfsmenn bankans ræður bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

40. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

41. gr.

Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa.

Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, án sjerstakrar þóknunar.

Laun bankastjóra og allra starfsmanna greiðist af bankans fje.

Aðalbankastjóri má ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur aðra atvinnu.

42. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn við bankann, og kýs hið sameinaða Alþingi annan þeirra til 3 ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir ráðherra til. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbrjefaeign hans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðsins með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til.

Laun endurskoðunarmanna eru 1000 kr. til hvors þeirra, auk dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins. Meðan það skipulag

er um stjórn bankans, sem í 3. málsgr. 41. gr. segir, skulu endurskoðunarmenn Landsbankans endurskoða reikninga Ríkisveðbankans án sjerstakrar þóknunar.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þykir þurfa. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

43. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða ársreikning, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna og enn fremur í nokkrum helstu blöðum landsins.

44. gr.

Bankinn skal koma upp umboðsskrifstofum svo víða úti um land, sem bankastjórn og stjórnarráð telur þörf á, og svo fljótt, sem við verður komið. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar viðvíkjandi lántökunni og undirbúningi undir hana, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fje til þess er fyrir hendi á skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabrjefa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar.

(B. XXIII, 4).

Ed. **634. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

2. málsliður 2. málsgreinar orðist svo:

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörðu eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, þótt engin ábúð fylgi, svo sem slægjuafnot, ef leigusali slægna er ekki útsvarsskyldur í þeim hreppi, sem slægjuland er í, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

(C. XXVIII, 2).

Sþ. **635. Breytingartillögur**

við þingsályktunartillögu um skipun fjármálanefndar (þskj. 623).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Tillagan orðist svo:

1. Sameinað Alþingi ályktar að fela landsstjórninni að skipa 3 manna nefnd innlendra, eða innlendra og útlendra, fjármálamanna, utan beggja bankanna hjer, til að íhuga og koma fram með tillögur sínar, fyrir næsta þing, um hvernig bankamálum landsins verði best fyrir komið framvegis, og veitist henni nauðsynlegt fje til þess.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um skipun bankamálanefndar.

(B. LIII, 12).

Nd. **636. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til 1. maí 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^3/_4$ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 1. maí 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2^1/_2$ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans 31. des. 1933.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi

láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtryggður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

(A. XLI, 21).

Ed. **637. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1922 (eftir eina umr. í Nd.).

Frá fjárveitinganefnd.

Þótt nefndin sje óánægð með ýmsar þær breytingar, er orðið hafa á frv. síðan það var samþykt hjer í deildinni, þá hefir það þó orðið ofan á, að ráða hv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Þó gengur nefndin því aðeins að ábyrgðarheimildinni í 22. gr., fyrir skuldum íslenskra botnvörpueigenda á Englandi, að sá skilningur sje í hana lagður, að aðeins megi ábyrgjast fyrstu 200 þús. krónurnar af veðskuldum, er hvíla á hverju því botnvörpuskipi, er þar ræðir um, og að trygging sú, er ríkissjóði verður sett fyrir ábyrgðinni, sje að dómi stjórnarinnar nægileg til þess, að ríkissjóður bíði engan halla af henni, og að stjórnin geri og að öðru leyti þær ráðstafanir, sem með þarf, til að tryggja það, að eigendur skipanna afborgi lánin og losi ríkissjóð við ábyrgðina, svo fljótt sem kringumstæður leyfa.

Nefndinni hefir á síðasta augnabliki borist erindi frá P. J. Thorsteinsson, um endurgreiðslu á tunnutolli, en þar sem tíminn er orðinn svo naumur, getur hún ekki gert annað en að vísa því til stjórnarinnar, til athugunar um hvort ástæða sje til að leita aukafjárveitingar í þessu skyni.

Alþingi, 17. maí 1921.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Sigurður H. Kvaran, fundaskrifari og ritari.

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason. H. Steinsson.

(C. XV, 7).

Ed. **638. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað þessa þingsályktunartillögu og er sammála um það, að nauðsyn beri til að styðja að því að bæta og efla ullariðnað í landinu, og það í miklu stærri stíl en hingað til hefir getað átt sjer stað, og hyggur, að þessi tillaga geti flýtt fyrir framgangi þess máls.

Þó nefndin því hefði kosið að breyta þessari tillögu lítils háttar, leggur hún það til, að tillagan verði samþykt óbreytt, þar sem annars kostar er hætt við, að málið yrði ekki útrætt á þessu þingi vegna naumleika tímans.

Alþingi, 17. maí 1921.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurður Jónsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(C. XXIX, 1).

Nd. **639. Tillaga**

til þingsályktunar um hjeraðaskóla o. fl.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Björn Hallsson, Hákon J. Kristófersson, Stefán Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Pjetur Þórðarson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að styðja fast að því, við undirbúning nýrrar skipunar á skóla- og mentamálum þjóðarinnar, að hlynt verði að alþýðuskólum í sveitum af hálfu ríkisvaldsins og að viðleitni til barnafræðslu á heimilunum verði studd og efld. — Einnig lýsir þingdeildin yfir því, að hún telur sjálfsagt, að þau bygðarlög, er leggja mest á sig til að koma á stofn skólum til unglingafræðslu, megi að sama skapi vænta tilstyrks þings og stjórnar til þess að koma þessum áhugamálum sínum í framkvæmd.

(B. LII, 5).

Ed. **640. Nefndarálit**

um frv. til laga um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd Ed. hefir haft þetta mál til athugunar, en að eins svo stuttan tíma, að engin veruleg athugun getur heitið, þar sem nefndinni er svo mjög takmarkaður tími, að það, meðal annars, er að voru áliti gild ástæða til þess að leggja *ekki* til, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi, með því að sama tímaleysið kemur fram á öðrum þingmönnum í deildinni, þar sem öll stærstu og vandasömustu mál þingsins hafa hrúgast til Ed. á fáum dögum, en komið að þinglokum. Þrátt fyrir þetta hefir nefndin þó getað athugað frv. svo vel, að henni dylst það eigi, að hún mundi ekki hafa getað samþykt það óbreytt, og ef því væri breytt nokkuð verulega, enn meiri óvissa um framgang málsins á þessu þingi; en á hinn bóginn dylst nefndinni það heldur ekki, að þetta frv. er mikið nauðsynjamál og samið í besta tilgangi, enda auðsætt, að eitthvað þarf að gera í þessu efni; það þarf að útvega sýsluvegunum einhverjar fastar tekjur, en um það geta orðið mjög skiftar skoðanir, hvort það er rjettlátt eða heillavænlegt að hafa fasteignir í sveitunum, sjer í lagi hús, sem einasta gjaldstofn til sýsluvega, því það er engum vafa undirorpið, að einstakar jarðir yrðu þá fyrir ærið hörðum búsifjum, ofan á aðra skatta, sem mörgum munu finnast fullþungir, og það því fremur, sem þær sömu jarðir, sem á mörgum stöðum bæru þyngstan skattinn, hefðu sáralítil not af endurbót sýsluvega, en yrðu auk þess, eftir sem áður, að leggja fje til hreppavega, sem eru þeir einu vegir, er ábúendur margra jarða hafa not af, sem teljandi sjeu.

Það eru allir sammála um það, að vegabætur yfirleitt sjeu mjög þýðingarmiklar umbætur til hagsældar fyrir alla, sem í sveitum eru, en jafnframt er það vitanlegt, að allar sýslur hafa ekki sömu hagsmuni af vegabótum, enda mjög misjöfn þörf fyrir þær. Sumar þurfa margs annars fremur, og nokkrar sýslur eru svo illa lagaðar til vegalagninga, að þess er enginn kostur, svo nokkru nemi, án svo gífurlegs kostnaðar, að eigi er til hugsandi, og þetta sama á sjer stað um einstaka hreppa innan sömu sýslu, sem í eru nokkrir hreppar, er hafa bæði möguleika og þörf fyrir slíkar umbætur. Nokkrar sýslur hafa þar á móti brýnni þörf fyrir stórkostlegar vegalagningar en nokkuð annað, og eru auk þess svo að landslagi, að fjeð, sem til þess þarf, er hlutfallslega miklu minna en það gagn, sem af vegalagningunum getur leitt. Það er því ekki ósennilegt, að sumum muni virðast, að sömu lögin, hvað snertir gjaldstofn til sýsluvega, eigi ekki alstaðar jafnvel við, og að samþyktarlög mundu þykja heppilegri.

Þess má geta, að nefndinni virðist sjerstaklega athugavert að hafa hús í sveitum og sveitakauptúnum sem tekjustofn, og hann með tilfinnanlega háu gjaldi, hærra, og í sumum tilfellum miklu hærra, en greiða á til ríkissjóðs. Það er óneitanlega ærið athugavert að taka frá einni kirkjunni og gefa hinni, að styðja eina

framfaraviðleitnina með því að hnekkja annari, en það er hætt við því, ef þingið tekur upp þá reglu, svona alt í einu, að setja hvern skattinn öðrum hærri á arðlitlar húseignir til sveita, að það dragi eitthvað, og það ekki svo lítið, úr verulegum húsabótum, og ef svo færi, þá er illa farið, því umbætur húsakynna eru engu síður til framfara en umbætur á vegum yfirleitt. En þess verður að gæta, að umbætur á húsum eru vanalega fullþungar á fjármunum bænda, þótt ekki sje hlaðið á þær takmarkalausum sköttum.

Þá er þessi vegaskattur sjerstaklega þungur á hlunnindajörðum, sem margar eru æðihátt metnar, einungis vegna hlunnindanna. Í frumvarpinu er svo ákveðið, að ráðherra sje heimilt, eftir tillögum sýslunefnda, að undanskilja eyjajarðir þessum skatti, og er ekkert við það að athuga. En þá má líta svo á, að úr því eyjajarðir geta fengið skattfrelsi, þá væri ekki ósennilegt, að jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda, væri eitthvað ívilnað; ekki látnar gjalda þess eins, að bæjarhúsin standa uppi á fastalandi, en ekki á eyjum þeim, sem undir jörðina liggja og mestalt jarðarverðið er innifalið í. Sama er að segja um jarðir, sem eru metnar mjög hátt vegna uppsátra, lóðargjalda og þess háttar.

Þá kemur að því atriðinu, sem mestu ræður um það, hverja afstöðu nefndin tekur gagnvart frumvarpi þessu, og það er hvað það hlýtur að koma mönnum úti um land á óvart, ef það yrði að lögum á þessu þingi, og það því fremur, sem frumvarpið kom ekki fram fyr en undir þinglok, að heita má. Nefndin var þeirrar skoðunar í byrjun, að þar sem þessi lög lægju svo sjerstaklega undir starfssvið sýslunefnda, þá væri æskilegt að leita umsagnar þeirra um málið áður það yrði gert að lögum, en hvarf frá því síðar, vegna þess, að þá þótti sýnt, að frumvarpið gæti ekki orðið að lögum á næsta þingi. Hins vegar álítur nefndin æskilegt, að stjórnin taki málið til rækilegrar yfirvegunar fyrir næsta þing, og leyfir sjer því að leggja til, að efri deild samþykki eftirfylgjandi

Rökstudd dagskrá.

Þótt nefndin viðurkenni, að frv. þetta hafi góða kosti og sje að vissu leyti vel undirbúið, þá þykir henni þó hins vegar ýmsir þeir gallar á frv., að ekki sje ráðlegt að gera það að lögum á þessu þingi. Nefndinni þykir því nauðsyn til bera að vísa málinu til stjórnarinnar, til frekari undirbúnings til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. maí 1921.

H. Steinsson, formaður.	Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

Hjörtur Snorrason. S. H. Kvaran.

(C. XXX, 1).

Nd. **641. Tillaga**

til þingsályktunar um lækkun forvaxta.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um það, að bankarnir hjer lækki hið bráðasta forvexti, í samræmi við vaxtalækkun erlendis.

(B. LXI, 2).

Nd. **642. Lög**

um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

Aukaniðurjöfnun sú, er bæjarstjórn má ákveða, samkvæmt 23. gr. laga nr. 26, 22. nóv. 1918, að fram skuli fara síðari hluta júnímánaðar, skal fara fram fyrri hluta aprílmánaðar.

(C. XXXI, 1).

Nd. **643. Tillaga**

til þingsályktunar um skaðabótagreiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka nákvæmlega verðmismun þann, er verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan, síðan landseinkasala hófst á hrossum, og að hlutast til um, að Sunnlendingar fái þann mismun, að minsta kosti fyrir síðastliðið ár, hjá þeim hjeruðum, er ábatast hafa á verðmismuninum.

Til vara.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka

nákvæmlega verðmismun þann, er verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan, síðan landseinkasala hófst á hrossum, og að hlutast til um, að Sunnlendingar fái þann mismun, að minsta kosti fyrir síðastliðið ár, úr sameiginlegum sjóði hrossasölunnar, þeim, sem til er og myndast af hrossasölu þessa árs.

(A. I, 15).

Nd. **644. Frumvarp**

til laga um hlutafjelög.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 581, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

24. gr. hljóðar svo:

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það. Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.

Fyrri málsgr. 29. gr. hljóðar svo:

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt. Í samþyktum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr.

Annar málsliður annarar málsgr. 31. gr. hljóðar svo:

Enginn hluthafi getur átt eða farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu.

(A. III, 16).

Ed. **645. Lög**

um fasteignaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum (að frádregnum 10 ára mannvirkjum), þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum, bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, 3 af þúsundi hverju.
   Mannvirki síðustu 10 ára skulu þó vera skattskyld eftir 1930.
2. af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, $1^1/_2$ af þúsundi hverju.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Et fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rifið eða brennur eða fellur eða ónýtist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum numin lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.

(C. XVI, 2).

Ed. **646. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt ítrasta til þess að fá undanþágu frá þeim innflutningshömlum,

sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.

3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.

(A. VII, 16).

Ed. **647. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 473, með eftirfarandi breytingum:

5. tölul. 29. gr. hljóðar svo:

Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist hann á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.

52. gr. er fallin burt.

53. gr. er orðin 52. gr. og hljóðar svo:

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877, um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903, um viðauka við tjeð lög, og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.

Lög þessi gilda til 31. des. 1923.

(A. VII, 17).

Ed. **648. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 52. gr.

Í stað »1923« í 2. málsgr. komi:

1922.

(A. XI, 5).

Ed. **649. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hversu haga skuli sölu á þeim. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2% af andvirði merkjanna.

Stjórnarráðinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki eða stimpilmerkjum, og má nota hann í stað merkjanna.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið er eigi deilanlegt með 5, færist það niður í næstu tölu, sem deila má á þennan hátt, þó þannig, að gjaldið má aldrei minna vera en 10 au.

b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.

c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er ákveðin um ævitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu tíföldu.

Ef árgjald er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld, sem út eru gefin í hinu íslenska konungsríki, þegar annaðhvort að minsta

kosti einn aðilja á þar heimili, eða skjalið hljóðar um verðmæti hjer í ríkinu, rjettindi yfir þeim, eða rjettindi eða skyldur fyrir einstaklinga, fjelög eða stofnanir, sem eiga heimili hjer á landi.

Skjal telst gefið út hjer í ríkinu, ef annar eða einhver aðilja hefir undirritað það hjer.

5. gr.

Þau skjöl, sem hjer greinir, eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hjer eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja rjettindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sje, að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hjer.
3. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur verðbrjef, sem ætluð eru til að ganga manna í milli, ef þau eru gefin út af fjelögum eða stofnunum, sem eiga heimili hjer á landi.
4. Útlend hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík skjöl, sem flutt eru hingað, annaðhvort sem eign manna eða fjelaga, sem hjer eiga heimili, eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer, og ávísanir, ef samþyktar eru.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir rjettindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og nótarialgerðum, er skapa rjettindi eða skyldur, sem eigi hefir áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og rjettinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt, nema öðruvísi sje ákveðið sjerstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breyting á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrunina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10. gr.

Ef skjal stofnar til rjettinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II.

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist annaðhvort með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorttveggja.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hjer á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir sjeu liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sje fyr, og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hve nær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þennan, ef sjerstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn eru skyldir til að stimpla, án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Auk þess eru lögreglustjórar og hreppstjórar skyldir til að stimpla skjöl fyrir almenning, gegn 25 au. þóknun fyrir hvert skjal. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla án sjerstaks gjalds skjöl þau, er um þeirra hendur fara. Nánari reglur í þessu efni getur stjórnarráðið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt fjelögum, stofnunum og einstökum mönnum, er þar til teljast sjerstaklega hæfir, rjett til þess, gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Enn fremur getur stjórnarráðið ákveðið, ef nauðsynlegt þykir, að einstakar tegundir skjala megi hver einstakur stimpla.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef hann er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem límd hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en stjórnarráðið hefir heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það rjettarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefir af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því að eins fram fara, að beiðni um þær hafi borist stjórnarráðinu áður en 2 ár sjeu

liðin frá útgáfu þess eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf, eða staðfest eftirrit af þeim, skulu jafnan send stjórnarráðinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sje ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Enn fremur fellur krafa til stimpilgjalds burt, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 53. gr. þessara laga, hefir orðið áskynja um brotið, áður sá tími sje liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III.

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiftabrjef, gjafabrjef og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita rjett til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign er afsöluð hlutafjelagi greiðist gjald þetta tvöfalt.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annara, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr skiftabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, fjelaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskifti að fasteign eða skipi, eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbrjef fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu, þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sje um fasteign að ræða, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbrjef til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbrjef er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skráseting hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbrjef fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, þá heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum verða stimpilskyld við þinglestur eða skrásetningu, þótt þau sjeu gefin út áður en lög þessi öðlast gildi, ef þau eru eigi áður stimpluð.

23. gr.

Heimildarskjöl um veiðirjettindi, skjöl, sem leggja ítök, ískyldur og kvaðir á annara eign, stimplast með 1%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara rjettinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

24. gr.

Hlutabrjef, sem gefin eru út af fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, stimplast með 1%, ef þau hljóða á handhafa, en með $^2/_3$%, ef þau hljóða á nafn. Framsöl á handhafabrjefum eru stimpilfrjáls, en framsöl hlutabrjefa, sem hljóða á nafn, stimplast með 1‰ af upphæð brjefsins, og má eigi framselja þau til handhafa, nema þau sjeu stimpluð sem handhafabrjef.

Ef hlutabrjef, sem hljóða á nafn, eru í byrjun stimpluð sem handhafabrjef, eru framsöl þeirra stimpilfrjáls.

Framsöl hlutabrjefa, sem gefin hafa verið út áður en lög þessi öðlast gildi, stimplast með 3‰, ef þau hljóða á handhafa eða eru framseld til handhafa, en ella með 1‰. Ef slík hlutabrjef eru í eitt skifti stimpluð með 5‰, eru þau eftir það stimpilfrjáls, þótt framseld sjeu.

25. gr.

Ef hlutabrjef hljóðar eigi um ákveðna fjárhæð, heldur um hluta af stofnfjenu, skal í brjefinu getið þeirrar fjárhæðar, sem telja verður að hlutabrjefið sje vert, og ákveða stimpilgjaldið eftir því.

26. gr.

Hlutabrjef í fjelögum með breytilegri fjelagatölu, eða breytilegum höfuðstól, stimplast eins og segir í 24. gr., þótt fjelagsmenn sjeu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutabrjef persónulega óábyrgra manna í fjelagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

27. gr.

Fjelagssamningar stimplast með $^1/_2$% af því fje, sem í fjelagið er lagt,

ef persónuleg ábyrgð er fyrir fjenu, ella er samningurinn stimpilfrjáls, með þeirri undantekningu, sem í 26. gr. segir.

28. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað fjelagi, skal jafnan greiða gjald það, er ræðir um í 17. gr., hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum fjelagsins eða eigi, og hvort sem afsalið er sjerstakt eða í fjelagssamningi eða öðrum samningi.

29. gr.

Nú hljóðar fjelagssamningur eigi um nein fjárframlög, og skal þá stimpla hann með 10 kr.

Nú leggur fjelagi fram persónulega vinnu, en annar peninga, og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu, og því lægsta, ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur fjelagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu, og skal þá stimpla samninginn með 10 kr., auk gjalds af fjárframlaginu, eftir fyrirkomulagi fjelagsskaparins.

30. gr.

Framsöl einstakra meðlima á rjettindum sínum í fjelaginu eru stimpilskyld, ef fjelagssamningurinn var stimpilskyldur, en ella eigi.

31. gr.

Skuldabrjef og tryggingarbrjef stimplast með 3‰, ef skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð, en annars með 1‰, og telst brot úr þúsundi heilt þúsund, ef brjefið er yfir 1000 kr.

Skuldabrjef, sem ekki nema meiru en 200 kr., eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engin trygging er sett.

32. gr.

Ef veðrjettur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

33. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju brjefi (novatio) eða skuld er færð yfir á annars manns nafn (delegatio), greiðist helmingur gjalds þess, er í 31. gr. segir.

34. gr.

Framsal á skuld stimplast eftir reglunum í 31. gr.

35. gr.

Víxlar og samþyktar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir:

200 kr. eða minna með ..... 20 au.

Frá 200— 400 kr. með ..... 40 au.
— 400— 600 — — .... 60 —
— 600— 800 — — ..... 80 —
— 800—1000 — — .... 1 kr.

Ef fjárhæðin er hærri, skal stimpla skjöl þessi með 1 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

36. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykt ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

37. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í víxli, stimplast hann eins og veðtrygt skuldabrjef.

Framsöl á víxlum og samþyktum ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabrjef.

38. gr.

Lífsábyrgðarskírteini stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni.

Brunaábyrgðarskírteini stimplast með 25 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Sjóvátryggingarskírteini stimplast með 10 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein, greiðist hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sjerstakt skírteini sje gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er, ef tryggingarsamningur er gerður með brjefaskiftum, innritun í viðskiftabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein, stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans.

Stjórnarráðið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefir og heimild til að gera samninga við vátryggingarfjelög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum, t. d. við áramót, gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er stjórnarráðið telur nægja.

Stjórnarráðið hefir enn fremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sjerstök ástæða þykir til.

39. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 25 au. af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri, og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubrjef, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkv. þessari gr.

40. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 5 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með $^1/_2$% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera sjereign annars hjónanna.

41. gr.

Eftirnefnd skjöl skal stimpla með föstu gjaldi:

a. Yfirlýsingar, sem eru þinglesnar eða skrásettar, með 1 kr., ef þær falla eigi undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
b. Útdrættir, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum, með 50 au.
c. Nótarialvottorð og afrit eða útdrættir af nótarialgerðum með 50 au.
d. Dómsgerðir eða rjettargerðir in forma frá undirrjetti með 2 kr., en frá hæstarjetti með 5 kr. Þingsvitni með 1 kr., að undanteknum þingsvitnum um slys eða verðlaun fyrir björgun frá druknun.
e. Kvaðning utan rjettar með 1 kr.
f. Tilkynning til innritunar í verslunarskrá með 20 kr. Tilkynning um prókúru stimplast þó aðeins með 5 kr., ef sjerstök er. Tilkynning um að firma sje hætt stimplast með 5 kr., en afturköllun prókúru með 2 kr. Breytingar á skrásettum tilkynningum stimplast annars með 5 kr.
g. Beiðni um skrásetning vörumerkis með 20 kr., en beiðni um endurnýjun með 10 kr.
h. Borgarabrjef til heildsöluverslunar með 500 kr., en borgarabrjef til smásöluverslunar með 100 kr.
i. Leyfisbrjef farandsala og umboðssala með 300 kr.
j. Skipstjóraskírteini með 10 kr.
k. Stýrimannsskírteini með 5 kr.
l. Vjelstjóraskírteini með 5 kr.
m. Sveinsbrjef með 4 kr.
n. Einkaleyfisbrjef með 100 kr., og undanþágur frá skilyrðum í slíkum brjefum með 50 kr.
o. Önnur leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa út, með 10 kr.
p. Veitingabrjef fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins:

1)	ef árslaun eru undir 1000 kr., með		2 kr.
2)	- — — frá 1000—2000 kr., með		4 —
3)	- — — — 2000—3000 — —		8 —
4)	- — — — 3000—4000 — —		12 —
5)	- — — 4000 kr. eða meira —		20 —

q. Skírteini um embættispróf við háskólann með 20 kr.
r. Löggiltar verslunarbækur með 5 kr.
s. Erfðaskrár, skjöl um dánargjafir og gjafarfa með 5 kr.

t. Skoðunargerðir og virðingargerðir, sem ekki eru um neina ákveðna fjárhæð, með 2 kr.
u. Mælingarbrjef skipa frá 12—30 smál. með 1 kr., frá 30—100 smál. með 2 kr., en stærri skipa með 5 kr.

Heimilt er ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er um ræðir undir staflið n. og o.

V.
Ýms ákvæði.

42. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það, er stimpilfrelsinu veldur, sje löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 5 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sje stimpilfrjálst.

43. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 5 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef staðfest eftirrit er, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

44. gr.

Skjöl, sem framsöl á eru stimpilskyld, má eigi gefa út til handhafa eða framselja handhafa, og varðar sektum, ef út af er brugðið, eigi undir 10 kr. fyrir hvert skjal.

45. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantanda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

46. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annara, ábyrgð á rjettri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektaábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektaábyrgð,

að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefir sjer stað á lögum þessum.

47. gr.

Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skifta, við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

48. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

49. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 47. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

50. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem stjórnarráðið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 266. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

52. gr.

Fyrstu 10 árin eftir að lög þessi öðlast gildi, er stjórnarráðinu heimilt að lækka sektir allar, samkvæmt lögum þessum, og jafnvel láta þær falla alveg burt, ef sjerstakar kringumstæður mæla með.

53. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiftaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi sjeu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annara en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rjetti eða fylgir um-

sóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

54. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sje eða álíta verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

55. gr.

Íslandsbanki heldur stimpilfrelsi því, er hann hefir að lögum, og Landsbanki Íslands öðlast sömu ívilnanir. Bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans eru stimpilfrjáls.

Þar sem ekki er annað ákveðið sjerstaklega, sker stjórnarráðið úr, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum, er snerta hann.

56. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(B. XLIX, 3).

Ed. **650. Lög**

um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal jafna því, sem til vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

2. gr.

74. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 er úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(C. XIII, 2).

Nd. **651. Þingsályktun**

um fyrirkomulag hrossasölu innanlands.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að beitast fyrir því, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, að stofnuð verði hrossasölufjelög í hrossahjeruðum landsins.
2. Að stjórnin ráði að eins markaðshaldara, en hrossasölufjelögin sjái um aðra aðstoð við markaðshald, rekstur og gæslu á hrossunum til útflutningsstaðar.
3. Meðan hrossasölufjelög komast ekki á fót, sje sýslunefndum falið að kjósa framkvæmdarstjórn, sem annast það, sem hrossasölufjelögin eiga að framkvæma.
4. Að hrossum af Norðurlandi sje skipað út nyrðra, t. d. á Borðeyri.
5. Andvirði hrossanna greiðist, að svo miklu leyti sem fært þykir, í bankaávísun (tjekk).

(C. XXVIII, 3).

Sþ. **652. Breytingartillögur**

við þingsályktunartillögu á þingskjali 623 (Fjármálanefnd).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Sameinað Alþingi ályktar að kjósa 3 manna nefnd, með hlutbundnum kosningum, til að íhuga og gera tillögur um framtíðarskipulag bankamála ríkisins, og leggja fyrir næsta þing tillögur sínar þar að lútandi.

2. Síðari málsgrein orðist svo:
   Nefndin skal enn fremur vera í ráðum með stjórninni um meðferð væntanlegs ríkissjóðsláns, ef til kemur.

(B. LXII, 3).

Nd. **653. Breytingartillögur**

um frv. til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán.

Frá fjármálaráðherra.

1. 1. gr. orðist svo:
   Stjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem nauðsyn er á til að greiða úr peningakreppu þeirri, sem nú er í landi, og, ef til kemur, til að kaupa hluti í Íslandsbanka.

2. 2. gr. fellur burt og 3. gr. verður 2. gr.

3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(B. LIII, 13).

Nd. **654. Breytingartillögur**

um frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

I. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 1. gr.
Greinin orðist þannig:
Til 31. mars 1923 skal seðlaútgáfu í ríkinu hagað þannig:
Ríkissjóður gefur út og lánar Landsbankanum 3. milj. kr. í seðlum. Það, sem umfram er 3 miljónir króna í seðlum í umferð, þá er lög þessi öðlast gildi, má Íslandsbanki gefa út, en þó aldrei hærri upphæð en 5 miljónir króna. Ríkisstjórnin gefur út þá seðla, sem hún álítur þurfa til að fullnægja viðskiftaþörfinni, umfram 8 miljónir.

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 1. gr.
a. Fyrir »1. maí 1922« komi:
31. okt. 1922.
b. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir króna í seðlum.

III. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar:

2. gr.

Seðlar ríkissjóðs, sem í 1. gr. getur, skulu fyrst um sinn trygðir á sama hátt og seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og lögum nr. 2, 12. jan. 1900, og hafa sama rjett að öllu leyti. Þó skulu viðbótarseðlar þeir, er um getur í 1. gr., sem ríkissjóður kann að gefa út umfram 3 miljónir króna, trygðir af Landsbankanum samkvæmt fyrirmælum þeim, er gilda um tryggingu fyrir seðlum Íslandsbanka, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905. Landsbankinn greiðir ríkissjóði eftir á við hver áramót 2% af þeim 3 milj. kr., er um getur í 1. gr., að telja frá þeim degi, er lög þessi ganga í gildi, en ekkert gjald greiðist af viðbótarseðlunum. Gjald til byggingarsjóðs fellur burt. Um gerð seðlanna, prentunarkostnað þeirra og annað, sem að þeim lýtur, fer eftir gildandi fyrirmælum.

3. gr.

Ef þörf er á, getur stjórnarráðið gefið nánari fyrirmæli um seðlaskifti þau, er ræðir um í 1. gr., og eru báðir bankarnir skyldir að hlíta þeim fyrirmælum.

IV. Frá *Eiríki Einarssyni.*

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Leyfistími Íslandsbanka er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. mars 1923 og til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu. Ef ágreiningur ris um þetta milli bankanna, sker stjórnarráðið úr, svo að bindandi er fyrir þá.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkisins, er þá gefur út seðla eins og viðskiftaþörfin krefur, eftir lagafyrirmælum, er sett skulu fyrir 31. mars 1923, og skal í þeim lögum meðal annars skipað fyrir um tryggingu fyrir þeim seðlum, er ríkissjóður gefur út, svo og um gjald til ríkissjóðs af þeim seðlum, er hann lánar Landsbankanum.

V. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 2. gr.

Fyrir »1. maí 1922« í fyrri málsgr. komi:
31. okt. 1922.

VI. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*

Við 2. gr.

Í síðustu málsgr. á eftir »til ríkissjóðs« komi:

ásamt aukaseðlum þeim, er þörf kann að verða á fram yfir það, sem í umferð verður 1. maí 1922.

VII. Frá *Eiriki Einarssyni.*

a. Við 4. gr.
Greinin orðist þannig:
Ákvæðin í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um gjald Íslandsbanka til ríkissjóðs, haldist óbreytt, en önnur gjaldaákvæði falli niður.

b. Á eftir 4. gr. kemur ný gr., svo látandi:
Allir þeir seðlar Íslandsbanka, sem eru í umferð á hverjum tíma, skulu trygðir með málmforða samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

VIII. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*

Við 5. gr.
Fyrir »Verð hlutabrjefa . . . . hæstirjettur tilnefnir« komi:
Til að athuga hag bankans, undirbúa hlutakaupin og gera tillögur um verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal kosin þriggja manna nefnd af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu.

IX. Frá *Eiriki Einarssyni.*

a. Við 9. gr.
Orðin »2. gr. . . . . svo og önnur« falli burt.

b. Aftan við 10. gr. bætist:
En til 30. sept. 1921, og ef lög þessi koma ekki til framkvæmda, þá til 1. maí 1922, haldist ákvæði þeirra laga, er nú gilda um seðlaútgáfurjett, óbreytt.

(C. XIX, 2).

Nd. **655. Þingsályktun**

um landsverslun.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að halda landsversluninni áfram fyrst um sinn, þangað til næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Starfsemin miðist einkum við að selja fyrirliggjandi vörur og innheimta skuldir. Kaupum á nauðsynjavörum, svo sem steinolíu, kolum, kornvörum og sykri, sje hagað þannig, að á hverjum tíma sjeu ekki fyrirliggjandi meiri vörubirgðir en nauðsyn krefur.

(C. XXXI, 2).

Nd. **656. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skaðabótagreiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

Til prautavara.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka verðmismun þann, sem verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan síðastliðið ár, og að hlutast til um, að slíkur verðmismunur komi ekki fyrir eftirleiðis, og enn fremur að stjórnin sjái um, að Sunnlendingum verði að einhverju leyti bættur halli sá, er þeir hafa orðið fyrir, að minsta kosti með þeirri upphæð, er hrossasalan á nú í sjóði.

(A. VIII, 3).

Ed. **657. Lög**

um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

1. gr.

Árið 1922 og upp frá því skulu manntalsþing í hverju lögsagnarumdæmi byrja 14., 15. eða 16. júnídag ár hvert, og skal þeim síðan fram haldið án tafar, eftir því sem staðhættir og önnur embættisverk leyfa, og skal þeim lokið hinn 15. júlídag ár hvert, nema sjerstakar ástæður hamli, enda sje þeirra þá getið í þingbókinni, er síðasta manntalsþingið það ár er háð.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 30. mars 1843, viðvíkjandi því tímabili, á hverju manntalsþingin á Íslandi eiga að haldast, opið

brjef 18. ágúst 1850, um hve nær manntalsþing skal halda í Norður-Múlasýslu, og opið brjef 9. júní 1863, um breytingu á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.

(A. XIII. 4).

Ed. **658. Lög**

um hreppskilaþing.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skulu menn eiga með sjer tvö hreppskilaþing ár hvert, vorþing 1. til 20. júnídag og haustþing 1. til 20. októberdag. Skyldur er hver búandi og aðrir, sem lögskil eiga að gera á hreppskilaþingi, að sækja það, eða setja gildan mann í sinn stað, nema forföll banni. Hver sem ekki sækir nje lætur sækja hreppskilaþing og hefir eigi lögmæt forföll, verður sekur um 5 kr.

2. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti skal kveðja til hreppskilaþings með hæfilegum fyrirvara með þingboði, sem berist boðleið um allan hreppinn. Hver, sem tefur þingboð um skör fram eða glatar því, er sekur um 5 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, eða gildar afsakanir sjeu fyrir hendi.

3. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

(B. LIX, 3).

Ed.

659. Lög

um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

1. gr.

Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í ríkissjóð 1% gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar sjeu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri hefir sett á hinar útfluttu óseldu afurðir, er hærra en hann hefir selt þær, og er stjórnarráðinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sje utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða, ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og gilda að eins 1 ár.

(A. XLI, 22).

Ed.

660. Fjárlög

fyrir árið 1922.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1922 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	210000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	700000	
			910000
3.	Aukatekjur	150000	
4.	Erfðafjárskattur	20000	
5.	Vitagjald	140000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			320000
7.	Útflutningsgjald		600000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	250000	
9.	Tóbakstollur	600000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
	Flyt ...	1650000	1830000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1650000	1830000
11. Vörutollur		1200000	
12. Annað aðflutningsgjald		60000	
			2910000
13. Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð			10000
14. Stimpilgjald			500000
15. Lestagjald af skipum			40000
16. Pósttekjur		300000	
17. Símatekjur		1000000	
			1300000
18. Tóbakseinkasala			150000
	Samtals ...	... ...	6740000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls		30000
2. Tekjur af kirkjum		50
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. ...		10000
Samtals ...	... ...	40050

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum..		250000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		20000
Flyt ...	.. ...	270000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	270000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		41000
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum		15000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		6000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		5000
7. Greiðslur frá Landsversluninni		240000
Samtals ...	... ...	577000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		400
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22400

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1922 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	3333,34	
2. 4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum,		
Flyt ...	3333,34	... ..

	kr.	kr.
Flutt ...	3333,34	.. ...
1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	38812,50	
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans...	7968,75	
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	9000	
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu...	16739,83	
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.	6400	
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. ...	23055,50	
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir þjóðbankans danska	92000	
9. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.. ...	5712	
10. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr.	48000	
11. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	50000	
12. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr.	50000	
13. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 % vöxtum til 20 ára, 4½ milj. kr.... ...	196875	
14. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5½ % vöxtum til 20 ára, 3 milj. kr.	152625	
		700521,92
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1908	33333,34	
2. — — — 1909	50000	
3. — — — 1912	8333,33	
4. — — — 1912	33333,33	
Flyt ...	125000,00	700521,92

		kr.	kr.
	Flutt ...	125000,00	700521,92
5. Af láninu frá 1913		12251,19	
6. — — — 1916		4000	
7. — ritsímaláni 1917		9297,84	
8. — skipakaupaláni		200000	
9. — ritsímaláni Landsbankans		3400	
10. — Íslandsbankaláni 1918...		100000	
11. — láni danskra banka 1919		225000	
12. — innlenda láninu 1920		150000	
		— . . .	828949,03
III. Framlag til Landsbankans, 9. greiðsla			100000
	Samtals ...	... ...	1629470,95

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	270000	
2. — yfirskoðunar landsreikninga	6000	
		276000
Samtals ...	... ...	276000

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	9000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	105000	
4.	Annar kostnaður	30000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20700	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			201700
	B.		
	Hagstofa Íslands.		
1.	Laun hagstofustjóra	9500	
2.	— aðstoðarmanns	7700	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	4500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
			55700
	C.		
	Gjöld í Kaupmannahöfn.		
1.	Til sendiherra:		
	a. Laun... 12000		
	b. Til húsaleigu 2000		
	c. — risnu 2000		
	d. — skrifstofuhalds... 16000		
		32000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
			48000
	Samtals ...	... ...	305400

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. — ritara 7700		
	c. Annar kostnaður 3000		
		63200	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	185000	
3.	— hreppstjóra	39600	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 27720		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 3000		
	d. Ýms gjöld 2000		
		35720	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 29700		
	b. Laun 3 tollvarða 19800		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1800		
	e. Ýms gjöld 12000		
		69800	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og annara bæjarfógeta	80000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	20000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	600	
10.	— — setu- og varadómara	400	
			506320
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ..	506320

		kr.	kr.
	Flutt ...	900	 506320
	b. Til pappírs og prentunar	15000	
	c. Til kostnaðar við sending með póstum...	1200	
			17100
2.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	20000	
	b. Fyrir embættisskeyti	60000	
			80000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		8000
4.	Til embættiseftirlitsferða		6000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum...		500
6.	Til landhelgisgæslu		40000
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.. ...		1500
8.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		75000
			228100
	Samtals ...	... ...	734420

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		282360
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		3900
3.	Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að vitja læknis		600
4.	Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári		600
5.	Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu, 600 kr., og Bæjarhrepps í sömu sýslu, 300 kr., til að vitja læknis ... ... Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.		900
	Flyt ...	... ...	288360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288360
6. Styrkur til Öræfinga, til að leita sjer læknishjálpar ...		400
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar		300
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa, til að vitja læknis ...		200
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu, til að vitja læknis...		100
10. Styrkur til Grímseyinga, til að vitja læknis		400
11. Styrkur til Axarfjarðar-, Fjalla- og Presthólahreppa, til að vitja læknis		600
Styrknum skal skift milli hreppanna eftir tillögum sýslunefndar. Þegar læknir sest að í Axarfjarðarhjeraði, fellur styrkurinn niður.		
12. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði, til að vitja læknis...		200
13. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa, til að vitja læknis		300
14. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps, til að vitja læknis		300
15. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis...		300
16. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu og Eiðahrepps í Suður-Múlasýslu, til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr...		1500
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.		
17. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		3000
18. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	
b. Styrkur til sama manns, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að...	500	
		3500
19. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík ...		2000
20. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000
Flyt ...	... ...	303460

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	303460
	Styrkurinn til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
21.	Til geislalækningastofu ríkisins.			15000
22.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			3000
23.	Holdsveikraspítalinn			130350
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		9500	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	19100		
	2. Viðurværi 65 manna (ca. 200 a. á dag)	47450		
	3. Klæðnaður	4000		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	30000		
	6. Ljósmeti	3500		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	6000		
	9. Þvottur og ræsting	2500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	2500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
			120850	
			130350	
24.	Geðveikrahælið á Kleppi			80920
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis..		9500	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna...	8000		
	2. Viðurværi 86 manna (ca. 200 a. á dag)	62780		
	3. Klæðnaður 50 sjúklinga á 100 kr. handa hverjum	5000		
	4. Meðul og umbúðir	200		
	5. Ljós og hiti	30000		
	6. Viðhald og áhöld	15000		
		Flyt ... 120980	135480	532730

		kr.	kr.
	Flutt ... 120980	135480	532730
7.	Þvottur og ræsting 2000		
8.	Skemtanir 1000		
9.	Skattar m. m. 1000		
10.	Óviss útgjöld 1000		
		125980	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 60 sjúklingum, 200 a. á dag 43800		
	Meðgjöf með 6 sjúklingum, 400 a. á dag 8760		
	Tekjur af búinu 2000		
		54560	
	Mismunur ...	80920	
			112662
25.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
A.	Laun læknis...	9500	
B.	Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis. ...	2000	
C.	Önnur gjöld:		
1.	Kaup starfsmanna.. 32300		
2.	Viðurværi 134502		
3.	Lyf og hjúkrunargögn 5380		
4.	Ljós og hiti 77000		
5.	Þvottur og ræsting 7860		
6.	Viðhald húsa 5000		
7.	Viðhald vjela 5000		
8.	Húsbúnaður og áhöld 8000		
9.	Flutningskostnaður 10000		
10.	Óviss gjöld 3000		
		288042	
		299542	
	Þar frá dragast tekjur:		
	Meðgjöf með 80 sjúklingum, 5 kr. á dag 146000		
	Meðgjöf með 5 sjúklingum, 8 kr. á dag. 14600		
	Meðgjöf með 18 börnum, 4 kr. á dag .. 26280		
		186880	
	Mismunur ...	112662	
26.	Til undirbúnings landsspítala...		7500
27.	Önnur gjöld:		
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	15000	
	Flyt ...	15000	652892

	kr.	kr.
Flutt ...	15000	652892
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 90 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	80000	
c. Bólusetningarkostnaður..	1500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma..	4000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar...	3000	
Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
h. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
i. Til styrktar- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu Dagsbrún..	500	
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3000	
k. Til hrákarannsóknarstöðva...	1500	
l. Til væntanlegs berklavarnarfjelags	5000	
m. Utanfararstyrkur hjúkrunarkvenna:		
α. Til Helgu Eggertsdóttur 1000		
β. — Þuríðar Jónsdóttur 1000		
γ. — Jónínu Pálsdóttur... 1000		
	3000	
Styrkþegar skulu setjast að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer.		
Flyt ...	126000	652892

		kr.	kr.
	Flutt ...	126000	652892
n.	Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristianiu eða Kaupmannahöfn	800	
o.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
p.	Til Læknafjelags Reykjavíkur, til að styrkja utanför umbúðasmiðs	6000	
28.	Laun yfirsetukvenna:		133100
a.	Hluti ríkisssjóðs af launununum	30000	
b.	Dýrtíðaruppbót	10000	
			40000
	Samtals ...	... ...	825992

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
	A. Póstmál.			
1.	Laun:			
a.	Eftir launalögum...	101420		
b.	Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur.	70000		
c.	Brjefhirðingamenn	20000		
			191420	
2.	Póstflutningur.....		200000	
3.	Annar kostnaður:			
a.	Skrifstofukostnaður í Rvík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	9200		
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000		
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000		
d.	Önnur gjöld	47000		
			89200	
				480620
	Flyt ...		... ...	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	480620
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra...	9500		
2. — aðstoðarverkfræðings.	8140		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	7500		
5. Skrifstofukostnaður	7300		
II. Flutningabrautir:		35940	
1. Húnvetningabraut.	12000		
2. Skagfirðingabraut.	18000		
3. Biskupstungnabraut	25000		
4. Hvammstangabraut	18000		
5. Viðhald flutningabrauta	55000		
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar, gegn því, að Árnessýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar	25000		
7. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram einn þriðja kostnaðar...	25000		
III. Þjóðvegir:		178000	
1. Stykkishólmsvegur	18000		
2. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	20000		
3. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði...	10000		
4. Til Krossárdalsvegar (endurveiting kr. 4000)	6000		
5. Öxnadalsvegur (endurveiting)...	10000		
6. Kjalarnesvegur	10000		
7. Hróarstunguvegur (endurveiting)	15000		
8. Aðrar vegabætur og viðhald	50000		
		139000	
IV. Fjallvegir		12000	
V. 1. Til áhalda	15000		
2. Til bókasafns verkamanna	1000		
		16000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		500	
	Flyt ...	431440	480620

		kr.	kr.
	Flutt ...	431440	480620
VIII.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	500	
IX.	Til dragferju á Skjálfandafljóti	3000	
X.	Til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, alt að... ... ... gegn 2000 króna tillagi frá Hólahreppi.	3000	437940
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða	200000	
2.	— bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	100000	300000
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)	35000	
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...	20000	
III.	Til lagningar nýrra lína o. fl.:		
	1. Norðtunga — Grund 11000		
	2. Hábær í Vogum — Keflavík 4500		
	3. Hólmavík — Reykjarfjörður (Kúvíkur) (endurveiting) 60000		
	4. Búðardalur—Króksfjarðarnes (endurveit.) 75000		
	5. Loftskeyta- eða símasamband Hesteyri — Aðalvík... 32000		
	6. Loftskeytastöð á Siðu. 25000		
	7. Breyting á loftskeytastöðinni í Rvík ... 12000		
		219500	
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum 330000		
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna 4500		
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík 24500		
	4. Þráðlausa stöðin við Reykjavík 7800		
	5. Bæjarsiminn í Reykjavík 68840		
	6. Áhaldahúsið. 3000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu 7700		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu 13700		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu 5950		
	Flyt ... 465990	274500	1218560

		kr.	kr.
Flutt ...	465990	274500	1218560
10. Símastöðin á Borðeyri	2800		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	11000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að ..	4450		
13. Símastöðin á Siglufirði	6000		
14. Til aukaritsímaþjónustu...	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3700		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2500		
18. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	70000		
		571440	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		48000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		20000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að.		9000	
VIII. Viðhald landssímanna		95000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern..		550	
			1018490
E. Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra.	9500		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	7700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4700		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		23900	
II. Laun vitavarða		23000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55700	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Kambanesviti	35000		
2. Strætishornsviti..	35000		
3. Papeyjarviti	30000		
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem			
Flyt ...	100000	102600	2237050

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	102600	2237050
þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
4. Stokksnesviti	50000		
		150000	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		5000	
VI. Ymislegt...		10000	
			267600
Samtals ...		... ...	2504650

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. 1. Laun biskups..	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3500	
		13000
b. Önnur útgjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr..	408,28	
2. Til húsabóta á Sandfelli í Öræfum	6000	
3. Til húsabóta á Saurbæ í Eyjafirði	4000	
4. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykjaholti	2500	
5. Til húsabóta á Desjarmýri	5000	
Þessir húsabótastyrkir eru þeim skilyrðum bundnir, *að* húsin verði jarðarhús, *að* þeim við ábúendaskifti sje skilað sem nýjum eða með fullu álagi, *að* eftirgjald jarðanna hækki um 4% af styrksupphæðinni og *að* eigi sje greitt fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		
6. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	10000	
Flyt ...	27908,28	13000

			kr.	kr.
		Flutt ...	27908,28	13000
7.	Framlag til prestlaunasjóðs		360000	
8.	Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju		400	
9.	Ferðastyrkur handa prestum til að sækja prestastefnu. Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er prestastefnu sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Borgarfjarðar og Mýraprófastsdæma.		1200	389508,28
				402508,28
	B. Kenslumál.			
I.	Til háskólans:			
	a. Laun		143000	
	b. Aukakensla:			
	1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ...	1500		
	2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði	500		
	3. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur ...	7700		
			9700	
	c. Styrktarfje:			
	1. Námsstyrkur.	15000		
	2. Húsaleigustyrkur.	7000		
			22000	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.			
	d. Til kensluáhalda læknadeildar		800	
	e. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		2000	
	f. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		11000	
	g. Önnur gjöld:			
	1. a. Laun ritara	1000		
	b. Dýrtíðaruppbót	1000		
		2000		
	2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600		
	b. Dýrtíðaruppbót	1000		
		2600		
	Flyt ..	4600	188500	402508,28

		kr.	kr.
Flutt ...	4600	188500	402508,28
3. Ýms gjöld	5000		
		9600	
			198100
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að eins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		105000	
b. Aðstoðarfje:			
1. Til söngkennara	600		
2. Dýrtíðaruppbót	400		
		1000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar..	7000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. — tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kenslu	300		
9. Ýmisleg gjöld	2000		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	1000		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. — verðlaunabóka	100		
		30800	
			136800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum.			
Flyt ...		.....	745408,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	745408,28
	Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	30360	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara	7400	
	2. Tímakensla	4800	
	3. Til bóka- og kensluáhalda	1000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6000	
	5. Námsstyrkur	800	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	6. a. Til dyravörslu 600		
	b. Dýrtíðaruppbót 400		
		1000	
	7. Til skólahússins utan og innan ...	2000	
	8. Til ýmislegra gjalda	2000	
		25000	
			55360
V.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	30000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Tímakensla	2500	
	2. Eldiviður og ljós	6000	
	3. Bókakaup og áhöld	500	
	4. Námsstyrkur	3000	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	5. Til viðhalds	1000	
	6. Ýmisleg gjöld	2500	
		15500	
			45500
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	18920	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til tímakenslu	7800	
	2. — eldiviðar og ljósa	5500	
	3. Ýmisleg gjöld	3000	
	Flyt ...	16300	18920	846268,28

		kr.	kr.
Flutt ...	16300	18920	846268,28
4. Til Sveinbjarnar Egilsonar, til fyrirlestra	300		
		16600	
VII. Til Vjelstjóraskólans:			35520
a. Laun		17600	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	2300		
2. Ljós og hiti	2200		
3. Ýmiss kostnaður.	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	3700		
		9200	
VIII. Til bændakenslu:			26800
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	13200		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	2000		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1400			
2. — kensluáhalda 600			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 8000			
4. Ýmisleg gjöld 2500			
	12500		
		27700	
Stjórninni er heimilt, ef það verður að teljast fjárhagslega hyggilegt og fje er fyrir hendi, að láta gera raforkuveitu á Hólum til lýsingar, suðu og hitunar.			
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	14080		
b. Til smíða- og leikfimikenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1400			
2. — kensluáhalda 500			
3. — eldiviðar og ljósa ... 7000			
4. Ýmisleg gjöld 2250			
	11150		
		26830	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi			
Flyt ...		54530	908588,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	54530	908588,28
	skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun 14500		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms 600		
	2. — kensluáhalda 500		
	3. — eldiviðar og ljósa ... 4500		
	4. Ýmisleg gjöld 1500		
	7100		
		22200	
			76730
IX.	Til iðnfræðslu:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka Iðnskóla í Rvík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	8000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds.	1000	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	
	d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds.	600	
	Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			10600
X.	Til verslunarskóla:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar...	9000	
	Flyt ...	9000	995918,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	9000	995918,28
b.	Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar...	9000	18000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	2000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík. 900		
b.	Annar kostnaður, alt að... 400		
		1300	
3.	Styrkur til námskvenna ., ...	8000	
4.	Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	2000	13300
XII.	Til kvennaskóla:		
1. a.	Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 25000		
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 2000		
c.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... 1000		
		28000	
2. a.	Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15600		
b.	Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að .. 1400		
		17000	45000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Til almennrar barnafræðslu:		
1.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	465000	
2.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	5000	
3.	Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	
	Flyt ...	490000	1072218,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	490000	1072218,28
4.	Til prófdómara við barnapróf	4200	
5.	Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	
6.	Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum...	2500	
	Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína, ásamt vottorðum.		
7.	Til Skólablaðsins	800	
8.	a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna 9500		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1000		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		11500	
			510500
XIV.	a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar...	40000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
	b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	22000	
	c. Til lýðskólans í Bergsstaðastræti	1000	
			63000
XV.	Til húsmæðrafræðslu. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
XVI.	Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur...		1600
XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		15000
XVIII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
	Flyt ...	... ...	1665318,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1665318,28
XIX. Til sundkenslu og leikfimi:		
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
b. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1800	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi...	800	
		5400
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík.		2000
Samtals ...	... ...	1672718,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun.	29260	
b. 1. Laun skráseljara handritasafns Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400		
2. Dýrtíðaruppbót 1600		
	4000	
c. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	4400	
Flyt ...	37660	...

	kr.	kr.
Flutt ...	37660	... ...
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands... Þar af 1000 kr. sem 5. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.	12000	
e. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	1000	
		53920
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	19800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu	2000	
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis	1500	
		23550
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	9500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	2000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	4000	
f. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	
g. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	
		18800
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
4. Náttúrufræðifjelagið		2000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl....	18000	
b. Til viðhalds og áhalda.	2500	
		20500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2500
Flyt ...	... ...	121270

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	121270
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
9.	Til sama fjelags, til útgáfu registurs við íslenskt fornbrjefasafn		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		750
11.	Til Fornleifafjelagsins .. .. Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út.		800
12.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1500
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.		2000
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...		2000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		1000
16.	Til Dansk-Islandsk Samfund		1000
17.	Til fjelagsins Íslendings, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs		3000
18.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
19.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
20.	a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af Listvinafjelaginu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	27000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust.	1200	
21.	Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann kenni tón í háskólanum, haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi ... ... Stjórninni er heimilt, ef um semur, að ráða mann þennan í þjónustu þess opinbera að öllu leyti, gegn launum eins og kennurum mentaskólans eru greidd.		28200 1200
22.	Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins		8000
	Flyt ...	... ...	181220

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	181220
23.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli, enda sje orðasafnið eign landsins.		2000
24.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögu lærðra manna íslenskra á síðari öldum..		2000
	Enda sje handritið eign landsins að honum látnum.		
25.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna		1500
26.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins..		3000
27.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
28.	Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna.		1800
29.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		1200
30.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		600
31.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
32.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		600
33.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar.		600
34.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
35.	Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út síðskiftaöld		1800
36.	Til landskjálftarannsókna		550
	Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		
37.	Til veðurathugana og veðurskeyta		45000
38.	Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		1500
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri		2000
	Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 500 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		
40.	Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál...		500
	Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn,		
	að $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður,		
	að ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og		
	Flyt ...	... ...	251270

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	251270
að fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		
41. Til Listvinafjelags Íslands		1500
42. Til Íþróttasambands Íslands		2000
43. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri		1500
44. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		8000
45. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis.		600
46. Til Jóns Eyþórssonar, lokastyrkur		2000
47. Til Bjarna Jósefssonar, lokastyrkur		2000
48. Til Ingu Magnúsdóttur, utanfararstyrkur		2500
49. Til Brynjólfs Stefánssonar, lokastyrkur		2000
50. Til Baldvins B. Bárðdals, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
51. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		5500
52. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
Samtals ...	... ...	280970

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu .. .. Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		15000
3. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu, og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.		30000
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
b. Styrkur til fjelagsins	1000	8000
Flyt ...	... ...	253000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	253000
5.	Til skógræktar:		
	a. Laun	14080	
	b. Til skóggræðslu	21000	35080
6.	Til framhalds landmælinga		40000
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	
			27040
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
	b. Til húsaleigu	1200	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	2000	8200
10.	Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins ... ... Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		60000
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna...	26400	
	b. 4 síldarmatsmanna	14080	
	c. 4 ullarmatsmanna	3200	
	d. 5 kjötmatsmanna...	6000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna...	12000	61680
15.	Til gerlarannsókna		2400
16.	Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna, ...		5000
17.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		5000
18.	Til Þórdísar Ólafsdóttur frá Fellsenda, til þess að halda uppi í Dalasýslu kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum...		500
19.	Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
	Flyt ...	... ...	519700

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	519700
20.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu... ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		2000
21.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
22.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
23.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
24.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting...		1000
25.	Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
26.	Til bjargráðasjóðs		22000
27.	Til landhelgisjóðs		20000
28.	Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
	a. Laun forstöðumanns	7040	
	b. Ferðakostnaður	500	
			7540
29.	Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		5000
30.	Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		6000
31.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..		1000
32.	Laun húsgerðarmeistara		9500
33.	Laun aðstoðarmanns húsgerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
34.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.	7700	
	b. Ferðakostnaður, alt að.	1000	
	c. Skrifstofukostnaður	600	
			9300
	Flyt ...	... ...	622740

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	622740
35. Til Sigurðar Ólafssonar, Hellulandi, í viðurkenningarskyni		1000
36. Til sendimanns á Spáni		20000
37. Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
38. Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðaðar (3500 endurveiting)		12000
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota.		
39. Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar ...		5000
40. Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar		10000
Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		
41. Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar...		8000
42. Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)...		750
43. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		40000
44. Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
45. Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
46. Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri		1800
47. Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
48. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000
Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.		
Samtals ...	... ...	745790

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	28762,09	
b. Embættismanna ekkjur og börn	15129,88	
c. Uppgjafaprestar	1321,66	
d. Prestsekkjur	4800,40	
		50014,03
Flyt ...	... ...	50014,03

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	50014,03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embæltismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis 300		
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra ... 1500		
	2050	
b. Embættismanna ekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju... ... 200		
3. — Ólivu Guðmundsson 175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	1325	
c. Uppgjafaprestar.		
1. Til Gísla Kjartanssonar 800		
2. — Stefáns Stephensens 147		
3. — Stefáns M. Jónssonar 325		
4. — Bjarnar Jónssonar... 475		
	1747	
d. Prestsekkjur.		
1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130		
2. — Auðar Gísladóttur 300		
3. — Bjargar Einarsdóttur 500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300		
5. — Guðr. J. Jóhannesdóttur 300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur 100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur 300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur... 300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur 300		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur 300		
11. — Kirstínar Pjetursdóttur 300		
12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur 300		
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur 106		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 400		
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð... ... 700		
16. — Þórunnar Stefánsdóttur 400		
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur... 400		
18. — Steinunnar Pjetursdóttur 300		
	5736	
Flyt ...	10858	50014,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	10858	50014,03
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur.	300		
10. — 3 barna hennar	300		
11. — Janusar Jónssonar præp. hon. ...	720		
12. — Pjeturs Guðmundssonar	500		
13. — Steinunnar Frímannsdóttur, ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara	450	5330	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Kráksonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
8. — Jens Þórðarsonar	100		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300	4000	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.			
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000		
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
3. — Valdimars Briems	1200		
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
5. — Önnu Thorlacius	300	7300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
Flyt ...	500	27488	50014,03

		kr.	kr.
Flutt ...	500	27488	50014,03
3. Til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar.	2000		
		5000	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. reglubóða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðmundar Hjaltasonar...	300		
5. — Páls Erlingssonar	1000		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri...	300		
8. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar ...	400		
		3700	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ingeborg Sigurjónsson...		1800	
k. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara... ...		1200	
			39188
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i			101209,11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða...			40000
Samtals ...		... ...	230411,14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir

kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	... ...	kr. 1629470,95	
—— 8. —	... .	— 60000,00	
—— 9. —	... ...	— 276000,00	
—— 10. —	... ...	— 305400,00	
—— 11. —	... .	— 734420,00	
—— 12. —	... ...	— 825992,00	
—— 13. —	... ...	— 2504650,00	
—— 14. —	... ...	— 1672718,28	
—— 15. —	... ...	— 280970,00	
—— 16. —	... ...	— 745790,00	
—— 17. —	... ...	— 4000,00	
—— 18. —	... ...	— 230411,14	
—— 19. —	... ...	— 100000,00	
			kr. 9369822,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.	... ...	kr. 6740000,00	
—— 3. —	... ...	— 40050,00	
—— 4. —	... ...	— 577000,00	
—— 5. —	... ...	— 22400,00	
			— 7379450,00
			Tekjuhalli kr. 1990372,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr., til jarðræktar og húsagerðar

á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.
7. Til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 80 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% vöxtum. Verði fje ekki fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er bæjarstjórnin kann að taka í þessu skyni fyrir hönd bæjarsjóðs.
8. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
9. Dalasýslu til kaupa á jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 200000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

Enn fremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi, vegna skipakaupanna, alt að 200000 kr. fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábyrgð á, og með þeim skilmálum og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og

Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(C. XV, 8).

Sþ. **661. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem tök eru á, menn með sjerfræðiþekkingu rannsaka, gera áætlanir og tillögur um það, er nú skal greina:

1. Hvar álitlegast sje að koma á fót kembingar- og lopavjelum, til eflingar heimilisiðnaði innanlands, í þeim sýslufjelögum, er óska rannsókna í því efni.
2. Hvar hentast muni að reisa klæðaverksmiðjur, eftir aðstöðu við notkun vatnsafls og annara staðhátta, sem fullnægt geti klæðaþörf landsmanna.
3. Stjórninni heimilast að veita tóvinnufjelögum styrk úr ríkissjóði, til þess að senda efnilega unga menn utan, í þeim tilgangi, að þeir afli sjer þekkingar í meðferð tóvinnuvjela og annars, er að iðnaði lýtur. Jafnframt sje það trygt, að styrkþegar starfi við verksmiðjurnar, að loknu námi.

Kostnað þann, er fyrgreindar aðgerðir hafa í för með sjer, heimilast stjórninni að greiða úr ríkissjóði.

(C. XXVII, 2).

Ed. **662. Þingsályktun**

um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, ákvæðin um skattstofna

sveitarsjóða, sýslusjóða og bæjarsjóða, og að því búnu leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

(B. LVI, 11).

Ed. **663. Nefndarálit**

um frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn ræður til þess, að frv. þetta verði, eftir atvikum, samþykt óbreytt eins og það kom frá hv. Nd., en ætlast þó jafnframt til þess, að stjórnin athugi málið til næsta þings og komi þá fram með þær breytingar, er þurfa þykir.

Alþingi, 19. maí 1921.

Karl Einarsson.

(C. XVI, 3).

Ed. **664. Þingsályktun**

um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt ítrasta til þess að fá undanþágu frá þeim innflutningshömlum, sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.
3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.

(B. LIII, 14).

Ed. **665. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til 31. okt. 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^{3}/_{4}$ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir króna í seðlum.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2^{1}/_{2}$ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans, 31. des. 1933.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

(B. LXII, 4).

Ed. **666. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Stjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem nauðsyn er á til að greiða úr peningakreppu þeirri, sem nú er í landi, og, ef til kemur, til að kaupa hluti í Íslandsbanka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LVI, 12).

Ed. **667. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands.

Frá Halldóri Steinssyni og Sigurjóni Friðjónssyni.

1. 1., 2., 3., 4. og 5. gr. falli burt.

2. 6. gr. orðist þannig:
   Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, er innlendir menn veiða og út er flutt.

3. 8. gr. falli burt.

4. Fyrri málsl. 9. gr. orðist þannig:
   Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist.

5. 10. og 11. gr. falli burt.
   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. »Ákvæði til bráðabirgða« falli burt.
   Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

(B. LVI, 13).

Ed. **668. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 667 (Síldveiðifjelag Íslands).

Frá Sigurj. Friðjónssyni.

Við 2. lið.

Liðurinn orðist svo:

6. gr. orðist þannig:

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

(B. LVI, 14).

Ed. **669. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LVI, 15).

Ed. **670. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

Frá Karli Einarssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina komi:

þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

(B. LXIV, 2).

Ed. **671. Lög**

um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

1. gr.

Áður en liðinn er mánuður frá staðfestingu laga þessara skal sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gefa út áskorun til allra þeirra, er telja sig eiga hlutbundin rjettindi yfir fasteignum í þeirri sýslu, þar á meðal rjettindi yfir húsum, sem standa kunna á landi annars manns eða lóð, um að tilkynna þau innan 18 mánaða frá útkomudegi þess eintaks Lögbirtingablaðsins, sem flytur áskorunina fyrsta skifti, á skrifstofu sýslumanns og skila þangað skjölum þeim, sem í 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., segir, enda hafi þau skjöl ekki verið athent á skrifstofu sýslunnar eftir 12. nóv. 1920.

2. gr.

Áskorun samkvæmt 1. gr. skal birta í Lögbirtingablaðinu, og auk þess í 2 blöðum, sem gefin eru út í Reykjavík, og í 1 blaði í hverjum hinna kaupstaðanna, þar sem blað eða blöð eru gefin út, þegar birta á áskorun. Birta skal áskorun þrisvar sinnum í hverju blaða þessara, með 3 mánaða bili milli hverrar birtingar. Enn fremur skal festa áskorun upp í þinghúsi hvers hrepps í sýslunni.

3. gr.

Jafnskjótt sem skjöl þau, sem í 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., segir, berast á skrifstofu sýslunnar, skal sýslumaður rita á þau vottorð um móttöku þeirra. Svo skal hann og rita hjá sjer athugasemd um tilkynningar um rjettindi, sem engin skjöl fylgja. Að liðnum 18 mánaða frestinum, samkvæmt 1. gr., skal sýslumaður gera afsals- og veðmálabækur af nýju, eftir gögnum þeim, sem honum hafa borist og þinglýst hefir verið fyrir 12. nóv. 1920 eða þinglýst verður eftir þann tíma, sbr. 10. gr., samkvæmt gildandi lögum, og geta þess við hvert skjal og tilkynningu, bæði í afsals- og veðmálabók og registrum, með skírskotun til laga þessara, hve nær því eða henni var veitt móttaka.

4. gr.

Sönnun fyrir eignarrjetti að fasteign skal færa með afsalsbrjefi eða öðrum skjölum, sem í þess stað koma, ef þess er kostur. Nú er það ekki unt, og getur þá vottorð sýslumanns um það, að eignin sje vitanlega eign aðilja, komið í stað heimildarskjals, enda skal skrá vottorðið í afsals- og veðmálabækur og geta þess í registrum. Nú er hvorugra þessara gagna kostur, og er aðilja þá rjett að leita eignardóms að eigninni, og skal mál í því skyni fara eftir fyrirmælum 9. og 10. gr. laga nr. 46, 10. nóv. 1905, að undanteknum sjerstöku ákvæðunum í greinum þessum um hefð.

5. gr.

Nú telur maður sig hafa takmörkuð hlutbundin rjettindi yfir fasteign, og skal hann þá sanna þau með frumriti skjals þess, sem rjettindin hafa verið skráð á, ef grundvallarreglur tilsk. 9. febr. 1798 og laga nr. 18, 4. nóv. 1887, 7. gr., taka til þess. Ef rjettindin hafa verið skráð á skjal annars eðlis, má sanna þau með eftirriti, staðfestu af þar til hæfum embættismanni. Ef skjal telst glatað, er rjett að leita ógildingardóms, svo sem lög mæla, og verður þá sá dómur heimildarskjal. Nú verður ekki svo með farið, og er aðilja þá rjett að höfða mál gegn eiganda fasteignar eða öðrum, sem vefengir rjett hans, til viðurkenningar rjettindum sínum, og kemur viðurkenningardómur þá í stað heimildarskjals.

6. gr.

Rjettindi þau, er þinglýsa þarf að lögum og aðili hefir ekki haldið við lögum þessum samkvæmt, með því að tilkynna eignarrjett sinn eða fá vottorð sýslumanns um hann samkvæmt 4. gr., með því að skila skjali samkvæmt 4. og 5. gr. eða taka út stefnu til ógildingardóms, eignardóms eða viðurkenningardóms, samkvæmt sömu greinum, áður en liðinn er 18 mánaða fresturinn eftir 1. gr., skulu víkja fyrir rjettindum, sem stofnuð voru fyrir 12. nóv. 1920 og haldið hefir verið við lögum þessum samkvæmt, nema sannað verði, að eigendur rjettindanna hafi vitað um rjettindi þau, er ekki hefir verið haldið við með ofannefndum hætti. Um innbyrðis afstöðu rjettinda, sem ekki hefir verið haldið við samkvæmt lögum þessum og þinglýsa þarf, og um afstöðu þeirra gagnvart slíkum rjettindum, stofnuðum eftir 12. nóvember 1920, fer samkvæmt tilsk. 24. apríl 1833 og opnu brjefi 28. apríl 1841, þannig að framvísun skjals, vottorð sýslumanns samkvæmt 4. gr. og afhending ógildingardóms eða viðurkenningardóms, sbr. 4. og 5. gr., skifta sama máli sem innritun skjals eða þinglýsing (sbr. 10. gr.), svo sem við á.

7. gr.

Ákvæði undanfarandi greina taka og til rjettinda yfir skipum, samkvæmt II. kap. siglingalaga, nr. 56, 30. nóv. 1914, sjálfsvörsluveðs í lausafje og annara rjettinda, sem þinglýsa þarf og bókuð eru í afsals- og veðmálabækur.

8. gr.

Í áskorun samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., skal einnig skorað á alla þá, sem hafa í vörslum sínum gildandi skrár eða önnur gildandi gögn, þar sem ákveðin eru landamerki milli jarða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að skila þeim á skrifstofu sýslunnar innan loka 18 mánaða frestsins samkvæmt 1. gr. Skal sýslumaður síðan gera landamerkjabækur sýslunnar eftir framkomnum gögnum. Nú koma gögn ekki fram áður en frestur er liðinn, og skal þá ákveða merki samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af birtingum áskorunar samkvæmt 2. gr. og endurnýjun afsals- og veðmálabóka og landamerkjabóka.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að veita þeim, sem mál kunna að höfða

til ógildingar eða viðurkenningar samkvæmt 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., undanþágu frá greiðslu rjettargjalda í hjeraði.

10. gr.

Ekki skal þinglýsa skjölum (sbr. 4., 5. og 7. gr.) af nýju, sem bera það með sjer, að þeim hafi verið þinglýst fyrir 12. nóv. 1920. Önnur skjöl skal innrita og þinglýsa þeim á kostnað aðilja, ef hann óskar þess, gildandi lögum samkvæmt.

(A. XLV, 5).

Ed. **672. Lög**

um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardrátta að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna alt rannsóknarstarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. VII, 18).

Nd. **673. Lög**

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

I.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sje sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafje í innlendu hlutafjelagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Tekjuskatt greiða enn fremur:

a. Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
c. Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 fjelagar í verslunarfjelagi eða öðru atvinnufjelagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slík fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er um konsúla annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, svo og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Frá	1000	kr.	til	2000	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2% af afgangi.
—	2000	—	—	3000	—	30	—	—	2000	—	—	3 — — —
—	3000	—	—	4000	—	60	—	—	3000	—	—	4 — — —
—	4000	—	—	5000	—	100	—	—	4000	—	—	5 — — —
—	5000	—	—	6000	—	150	—	—	5000	—	—	6 — — —
—	6000	—	—	8000	—	210	—	—	6000	—	—	7 — — —
—	8000	—	—	10000	—	350	—	—	8000	—	—	8 — — —
—	10000	—	—	15000	—	510	—	—	10000	—	—	9 — — —
—	15000	—	—	20000	—	960	—	—	15000	—	—	10 — — —
—	20000	—	—	30000	—	1460	—	—	20000	—	—	11 — — —

Frá	30000	kr.	til	40000	greiðist	2560	kr.	af	30000	kr.	og	12%	af	afgangi.	
—	40000	—	—	50000	—	3760	—	—	40000	—	—	13	—	—	
—	50000	—	—	75000	—	5060	—	—	50000	—	—	14	—	—	
—	75000	—	—	100000	—	8560	—	—	75000	—	—	15	—	—	
—	100000	—	—	150000	—	12310	—	—	100000	—	—	16	—	—	
—	150000	—	—	200000	—	20310	—	—	150000	—	—	17	—	—	
—	200000	—	—	300000	—	28810	—	—	200000	—	—	18	—	—	
—	300000	—	—	400000	—	46810	—	—	300000	—	—	19	—	—	
—	400000	—	—	500000	—	65810	—	—	400000	—	—	20	—	—	
—	500000	—	—	600000	—	85810	—	—	500000	—	—	21	—	—	
—	600000	—	—	700000	—	106810	—	—	600000	—	—	22	—	—	
—	700000	—	—	800000	—	128810	—	—	700000	—	—	23	—	—	
—	800000	—	—	900000	—	151810	—	—	800000	—	—	24	—	—	
—	900000	—	og	þar yfir	—	175810	—	—	900000	—	—	25	—	—	

7. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2	—	5%,	greiðist	5%	af	fyrstu	2%	og	10%	af	afg.	
5	—	10%,	—	8%	—	—	5%	—	15%	—	—	
10	—	20%,	—	$11\frac{1}{2}$%	—	—	10%	—	20%	—	—	
20	—	50%,	—	$15\frac{3}{4}$%	—	—	20%	—	25%	—	—	
50%	og	þar yfir	—	$21\frac{3}{10}$%	—	—	50%	—	30%	—	—	

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðst jafnan 6%.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. b.). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skip-

um, er eigandi notar sjálfur. Enn fremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.

e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þar með þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem trygðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelagsmönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það, sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu talinn skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjelagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldar tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbrjefum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverslun, eða hún falli undir ákvæðin í 8. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Þegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.
c. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.
d. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem um ræðir í stafl. a.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má aðeins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sje, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum

hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foreldrahúsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds, ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa eigi sjálf efni á að kosta framfæri sitt. Sama er um aðra skylduómaga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafje eða innborguðu stofnfje, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hana miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar, eftir allan lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanksárið. Þegar svo er ástatt, getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

II.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000—	15000	kr.	greiðist	1‰	(af þús.)	af því,	sem	er	umfram	5000	kr.
—	15000—	20000	—	—	10	kr. af	15000	kr.	og	1,2‰	af	afganginum.
—	20000—	30000	—	—	16	— -	20000	—	—	1,5—	-	—
—	30000—	50000	—	—	31	— -	30000	—	—	2 —	-	—
—	50000—	100000	—	—	71	— -	50000	—	—	3 —	-	—
—	100000—	200000	—	—	221	— -	100000	—	—	4 —	-	—
—	200000—	500000	—	—	621	— -	200000	—	—	5 —	-	—
—	500000—	1000000	—	—	2121	— -	500000	—	—	6 —	-	—
—	1000000	kr. og þar	yfir	—	5121	— -	1000000	—	—	7 —	-	—

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum slept.

16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarrjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutafje sitt eða stofnfje frá eignaupphæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða aðeins eignaskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, enn fremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgunar.
b. Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátrygðar.
c. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.
d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.
e. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurjöfnuninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem fram yfir er, skal slept.

III.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun, eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurjöfnunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu, og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Utan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum, þar sem ekki er sjerstakur bæjar-

stjóri, annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanefnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætíð skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur til að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gerðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir bestu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanefndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanefnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum, eins og hann verður í kaupstaðnum eða kauptúninu samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, þó þannig, að borgunin fari eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattanefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist hann á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.

IV.

Um framtal tekna, frest, úrskurði, innheimtu o. fl.

30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar, sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur tær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu

um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda, og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2 reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund. Dvelji hann utanlands eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð, skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattanefndin að vísu ekki veitt honum neina linun þess vegna, en hún má taka við umsókn til skattanefndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, og enn fremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt.

35. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á

bæjarþingsstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

36. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

37. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn, og er því máli þar með lokið.

Einnig úrskurðar hún, hvort og að hve miklu leyti taka skuli til greina umsóknir þær, sem henni hafa borist frá skattanefndum, um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, sem getið er í 34. gr.

38. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni, að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignaframtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, til birtingar fyrir þeim gjaldendum, sem tekju- eða eignamati hefir verið breytt hjá.

Störfum yfirskattanefndar skal lokið fyrir maímánaðarlok.

39. gr.

Skattanefndir halda gerðabók og rita í hana skattskrár og úrskurði. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað ríkissjóðs, og skulu þær löggiltar af lögreglustjóra.

Yfirskattanefndir hafa einnig gerðabók og rita í hana úrskurði sína og ákvarðanir. Þessar gerðabækur löggildir stjórnarráðið.

40. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda. Svo skulu og formenn skattanefnda gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

41. gr.

Stjórnarráðið hefir vakandi auga á því, að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir það rjett til að fá sendar framtalsskýrslur gjaldenda, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

42. gr.

Lögreglustjórar innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

43. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal hver heimilisráðandi inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

V.

Refsiákvæði.

44. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, missir hann rjettinn til að kæra yfir ákvörðun skatta-

nefndar um tekjur hans og eign, nema hann geti sannað, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlaðar af skattanefnd meira en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje mismunurinn 1/4 eða meira, skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð, að viðbættum 1/4.

Ákvæðum laga þessara um viðurlög fyrir vanrækslu á framtali þarf þó eigi að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sjer til afsökunar.

45. gr.

Nú skýrir maður vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um alt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri tíma en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiftarjettur eða skiftaforstjóri eru skyldir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum bús, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni þá, er hinn framliðni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en 6000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir, uns henni er fullnægt.

46. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 45. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt heldur en honum bar skylda til.

47. gr.

Skattanefndarmönnum og yfirskattanefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að, sökum starfa síns, um efnahag skattþegna.

Sama gildir um þá, er veita kynnu nefndunum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

48. gr.

Nú skorast einhver undan því að láta af hendi skýrslur þær, er í 32. gr. segir, og sker stjórnarráðið þá úr ágreiningi um það efni, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir uns skyldunni er fullnægt.

Nú hefir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum áður lögmæltur tími sje liðinn, þá varðar það sektum, alt að 100 kr., og getur stjórnarráðið auk þess skyldað þær til þess að ljúka við þau, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann í nefndinni, er eigi getur borið fyrir sig lögmætar afsakanir.

49. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 45. gr. 1. málsgr. og 47. gr. laga þessara skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 44. gr., 45. gr. 3. málsgr. og 48. gr. segir, skulu sæta meðferð sem opinber lögreglumál. Refsimál, er fara skal með sem opinbert lögreglumál, skal eigi höfða nema sá, er hlut á að máli, skattanefnd, yfirskattanefnd eða stjórnarráð krefjist þess.

50. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má gera aðför til innheimtu þeirra.

V.

Almenn ákvæði.

51. gr.

Stjórnarráðið gefur út leiðbeiningar um skilning á lögum þessum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf skattanefnda. Enn fremur gerir það fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

52. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877, um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903, um viðauka við tjeð lög, og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.

Lög þessi gilda til 31. des. 1923.

(A. XI, 6).

Nd. **674. Lög**

um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hversu haga skuli sölu á þeim. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2% af andvirði merkjanna.

Stjórnarráðinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki eða stimpilmerkjum, og má nota hann í stað merkjanna.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið er eigi deilanlegt með 5, færist það niður í næstu tölu, sem deila má á þennan hátt, þó þannig, að gjaldið má aldrei minna vera en 10 au.

b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.

c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er ákveðin um ævitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu tíföldu.

Ef árgjald er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld, sem út eru gefin í hinu íslenska konungsríki, þegar annaðhvort að minsta

kosti einn aðilja á þar heimili, eða skjalið hljóðar um verðmæti hjer í ríkinu, rjettindi yfir þeim, eða rjettindi eða skyldur fyrir einstaklinga, fjelög eða stofnanir, sem eiga heimili hjer á landi.

Skjal telst gefið út hjer í ríkinu, ef annar eða einhver aðilja hefir undirritað það hjer.

5. gr.

Þau skjöl, sem hjer greinir, eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hjer eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja rjettindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sje, að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hjer.
3. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur verðbrjef, sem ætluð eru til að ganga manna í milli, ef þau eru gefin út af fjelögum eða stofnunum, sem eiga heimili hjer á landi.
4. Útlend hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík skjöl, sem flutt eru hingað, annaðhvort sem eign manna eða fjelaga, sem hjer eiga heimili, eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer, og ávísanir, ef samþyktar eru.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir rjettindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og nótarialgerðum, er skapa rjettindi eða skyldur, sem eigi hefir áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og rjettinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt, nema öðruvísi sje ákveðið sjerstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breyting á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrunina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10. gr.

Ef skjal stofnar til rjettinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II.

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist annaðhvort með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorttveggja.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hjer á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir sjeu liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sje fyr, og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hve nær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þennan, ef sjerstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn eru skyldir til að stimpla, án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Auk þess eru lögreglustjórar og hreppstjórar skyldir til að stimpla skjöl fyrir almenning, gegn 25 au. þóknun fyrir hvert skjal. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla án sjerstaks gjalds skjöl þau, er um þeirra hendur fara. Nánari reglur í þessu efni getur stjórnarráðið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt fjelögum, stofnunum og einstökum mönnum, er þar til teljast sjerstaklega hæfir, rjett til þess, gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Enn fremur getur stjórnarráðið ákveðið, ef nauðsynlegt þykir, að einstakar tegundir skjala megi hver einstakur stimpla.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef hann er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem límd hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en stjórnarráðið hefir heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það rjettarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefir af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því að eins fram fara, að beiðni um þær hafi borist stjórnarráðinu áður en 2 ár sjeu

liðin frá útgáfu þess eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf, eða staðfest eftirrit af þeim, skulu jafnan send stjórnarráðinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sje ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Enn fremur fellur krafa til stimpilgjalds burt, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 53. gr. þessara laga, hefir orðið áskynja um brotið, áður sá tími sje liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III.

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiftabrjef, gjafabrjef og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita rjett til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign er afsöluð hlutafjelagi greiðist gjald þetta tvöfalt.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annara, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr skiftabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, fjelaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskifti að fasteign eða skipi, eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbrjef fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu, þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sje um fasteign að ræða, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbrjef til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbrjef er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetning hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbrjef fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, þá heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum verða stimpilskyld við þinglestur eða skrásetningu, þótt þau sjeu gefin út áður en lög þessi öðlast gildi, ef þau eru eigi áður stimpluð.

23. gr.

Heimildarskjöl um veiðirjettindi, skjöl, sem leggja ítök, iskyldur og kvaðir á annara eign, stimplast með 1%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara rjettinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

24. gr.

Hlutabrjef, sem gefin eru út af fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, stimplast með 1%, ef þau hljóða á handhafa, en með $^{2}/_{3}$%, ef þau hljóða á nafn. Framsöl á handhafabrjefum eru stimpilfrjáls, en framsöl hlutabrjefa, sem hljóða á nafn, stimplast með 1‰ af upphæð brjefsins, og má eigi framselja þau til handhafa, nema þau sjeu stimpluð sem handhafabrjef.

Ef hlutabrjef, sem hljóða á nafn, eru í byrjun stimpluð sem handhafabrjef, eru framsöl þeirra stimpilfrjáls.

Framsöl hlutabrjefa, sem gefin hafa verið út áður en lög þessi öðlast gildi, stimplast með 3‰, ef þau hljóða á handhafa eða eru framseld til handhafa, en ella með 1‰. Ef slík hlutabrjef eru í eitt skifti stimpluð með 5‰, eru þau eftir það stimpilfrjáls, þótt framseld sjeu.

25. gr.

Ef hlutabrjef hljóðar eigi um ákveðna fjárhæð, heldur um hluta af stofnfjenu, skal í brjefinu getið þeirrar fjárhæðar, sem telja verður að hlutabrjefið sje vert, og ákveða stimpilgjaldið eftir því.

26. gr.

Hlutabrjef í fjelögum með breytilegri fjelagatölu, eða breytilegum höfuðstól, stimplast eins og segir í 24. gr., þótt fjelagsmenn sjeu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutabrjef persónulega óábyrgra manna í fjelagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

27. gr.

Fjelagssamningar stimplast með $^{1}/_{2}$% af því fje, sem í fjelagið er lagt,

ef persónuleg ábyrgð er fyrir fjenu, ella er samningurinn stimpilfrjáls, með þeirri undantekningu, sem í 26. gr. segir.

28. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað fjelagi, skal jafnan greiða gjald það, er ræðir um í 17. gr., hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum fjelagsins eða eigi, og hvort sem afsalið er sjerstakt eða í fjelagssamningi eða öðrum samningi.

29. gr.

Nú hljóðar fjelagssamningur eigi um nein fjárframlög, og skal þá stimpla hann með 10 kr.

Nú leggur fjelagi fram persónulega vinnu, en annar peninga, og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu, og því lægsta, ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur fjelagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu, og skal þá stimpla samninginn með 10 kr., auk gjalds af fjárframlaginu, eftir fyrirkomulagi fjelagsskaparins.

30. gr.

Framsöl einstakra meðlima á rjettindum sínum í fjelaginu eru stimpilskyld, ef fjelagssamningurinn var stimpilskyldur, en ella eigi.

31. gr.

Skuldabrjef og tryggingarbrjef stimplast með 3‰, ef skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð, en annars með 1‰, og telst brot úr þúsundi heilt þúsund, ef brjefið er yfir 1000 kr.

Skuldabrjef, sem ekki nema meiru en 200 kr., eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engin trygging er sett.

32. gr.

Ef veðrjettur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

33. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju brjefi (novatio) eða skuld er færð yfir á annars manns nafn (delegatio), greiðist helmingur gjalds þess, er í 31. gr. segir.

34. gr.

Framsal á skuld stimplast eftir reglunum í 31. gr.

35. gr.

Víxlar og samþyktar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir:

200 kr. eða minna með ..... 20 au.

Frá 200— 400 kr. með ..... 40 au.
— 400— 600 — — .... 60 —
— 600— 800 — — ..... 80 —
— 800—1000 — — .... 1 kr.

Ef fjárhæðin er hærri, skal stimpla skjöl þessi með 1 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

36. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykt ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

37. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í víxli, stimplast hann eins og veðtrygt skuldabrjef.

Framsöl á víxlum og samþyktum ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabrjef.

38. gr.

Lífsábyrgðarskírteini stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni.

Brunaábyrgðarskírteini stimplast með 25 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Sjóvátryggingarskírteini stimplast með 10 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein, greiðist hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sjerstakt skírteini sje gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er, ef tryggingarsamningur er gerður með brjefaskiftum, innritun í viðskiftabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein, stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans.

Stjórnarráðið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefir og heimild til að gera samninga við vátryggingarfjelög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum, t. d. við áramót, gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er stjórnarráðið telur nægja.

Stjórnarráðið hefir enn fremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sjerstök ástæða þykir til.

39. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 25 au. af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri, og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubrjef, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkv. þessari gr.

40. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 5 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með $^1/_2$% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera sjereign annars hjónanna.

41. gr.

Eftirnefnd skjöl skal stimpla með föstu gjaldi:

a. Yfirlýsingar, sem eru þinglesnar eða skrásettar, með 1 kr., ef þær falla eigi undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
b. Útdrættir, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum, með 50 au.
c. Nótarialvottorð og afrit eða útdrættir af nótarialgerðum með 50 au.
d. Dómsgerðir eða rjettargerðir in forma frá undirrjetti með 2 kr., en frá hæstarjetti með 5 kr. Þingsvitni með 1 kr., að undanteknum þingsvitnum um slys eða verðlaun fyrir björgun frá druknun.
e. Kvaðning utan rjettar með 1 kr.
f. Tilkynning til innritunar í verslunarskrá með 20 kr. Tilkynning um prókúru stimplast þó aðeins með 5 kr., ef sjerstök er. Tilkynning um að firma sje hætt stimplast með 5 kr., en afturköllun prókúru með 2 kr. Breytingar á skrásettum tilkynningum stimplast annars með 5 kr.
g. Beiðni um skrásetning vörumerkis með 20 kr., en beiðni um endurnýjun með 10 kr.
h. Borgarabrjef til heildsöluverslunar með 500 kr., en borgarabrjef til smásöluverslunar með 100 kr.
i. Leyfisbrjef farandsala og umboðssala með 300 kr.
j. Skipstjóraskírteini með 10 kr.
k. Stýrimannsskírteini með 5 kr.
l. Vjelstjóraskírteini með 5 kr.
m. Sveinsbrjef með 4 kr.
n. Einkaleyfisbrjef með 100 kr., og undanþágur frá skilyrðum í slíkum brjefum með 50 kr.
o. Önnur leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa út, með 10 kr.
p. Veitingabrjef fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins:

1)	ef árslaun eru undir 1000 kr., með		2 kr.
2)	- — — frá 1000—2000 kr., með		4 —
3)	- — — — 2000—3000 — —		8 —
4)	- — — — 3000—4000 — —		12 —
5)	- — — 4000 kr. eða meira —		20 —

q. Skírteini um embættispróf við háskólann með 20 kr.
r. Löggiltar verslunarbækur með 5 kr.
s. Erfðaskrár, skjöl um dánargjafir og gjafarfa með 5 kr.

t. Skoðunargerðir og virðingargerðir, sem ekki eru um neina ákveðna fjárhæð, með 2 kr.
u. Mælingarbrjef skipa frá 12—30 smál. með 1 kr., frá 30—100 smál. með 2 kr., en stærri skipa með 5 kr.

Heimilt er ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er um ræðir undir staflið n. og o.

V.
Ýms ákvæði.

42. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það, er stimpilfrelsinu veldur, sje löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 5 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sje stimpilfrjálst.

43. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 5 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef staðfest eftirrit er, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

44. gr.

Skjöl, sem framsöl á eru stimpilskyld, má eigi gefa út til handhafa eða framselja handhafa, og varðar sektum, ef út af er brugðið, eigi undir 10 kr. fyrir hvert skjal.

45. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantanda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

46. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annara, ábyrgð á rjettri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektaábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektaábyrgð,

að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefir sjer stað á lögum þessum.

47. gr.

Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skifta við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

48. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

49. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 47. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

50. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem stjórnarráðið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 266. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

52. gr.

Fyrstu 10 árin eftir að lög þessi öðlast gildi, er stjórnarráðinu heimilt að lækka sektir allar, samkvæmt lögum þessum, og jafnvel láta þær falla alveg burt, ef sjerstakar kringumstæður mæla með.

53. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiftaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi sjeu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annara en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rjetti eða fylgir um-

sóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

54. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sje eða álíta verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

55. gr.

Íslandsbanki heldur stimpilfrelsi því, er hann hefir að lögum, og Landsbanki Íslands öðlast sömu ívilnanir. Bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans eru stimpilfrjáls.

Þar sem ekki er annað ákveðið sjerstaklega, sker stjórnarráðið úr, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum, er snerta hann.

56. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

(B. LIII, 15).

Ed. **675. Lög**

um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

1. gr.

Til 31. okt. 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $^{3}/_{4}$ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir króna í seðlum.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2^{1}/_{2}$ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans, 31. des. 1933.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.
c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti sem það er eigi málmtrygt samkvæmt 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er rædir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi, tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

(B. LXII, 5).

Ed. **676. Lög**

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá **Ed.** 20. maí).

1. gr.

Stjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem nauðsyn er á til að greiða úr peningakreppu þeirri, sem nú er í landi, og, ef til kemur, til að kaupa hluti í Íslandsbanka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LVI, 16).

Nd. **677. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. I, 16).

Nd. **678. Lög**

um hlutafjelög.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí),

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafjelag merkir í lögum þessum hvert það fjelag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiftum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiftingar með einhverjum hætti meðal fjelaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.

Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu.

Að því leyti sem sjerákvæði eru í lögum eða verða sett í lög um einstök hlutafjelög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hlutafjelögum einum er rjett og skylt að hafa orðið »hlutafjelag« í heiti sínu, eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.

II. kafli.

Stofnun hlutafjelaga.

3. gr.

Nú vilja menn stofna hlutafjelag, og skulu þeir þá gera um það með sjer skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina:

1. Heiti fjelags og heimilisfang.
2. Í hvaða skyni fjelagið eigi að stofna.
3. Hversu mikið hlutafje sje ákveðið, hversu mikill hluti þess sje þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til.
4. Kostnað af stofnun fjelagsins, ef ætlast er til þess, að fjelagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum.
5. Hvort nokkrum hlutum í fjelaginu skuli sjerrjettindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stjett manna er áskilinn forgangsrjettur til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu.
6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur.
7. Hvort skorður sjeu reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabrjefa.
8. Hvort hlutabrjef skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa.
9. Hvort fjelagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sje ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í fjelaginu eða með öðrum hætti.
10. Hvort stofnendur áskilji sjer stöðu hjá fjelaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti.

Skjöl öll og samningar, er gerðir kunna að hafa verið vegna fjelagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi, annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er fjelagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamningi með framanskráðum hætti, eru fjelaginu óviðkomandi.

Frumvarp til samþykta handa fjelaginu skal fylgja stofnsamningi.

4. gr.

Allir, sem undirskrifa stofnsamning, skulu taldir stofnendur fjelags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um vilst.

Stofnendur mega ekki færri vera en 5. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í fjelaginu fyrir að minsta kosti 2000 kr. alls. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldu hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs fjelags eða til að eiga þær eignir, sem fjelaginu er ætlað að eignast.

5. gr.

Nú leggja stofnendur einir, eða með þeim, er kynnu að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram alt hlutafjeð, og má þá stofna fjelagið, enda er því þá rjett að taka til starfa jafnskjótt sem samþyktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafjelag stofnað að eins að því tilskildu, að hlutafjeð fáist.

6. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlögum til fjelagsins. Á fundi þessum má setja fjelaginu samþyktir, en ekkert má í þær setja, er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sje jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþyktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim.

7. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í fjelagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbrjefi).

Í boðsbrjefi skal greina:

1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr.
2. Ákvæði samþykta, ef gerðar hafa verið, um atkvæðisrjett hluthafa.
3. Hverjir sjeu stjórnendur fjelags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr.
4. Hversu mikið af hlutafje sje þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti.
5. Hver upphæð hluta sje og gengi.
6. Hvar og hversu lengi kostur sje að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði sjeu sett þar um að öðru leyti.
7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fje en ákveðið var að safna.
8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun.
9. Hvar og hve nær stofnsamningur, samþyktir fjelagsins og önnur skjöl sjeu til sýnis.

8. gr.

Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbrjefs, ganga til að safna því hlutafje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaða frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn.

Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbrjefi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi.

Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður liðinn sje áskriftarfrestur, og er þá rjett að halda áfram hlutafjársöfnun 4 mánuði hina næstu, uns það hlutafje er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi.

9. gr.

Nú hefir hlutafjársöfnun tekist, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða, svo fljótt sem unt er, áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun fjelagsins til hlítar. Fjelagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rjett áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr.

Nú er fjelag löglega stofnað, og skal þá setja því samþyktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hjer, að því leyti sem þau eiga við.

III. kafli.

Skrásetning hlutafjelaga.

10. gr.

Eigi má hlutafjelag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast rjettindi á hendur öðrum mönnum með samningum, nje þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.

Eigi má skrásetja hlutafjelag fyrr en:

1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbrjefi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft.
2. Fjelagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr.
3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur.

Tilkynna skal fjelag til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskyldan hvílir á stjórn þess.

11. gr.

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelags er, sbr. 13. gr. Hlutafjelög skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti fjelagsins.
2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr.
3. Tilgang fjelagsins.
4. Dagsetning samþykta þess.
5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda.
6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
7. Hver eða hverjir hafa heimild til að skuldbinda fjelagið með samningum, þar á meðal ef að eins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sje hagað.
8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti.
9. Hvort hlutafjársöfnun sje lokið eða hvort hún haldi áfram.
10. Hversu mikið sje greitt af hlutafje og hve nær það sje kræft, sem ógreitt er.
11. Hvort hlutabrjef eigi að hljóða á nafn eða handhafa.
12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi.
13. Hvort nokkrir hluthafar skuli skyldir að þola lausn á hlutum sinum.
14. Hvort nokkrar hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á hlutabrjefum sínum.
15. Ákvæði samþykta um atkvæðisrjett hluthafa.
16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum.
b. Eftirrit af boðsbrjefi, ef það hefir verið gefið út.
c. Samþyktir fjelagsins í 2 eintökum.
d. Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum.

Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sje hagað.

13. gr.

Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafjelag setur útibú, skal einnig skrásetja fjelagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða hverjir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibu er í sama lögsagnarumdæmi, skal að eins tilkynna, að útibúið sje sett og hver skuldbindi fjelagið vegna útibúsins.

14. gr.

Nú verður samþyktum hlutafjelags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar. Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskifti, nema maður taki sjer bólfestu

ntanlands. Ef hlutafjelag skiftir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar.

15. gr.

Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu.

Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það.

16. gr.

Nú telur einhver rjetti sínum hallað með skrásetningu hlutafjelags, og er honum þá rjett að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn fjelagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafjelagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr.

17. gr.

Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi.

Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

18. gr.

Um firmu hlutafjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

19. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.

Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

20. gr.

Hver, sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr. Ef brestur verður á þessu, ber honum að

svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rjett greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn fjelags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru rjettir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi fjelagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12. gr. 2. tölul.

Nú telur áskrifandi rjetti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir.

21. gr.

Stjórn hlutafjelags, eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafje. Bráðabirgðaskírteini skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sje, hvað eftir standi og hve nær það megi heimta.

Þess skal enn fremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið:

a. Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forrjettindi.
b. Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum.
c. Að hömlur sjeu lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabrjefa.

Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á.

22. gr.

Hlutabrjef má ekki gefa út fyrr en fjelag er skrásett og hlutur að fullu greiddur.

Í hlutabrjefi skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hlutar.
3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a – c segir, að því leyti sem við á.
4. Dagsetning samþykta.
5. Tölu (númer) brjefsins.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabrjef. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabrjefi.

23. gr.

Stjórn fjelags skal halda skrá yfir hlutabrjef í framhaldandi töluröð, og skal þar greina:

1. Útgáfudag hvers hlutabrjefs.
2. Til handa hverjum hlutabrjef var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, fjelags eða stofnunar.
3. Nafnverð brjefs.
4. Eigandaskifti, ef þau hafa verið tilkynt.
5. Forrjettindi, er kunna að fylgja brjefi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum.
6. Þær breytingar, er verða kunna á skiftum fjelags og eiganda brjefsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á brjefi, ef fjelagið leysir brjef til sín o. s. frv.

24. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það. Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.

25. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn fjelagsins þá undirrita boðsbrjefið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir, um það, hvort eldri hluthöfum sje áskilinn forgangsrjettur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann.

Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skifti fjelags og áskrifenda gilda eftir því sem við á.

26. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið minkun hlutafjár.

Ef hlutafje á að minka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum fjelags eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sje það ekki skylt eftir löglegri fjelagssamþykt, tilkyntri 12 mánuðum áður hlutafjárminkun sje samþykt, þá skal stjórn fjelagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun, með 6 mánaða fyrirvara, til lánardrottna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum áður frestur sá sje liðinn. Eigi má greiða hluthöfum nje leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn nje heldur fyrr en viðurkendar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþyktum kröfum. Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðiljar hlíta því mati.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sje sannað, að fjelagið eigi fyrir skuldum á því bili, sem hlutafjárminkun er lokið.

Fjelagsstjórnin skal kveðja hluthafa, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara, til að gefa sig fram með hlutabrjef sín eða bráðabirgðaskírteini, til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skifta um hlutabrjef. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabrjef og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðun þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini með formrjettri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrests, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu brjefa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða brjef hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabrjef, ef hlutafjárminkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega.

Ef eigandaskifti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu brjefi, eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess að eins rjett til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 4. málsgr., og til að taka við nýju brjefi, ef því er að skifta.

Nú greiðir stjórnin verð hluta, eða leysir menn undan greiðsluskyldu gagnstætt fyrirmælum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr., og ábyrgjast þá stjórnendur, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir fjelagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða. Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið, og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelagsins. Nú brýtur fjelagsstjórn fyrirmæli 2. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök.

27. gr.

Ákvörðun um minkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt.

28. gr.

Hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskírteini til tryggingar, eða lána út á þau.

Eigi má hlutafjelag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafje sínu, nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign fjelags í hlutabrjefum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sjerstökum lið í efnahagsreikningi þess.

Fjelagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sje um mælt í samþyktum fjelagsins.

29. gr.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt. Í samþyktum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hve nær sem henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum,

krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelags mæli öðruvísi.

Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.
f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, sem hlutum í fjelaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sjer-

staka sjóði til tryggingar greiðslu arðs af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sannprófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hlutabrjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um akvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

VI. kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slíta skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslitum stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfanum hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigandaskifti að

hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2.—6. málsgr., eftir því sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstakur maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

VII. kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar.

Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal enn fremur fylgja:

1. Vottorð þar um bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að viðskifti þess hjer fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess. Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta, þegar er hann veit um það, til hluthafaskrár og skiftarjettar þar, sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.
2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum, alt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þiggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir, gegn betri vitund, fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða strika erlent fjelag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglustjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal þá eigi slíta fjelagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstaða, fer um fjelagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir.

Mál út af þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau, er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður ..... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2 kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skráseting hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

(C. XXI, 2).

Nd. **679. Þingsályktun**

um að hraða endurskoðun fátækralaganna frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hraða endurskoðun fátækralaganna frá 10. nóv. 1905, sem um getur í þingsályktunartill., er samþykt var um þetta efni 23. ág. 1917.

(C. XXVI, 2).

Nd. **680. Þingsályktun**

um löggildingu baðlyfs.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að löggilda Coopers baðduft til fjárbaðana hjer á landi og stuðla að því, að menn geti átt kost á að fá þetta baðefni til sauðfjárbaðana næsta vetur.

(C. XXX, 2).

Nd. **681. Þingsályktun**

um lækkun forvaxta.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um það, að bankarnir hjer lækki hið bráðasta forvexti, í samræmi við vaxtalækkun erlendis.

(C. XXIX, 2).

Nd. **682. Þingsályktun**

um hjeraðaskóla o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að styðja fast að því, við undirbúning nýrrar skipunar á skóla- og mentamálum þjóðarinnar, að hlynt verði að alþýðuskólum í sveitum af hálfu ríkisvaldsins og að viðleitni til barnafræðslu á heimilunum verði studd og efld. — Einnig lýsir þingdeildin yfir því, að hún telur sjálfsagt, að þau bygðarlög, er leggja mest á sig til að koma á stofn skólum til unglingafræðslu, megi að sama skapi vænta tilstyrks þings og stjórnar til þess að koma þessum áhugamálum sínum í framkvæmd.

(C. XXXI, 3).

Nd. **683. Þingsályktun**

um skaðabótagreiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka verðmismun þann, sem verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan síðastliðið ár, og að hlutast til um, að slíkur verðmismunur komi ekki fyrir eftirleiðis, og enn fremur að stjórnin sjái um, að Sunnlendingum verði að einhverju leyti bættur halli sá, er þeir hafa orðið fyrir, að minsta kosti með þeirri upphæð, er hrossasalan á nú í sjóði.

(B. LVI, 17).

Nd. **684. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. XV, 9).

Sþ. **685. Þingsályktun**

um undirbúning ullariðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem tök eru á, menn með sjerfræðiþekkingu rannsaka, gera áætlanir og tillögur um það, er nú skal greina:

1. Hvar álitlegast sje að koma á fót kembingar- og lopavjelum, til eflingar heimilisiðnaði innanlands, í þeim sýslufjelögum, er óska rannsókna í því efni.
2. Hvar hentast muni að reisa klæðaverksmiðjur, eftir aðstöðu við notkun vatnsafls og annara staðhátta, sem fullnægt geti klæðaþörf landsmanna.
3. Stjórninni heimilast að veita tóvinnufjelögum styrk úr ríkissjóði, til þess að senda efnilega unga menn utan, í þeim tilgangi, að þeir afli sjer þekkingar í meðferð tóvinnuvjela og annars, er að iðnaði lýtur. Jafnframt sje það trygt, að styrkþegar starfi við verksmiðjurnar, að loknu námi.

Kostnað þann, er fyrgreindar aðgerðir hafa í för með sjer, heimilast stjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Ferðaáætlun Sterlings 1922.

(Samin af samvinnunefnd samgöngumála).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land					
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	11	Viðkomustaðir	2	4	6	8	10
	mars	maí	júní	júlí	sept.	okt.		apríl	maí	júlí	ág.	sept.
Frá Reykjavík	15	4	14	24	3	25	Frá Reykjavík	9	23	6	14	25
— Sandi	15	4	...	...	3	25	— Keflavík	...	23	...	...	...
— Ólafsvík	15	4	14	24	...	26	— Vestmannaeyjum	10	24	7	15	26
— Stykkishólmi	16	5	15	25	3	27	— Djúpavogi	11	25	8	16	27
— Flatey	16	...	15	25	...	27	— Breiðdalsvík	11	...	...	16	27
— Patreksfirði	17	5	16	26	...	28	— Stöðvarfirði	...	25	...	...	27
— Tálknafirði	...	6	...	26	...	28	— Fáskrúðsfirði	12	25	...	16	28
— Bíldudal	18	...	16	...	4	29	— Reyðarfirði	12	26	8	...	28
— Dýrafirði	18	5	...	26	4	29	— Eskifirði	12	26	...	17	28
— Önundarfirði	...	6	17	27	...	30	— Norðfirði	13	26	9	17	29
— Suðureyri	19	...	17	27	...	30	— Mjóafirði	13	...	...	...	29

Ferðaáætlun Sterlings 1922 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land					
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	11	Viðkomustaðir	2	4	6	8	10
	mars	mai	júní	júlí	sept.	okt.		apríl	mai	júlí	ág.	sept.
Frá Bolungarvík ...	...	6	17	27	...	31	Frá Seyðisfirði ...	14	27	9	18	30
						nóv.						
— Ísafirði ...	19	7	18	28	5	2	— Borgarfirði ...	14	27	9	18	30
— Norðurfirði ...	...	7	...	28	...	3	— Vopnafirði ...	15	28	10	18	30
												okt.
— Reykjarfirði ...	20	...	19	...	6	3	— Bakkafirði ...	15	28	...	19	1
— Hólmavík ...	20	7	19	28	...	4	— Þórshöfn ...	...	28	...	19	1
— Bitrufirði ...	...	8	...	...	...	4	— Raufarhöfn ...	...	28	...	...	2
— Borðeyri ...	21	8	...	29	6	5	— Kópaskeri ...	16	29	10	...	2
— Hvammstanga ...	21	9	19	29	7	6	— Húsavík ...	16	29	11	20	3
— Blönduósi ...	22	9	20	30	7	7	— Akureyri ...	18	30	12	21	4
— Skagaströnd ...	22	9	...	30	8	7	— Dalvík ...	...	...	...	21	4
— Kálfshamarsvík ...	...	...	...	...	8	...	— Ólafsfirði ...	...	30	...	...	4
— Sauðárkróki ...	23	10	21	31	8	8	— Siglufirði ...	18	30	12	21	5
— Hofsósi ...	...	...	21	31	...	9	— Haganesvík ...	...	31	...	22	5

Ferðaáætlun Sterlings 1922 (framh.)

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land					
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	11	Viðkomustaðir	2	4	6	8	10
	mars	maí	júní	júlí	sept.	nóv.		apríl	maí	júlí	ág.	okt.
Frá Haganesvík	...	...	21	...	...	9	Frá Hofsósi	19	31	...	22	5
— Siglufirði	24	11	22	31	9	10	— Sauðárkróki	19	31	13	22	6
— Ólafsfirði	24	...	...	ág. 1	...	10	— Kálfshamarsvík	...	júní 1	...	...	...
— Dalvík	...	11	22	...	...	...	— Skagaströnd	20	1	13	...	6
— Akureyri	26	12	23	2	10	12	— Blönduósi	20	2	14	23	7
— Húsavík	26	12	23	2	10	13	— Hvammstanga	21	2	...	23	7
— Kópaskeri	26	...	24	...	11	14	— Borðeyri	...	3	...	...	8
— Raufarhöfn	...	...	...	2	...	14	— Bitrufirði	...	3	14	...	...
— Þórshöfn	27	...	24	3	11	15	— Hólmavík	21	3	15	...	8
— Bakkafirði	...	13	25	...	...	16	— Reykjarfirði	...	4	...	24	...
— Vopnafirði	28	13	25	3	12	16	— Norðurfirði	22	4	...	...	9
— Borgarfirði	28	...	25	3	12	17	— Ísafirði	23	5	16	25	10
— Seyðisfirði	29	14	26	4	13	19	— Bolungarvík	...	5	...	...	10

Ferðaáætlun Sterlings 1922 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land					
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	11	Viðkomustaðir	2	4	6	8	10
	mars	maí	júní	ág.	sept.	nóv.		apríl	júní	júlí	ág.	okt.
Frá Mjóafirði	...	14	...	4	...	19	Frá Súgandafirði	...	5	...	...	10
— Norðfirði	30	14	27	4	13	20	— Önundarfirði	23	6	...	25	...
— Eskifirði	30	...	27	5	...	20	— Dýrafirði	24	6	16	...	10
— Reyðarfirði	30	14	...	5	13	21	— Bíldudal	24	...	...	25	11
— Fáskrúðsfirði	31	15	27	5	...	21	— Tálknafirði	...	6	...	...	...
— Stöðvarfirði	...	...	...	5	...	22	— Patreksfirði	24	...	17	26	11
— Breiðdalsvík	...	...	28	6	...	22	— Flatey	...	...	...	...	12
— Djúpavogi	31	15	28	6	14	23	— Stykkishólmi	25	7	...	26	12
— Vestmannaeyjum	apríl 1	16	29	7	15	24	— Ólafsvík	25	7	...	27	13
Í Reykjavík	3	17	30	8	16	26	— Sandi	25	...	17	...	13
							Í Reykjavík	26	8	18	28	14

Athugasemdir.

1. Vörur til hafna, sem komast ekki á land á ákvörðunarstað, verða fluttar til einhverrar næstu hafnar, þar sem best hentar að dómi skipstjóra. Sama gildir um farþega. Endurgreiðsla á farm- eða fargjöldum, þegar svona vill til, kemur ekki til mála.

2. Heimilt er útgerðarstjóra að fara fram hjá höfn, sem á áætlun stendur, ef þangað er ekkert að flytja, svo að teljandi sje, enda hafi hann kynt sjer, að þar sje ekki heldur flutningur, sem skipinu er ætlað að taka. Þó skal skipið því að eins fram hjá fara, að viðkoman valdi bagalegri töf. Heimilt er og að koma víðar við en á áætluðum stöðum, þegar ástæða þykir til þess vegna farþega eða flutnings.

3. Burtfarartími skipsins er frá Reykjavík kl. 9 árdegis. Frá öðrum viðkomustöðum fer skipið svo fljótt, sem því verður við komið, þó ekki fyr en áætlun greinir. Enga ábyrgð ber útgerðin á því, þótt skipið tefjist, svo að það geti ekki fylgt áætluninni.

Þskj. 687. Nefndaskipun 1921.

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Björn Kristjánsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz, formaður,
Sigurjón Friðjónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 (17*). (Nefndarálit kom ekki).
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um söknargjöld (42). (Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti nýtt frv. samnefnt).
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 28. nóv. 1919 [*Yfirsetukvennalög*] (62). (Nefndarálit kom ekki).
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (95, n. 153). Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri (104, n. 196). Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
6. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919 (34, n. 176). Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
7. Frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs (9, n. 291). Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
8. Frv. til laga um einkasölu á tóbaki [og áfengi**] (234, n. 278 (meiri hl.), n. 292 (minni hl.)). Framsögum. meiri hl.: Sigurjón Friðjónsson. Framsögum. minni hl.: Björn Kristjánsson.

---

* Tölur innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var vísað til nefndar, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er að segja um mál, sem nefndirnar fluttu.

** Orðunum innan hornklofa skelt aftan af fyrirsögninni síðar.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

9. Frv. til laga um erfðafjárskatt (240, n. 334).
   Framsögum.: Sigurður Eggerz.
10. Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919 (259, n. 331).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
11. Frv. til laga um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (47, n. 297).
   Framsögum.: Björn Kristjánsson.
12. Frv. til laga um fasteignaskatt (267, n. 423 og 625).
   Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
13. Frv. til laga um vörutoll (295, n. 381).
   Framsögum.: Björn Kristjánsson.
14. Frv. til laga um lestagjald af skipum (298, n. 396).
   Framsögum.: Sigurður Eggerz.
15. Frv. til laga um bifreiðaskatt (361, n. 422 (meiri hl.), n. 447 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
   Framsögum. minni hl.: Guðmundur Ólafsson.
16. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (349, n. 443).
   Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
17. Frv. til laga um útflutningsgjald af síld o. fl. (395, n. 574).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
18. Frv. til laga um útflutningsgjald (433, n. 606).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
19. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (528, n. 626).
   Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
20. Frv. til laga um stimpilgjald (510, n. 620).
   Framsögum.: Sigurður Eggerz.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (67).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
2. Till. til þál. um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum (621).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

2 *Fjárveitinganefnd:*

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Hjörtur Snorrason,
Einar Árnason,
Halldór Steinsson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu (238, n. 308).
   Framsögum.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (313, n. 380).
   Framsögum.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

Fastanefndir Ed.: Fjárveitinga-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

3. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1922 (446, n. 505 og 637).
Framsögum.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

3. Samgöngumálanefnd:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Halldór Steinsson, formaður,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um sýsluvegasjóði (542, n. 640).
Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.

Nefndin gekk í samvinnu við samgöngumálanefnd neðri deildar.
Samvinnunefndin kaus sjer
formann Halldór Steinsson og
fundaskrifara Jón Þorláksson.

Samvinnunefndin tók til íhugunar:

1. 3. gr. í frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (30, n. 180).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
2. 13. gr. C. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1922 (41).
(Ekkert nefndarálit, en felst í brtt. samvinnunefndarinnar á þskj. 436).
Ekki kosinn framsögum. í Ed.

4. Landbúnaðarnefnd:

Sigurður Jónsson,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari,
Hjörtur Snorrason, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður [. . . . . fóðurbæti] (38, n. 71).
Framsögum.: Sigurður Jónsson.
2. Frv. til laga um friðun rjúpna [og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59, frá 1913]*) (32, n. 94).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
3. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum (29, n. 105).
Framsögum.: Sigurður Jónsson.
4. Frv. til laga um æfinlega erfingjarentu (60, n. 117).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
5. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra (108, n. 146).
Framsögum.: Sigurður Jónsson.
6. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu (118, n. 204).
Framsögum.: Sigurður Jónsson.

*) Orðunum innan hornklofa bætt við fyrirsögnina síðar.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og mentamálanefnd.

7. Frv. til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturspresta-kalli, til Blönduóshrepps (110, n. 277).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
8. Frv. til laga um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kaupt úna [svo og um lausafjárvátryggingu]*) (288, n. 369).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
9. Till. til þál. um undirbúning ullariðnaðar (578, n. 638).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Björn Kristjánsson, formaður,
Karl Einarsson, fundaskrifari,
Einar Árnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip (18, n. 81).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna (326, n. 360).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
3. Frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (342, n. 466).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
4. Frv. til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (397, n. 500).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat (367, n. 533).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
6. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar [. . laga um Síldveiðifjelag Íslands] (618, n. 663 (minni hl.); ekkert nefndarálit kom frá meiri hl.).
   Framsögum. minni hl.: Karl Einarsson.

6. Mentamálanefnd:

Sigurður Jónsson,
Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari,
Karl Einarsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs (27, n. 63).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.
2. Frv. til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks (109, n. 189).
   Framsögum.: Karl Einarsson.

---

*) Orðunum innan hornklofa bætt við fyrirsögnina síðar.

1653

Allsherjarnefnd:

Jóhannes Jóhannesson,
Sigurður Eggerz, fundaskrifari,
Sigurjón Friðjónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um hlutafjelög (1, n. 235).
   Framsögum.: Sigurður Eggerz.
2. Frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (20, n. 438).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
3. Frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (21, n. 387).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
4. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar (23, n. 211).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
5. Frv. til laga um afnám laga nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslensku (26, n. 52).
   Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
6. Frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (5, n. 66).
   Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (33).
   (Nefndarálit kom ekki).
8. Frv. til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (35, n. 99).
   Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
9. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (49, n. 155).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
10. Frv. til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn (43, n. 116).
    Framsögum.: Sigurður Eggerz.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (93, n. 199).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
12. Frv. til laga um sölu á prestsmötu (56, n. 499).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
13. Frv. til laga um samvinnufjelög (125, n. 321).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (89, n. 536).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
15. Frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum (178, n. 596).
    Framsögum.: Sigurður Eggerz.
16. Frv. til laga um biskupskosningu (77, n. 222).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
17. Frv. til laga um skifting Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (69, n. 228).
    Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd; — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

18. Frv. til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar (336, n. 519).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
19. Frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði (329, n. 538).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
20. Frv. til laga um friðun lunda (139, n. 448).
Framsögum.: Sigurður Eggerz.
21. Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (421, n. 535).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
22. Frv. til laga um húsnæði í Reykjavík (491, n. 537).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
23. Frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (492, n. 540).
Framsögum.: Sigurður Eggerz.
24. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [*Launalög*] (522).
(Nefndarálit kom ekki).
25. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (634).
(Nefndarálit kom ekki).

B.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Hákon Kristófersson,
Sveinn Ólafsson,
Þorleifur Guðmundsson,
Magnús Kristjánsson, formaður,
Jakob Möller,
Jón Auðunn Jónsson, fundaskrifari,
Þórarinn Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (31, n. 73 og 202).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919 (34, n. 127).
Framsögum.: Sveinn Ólafsson.
3. Frv. til laga um vörutoll (46, n. 183).
Framsögum.: Jón Auðunn Jónsson.
4. Frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (47, n. 74).
Framsögum.: Jón Auðunn Jónsson.
5. Frv. til laga um erfðafjárskatt (2, n. 182).
Framsögum.: Jakob Möller.
6. Frv. til laga um fasteignaskatt (3, n. 201 og 553).
Framsögum.: Magnús Kristjánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

7. Frv. til laga um lestagjald af skipum (4, n. 275).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.
8. Frv. til laga um einkasölu á tóbaki [og áfengi]*) (6, n. 184 og 416 (meiri hl.) n. 186 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
   Framsögum. minni hl.: Jakob Möller.
9. Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919 (40, n. 185).
   Framsögum.: Jakob Möller.
10. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (7, n. 432).
   Framsögum.: Sveinn Ólafsson.
11. Frv. til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð (8, n. 475).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.
12. Frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs (9, n. 190).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
13. Frv. til laga um útflutningsgjald af síld o. fl. (10, n. 348).
   Framsögum.: Sveinn Ólafsson.
14. Frv. til laga um stimpilgjald (11, n. 481).
   Framsögum.: Jakob Möller.
15. Frv. til laga um hreppskilaþing (13, n. 476).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.
16. Frv. til laga um verðlag (15).
   (Nefndarálit kom ekki).
17. Frv. til laga um bifreiðaskatt (28, n. 274 (meiri hl.), n. 300 (minni hl.), n. 551).
   Framsögum. meiri hl: Þorleifur Guðmundsson.
   Framsögum. minni hl.: Jakob Möller.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (67, n. 276).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.
19. Frv. til laga um vexti (123, n. 388).
   Framsögum.: Magnús Kristjánsson.
20. Frv. til laga um breyting á 6. gr. laga nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun (136, n. 417).
   Framsögum.: Jakob Möller.
21. Frv. til laga um æfinlega erfingjarentu (157, n. 594).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (349).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
2. Frv. til laga um útflutningsgjald (433).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

---

*) Orðunum innan hornklofa skelt aftan af síðar.

Fastanefndir Nd.: Fjárveitinga-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Fjárveitinganefnd:

Bjarni Jónsson,
Þorleifur Jónsson, formaður,
Gunnar Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Magnús Pjetursson, fundaskrifari,
Ólafur Proppé,
Magnús Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (30, n. 128).
   Framsögum.: Magnús Pjetursson.
2. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1922 (41, n. 347).
   Framsögum. fyrri hl.: Magnús Pjetursson.
   Framsögum. síðari hl.: Bjarni Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (430).
Framsögum.: Magnús Pjetursson.

3. Samgöngumálanefnd:

Pjetur Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson,
Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Gísli Sveinsson,
Jón Auðunn Jónsson, formaður.
Jón Þorláksson.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 57. 22. nóv. 1907, um vegi (154).
(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin flutti:

Frv. til laga um sýsluvegasjóði (375).
Framsögum.: Jón Þorláksson.

Nefndin átti samvinnu við samgöngumálanefnd efri deildar, svo sem fyr er sagt, og skal því að eins bætt við hjer, hverjir framsögu höfðu í neðri deild mála þeirra, er samvinnunefndin tók til íhugunar:

1. 3. gr. í frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (30, n. 180).
   Framsögum. í Nd.: Þorsteinn Jónsson.
2. 13. gr. C. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1922 (41).
   (Ekkert nefndarálit, en felst í brtt. samvinnunefndarinnar á þskj. 436).
   Framsögum. í Nd.: Þorsteinn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Hákon Kristófersson,

Jón Sigurðsson,
Björn Hallsson, fundaskrifari,
Sigurður Stefánsson, formaður,
Þórarinn Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra (16, n. 98).
   Framsögum.: Jón Sigurðsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, [svo og um lausafjárvátryggingu] (90, n. 220).
   Framsögum.: Jón Sigurðsson.
3. Frv. til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti [. . . . . kjarnfóður] (96, n. 144).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
4. Frv. til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturspresta-kalli, til Blönduóshrepps (110, n. 145).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
5. Frv. til laga um friðun rjúpna [og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913] (120, n. 159).
   Framsögum.: Hákon Kristófersson.
6. Till. til þál. um undirbúning ullariðnaðar o. fl. (393, n. 509).
   Framsögum.: Jón Sigurðsson.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um fyrirkomulag hrossasölu innanlands (377).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
2. Till. til þál. um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða (408).
   Framsögum.: Jón Sigurðsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Pjetur Ottesen, fundaskrifari,
Magnús Kristjánsson, formaður,
Þorleifur Guðmundsson,
Jón Baldvinsson,
Einar Þorgilsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um skoðun á síld (58, n. 173).
   Framsögum.: Einar Þorgilsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip (101, n. 179).
   Framsögum.: Pjetur Ottesen.
3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 21, 9. júlí 1909 [*Fiskimat*] (114).
   (Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti nýtt frv. um sama efni).
4. Frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (121, n. 304).
   Framsögum.: Pjetur Ottesen.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, mentamála- og allsherjarnefndir.

5. Frv. til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (141, n. 280 (meiri hl.), n. 333 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Framsögum. minni hl.: Pjetur Ottesen.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (124).
   Framsögum.: Magnús Kristjánsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna (172).
   Framsögum.: Þorleifur Guðmundsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat (367).
   Framsögum.: Einar Þorgilsson.
4. Frv. til laga um Síldveiðifjelag Íslands (402).
   Framsögum.: Magnús Kristjánsson.

6. Mentamálanefnd:

Bjarni Jónsson, formaður,
Eiríkur Einarsson,
Þorsteinn Jónsson, fundaskrifari,
Magnús Jónsson,
Jón Þorláksson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík (39, n. 306 (meiri hl.), n. 399 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Framsögum. minni hl.: Þorsteinn Jónsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs (100, n. 216).
   Framsögum.: Þorsteinn Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands (122).
   Framsögum.: Bjarni Jónsson.
2. Till. til þál. um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík (311).
   Framsögum.: Jón Þorláksson.

7. Allsherjarnefnd:

Pjetur Ottesen,
Stefán Stefánsson,
Björn Hallsson, fundaskrifari,
Einar Þorgilsson,
Sigurður Stefánsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (36, n. 57).
   Framsögum.: Stefán Stefánsson.

2. Frv. til laga um varnir gegn berklaveiki (37, n. 119).
   Framsögum.: Björn Hallsson.
3. Frv. til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn (43, n. 59).
   Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
4. Till. til þál. um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna (48, n. 307).
   Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
5. Frv. til laga um sölu á prestsmötu (56, n. 97).
   Framsögum.: Pjetur Ottesen.
6. Frv. til laga um skiftíng Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (69, n. 149 (minni hl.), n. 160 (meiri hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Pjetur Ottesen.
   Framsögum. minni hl.: Sigurður Stefánsson.
7. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (76, n. 197 (meiri hl.); ekkert nefndarálit frá minni hl.).
   Framsögum. meiri hl.: Pjetur Ottesen.
8. Frv. til laga um húsnæði í Reykjavík (83, n. 418).
   Framsögum.: Einar Þorgilsson.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, 30. nóv. 1914 [*Bæjarstjórnarlög Reykjavíkur*] (84, n. 174).
   Framsögum.: Einar Þorgilsson.
10. Frv. til laga um læknaskipun í Reykjavík (78, n. 200).
    Framsögum.: Björn Hallsson.
11. Frv. til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919 (79, n. 200).
    Framsögum.: Björn Hallsson.
12. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (80, n. 200).
    Framsögum.: Björn Hallsson.
13. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (103).
    (Nefndarálit kom ekki).
14. Frv. til laga um biskupskosningu (77, n. 134).
    Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
15. Frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum (92, n. 133).
    Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
16. Frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (88, n. 226 og 539).
    Framsögum.: Björn Hallsson.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (113, n. 340).
    Framsögum.: Pjetur Ottesen.
18. Frv. til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (106, n. 227).
    Framsögum.: Pjetur Ottesen.
19. Frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði (130, n. 246).
    Framsögum.: Sigurður Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd; — *Vinnunefndir* beggja deilda.

20. Frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (137, n. 391).
Framsögum.: Einar Þorgilsson.
21. Frv. til laga um friðun lunda (139, n. 247).
Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
22. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [*Launalög*] (164,n. 392).
Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
23. Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (229, n. 350 (minni hl.), n. 363 (meiri hl.)).
Framsögum. meiri hl.: Stefán Stefánsson.
Framsögum. minni hl.: Pjetur Ottesen.
24. Frv. til laga um hlutafjelög (286, n. 339).
Framsögum.: Einar Þorgilsson.
25. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar (287, n. 398).
Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
26. Frv. til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (271, n. 449).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
27. Frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (415, n. 463).
Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
28. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914 [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*] (317).
(Nefndarálit kom ekki).
29. Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915 (322).
(Nefndarálit kom ekki).
30. Frv. til laga um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi fela öðrum sjerstök störf [. . . um að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu megi fela öðrum sjerstök störf] (370, n. 506).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
31. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (439, n. 504).
Framsögum.: Stefán Stefánsson.
32. Frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (471, n. 534).
Framsögum.: Sigurður Stefánsson.
33. Frv. til laga um einkasölu á áfengi (470, n. 567).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.* Í þeim nefndum áttu þessir sæti:

Í efri deild:

Guðmundur Björnson, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar,
Guðmundur Ólafsson, fyrri varaforseti,
Sigurður Eggerz, formaður fjárhagsnefndar,
Jóhannes Jóhannesson, formaður fjárveitinganefndar,

Vinnunefndir beggja deilda; — *Lausanefndir í Ed.:* Lyfjasölunefnd.

Halldór Steinsson, formaður samgöngumálanefndar,
Hjörtur Snorrason, formaður landbúnaðarnefndar,
Björn Kristjánsson, formaður sjávarútvegsnefndar,
Karl Einarsson, formaður mentamálanefndar,
Sigurjón Friðjónsson, formaður allsherjarnefndar.

Í neðri deild:

Benedikt Sveinsson, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar,
Sigurður Stefánsson, fyrri varaforseti, formaður landbúnaðar- og allsherjarnefnda,
Magnús Kristjánsson, formaður fjárhags- og sjávarútvegsnefnda,
Þorleifur Jónsson, formaður fjárveitinganefndar,
Jón Auðunn Jónsson, formaður samgöngumálanefndar,
Bjarni Jónsson, formaður mentamálanefndar.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundatíma og fundastaði fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.
Lausanefndir.
(16. gr. þingskapanna).

A.
Í efri deild.

1. Lyfjasölunefnd:

Halldór Steinsson, fundaskrifari,
Guðmundur Guðfinnsson,
Karl Einarsson, formaður.

Nefndin kosin til að ihuga:

Frv. til laga um einkasölu á lyfjum (24).
(Nefndarálit kom ekki).

Til hennar síðan vísað:

1. Frv. til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (25, n. 237).
Framsögum.: Karl Einarsson.
2. Frv. til laga um varnir gegn berklaveiki (366, n. 440).
Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.
3. Frv. til laga um læknaskipun í Reykjavík (364, n. 464).
Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.
4. Frv. til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919 (378, n. 465).
Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um einkasölu á áfengi (305).
Framsögum.: Halldór Steinsson.

2. Fossanefnd:

Guðjón Guðlaugsson, formaður,
Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari,
Hjörtur Snorrason,
Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson.

Nefndin kosin samkvæmt
till. til þál. um skipun nefndar til að íhuga fossamálið (50), er samþ. var í Ed. 23. febrúar.

Til hennar vísað:
Frv. til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl. [. . . um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Andakílsá, til vatnsvirkjunar] (166, n. 221).
Framsögum: Guðmundur Guðfinnsson.

Nefndin gekk í samvinnu við fossanefnd neðri deildar.
Samvinnunefndin kaus sjer
formann Jakob Möller og
fundaskrifara Guðmund Guðfinnsson.

Samvinnunefndin tók til íhugunar:
1. Frv. til vatnalaga (19, n. 400 (meiri hl.), n. 531 (minni hl.)).
Framsögum. meiri hl. í Ed.: Sigurjón Friðjónsson.
Framsögum. minni hl. í Ed.: Guðmundur Guðfinnsson.
2. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (45, n. 252 (meiri hl.), n. 265 (minni hl.)).
Framsögum. meiri hl. í Ed.: Sigurjón Friðjónsson.

(Allir nefndarmenn efri deildar fylgdu meiri hl.).

3. Peningamálanefnd:

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, formaður,
Halldór Steinsson,
Björn Kristjánsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Einar Árnason.

Nefndin kosin samkvæmt
till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m. (55, 65), sem samþykt var í Ed. 26. febrúar.

Til hennar vísað:
Frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands (356, n. 566 (minni hl.), n. 580 (meiri hl.)).
Framsögum. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
Framsögum. minni hl.: Sigurður Eggerz.

Nefndin gekk í samvinnu við peningamálanefnd neðri deildar.

Lausanefndir í Ed.: Peningamála- og viðskiftamálanefndir; — *í Nd.:* Fossanefnd.

Samvinnunefndin kaus sjer
formann Eiríkur Einarsson og
fundaskrifara Björn Kristjánsson.

Samvinnunefndin tók til ihugunar:

Frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl (44, n. 384 (meiri hl.); ekkert nefndarálit frá minni hl.).
Ekki kosinn framsögum. í Ed.

4. *Viðskiftamálanefnd:*
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, formaður,
Halldór Steinsson,
Björn Kristjánsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Einar Árnason.

Nefndin kosin samkvæmt

till. til þál. um skipun viðskiftamálanefndar (68), er samþ. var í Ed. 2. mars.
Nefndin gekk í samvinnu við viðskiftamálanefnd neðri deildar.
Samvinnunefndin kaus sjer
formann Jón Þorláksson og
fundaskrifara Sigurð Hjörleifsson Kvaran.

Samvinnunefndin tók til ihugunar:

Frv. til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (14, n. 158).
Framsögum. var ekki kosinn í Ed.

B.
Í neðri deild.

1. *Fossanefnd:*
Bjarni Jónsson,
Eiríkur Einarsson, fundaskrifari,
Sveinn Ólafsson, formaður,
Þorleifur Jónsson,
Gísli Sveinsson,
Jón Þorláksson,
Jakob Möller.

Nefndin kosin til að ihuga:

Frv. til vatnalaga (19, n. 400 (meiri hl.), n. 531 (minni hl.)).
Framsögum. meiri hl.: Jón Þorláksson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.

Til hennar síðan vísað:

1. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (22).
(Nefndarálit kom ekki).
2. Frv. til laga um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Anda-

kílsá til vatnsvirkjunar [.... eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.] (72, n. 148).

Framsögum.: Jón Þorláksson.

3. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (45, n. 252 (meiri hl.), 265 (minni hl.)).

Framsögum. meiri hl.: Jón Þorláksson.

Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.

Nefndin átti samvinnu við fossanefnd efri deildar um nr. 1 og nr. 4, svo sem fyr er sagt (sjá Fossanefnd Ed.).

2. *Viðskiftamálanefnd:*

Pjetur Ottesen,
Magnús Kristjánsson, fundaskrifari,
Jón Baldvinsson,
Jón Þorláksson, formaður,
Ólafur Proppé.

Nefndin kosin samkvæmt

till. til þál. um skipun viðskiftamálanefndar (51, 54), er samþ. var í Nd. 23. febrúar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (14, n. 158).

Framsögum.: Jón Þorláksson.

2. Frv. til laga um afnám laga nr. 1, 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (187).

(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin átti samvinnu við viðskiftamálanefnd efri deildar um nr. 1, svo sem fyr er sagt (sjá Viðskiftamálanefnd Ed.).

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Till. til þál. um landsverslunina (431).

Framsögum.: Jón Þorláksson.

3. *Peningamálanefnd:*

Pjetur Þórðarson,
Eiríkur Einarsson, formaður,
Þorsteinn Jónsson,
Jakob Möller,
Jón Auðunn Jónsson, fundaskrifari.

Nefndin kosin samkvæmt

till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m. (53), sem samþ. var í Nd. 24. febrúar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að

Lausanefndir í Nd.: Peningamálanefnd; — *í Sp.:* Kjörbrjefa- og þingfararkaupsnefndir.

gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir (12).

(Nefndarálit kom ekki).

2. Frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl. (44, n. 384 (frá meiri hl. samvinnun.)).

Framsögum. meiri hl.: Jakob Möller.

Nefndin átti samvinnu við peningamálanefnd efri deildar um nr. 2, svo sem fyr er sagt (sjá Peningamálanefnd Ed.).

Nefndin flutti:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919 [*Seðlaauki Íslandsbanka*] (405).

Framsögum.: Jakob Möller.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

1. Frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands (170, n. 282 (frá minni hl.)).

Framsögum. meiri hl.: Jakob Möller.

Framsögum. minni hl.: Jón Auðunn Jónsson.

2. Till. til þál. um, að gullforði Íslandsbanka verði fluttur til landsins (386).

Framsögum.: Jakob Möller.

3.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbrjefanefnd

(4. gr. þingskapanna).

Björn Hallsson,
Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari,
Sigurður Stefánsson, formaður,
Bjarni Jónsson,
Magnús Kristjánsson.

Nefndin tók til íhugunar rannsóknarskjöl út af kosningakæru á Ísafirði 1920, og er álit nefndarinnar á þingskjali 550.

2. Þingfararkaupsnefnd.

(2. gr. laga nr. 36, 28. nóv. 1919).

Jón Þorláksson, formaður.
Hjörtur Snorrason, skrifari,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson,
Magnús Kristjánsson.

Sþ. 688. **Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1921.

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Aðalvík í Ísafjarðarsýslu, sjá Strandferðir 10.
Aðflutningshöft, sjá Landsverslun, sbr. og Kvenrjettindi 2.
Afhending bús á Hólum, sjá Hólaskóli 2.
Akranes, sjá Bryggjur 1.
Akureyrarskólinn. Brjef skólameistara, dags. 30. sept. 1920, um fjárveiting til skólans (*Nd. 94, 23*).
Alþýðubókasafn í Reykjavík. Stjórnarnefnd fyrirhugaðs alþýðubókasafns í Reykjavík sækir um 5000 kr. styrk í fjáraukalögum og 2000 kr. í næstu fjárlögum til safnsins. Brjef, dags. 15. mars. (*Nd. 177*).
Alþýðufræðsla. Pjetur Gunnlaugsson í Álfatröðum í Dalasýslu sækir um 1000 kr. styrk til að halda alþýðufyrirlestra. Brjef, dags. 27. jan. (*Nd. 253*).
Alþýðurit, sjá Fræðafjelagið 1.
Alþýðuskólar.

1. Björn H. Jónsson, forstöðumaður Hjarðarholtsskólans, sækir um 6000 kr. styrk til skólans á þessu ári og framvegis; ennfremur 2000 kr. til húsabóta. Brjef, dags. 25. mars. 2 fskj. (*Nd. 164*).
2. Sýslumaður Dalasýslu, fyrir hönd sýslufjelagsins, sækir um 30 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til greiðslu á Hjarðarholti, sem sýslan hefir keypt fyrir skólasetur. Brjef, dags. 2. apríl. (*Nd. 259*).
3. Ásgeir Magnússon, forstöðumaður Hvammstangaskólans, sækir um að fá sjer greitt eitthvað af styrk þeim, sem til skólans er veittur, þótt skólahaldið færist fyrir í ár. Brjef, dags. 26. febr. 1 fskj. (*Nd. 167*).
4. Stjórn hf. »Hvítárbakka« sækir um 18 þús. kr. styrk til alþýðuskólans á Hvítárbakka í næstu fjárlögum og 7500 kr. viðbótarstyrk í fjáraukalögum. Brjef, dags. 22. jan. 2 fskj. (*Nd. 18*).
5. Síra Sigtryggur Guðlaugsson á Núpi sækir um fjárstyrk til að halda áfram ungmennaskólanum á Núpi. Brjef, dags. 18. jan. (*Nd. 52*).
6. 70 alþingiskjósendur úr Ísafjarðarsýslu og sýslufundir beggja sýslnanna skora á Alþingi að veita Núpsskólanum sem ríflegastan fjárstyrk. (*Nd. 32*).

Amundsen, Roald, norðurför, sjá Veðurathuganir 1.
Andakílsárfossar, sjá Rafstöðvar 1—2.
Anna Stephensen, sjá Eftirlaun 1.

Ara Arnalds bæjarfógeta sækir um 9000 kr. styrk til að standast kostnað af embættisrekstri í sjúkdómsforföllum sínum. Brjef, dags. 27. febr. (*Nd. 95*).
Ari fróði, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.
Arnarnesviti, sjá Eftirlaun 4 og Vitar.
Arnór Sigurjónsson, sjá Námsstyrkur 1.
Atlanta, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.
Austfjarðabátur, sjá Strandferðir 14–17.

Áburður, tilbúinn, sjá Landbúnaðarmál 2.
Áfallatryggingar, sjá Elli- og.
Áfengi og lyf, sjá Einkasala 2.
Ágúst Helgason í Birtingaholti, sjá Miklavatnsmýri.
Álafoss. Klæðaverksmiðjan Álafoss sækir um 1 miljón kr. lán úr ríkissjóði, eða með ábyrgð hans, til húsaauka og vjelakaupa. Brjef, dags. 6. apríl, með skýrslu um framkvæmdir og endurbætur á verksmiðjunni síðastliðið ár. (*Nd. 246*).
Árni Árnason læknir, sjá Vantraustsyfirlýsing 2.
Árni Vilhjálmsson læknir, sjá Læknishjeruð.
Ásgeir Magnússon, sjá Alþýðuskólar 3.
Ásgeir Pjetursson kaupm., sjá Síldartunnur 1.
Ásmundur Guðmundsson skólastj., sjá Eiðaskólinn.
Ásmundur Sveinsson, sjá Skáldastyrkur og listamanna 2.
Áveitur, sjá Miklavatnsmýri.

B*aldvin Bárdal* sækir um 1600—2000 kr. styrk til útgáfu »Endurminninga« sinna. Brjef, dags. 2. apríl. 2 fskj. (*Nd. 236*).
Bandalag kvenna, sjá Kvenrjettindi.
Bankamál, sjá Íslandsbanki.
Barnafræðsla, almenn, sjá Fræðslumál 1.
Bátaferðir, sjá Strandferðir.
Benedikt Árnason söngvari, sjá Skáldastyrkur og listamanna 5.
Berklaveiki, hjálparstöðvar, sjá Hjúkrunarfjelagið Líkn.
Bernburg fiðluleikari, sjá Hljóðfæraflokkur.
Bessastaðakirkja.
1. Fornmenjavörður fer fram á 5000 kr. fjárveitingu til aðgerðar á Bessastaðakirkju. Brjef, dags. 3. mars. (*Nd. 127*).
2. Brjef stjórnarráðsins um sama mál, dags. 7. apríl. 5 fskj. (*Nd. 247*).

Biskupskosning.
1. Útdráttur úr ályktunum prestastefnu og hjeraðsfunda 1920 um það mál. 2 skjöl, dags. 18. febr. (*Nd. 146*).
2. Álit biskups um biskupskosningarmálið. Brjef, dags. 22. febr. (*Nd. 212*).

Bjarni Jósefsson efnafræðinemi, sjá Námsstyrkur 2.
Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskirannsóknir og Mentaskólinn 4.
Björgunarfjelag Vestmannaeyja, sjá Þór.
Björn Jónsson, f. prófastur, sjá Eftirlaun 2.
Björn H. Jónsson skólastjóri, sjá Alþýðuskólar 1.

Blindir, sjá Blindrakensla og Þórður blindi.
Blindrakensla.
1. Kristján blindi Símonarson vekur athygli Alþingis á nauðsyn þess máls, og býðst til að takast á hendur kenslu blindra, einkum í smíðum. Brjef, dags. 10. des. 1920. (*Nd. 69, 3*).
2. Brjef Ólafíu Jóhannsdóttur, dags. 14. des. 1920, um að styrkja blinda stúlku til náms. *(Nd. 69, 4).*

Blönduós, sjá Bryggjur 2—5, Kvennaskólar 3 og Sala á landspildu.
Bogi Th. Melsteð sækir um 900 kr. styrk framvegis, eins og að undanförnu, til að rita Íslandssögu. Brjef, dags. 21. ágúst 1920. *(Nd. 94, 42).*
Bolungarvík.
1. Brjef hreppsnefndarinnar í Hólshreppi, dags. 7. febr., er í felast ályktanir nefndarinnar um áskoranir til Alþingis
   a. að Bolungarvík verði gerð að föstum viðkomustað gufuskipa, er fram hjá sigla og styrks njóta af almannafje (1 fskj.), sbr. og Strandferðir g.
   b. að Hólssókn verði gerð að sjerstöku prestakalli;
   c. að Alþingi endurnýi heimild í núgildandi fjárlögum um ábyrgð ríkissjóðs fyrir 300 þús. kr. láni til rafstöðvar í Bolungarvík;
   d. að veittur verði í næstu fjárlögum 40—60 þús. kr. til brimbrjótsins, og að hreppnum verði heimilað að taka eignarnámi landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, með öllum mannvirkjum og rjettindum. *(Nd. 35;* sbr. og 245 og 357).
2. Þrír hreppsnefndarmenn í Hólshreppi skora á Alþingi að fresta samþykt frumvarps um eignarnámsheimild á Bolungarvíkurmölum. Símskeyti, dags. 31. mars. *(Nd. 222).*
3. 70 útgerðarmenn, bændur og borgarar í Bolungarvík skora á Alþingi að fresta að þessu sinni samþykt á frumvarpi um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum. Brjef, dags. 31. mars. *(Ed. 54).*
4. Brjef biskups, dags. 12. apríl, er í felst brjef prófastsins í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi um ítaksrjettindi Vatnsfjarðarkirkju á Bolungarvíkurmölum. (*Ed. 59*).
5. Tvö brjef þingm. Norður-Ísfirðinga til fjárveitinganefndar.Nd., dags. 26. febr. og 6. apríl, um fjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungarvík. *(Nd. 357 og 254).*

Borg, skip ríkissjóðs, sjá Strandferðir 4.
Borgarnesferðir, sjá Strandferðir 20.
Botnvörpungar, sjá Útgerð og Yfirgangur.
Bókasafn í Reykjavík, sjá Alþýðubókasafn.
Bókmentafjelagið.
1. Stjórn þess skýrir frá fyrirætlunum fjelagsins um útgáfur, og fer fram á hækkun á styrk til þess upp í 8000 kr. Brjef, dags. 21. mars. *(Nd. 213).*
2. Brjef dr. Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar, dags. 11. maí, þar sem hann ber sig upp undan skilyrði um registur með hverju bindi Fornbrjefasafns. (*Nd 305*).

Breiðafjarðarbátur, sjá Póstmál 3 og Strandferðir 5—6.
Brimbrjótur, sjá Bolungarvík.
Brunabótafjelag Íslands, sjá Vátrygging sveitabæja.
Brunabótasjóðir sveitarfjelaga, sjá Vátrygging sveitabæja.
Bryggjur.
1. Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps fer þess á leit við Alþingi, að ríkissjóður kosti að $^1/_3$ endurbyggingu bryggjunnar í Steinsvör á Akranesi. Brjef, dags. 12. febr. 2 fskj. (*Nd. 22*).
2. Beiðni um styrk, að minsta kosti $^1/_3$ byggingarkostnaðar, til Blönduósbryggju. Brjef bryggjunefndar, dags. 26. nóv. 1920. (*Nd. 94, 51*).
3. Brjef stjórnarráðsins, dags. 16. mars, með erindi vitamálastjóra, dags. 4. s. m., um endurbyggingu bryggjunnar á Blönduósi [sbr. Nd. 186]. (*Nd. 190*).
4. Búnaðarfjelag Svínavatnshrepps skorar á Alþingi að veita sem ríflegastan styrk til endurbyggingar á Blönduósbryggju, og telur óráðlegt að veita fje til annarar bryggju við höfnina að svo komnu. — Útdr. úr aðalfundargerð 29. jan. (*Ed. 18*).
5. Símskeyti bryggjunefndar á Blönduósi, dags. 16. mars, þar sem skorað er á Alþingi að endurveita til bryggjunnar 18 þús. kr., sinn helming hvort ár 1921 og 1922. (*Nd. 186*).
6. Hreppsnefndin á Eyrarbakka óskar 12 þús. kr. styrks til bryggjugerðar þar. Brjef, dags. 5. mars. 3 fskj. (*Nd. 334*).
7. Kaupfjelag Hjeraðsbúa beiðist hækkunar á styrk þeim, er því hefir veittur verið til hafskipabryggju á Búðareyri í Reyðarfirði. Brjef, dags. 8. des. 1920. 1 fskj. (*Nd. 47*).

Brynjólfur Stefánsson, sjá Námsstyrkur 3.
Brynleifur Tobiasson sækir um 5000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer gagnfræðaskóla á Norðurlöndum og fullkomna sig í íslensku og sögu með því að hlýða fyrirlestrum við háskólann í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 15. febr. 3 fskj. (*Nd. 54*).
Brýr, sjá Hreppsnefnd Kjósarhrepps b.
Bú á Hólum, sjá Hólaskóli 2.
Búðardalur og Króksfjarðarnes, og sími á milli, sjá Símamál 2; sbr. og Póstmál 3.
Búðareyri í Reyðarfirði, sjá Bryggjur 7.
Búnaðarfjelag Íslands.
1. Áætlun um tekjur þess og gjöld 1922. Dags. 26. nóv. 1920. 2 skjöl. (*Nd 94, 48*).
2. Beiðni fjelagsins, dags. 26. febr., um 30 þús. kr. styrk í fjáraukalögum til sýningar á búsáhöldum. 2 fskj. (*Nd. 107*). Sbr. og Sandgræðsla.

Búnaðarnám, sjá Námsstyrkur 7 og 12.
Búnaðarskólar, sjá Hólaskóli og Hvanneyrarskólinn.
Búnaðarsýning, sjá Búnaðarfjelag Íslands 2.
Byggingafræði, sjá Námsstyrkur II; sbr. og Jóhannes Kr.
Bæjarfógetar, sjá Ari Arnalds, Launamál 3 og Skrifstofufje.
Bæjarstjórn Siglufjarðar, sjá Síldveiðifjelag Íslands 2.

Carl Sæmundsen & Co., sjá Tekjuskattur.

Dalamenn, sjá Vantraustsyfirlýsing 1—2.
Dalasýslupóstur, sjá Póstmál 3—4.
David Stefánsson, sjá Skáldastyrkur og listamanna 4.
Dagsbrún, verkamannafjelag, sjá Styrktar- og slysasjóður og Útgerð botnvörpunga 2.
Desjarmýri, húsabætur þar, sjá Prestssetur 1.
Djúpbáturinn, sjá Strandferðir 7—8.
Dómþinghár. Beiðni hreppsnefndar og áskorun hreppsbúa í Ljósavatnshreppi um að hreppurinn verði sjerstök dómþinghá, með þingstað að Ystafelli. Brjef til þingm. S.-Þing., dags. 15. des. 1920. 1 fskj. (*Nd. 59*).
Dragferjur. Brjef þingm. Suður-Þingeyinga, Pjeturs ráðherra Jónssonar, dags. 21. mars, með áskorun aðalfundar sýslunefndar í símskeyti, dags. s. d., um 3000 kr. fjárveitingu til dragferju á Skjálfandafljót hjá Bergsstaðaey. (*Nd. 343*).
Draupnir, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.
Drifning, sjá Námsstyrkur 4.
Dýralæknar.
1. Hólmgeir Jensson sækir um framhald á styrk þeim, er hann nýtur til dýralækninga í norðurhluta Vesturamtsins. Brjef, dags. 21. des. 1920. 1 fskj. (*Nd. 36*).
2. Beiðni Magnúsar Einarssonar dýralæknis um styrk til að sækja fyrir Íslands hönd dýralæknamót í Stokkhólmi. Brjef, dags. 28. mars. 5 fskj. (*Nd. 233*).

Dýraverndunarfjelag Íslands sækir um 1200 kr. styrk til útgáfu »Dýraverndarans«. Brjef, dags. 4. apríl. (*Nd. 242*).
Dýrtíðaruppbót.
1. Samband starfsmanna ríkisins mótmælir frumvarpi um breytingu á ákvæði um dýrtíðaruppbót embættismanna, sem flutt er í þinginu. Brjef, dags. 1. apríl. (*Nd. 230*).
2. Brjef Ólafs alþingism. Proppé til formanns viðskiftamálanefndar Nd., dags. 2. mars, um horfur og ráð til verðlækkunar á þeim vörutegundum, sem vísitala dýrtíðaruppbótar er bygð á. (*Nd. 324*).
3. Einar Markússon f. spítalaráðsmaður ber sig upp við Alþingi út af því, að hafa ekki fengið dýrtíðaruppbót af ráðsmannslaunum sínum í Lauganesi síðari helming ársins 1919, 475 kr. Brjef, dags. 15. mars. (*Nd. 179*).
4. Páll Erlingsson fer þess á leit við Alþingi, að hann fái dýrtíðaruppbót á launum sínum 1920 eins og að undanförnu var. Brjef, dags. 19. febr. (*Nd. 43*).
5. Sira Sigtryggur Guðlaugsson fer fram á það, að Alþingi taki í lög, að unglingakennarar fái dýrtíðaruppbót á sama hátt og barnakennarar, en með þeim skilyrðum, er viðeigandi þykja. Brjef, dags. 18. jan. (*Nd. 53*).

Efnafræði, sjá Námsstyrkur 2, 7 og 13.

Efnarannsóknarstofan. Brjef forstöðumanns, Gísla Guðmundssonar, um hækkun á fjárveiting til hennar 1922. Ódags. (*Nd. 94, 52*).

Efnasmiðjur, hinar íslensku. Eigandi þeirra, Chr. Fr. Nielsen, fer fram á að ríkið kaupi verksmiðjuna, ef bannaður verði innflutningur á þeim vinanda, sem til þarf. Brjef, dags. 29. mars. 2 fskj. (*Nd. 218*).

Eftirlaun.

1. Anna Stephensen, ekkja Stefáns Stephensens bankagjaldk. á Akureyri, sækir um 1000 kr. eftirlaun. Brjef, dags. 20. febr. (*Nd. 120*).
2. Björn Jónsson f. prófastur að Miklabæ sækir um uppbót á eftirlaunum. Brjef, dags. 25. jan., ásamt meðmælum biskups og stjórnarráðs. (*Nd. 121*).
3. Erlendur Zakaríasson, fyr vegavinnustjóri, í Kópavogi sækir um 2000 kr. árlegan styrk úr ríkissjóði vegna farinnar heilsu. Brjef, dags. 10. febr. (*Nd. 50*).
4. Gestur Guðmundsson, vitavörður Arnarnesvita, sækir um 500 kr. eftirlaun. Brjef, dags. 14. febr., með vottorði læknis og meðmælum vitamálastjóra [sbr. Vitar 3]. (*Nd. 136*).
5. H. Grönfeldt mjólkurskólastjóri sækir um 1200 kr. eftirlaun frá 1. jan. 1922 ásamt dýrtíðaruppbót. Brjef, dags. 15. jan. 1 fskj. (*Nd. 76*).
6. Guðrún, ekkja Matthíasar Jochumssonar, sækir um að fá að halda styrk þeim, sem manni hennar var árlega veittur að skáldlaunum, ásamt dýrtíðaruppbót. Brjef, dags. 6. febr. (*Nd. 21*).
7. Ingeborg, ekkja Jóhanns Sigurjónssonar, sækir um framhald á styrk þeim, er henni var veittur í fjárlögum síðast. Brjef, ódags. (*Nd. 199*).
8. Beiðni frú Ingileifar ekkju Jóns Aðils, dags. 8. maí, um eftirlaunabót. (*Nd. 336*).
9. Jóhannes Þórðarson, fyrrum Ísafjarðarpóstur, sækir um að fá að halda æfilangt þeim 1000 kr. ársstyrk, sem honum var veittur 1918 í þrjú ár. Brjef. dags. 5. febr. (*Nd. 9*).
10. Kristján Jóhannesson, fyrrum Grímsstaðapóstur, sækir um 2000 kr. eftirlaun. Brjef, dags. 31. jan. (*Nd. 94, 54*).
11. Páll Erlingsson beiðist 2500 kr. eftirlauna af Alþingi, sem viðurkenningu fyrir nær 30 ára sundkenslu. Brjef, dags. 19. febr. (*Nd. 44*).
12. Sigríður, ekkja Jóns yfirdómara Jenssonar, sækir um eftirlaunaviðbót. Brjef, dags. 8. mars. (*Nd. 149*).
13. Brjef biskups, dags. 4. jan., með beiðni síra Stefáns M. Jónssonar prests að Auðkúlu um eftirlaunaviðbót, dags. 30. nóv. 1920. (*Nd. 94, 56*).
14. Biskup sækir um eftirlaun handa Steinunni Pjetursdóttur, ekkju Böðvars Eyjólfssonar prests í Árnesi. Brjef, dags. 9. nóv. 1920. (*Nd. 94, 55*). Sbr. og Prestaköll 1.

Eiðaskólinn.
1. Brjef forstöðumanns, dags. 18. sept. 1920, um fjárveiting til skólans 1922. 3 skjöl. (*Nd. 94, 17*).
2. Beiðni sama, dags. 21. apríl 1920, um utanfararstyrk sumarið 1920. Skjölin Nd. 136/1919 fylgja. (*Nd. 57*).

Eignarnám á Bolungarvíkurmölum, sjá Bolungarvík.
Einar Jónsson hreppstjóri, sjá Viðurkenning.
Einar Jónsson magister, sjá Launamál 4.
Einar Markússon, sjá Dýrtíðaruppbót 3.
Einar Sæmundsen skógarvörður, sjá Skóggræðsla.
Einkasala.
1. Verslunarráð Íslands skorar á Alþingi að láta eigi einkasölufrumvörp stjórnarinnar ná fram að ganga. Brjef, dags. 2. mars. (*Nd. 139*).
2. Svör 34 hjeraðslækna við fyrirspurn lyfjasölunefndar Ed. um einkasölu á lyfjum og áfengi. 33 símskeyti og 1 brjef. (*Ed. 107*).

Elli- og áfallatryggingar. Áskorun þriggja manna, fyrir hönd almennra funda á Eyrarbakka og Stokkseyri, um að Alþingi taki fyrir elli- og áfallatryggingamálin. Brjef, dags. 17. jan. (*Nd. 210*).
Endurminningar, sjá Baldvin Bárðdal.
Endurskoðandi Landsbankans, sjá Guðm. Sveinbjörnsson.
Erlendur Zakaríasson, sjá Eftirlaun 3.
Erlendur Þórðarson prestur, sbr. Prestssetur 2.
Espholin & Co., sjá Síldartunnur 3.
Eyrarbakki, sjá Bryggjur 6 og Sjóvarnargarðar 1.

Faustþýðing. Nokkur brjef og blaðaúrklippur frá Þýskalandi og Wien um þýðingu Bjarna Jónssonar frá Vogi á Goethes Faust. (*Nd. 184*).
Fimleikakensla. Skýrsla Ingibjargar Brands um ókeypis tilsögn í »verklegri og munnlegri leikfimi«, dags. 15. jan. (*Nd. 94, 32*).
Finnur Jónsson, sjá Námsstyrkur 1.
Fiskifjelag Íslands.
1. Áætlun um tekjur og gjöld þess 1922, dags. 29. sept. 1920. 2 skjöl. (*Nd. 94, 50*).
2. Brjef sama, ódags., til fjárveitinganefndar Nd., um hækkun á fjárveitingu til fjelagsins úr 50 þús. upp í 60 þús. kr. á ári. 2 fskj. (*Nd. 180*).
3. Brjef sama til sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 15. mars, með 1 fskj.; enn fremur brjef sjávarútvegsn. til fjárveitinganefndar, dags. 17. s. m., um hækkun fjárveitingarinnar. (*Nd. 181*).
4. Brjef Fiskifjelagsins, dags. 21. mars, um fjárveitingu til mótorvjelfræðiskóla í sambandi við vjelstjóraskólann, er tekið gæti til starfa á næsta hausti. (*Nd. 207*).
5. Stjórn Fiskifjelagsins sendir útdrætti úr gerðum fjórðungsþinga fiskideildanna í Austfirðinga-, Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungum. Brjef, dags. 28. febr. (*Nd. 114*). Sbr. og Leiðarljós 1 og Spánarsamningar.

Fiskiklak. Gísli Árnason sækir um styrk til fiskiklaks. Brjef, dags. 15. febr. 2 fskj. (*Nd. 141*).

Fiskimat. Brjef stjórnarráðsins, dags. 23. apríl, með lögum um breytingar á fiskimatslögum fyrir Færeyjar. (*Nd. 278*).

Fiskirannsóknir. Brjef Bjarna Sæmundssonar, dags. 11. des. 1920, um 600 kr. styrk til fiskirannsókna. (*Nd. 94, 39*).

Fjármál hjóna, sjá Kvenrjettindi 1.

Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, sjá Útgerð botnvörpunga.

Flensborgarskólinn.

1. Brjef skólanefndarinnar, dags. 28. jan., um styrk til skólans 1922. 4 fskj. (*Nd. 94, 33*).
2. Þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu sækja um 5150 kr. styrk til skólans í fjáraukalögum og 10 þús. kr. hækkun á styrk 1922. Brjef, dags. 25. febr., með erindi skólanefndar, ásamt rekstrarreikningi, dags. 29. jan. (*Nd. 353*).

Flóabátar, sjá Strandferðir.

Flóabrautin, sjá Vegamál 3.

Fornbrjefasafn, sjá Bókmentafjelagið 2.

Fornleifafjelagið sækir um 1500 kr. styrk á ári til útgáfu árbókar og til örnefnarannsókna. Brjef formanns, dags. 4. mars. 1 fskj. (*Nd. 138*).

Fossamál. Ályktun Verkfræðingafjelags Íslands um fossamálið, gerð á fundi fjelagsins 15. des. 1920. Með brjefi fjelagsins, dags. 7. jan. (*Nd. 1*). Sbr. og Rafstöðvar og Þjórsá.

Fóðurbætir, sjá Landbúnaðarmál 2.

Frímerki, götun á, sjá Póstmál 7.

Fyrirlestrar, sjá Alþýðufræðsla.

Fyrirspurn til stjórnarinnar, sjá Póstmál 4 og Símamál 2.

Fræðafjelagið.

1. Forseti fjelagsins, Bogi Th. Melsteð, sækir um 2000 kr. styrk handa fjelaginu til útgáfu alþýðuritasafns eftir Þorvald próf. Thoroddsen. Brjef, dags. 3. ágúst 1920. (*Nd. 94, 41*).
2. Sami sækir um 1000 kr. styrk á ári handa fjelaginu til að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Brjef, dags. 8. sept. 1920. (*Nd. 94, 43*).

Fræðslumál.

1. Brjef fræðslumálastjóra, dags. 8. okt. 1920, um fjárveitingar til almennrar barnafræðslu. (*Nd 94, 30*).
2. Fræðslumálastjóri ítrekar erindi sitt til stjórnarráðsins fyrir Alþingi 1919, um fjárveitingu til skólahúsabygginga, einkum kensluskýla fyrir farskóla til sveita. Brjef, dags. 14. febr. (*Nd. 16*).
3. Sami sækir um, að sjer verði veitt skrifstofufje. Brjef, dags. 5. mars. (*Nd 349*).

Gagnfræðaskólar, sjá Akureyrarskólinn og Flensborgarskólinn.

Garðyrkja. Hið íslenska garðyrkjufjelag sækir um 1000 kr. styrk, auk launa garðyrkjustjórans. Brjef, dags. 10. mars. 1 fskj. (*Nd. 166*).

Geðveikrahælið.
1. Brjef læknisins, dags. 19. okt. 1920, ásamt áætlun um tekjur og gjöld hælisins 1922. (*Nd. 94, 5*).
2. Brjef sama, dags. 24. febr., um að meðgjöf sjúklinga verði jöfn í hælinu og ekki hærri en 2 kr. á dag. (*Nd. 85*).

Geislalækningar, sjá Radíumsjóður og Röntgenlækningar.
Gervilimir, sjá Umbúðasmiður.
Gesta- og sjómannahæli í Hafnarfirði og á Ísafirði, sjá Hjálpræðisherinn.
Gestur Guðmundsson vitavörður, sjá Eftirlaun 4.
Geysir, sjá Námur 3.
Gilsfjarðarhafnir, sjá Strandferðir 5.
Gistihús í Borgarnesi. Vigfús Guðmundsson sækir um 10 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til kaupa og rekstrar á gistihúsi í Borgarnesi. Brjef, dags. 18. mars. (*Nd. 197*).
Gísli Árnason, sjá Fiskiklak.
Gísli Ásgeirsson hreppstjóri, sjá Landhelgisvarnir 4.
Gísli Guðmundsson, sjá Kjötrannsóknir.
Gjöf Jóns Sigurðssonar.
a. Skýrsla stjórnarráðsins (reikningur sjóðsins) með brjefi dags. 12. febr. (*Sþ. 4*).
b. Skýrsla verðlaunanefndarinnar, dags. 22. apríl. (*Sþ. 19*).

Goðafoss, milliferðaskip, sjá Strandferðir 2.
Goethes Faust, sjá Faustþýðing.
Grundarfjarðarsími, sjá Símamál 3.
Grundarþing, sjá Prestssetur 5.
Grímsey, styrkur til yfirsetukonu þar, sjá Yfirsetukonur 3.
Grönfeldt, H., skólastjóri, sjá Eftirlaun 5.
Guðmundur G. Bárðarson, sjá Jarðfræðirannsóknir 1.
Guðmundur Björnsson sýslum., sjá Sýslumannssetur í Borgarnesi.
Guðmundur Einarsson prófastur í Ólafsvík sækir um 6000 kr. utanfararstyrk til að ferðast um Norðurlönd og kynna sjer löggjöf þeirra um uppeldismál og árangur hennar, og sjerstaklega »Fósturheimilafjelögin« dönsku. Brjef, dags. 3. okt. 1921 [sic]. (*Ed. 10*).
Guðmundur Hávarðsson, sjá Hrossasala 1—3.
Guðmundur B. Kristjánsson kennari, sjá Launamál 5.
Guðmundur Lárusson á Bakka í Arnarfirði, sjá Landhelgisvarnir 3.
Guðmundur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri biður fjárveitinganefnd efri deildar að hlutast til um, að sjer verði bættur frá 1. jan. 1920 tekjumissir sá, er hann verði fyrir af því, að hann var þá ekki skipaður endurskoðandi Landsbankans, eins og ráð hafði verið fyrir gert og sjálfsagt talið, að sá starfi fylgdi embætti hans. Brjef, dags. 22. apríl, með 2 fskj. (*Ed. 72*).
Guðmundur Þórðarson í Gerðum, sjá Landhelgisvarnir 5.
Guðný Jónsson, sjá Námsstyrkur 5.
Guðrún Jochumsson, sjá Eftirlaun 6.
Gullsmíði, sjá Námsstyrkur 4.
Gunnlaugur Claessen, sjá Röntgenlækningar.

Hafnarfjörður og Keflavík, vegur á milli, sjá Vegamál 6—7.
Hafnir, sjá Bryggjur, Leiðarljós, Stokkseyrarsund og Rifsós.
Hafranes og Vattarnes, sími á milli, sjá Símamál 4.
Hagfræðirit, sjá Lögfræðitímarit.
Hagstofan. Brjef forstöðumanns, dags. 9. des. 1920, um áætluð gjöld hennar 1922. *(Nd. 94, 2).*
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 4—7.
Hallgrímur Hallgrímsson mag. art., sjá Launamál 6.
Handavinnunámsskeið, sjá Heimilisiðnaður 4—7.
Hannes Þorsteinsson skjalavörður, sjá Skjalarannsóknir.
Hannyrðakensla. Bjarni Jónsson alþingism. frá Vogi sækir um 1000 kr. styrk handa Þórdísi Ólafsdóttur á Fellsenda, til að halda uppi kenslu í hannyrðum og öðrum kvenlegum fræðum. Brjef, dags. 1. apríl. 3 fskj. *(Nd. 223).* Sbr. og Heimilisiðnaður.
Haukur, fiskiveiðahlutafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 3 og 6.
Hásetar, sjá Hvíldartími.
Háskólinn.
1. Brjef háskólarektors, dags. 9. okt. 1920, um fje til háskólans 1922. 1 fskj. *(Nd. 94, 24).*
2. Stúdentaráðið vekur athygli mentamálanefndar Nd. á því, hvort ekki mætti gera einhverjar ráðstafanir til að bæta úr húsnæðisvandræðum stúdenta í sambandi við þingsályktunartillögu nefndarinnar um heimavistir í mentaskólanum. Brjef, dags. 18. apríl. *(Nd. 271).*
3. Brjef dyravarðar háskólans til stjórnarráðsins, dags. 26. mars, þar sem hann beiðist dýrtíðaruppbótar á launum sínum. Sent með brjefi stjórnarráðsins, dags. 28. apríl. *(Ed. 108).*

Hegningarhús. Brjef bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 10. des. 1920, um kostnað við hegningarhúsið í Reykjavík 1922. *(Nd. 94, 3).*
Heilsuhælið, sjá Vífilsstaðir.
Heimilisiðnaður.
1. Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga sækir um 15 þús. kr. styrk í næstu fjárlögum. Brjef, dags. 5. mars. 3 fskj. *(Nd. 157).*
2. Beiðni Heimilisiðnaðarfjelagsins, dags. 3. mars, um 2000 kr. styrk til heimilisiðnaðarsýningar á sumri komanda, með brjefi stjórnarráðsins og meðmælum, dags. 21. mars. *(Nd. 201).*
3. Sama sækir um 3000 kr. lán til sýningar á heimilisiðnaði. Brjef, dags. 20. apríl. *(Nd. 338).*
4. Erindi Halldóru Bjarnadóttur um nauðsyn meiri fjár til starfsemi heimilisiðnaðarfjelaganna, lögboðna handavinnufræðslu í öllum barna- og unglingaskólum, handavinnunámsskeið og heimilisiðnaðarskóla fyrir kennara. Brjef, dags. 14. jan. 3 fskj. *(Nd. 12).*
5. Sama býðst til að veita kennurum fræðslu í handavinnu, er sje við barna hæfi, með námsskeiðum, svo og að verða aðal-ráðunautur skóla- og heimilisiðnaðarfjelaga í heimilisiðnaðarmálum, alt gegn 6000 kr. árslaunum. Brjef, dags. 12. febr. 1 fskj. *(Nd. 13).*

(*Heimilisiðnaður*).
6. Beiðni sömu, dags. 5. febr., um 600 kr. styrk til handavinnunámsskeiðs kvenna á Akureyri, með brjefi fræðslumálastjóra, dags. 18. mars, og 2 fskj. *(Nd. 194)*.
7. Sama beiðist þess, að styrk til handavinnunámsskeiðs 1920 megi að því sinni verja til utanfarar fyrir tvær kenslukonur. Brjef, dags. 26. des. 1920. *(Nd. 11)*. Sbr. og Hannyrðakensla og Prjónles.

Helga Eggertsdóttir hjúkrunarkona, sjá Námsstyrkur 6.
Helga Kristjánsdóttir, sjá Námsstyrkur 1.
Helgi Hermann Eiríksson, sjá Námur.
Helgi Jónsson doktor sækir um 4000 kr. styrk á ári til náttúrufræðirannsókna. Brjef, dags. 4. des. 1920. *(Nd. 94, 44)*.
Helgi Skúlason í Herru, sjá Þjórsá.
Helgustaðanáma, sjá Námur 1.
Hjarðarholtsskólinn, sjá Alþýðuskólar 1—2.
Hjálp til nauðstaddra Íslendinga erlendis, sjá Nauðstaddir Íslendingar.
Hjálparstöðvar fyrir berklaveika, sjá Hjúkrunarfjelagið Líkn.
Hjálpræðisherinn.
1. Hjálpræðisherinn sækir um 20 þús. kr. styrk til gesta- og sjómannahælis á Ísafirði. Brjef, dags. 7. febr. 5 fskj. *(Nd. 65)*.
2. Sami sækir um 10 þús. kr. styrk til gesta- og sjómannahælis á Ísafirði. Brjef, dags. 18. febr. 1 fskj. *(Nd. 64)*.

Hjeraðslæknar, svör þeirra um lyf og áfengi, sjá Einkasala 2. Sbr. og Læknishjeruð.
Hjónaband, sjá Kvenrjettindi 1.
Hjúkrunarfjelagið Líkn.
1. Fjelagið sækir um 3000 kr. styrk í fjáraukalögum til hjálparstöðvar handa berklaveiku fólki, og ennfremur að fá að halda 1500 kr. styrk framvegis. Brjef, dags. 28. febr. *(Nd. 110)*.
2. Beiðni fjelagsins um 4500 kr. styrk í fjárlögum 1922, til að reka hjálparstöð sína fyrir berlaveika. Ódags. *(Nd. 345)*.

Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur 5, 6, 10 og 16.
Hliðarendi. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þingm. Rang., sækir um, fyrir hönd bóndans á Hliðarenda, 8000 kr. styrk til að byggja upp bæinn þar, svo að hægt sje að hýsa ferðamenn, innlenda og útlenda, er þangað sækja á sumrin. Brjef, dags. 9. mars. *(Ed. 31)*.
Hljóðfæraflokkur. P. O. Bernburg sækir um 1500 kr. styrk handa hljóðfæraflokki sínum þetta ár, gegn því að flokkurinn leiki ókeypis í samsætum við konungskomuna fyrir Alþingi og bæjarstjórn. Brjef, ódags. 5 fskj. *(Nd. 87)*.
Holdsveikraspítalinn. Brjef yfirstjórnarinnar, dags. 9. okt. 1920, ásamt áætlun um gjöld spítalans 1922. *(Nd. 94, 6)*. Sbr. og Dýrtíðaruppbót 3.
Holtabraut, sjá Vegamál 4—5.
Hornafjörður og Austfirðir, bátur á milli, sjá Strandferðir 14—17.
Hólaskóli.
1. Brjef forstöðumanns, dags. 17. nóv. 1920, um fje til skólans 1922. *(Nd. 94, 20)*.

(Hólaskóli).
2. Samkomulag milli stjórnarráðsins og Sigurðar Sigurðssonar, fyr skólastjóra á Hólum, dags. 19. apríl 1920, um afhending hans á búi og jörð á Hólum, ásamt skilareikningi. *(Nd. 352).*
Hólmgeir Jensson, sjá Dýralæknar 1.
Hólmjárn, H. J., búfræðikandídat, sjá Námsstyrkur 7.
Hólshreppur, sjá Bolungarvík.
Hreppsnefnd Kjósarhrepps skorar á Alþingi:
a. að endurreisa læknishjerað það, er áður var í Kjósinni,
b. að brúargerð á Bleikdalsá verði ekki lengur frestað, og að veitt verði fje til að brúa Laxá í Kjós,
c. að veitt verði fje til að halda áfram veginum frá Leirvogsá fyrir Esju þegar á næsta sumri,
d. að styrkur til Hvalfjarðarbáts verði aftur veittur sjerstaklega, eins og áður var, en ekki í sambandi við styrk til Borgarnesferða,
e. að símstöðin að Útskálahamri verði sett betur í sveit, eða ný símalína lögð þaðan inn í Kjósina. Brjef, dags. 6. mars. *(Ed. 35).*
Hrossasala.
1. Guðmundur Hávarðsson sækir um 3000 kr. styrk til útgáfu bæklings um sölu hrossa til Norðurlanda og meðferð á þeim. Brjef, dags. 1. febr. 12 fskj. *(Nd. 23).*
2. Sami sækir um 2000 kr. styrk til fyrirlestra í Danmörku um íslenska hesta, til að greiða fyrir sölu þeirra. Brjef, dags. 14. febr. 1 fskj. [sbr. Nd. 23]. *(Nd. 24).*
3. Brjef stjórnarráðsins dags. 22. apríl, um ofangreind erindi Guðmundar Hávarðssonar. *(Nd. 277).*
4. Skýrsla stjórnarinnar um kostnað innanlands við kaup á útflutningshrossum 1920. Dags. 21. mars. 2 skjöl. *(Nd. 209).* Sbr. og Samvinnufjelög 3.
Húsabætur, sjá Hlíðarendi og Prestssetur.
Húsmæðrakensla. Þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar sækir um 3000 kr. styrk handa kvenfjelaginu »Ósk« á Ísafirði til kenslu í saumum og matreiðslu. Dags. 26. mars 1921. 2 skjöl. *(Nd. 215).*
Húsnæðisvandræði stúdenta, sjá Háskólinn 2.
Hvalfjarðarbátur, sjá Hreppsnefnd Kjósarhrepps d.
Hvammstangaskólinn, sjá Alþýðuskólar 3.
Hvanneyrarskólinn. Brjef skólastjóra, dags. 30. sept. 1920, um fje til skólans 1922. *(Nd. 94, 18).*
Hvíldartími háseta.
1. Stjórn Sjómannafjelags Reykjavíkur sendir Alþingi áskoranir 557 sjómanna í Reykjavík og víðar, um að setja lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum. 36 skjöl. *(Nd. 172).*
2. Sjómannafjelag Reykjavíkur skorar á neðri deild að láta ekki ná fram að ganga breytingartillögu við frv. um hvíldartíma háseta, sem fer í þá átt, að binda lögin að eins við $2^1/_2$ mánuð ársins. Brjef, dags. 27. apríl. *(Nd. 283).*
Hvítárbakkaskólinn, sjá Alþýðuskólar 4.

Iðnaðarmannafjelag Akureyrar, sjá Iðnskólar 2.
Iðnaðarmál.
a. Brjef iðnfræðafjelags Íslands, dags. 5. mars, með áliti um stofnun leiðbeiningarstofu fyrir íslenskan iðnað.
b. Brjef fjelagsins, dags. 2. apríl, út af sama efni, með 3 fskj.
c. Brjef sama fjelags, dags. 9. s. m., um sama efni. 1 fskj. *(Nd. 332).* Sbr. og Álafoss, Efnasmiðjur, Heimilisiðnaður, Iðnskólar, Niðursuðuverksmiðjur, Prjónles, Sindri, Smjörlíkisgerðin, Ullariðnaður og Þjórsá.
Iðnfræðafjelag Íslands, sjá Iðnaðarmál og Sindri.
Iðnskólar.
1. Brjef forstöðumanns iðnskólans í Reykjavík, dags. 29. nóv. 1920, um fje til skólans 1922. *(Nd. 94, 19).*
2. Iðnaðarmannafjelag Akureyrar sækir um 1500 kr. styrk á ári til iðnskóla þar. Brjef, dags. 10. febr. 1 fskj. *(Nd. 82).*
Inga Magnúsdóttir, sjá Námsstyrkur 8.
Ingeborg Sigurjónsson, sjá Eftirlaun 7.
Ingi T. Lárusson, sjá Skáldastyrkur og listamanna 7.
Ingibjörg Brands (Guðbrandsdóttir), sjá Fimleikakensla.
Ingileif Aðils, sjá Eftirlaun 8.
Innflutningsbann á vörum, sjá Kvenrjettindi 2.
Innflutningsgjald, sjá Saltfiskur.
Innflutningsleyfi, sjá Vörubirgðir og innflutningur 4—5. Sbr. og Aðflutningshöft, sjá Landsverslun.
Innflutningur á vörum, sjá Kvenrjettindi 2, Vörubirgðir.
Innfluttur saltfiskur, sjá Saltfiskur.
Innsigling í Sandgerði og á Stokkseyri, sjá Leiðarljós og Stokkseyrarsund.

Ísafjarðardjúp, báta- og skipaferðir um, sjá Strandferðir 7—10.
Ísafjarðarprestakall, sjá Prestaköll 2.
Ísafoldarprentsmiðja h.f., sjá Lagasafn.
Ísland, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.
Íslandsbanki. Brjef stjórnarráðsins, dags. 18. mars, með brjefi frá stjórn Íslandsbanka, dags. 8. mars, út af fyrirspurnum peningamálanefndar; ennfremur tvö brjef bankastjórnarinnar, dags. 14. s. m., út af frumv. um seðlaútgáfurjett o. fl. *(Nd. 193).*
Íslandssaga, sjá Bogi Th. Melsteð.
Íslendingar erlendis, sjá Nauðstaddir Íslendingar.
Íþróttamenn, sjá Námsstyrkur 15.
Íþróttasamband Íslands sækir um, að styrkur til þess verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 2000, og að það fái að halda því fje, sem veitt var til Olympíufarar 1920. Brjef, dags. 1. mars. *(Nd. 132).*

Jakob Jóh. Smári, sjá Orðabókin íslenska 6—7.
Jarðabók Árna Magnússonar, sjá Fræðafjelagið 2.
Jarðabætur, lán til, sjá Stefán frá Hvítadal.
Jarðeðlisrannsóknir, sjá Veðurathuganir 1.

Jarðfræðinám, sjá Námsstyrkur 13.
Jarðfræðirannsóknir.
1. Guðmundur G. Bárðarson skýrir frá jarðfræðirannsóknum sínum síðasta ár, og beiðist þess að fá sama styrk og áður til rannsóknanna. Brjef, dags. 5. jan. *(Nd. 94, 47).*
2. Schlesch lyfjafræðingur á Seyðisfirði beiðist styrks til að rannsaka skeldýraleifar í jarðlögum á Tjörnesi. Brjef, dags. 19. nóv. 1920. *(Nd. 73).* Sbr. og Námur.

Jarðir seldar, sjá Kirkjujarðasala og Þjóðjarðasala.
Jessen, M. E., sjá Launamál 5.
Jóhannes Helgason trjeskeri, styrkur til, sjá Kristín Grímsdóttir.
Jóhannes Kr. Jóhannesson trjesmiður sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til að kynna sjer byggingu opinberra húsa. Brjef, dags. 30. mars. Margar teikningar fylgja. *(Nd. 231).*
Jóhannes L. L. Jóhannsson, sjá Orðabókin íslenska 1—5.
Jóhannes Sigfússon, sjá Mentaskólinn 5.
Jóhannes Þórðarson f. póstur, sjá Eftirlaun 9.
Jón Eyþórsson, sjá Námsstyrkur 9.
Jón Á. Guðmundsson, sjá Ostagerð.
Jón P. Hall hreppstjóri, sjá Viðurkenning.
Jón Kristjánsson nuddlæknir sækir um 4000 kr. styrk í fjáraukalögum til utanfarar til að afla sjer nýrra tækja í lækningastofu sína. Brjef, dags. 8. mars. *(Nd. 153).*
Jón J. Straumfjörð, sjá Póstmál 5—6.
Jón Þorkelsson dr., sjá Bókmentafjelagið 2.
Jón Þorleifsson málaranemi, sjá Skáldastyrkur og listamanna 3.
Jónína Guðmundsdóttir Dalberg, sjá Lækningakostnaður.
Jónína Pálsdóttir, sjá Námsstyrkur 10.
Jónmundur Halldórsson, sjá Prestssetur 6.
Jurtakynbætur og frærækt, sjá Námsstyrkur 12.

Kaupfjelög, sjá Samvinnufjelög.
Kári, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.
Keflavíkurvegur, sjá Vegamál 6—7.
Kennaraskólinn. Brjef forstöðumanns, dags. 6. okt. 1920, um fje til skólans 1922. *(Nd. 94, 22).*
Kensla blindra, sjá Blindrakensla.
Kirkjujarðasala. Skjöl, er varða seldar kirkjujarðir 1919 og 1920, ásamt skrá yfir þær. Send með brjefi stjórnarráðsins, dags. 8. apríl. *(Sp. 17).* Sbr. Þjóðjarðasala.
Kirkjumál. Brjef biskups, dags. 27. okt. 1920, um fjárveitingar til kirkjumála 1922. *(Nd. 94, 27).* Sbr. og Biskupskosning, Bolungarvík 1. b. og 4., Eftirlaun, Prestafjelagsrit, Prestaköll, Prestssetur.
Kjarnfóður, sjá Landbúnaðarmál 2.
Kjósarhreppur, sjá Hreppsnefnd Kjósarhrepps.
Kjöt, útflutningur á, sjá Landbúnaðarmál 1; sbr. og Kjötrannsóknir.

Kjötrannsóknir. Beiðni Gísla Guðmundssonar gerlafræðings um 5000 kr. utanfararstyrk til kjötrannsókna, af hverju skemdir stafi. Dags. 22. febr. 1 fskj. *(Nd. 96).*

Kleppur, sjá Geðveikrahælið.

Kristín Grímsdóttir húsfreyja í Gíslabæ við Hellna sækir um að fá sjer greiddan styrk þann, er syni hennar, Jóhannesi sál. Helgasyni trjeskera, var veittur í fjárlögum 1919 og 1920. Brjef, dags. 30. des. 1920. *(Ed. 11).*

Kristján Jóhannesson, f. póstur, sjá Eftirlaun 10.

Kristján Kristjánsson hjeraðslæknir, sjá Læknishjeruð 2.

Kristján Símonarson, sjá Blindrakensla 1.

Kristjón Þorvarðsson frá Leikskálum beiðist nokkurs styrks vegna tjóns af snjóflóði 1919, eða 19 þús. kr. láns til að kaupa aftur langfeðgaeign sína, Leikskála. Brjef, dags. 11. mars. 1 fskj. *(Nd. 200).*

Króksfjarðarnes og Búðardalur, sími á milli, sjá Símamál 2; sbr. og Póstmál 3.

Kvenrjettindafjelagið. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir sækir fyrir fjelagsins hönd um uppbót á ferðastyrk fulltrúa kvenna til Genfar. Brjef, dags. 8. febr. 1 fskj. *(Nd. 69, 8).*

Kvenrjettindi.

Bandalag kvenna skorar á Alþingi:

1. að taka til íhugunar lög um fjármál hjóna og önnur ákvæði um »lögtylgjur« hjónabands.
2. að Bandalagi kvenna verði gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um það, hverjar vörutegundir skuli banna að flytja inn í landið.
3. að sjá um, að konur verði skipaðar jafnhliða karlmönnum í allar opinberar nefndir. Brjef, dags. 14. apríl. *(Nd. 270).*

Kvennaskólar.

1. Skólanefnd kvennaskólans í Reykjavík ber fram þá tillögu, að Alþingi taki þá ákvörðun um skólann, að hann verði framvegis rekinn á ríkiskostnað beinlínis, en ella að honum verði lagt nægilegt fje. Brjef, dags. 14. febr. 2 fskj. *(Nd. 25).*
2. Forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík, ungfrú Ingibjörg H. Bjarnason, biður forseta beggja deilda og þá þingmenn, er því fái við komið, að koma á viðtalsfund suður í kvennaskóla. Brjef, dags. 24. febr. *(Nd. 78 og Ed. 15).*
3. Brjef 2. þingm. Húnvetninga, Þórarins Jónssonar, dags. 26. febr., um aukinn styrk til kvennaskólans á Blönduósi, ásamt rekstrarreikningi 1919—20. 2 skjöl. *(Nd. 100).*

Lagasafn. Ísafoldarprentsmiðja h/f beiðist fjárstyrks til að halda áfram útgáfu »Lagasafns handa alþýðu«. Brjef, dags. 25. febr. 1 fskj. *(Nd. 92).*

Landabrjef. Samúel Eggertsson sækir um 2500 kr. styrk til að geta út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum. Brjef, dags. 2. apríl. 4 fskj. *(Nd. 254).*

Landbúnaðarmál.

1. Ágúst Helgason og Hannes Thorarensen snúa sjer, fyrir hönd Sláturfjelags Suðurlands, til Alþingis um einhverjar ráðstafanir til að leita eftir nýjum markaðsleiðum fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir

(*Landbúnaðarmál*).

og benda á útflutning kælds kjöts og lifandi fjár. Brjef, dags. 15. febr. *(Nd. 27)*.

2. Álit Verslunarráðs Íslands, dags. 2. apríl, um frumv. til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti. *(Nd. 234)*. Sbr. og Dýralæknar, Garðyrkja, Kjötrannsóknir, Mjólkurfjelag Borgfirðinga, Niðursuðuverksmiðjur, Ostagerð, Sandgræðsla og Skógrækt.

Landhelgisvarnir.

1. Brjef sameiginlegs fulltrúafundar fyrir 8 hreppa í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, höldnum á Bíldudal 31. jan., dags. s. d., um yfirgang botnvörpunga á Vestfjörðum 1920 og um landhelgisvarnir. *(Nd. 20)*.
2. Fundargerðir sama fundar, er í felast áskoranir til Alþingis um auknar landhelgisvarnir og breytingar á ákvæðum þar um. *(Nd. 19)*.
3. Guðmundur Lárusson á Bakka í Arnarfirði lýsir aðförum togara á Arnarfirði sumarið 1920, og skorar á þing og stjórn að ráða bót á yfirgangi þessum. Brjef, dags. 8. febr. 1921. 4 vottorð fylgja. *(Nd. 62)*.
4. Skýrsla Gísla Ásgeirssonar hreppstjóra á Álftamýri um sama efni. Dags. 16. febr. 2 skjöl. *(Nd. 226)*.
5. Guðmundur Þórðarson, umsjónarmaður landhelgisvarna í Garðsjó, sendir Alþingi álit sitt um tilhögun landhelgisvarna. Brjef, dags. 1. mars. *(Nd. 192)*.
6. Sigfús Blöndahl, þýskur konsúll í Reykjavík, skýrir sjávarútvegsnefndum frá því, að þýska stjórnin mundi geta selt ódýr skip, hentug til landhelgisvarna. Brjef, ódags. *(Nd. 308)*. Sbr. og »Þór«.

Landnótasíld. sjá Síldveiðifjelag Íslands 3.

Landsbókasafnið.

1. Brjef landsbókavarðar, dags. 21. okt., með tillögum um fjárveiting til safnsins. (*Nd. 94, 35*). Sbr. og Launamál 6.
2. Brjef húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar, dags. 31. mars, um að »terrazzo«leggja stigana í landsbókhlöðunni (og listasafnshúsi Einars Jónssonar) 2 fskj. (*Nd. 346*).

Landssíminn, sjá Símamál.

Landsverslunin.

1. Erindi Verslunarráðs Íslands, dags. 21. febr., um afnám landsverslunarinnar og aðflutningshaftanna. 4 fgskj. (*Nd. 67*).
2. Fundarsamþykt 24 kaupmanna, 26. febr., þar sem skorað er á Alþingi og stjórn að gefa þegar verslunina frjálsa með því að afnema landsverslun og viðskiftanefnd. (*Nd. 98*).
3. Efnahagsreikningar landsverslunarinnar árin 1917—20. 5 skjöl. (*Nd. 370*).

Laugarnesspítalinn, sjá Holdsveikraspítalinn.

Launamál.

1. Samband starfsmanna ríkisins skorar á Alþingi að fella burt hámarksákvæði 33. gr. launalaganna. Brjef, dags. 14. febr. (*Nd. 158*).
2. Sama sendir með brjefi, dags. 4. mars, eftirrit af erindi póstmanna-

(Launamál).

fjelagsins, dags. 6. febr. um rjetting á launum nokkurra póstmanna. 1. fskj. (*Nd. 137*).

3. Bæjarfógetinn á Siglufirði fer þess á leit, að laun sín verði frá 1. jan. 1920 eins og laun sýslumanna og bæjarfógeta í lægra launaflokki. Brjef, dags. 29. jan. (*Nd. 369*).
4. Einar Jónsson og Páll Skúlason, settir kennarar við stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann, fara fram á launahækkun. Brjef, dags. 26. febr. (*Nd. 101*).
5. M. E. Jessen forstöðumaður vjelstjóraskólans, Sigurbjörn Á. Gíslason kennari við sama skóla, og Guðmundur B. Kristjánsson kennari við stýrimannaskólann endurnýja beiðni um bætur á launum sínum. Brjef, dags. 21. febr. 4 fskj. (*Nd. 68*).
6. Hallgrímur Hallgrímsson aðstoðarbókavörður við Landsbókasafnið fer fram á launahækkun. Brjef, dags. 8. apríl, 1. fskj. (*Nd. 248*). Sbr. og Dýrtíðaruppbót, Eftirlaun, Lífeyrissjóður og Yfirsetukonur 1.

Leiðarljós í Sandgerði.

1. Fiskifjelagið sendir með brjefi, dags. 28. febr., ályktun formannafundar í Sandgerði, 7. s. m., um að ríkið taki að sjer leiðarljósin í Sandgerði. 3 skjöl. (*Nd. 109*).
2. Brjef sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 2. apríl, um að þegar verði veitt fje til endurbóta á leiðarljósunum í Sandgerði og að ríkið taki þau í sínar hendur. Fskj.: Brjef Sjóvátryggingarfjelags Íslands, dags. s. d., brjef Samábyrgðarinnar, dags. 4. apríl, og 1.—2. tölubl. Ægis 1921. (*Nd. 235*).

Leiðbeiningarstofa í iðnaðarmálum, sjá Iðnaðarmál.

Leikskálar, lán til kaupa á, sjá Kristjón Þorvarðsson.

Lifandi fje, útflutningur á, sjá Landbúnaðarmál 1.

Listasafn Einars Jónssonar. Brjef húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar, um að »terrazzó«leggja gólf listasafnshússins (og stiga landsbókhlöðunnar), dags. 31. mars. 2 fskj. (*Nd. 346*).

Listasafnið, sjá Þjóðmenjasafnið.

Listir, sjá Skáldastyrkur og listamanna.

Listvinafjelagið sækir um 2000 kr. ársstyrk. Brjef, dags. 31. mars (*Nd. 221*).

Lífeyrissjóður embættismanna. Athugasemdir Sambands starfsmanna ríkisins út af nefndaráliti allsherjarnefndar Nd. á þskj. 226. Brjef, dags. 12. apríl. (*Nd. 262*).

Líkn, sjá Hjúkrunarfjelagið.

Ljósavatnshreppur, sjá Dómþinghár, Lækningastyrkur.

Lyf og áfengi, sjá Einkasala 2.

Læknafjelag Reykjavíkur, sjá Umbúðasmiður.

Lækningastyrkur. Beiðni hreppsnefndar Ljósavatnshrepps um 1547,25 kr. fjárveitingu til Jóninu Guðmundsdóttur Dalberg, til endurgreiðslu á sveitarstyrk vegna legu í sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn. Dags. 16. des. 1920. 5. fskj. (*Nd. 58*). Sbr. og Ari Arnalds og Læknishjeruð 1—2.

Læknishjeruð.

1. Sigvaldi Kaldalóns hjeraðslæknir sækir um burtveruleyfi úr hjeraði

(Læknishjeruð).

sinu til að leita sjer lækninga, og um styrk til að launa mann í sinn stað meðan hann er burtu. Brjef, dags. 17. febr., með 1 fskj. og árituðu áliti landlæknis. (*Nd. 214*).

2. Kristján Kristjánsson hjeraðslæknir á Seyðisfirði sækir um 5000 kr. styrk til að hafa lækni í sinn stað meðan hann leitar sjer lækninga. Brjef (ódags.), með árituðum meðmælum landlæknis, dags. 15. apríl. (*Ed. 62*).
3. Brjef hreppsnefndar Neshrepps í Norðfirði, dags. 15. jan., út af skipun læknisembættisins á Norðfirði í maí 1920, með ósk um að endurgreiddar verði úr ríkissjóði 460 kr., er hreppurinn varð að greiða Árna lækni Vilhjálmssyni, heldur en að hjeraðið yrði læknislaust í yfirvofandi influenzu. 3 fskj. (*Nd. 39*).
4. Sigurður læknir Magnússon á Patreksfirði leitar þess, að ríkissjóður kaupi húseign sína á Patreksfirði, þegar hann verði að segja lausu embættinu. Brjef, dags. 8. febr. (*Nd. 17*). Sbr. og Hreppsnefnd Kjósarhrepps a.

Lögfræðitímarit.

1. Brjef Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara, dags. 14. okt. 1920, um styrk til tímarits um lögfræði og hagfræði. (*Nd 94, 34*).
2. Stjórn útgáfufjelags lögfræði- og hagfræðitímarits fer fram á, að 1000 kr., sem því eru ætlaðar í fjárlagafrumvarpi fyrir 1922, verði og teknar upp í fjáraukalög 1920 og 1921. Brjef, dags. 21. febr. 1 fskj. (*Nd. 60*).

Löggildingarstofan. Brjef forstöðumannsins, dags. 21. okt. 1920, um áætlaðar tekjur og gjöld stofnunarinnar 1922 (*Nd. 94, 46*). Sbr. og Veðurathuganir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Brjef hans, dags. 23. des. 1920, um skrifstofufje hans 1922 (*Nd. 94, 4*).

Magnús Einarson, sjá Dýralæknar 2.
Markaðsleiðir nýjar, sjá Landbúnaðarmál 1.
Mat á prjónlesi, sjá Prjónles.
Málsháttasafn, sjá Páll Þorkelsson.
Málverkasafn, sjá Þjóðmenjasafn.

Mentaskólinn.

1. Brjef rektors, dags. 12. nóv. 1920, um fjárveiting til skólans 1922. *(Nd. 94, 26).*
2. Brjef sama, dags. 31. jan., um viðbótarþóknun fyrir umsjónarstarf við skólann og reikningshald. *(Nd. 69, 7).*
3. Brjef sama, dags. 16. febr., um hækkun á námsstyrk til nemenda skólans. 4 fskj. *(Nd. 69, 9* og *367).*
4. Bjarni Sæmundsson mótmælir í rökstuddu áliti, dags. 28. febr., tillögum mentamálanefndarinnar (milliþinga) um breytingar á skólanum. *(Nd. 123).*
5. Rökstutt álit Jóhannesar kennara Sigfússonar um sama efni, dags. 15. mars. *(Nd. 187).*

(*Mentaskólinn*).

6. »Nokkrar athugasemdir um mentamálanefndarálit I.«, eftir Þorleif H. Bjarnason kennara. Dags. 29. apríl. *(Nd. 216)*.
7. Athugasemdir og tillögur nemenda lærdómsdeildar út af frumvarpi mentamálanefndarinnar um skólann. Ódags. *(Nd. 264)*.

Meulenberg prestur, sjá Ríkisborgararjettur 1.

Miklavatnsmýri. Ágúst Helgason í Birtingaholti sækir um 1800 kr. uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri. Brjef, dags. 28. febr. 2 fskj. *(Nd. 241)*.

Mjólkurfjelag Borgfirðinga sækir um 5000 kr. styrk til að koma á fót niðursuðu mjólkur og rjóma. Brjef, dags. 3. febr. 1 fskj. (*Nd. 30*).

Mótorvjelfræði, sjá Fiskifjelag Íslands 4.

Mývatn. Veiðifjelag Mývatns skorar á Alþingi, að Mývatn verði eigi gert að almenningi og á engan hátt skertur forn rjettur vatnsjarðabænda til veiði í vatninu. Brjef, dags. 20. jan. (*Nd. 61*).

Möller & Co., A. F. í Kaupmh., sjá Saltfiskur.

Nauðstaddir Íslendingar. Sendiherrann í Kaupmannahöfn fer fram á, að veitt verði nokkur fjárhæð, t. d. 3000 kr., til að hjálpa íslenskum ríkisborgurum, sem í nauðir rata erlendis. Brjef, dags. 13. nóv. 1920. (*Nd. 94, 53*).

Námsstyrkur.

1. Hjónin Arnór Sigurjónsson og Helga Kristjánsdóttir sækja um 2000 kr. styrk til að ljúka námi erlendis. Brjef, dags. 18. jan., með 6 vottorðum. (*Nd. 354*).
2. Bjarni Jósefsson, stud. polyt., sækir um 4000 kr. styrk til að ljúka námi í efnafræði við fjölvirkjaskólann í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 20. des. 1920. (*Nd. 339*).
3. Brynjólfur Stefánsson sækir um 2000 kr. styrk í tvö ár til að ljúka verkfræðinámi í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 21. febr. (*Nd. 74*).
4. Finnur Jónsson gullsmiður sækir um 2500 kr. styrk til að fullkomna sig í drifning (cicelörkunst). Brjef, dags. 2. febr. 5 fskj. (*Nd. 165*).
5. Beiðni Guðnýjar Jónsson, dags. 1. jan. 1920, um 1000 kr. styrk til hjúkrunarnáms í New-York (sjá Nd. 57, 1920). 2 fskj. (*Nd. 56*).
6. Helga Eggertsdóttir hjúkrunarkona sækir um 1000 kr. utanfararstyrk til fullnaðarnáms í hjúkrun. Brjef, dags. 22. mars. 1 fskj. (*Nd. 344*).
7. H. J. Hólmjárn búfræðikandídat sækir um 4000 kr. styrk til fullnaðarnáms í jarðvegsefnafræði við háskólana í Halle og Zürich. Brjef, dags. 4. febr. 2 fskj. (*Nd 86*).
8. Inga Magnúsdóttir, dómtúlkur og skjalaþýðandi, sækir um 2500 kr. til námsdvalar í Englandi. Brjef, dags. 24. febr. (*Nd. 124*).
9. Jón Eyþórsson sækir um 2500 kr. framhaldsstyrk til veðurfræðináms. Brjef, dags. 4. febr. 1 fskj. (*Nd. 102*).
10. Jónína Pálsdóttir sækir um 1000 kr. utanfararstyrk til fullnaðarnáms í hjúkrun berklaveikra. Brjef, dags. 9. apríl, með áritun landlæknis. (*Nd. 252*).

(*Námsstyrkur*).
11. Sigurður Guðmundsson sækir um 2000 kr. styrk á ári í tvö ár til framhaldsnáms í byggingarfræði. Brjef, dags. 22. jan. (*Nd. 2*).
12. Stefán Árnason, nemandi í landbúnaðarháskólanum í Ási í Noregi, sækir um 2000 kr. styrk til að kynna sjer tilraunir í jurtakynbótum og frærækt á Norðurlöndum. Brjef, dags. 14. jan. 2 fskj. (*Nd. 77*).
13. Steinn Emilsson sækir um 3000 kr. styrk til fullnaðarnáms í jarðefnafræði og jarðfræði. Brjef, ódags. (*Nd. 46*).
14. Jakob Möller alþingism. sækir um 3000 kr. styrk í fjáraukalögum handa Steini Steinsen til að ljúka verkfræðinámi í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 8. mars. 1 fskj. (*Nd. 155*).
15. Valdimar Sveinbjörnsson fimleikakennari sækir um 3000 kr. styrk til að ljúka íþróttakennaranámi við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 4. febr. 3 fskj. (*Nd. 49*).
16. Baldur Sveinsson sækir um 2000 kr. styrk til handa Þuríði Jónsdóttur hjúkrunarkonu, til að fullnuma sig í hjúkrunarstörfum. Brjef, dags. 9. febr. 4 fskj. (*Nd. 8*). Sbr. og Blindrakensla 2 og Mentaskólinn 3.

Námur.
1. Skýrsla Helga Hermanns Eirikssonar námufræðings, dags. 11. febr., um silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli. 6 fskj. (*Nd. 350*).
2. Skýrsla sama um námurannsóknir á Vestfjörðum sumarið 1920, dags. 22. febr. (*Nd. 331*).
3. Skýrsla sama um jarðefnarannsóknir við Geysi haustið 1920, dags. 12. febr. 1 fskj. (*Nd. 330*).

Náttúrufræðirannsóknir, sjá Fiskirannsóknir, Helgi Jónsson, Jarðfræðirannsóknir og Námur.

Náttúrufræðisfjelag Íslands. Umsókn formannsins, dags. 11. des. 1920, um 1800 kr. styrk til fjelagsins. (*Nd. 94, 98*).

Nefndir, opinberar, sjá Kvenrjettindi 3.

Niðursuðuverksmiðjur. Bændur í uppsveitum Borgarfjarðar sækja um 30 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til að koma á fót niðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdal. Brjef, dags. 20. jan. 1 fskj. (*Nd. 70*). Sbr. og Mjólkurfjelag Borgfirðinga.

Nielsen, Chr. Fr., sjá Efnasmiðjur.

Njörður, fiskihlutafjelagið, sjá Útgerð botnvörpunga 4.

Norðurför Roalds Amundsen, jarðeðlirannsóknir í sambandi við, sjá Veðurathuganir 1.

Norðurlandsbátur, sjá Strandferðir 11—13.

Norræna stúdentasambandið, Reykjavíkurdeildin, fer þess á leit við Alþingi, að deildin fái að halda þeim fjárstyrk, er verið hefir. Brjef, dags. í febr. (*Nd. 91*).

Nuddlækningar, sjá Jón Kristjánsson.

Núpsskólinn, sjá Alþýðuskólar 5—6.

Oddi, sjá Prestssetur 2.

Orðabókin íslenska.

1. Brjef formanns orðabókarnefndarinnar, síra Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, dags. í nóv. 1920, um orðabókarmálið, með tillögum um 14. þús. kr. fjárveitingu á ári til orðabókarinnar, auk dýrtíðaruppbótar á launum þriggja fastra starfsmanna. 1 fskj. (*Nd. 94, 37*).
2. Brjef sama manns, dags. 25. febr., þar sem hann leggur til, að starfsmönnum við orðabókina verði fjölgað upp í 5. 3 fskj. (*Nd. 104*).
3. Brjef sama manns, dags. 16. mars, með eftirriti af brjefum dr. Poestions, Finns Jónssonar og Halldórs Hermannssonar um »Álit og tillögur« orðabókarmannanna. (*Nd. 188*).
4. Brjef sama manns, dags. 28. febr., þar sem hann óskar 2000 kr. launabótar hvort árið 1920—21. (*Nd. 103*).
5. Beiðni sama manns, dags. 26. febr., um endurgreiðslu úr ríkissjóði á 750 kr. prentunarkostnaði á »Áliti og tillögum um orðabókina. 2 fskj. (*Nd. 105*).
6. Jakob Jóh. Smári sækir um styrk til að vinna að orðabókinni, svo ríflegan, að hann geti gefið sig allan við því starfi. Brjef, dags. 2. apríl. (*Nd. 227*).
7. Sami maður biður Alþingi að hlutast til um, að honum verði greiddur áfram styrkur sá, er honum er veittur í fjárlögum 1920 og 1921 til að safna til orðabókarinnar. Brjef, dags. 17. febr. 1 fskj. (*Nd. 63*).

Orðasöfnun. Þórbergur Þórðarson sækir um 2400 kr. styrk til að safna orðum og talsháttum úr íslensku alþýðumáli, og auk þess alt að 3000 kr. til að gefa út leiðbeiningar handa aðstoðarmönnum. Brjef, ódags. 3 fskj. (*Nd. 217*).

Ostagerð. Jón Á. Guðmundsson ostagerðarmaður sækir um uppgjöf á eftirstöðvum af 9000 kr. viðlagasjóðsláni til Sveinatungubúsins. Brjef (í eftirriti), dags. 21. des. 1920. (*Nd. 108*).

Otur, fiskiveiðahlutafjelagið, sjá Útgerð botnvörpunga 5.

Ólafur Rósenkranz, sjá Háskólinn 3.

Ósk, kvenfjelagið, sjá Húsmæðrakensla.

Óþarfur varningur, sbr. Kvenrjettindi 2.

Páll Erlingsson, sjá Dýrtíðaruppbót 4 og Eftirlaun 11.

Páll Skúlason kennari, sjá Launamál 4.

Páll Þorkelsson sækir um 3000 kr. styrk á ári til að ljúka við málsháttasafn sitt. Brjef, dags. 8. október 1920. (*Nd. 94, 40*).

Peningamál, sjá Íslandsbanki. Sbr. og Viðskiftamál.

Petersen, A. L., fyr stöðvarstjóri, sjá Símamál 5—6.

Pjetur Gunnlaugsson í Álfatröðum, sjá Alþýðufræðsla.

Pjetur Hjaltested, sjá Vörumerkjaskrásetjari.

Pjetur J. Thorsteinsson, sjá Síldartunnur 2.

Póstar, sjá Eftirlaun 9—10; sbr. og Póstmál.

Póstmál.

1. Brjef aðalpóstmeistara, dags. 1. okt. 1920, um kostnað við póststjórnina 1922. 5 skjöl. (*Nd. 94, 12*).
2. Tillögur sama um póstgöngur milli Víðimýrar og Siglufjarðar, dags. 8. mars, með erindi bæjarstjórnar á Siglufirði 3. febr. (*Nd. 150*).
3. Tvö brjef úr Barðastrandarsýslu, dags. 14. og 17.—20. febr., um ferðir Breiðafjarðarbáts og um að landpóstur fari milli Borgarness og Arngerðareyrar, um Búðardal og Króksfjarðarnes. Undirskrift 58 alþingiskjósenda [sbr. og Strandferðir 5]. (*Nd. 208*).
4. Áskorun frá 55 alþingiskjósendum úr Dalasýslu til þingmanns kjördæmisins um að gera fyrirspurn til landsstjórnarinnar um það, hvers vegna lögð hafi verið niður aðalpóstleiðin um Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, og um símalínu [sbr. Símamál 2]. Brjef, dags. í janúar. (*Nd. 6*).
5. Jón J. Straumfjörð, dyravörður við pósthúsið í Reykjavík, fer fram á, að launakjör sín verði í samræmi við laun annara slíkra starfsmanna. Brjef, dags. 1. mars. (*Nd. 111*).
6. Sami maður sækir um launabót fyrir árin 1920 og 1921. Brjef, dags. 2. apríl. (*Nd. 228*).
7. Sigurður Pálmason, kaupmaður á Hvammstanga, kvartar undan þeirri ráðstöfun póststjórnar, að gata frímerki á fylgibrjefum póstböggla og þau, sem látin eru gegn bögglagjaldi og tolli af útlendum póstsendingum. Brjef, dags. 1. febr. (*Nd. 133*).

Póstmenn, sjá Launamál 2.

Prestafjelagsrit. Prestafjelagið sækir um 1000 kr. styrk til útgáfu ritsins. Brjef, dags. 9. mars. (*Nd. 341*).

Prestaköll.

1. Brjef biskups, dags. 18. des. 1920, með erindi Prestafjelagsins um eftirlaun presta. 3 fskj. (*Nd. 69, 5*).
2. Biskup mælir með frv. um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö. Brjef, dags. 2. mars. (*Nd. 122*). Sbr. og Bolungarvík og Eftirlaun 2 og 13.

Prestsekkjur, sjá Eftirlaun 14.

Prestssetur.

1. Vigfús I. Sigurðsson, prestur að Desjarmýri, sækir um 5000 kr. styrk til húsabóta á prestssetrinu. Brjef, dags. 25. jan. (*Nd. 28*).
2. Sóknarpresturinn í Odda beiðist þess, að ríkissjóður kaupi hlöðu og peningshús í Odda og leggi til staðarhúsa. Brjef, dags. 25. febr. 3 fskj. (*Nd. 152*).
3. Skýrsla Guðjóns Samúelssonar húsgerðarmeistara, dags. 29. mars, um bæinn í Reykholti og kostnaðaráætlun um endurbyggingu staðarins, ásamt uppdráttum á 2 blöðum. (*Nd. 340*).
4. Brjef biskups, dags 17. nóv. 1920, um fjárveitingu til að byggja upp staðinn að Sandfelli í Öræfum. (*Nd. 94, 28*).
5. Presturinn til Grundarþinga sækir um styrk til að byggja upp staðinn að Saurbæ í Eyjafirði. Brjef, dags. 23. nóv. 1920. (*Nd. 94, 29*).
6. Beiðni síra Jónmundar Halldórssonar, dags. 16. febr., um 21 þús. kr.

(*Prestsselur*).
styrk til endurreisnar staðarhúsa að Stað í Grunnavík, ásamt brjefi biskups, dags. 26. febr., og 1 uppdrætti. (*Nd. 126*).
7. Brjef biskups, dags. 18. febr., um kostnað við húsabætur á prestssetrinu að Útskálum. 55 fskj. (*Nd. 69, 10*).

Prjónles. Áskorun Sambandsfjelags norðlenskra kvenna um að lögskipað verði mat á prjónlesi. Fundarályktun, ódags. (*Nd. 10*).

Pöntunarfjelög, sjá Samvinnufjelög.

R*adíumsjóður Íslands.* Stjórn sjóðsins sækir um 5000 kr. árlegan styrk til sjóðsins. Brjef, dags. 2. apríl, með skýrslu Gunnl. Claessens um radíumlækningar 1919—20. (*Nd. 229*).

Rafstöðvar.
1. Áætlun með athugasemdum og 4 kortum um virkjun Andakílsárfossa, eftir Steingrím verkfræðing Jónsson, ásamt 5 brjefum hans um málið, útdrætti úr aukafundargerðum sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1. febr., brjefi sýslumanns 7. s. m. og 2 brjefum þingmanna kjördæmanna, dags. 4. mars og 11. apríl, er þeir beiðast heimildar Alþingis til ábyrgðar ríkissjóðs á 3 miljóna króna láni til rafveitunnar. (*Nd. 115*).
2. Erindi sýslumanns í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 27. nóv. 1920, um greiðslu úr ríkissjóði á kostnaði við rannsókn Andakílsárfossa. Brjef atvinnumáladeildar fylgir, dags. 25. febr., með tillögu um, að greiddar verði 5000 kr. (*Nd. 83*).
3. Brjef bæjarfógetans á Seyðisfirði til þingm. Seyðf., dags. 31. jan., með útdrætti úr gerðabók bæjarstjórnar, þar sem skorað er á þingmanninn að útvega kaupstaðnum 120 þús. kr. lán úr ríkissjóði, til að stækka rafstöð bæjarins, en ábyrgð ríkissjóðs fyrir því af láninu, er eigi kynni að fást úr ríkissjóði. (*Ed. 39*).
4. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis beiðist heimildar til bakábyrgðar ríkissjóðs fyrir alt að 250 þús. kr. láni til rafstöðvarbyggingar fyrir Sand og Keflavík. Brjef, dags. 4. febr. (*Ed. 9*). Sbr. og Bolungarvík 1 c og Þjórsá.

Rangársandur, flutningar að, sjá Strandferðir 21.

Rannsóknarnefnd samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar, sjá Útgerð botnvörpunga 2.

Ráðgjafarnefndin, sjá Sambandsmál.

Reykholt, sjá Prestssetur 3.

Rifsós. Oddvitar Ólafsvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis sækja um 6000 kr. styrk til lendingarbóta í Rifsósi, gegn jafnmiklu annarsstaðar að. Brjef, dags. 15. mars, með 1 fskj. (*Ed. 38*).

Ríkisborgararjettur.
1. Brjef borgarstjórans í Reykjavík til allsherjarnefndar Ed., dags. 10. mars, þar sem hann tjáist ekki sjá neitt athugavert við það, að Meulenberg presti í Landakoti verði veitt ríkisborgararjettindi. (*Ed. 68*).
2. Ole Andreas Tynes á Siglufirði sækir um íslenskan ríkisborgararjett. Dags. 21. febr. 6 skjöl. (*Nd. 287*).

Röntgenlækningar.

1. Brjef forstöðumanns Röntgenstofnunarinnar, Gunnlaugs læknis Claessens, dags. 5. mars, um 18 þús. kr. fjárveitingu til breytinga á vjelum stofnunarinnar vegna nýju rafstöðvarinnar. (*Nd. 161*).
2. Beiðni sama, dags. 30. apríl, um 800 kr. hækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. (*Nd. 288*).
3. Beiðni sama, dags. 2. mars, um 2500 kr. styrk til að sækja fund norrænna geislalækna í Kaupmannahöfn eða Helsingfors á komandi sumri. (*Nd. 125*).

Sala á landspildu til Blönduóshrepps. Brjef prófasts, sira Bjarna Pálssonar, dags. 4. febr., er hann mælir með, að hreppurinn fái keypta spildu úr landi Hjaltabakka [sjá þskj. 110]. (*Nd. 159*).

Sala á landbúnaðarafurðum, sjá Landbúnaðarmál 1.

Saltfiskur. Firmað A. T. Möller í Kaupmannahöfn sækir um undanþágu á innflutningsgjaldi af 340 tn. af saltfiski, fluttum frá Færeyjum til verkunar í Viðey. Brjef, dags. 3. mars. 2 skjöl. (*Nd. 129*). Sbr. og Spánarsamningar.

Samábyrgð Íslands, sjá Leiðarljós 2.

Samband ísl. samvinnufjelaga, sjá Vöruverð 1; sbr. og Samvinnufjelög.

Samband starfsmanna ríkisins, sjá Launamál.

Sambandsmál. Eftirrit af gerðabók íslenska hluta dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar, frá 1. des. 1919 til 1. des. 1920, sent með brjefi formanns íslenska hlutans, dags. 21. febr. (*Sþ. 12*).

Sambandsfjelag norðlenskra kvenna, sjá Prjónles.

Samgöngumál, sjá Bryggjur, Dragferjur, Póstmál, Símamál, Strandferðir, Vegamál og Vitar.

Samúel Eggertsson, sjá Landabrjef.

Samvinnufjelög.

1. Ályktun aðalfundar kaupfjelags Borgfirðinga 10. mars, er í felst áskorun til Alþingis um að setja lög um samvinnufjelög, en mótmæli gegn hinum svonefnda tvöfalda skatti. Símskeyti, dags. 11. mars. (*Nd. 185*).
2. Svínavatnshreppsdeild kaupfjelags Húnvetninga skorar á þingmenn kjördæmisins að beitast fyrir því, að sett verði hjer samskonar löggjöf og í Noregi um skattskyldu samvinnufjelaga; ennfremur á Alþingi að athuga, hvort eigi sje rjett að setja lög um samvinnufjelög. Útdráttur úr fundargerð 29. jan. (*Ed. 17*).
3. Útdráttur úr fundargerðum fimm deilda kaupfjelags Húnvetninga, Torfalækjarhrepps, 31. jan., Svínavatnshrepps, 29. jan. [sbr. Ed. 17], Áshrepps, 7. febr., og Bólstaðarhlíðarhrepps, 2. febr., er í felast áskoranir til Alþingis að setja lög um samvinnufjelög, einkum skattskyldu þeirra; ennfremur Sveinsstaðahreppsdeildar, 12. febr., um sama og um það, að landsstjórnin eða samband samvinnufjelaganna taki að sjer hrossasöluna næsta sumar. (*Ed. 32*).
4. Áskorun 52 alþingiskjósenda í Vestur-Ísafjarðarsýslu til Alþingis,

(Samvinnufjelög).
um að setja lög um samvinnufjelög, til tryggingar því, að þau fullnægi sem best ætlunarverki sínu. 2 skjöl, dags. í jan. (*Nd. 99*).
5. Áskorun frá 63 alþingiskjósendum í Reyðarfjarðarhreppi til þingmanna kjördæmisins, dags. 21. jan., um að flytja á þingi lagafrumvarp um það, að kaupfjelög og pöntunarfjelög sjeu ekki lengur undanþegin skattgjaldi til almenningsþarfa. (*Nd. 48*).
Samvinnuskólinn. Brjef Hallgríms Kristinssonar um styrk til skólans, dags. 24. des. 1920. (*Nd. 94, 31*).
Sandgræðsla.
1. Beiðni Búnaðarfjelags Íslands um 15 þús. kr. fjárveitingu til sandgræðslu 1922. Dags. 4. des. 1920. (*Nd. 94, 49*).
2. Brjef Búnaðarfjelags Íslands, dags. 8. apríl, um að fjárveiting til sandgræðslu verði hækkuð upp í 20 þús. krónur, með skýrslu um sandfok og uppblástur í Landmannahreppi. (*Nd. 249*).
Sandfell í Öræfum, sjá Prestssetur 4.
Sandgerði, sjá Leiðarljós.
Saurbær í Eyjafirði, sjá Prestssetur 5.
Schlesch, Hans, sjá Jarðfræðirannsóknir 2.
Seðlaútgáfurjettur, sjá Íslandsbanki.
Siglufjarðareyri, sjá Sjóvarnargarðar 2.
Siglufjarðarpóstur frá Víðimýri, sjá Póstmál 2.
Sigríður H. Jensson, sjá Eftirlaun 12.
Sigurbjörn Á. Gíslason, sjá Launamál 5.
Sigurður Magnússon læknir, sjá Læknishjeruð 4.
Sigurður Pálmason, sjá Póstmál 7.
Sigurður Sigurðsson, fyr skólastjóri, sjá Hólaskóli 2.
Sigurður Skagfeldt, sjá Skáldastyrkur og listamanna 6.
Sigurður Þórólfsson, sjá Veðurathuganir 3.
Sigtryggur Guðlaugsson, sjá Alþýðuskólar 5.
Sigvaldi Kaldalóns hjeraðslæknir, sjá Læknishjeruð 1.
Silfurbergsnáman, sjá Námur 1.
Sindri. Iðnfræðafjelag Íslands sækir um 3500 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll til útgáfu tímaritsins »Sindra«. Brjef, dags. 4. mars 1921. (*Nd. 333*).
Síldartunnur.
1. Beiðni Ásgeirs kaupm. Pjeturssonar, dags. 18. mars, um endurgreiðslu á síldartunnutolli, 37355 kr., er hann greiddi 1919. 6 fskj. (*Nd. 347*).
2. Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður fer fram á endurgreiðslu á síldartunnutolli, 17250 kr., greiddum sumarið 1919. Brjef, dags. 11. maí. 11 fskj. (*Nd. 304*).
3. Brjef Espholins & Co. á Akureyri, dags. í Kaupmh. 5. febr., til Jóns Auðuns Jónssonar alþingismanns, um breytingar, sem gera þyrfti á lögum um síldartunnutoll. (*Nd. 355*).
Síldveiðifjelag Íslands.
1. Verksmiðjan »Ægir« í Melbo spyrst fyrir um það, hvort hún megi

(Síldveiðifjelag Íslands).
gera ráð fyrir óhindruðum atvinnurekstri í Krossanesi í ár eins og að undanförnu. Símskeyti, dags. 12. maí. (*Sþ. 24*).
2. Bæjarstjórn Siglufjarðar skorar á þingmenn kjördæmisins að mótmæla eindregið frumvarpi um »Síldveiðifjelag Íslands«, og færir til ástæður. Símskeyti dags. 30. apríl. (*Nd. 289*).
3. 9 menn, sem stunda síldveiði með landnótum á Austfjörðum, skora á þingmenn Austfirðinga að beita sjer fyrir, að landnótasíld verði undanskilin væntanlegu síldarsamlagi. Símskeyti, dags. 6. maí. (*Nd 295*).

Símamál.
1. Brjef landssímastjóra, dags. 23. okt. 1920, um tekjur og gjöld landssímans 1922. 4 fskj. (*Nd. 94, 14*).
2. Áskorun frá 55 alþingiskjósendum í Dalasýslu til þingmanns kjördæmisins um að gera fyrirspurn til landsstjórnarinnar um það, hvers vegna ekki sje farið að undirbúa símalínu frá Búðardal til Króksfjarðarness, og um póstleið vestanlands (sbr. Póstmál 4). Brjef, dags. í janúar. (*Nd. 6*).
3. Áskorun 62 Eyrsveitinga til Alþingis um að lagður verði sími í Grundarfjörð, ekki síðar en árið 1922. Brjef dags. 31. jan. (*Ed. 30*).
4. Sveinn Ólafsson, 2. þingm. S.-M., fer fram á 6–7 þús. kr. fjárveitingu til símalagningar á milli Hafraness og Vattarness í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Brjef, dags. 2. mars. (*Nd. 342*).
5. A. L. Petersen, f. stöðvarstj. í Vestmannaeyjum, leitar skaðabóta af Alþingi, alls 25142 kr., fyrir að hafa notið of lágra launa og verið að óverðskulduðu flæmdur úr stöðu sinni af hálfu landssímans og landsstjórnarinnar. Brjef, dags. 20. jan. (*Ed. 21*; sbr. Nd. 84).
6. Brjef stjórnarráðsins, dags. 25. febr., með erindi landssímastjóra 21. des. 1920, um uppbót úr ríkissjóði til A. L. Petersens fyrrum stöðvarstjóra. 13 fskj. (*Nd. 84*). Sbr. og Hreppsnefnd Kjósarhrepps c.

Sjávarútvegur, sjá Fiskifjelag Íslands, Fiskiklak, Fiskimat, Fiskirannsóknir, Hvildartími háseta, Landhelgisvarnir, Leiðarljós, Rifsós, Síldveiðifjelag Íslands, Slysatrygging sjómanna, Spánarsamningar, Útgerð botnvörpunga og Þór.

Sjómannafjelag Reykjavíkur, sjá Hvildartími háseta.

Sjómannahæli í Hafnarfirði og á Ísafirði, sjá Hjálpræðisherinn.

Sjómannaskólar, sjá Stýrimannaskólinn og Vjelstjóraskólinn.

Sjóvarnargarðar.
1. Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps fer þess á leit, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar, 750 kr., við endurbyggingu á kafla sjóvarnargarðsins milli Ölfusár og Eyrarbakka. Brjef, dags. 8. mars. 1 fskj. (*Nd. 335*).
2. Brjef stjórnarráðsins, dags. 15. mars, með erindi vitamálastjóra, dags. 7. s. m. um viðgerð á sjóvarnargarði á Siglufjarðareyri, ásamt 2 uppdráttum. (*Nd. 178*).

Sjóvátryggingarfjelag Íslands, sjá Leiðarljós 2.

Sjúkrahús.
1. Umsókn stjórnarnefndar sjúkrahússins á Akureyri (»Gudmanns Minde«), dags. 4. febr., um 60 þús. kr. styrk til húsauka og 8000 kr. styrk á ári, með brjefi þingm. Eyfirðinga og Akureyrar, dags. 25. s. m., og stjórnarráðsins, dags. 1. mars. (*Nd. 351*).
2. Framkvæmdarnefnd sjúkrahússbyggingar í Árnessýslu sækir um alt að 80 þús. kr. styrk til fyrirtækisins. Brjef, dags. 1. mars. (*Nd. 151*).
3. Símskeyti bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 27. jan., um styrk til sjúkrahússbyggingar þar. (*Nd. 91, 9*).
4. Brjef Jóns Auðuns Jónssonar alþingismanns, dags. 14. jan., um sama efni. (*Nd. 94, 10*).
5. Brjef sama, dags. 11. mars, með símskeyti bæjarfógetans á Ísafirði, er í felst áskorun bæjarstjórnar þar um 12 þús. kr. styrk til sjúkrahússins. Uppdrættir og kostnaðaráætlun fylgja. (*Nd. 168*).

Skaftfellingur, mótorbátur, sjá Strandferðir 18—19.
Skagfirskir borgarar og bændur, sjá Vantraustsyfirlýsing 3.
Skattskylda samvinnufjelaga, sjá Samvinnufjelög.
Skáldastyrkur og listamanna.
1. Brjef úthlutunarnefndar (í endurriti), dags. 6. febr., um úthlutun styrks, og tillögu um aukfjárveitingu til þriggja listamanna. 3 fskj. (*Nd. 69, 11*).
2. Ásmundur Sveinsson sækir um styrk til framhaldsnáms í myndhöggvaralist. Brjef, dags. 11. okt. 1920. 1 fskj. (*Nd. 7*).
3. Jón Þorleifsson sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í málaralist. Brjef, dags. 3. mars. (*Nd. 237*).
4. Björn O. Björnsson, stud. theol., sækir um 2000 kr. skáld- og ferðastyrk handa Davíð frá Fagraskógi, Stefánssyni. Brjef, dags. 10. mars. (*Nd. 348*).
5. Benedikt Árnason söngvari sækir um 3000 kr. styrk til Ítalíuferðar. Brjef, dags. 17. mars. (*Nd. 189*).
6. Sigurður Skagfeldt sækir um 3000 kr. styrk til söngnáms erlendis. Brjef, dags. 8. apríl. 4 fskj. (*Nd. 258*).
7. Ingi T. Lárusson sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til að fullkomna sig í sönglist. Brjef, dags. 14. mars, með 5. fskj. (*Nd. 205*).

Skjalarannsóknir. Skýrsla Hannesar Þorsteinssonar skjalavarðar, dags. 8. mars, um utanför til skjalarannsókna í Kaupmannahöfn. (*Nd. 156*).
Skjálfandafljót, sjá Dragferjur.
Skifting prestakalla, sjá Prestaköll 2.
Skipakaup, sjá Landhelgisvarnir, Strandferðir og Útgerð botnvörpunga.
Skipun nefnda, sjá Kvenrjettindi 3.
Skóggræðsla. Skýrsla um rannsókn girðingastaða í Þingvallahrauni eftir Einar Sæmundsen, dags. 29. nóv. 1920, með athugasemdum. 3 fskj. (*Nd. 69, 2*).
Skólablaðið. Útgefendur þess beiðast 100 kr. hækkunar á styrk þeim, sem blaðinu er ætlaður. Brjef, dags. 27. apríl. (*Nd. 280*).
Skólahús, sjá Fræðslumál 2.
Skólar, sjá Akureyrarskólinn, Alþýðuskólar, Eiðaskólinn, Flensborgarskólinn,

Háskólinn, Hólaskóli, Hvanneyrarskólinn, Hvítárbakkaskólinn, Kennaraskólinn, Kvennaskólar, Mentaskólinn, Samvinnuskólinn, Stýrimannaskólinn og Yfirsetukvennaskólinn.

Skrifstofufje sýslumanna og bæjarfógeta 1920, skrá yfir það. (*Nd. 94, 1*). Sbr. og Lögreglustjórinn í Reykjavík.

Slysasjóður, sjá Styrktar- og.

Slysatrygging sjómanna. Brjef stjórnarráðsins, dags. 28. febr., með tillögum frá stjórn Slysatryggingar sjómanna um nokkrar breytingar á lögum um þetta efni, dags. 24. febr. (*Nd. 97*).

Sláturfjelag Suðurlands, sjá Landbúnaðarmál 1.

Smjörlíkisgerðin h/f. óskar í brjefi, að sjer verði gert hægara fyrir með yfirfærslu á fje til efniskaupa fyrir verksmiðjuna. Ódags. (*Nd. 328*).

Spánarsamningar. Brjef Fiskifjelags Íslands, dags. 24. febr., með ályktun aðalfundar fjelagsins um það, að Sveinn Björnsson sendiherra verði sendur til Spánar til að vera við endurnýjun samninga um toll á íslenskum saltfiski þar. 2 skjöl. (*Nd. 90*).

Staður í Grunnavík, sjá Prestssetur 6.

Stefán frá Hvítadal Sigurðsson sækir um 10 þús. kr. lán til húsagerðar og jarðabóta. Brjef, dags. 30. jan. (*Nd. 4*).

Stefán Árnason búfræðinemi, sjá Námsstyrkur 12.

Stefán Eiríksson, sjá Teiknikensla.

Stefán M. Jónsson prestur, sjá Eftirlaun 13.

Stefnir, fiskiveiðafjelag, sjá Útgerð botnvörpunga 6.

Sterlingsferðir, sjá Strandferðir 2.

Steingrímur Jónsson verkfr., sjá Rafstöðvar 1.

Steinn Emilsson jarðfræðinemi, sjá Námsstyrkur 13.

Steinn Steinsen verkfræðinemi, sjá Námsstyrkur 14.

Steinsvör á Akranesi, sjá Bryggjur 1.

Steinunn Pjetursdóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 11.

Stokkseyrarsund. 25 útgerðarmenn og sjómenn á Stokkseyri fara þess á leit, að veittur verði alt að 20 þús. kr. styrkur til að dýpka siglingaleiðina inn á Stokkseyri. Brjef, dags. 27. des. 1920. 3 fskj. (*Nd. 224*).

Strandferðir.

1. Skýrsla stjórnarráðsins um úthlutun þeirra 80 þús. kr., er því var með þingsál. 28. febr. 1920, um dýrtíðaruppbót o. fl., heimilað að ráðstafa til bátaferða á flóum og fjörðum kringum land. Dags. 28. febr. 12 fskj. (*Nd. 106*).
2. Tvö brjef Eimskipafjelagsins, dags. 11. mars, um ferðir »Sterlings« og »Goðafoss« og viðkomustaði þeirra kringum land. 1 fskj. (*Nd. 169*).
3. Brjef sama fjelags, dags. 15. mars, um viðkomu »Suðurlands« á Borgarfjörð. (*Nd. 182*).
4. Brjef framkvstj. Eimskipafjelagsins, dags. 22. apríl, um horfur á sölu »Borgar« og »Willemoes« og kaup á hentugu skipi til strandferða. (*Nd. 365*).
5. Brjef úr Barðastrandarsýslu, dags. 17.—20. febr., um að Breiðafjarðarbáturinn fari að minsta kosti tvær ferðir milli Ísafjarðar og hafn-

(*Strandferðir*).

anna í Gilsfirði, og um póstferðir. Undirskriftir 26 alþingiskjósenda. [Sbr. Póstmál 3]. (*Nd. 208*).

6. Halldór Steinsson, þingm. Snæfellinga, sækir um 3000 kr. styrkauka handa Breiðafjarðarbátnum »Svani«. Brjef, dags. 21. febr. 1 fskj. (*Nd. 327*).
7. H.f. »Djúpbáturinn« á Ísafirði sækir um 10 þús. kr. styrkauka fyrir árið 1921. Brjef, dags. 24. nóv. 1920. (*Nd. 3*).
8. Sama fjelag sækir um 25 þús. kr. styrk til ferða um Ísafjarðardjúp 1922. Brjef, dags. 17. mars. (*Nd. 366*).
9. Brjef þingm. Norður-Ísfirðinga til samgöngumálanefndar Nd., dags. 26. febr., um viðkomu skipa í Bolungarvík (sbr. Nd. 35, sjá og Bolungarvík 1. a.). (*Nd. 357*).
10. Sami þingmaður fer þess á leit við samgöngumálanefnd Nd., að hún hlutist til um, að strandferðaskip landsins komi við á Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu tvisvar til þrisvar á árinu 1922. Brjef, dags. 27. mars. (*Nd. 360*).
11. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu óskar minst 20 þús. kr. styrks til strandferðabáts fyrir Norðurlandi. Símskeyti, dags. 17. mars. (*Nd. 202*).
12. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu skorar á Alþingi að veita 2000 kr. til bátaferða milli Sauðárkróks og Þórshafnar. Símskeyti, dags. 21. mars. (*Nd. 203*).
13. Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu telur með öllu ófært, að strandbátaferðir fyrir Norðurlandi leggist niður, og skorar á Alþingi að veita til þeirra 20 þús. kr. styrk. Ályktun aðalfundar, í símskeyti, dags. 11. maí. (*Nd. 309*).
14. Símskeyti frá sýslumanni Suður-Múlasýslu um samgöngur milli Hornafjarðar og Austfjarða, dags. 22. mars. (*Nd. 211*).
15. Þrjú brjef þingm. Austur-Skaftfellinga: a) dags. 8. mars, með brjefi Þórhalls Danielssonar kaupm., dags. 15. febr., b) dags. 21. mars og c) dags. 24. s. m., ásamt símskeyti 42 austfirskra útgerðarmanna, öll um styrk til bátaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða. (*Nd. 363, 361 og 362*).
16. Tvö brjef sama þingm., dags. 21. mars og 24. s. m., með símskeyti 42 austfirskra útgerðarmanna, dags. 23. s. m., um styrk til Austfjarðabáts. (*Nd. 361 og 362*).
17. a. Ólafur J. Hvanndal, fyrir hönd s.f. »Úlfars« býðst til að taka að sjer strandferðir fyrir Austurlandi, frá Hornafirði til Langaness, með mótorskipinu »Úlfi«, gegn 33 þús. kr. styrk. Brjef, dags. 2. apríl.
    b. Sami gerir nýtt tilboð um ferðir þessar, og jafnframt um ferðir milli Hornafjarðar og Akureyrar, eða þá áætlaðar Vesturlandsstrandferðir. (*Nd. 364*).
18. Erindi h.f. »Skaftfellings«, dags. 20. apríl, um ferðaáætlun og flutningsgjaldskrá mótorbátsins »Skaftfellings«, með brjefi stjórnarráðsins, dags. 2. maí. 5 skjöl. (*Nd. 290*).

(*Strandferðir*).
19. Símskeyti sýslumanns Skaftfellinga, dags. 7. mars, um þörf á ferðum »Skaftfellings« og styrk til hans. (*Nd. 358*).
20. Tvö brjef þingmanns Mýramanna, dags. 12. mars og 4. apríl, um 10 þús. kr. styrk í fjáraukalögum 1920—21, til að fjölga Borgarnesferðum síðari hluta þessa árs. (*Nd. 359*).
21. Þingmenn Rangæinga sækja um 10 þús. kr. styrk í fjáraukalögum 1920—21 til flutninga að Rangársandi. Brjef, dags. 3. mars. (*Nd. 356*).
Strandvarnir, sjá Landhelgisvarnir.
Stúdentar, sjá Háskólinn 2 og Norræna stúdentasambandið.
Styrktar- og slysasjóður verkamanna í Dagsbrún. Brjef stjórnar sjóðsins, dags. 18. febr., um 1000 kr. styrkveiting til sjóðsins. (*Nd. 119*).
Stýrimannaskólinn.
1. Brjef forstöðumanns, dags. 9. okt. 1920, um fjárveiting til skólans 1922. (*Nd. 94, 25*).
2. Brjef sama, dags. 20. jan., um þóknun handa Sveinbirni Egilssyni fyrir fyrirlestra við skólann. (*Nd. 69, 6*). Sjá og Launamál 4—5.
Suðurland, eimskipið, sjá Strandferðir 3.
Svanur, Breiðafjarðarbáturinn, sjá Strandferðir 5—6.
Sveinbjörn Egilson, sjá Stýrimannaskólinn 2.
Sveitabæir, sjá Vátrygging.
Svör hjeraðslækna um lyf og áfengi, sjá Einkasala 2; svör lögreglustjóra um verðtoll og vörutoll, sjá Vörutollur.
Sýningar, sjá Búnaðarfjelag Íslands 2 og Heimilisiðnaður 2—3.
Sýslumannssetur í Borgarnesi. Guðm. Björnsson sýslumaður í Borgarnesi beiðist 60 þús. kr. láns úr viðlagasjóði til húsabyggingar, í stað þess er brann. Brjef, dags. 29. des. 1920. (*Nd. 94, 57*).
Sýslumenn og bæjarfógetar, sjá Skrifstofufje.
Sýsluvegasjóðir, sjá Vegamál 2.
Sæmundsen & Co., Carl, sjá Tekjuskattur.
Söngnám, sjá Skáldastyrkur og listamanna 5—7.

T*ekjuskattur.* Brjef stjórnarráðsins, dags. 8. mars, með 6 skjölum um ógreiddan tekjuskatt firmans Carl Sæmundsen & Co. á Blönduósi, er því var gert að greiða á manntalsþingi þar 1920. (*Nd. 153*).
Teiknikensla og trjeskurður. Stefán Eiríksson sækir um 2000 kr. styrk til að halda uppi kvöldskóla í teikningu og trjeskurði. Brjef, ódags. 1 fskj. (*Nd. 80*).
Terrazzo, gólfefni, sjá Landsbókasafn 2 og Listasafn.
Titan, fossafjelagið, sjá Þjórsá.
Tímarit, sjá Lögfræðitímarit, Prestafjelagsrit, Sindri og Skólablaðið.
Tjörnes, sjá Jarðfræðirannsóknir 2.
Tollar, sjá Síldartunnur og Vörutollur.
Traust á stjórninni, sjá Vantraustsyfirlýsing.
Trjeskurður, sjá Teiknikensla og.
Tryggingar, sjá Elli- og áfallatryggingar, Slysatrygging sjómanna, Styrktar- og slysasjóður og Vátrygging sveitabæja.

Tunnutollur, sjá Síldartunnur.
Tynes, Ole Andreas, sjá Ríkisborgararjettur 2.

Ullariðnaður. 16 alþingiskjósendur í Fljótsdalshjeraði skora á Alþingi að hlutast til um, að á næsta sumri verði athugað, hvar best sjeu skilyrði til ullariðnaðar á Austurlandi. Brjef, dags. í mars. (*Nd. 276*).
Umbúðasmiður. Læknafjelag Reykjavíkur sækir um 8000 kr. styrk til að kosta nám umbúðasmiðs og gervilima. Brjef, dags. 30. mars. (*Nd. 220*).
Unglingaskólakennarar, sjá Dýrtíðaruppbót 5.
Uppeldismál, styrkur til að kynna sjer, sjá Guðmundur Einarsson próf.
Utanfararstyrkur, sjá Brynleifur Tobíasson, Eiðaskólinn 2, Guðmundur Einarsson, Jóhannes Kr. Jóhannesson, Jón Kristjánsson, Umbúðasmiður og Yfirsetukonur; sbr. og Námsstyrkur.

Útflutningsvörur. Brjef Verslunarráðs Íslands til samvinnunefndar peningamála, dags. 7. mars, er það tjáist ekki geta látið í tje þær upplýsingar, sem nefndin hefir óskað, um óútfluttar og útfluttar, en óseldar, innlendar vörur frá síðasta ári. (*Nd. 145*).
Útgerð botnvörpunga.
1. Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skýrir Alþingi frá samþykt sinni um að leggja skipunum upp, og frá horfum útvegsins og úrræðum til bjargar. Prentaður bæklingur, dags. 28. febr., með kostnaðaráætlun og athugasemdum. (*Nd. 113*).
2. Askorun verkamannafjelagsins »Dagsbrúnar« um að Alþingi skipi nefnd, samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar, til að rannsaka reikninga yfir útgerðarkostnað hjá eigendum botnvörpuskipa í Reykjavík. Brjef, dags. 13. mars, er í felst fundarályktun 9. s. m. (*Nd. 175*).
3. Brjef fiskiveiðahlutafjelagsins »Hauks« til formanns peningamálanefndar Nd., dags. 15. mars, um ábyrgð á skuldum fjelagsins í Englandi út af kaupum á tveim botnvörpungum. (*Nd. 183*).
4. Stjórn fiskihlutafjelagsins »Njarðar« í Reykjavík beiðist þess, að Alþingi heimili ábyrgð ríkissjóðs á skuld fjelagsins við banka í Fleetwood vegna kaupa á botnvörpuskipi. Brjef, dags. 21. mars, með 1 fskj. (*Nd. 204*).
5. Fiskiveiðahlutafjelagið »Otur« sækir um 450 þús. kr. lán til greiðslu á andvirði skips, er fjelagið hefir byggja látið í Þýskalandi. Brjef, dags. 12. apríl. (*Nd. 263*).
6. Ýms skjöl áhrærandi ábyrgð ríkissjóðs á skipaskuldum þessara botnvörpuskipafjelaga: »Draupnis« í Vestmannaeyjum, »Ara fróða«, »Atlanta«, »Hauks«, »Íslands«, »Kára« og »Stefnis« í Reykjavík. (*Nd. 368*). Sbr. og Hvildartími háseta.

Útskálahamar, símstöð, sjá Hreppsnefnd Kjósarhrepps e.
Útskálar, húsabætur þar, sjá Prestssetur 7.

Valdimar Sveinbjörnsson, sjá Námsstyrkur 15.
Vantraustsyfirlýsing.
1. Símskeyti frá Búðardal, dags. 13. mars, undirritað »Dalamenn«, er

(Vantraustsyfirlýsing).
lýsir megnri óánægju á vantraustsyfirlýsingunni á stjórnina, telur Alþingi hafa annað nauðsynlegra að gera, enda ekki líklegt, að breytt verði til bóta, og biður stjórnina lifa. (*Nd. 174*).

2. Símskeyti Árna læknis í Búðardal til Bjarna frá Vogi, dags. 14. mars, þar sem hann tjáir skeyti, undirritað »Dalamenn«, vera frá aðeins fáeinum mönnum í einum hreppi. (*Nd. 174*).
3. Skagfirskir borgarar og bændur lýsa trausti á þingmönnum sínum og stjórninni, einkum fjármálastefnu hennar, og lýsa vanþóknun á vantraustsyfirlýsingu þeirri, sem flutt er í þinginu. Símskeyti, dags. 5. apríl, og samhljóða yfirlýsingar á 12 blöðum með 320 undirskriftum, dags. í apríl. (*Nd. 243*).

Vatnsfjarðarkirkja, sjá Bolungarvík 4.

Vattarnessími, sjá Símamál 4.

Vátrygging sveitabæja. Álit formanns Brunabótafjelags Íslands um frumv. um breyting á lögum um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, dags. 14. mars, ásamt skrá yfir brunabótasjóði sveitarfjelaga. 2 skjöl. (*Nd. 191*).

Veðurathuganir.

1. Forstöðumaður veðurathuganastofunnar óskar þess, að 15 þús. kr. fjárveiting til jarðeðlisrannsókna, í sambandi við norðurför Roald Amundsens, verði tekin upp í fjárlög 1922. Brjef, dags. 22. okt. 1920. (*Nd. 94, 45*).
2. Brjef stjórnarráðsins, dags. 3. mars, með 2 brjefum landssímastjóra og brjefi forstöðumanns veðurathuganastofunnar, um að 20 þús. kr. verði veittar í fjárlögum til veðursímskeyta á næsta ári. (*Nd. 329*).
3. Sigurður Þórólfsson, f. skólastjóri, sækir um 2500 kr. styrk til að geta haldið áfram veðurathugunum. Brjef, dags. 21. febr. 2 fskj. (*Nd. 116*).

Veðurfræðinám, sjá Námsstyrkur 9.

Veðurskeyti, sjá Veðurathuganir 2.

Vegamál.

1. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til vega 1922, dags. 6. des. 1920. (*Nd. 94, 13*).
2. Sami sendir samgöngumálanefnd frumvarp um sýsluvegasjóði, ásamt athugasemdum, með brjefi, dags. 14. apríl. (*Nd. 266*).
3. Erindi sýslunefndar Árnessýslu, dags. 16. apríl, um vegamál í sýslunni, einkum Flóabrautina og viðhald hennar, og krafa um, að þeirri braut verði algert ljett af sýslunni. 1 fskj. (*Nd. 325*).
4. Oddviti sýslunefndar Rangárvallasýslu beiðist 7000 kr. fjárveitingar til viðhalds Holtabrautinni á þessu ári. Brjef, dags. 1. mars. [Sbr. Ed. 109]. (*Nd. 144*).
5. Símskeyti sama, dags. 23. apríl, um sama efni. (*Ed. 109*).
6. Brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þingmanna kjördæmisins, dags. 1. mars, er í felst ályktun aðalfundar sýslunefndarinnar 15. apríl 1918 um að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur verði tekinn upp í tölu þjóðvega. 1 fskj. (*Nd. 198*).

(Vegamál).
7. Skýrsla vegamálastjóra, dags. 31. mars, um viðhaldskostnað vegarins milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur árin 1912—1920. *(Nd. 326).* Sbr. og Hreppsnefnd Kjósarhrepps c.
Veiðifjelag Mývatns, sjá Mývatn.
Verðtollur, sjá Vörutollur.
Verkfræðingafjelag Íslands, sjá Fossamál.
Verkfræði, sjá Námsstyrkur 3 og 14.
Verslunarjöfnuður, sjá Útflutningsvörur.
Verslunarráð Íslands, sjá Einkasala 1, Landbúnaðarmál 2, Landsverslunin 1, Útflutningsvörur og Vöruverð 2.
Vesturlandspóstur, sjá Póstmál 3.
Viðlagasjóðslán, sjá Alþýðuskólar 2, Gistihús í Borgarnesi, Ostagerð og Sýslumannssetur í Borgarnesi.
Viðskiftahöft, sjá Landsverslun.
Viðskiftanefnd, sjá Landsverslun og Vörubirgðir 4—5.
Viðskiftamál, sjá Einkasala, Hrossasala, Íslandsbanki, Landbúnaðarmál, Landsverslunin, Samvinnufjelög, Spánarsamningar, Útflutningsvörur, Vörubirgðir og innflutningur og Vöruverð.
Viðurkenning. Sveinn alþm. Ólafsson fer þess á leit, að Alþingi veiti hreppstjórunum Einari Jónssyni í Norðfirði og Jóni P. Hall á Starmýri 1500 kr. hvorum, í viðurkenningarskyni fyrir langa hreppstjórn og góða. Brjef, dags. 18. mars. 5 fskj. *(Nd. 337).*
Vigfús I. Sigurðsson prestur, sjá Preststsetur 1.
Vitar.
1. Brjef vitamálastjóra, dags. 24. sept. 1920, með 1 fskj., um áætluð gjöld til vitanna 1922. *(Nd. 94, 15).*
2. Brjef sama, dags. 23. febr., um heimild til að breyta olíuvitanum á Arnarnesi í gasvita o. fl. [Sbr. og eftirlaun 4]. *(Nd. 136).*
3. Brjef sama, dags. 5. apríl, um breytingar og aðgerðir á vitum á komandi sumri, og um 50 þús. kr. fjárveitingu til að kaupa skip í þarfir vitanna. *(Nd. 244 b).* Sbr. og Leiðarljós.
Viðimýri og Siglufjörður, póstur á milli, sjá Póstmál 2.
Vífilsstaðir.
1. Brjef landlæknis, dags. 15. okt. 1920, um rekstrarkostnað heilsuhælisins 1922, með 3 fskj. *(Nd. 94, 7).*
2. Brjef heilsuhælislæknisins um fyrirhugaða raflejðslu frá Elliðaám til Vífilsstaða. 2 fskj. *(Nd. 94, 11).*
Vínandi, sjá Efnasmiðjur.
Vjelstjóraskólinn. Brjef forstöðumanns, dags. 16. des. 1920, um fjárveiting til skólans 1922. *(Nd. 94, 21).* Sbr. og Launamál 4—5.
Vörubirgðir og innflutningur.
1. Skýrsla hagstofunnar um vörubirgðir á Íslandi 15. ágúst. 3 skjöl. *(Nd. 370, 5).*
2. Brjef hagstofunnar, dags. 10. febr., með skýrslu um vörubirgðir í kaupstöðum utan Reykjavíkur 3. janúar þ. á. *(Nd. 370, 1).*

(*Vörubirgðir og innflutningur*).
3. Brjef hagstofunnar, dags. 2. mars, með skýrslu um vörubirgðir í Reykjavík, á 5 blöðum. (*Nd. 370, 2*).
4. Skýrsla um veitt innflutningsleyfi frá í ágúst 1920 til febrúarloka þ. á., á 5 blöðum. (*Nd. 370, 3*).
5. Skrá yfir vörur, sem viðskiftanefnd hefir synjað um innflutningsleyfi fyrir frá 12. mars til 31. des. 1920, á 9 blöðum. (*Nd. 370, 4*).

Vörumerkjaskrásetjari. Pjetur Hjaltesteð sækir um hækkun á þóknun fyrir starfa sinn og einhverja árlega fúlgu til skrifstofuhalds. Brjef, dags. 9. apríl 1921. (*Nd. 257*).

Vörutollur. Svör 10 lögreglustjóra, S. Í. S. og verslunarráðs Íslands um verðtoll eða vörutoll. (*Nd. 93*).

Vöruverð.
1. Skýrslur Sambands ísl. samvinnufjelaganna, með 2 brjefum, dags. 5. og 11. mars, um innkaupsverð á ýmsum vörum. 14 skjöl. (*Nd. 170*).
2. Þrjú brjef Verslunarráðsins, dags. 9. og 11. mars, með skýrslum sama efnis. (*Nd. 171*).

W*illemoes*, skip ríkissjóðs, sjá Strandferðir 4.

Yfirgangur togara, sjá Landhelgisvarnir.

Yfirsetukonur.
1. Skrá yfir laun þeirra 1920, með brjefi stjórnarráðsins, dags. 5. mars. (*Ed. 26*).
2. Brjef landlæknis, dags. 21. sept. 1920, um utanfararstyrk ljósmæðra 1922. (*Nd. 94, 8*).
3. Brjef sama, dags. 25. sept. 1920, um 300 kr. styrk til yfirsetukonu í Grímsey. 2 fskj. (*Nd. 69, 1*).

Yfirsetukvennaskólinn. Brjef landlæknis, dags. 7. okt. 1920, um fjárveitingu til skólans 1922. (*Nd. 94, 16*).

Þ*ingmálafundargerðir.*
1. Af Akureyri, 29. jan. (*Nd. 81*).
2. Úr Barðastrandarsýslu, sex, 14. júlí 1920, 25., 28. og 30. jan., 2. og 9. febr. 1921. (*Nd. 55*).
3. — Borgarfjarðarsýslu, þrennar, 18., 20. og 29. des. 1920. (*Nd. 29*).
4. — Dalasýslu, tvennar, 22. okt. 1920 (*Nd. 5*), og 13. febr. (*Nd. 163*).
5. — Eyjafjarðarsýslu, fimm, 16., 17., 19., 21. og 30. jan. (*Nd. 71*).
6. — Gullbringu- og Kjósarsýslu, fernar, 15., 16. og 26. jan. og 10. febr. (*Ed. 13*).
7. — Húnavatnssýslu, tvennar, 24. jan. og 10. febr. (*Ed. 16*).
8. — Norður-Ísafjarðarsýslu, fimm, 18. nóv. 1920 (*Nd. 32*), 21. jan. 1921 (*Nd. 33*), 19. nóv. og 19. des. 1920 og 17. jan. 1921. (*Nd. 34*).
9. — Vestur-Ísafjarðarsýslu 25. og 26. nóv. 1920. (*Nd. 51*).
10. Af Ísafirði, 31. jan. (*Nd. 45*).
11. Úr Suður-Múlasýslu, tvennar, 24. og 26. jan. (*Nd. 38*).
12. — Mýrasýslu, 6. febr. (*Nd. 31*).

(*Þingmálafundargerðir*).
13. Af Seyðisfirði, 30. jan. (*Ed. 5*).
14. Úr Skagafjarðarsýslu, sex, 17., 19., 20, 21., 22. og 24. jan. (*Nd. 88*).
15. — Austur-Skaftafellssýslu, fimm, 9., 15., 17., 21. og 24. jan. (*Nd. 66*).
16. — Snæfellsnessýslu (Eyrarsveit), 22. jan. (*Ed. 8*).
17. — Strandasýslu (Árneshreppi), 22. jan. (*Nd. 72*).
18. — Þingeyjarsýslu, þrennar, 15. og 16. júní og 4. júlí 1920. (*Nd. 15*).

Þingvellir, sjá Skóggræðsla og Þjóðmenjasafnið 2.

Þjóðjarðasala. Skjöl, er varða þjóðjarðir þær, er seldar hafa verið síðan Alþingi var háð 1919, ásamt skrá yfir þær. Með brjefi stjórnarráðsins, dags. 22. apríl. (*Sp. 20*). Sbr. Kirkjujarðasala.

Þjóðmenjasafnið.
1. Brjef fornmenjavarðar, dags. 5. okt. 1920, um fjárveitingar til safnsins 1922. (*Nd. 94, 58*).
2. Brjef fornmenjavarðar til fjárveitinganefndar Nd., dags. 3. mars, um að fjárveitingar til safnsins verði ekki lækkaðar, eins og til er ætlast í frumv. stjórnarinnar, og ekki feld niður fjárveiting til viðgerða á Þingvöllum. (*Nd. 128*).
3. Fornmenjavörður sækir um 400 kr. fjárveitingu til umgerða um nokkur málverk listasafnsins. Brjef, dags. 9. mars. (*Nd. 162*). Sbr. og Bessastaðakirkja.

Þjóðskjalasafn. Brjef þjóðskjalavarðar, dags. 18. okt. 1920, um fjárveitingar til safnsins. (*Nd. 94, 36*). Sbr. og Skjalarannsóknir.

Þjórsá. Helgi Skúlason í Herru skorar á Alþingi að skylda fossafjelagið »Titan« til að nota rjettindi sín til neðsta orkuvers við Þjórsá innan tveggja ára, að viðlögðum missi þeirra. Brjef, dags. 3. mars, með 2 fskj. (*Nd. 143*).

Þórbergur Þórðarson, sjá Orðasöfnun.

Þorleifur H. Bjarnason, sjá Mentaskólinn 6.

Þór.
1. Áskorun bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum til Alþingis, að endurgreiða bæjarsjóði Vestmannaeyja kostnað, er hann kann að hafa af útgerð björgunar- og eftirlitsskipsins »Þórs« frá því í janúar fram í maí þ. á. Símskeyti, dags. 28. febr. (*Ed. 19*). Brjef, dags. 26. s. m. (*Ed. 55*).
2. Brjef fjárveitinganefndar Nd. til sjávarútvegsnefndar, dags. 7. apríl, með símskeyti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum um sama efni. (*Nd. 323*).
3. Björgunarfjelag Vestmannaeyja fer þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að »Þór« verði tekinn í þjónustu landsins eftir 11. maí þ. á. Brjef, dags. 20. apríl. 1 fskj. (*Nd. 294*).
4. Brjef þingmanns Vestmannaeyja til fjárveitinganefndar Nd., dags. 12. apríl, um útgerð og starfsemi björgunarskipsins, með 9 fskj. (*Nd. 260*).

Þórdís Ólafsdóttir á Fellsenda, sjá Hannyrðakensla.

Þórður blindi *Jónsson*, smiður á Mófellsstöðum, sækir um 2000 kr. styrk til

að koma sjer upp smiðahúsi. Brjef, dags. 2. apríl, með brjefi Pjeturs alþm. Ottesens. Dags. 9. s. m. og 2 fskj. (*Nd. 256*).

Þuríður Jónsdóttir hjúkrunarkona, sjá Námsstyrkur 16.

Þýskur konsúll, sjá Landhelgisvarnir 6.

Ægir, síldarverksmiðja, sjá Síldveiðifjelag Íslands 1.

Örnefnarannsóknir, sjá Fornleifafjelagið.